


EX-NIBRIS



BESTE PARISIENSIS





*Pray give me your*

819.3

For

# FORNMANNA SÖGUR,

---

EPTIR GÖMLUM HANDRITUM

ÚTGEFNAR

AÐ TILHLUTUN HINS

NORRÆNA FORNFRÆÐA FÈLAGS

---

Urðar orði  
kveðr engi maðr.

*Fjölsvinnsmál.*

---

ELLEFTA BINDI.

Jómsvíkingasaga ok Knytlingsaga  
með tilheyrandi þáttum.

---

Kaupmannahofii, 1828,

Prentaðar lija Harðvíg Friðrek Popp.



Address: 1000 University Street

Seattle, Washington 98103

Telephone: 206-543-2770

Fax: 206-543-2771

E-mail: [info@u.washington.edu](mailto:info@u.washington.edu)

http://www.u.washington.edu/~uwcg/

UW Computer Games Group

University of Washington

Seattle, Washington 98195

U.S.A.

UW Computer Games Group

University of Washington

Seattle, Washington 98195

U.S.A.

UW Computer Games Group

University of Washington

# JÓMSVÍKÍNGASAGA

OK

## KNYTLÍNGA

MEÐ TILHEYRANDI PÁTTUM.

---

EPTIR GÖMLUM HANDRITUM

ÚTGEFNAR

AÐ TILHLUTUN HINS

NORRÆNA FORNERÆÐAFÈLAGS.

---

Kaupmannahöfn, 1828,

Prentaðar hja Harðvíg Friðrek Popp.



## F o r m á l i.

---

Ár þessi partr af Fornmannasögumnum gengr fyrir út á prent að tilhlutum þess norræna Fornfræðafélags, enn það í byrjun atgjörða sinna hafði fyriratlað, berr það helzt til, að margir læroðir og málsmetandi menn höfðu tilmælzt, að Danmerkr sögur yrði sem fyrst útgefuar og skotið því eftir undir félagsmannua álit á almennum fundi, hvar það ráð var tekið með atkvæðafjölda, að útgefa skyldi sögur þær, er Danmörku viðkoma að þessu sinni. En svo að sú röð og miðurskipun, sem upphafliga var viðtekin, ekki raskist, þá verðr þetta lið 11ta bindi í röðinni, þareð Noregs konunga sögur munu fullkomliga fylla 10 fyrstu bindin.

Nú skal hér nokkuð ítarligar greina frá því, hvörnið útgáfa þessa sögufloks er af hendi leyst, og hvör handrit hafa þar til hagnýtt verið:

1. *Jómsvíkingasaga* er prentuð eptir gamalli kálfskjünsbók í Arna Magnússonar handritasafni, Nr. 291 í 4blf., sem köllnð er *A*; hún er að líkendum einhver sú elzta íslensk skimtblók, sem til er; lýsir því bæði útlit hennar og stafasetning, og þykir líkligt, að hún sé eigi seinna skrifuð enn við lok 13du eða í byrjun 14du aldar. Fremsta blaðsíðan í henni er mæð og að öllu óläsileg, og er því byrjun fyrra kapítulans, þá með að, sem til er vísað á 2ri blaðsíðu, tekin ír *R.*, en niðurlag sögunnar allt upp frá orðunum: *ef eg kæmak i Noreg á bls. 153*, er tekið úr *P*, því seinasta blaðsíðan í *A* varð ekki lesin, og þar aðauki vantar aptan við skimbókina líkliga eitt blað. Hvört 50, 51 og 52 kapítulinn hesir nokkurn tíma staðið í *A* er að sönnu óvist, því ekkert handritanna, nema *P*, hesir þessa kapítula, en þareð innihald þeirra

er náskyldt sjálfri sögunni, þótti ekki mega skilja þa frá henni. Réttitun skinnbókarinnar er í mörgu tilliti mjög merkilið, svo sem t. d. *e* er viðarsthvar brúkað í niðurlagi orðanna, þæði þar, sem höfuðhljóðstafrinn í sjálfi orðinu er í eða ý, t. d. *kristne, inne, fýse*, og líka þegar eigi hefir orðið breyting hljóðstafs á undan í orðinu, t. d. *skálenne, fjörðe*; eptir sömu reglu er o brúkað fyrir *u* á eptir *u* eða ú, t. d. *skulo, furðo, búom*, og eins þar sem eigi er hljóðstafsbreyting á undan, t. d. *pesso, sínom* (en *föður, mönnum*); eini fremr er œ brúkað fyrir *ø*, þegar hljóðið leiðist af *ø*, t. d. *kæmi* af *kom*, *bræðra* af *brøðir*. Fyrir utan þetta og fleira fábreytiligt, sem haldið hefur verið af réttitun skinnbókarinnar, má geta þess, að *hon* stendr allstaðar fyrir *hán*, *bözt* og *enn* bözti viða fyrir *best* og *enn* *bezti*, *ljýga, sjýkr* fyrir *ljúga, sjúkr, rekr* fyrir *rekkr*, *okr* fyrir *okkr*, *hæra* fyrir *hærra*, *örvæna* fyrir *örvænna*, *égi, méra*, fyrir *eigi, meira*, o. þesshi., *skipverjym, nauðsynjym, viljym* fyrir *skipverjum, o. s. fr.*, *hynir* fyrir *hinir*, *mykill* og *mykit* fyrir *mikill* og *mikit*; ν stendr viða í orðum á milli tveggja hljóðstafa fyrir *f*, t. d. *hava, scavit*; o er brúkað optarst, nema í byrjun orða, fyrir *k*, ν allstaðar fyrir *ú* og *u*, œ sunstaðar fyrir *e*, t. d. *Vesæti, aign, aiga, ei* allstaðar fyrir *è*, t. d. *leit, reið* fyrir *lét, ræð*; *ng* er jafnan skrifsað með bokstafsmynnd, sem er nærrí því eins og *n*, nema aptari leggrinn gengr miður úr línumni með bng á endanum innávið, rúnin *Maðr* fyrir orðið *maðr*, og sérreginligt band fyrir orðin *heldr* og *eða*. En til þess, að lesendr geti betr gjört sér hingmynd um útlit bókarinnar og stafasetning, sylgir bindi þessu kopargrafus líking af einni blaðsíðu hennar, er inniheldr endir 4ða og mestan part 5ta kapítula; þessi blaðsíða er einna skírnast í bókinni, því viða annarstaðar, cinkum í byrjuninni og í 7da og

8da kapít., líka undir endann, má hana kalla ólæsiliða, og krafði því lestr hennar allvífða mikla yfirlegu og ítrekaða aðgá, en aumgva afskrift var að fá, og ólikligt er, að nokkur sè eða hafi að nýúngu tilverið.

Við *A* eru samanbornar þrír aðrir handritaflokkar, sem optarst eru mjög frábrugðnir hver öðrum að orðatiltaki, þó frá sömu atburðum sè sagt; var því eigi haft að taka orðamun þeirra, eða greina allstaðar frá, hvar þau væru fjölorðari eða fáorðari enni *A*, nema þar, sem aðalritsins orðatiltaki var efasamt eða óljóst. 1, Professor *Rask's* eginhandar afskrift af skimubókiuni Nr. 7 í handritasafnum á bókahirzlu konungs í Stokkhólmi, og er hún külüð *R*; hún er í fyrri þætti sögunnar að mestu leiti samhljóða *A*, nema hvað nokkuð er undanfellt í frásögninni, þó er það meira í öðrum þættinum; optir henni er Jómsvíkingasaga (annar þátrinn) prentuð, að tilhlutun fornritanefnðarinnar, í Kaupali. 1824. — 2, Jómsvíkingasaga á tveim stöðum í Ólafssögu Tryggvasonar í Flateyarbók, külüð *F*; hér til heyrir frásagan í Ólaíssögu Tryggvasonar, sem prentuð er í Skálholti 1689, einnir pappírshandritin Nr. 14, 15 og 57 í arkformi, og Nr. 288 og 292 í 4rablf. í Árna Magnússonar handritasafni; þessi handritaflokkur líkist mest *A*, og er henni allvífða samhljóða, þegar aptr optir sögunni dregr. — 3, Skinubókin Nr. 510 í 4blf. í handritasafni Árna Magnússonar kölluð *B*, mun vera skrifus á 15du öld; hún byrjar á öðrum þætti sögunnar og er hinnum miklu fjölorðari, þykir og, sem hún hafi öll nýrri frásaguarmáta, líka liefir hún fleiri visur, enn nokkur hinna. Þessari skimubók eru að miklu leiti samhljóða pappírshandritin Nr. 13 í arkformi, Nr. 289, 290, 293 í 4blf., öll í handritasafni Á. Magnússonar. *Hamar-skjöld* útgáfa af sögunni í Stokkhólmi 1815, mun helzt heyra til þessa handritaflokks.

2. *Jómsvikingadrápa Bjarna biskups* er prentuð eptir skimbókinni, sem Snorra Edda er á, í hinni stóru konúngl. bókahirzlu, og er þessi bók kölluð *A.* Drápan er aptan við í bókinni; hún tekur þar við, er Eddu lýkr, og endar neðst á blaðsiðu, en efst á blaðinn hinumeginn byrjar annað kvæði, og má að því sjá, að drápan hefir þar aldrei verið lengri rituð, þó auðsjáanliga vanti aptan við hana. Óáreiðanlig afskrift af drápunni, kölluð *B.*, sem Brynjólfur biskup Sveinson hefir átt, en Síra Jón Erlendsson ritað eptir těðri Eddubók, er til í Árna Magnússonar handritasafni, sem Nr. 65 í arkarformi. Við *A* eru samanbornar visur úr drápunni, er standa í Olafssögu Tryggvasonar, eptir skimbókinni Nr. 61 í arkarformi, og er þessi orðamunr kallaðr *O.* Þar, sem segir frá Jómsvíkingabardaga í greindri sögum, finnst 9da, 10da, 11ta, 16da, 17da, 19da, 25ta, 28ta, 29da, 31ta, 32, 33 og 37da visan og þaraðauki 3 visur og 2 hálfar umfram, sem meðal annara vanta í *A*, og er þeim því baett aptan við drápuna.

3. *Knytlingasaga.* Hennar fyrsti partr, frá 1ta kapít. til byrjunar þess 28da, er prentaðr eptir pappírshandriti Nr. 20, d. í 4blaðaformi, sem er að öllu samhljóða með þeirri prentuðu Kaupmannahafnar útgáfu í arkarformi; þau orð, sem standa innan þessara merkja (), eru svo í sjálfu handritinu; handrit þetta nefnist *A.* Frá byrjun þess 28da til niðurlags þess 88da kap. blaðs. 327, er prentað eptir skimbókinni Nr. 180, b. í arkarformi, sem kölluð er *B*, þareð hún hefir verið eign Brynjólfss biskups Sveinsonar. Þaðan frá, er *B.* þrýtr, og allt til niðurlags sögumnar, er sú prentaða Kaupmannahafnar útgáfa, sem hér kallast *K*, lögð til grundvallar, og jafnsiðis henni

eginhandarit Árna Magnússonar Nr. 18 í arkarformi, sem merkt er *M*, og sem að mestu leiti er samhljóða *K*,

Við þessar bækur, sem til grundvallar eru lagðar, hafa þau pappírshandarrit og skinnubókabrot, sem hér voru faung á, og nú skal frá segja, verjö samanborin og hagnýtt: pappírsbókin Nr. 19 í arkarformi, sem byrjar á 22 kap., og nær söguna út; þessi bók kallast *C*; pappírsbókin Nr. 18 í arkarformi, kölluð *K*, sem úðr er getið; í hana vantar mikinn kafla frá blaðsíðu 181 til blaðs. 318. Skinubókabrotin í Nr. 20, a. b. c. í arkarformi eru einkum nákvæmliga samanborin, og þeirra orðamunar getið. Fyrsta brotið byrjar neðst á blaðsíðu 210, í 22 kap., og nær til blaðs. 222, í 27 kap., og kallast brot þetta *E*. Annars brots fyrri partr byrjar efst á blaðs. 215 í 22 kap., og endar ofarliga á blaðs. 226 í enum 29da kap.; síðari partr þess byrjar blaðs. 282 í 64 kap., og endar á blaðs. 303 í enum 75 kap.; brot þetta kallast *F*. Þaði þau greindu brot *E* og *F* eru með sömu hendi, og eru að útliti og réttritun hvorutveggju mjög gamallig, trauðliga nýrri enn byrjun 14du aldar. Þriðja brots fyrsti partr byrjar á blaðs. 255. með upphafi 47da kap., og nær til blaðs. 260 í enum 48 kap.; annar partr þessa brots byrjar á blaðs. 277 í enum 58 kap., og endar efst á blaðs. 282 í enum 64 kap.; þriði og síðarsti partr brotsins byrjar á blaðs. 313 í 79da kapít., en endar á blaðsíðu 318 í þeim 82 kapítula; allir partar brots þessa eru kallaðir *G*. Þetta brot er skrifað í tveim dálkum og er mjög gamalt sem hin. Fjórða brots fyrra blað byrjar á blaðs. 277 í þeim 58 kap., en endar í 64 kap. á blaðs. 282; síðara blaðið byrjar í þeim 77 kap. neðarliga á blaðs. 308, og endar í 79 kap. á blaðsíðu 313. Þetta brot, líkliga skrifað á 14du öld,

nefnist *H.* Öll þau handrit og sögubrot, sem nú er getið við sögu þessa, finnast í fornfræðasafni Árna Magnússonar.

þaraðauki er Knytlíngasaga samanborin við 2 handrit í arkarmormi, sem finnast í enni konungliga bókahirzlu í Stokkhólmi, nl. Nr. 55, sem kallast *S.* og Nr. 41, sem nefnist *V*; baði þessi handrit byrja á þeim 22 kap.; en aptan við Nr. 41 finnst einn þátr með þessari yfirskrift: *önnr saga um Danakonunga*, sem inniheldr byrjun Knytlíngasögu, og nær frá upphafi þess 1ta kap. til miðrlags þess 31 kapítula; þessi þátr, sem einni er samanborin og orðamur þarf tekinn, er merktr *V*. Framanvið þetta handrit stendr ritað á titilblaðinu þetta: *þessi bok hefir inni at halda Knytlíngasögu, sem skrifnð var eptir mjög gamalli membrana, ok hefir þat margt, sem aðrar sögur eigi hafa; skrifnð i Kaupmannahöfu Ao. 1687. ex MSS. papyr. e biblioth. Wormii.*

4. *Hið fyrsta Sögubrot* er prentað eptir 2 sambandingandi skinnbókarblöðum Nr. 1eβ í 4blf. í handritasafni Árna Magnússonar; ætla meiri þau muni skrifnð vera á 14du öld. Þetta brot er aðr prentað í *Langebeks Scriptores Rerum Danicarum Tom. 2. bls. 25-37.*

5. *Hið annað sögubrot* er tekið úr skinnbókinni Nr. 415 í 4blf. í handritasafni Árna Magnússonar; þessi skinnbók er kölluð *A.* Það stendr þar aptarst í bókinni, sem að öðru leiti inniheldr nokkrar annála uppteiknanir, ásamt Dana og Noregs konungaröð, er hvortveggja endar við árið 1319, þykir þar af ráða mega, að skinnbókin, sem að öðru leiti er mjög gómul útlits, sé um þetta tímabil cða litlu fyrr skrifnð. Við þetta brot er Flateyjarbók (*F*) samanborin, stendr það á 6 og 7da dálki hennar. Það hefir aðr prent-

að verið í *Langebeks Scriptores Rerum Danicarum Tom. 2.* bls. 146-153.

6. *Hákonarþáttir Hárekssonar* er prentaðr eptir því fremsta pappírshandarriti er stendr í Nr. 347 í 4 blf., og er það kallað *S,a*; í sama Nr. eru þaraðauki 4 önnur laslig handarrit af þættinum, sem kölluð eru eptir röðinni *S,b. S,c. S,d.* og *S,e*; þau eru öll samanborin við *S,a.* og þaraðauki pappírsafskrift í Nr. 554, *h* í 4blf. Hér til heyra eum fremr tvö brotkorn af þættinum á skinni í Nr. 567 og í Nr. 589 e í 4blf., líka pappírshandarritið Nr. 582 í 4blf., sem er samhljóða *S,a*.

7. *Af ágirnd Absalons erkibiskups ok af einum bóna.* Þessi þátr er prentaðr eptir kálfskinnsbókinni Nr. 624 í 4blf., nefndri *A*, sem líkliga er skrifuð á 15du öld. Skamt á undan þessum þætti stendr þetta ritað í skimbókinni: „velnefndr virðuligr mann, er heitir Herra Jón Haldórsson, himn 13di biskup Skalholensis í Íslandi, hann var himn sæmiligasti maðr í sinni stétt, sem lengi mun lifa, á Norðrlöndum. Sú var hans aði lengst, at hann fór, síðan hann hafði gerzt prædikari í Noregs konungs ríki at stuðnum mjök úmgr allt út í París ok um síðir út í Bónóniam; kom hann svá aprí af skólis fullkomniun at aldri, at hann var sá vísasti klerkr, er komit hesir í Noreg; því var hann vígðr ok kosinu biskup Skalholensis af Eilifi erkibiskupi. En hvör mun greina mega, hver hans góðvill var, at gleðja nærverandis menu með fáheyrðum dæmisögum, er hann hafði tekit í útlöndum, bæði með letrum ok eginni raun, ok til vitnis þar um munum vér harla smátt ok lítit setja í þenna bækling af því stóra esni, þvíat sumir menn á Íslandi samsettu hans frásagnir sér til gleði ok öðrum.” Við þá tilgreindu skimbók er samanborið pappírshandaritið Nr. 578, *k*.

4blf., og þess orðamunur kallaðr *B.* Handarrit þau, sem getið er við þessa tvo sciinustu þætti, eru öll í Árna Magnússonar handritasafni; en þeir voru því teknir með í þenna sögulokk, að þeir heyra til Danmerksögu, þótt þeir reyndar séu lítt merkir, en sjá má, að þeir eru að minnsta kosti engin nýari tíma diktun, þar sem handrit af þeim eru til á skinnbókum.


Starfinu við utgáfu þessa hesir verið þannig skipt, að Cand. Philós. Þorsteinn Helgason hesir afskrifað annan part Jómsvíkingasögu og drápuna, líka þáttinn um Absalon biskup, en Cand. Theól. Þorgeir Guðmundson hesir afskrifað fyrri part Jómsvíkingasögu, Knytlíngu og hina þættina; og hesir enn fyrnefndi úsamt með Prófessórumum *R. Rask* og *C. C. Rafn* samanborið sitt handrit við hinar bækruar, en sá síðari sitt með áminntum Prófessórum. Stokkhólms handritin af Knytlíngasögu eru samanborin af Þorgeiri sumarið 1827, þá hann í félagsins erindum ferðaðist til Svíaríkis; hann hesir einnið registrin aptan við bindi þetta. Prófarkirnar eru leiðréttar, sem at undanförnu, af þeim þremur síðarst nefndu, at því undanteknu, að Cand. Þ. Helgason hesir lagfært prófarkirnar af Jómsvíkingasögu og drápumni, meðan Þorgeir var í burtu.


Félagið lætr þannin útgánga sögur þær, er Danmörk viðvíkja, og hesir af þess álfu allt verið framlagt, að útgáfan yrði seu fullkomust, eins og þeir, er hlut hafa átt að starfinu við hana, hafa kostgæfsliga notað þau hjálparmeðöl, sem buðust, og varið miklu ómaki til, að leyfa útgáfu þessa sögulokks sem bezt af hendi.

KAUPMANNAHÖFN þann 28da Jan. 1828.

# JÓMSVÍKÍNGASAGA.

---







# Hèr hefr upp Jómsvíkíngasögu.

## FYRRI PÁTTRINN.

GORMR hét konúngr, er ræð fyrir Danmörku, er kallaðr var hinn barnlaus; hann var ríkr konúngr ok vinsæll við sína menn; hann hafði þá lengi ráðit ríkinu, er þetta var tfsinda. Þá var í Saxlandi Arnfinnr jarl, er ríki helt af Karlamagnúsi konungi; þeir voru vinir góðir ok Gormr konúngr, ok höfðu verit í víking báðir saman. Jarl átti systur fríða, en hann lagði á hana meira hug enn skyldi, ok gat við henni barn; en því var leynt, ok sendi jarl á braut, ok bað þá eigi viðskiljast, fyrr enn þeir vissi, hvat af yrði barninu. Þeir komu í Danmörk, ok við einn skóg vurðu þeir þess varir, at Gormr konúngr er á skóginum ok hirðin; þeir komu barninu undir eik eina, en forða sér. Um kveldit fór konúngr heim ok öll hirðin, neima tveir brœðr: hét annarr Hallvarðr, annarr Hávarðr, þeir urðu eptirstaðsi. Þeir gengu fram at sjá, ok þá heyrðu þeir barnsgrát, ok gengu eptir, en vissu eigi hverju gegndi. Þeir fundu þar sveinbarn undir eik einni, ok knút mikinn í

limunum yfir uppi. Barnit var vafit í guðvesjar pelli, ok knýtt silkidregli um höfuð barninu, ok þar í örtugar gull <sup>1)</sup>). Þeir taka upp barnit ok hafa heim með sér, ok koma svá heim, er konúngr sat yfir drykkjuborðum ok hirðmenn, ok saka sik um þat, er þeir höfðu eigi gáð at sylgja konungi heim, en konúngr svarar, ok kveðst þeim eigi reiðr mundu fyrir þetta; ok nú sögðu þeir konungi, hvat gerzk hafðe til tilfenda í för þeirra; en konúngr beiddist at sjá sveininn, ok lét sér fóera; konúnginom leizt velá sveininn, ok mælti: sjá mon vera stórra manna, ok er betra fundinn [enn eigi <sup>2)</sup>], ok lét síðan sveininn vatne ausa, ok nafn gefa, ok kalla Knút, en þat var fyrir þá sök, er síngrgullit hafði knýtt verit í enni sveininom, þá er hann fansk; ok tók konúngr, þar nafn af, þat er hann gaf sveininom; hann fèkk honum ok fóstru, þá er vel var fingit, ok kallaði sinn son, gerðe vel við hann, ok unne hann honum mjök. Ok nú er áleið æfi koníingsins Gorms, ok hann var gamall orðinn, þá tók hann sótt, þá er honum vann at fullu; ok áðr enn hann andaðist, þá bauð hann þangat til sín vinom sínom ok frændum, er hann þóttist sjá, hverso fara munde um hans mátt; hann beiddi þá þess, at hann skyldi ráða, hverjom

<sup>1)</sup> það undanfarna, sem ekki varð lesit i A. og sem verið mun hafa ein blaðsíða, er tekkit úr R. <sup>2)</sup> þannig R. engi A, en einginn F.

sverja skyldi land ok þegna eptir hans dag, ok vilde hann til þess fá þeirra leyfi; en hann kveðst Knúte gefa vilja allt sitt ríke ok alla þá hluti, er hann væri þá meiri maðr enn áðr, eptir sinn dag; ok nú fyrir sakir vinsælða hans, ok hann var sínom mönnum ástfölginn, þá játtu þeir þessu, at konúngr skyldi ráða, ok fór nú þetta fram, ok eptir þat lætr konúngr líf sitt. Nú tekr Knútr við landi ok þegnom ok öllu því ríke, er Gormr hafðe átt, ok er vinsæll við sína menn. [Hann getr sér einn son, er Gormr hét, sá var fyrst kallaðr Gormr hinn heimski, en þá er hann var roskinn<sup>1)</sup> kallaðr Gormr enn gamli ok enn ríke.]

2. Haraldr er nefndr jarl einn, er ræð fyrir Hollsetulandi<sup>2)</sup>, hann var kallaðr Klakk-Haraldr, hann var vitr maðr; hann átti sér dóttur eina, er Þyre er nefnd, hún var allra kvenna vitrust, ok ræð drauma betr enn aðrir menn, hún var ok frið sjónom; þar þóttist jarl ega öll landráð, er dóttir hans var; lét hann hana öllum hlutum ráða með sér, ok unne hann henni asar mikit. Ok nú er Gormr var frumvaxta orðinni, ok hann hafði tekit við konungdóme, þá fór hann or landi, ok ætlaði þat ráð fyrir sér, at biðja dóttur Haralds jarls; ok ef hann vilde eigi gipta honum konuna, þá hugði hann, at jarl mundi þola honum her. Ok nú er þau

<sup>1)</sup> Þannig R. sést eigi i A.    <sup>2)</sup> Holdsetalandi, R.

Haraldr jarl ok dótir hans Þyre spyrja til fara Gorins konúngs ok hans fyrirætlan, þá senda þau menn í móte honum, ok bjóða honum til veizlu virðiligrar, ok þat þiggr kann, ok sitr hann þar nú at málum sínum við vegsemd; ok er hann hefir uppborit sin örendi fyrir jarli, þá veitir hann þau annsvör, at hún skyldi sjálf fyrirráða: þvíat hún er miklo vitrari enn ek; ok nú er konúngr skorar þetta mál við hana sjálfa, þá segir hún svá: égi mon þetta ráðast þesso sinne, ok skaltu nú heim fara at svá búnu með góðum gjöfum ok virðiligum, ok ef þér er mikit um ráðahag við mik, þá skaltu brátt, er þú kemir heim, láta gera eitt hús svá nokkoro mikit, at þér sé skapligt at hvíla í; þar skal húsit sett, er égi hafi fyrr hús verit gert; en þar skaltu <sup>1)</sup> sofa í vetrarnátt ena fyrsto ok 5 nætr í samt, ok mundo glögt eptir, ef þik dreymir nokkvat, ok send síðan menn á minn fund, at þeir segi mér drauma þína, ef nokkorir ero, ok mon ek þá atkveða fyrir þeim, hvert þú skalt fá þetta ráð eðr égi; nú þarfstu ekki at vitja ráðahags þessa, ef þik dreymir ekki. Ok eptir þessa viðræðu þeirra, þá er Gormr konúngr skamma stund á þessi veizlo, ok býst heim, ok er titt at reyna þessa vitro <sup>2)</sup> hennar ok tilskipan, ok ferr hann nú heim með mikilli sœmð ok virðiliguin gjöfum; ok er hann er heimkominn, þá ferr hann svá með öllu, sem hún hafðe honum ráð til kent,

<sup>1)</sup> einn bat. við F.

<sup>2)</sup> þannig A. R., vitrum F.

lét nú gera húsit, ok gengr sflðan í þetta húss, svá sem fyrir var mælt; hann lét vera úti hjá húsinu 500 manna vâpnaðra, ok bað þá vaka ok halda vörð, ok kom þat í hug, at vera muni svik; nú legst hann niðr í rekkju, þá er gjör var f húsinu, ok sofnar, ok eptir þat dreymir hann, ok þar sefr hann 3 nætr í húsinu; ok nú eptir þetta sendir konúngr menn sína á fund jarls ok Þyre dóttur hans, ok lætr segja henni drauma sína; ok er þeir komo á fund jarls ok dóttur hans, þá var þeim þar vel fagnat, ok sflðan bera þeir upp drauma konúngs fyrir dóttur jarls; ok er hún hafðe heyrt draumana, þá mælti hún: nú skalo þér hér vera svá lengi, sem þér vilst sjálfir; en þat megi þér segja konúngi yðrum, at ek man gánga með honum. Ok er þeir koma heim, þá segja þeir konúngi þessi tildeind; konúngr verðr við þetta lèttuðigr ok kátr, ok brátt eptir þetta býst hann heinum með miklu liðe, at vitja þessa máls, ok [ferst honum vel, þar til sem hann kemr til <sup>1)</sup> Hollsetulands. Haraldr jarl hafðe frétt til um ferðir hans, ok lætr gera mikinn fagnað í móti honum, ok tekst nú ráð-ahagr þeirra í mille ok miklar ástir; en þat er haft at skemtan at veizlunne, at Gormr konúngr segir drauma sína, en hún ræðr þá eptir. Konúngr segir svá, at hann dreymdi vetrarnátt ena fyrsto, ok 3 nætr, þær er hann svaf í húsinu, þat dreymdi hann, at hann þóttist úti staddir vera,

<sup>1)</sup> Þannig E; sest ekki i A.

ok sjá yfir allt ríke sitt, hann sá at sjórinn fèll út frá landi svá lángt, at hann mætte hvergi auga yfir reka, ok svá mikil varð fjaran, at þurr voro öll eyjasundin ok firðir; en eptir þessi tildeindi sá hann, at eyxn ȝ hvítir gingu upp or sánum, ok runno á land upp, þar nær sem hann var, ok bito af allt gras at snöggu, þar er þeir komo at, ok eptir þat þá gingo þeir á braut. Sá var annarr draumr, er þessom er mjök áþekkr, at honum þykkir enn sem ȝ eyxn ginge upp or sánum, þeir voru rauðir at lit ok hyrndir mjök, þeir bito enn gras af jörðunne, jafnt sem enir fyrre, ok er þeir höfðu þar verit nokkverja hríð, þá gingu þeir enn aptr í sæinn. Enn dreymdi hann enn ȝja draum, ok var sá enn þessom lískr: enn þóttist konúngrinn sjá þrjá eyxn ganga upp or sjónum, þeir voru allir svartir at lit ok miklo mest hyrndir, ok voru enn nokkora hríð, ok fóru ena sömo leið í braut, ok gingo aptr í sjóinn; ok eptir þat þóttist hann heyra brest svá mikinn, at hann hugðe, at heyra munde um alla Danmörk, ok sá hann, at þat varð af sjófar-gánginom, er hann gekk at landino. En nú vil ek, drotníng! segir hann, at þú ráðir draumana til skemtonar mönnum, ok lýsir svá yfir vitrileik þínom. Hún mæltist eigi undan, ok ræðr draumana, ok tók hún fyrst at skipa þeim draumnum, er fyrst var, ok segir svá: Þar er eyxn gingo upp or sánum á land, hvítir at lit, þar munu vera vetr ȝ miklir, ok mon falla snær svá

mikill, at árferð mon aftaka um alla Danmörk; en þar er þér Jótti gánga upp or sénom aðrir 5 eyxn, ok voro þeir rauðir, þar muno koma aðrir 3 vetr snælitlir, ok þó eigi litlir, fyrir því at þér Jótti yxnennir bíta gras af jörðunne. En þar er enir 5jo eyxn gingo upp or sœ, svartir at lit, þar muno koma enir Þriðjo 3 vetr, þeir muno vera svâ illir, at þat muno allir ummæla, at égi myni slíka, ok þat <sup>1)</sup> svarfa óáran mon koma ok nauð yfir landit, at trautt muno dœme tilfinnast; en þat, er þér Jótti eyxnin mjök vera hyrndir, þar muno margir menn verða þess hornúngar er eigu; en þar er þeir gingo aprí allir í sæinn, [þar kvað hún úáran mundu hverfa af landinu ok aprí í sæinn <sup>2)</sup>], sem at höfðu komit eyxninnir; ok (er) þú heyrðir (þar) brest mikinn, er særinn fell á land, þat mon vera fyrir ófriðe stóreflismanna; ok muno þeir hér finnast í Danmörku, ok ega hér bardaga ok orrostor stórar; þess er mér ok vánir, at þeir menn sè þér nánir sumir at frændsime, er við verða staddir við þenna ófrið, ok ef þik hefði þetta dreymt ena fyrsto nátt, er síðarst var í drauminum, þá munde ófriðrinn framkoma á þínom dögum, en nú man ekki til saka, ok eigi hefða ek gingit með þér, ef þik hefði svâ dreymt, sem áðr gat ek; en við man ek gert geta öllun þessum draumom, er þik

<sup>1)</sup> þannig A. E. <sup>2)</sup> bæt. v. F. v. i' A. en It. sleppir þessu frá: en þar er þeir til eyxnimir; sest hér af at A. er útskrifud af annuri bók, hvor skrifarinn hefir klæpit yfir eina línu,

hafa dreymt fyrir hallærino. Ok nú eptir veizlo þessa, þá byrja þau ferð sína Gormr konúngr ok Þyre drotníng heim til Danmerkr, ok létu hlaða mörg skip af korne ok annarre gæzku, ok flytja svá ár í Danmörk, ok á hverjom misserom þaðan frá allt til þess hallæris, er hún hafði fyrirsagt; ok þá er þat hallæri kömr, þá sakar þau alls ekki fyrir viðbúnaðar sakir, ok þá menn, er í nánd þeim voro í Danmörku, þvíat þau miðluðo þaðan mikil gæði öllum landsmönnum sínom, ok þótti Þyre vitrost kona komit hafa í Danmörk, ok var kölluð Denmarkarbót. Þau Gormr konúngr ok Þyre áttu 2 sono, ok hét Knútr enn ellri, en Haraldr enn ýngri; þeir voro báðir efniligir menn, ok þótti Knútr enn vitrari í æsku þeirra, ok hann var fyrir flestum mönnum um vænleik ok atgervi ok um allar íþróttir, þær er þá voru framme hafðar í þann tíma, hann var hvitr á hárslit ok hverjom manni gerviligrí, hann óx upp með jarlinom Klakk-Haraldi, afa sínom, ok fóstraðe hann Knút, ok unne honum mikit; hann var ok vinsöll í sínom upprunom. En Haraldr var föddr heima með hirð föðurs síns, hann var þeirra brœðra mjök miklo ýngri, ok var snemmennisýgr ok æfr ok illr viðskiptis, ok varð hann fyrir því úvinsöll í sínom upprunom.

3. Þat er nú sagt eitthvert sinn, at Gormr konúngr sendir menn til fundar við Harald jarl, mág sinn, þeirra örenda at bjóða honum til jóla-

veizlu með sér. Jarl tók því vel, ok hét at fara um vetrinntil veizlunnar, ok eptir þat fóró aptr konúngs menn, ok segja svá konúnginom, at jarls var ván til veizlunnar; ok er at því kom, er jarl skyldi heiman búast, þá valde hann sér slíkt föruneyti, sem hann vilde, til veizlunnar, en þat er eigi sagt, hverso fjölmennr hann fór; þeir fara nú ferðar sinnar, þartil er þeir koma at Limafirði; þá sá þeir þar standa eik eina, þá er þeim þótti mjök meðkynligu mótevera; þar voro vaxin á epli heldr smá, en þau voro græn ok blómgut, en undir eikinni þar lágu önnor epli, þau voru bæði forn ok stór; þeir undrast þetta mjök, ok segir jarl, athonum þykkir þetta undr mikit, er græn voru eplin í þann tíma missera, sem þá var, þvfat þeirra sá stað hjá eikinne, er um sumarit höfðu vaxit: ok monu vér hverfa aptr, segir jarl, ok fara eigi lengra. Ok þat er nú frásagt, at hann hverfr nú aptr ok allt föruneyti hans, ok fóru þar til er þeir komu heim, oksat jarl þau missiri heima með hirð sinne um kyrt. Nú þykkir konúngi kynligt, er jarl kom eigi, ok ætlaði þó, at nokkrar nauðsynjar munde fyrir standa. Nú er kyrt um hrið ok þat sumar; ok er annarr vetr kemr, þá sendir konúngr enn menn sína til Holzsetulands at bjóða jarli, mági sínom, til jólaveizlo jafnt sem it fyrra sinn; ok þarf nú eigi at lengja sögu um þat mál, at jarl heitir förinni enn, ok fara sendimenn nú heim, ok segja konúngi svá búi. Ok nú keiñr þar

misserum, er jarl ferr heiman með föruneyti sitt, ok fara nú enn þar til, er þeir koma til Limafjarðar, ok voru nú á skip komnir, ok ætluðu nú yfir fjörðinn at fara; en þat er frásagt, at í för voru með þeim hundar blauðir, ok lágu hvelpar í hundunnm; en er þeir voro á skip komnir, þó þótti jarlinom sem gæi hvelparnir í greyhundunom, en hundarnir þögðu; Þetta þótti jarli ok öllum þeim it mesta býsn, ok lèzt eigi vildu framhalda fórinne, ok hurfo nú aptr, ok fóru heim, ok voru heima þau jól. Nú ferr þat fram, þar til er kemr enn 3ði vetr, ok enn sendir konúngr menn at bjóða jarli til jólaveizlu, ok heitir hann enn fórinne, ok fara sendimenn aptr, ok segja konungi sví búit. Enn býst jarl heiman, ok þá er at því er komit, ferr hann með föruneyti sitt, ok fara enn þar til, er þeir koma til Limafjarðar, ok fórsk þeim vel, ok koma yfir fjörðinn, ok var þá framorðit dags, ok ætluðu at vera þar við fjörðinn um nótina; ok síðan bar sýn fyrir þá, er þeim þótti eigi enskis um vert; þeir sá boða rísa í innanverðum firðe en annaum í utanverðum, ok gekk hvár í móti öðrum, en boðarnir voru miklir, ok gerði af ókyrrleik mikinn, er þeir fèllu saman ok mættust, ok varð brestr hár, ok þat fylgði því, at þeim þótti blóðgan gera sjóinn af. Þá mælti jarl: Þetta ero stór býsn, segir hann, ok skulo vér nú aptr hverfa, ok vil ek eigi fara til veizlunnar. Nú gera þeir svá, fara heim, ok sat jarl heima

þau jól; en í öðru lagi þá varð konúngr reiðr mjök, er jarl hafði öngu sinne þekzt hans heimboð, en hann visse eigi, hvat til hafði halldit, er hann kom eigi. Ok nú um vetrinn þá ætlaðe Gormr konúngr at herja uppá Harald jarl, mág sinn, þótté hann mjök hafa drabbat<sup>1)</sup> i móte sínu virðiligu boðe, er hann hafði ekki sinn komit, þá er á var kveðit, ok þótti honum jarl svívirdt sik hafa mjök í þesso. Ok þessarrar fyrirætlunar Gorms konúngs verðr þyredrotníng vör, ok talðe ofan þessa fyrirætlan: ok samir þér eigi, segir hún, at gera lionum ófrið fyrir vanda sakir ok tengda ykkarra, ok liggja hér til miklo betri orráð um þetta mál. Ok nú affyrirtölum drotníngar, þá sefast konúngr nakvat svâ, ok eyðist herförin. Síðan var þat ráðs tekit, at Gormr konúngr sendir menn sína eptir jarli, ok vilde vita, hverjo umsætti, er jarl hafðe eigi komit, ok hafði drotníng þat ráð til gefit, at þeir skyldo finnast fyrst mágarnir ok talast við, ok sjá þá, hvat við sik væri. Ok nú koma sendimenn konúngs á fund jarls, ok bera fram konúngs örendi, ok bregzt jarl nú við skjótt, ok ferr á konúngs fund með virðiligo föruneyti. Konúngr tekr nú vel at hófi við mági sínom; eptir þat gánga þeir konúngr ok jarl í málstofo, ok er þeir voro þar komnir, þá spyrr konúngr jarl: hvi sætti þat, segir hann, er þú komt öngu sinne, er ek bauð þér til míni, ok svivirðir

<sup>1)</sup> drabbat, F.

mik svâ ok mitt boð? Jarl svarar ok kveðst eigi til svívirðingar við hann gert hafa, þótt hann kœmi ekki sinn til veizlunnar, heldr kvað hann þar aðra hlute tilhalda, segir síðan konúnginom undrin, þau er þeir höfðu sèð, ok sem var áðr frásagt; ok síðan kveðst jarl skíra mundu fyrir konúnginom, ef hann vilde vita, hvat hann ætlæðe, hvat er tákna munde eðr fyrribenda þessi in miklo undr. En konúngr játar því. Jarl mælti: þar mon ek þá tiltaka, er vèr sám eikina <sup>1)</sup> með grænum eplum ok smáum, en forn epli ok stór lágu hjá niðri; en þat hygg ek vera muno fyrir síðaskipte, því er koma man á þessi lönd, ok man sá siðr vera með méra blóma, ok jarteina þau en fögra epli; en sá siðr, er híngat til hefir verit, man tákna en forn epli, er niðri lágu á jörðu, ok mundu þar fúna ok verða at dusti <sup>2)</sup> eino; svâ man ok þessi siðr niðrleggjast, þá er hinn gengr yfir lönd, ok man þá verða at öngu, ok hverfa allt sem myrkr fyrir ljóse. Annat undr var þat, er vèr heyrdum hvelpana geyja í greyhundunum, þat hygg ek fyrir því muno vera, at þeir menn, er ýngri ero at aldri, muno taka mál fyrir munn enom ellrom mönnum, ok gerast svâ hvatvísir, ok er mikil vân at þeir hafi eigi minne hlut ráðanna, þóat enir ellri sè opt ráðgari, ok hygg ek at þeir myni enn ókomnir vera í heiminn, er ek mæla þetta til; þvíat hvelpar þeir gó, er eigivoru

<sup>1)</sup> um hávetri, b. v. B.

<sup>2)</sup> dusti, F.

komnir í heiminn, en greyhundarnir þögðu. Þat var et ȝja undr, er vér sám boðana ríðast í móte, annann or innanverðom firðe, en annann or utanverðum, ok mættust miðfirðes, ok fèll hvárr í kverk öðrum, en særinn varð blóðogr af ókyrleik, þeim er þeir gjörðu; Þat hygg ek vera muno fyrir missætti stóreflismanna hér innanlands, ok muno þarf gerast stórir bardagar ok mikil styrjöld, ok er mikil ván, at þar verði nokkvarr affspringraf þessom ófriðe á Limafirðe, þar sem þessi býsn bar fyrir oss, er nú hefi ek sögð. Konúnginom skilðost vel orð jarls, ok þótti hann vera stórvitr, ok þar eptir gaf hann honum grið ok frið, ok rann nú konúnginom reiði við mág sinn; en þat er sagt, áðr enn þeir ginge í málstofona, konúngr ok jarl, at Gormr konúngr hefði setta menn til at bera våpn á jarl, ef honum þótti sem úrækð jarls hefði tilgingit ok ofmetnaðr, er hann hafði eigi farit til veizlunnar nè eino sinne, er hann hafðe boðit honum, ok þóttist hann þá vita mundu, er þeir hefðe tekizt at orðum, mágar; en nú þótti konúngi sakir til, þótt hann hefði eigi komit; ok nú gánga þeir í braut af stefnonni, konúngr ok jarl, ok nú eptir þat var jarl þar með honum nokkora hrifð í mikille sæmð, en síðan skilðost þeir mágar sáttir ok góðir vinir, ok þá jarl góðar gjafir af konúnginom, áðr enn hann færí braut, ok ferr hann nú með föruneyti sitt, þar til er hann kemr heim. En eigi miklo síðar þá fór

Haraldr jarl suðr á lönd, ok kom í Saxland, ok tók við kristni, ok kom aldri síðan til ríkis síns.

4. Nú er þar til máls at taka, er þeir ero feðgar, Haraldr ok Gormr konúngr, at þeir urðo ósamþykkir, þegar er Haraldr hafðe [nokkorn krapta<sup>1)</sup>] aldrsins; þá tók Gormr konúngr þat ráð, at hann fèkk honum skip nokkor, ok leysti hann svá í braut. Haraldr var hvern vetr í Danmörku, ok hafðe þar þá friðland. Ok er því hafðe framfarit um hríð, þá er þat sagt at Haraldr beiddi þess Gorm konung föður sinn, at hann skyldi fá honum slikar eiger ok ríki til eignar ok forráða, sem Klakk-Haraldr, afi hans, hafðe fingit Knúte; en þat fèkk hann eigi af föður sínom, er hann beiddi; þaðan frá er þat sagt, at úþokki mikill lagðist á í mille þeirra brœðra, Knúts ok Haralda, ok þótté Haraldi þeirra gjörr mikill munr í hvívetna, ok grun-aðe at eigi munde síðar minne. Þess er ok við- getið eitthvert sinn, at eitt haust kom Haraldr eigi til Danmerkr, sem hann áttivanda til, athafa þar vetrsetu, ok hafðe hann herjað um summarit í Austrlönd<sup>2)</sup>; en í annarre sögn er þess getið, at Gormr konúngr sendir menn til Hollsetulands, at bjóða Knúte syne (sínom) til sín at jólum; ok nú er at því kom, þá ferr Knútr heiman ok hans föruneyti, ok hafðe hann 3 skip, en svá hafðe hann tilætlat um férðina, at hann kom í Limafjörð atfángsdag jóla ok síð dagsins; ok

<sup>1)</sup> þannig A; styrk F.      Austrveg F.

þat sama kveld kömr þar Haraldr, bróðir hans, með 9 skipom eða 10, hann var kominn or Eystrasalti, ok hafðe hann þar legit í vísíng um summarit. Nú verðr Haraldr varr við, at þar var Knútr fyrir, bróðir hans, 3 skipom, ok minnisti nú á þokka þann allan, er gerzk hafðe mille þeirra brœðra, ok biðr nú menn sína herklæðast, ok brjóta upp vâpn sín: ok skal nú, segir hann, til skarar skriða með okkr Knúti bróður mínom. Knútr verðr ok varr við tiltekjo Haralds bróður síns ok fyrirætlan, ok vill hann verjast, þótt þeir hefðe lið minna; takar þeir vâpn sín, ok búast til varnar, ok eggjar Knútr lið sitt. Núleggr Haraldr at þeim öllum megin, ok lýstr þegar í bardaga með þeim brœðrum, en þat var jafnt jólaaptan sjálfan, er þeir lörðust; en svá lýkr bardaga, at Knútr <sup>1)</sup> fellr þar, ok allt lið hans eðr nær því, þvíat Haraldr neytti þess, er hann hafðe lið miklo meira.

5. Eptir þessi tíðendi fara þeir Haraldr, þar til er þeir komi í stöðvar Gorms konungs síðum aptan, ok gingu þeir alvâpnaðir til konungs bæjar; ok er þat sumra manna sögn, þeirra er fróðir ero, at Haraldr leitaðe sér ráðs, ok þóttist eigi vita allgerla, hverso hann skyldi atorkast, at segja föður sínom þessi tíðendi, fyrir þá sök at Gormr konúngr hafðe þess heitstrengt, at hann skyldi þess manns bane verða, er honum segði líflát Knúts sonar síns. Haraldr sendir

<sup>1)</sup> Danabót b. v. F.

nú fóstbróður sinn, þann er Haukr er nefndr, á fund Þyre móður sinnar, ok bar henne til orð, at hún finge þat ráð nakkvað tilgefit, er hann gæti ráðit or þessom vanda. Litlo síðar kemr Haraldr sjálfr á fund móður sinnar, ok segir henni þessi tíðendi, ok leitar ráða við liana; en hún rèð honum þat ráð, at hann skyldi sjálfr fara á fund föður síns, ok segja honum þau tíðendi, at haukar 2 höfðu barzk, ok væri annarr alhvítr, en annarr grár, ok væri þó báðir ger-simar, en svá lyke með þeim, at enn hvíte fengi bana, ok þótti þat skaðe mikill. Ok nú eptir þetta gengr Haraldr í braut til liðs síns, ok vonu bráðara ferr hann til hallar föður síns, þar sem hann drakk inne með hirð sinne, ok var konúngrinn undir borðum ok hirðen. Síðan gengr Haraldr inn fyrir föður sinn í höllina, ok segir honum síðan ifrá haukunom, svá sem móðir hans hafði honum ráð tilkennt, ok lauk svá málino, at nú er dauðr, segir hann, enn hvíte haukrinn; ok er hann hafðe þat mælt, þá kvað hann úti annat orð, ok fór þá enn á fund móður sinnar. Þess er eigi getið, hvar hann hafði herbergi um náttina ok lið hans; en Gormr konúngr rèð ekki í þetta, svá at menn fynde, er son hans hafðe sagt honum; en konúngr drakk, meðan honom sýndist, ok fór síðan at sofa; en um náttina eptir, er menn voru yr höll farnir til svefn, þá ferr Þyre drotníng til með menn sína, ok lét ofan taka allan hallarbúníng, en síðan lét hún

tjalda í staðinn [blám refлом <sup>1)</sup>] þartil er altjölduð var höllin; fyrir því gerði hún svá, at þat var hygginna manna ráð í þann tíma, þá er harmsögur como at eyrom mönnum, at segja eigi með orðum, ok gera þá á þann veg, sem nú lét hún gera. Gormr enn gamle reis síðan upp þann morgen, ok gekk í hásæti sitt, ok settist niðr; ok ætlaði at taka til drykkjo, ok leit á hallarveggina ok búnínginn, er hann gekk utan eptir höllinni, ok þar nú í hásæti, sem áðr var frásagt. Þyре sat í öðru öndvegi ok hásæti hjá konúnginom. Konúngr tók þá til orða ok mælti: Þú munt þesso ráðit hafa, þyri! segir hann, er höllin er á þessa leið búin? Fyrir hví þykkir þér þat líkligra, herra! segir hún? [Því, sagði konúngr, at þú vill svá segja mér fall Knúts sonar míns. Þú segir mér nú, sagði drotníng <sup>2)</sup>). Gormr konúngr hafði staðit upp fyrir hásætino, er þau tóku þetta at rœða, en nú settist hann niðr hart, ok svarir <sup>3)</sup> öngu, ok hnè upp at hallarvegginom, ok lét þá líf sitt; en síðan er konúngr þaðan í braut borinn, ok færðr til graftrar, ok var haugr orpinn eptir hann at ráði þyri drotníngar; þá hafði hann konúngr verið yfir Dönum nær tigó ára. Ok nú eptir þetta sendir hún orð Haraldi syni sínum, at hann skyldi heim fara

<sup>1)</sup> svörtum tjöldum ok grám vefjum, F.    <sup>2)</sup> vantar A. en er tekit úr F.    <sup>3)</sup> þannig A.

með öllu liði síno, ok drekka erfi eptir föður sinn; nú gerði hann svá, ok verðr erfit bæði gott ok virðiligt, ok nú hèreptir tekr Haraldr við landi ok þegnom ok því ríki öllu, er faðir hans hafði átt, ok síðan þingaði hann við landsmenn, ok tóku Danir hann til konungs yfir þat ríki alt, er Gormr konúngr faðir hans hafði átt, ok sitr síðan nokkora vetr í friði, ok stýrir ríki síno með vegsemd ok gildom sóma, er harðráðr ok gildr höfðinge ok vinsæll <sup>1)</sup>.

6. Sá maðr er nefndr til sögunnar, er Hákon hét, ok var son Sigurðar Laða jarls, hann átti heimile í Noregi ok svá kynferði; hann þóttist eiga ríki í Noregi at vera jarl yfir 4 fylkjum. Ok í þenna tíma ræð fyrir Noregi Haraldr gráfeldr ok móðir hans Gunnhildr, er kölluð var konungamóðir, ok létu þau Hákon ei ráða eðr ná öllu ríki síno, en hann vildi eigi hafa, nema hann ræði öllu, ok fer hann fyrir þat í braut or landi með miklo liði, ok hafði hann 10 skip or Noregi; síðan lagðist hann í víkíng ok herjaði víða of summarit; en um haustið þá kom hann í Danmörk með skipum sínum ok liði, ok mælti til vinfengis við Danakonungi, ok beiddist at hafa þar friðland í hans ríki, ok vera þar um vetrinn. Haraldr konúngr tók því einkar vel, ok bauð honom til hirðvistar með sér við hálfst

<sup>1)</sup> I staðinn fyrir kap. 4 og 5, hefir R. styttri frásögn og frábrugðna, samstemma Ol. Tr. Sígu 1, kap. 64.

100 manna. Hákon þektist þat, fór hann til konúngs með þetta lið, en vistaði annat lið sitt þar í Danmörk. Þat er ok frá sagt, at Knútr Gormsson átti son eptir sik, þann er Haraldr hét, ok var kallaðr Gullharaldr; hann kom eigi mörgum náttum síðar við Danmörk, ok hafði 10 skip, hann hafði herjat víða um lönd, ok fengit mikil fè, ok ætlaði sér vist um vetrinn með Haraldi Gormssyni, frænda sínom, ok hafa þar friðland. Haraldr konúngr tekr vel við frænda sínom ok nafna, býðr honom heim til sín við jafnmarga menn, sem Hákon hafði áðr þángat haft, ok þat sama þektist Haraldr; ok ero þeir Hákon ok Gullharaldr þar báðir þann vetr í allmikille virðingu af Danakonungi. En þá er jól komu um vetrinn, þá var þar enn meir vönduð veizla en þess í milli, bæði fyrir drykkjar sakir ok annarra tilfanga ok fjölmennis, er þá var enn þángat boðit at jólum. Frá því er sagt, at þat var haft at ölmálum ok teiti manna á mille, hvárt nokkor konúngr á Norðrlöndum mundi méri rausn hafa í sínom veizlom ok stórmensko enn Haraldr Gormsson, ok urðo allir á eitt sáttir, at engi konúngr væri slíkr of alla norðrhálf heims, ok þar alt sem dönsk túnga ginge. En maðr var sá þar innan hirðar, er ekkifansk um, ok átti öngan hlut í hjali þesso, en þar var Hákon jarl Sigurðarson; en svá er sem mælt er, at

mörg ero konúngs eyro, ok var konúnginom sagt brátt, at Hákon hefði ekki tillagt honom til virðíngar, þá er menn urðo á eitt sáttir; en eptir þat, þá er náttin er afliðin, þá heimti Haraldr Gormsson á mál Hákon jarl ok Gullharald, ok gingo þeir 3 á málstefno; ok er þeir våro þar komnir, þá skorar konúngr til við Hákon, hvárt hann hefði þat mælt, at hann væri ei mestr konúngr á Norðrlöndum, fyrir því at honom var svá sagt. Jarl svarar: hvárki gerða ek at, herra! segir hann, þá er aðrir áköfuðust mest á þetta, ok átta ek í öngan hlut, ok þykkjomst ek saklaus um þetta. Þá vil ek þetta vita, segir konúngr, hvattú færir til þess, er þér þykkir þetta eigi sem öðrum mönnum. Vant verðr oss, herra! segir jarl, of slíkt at rœða, en aldrei má mér sá þykkja méri maðr, er annarr sitr yfir sköttum hans, ok hafi svá lengi framfarit, ok hafi sá ei ríki tilat heimta, er á. Þá þagnaði konúngr nokkora stund, ok tekr til orða ok mælti: ek hefi nú flugað attú hefir satt mælt, ok fundit til um þetta; en eigi þarf þik at kalla enn vitrasta jarl, ok enn mesta minn vin, ef eigi fær þú þat ráð, er dugi við Harald gráfeld Gunnhildarson; þvíat ek veit attú mælir þetta til hans. Jarl svarar: því at eino eyksk þín virðíng við heimboð þetta við mik ok Gullharald frænda þinn, ef þú þykkir nú méri konúngr hèðan frá enn áðr, ok tökum nú allir samt þat

ráð, er oss sýnist efniligt, ok allra vårr vegr aukist við. Settú nú ráðit, segir konúngr, ok neyt nú þess, er þú ert ráðugr maðr kallaðr ok vitr. Hákon svarar: ef þat skal mitt vera, at setja ráðit, þá er nú hugat, segir hann; þá skal senda menn or landi á eino skipi, svá at þat sè vel skipat, til fundar við Harald gráfeld, ok segit svá, at þér bjóðit honom híngat með fullri virðing ok eigi með miklo liði til vegsemdarboðs, ok lát svá segja honom, at þat er áðr stendr á meðal ykkars máls, meguð it sjálfir sættast á, þá er it finnizt; þat skaltu ok fylgja láta orðsendíngonne, segir hann, attú ætlar at biðja Gunnhildar móður hans, en ek kann skaplyndi hennar at því, þótt hún sè nakvat aldri orpen, at hún mon þá mesta stund á leggja at fýsa son sinn fararinnar, ef þetta liggr við, þvíat lengi hefir hún þótt nokkvat vergjörn; en vér skulom vera í öllum viðrbúnaði með þér; en þú skalt þat tilleggja með Gullharaldi frænda þínnum, attú skalt honum unna hálfis Noregs, en hálfis mèr, ef við getum Harald gráfeld af lífe tekinn, svá attú sér eigivið með þína menn, en ek heit þér því við í móti, ok við Gullharaldr báðir, attú skalt þá skatta hafa af Noregi, sem nú mon ek til inna: at við munom útreiða, ef okkart verðr landit, 100 marka gulls ok 60 hauka, þá miklomst vér allir af, ef at þesso ginge, sem nú hefi ek ráð til gesit. Haraldr konúngr segir: Þetta ráð sýnist mèr eigi óvænt, ok skal

þetta vera ok framgánga, ef svá vildi tiltakast. Gullharaldr lét sér ok þetta líka forkunnar vel, sem nú var tilskipat, ok nú gingo þeir af þessi málstefno, ok lét Haraldr konúngr nú skip búa vono bráðara, þat var snekkja ein mikil, þar lét hann á vera 60 manna, ok síðan fóru þeir leiðar sinnar, þá er þeir voro til þess búinir, ok fersk þeim vel, ok hitta þeir Harald konúng gráfeld i Noregi, ok báro upp örendi þessi fyrir hann, sem fyrir þá voro lögð, ok gátu fyrir Gunnhildi um bónorðit, at Haraldr konúngr Gormsson mundi biðja hennar, ok er hún heyrði þetta, þá fór sem hann gat, at hún fýsti Harald son sinn ferðarinnar: ok er einsætt, segir hún, at dvala ekki förinni, þvíat ek man hafa landráð meðan, ok vættir mik þat sè nokkor hlít slika stund; en skunda at förinni, sem faung ero á. Eptir þat fóro sendimenn Haralds Gormssonar aptr, ok fersk þeim vel, ok segja konungi, at þángat er ván Haralds gráfeldar.

7. Ok þá síðan settu þeir fram skip sín Hákon ok Gullharaldr, ok svá styrkði Haraldr Gormsson þá til, at þeir höfðu als 6 tige skipa, ok lágu á vatni albúnir sem til bardaga, ok ætluðu at taka við Haraldi gráfeld, ef hann kæmi; hann varð ok eigi þínglogi, ok hafði 2 skip mikil ok 400 manna, ok vissi sér enskis ótta vánir. Þeir hittust á Limafirði, þar sem heitir at Hálsi. Hákon segir at hann lèzt eigi vildu þar mörgom skipom at leggja, er lítils

Jurfti við: ok er þat sannast at segja, at mér verðr vandi mjök mikill við Harald gráfeld fyrir frændsemis sökum, en ek ann þér þessa sigrs afar vel; þat er ok frásagt, at Haraldr lét at eggjast, ok átti við sér sloegara um, þar er Hákon var. Ok eptir þetta þá leggr Gullharaldr at nafna sínum með 50 skipa, ok lét oþpa heróp, ok skall nú bardagi á þeim, þvíat þeir vissu sér enskis ótta vánir, ok verja sik þó vel ok drengiliga. Hákon jarl lét ekki verða vart við sik um bardaga þeirra nafnanna, ok þat lið er eptir var með honum. Ok er Haraldr konungr gráfeldr var í þessum mannháska, ok varð þá þess varr, at eigi var alt svikalaust, ok þóttist þá vita, hverso fara mundi leikrinn, þá mælti hann: þat hlögir mik nú, segir hann, at ek sè þat, nafni! at sigr þinn mon eigi lángr vera, þóttú fellir mik, fyrir því at ek veit, at þetta ero ráð Hákonar jarls, er hér fara nú fram, ok hér kemr hann þegar á hendr þér, er ek em dauðr, ok drepr þík á fœtr oss, ok hefnir vár svá. Ok nú er þat sagt, at Haraldr konungr gráfeldr fellr þar í bardaganum ok mestr hlutr liðs hans, ok lauk svá um hans æfi; þá hafði hann réðit fyrir Noregi 15 vetr með brœðrum sínum ok Gunnhildi móður sinni. Ok þegarer Hákon jarl veit þessi tíðindi, þá gerir hann atróðr harðan, þá er þeir Gullharaldr voro sízt viðrbúnir, ok býðr liði Haralds þá kosti, hvárt þeir vildi heldr berjast við hann, eðr

selja honom fram Gullharald, ok lèzt vilja hefna Haralds gráfeldar, frænda síns. Þeir kjósa þat at berjast eigi við Hákon, þvíat þeir visso, at Haraldr konúngr Gormsson vildi, at Gullharaldr væri drepinn, ok hafði þat verit í undirmálom með þeim Hákoní, sem nú var bert. Er nú síðan Gullharaldr höndum tekinn, ok leiddr í mörk í braut ok hengðr. Ok nú fer Hákon jarl á fund Haralds Gormssonar, ok selr honom einsköpon fyrir þetta, er hann hafði drepit Gullharald frænda hans, en þó var þetta hègomi einn, fyrir því at þetta var beggja þeirra ráð reyndar. En Haraldr konúngr gerir þat á hendr Hákoní, at hann skal skyldr til at fara til Danmerkr um sinn, ok bjóða út leiðangri um allan Noreg til liðs við sik, þá er hann þykkist liðs þarfi vera, en fara jafnan sjálfur, þá er hann sendir honom orð, ok hann vildi hans ráðoneytí hafa, hann skyldi ok gjalda skatta þá alla, er fyrr var sfrá sagt; ok áðr enn þeir Hákon skiljast, þá tekur hann gull þat, er átt hafði Gullharaldr, ok þar hafði hann nafn af tekit, er hann var Gullharaldr kallaðr; þat gull hafði hann flutt af Suðrlöndum, þat var svá mikil at 2 kistor voro fullar af gulli, svá at eigi máttu 2 menn méra knýja; ok nú tekur jarl upp þetta fè alt at herfänge, ok geldr Haraldi konungi af því fè 5 vetra skatt fyrir fram, ok kveðst eigi mundu í öðru sinni betr til fær enn nú. Haraldr konúngr tekur því vel, ok skiljast þeir Há-

kon nú, ok fer hann í braut or Danmörk, þar til er hann kemr til Noregs, ok kemr nú Þegar á fund Gunnhildar konúnga móður, ok segir henni svá, at hann hefði hefnt Haralds gráfeldar, sonar hennar, ok drepit Gullharald, ok þat með, at hann kveðr Harald Gormsson vilja einkum, at hún fari or landi með vegligu föruneyti, ok kvaðst vilja samfarir við hana; en þeir höfðu gjör þessi ráð reyndar með sér, áðr enn þeir skildu, Haraldr ok Hákon, ok þat með, ef hún ginge í þessa snöru, ok köemi til Danmerkr, þá höfðu þeir menn tilsetta at drepa hana þegar. Nú lýsir hér yfir því, er margir mæltu, at hún þótti nokkot vergjörn, ok fór hún nú or landi með ȝ skip, ok voro 60 manna á hverjo; hún fer nú þar til, er hún kemr til Danmerkr; ok nú er þat spyrsk, at Gunnhildr er við land komin, lætr Haraldr aka vögnom í mótt henni ok liði hennar, ok er hún þegar sett í einn virðiligan vagn, ok sögðu menn henni, at dýrlig veizla var búin í mótt henni at konúngs; þeir óku með hana um daginn, ok um kveldit, er myrkt var orðit, þá komo þeir eigi at höll konúngs, heldr var hitt, at eitt fen mikit varð fyrir þeim, ok tóko þeir Gunnhildi höndum, ok hófu hana or vagninom ok breyttu nokk<sup>1)</sup> . . . . .

<sup>1)</sup>) Hér er afritst af skinnbókinni neðst af blaðinu svo mikil sem 1½ linna, af hverri ekki verðr lesit ljósliga nema str. kanske streng.

síðan út á fenit, ok drektu henne þar, ok lét hún svá líf sitt, ok heitir þar síðan Gunnhildar mýrr. Braut fóro þeir eptir þat, ok komo heim fyrir konung, ok segja konungi svá búit, hvat er þá hefir ígjörzk. Konúngr segir: Þá hafi þér vel gert, (þar)hefir hún nú þann sóma, er ek lugða henne. Ok nú sitja þeir Haraldr konúngr ok Hákon jarl nokkura vetr í góðum friði; ok er nú friðr á milli landanna Noregs ok Danmerkr, ok vinátta þeirra einkar góð, ok sendir Hákon jarl Haraldi konungi ein misseri 60 hauka, ok lét, at honum þótti betra at gjalda heldr upp á einu ári, en eigi á hverju ári.

8. Í þann tíma ræð fyrir Saxlandi ok Peitolöndum Otta keisari, er kallaðr var; Otta enn rauði, ok jarlar hans 2, annarr hét Urguþrjótr en annarr Brimiskjarr. Þess er viðgetit á einhverjum jólum, at keisarinn Otta strengði þess heit, at hann skyldi fara til Danmerkr 5 sumor í samt, ef þess þyrfti við, ok kristna alla Danmörk, ef hann mætti því framkoma; ok eptir þessa heitstrenging samnar keisarinn liði til þessarar ferðar. Ok þá er Haraldr Gormsson spyr þetta, ok verðr varr þess, at keisarinn hefir allmikinn liðsafla, þá sendir hann til Noregs þegar 60 manna á einni snekkjo til fundar við Hákon jarl, ok bauð þeim svá segja jarli, at hann mundi aldregi meirr þurfa enn þá, at hann byði út leiðangri yfir allan Noreg,

ok fœri at veita honum lið. Sendimenn konungs fóro, ok framkomo, segja jarli orðsending konungs ok fara síðan aptr. Hákon jarl vískaði við skjótt við þetta mál, ok þykkir nauðsyn á vera, at ei verði þau endime í, at menn sé kúgaðir til kristni í Danmörku ok öðrum Norðrlöndum, ok megi eigi halda háttum ok átrúnaði sinna foreldra. Hann samnar nú liðnakkvat af brádúngi, ok mundi meira hafa, ef allr væri leiðángrinn, ok væri lengra tóm til gefit. Jarl ferr þegar or landi, er hann er búinn, ok hafði 100 <sup>1)</sup> skipa; en um sumarit síðar þá komo menn or [Noregi enn <sup>2)</sup>] með mikit lið til móts við Hákon jarl. Nú fer Hákon jarl ferðar sinnar ok ekki greitt; ok er hann kömr við Danmörk, þá spyr Haraldr konúngr, ok verðr harðla feginn, ok fer þegar til móts... <sup>3)</sup> með fullri ölværð, ok gerði veizlo . . . . <sup>3)</sup> ok taka þeir þat ráð, at þeir fara í móti Ottu keisara með svá mikit lið, sem þá höfðu menn samandregit um alla Danmörk, ok eru þeir mestir höfðingjar fyrir því liði Haraldr konúngr ok Hákon jarl, ok fóro þeir nú þartil, er þeir finna keisaran. Þeir finnast á sæ ok slær þar þegar í bardaga með þeim, ok verðr þar en snarpasta atlaga; þeir berjast allan dag í gegnum, ok fellr mikit lið af hvárumtveggjum, ok þó fleira af keisaranum, ok er nátta tók, þá

<sup>1)</sup> sest ekki glüggit i A.      <sup>2)</sup> nærrí ólæsilegt i A.      <sup>3)</sup> hér er rifið af skinnbókhinni neðst af blaðinu 1½ lína

settu Þeir ȝ nátta grið á millum sín, ok lögðu at landi, ok bjuggost við hvártveggjo; ok er ȝ nætr liðo, þá gingo saman fylkingar Þeirra Ottu keisara ok Haralda konúngs ok Hákonar jarla, ok berjast nú á landi, ok gengr keisaranom nú þúngt bardaginn, ok fèll miklu fleira hans lið of daginn, ok þar kömr at hann leggr á flóttu undan með lið sitt. Otta keisari var á hesti um daginn, ok er nú sagt at Þeir sökja ofan at skiponum, ok keisarinn ríðr framm at sjónum, hefir í hendi spjót eitt mikit gullrekit ok alblóðugt, ok síðan stíngr hann spjótinu í sænn, ok nefnir síðan guð almátkan í vitni, ok mælti síðan: í annat sinni, þá er ek kem til Danmerkr, þá skal vera annathvárt, at ek skal kristna Danmörku, ella láta hér lífið. Eptir þetta gánga Þeir Otta keisari á skip sín, ok fara Þeir nú heim til Saxlands; en Hákon jarl er eptir með Haraldi konungi, ok ríðr honum mörg vitrlig ráð, ok nú létu Þeir gera þat mannvirki, er víðfrægt er, ok kallat er Danavirki, en þat var gert millom Ægisdura ok Slesmynna um þvert landit millom sjófa. Síðan fer Hákon jarl til Noregs, ok áðr enn Þeir skildist, þá mælti hann við konung: svá er nú farit, herra! at vèr þíkkjomst eigi lagi á koma at gera yðr greiða um skattana, sem vèr vildim, fyrir sakir starfs þessa ins mikla ok fèkostnaðar, er vèr höfum fyrir yðrar sakir; en fyrir hvívetna framm viljo vèr gjalda yðr skattana, þá er

Þesso lèttir af oss. Konúngr svarar ok biðr hann ráða; ok þykkjast menn þó finna, at konúngi þykkja nokkrs til seinir skattarnir. Skildi þeir nú við svâ búit, ok fer Hákon jarl nú heim í land sitt, ok þykkist nú unnit hafa mikinni sigr, ok eru nú kyrr tîðindi bæði í Noregi ok Danmörku ȝ vetra, ok á þessum ȝ vetrom lèt Otta keisarisamna liði, ok fèkk ógrynni liðs, ok er þessir vetr liðo, þá fer hann, til Danmörkur með þenna enn mikla her, ok jarlarnir með honom Urguþrjótr ok Brimiskjarr.

9. En þá er Haraldr konúngr spyrr þetta, þá sendir hann menn á fund Hákonar jarls, jafn-marga sem it fyrra sinn, ok sendir honom þau orð, at hann þykkist aldregi meirr hafa þurft hans liðveizlo ok fjölmennis enn þá. Hákon jarl skipaðist brátt við orðsendíng Haralds konúngs, ok þykkir vera nauðsynja mál, ok fer þegar er hann var búinn, ok hefir hann nú hvergi minna lið enn it fyrra sinni, ok kemr við Danmörk, ok fer þegar við 12 mann á fund Haralds konúngs, ok verðr konúngrinn honom stórfeginn, ok kveðr hann vel hafa vikizt við sína nauðsyn: ok skal nú senda menn í móti liði þíno öllu, ok fari þat hingat til veizlo, ok kann ek hvers yðvars þökk. Vèr skulomi enn innast orð við áðr, segir jarl, enn þetta sé atgert; mik áttu heimilan til fylgðar við þik ok ráðagerðar ok þat lið, sem nú hefi ek, þessa 12 menn, en eigi fleira lið, nema ek vilja; þvíat

ek hefi komit áðr of sinn saman með leiðangr at veita þér lið, sem við áttum mælt með okkr fyrir öndverðu. Satt er þetta, sagði Haraldr konúngr, er þú mælir, en þess vætti ek, attú munir þetta lið láta mér at gagni koma, er þú hefir híngat haft fyrir sakir vinátto okkrar. Þess verð ek ráðandi við menn mína, segir Hákon, at þeir þykkjast skyldir til fylgðar við mik, at verja mitt land ok ríki, en þess þykkjast þeir ei skyldir, at verja Danmörk eðr annat konungs rfki, ok leggja síðor sínar við spjótsoddum, en taka ekki í móti i gæðom eða virðingom. Hvæt skal ek til vinna við þik, segir Haraldr konúngr, eða menn þína, at þér komit mér nú at liði, er ek þarf mest, þvíat þat hefi ek sannspurt, at ek mon við ofrefli eiga at skipta fyrir sakir fjölmennis keisarans? Jarl svarar: einn er hlutr skoraðr til þess, segir hann, at því er vèr urðom ásáttir, ek ok mínið menn, sá hlutr, ef þú gefr upp alla skattana af Noregi, þá er ógoldnir ero, ok svá skaltu gefa upp vandliga, at aldregi síðan verði Noregr skattgildr undir þik<sup>1)</sup>, en ef þú vilt eigi þetta, er nú er tilmælt, þá mon lið þetta alt fara apr, er mér hefir híngað fylgt, nema ek sjálfr skal vera hér, ok veita þér með þessom 12 mönnum, er nú ero hér komnir, þvíat altskal ek þat enda, er við verðum ásattir. Þat er satt um at rœða,

---

<sup>1)</sup> Danmörk F.

segir konúngr, at alla menn byrgir þú inni <sup>1)</sup> fyrir vitsmuna sakir ok ráða, ok ero mér nú gjörvir <sup>2)</sup> vandræða kostir, svá at mér þykkir hvårgi góðr. Sè þú nú vandliga á kostina, segir jarl, en svá sýnist mér, sem þér muni at öngu haldi skattrinn koma af Noregi, ef þú lætr lífið liðr í Danmörk. Skjótt skal kjósa, segir konúngr, at því sem nú er máli komit, at þú veitir mér meðalt lið þitt, sem þú hefir framarst drengskap til, ok muntu þá öðlast þat, er þú mælir til. Ok eptir þetta þá voro menn sendir þegar í móti öllu liði jarls, at þangat skyldi koma á eina stefnu, ok eigu þeir at þesso handsöl ok binda fastmælum sín f'milli, ok nú taka þeir veizlo dýrlega at Danakonungs, ok fara nú síðan í móti keisaranom með allan her, þann er þeir fingu til. Haraldr konúngr fer með skipalidit til Ægisdyra, en Hákon jarl fer með sinn herr til Slesdöra <sup>2)</sup> öðrumegin landsins. Otta keisari spyrr þetta, at Hákon jarl er kominn í Danmörk, at berjast í móti honom; hann tekur þá þat ráð, at hann sendir jarla sína í móti honom, Urguþrjót ok Brimiskjar, til Noregs, þeir höfðu 12 kugga hlaðna af mönnom ok væpnom, þeirra örenda at kristna Noreg, meðan Hákon jarl væri í brauto.

10. Nú er fyrst at segja frá keisaranom ok þeim enom mikla her, er hann hafði, at

<sup>1)</sup> úti, F; hefir líka staðit í A. en er fjar lagfart til inni.

<sup>2)</sup> Slesmunna, F.

Þeir gánga á land upp, er þeir koma við Danmörk, ok sjá Danavirki, ok þykkir eigi vera auðvelligt at sökja, ef varnarmenn ero fyrir, ok hverfa frá ok ofan til skipa sinna, ok gánga á skip út; ok í því bili finnast þeir Haraldr konúngr ok Otta keisari, ok slær þar þegar í bardaga, þeir berjast á skipum, ok fellr mart manna af hvárumtveggja, ok fá hvárigir sigrað aðra með öllu, ok skilja við þat. Síðan leggr keisarinn skipaher sinn, þar sem heitir Slesdyr, ok er þar fyrir Hakon jarl með sitt lið, þar tekst ok þegar atlaga með þeim keisaranom ok jarli, ok verðr et harðasta èl, ok fellr þá keisaranom þýngra bardaginn, ok lætr hann þar mart lið, ok svá lýkr, at hann flýr undan með lið sitt, ok þykkir fast fyrir vera, ok kemr þat í hug, at hann mon verða at leita sér ráðs um, hvernig helzt má at orka. Svá er sagt þá er keisarinn leggr skip sín til lægis, at þeir moetu skipa liði nokkoru, þat voro 5 skip, ok voro öll lángskip stór. Keisarinn spurði, hvat sá maðr hèti, er forráð hafði skipa þessa liðs. Sá svarar ok læzk Óle heita at nafne. Þá spurði keisarinn, hvert hann væri kristinn maðr eðr eigi. Óle svaraði ok lèzt við kristne tekit hafa vestr á Írlandi, ok býðr hann sik til liðveizlu við keisarann, ef hann þykkir þurfa meira liðsafla, enn áðr hesir hann. Keisarinn kveðst þat gjarna vilja, ok kveðst kunna honum mikla þökk fyrir: ok lízt mèr gæfusamliga á þik, segir hann. Óle rèzk

í lið með honom, ok hesir 500 manna, ok er þat lið et hvatligsta, ok berr þó sá af öllum, er fyrir liðino ræð. Nú eptir þetta leitaði ráðs keisarinn ok menu hans, fyrir því at þat vandræði var komit at höndum þeim, at þeir voro farnir at vistom, en hitt í ödro lagi at allr fenoðr, sá er þeim megin Danavirkis var, sem þeir voro staddir, var á braut rekinn vandliga allr, ok fengu þeir því ekki náð, ok sýndist hyggnom mönnum at 2 vandræði væri á, annat hvárt at hversfa frá við svá búit, eðr drepa reiðskjóta sína til matar, ok sýndist mönnum hvárt veggi kostrinn illr þeirra. Nú fær keisaranom þetta mikillar áhyggjo, ok orkar á Óla til atkvæðis ok orráða um þetta mál, ok bað hann fá þeim nokkot ráð, er gegndi. Óle svaraði ok kvaðst hafa(mætur)á ráðagjörðum sínom, ok vildi þat hafa láta at nokkoro, er hann legði til, ok yrði allir á eitt sáttir, eða ella kvaðst hann eigi mundu eitt orð tilleggja. Þar kemr nú mále, at allir gerðo at því róm, at hafa þat ráð, er Óle legði til. Þá mælti hann: Þat er þá ráð mitt, segir hann, at vér gángim allir til skripta, þeir er á Krist trúom, ok heitim á alsvaldanda guð, skapara allra hluta, 6 daga föstu, at hann gefi oss sigr, ok vér þursim eigi at drepa hross til matar oss; þá vil ek þat ráðannat tilgefa, segir hann, at vér farim í dag á merkr ok skóga, þá er oss ero nálægstir, ok skal hvern maðr höggva

C

sér byrði af þeim viði, er oss þykkir von at eldnæmstr sè, ok skulom vér þann við allan bera at virkino, ok sjámi þá enn síðan hvat ígerist. Þetta ráð sýnist þeim vænligt, er Óle hefir tillagt, ok fara nú þannig með, sem hann gaf ráð til. Þar var þannig tilfarið, er virkit var, at díki mikil var grafit þeim megin, sem þeir voro, þat var 10 faðma breitt, en 9 faðma djúpt, en nokkorö mjórra þar, er kastalar stóðu yfir uppe; en þeir voro svá settir, at kastali stóð yfir hverjo 100 faðma á virkino uppe. Annann dag eptir, er þeir höfðu viðinn dregit at virkino, þá höfðust þeir þat at, at þeir gerðo brúar stórar yfir díkit, svá at brú var gjör gagnvert hverjom kastala, ok gerðo stokka undir, svá at allt tóksá umbúnaðr at virkino. Ok þann sama dag tóku þeir öll vatnkeröld, þau er þeir höfðu, ok drápo or botninn annann, ok létu síðan koma þar í innan lokarspáno þurra ok aðra spáno, þá er þeir telgðu, til þess er fullir voro verplarnir af spánonom; síðan láta þeir koma eld í spánuna, ok eptir þat skjóta þeir aptr botnunum í verplana, ok láta opna ofan, til þess at þar lyste í vinde. Nú ok í annann stað þá taka þeir ok slá eld í viðona þá, er þeir höfðu dregna at virkino; en veðri var þannig farit, at á var sunnanvindr hvass, ok þurt veðr, ok slóð at virkino; nú taka þeir verplana, ok skjóta þeim út á díkit, ok síðan lýstr vindinom ofan í holit verplanna, ok keyrir út at virkino, ok svá innundir virkit; en þetta

var um kveldit, er þessom umbúnaði var lokit. Nú er svá frásagt, þá er nátta tók, at eldrinn tók at leika (um) vatnkeröldin ok viðinn, ok því næst laust loganom upp í kastalana, ok því næst í virkit, ok síðan brann hvat at öðru, þvíat virkit var mest af viðom gert. Svá lauk málæ, at á þeirri nátt brann upp allt Danavirki með kastólum, ok sá engi merki eptir ne örmol, ok unno þat vatnkeröldin, er eldinn báro at virkino; en þá er morna tók, þá gerði á mikit regn, svá at menn mundo trautt slíkt vatnfall or himne komit hafa, ok slökþi þann eld vannliga, svá at menn máttu þá þegar fara yfir usla þann enn mikla; ok ef þat sloknaði eigi við regnít, þá var eigi vænt, at þar mundi mega yfirkomast bráðfengis. Ok nú er þeir Haraldr konúngr ok Hákon jarl sáð þetta allt jafnsaman, þá slær ótta nokkorom í skap þeim, ok síðan flýja þeir undan til skipa sinna; en þeir keisarinn gingo yfir brúarnar þær, er þeir höfðu gert yfir díkit, þvíat þaðan hafði eldinn frálagðan, þá er virkit brann, ok gánga þeir nú yfir þann usla, ok var nú allr kaldr orðinn ok slokinn, ok höfðu þeir nú fastað 4 dœgr til liðs sér við almátkan guð, ok á eno 5ta dögri sökja þeir þángat frá virkino, sem þeir höfðu fyrir verit Danakonúngr ok Hákon jarl; ok þá er þeir komo þar, þá skorti þá eigi kvíkfé, ok fingo þeir sér nú oernar vistir, þvíat þángat hafði rekit

verið fæit, til skjóls undan herinom þeirra keisarans, ok hafa þeir nú örna gnótt vista, ok spara þeir ekki mjök fè Dana, ok ero góðar blóþær. Nú lofa þeir guð fyrir þenna sigr enn fagra, ok þótte keisaranom vel hafa dugað ráð Óla, ok spyrr nú eptir, hvaðan Óle væri at kynferði, eðr af hverjo landi hann væri. Óle segir: ekki man ek lengr dyljast fyrir þér, segir hann, ek héti Ólafr, ok em ek kynjaðr or Noregi, en Tryggvi hét faðir minn.

11. Þat er nú frásagt, at þeir Otta keisare ok Ólafr sóttu eptir þeim Haraldi konungi ok Hákon jarli, ok allir þeir saman áttu 3 bardaga á meginlandi, ok varð þar mikil mannfall, ok flýðo þeir undan [löer þeir.<sup>1</sup>], Haraldr konúngr ok Hákon jarl, en þeir keisarinn ok Ólafr sóttu eptir um landit, ok hvar sem þeir fóro, þá var þat boðit þeim mönnum öllum, er þeir fingo höndum tekit, at annathvárt skyldi hvern [at þar mundi] þegar vera dreppinn, eðr ella skyldi taka trú ok skírn; kuro margir þat, er betr gegndi, at taka trú ok skírn; en þeir menn er eigi vildu undir gánga, þá létu búkarlar eigi mjök rjúka á þeim 12 mánonum enom næstom, þvíat þeir keisarinn brendu bygðina ok þorpin, ok eyddu svá fyrir þeim öllum, er eigi vildu trúna taka, en drepa þá jafnan sjálfa. Otta keisare ok Ólafr Trygg-

<sup>1</sup>) þannig A.; miskeið serfir.

vason vinna nú mikinn sigr ok fagran á þessom  
12 mánoðom, þvíat lið heldr ekki við þeim,  
en þeir flýja undan ávalt, Haraldr konúngr ok  
Hákon jarl, ok þykkjast nú finna þat ok sjá, at  
ininne ok minne er ávalt þeirra afle, svá sem  
méri hlutr ok méri er kristnaðr í landino. Ok  
nú hafa þeir Haraldr konúngr ok Hákon jarl  
stefno ok ráðagerð með sér, hvatt til skyldi taka,  
ok þykkir nú taka at þraungva at sér mjök,  
hafa flýit í braut frá eignom sínom ok skipom  
ok fjárhlurom; þeir megu nú sjá þat, at þeir fá  
eigi náð skiponom, þvíat þeir keisarinn hafa þar  
yfirsókn, ok sýnist nú ráðligast at svá vöxnu  
mále, sem var, at senda menn á fund Ottu  
keisara ok Ólafs Tryggvasonar. Nú ero menn  
sendir á fund keisarans, ok bera upp örendi  
Danakonúngs ok Hákonar jarls; keisarinn  
tekr því vel, ok lætr þeim kost gerðan, ef þeir  
vilja trú taka, ok sendir þeim þau orð móte,  
at þeir skyldu Þíng eiga allir saman; ok fara  
þeir nú aptr sendimenn Haralds konúngs ok  
Hákonar jarls, ok segja þeim svá búit. Eptir  
þat koma þeir nú allir á Þíng, ok hefir þat  
fjölmennast Þíng verit í Danakonúngs veldi á  
þessom dögum. Þá gengr á Þíngit biskop, sá  
er var með keisaranom, er Poppa er nefndr,  
ok telr þar trú fyrir þeim á Þíngino vel ok orð-  
förliga, ok talar hann lángt örendi ok snjalt.  
Haraldr konúngr hefir orð fyrir þeim Hákone,  
ok svarar, þá er hann hafði heyrt á töluna:

ekki er til þess at ætla, segir hann, at ek mona skipast við orð einsaman, nema þat fylgi, at ek sjá jartegnir <sup>1)</sup> nokkorar; at þessom sið fylgir meiri máltr, er þér boðit, enn þessi trú, er vér höfum áðr; en þetta var þó ráð Hákonar jarls, þótt konúngr bæri upp, þvíat hann vilde hotvetna annars, heldr enn gánga undir trúna. Biskop svarar þesso mále á þessa leið: eigi skal þat at skorta, segir hann, at reyna skal krapt þessar trúarinnar; nú skal taka járn glóanda, en ek mon áðr sýngja messo, ok fóra fórn almátkum guði, en síðan mon ek gánga yfir glóanda járn í trauste heilagrar þrenningar 9 fet, ok ef guð hlífir mér viðbruna, svá at minn líkame sè alheill ok óbrunninn, þá skulo þér allir jálast undir rétta trú; ok nú jata þeir því Haraldr konúngr ok Hákon jarl ok allir þeirra menn, ef hann gingo yfir járn glóanda, svá at hann brynni eigi, at þá mundi þeir verða við trúne at taka. Nú fer þetta fram at biskop sýngr messo, ok eptir messona þá gengr hann til þessar raunar, treystr þá með holdi ok blóði almáttigs guðs, ok var í öllum biskops skrúða, þá er hann trað járnen, en guð hlífði honom svá, at hvergi var brunaflekkr á hans líkama, ok hvergi var á runnit á klæði hans. En er Danakonúngr sér þessi stórtíðendi, þá tekur hann þegar trú ok skírn, ok allir hans menn, ok þykkir konúnginom mikils um vert

<sup>1)</sup> jartegnir, *A. mun vera pennavilla.*

Þessa jartegn, ok nú er skírðr allr Danaher í Þessi renno. Hákon jarl er alltrauðr undir trúna at gánga, ok þykkir vera harðr á aunnat bord, ræðr þó þat af loksins, at hann er skírðr, ok beiðir sér síðan fararleyfis, ok vill hvata heim; en því mále kömr svâ, at Hákon verðr því at heita keisaranom, at hann skyldi kristnat fá Noreg, ef hann mætti, eðr flýja frá ríki síno ella. Ok eptir þat ferr Hákon jarl í brottu, ok þangat sem skip hans voro, ok ferr síðan partil er hann kömr heim í Noreg. Nú tekst síðan vinfengi mikil með þeim Haraldi konungi ok Ottu keisara, ok fara nú báðir til einnar veizlo, þeirrar er konúngr veitir; Ólafr fer ok þangat með þeim; ok áðr enn þeir skiljast, Otta keisare ok Haraldr konúngr, þá heitr Danakonúngr því, at allir hans menn skyldu trú taka, þeir er hann mætti orðum viðkoma, ok þat endi hann; en Otta keisare ferr heim til Saxlands til ríkis síns, ok bauð Ólase með sér at fara, en Ólafr lèzt fús at fara í Austrveg, ok svâ gerði hann, ok skildost þeir þar Otta keisare ok Ólafr í Danmörk, ok vorost góðir vinir jafnan síðan.

12. Nú er at segja frá því, er gerðist í ferð Hákonar jarls, þá er hann fór heim til Noregs, at hann kom við Gautland, ok þegar er haim kötur þar, þá herjar hann, ok gerir upprásir, en sendir aptr presta alla ok kenni-

menn, þá er keisarinn hafði fingeð honum til föruneytis, ok at skíra menn í Noregi. Nú vill Hákon ekki at þeir fari lengr með honom. Ok nú er hann herjar, þá spyrr hann til hofs eins, þess er mest var í Gautlandi, meðan þar var heiðit; í því hofí voro 100 goða, . . . . . hofit \*). Hákon tekrfé þat allt, er þar var inne, en þeir menn er varðveitlo hofis, ok blótstaðinn flýðo undan, en sumir voro drepnir; en Hákon fór aptr til skipa sinna með fét ok brennir ok bœlir allt þat, er fyrir honum varð á þeirri leið, ok hafði singit ógrynnne fjár, er hann kom til skipa. Ok á þesso mæli, er Hákon svarfaðist þar um á Gautlandi, þá spyrr Óttarr jarl, er ræð fyrir miklum hluta Gautlands, ok bregðr hann við skjótt, ok dregr hann at allan landher í móte Hákoni jarli, ok fer með mikil lið at honom, ok lýstr þar þegar í bardaga með þeim, ok verðr Hákon borinn ofrliði af landher þeim, er at dreif, ok lauk svá, at hann flýr undan með lið sitt, ok ferr til Noregs. Eptir þat kveðr Óttarr jarl Þíngs, ok mælti þeim málom á Þíngino, at Hákon jarl skyldi heita vargr í veom, fyrir því at hann kvað engi mann verri verk unnit hafa, er Hákon hafði brotið it œðsta hof í Gautlandi, ok unnit mart annat illt, ok öngvir menn visso dœmi til slíks, ok hvargi er hann fór, eðr kom, þá skyldi hann þetta nafn

\*.) Hér eru skafin út tvö eða þrjú orð. Kanske ok . . . hofit sé misskrifat af því er eptir kemur.

hafa. Ok er þetta er tíðenda, þá spyrja þeir jarlarnir Urguþrjótr ok Brimeskjarr, er fyrr var getið í þesso mále, til ferða Hákonar jarls, ok svá hvat hann hafðist at, ok þykkir hann fara lítt friðsamliga, ok vilja þeir eigi bíða hans þaðan, ok flýja þeir nú or landi með öll skip sín, ok voro öll hlaðin af mönnum, ok vildu þeir gjarna eigi finna Hákon jarl. En þá er jarl kom í land austan í Víkina, ok spurði þegar hvat þeir jarlarnir höfðu atsýst meðan, at þeir höfðu kristnað alla Víkina norðr til Liðaudisness, ok verðr jarl við æfr ok reiðr mjök, ok sendir þegar orð um alla Víkina, at öngom skyldi hlýða at halda á þessom síð, svá at eigi mundi hverr stór víte fyrir taka af honom. Ok er þetta spurðist, þá flýði hverr undan, er kristne vildi halda, en sumir gingo aprí til heiðne ok ville þeirrar, er þeir höfðo áðr, fyrir sakir ofríkis jarlsins. En jarlinn Hákon kastar þá trúunne okskírninne, ok gerðist þá enn mesti guðniðsingr ok blótmaðr, svá at aldregi hafði hann meirr blótað enn þá, ok sitr Hákon nú of kyrt í landino, ok ræðr nú einn fyrir öllum Noregi, ok geldr aldregi síðan skatta Hjaraldi konungi Gormssyni, ok er mjök í rænan þeirra vingan.

13. Haraldr konúngr býðr nú út leiðangri af allri Danmörk, ok ferr nú til Noregs með óflýjanda her á hendr Hákone jarlo, ok þá er hann var kominn norðr um Liðendisnes í

þat ríki, er undan var horfið hans skattgjöfum, ok síðan herjar hann, ok lætr geysa eld ok járn yfir land, hvar sem hann fór, ok gerir aleyðo í Noregi í Sogne allt með sjó norðr til Staðar, nema 5 böi í Læradal, ok síðan fregnir hann samnaðinn hvar Þróendir í Noregi, Naumðœlir, Raumðœlir, Háleygir, at hverr er vígr maðr er, þá er kominn í einn stað með Hákone jarle til varnar, ok hefir hann svá mikinn liðs-afla, at ófoert er at berjast í móte með útlendum her. Nú ræzk Haraldr konúngr um við sína spekínga; konúngrinn lá þá í Sólundum, ok heitaðist at fara út til Íslands at herja, ok hefna níðs þess, er allir landsmenn höfðu gert um konunginn Harald fyrir rán þat, er Byrgir bryti hafði tekit fè íslenzkra manna at ólögum, en konúngrinn vildi eigi rétta ránet, þá er hann var þess beðinn. Á þessa lund var sett níðit:

Pá er sparnama mörnar  
morðkunn Haraldr sunnan  
varðara Vinda myrði  
var eitt í ham fara;  
en berstúfa Byrgir  
böndum rekr í landi,  
þat sá öld í öldu  
um ríki ill fyrir líki.

En Eyjólfur Valgerðarson orti víso þessa, þá er húskarl hans hafði selda öxe sína, ok tekit í móte gránu feld einn, ok þá hafði spurzt út língat

úráttan Haralds konúngs, ok nú kvað Eyjólfur  
víso þessa:

Selit maðr væpn við verði  
verði dynr ef má sverða  
verðum hæft at herða  
hljóð eignum slög íjóða;  
vér skolom Gorms af gömlo  
Gandvíkr þoko landi,  
hörð er ván at verði  
væpnhríð, sonar bíða.

Haraldr konúngr tók þat ráð, sem ván var,  
er margir spakir menn [véltu umb <sup>1)</sup>], sem  
bezt gegndi, vendi nú aptr suðr til Dan-  
merkr, ok heldr hann nú ríki síno til daud-  
dags með fullom veg ok sóma, en Ilákon jarl  
sköttum ok Noregi.

#### ANNARR PÁTTTRINN <sup>2)</sup>.

14. Maðr er nefndr Tóki, hann var í Dan-  
mörku í hèraði Því, er á Fjóne heitir. Þorvor-  
hét kona hans. Þau áttu 3 sonu barna, er hèr  
ero nefndir til sögunnar. Áki hèt enn elzti <sup>3)</sup>  
son hans, en Pálnir sá, er þar var næst at aldri,  
en enn ýngsti hèt Fjölner <sup>4)</sup>. Tóki faðir þeirra

<sup>1)</sup> óglöggt i A.      <sup>2)</sup> A. hefir hér þessa yfirkrift: Nú  
hefsk upp annarr þáttir sögunnar, sá er syrr hefir verit,  
enn þetta viðri frákomit, ok mið eigi einum mannum allt  
senn segja. vantar í B. Hér byrjast Saga af Jómsvíkingum,  
hinir. <sup>3)</sup> ellri, en annar Pálnir, hinn elzti, R. <sup>4)</sup> hanu  
var frílluson, b. v. B. og hinir.

hefir þá verit gamall at aldri, er þetta var. Ok eitthvert haust, um vetrnáttu skeið, þá tók hann sótt ok andaðist or sóttinne. Egi liðo ok lángar stundir áðr þorvör tók sótt ok andaðist, kona Tóka, ok berr þá fjárlilute alla undir þá Áka ok Pálne<sup>1)</sup>, þvíat þeir áttu arf at taka eptir föður sinn ok móðor; ok er svá var komit þá spurðe Fjölner eptir brœðr sína, hvat þeir ætlaðe honom af feno. Þeir svara, ok kveðast honom mundu miðla þriðjung af lausafeno, en ekki af löndum, ok þóttost þeir þó gera hans hluta góðan, en hann mælti til þriðjungs alls fjár<sup>2)</sup>. Svá er frá Fjölne sagt, at hann væri vitr maðr, ráðogr ok illgjarn; en þeir brœðr Fjölnes kváðu hann eigi méra fè mundu hafa, enn þeir höfðu boðit honum; en Fjölner lætr sér þat illa líka, ok ferr hann nú við svá búit f braut með þenna fjárlut, ok ferr á fund Haralds konúngs<sup>3)</sup>, ok gerist hann nú hirðmaðr konúngs ok ráðgjase<sup>4)</sup>. Svá er frá sagt um Áka Tókason, at engi maðr þótti þvílíkr í Danaveldi, sem hann í þann tíma, sá er eigi bæri tignarnafn. Hann lá hvert summar í hernaðe, ok hafðe nær jafnan sigr þar, sem hann hélkt til<sup>5)</sup>.

<sup>1)</sup> Pálna F. <sup>2)</sup> svá sem væri hann arfgengr, *bæta við hinir*.

<sup>3)</sup> Gormssonur, *bæta við B. F.* <sup>4)</sup> slægr ok illgjarn, en kouðingr var eigi djúpsettr. Þat er sagt at þegar Fjölnir kom til Haralds konúngs, að hann rægði bræðr sina við konung b. v. B. <sup>5)</sup> þurðist, B.

Fjölner segir svá Haraldi konungi, at hann mundi eigi þykkja einn konungrysir Danmörku meðan Áki Tókason væri uppe, bróðir hans; ok svá gat hann umtalið fyrir konúnginom loks, at eigi gerist óhætt með þeim Áka ok Haraldi konungi. En Áki átti friðland, ok gott vinfengi við Ottar jarl á Gautlandi, ok fór hann þángat eitthvert sinn at heimboðe til Óttars jarls, ok hafðe 2 skip, annat var dreki góðr ok mikill, en annat snekkja; hann hafðe á þeim skipom 100 manna, ok voru allir velbúnir at klæðum ok væpnom. Ekki er getið at þar gerðist einkom til tíðenda um ferð þeirra, ok þá Áki góðar gjafir af jarli, áðr enn þeir skilðest, ok fór hann síðan heim til Danmerkr. Nú er at segja frá Haraldi konungi, þá er hann frétti at Áki var farinn til boðsins. En þat var fyrir þá sök, at Áki var svá mikils virðr af landsmönum, at engi var sú veizla stefnd innan lands, at eigi væri Áka bóðit til, eigi síðr enn konúnginom, ok þá Áki góðar gjafir at hverri veizlo, ok svá gerðist mikit um vinsœlð hans, at hann var nær eigi minna virðr af alþýðo enn við konungi, ok þat hafði hann or hvers manns eigo, sem hann vilde. En þat bjó mest undir ferð Áka til Gautlands, at hann bað dóttor jarlsins, ok var því mále vel svarað. Nú kennr hér mále, at Áki fer heimleiðis, ok hafðe 2 skip, sem áðr var sagt. Ok er konúngrinn varð

varr þess, þá lærði hann [framsetja 10 skip<sup>1</sup>], ok lærði hann þar á gánga [400 manna<sup>2</sup>], ok baði þá fara ok sæta því, er Áki færi aptr frá boðino, ok taka hanñ af lífe ok allt föruneyti hans, ef svá vilde tiltakast. Þeir fóro síðan ok hélđu njósni til um ferðir þeirra Áka, ok var þat högt, fyrir því at hann visse sér enskis ótta vánir; ok er nú svá frásagt, þá er Áki kömri við Sjóland<sup>3</sup>) í Danmörk, at þeir Áki hafa tjöld á landi, ok ugga þá ekki at sér. En þar koma konungs menn at þeim með her á úvart, þann er áðr var getið, ok lèto þegar drífa væpn á þá, ok feldu á þá tjöldin, er þeir voro ekki viðrbúnir, ok lýkr þar svá með þeim, at Áki fellr ok allt lið hans. Ok eptir þetta þá fara þeir aptr, þar til er þeir koma á fund Haralds konungs ok segja honum þat er unnit var, at Áki var láttinn ok allt lið hans, ok lét konúngrinn vel yfir því, ok lèzt þess vænta, at hann mundi vera mega einn konúngr yfir Danmörko fyrir Aka sökom. Þeir konungsmenn, er drápu Áka ok lið hans, taka væpn þeirra öll ok fjárlut, ok höfðu með sér at herfángi, ok færðu þeir fæit allt Haraldi konúngi, ok þar með skip þau, er Áki hafðe átt, drekann ok snekkjona, ok leggr konúngr nú sína eign á fæ þetta allt. Þat er nú ok sagt at Fjólne bróðor

<sup>1</sup>) setja fram skip F.  
mannu F. R.

<sup>2</sup>) 300 manna ok 30, B. 500  
<sup>3</sup>) Jótland, B.

Áka þótté nú ofraðar <sup>1)</sup> vel um stillt, ok þóttist nú hafa goldit honum þat, er hann náðe eigi feno því, er hann þóttist eiga at taka eptir föðor sinn.

15. Nú spyrjast þessi tildeindi heim á Fjón, ok spyr Pálner, bröðir hans, ok þykkir honum svá mikil, at hann leggst í rekkjo af, ok var þat mest fyrir því, at honum þóttu ósýnar hefndirnar við hann, sem um var at eiga reyndar, er konúngr var fyrir. Sá maðr er nefndr til sögunnar, er Sigurðr hét, fóstbróðir þeirra broðra; hann var vitr maðr ok auðigr at fè. Pálner leitaðe ráða við hann, hvernig hann skyldi meðfara. Sigurðr svarar, ok kvaðst þat mundu helzt til ráðs leggja við hann, at hann mundi biðja kono til handa honum, þeirrar er honum væri mikill sóme í, ef hann gæti. Pálner segir, ok spurðe eptir, hvar sú kona væri. Ek mun fara til Gautlands, segir Sigurðr, ok biðja til handa þér Íngibjargar, dóttur Óttars jarls. Þat ugge ek, segir hann Pálnir, at ek muna eigi geta þessa kono, en víst ætla ek, at þat mundi vænst til umbóta miuna harma, ef ek gæta þenna ráðakost. Nú slítr þar hjale, ok býst Sigurðr til þessar ferðar, ok hefir eitt skip ok 60 manna, ok ferr síðan þar til, er hann kömr til Gautlands, ok tekur Óttar jarl vel við honum. Sigurðr lýsir brátt yfir örendum sínum, ok biðr dóttur jarls, Íngibjargar, til handa Pálne Tóka-

<sup>1)</sup> Þannig A., vantar í hina.

syni, ok kallar hann vera hvergi óframars í öngan stað, enn Áka bróður hans, ok kveðr eigi skorta fjárhlude á Fjóne, en sagðe bana Pálna viðliggja fyrir harms sökom, áðr hann færi þessa ferð, ok kvað þetta helzt mundu til umbóta hans harms, ef hann finge þetta ráð. Jarl svarar vel at hófe þesso mále, ok kvað þó verða á at líta vannliga á slík mál, at ráðum væri sett, en rasa eigi fyri ráð fram, ok lét sér þó þykkja líkligt, fyrir sakir Áka vinar síns ok bróður hans, at hann mundi vera góðs kostar verðr. Egi kunno vér at segja hve lengi þeir kníðöðu \*) þetta mál, en svá lýkr málino, at þat er sagt, at Ottar jarl heitr Pálne Íngibjörgu, dóttur sinni. Svá er tilfarið, herra! segir Sigurðr, at Pálner mon eigi til fær verða, at söckja híngat veizlona til yðvar, fyrir vanmætti ok harme; en hann skortir eigi eignir, nè stórmenusko, at búa þar veizlona á Fjóne, ok vildu vér af því þess beiða fyrir naudsynja sakir, at þér sækit þangat veizlona með yðvart lið svá nokkoru mart, sem þér villt sjálfir, ok þesso heitr jarl. Síðan ferr Sigurðr heim, ok segir Pálne þessi tifðendi. Nú lèttist honum við þetta mikit, ok búa þeir nú veizlona at öllu í móte jarli, ok spara nú ekki til, at liún væri sem virðuligust á alla vega. Ok er at nefudom degi kom, þeim er boðsmenn skyldo koma, þá varð jarl eigi þingloge, ok mikit lið með honum; ok er þá drukkit vegligt

\*) *Pannig A.*

brullaup, ok ero þau bæði leidd i eina sæíng, Pálner ok Íngibjörg. Svá er sagt, at hún sofnar brátt, er hún kömr í rekkjo. Þá dreymir hana; ok er hún vaknar, segir hún Pálne drauminn. Þat dreymdi mik, segir hún, at ek þóttest hér stödd vera á þessom þe, sem nú em ek; en ek þóttumst uppe ega vef, en þat var línvefr, hann var grár at lit; mér þótti kljáðr vera vefrinn, ok var ek at, ok vafk, ok var lítið á ofit, at því er mér þótti; ok þá er ek sló vesinn, þá fèll af [einn kleinn<sup>1)</sup>] af miðjom veftnom á bak, ok tók ek upp; en þásá ek, at kljár þeir voro ekki nema mannahöfoð ein; ok er ek hafða upptekit þetta höfoðit, er af hafðe slitnað, þá hélta ek á, ok hugða ek at, ok kenda ek höfoðit. Nú spyrr Pálner eptir, hvört höfoðit væri; en hún svarar, ok kvað vera höfuð Haralds konúngs Gormssonar. Betra er dreymt enn eigi, segir Pálner, ok svá þykke mér ok, segir hún Íngibjörg. Sitja þau nú at brullaupe slika stund, er þeim þótti fallit; ok eptir þat ferr Óttarr jarl heim til Gautlands, ok með góðum gjöfum ok virðiligum. En samfarar þeirra ero góðar ok hœgjar ok miklar áster; ok höfðu skamma hrifð ásamt verit, áðr enn þau eigu son einn, ok er þeim sveine nafn gefit, ok kallaðr Pálnatóki. Hann vex þar upphema á Fjóne, ok er þegar snemmemdis bæði vitr ok vinsæll. Öngum manne var

<sup>1)</sup> keiun, R. annars kljár.

hann líkare í sinne lýzko, enn Áka föðurbróður sínom; ok skammar stundir liðo frá því, er Pálnatóki var af enom mesta barnsaldri, þá tekr Pálner faðir hans sótt, ok af þeirri sótt lætr hann líf sitt; en Pálnatóki tekr þar fjárhlut allan fyrir at ráða með móður sinne. Þat er frá honum sagt, athann liggr í hernaðe á sumrom, ok herjar hann viða um lönd, þegar hann má þat fyrir aldrs sökom.

16. Eitthvert sumar er þess viðgetið, at hann liggr enn í víkíngi, ok hefir þá 12 skip, þau voru vel skipoð; ok þá er þetta er tíðenda, þá ræðr fyrir Bretlandi jarl sá, er Stefner hèt; hann átte sér dóttur þá, er Ólöf hèt; hún var vitr kona ok vinsæl, ok var þat góðr kostr, svá at stórum bar. Þat er sagt at Pálnatóki kömr þar við land skipom sínom, ok ætlaðe at herja á ríki Stefnis jarls. Ok er þat spyrsk, þá tekr Ólöf þat til ráðs með Birne enom brezka, hann var [fóstbróðir hennar <sup>1)</sup>], ok var mjök í ráðagjörð með henne, at bjóða Pálnatóka heim til veizlo ok mikillar vegsemðar, ok ætti hann hér heldr friðland ok herjaðe eigi, ok þetta þekkist Pálnatóki ok allt lið hans, ok fóru til veizlonnar, ok at þeirri veizlo biðr Pálnatóke dóttur jarlssér til handa, ok verðr honum þetta mál auðsótt, ok er honum kononne heitið, ok þar næst föstnot, ok sat hún eigi lengr í festom enn svá, at þá var þegar drukkit brullaup þeirra

<sup>1)</sup> náðgjafi hennar, *R.*; fóstbróðir jarls, *F.*

at þessi veizlo, ok þat var tillagt þarmeð, at Pálnatóka var jarlsnafn gefit, ok hálft ríki Stefnes jarls, ef hann vilde þar staðfestast, en hann átti þar allt at hafa eptir hans dag, þvíat Ólöf var erfíngi hans einn. Pálnatóke er þar eptir á Bretlandi, þat er eptir er sumarsins ok svá um vetrinn; en of værið þá lýsir Pálnatóke jarl því, at hann mon fara heim til Danmerkr; ok áðr hann foari þaðan um sumarit, þá mælti hann við Björn enn brezka: Nú vil ek, Björn! segir hann, attú sér hér eptir með Stefne mági mínom, ok sér at landráðom með honum fyrir mína hönd, þvíat hann tekr nú at öldast mjök, en eigi óvænt, at ek koma eigi allbrátt aprí, ok ef þat dvelsk, at ek koma eigi híngat, ok misse jarls við, þá vil ek attú varðveisitir allt ríkit, þar til er ek köm aprí. Ok eptir þetta fer Pálnatóke í braut þaðan með Ólöfu kono sína, ok fersk honum vel, ok kömr nú heim á Fjón í Danmörk, ok er nú heima of hríð, ok þykkir hann nú annarr mestr maðr í Danmörku, ok ríkastr ok bezt at vite búinn, þegar er konunginn líðr sjálfan.

17. Þat er nú frásagt, at konungrinn ferr yfir landit, ok þiggr veizlor at vinom sínum. Pálnatóke gerir dýrliga veizlo í móte konunginom, ok ferr síðan ok býðr honun, ok þat þekkist hann, ok ferr til veizlunnar með mikiti lið; ok síðan lýstr á illviðre fyrir þeim,

ok koma þeir of kveld til búanda eins, þess er Atli hét, ok var hann kallaðr Atli enn svarte; hann var maðr félítill, ok tók hann við konúnginom með allri ölværð. Dóttir hans gekk of beina of kveldit, ok hét hún Æsa, ok var köllot Saum-Æsa. Hún var mikil kona vexti ok drengilig. Konúngi leizt vel á hana, ok mælti við föðor hennar: Þat er satt at rœða, at beini má varla verða betri, enn hér er í framme hafðr við oss af þér, búandi! ok lætr þú nú einn hlut verða undandreginn við oss, ok er dóttir þín, Æsa, ok gás hennar. En búandi segir, ok kvað þat ekki hans vera, at leggja slíka konu at sér, sem var dóttir hans. En konúngr kvað honum mikillar vinátto van í móte, ef hann gerðe þetta eptir hans vilja. Ok þar lendir þessi viðræðu þeirra ok viðrhjali, at Haraldr konúngr rekkr hjá dóttur búanda um náttina. En of daginn eptir, þá lèttir af veðrino, ok býst konúngr snemmendis í braut frá Atla; ok áðr enn þeir skilja, gefr konúngr honum góðargjasir, ok söemir hann svá ok dóttur hans. Ok eptir þetta ferr konúngr ferðar sinnar, þar til er hann kömr til veizlonnar, þeirrar er áðr var getið. Konúngr var lengi á veizlo þessi, ok veitir Pálnatóke með miklom ríkdóme. Ok þá er konúngr ferr í braut af veizlonne, þá gefr Pálnatóki honum góðar gjasir ok virðiligar, konúngr tekr því ok vel. En um vetrinn eptir, er áleið upp, þá var þat

fundit af mönnum, at Sauinæsa, dóttir búanda, tók at þróast ok digrast, ok mundi vera ólætt. Eptir þat røddi faðir hennar við hana eina saman, ok spyrr eptir hverr vanheilso hennar munde valda. En hún segir, at engi maðr var þar annarr í týgi til, nema Haraldr konúngr, en þó hefi ek öngum manni þorat þetta at segja, nema þér einom. Já! segir hann, því æ betr skal ek þik virða, sem þú hefir göfgara mann að þér lagðan. Ok nú líða stundir fram, þar til er hún verðr lèttare, ok fœðir hún sveinbarn, ok er þeim sveini nafn gesit, ok kallaðr Sveinn, ok var hann kendr við móður sína, ok kallaðr Saumæso-Sveinn. Ok nú ber svá til, at sumar it þriðja eptir þetta, at Haraldr konúngr skyldi enn soekja veizlo þangat á Fjón; ok er konúngr kömr þar til veizlonnar, þá rœðir Pálnatóki við Æsu, þvíat hún var þar komen með son sinn, þann er hún eignaðe Haraldi konungi ok sér: nú skaltu, kvað Pálnatóki, gánga fyrir konunginn djarfliga í þat mund, er hann sitr yfir drykkjo, ok gerast bermælt við hann um þá hlute, er þér þykkir varða. Þú skalt ok leiða sveininn eptir þér, ok mæla síðan þessom orðum við konunginn: at ek leiði hér eptir mér einn svein, ok kalla ek þar öngan mannannann í týge til, at eiga þenna svein með mér enn þik, Haraldr konúngr! En hverso sem konúngr svarar þíno mále, þá vertu djarf-mælt; en ek man vera nærstaddir, ok taka undir

með þér, ok styðja málit þitt. Hún gerir svá, sem hann ræðr henni, ok gengr hún nú fyrir konúnginn Harald, ok leiðir sveininn með sér, ok mælir þessum sömum orðum, sem í munn henni voru lögð af Pálnatóka. Konúngr svarar brátt, þá er hún hafðe mælt þessum orðum, ok spyrr eptir hver þessi kona væri, er svá mikla dirfð hafðe við konúnginn, at slíkt þorðe upp at bera, ok spyrr hana at nafne; en hún kvaðst Æsa heita, ok vera eins búanda dóttir þar í Danmörku. Konúngr segir: firna djörf kona ertu ok heimsk, segir hann, ok dirfðu þik eigi at mæla slíkt optar, ef þú vilt ómeidd vera. Pálnatókisegir þá: Því mon hún þetta mæla, herra! segir hann, at henne mon þykkja mikil nauðsyn tilbera, ok er hún engi skyndikona <sup>1)</sup> nè púta, heldr er hún góð kona ok ráðvönd, þótt hún sé lítillar ættar eða kynferðar, þá hyggjom vér hana þó satt eitt uppbera. Konúngr mælti: égi varðe oss þess af yðr, Pálnatóki! at èr mundut þetta mál þannig tengja til vårr, sem nú reynist. Svá skal ok vera, segir Pálnatóki, at ek mon þetta ekki ræsa á hendr yðr, herra! en svá mon ek til sveinsins gera í alla staðe, sem hann sé þinn eingason, en nú skulo við láta falla þessa rœðu at sinne. Ok brátt eptir þetta býst konúngr í braut af veizlonne; Pálnatóki gefr konúnginom gjafir <sup>2)</sup>, en hann vill eigi viðtaka nè þiggja.

<sup>1)</sup> fárukona, B.

<sup>2)</sup> Hannig lagfiert fyrir gjöfum, A.

En Fjölnir var þá með Haraldi konungi, er getið var fyrr í sögunne, er var föðurbróðir Pál-natóka; hann bað konunginn taka við gjöfum þessom enom virðiligum, ok gera sik eigi svá beran í þesso mále, at svívirða svá inn mesta höfðingja, at vilja eigi þiggja enn mesta sóma-hlut af honum, þar er hann var áðr enn kærsti hans vin. Ok nú fær hann svá umtalit fyrir konunginom, at hann þiggr gjafirnar ok tekri við, en þó þakkar hann ekki, ok var auðfynt<sup>1)</sup> at konunginom hafðe mjök mislikat, er Pálnatóki hafðe honum eignat sveininn, ok við þetta skilja þeir, at allfátt var um með þeim, ok aldregi kom þeirra vingan í samt lag síðan. Fór konúngr heimleiðis með sína menn. En Pálnatóki tekri Svein Haraldsson heim til sín ok Æso móður hans, fyrir því at þá var við-mist Atla ins svarta, föður Æso, ok uppgeng-it<sup>2)</sup> fét náliga allt. Nú vex Sveinn þar upp á Fjóne með Pálnatóka, ok gerði hann svá vel við sveininn, sem hann væri hans son, ok héltnum til virðingar í öllum hlutom; hann unne honum ok mikit. Þess er nú viðgetið, at Pál-natóki á son við kono sinne Ólösu, ok er hann fæddr litlo síðar, enn konúngr fór í braut af veizlonne; sá sveinu var kallaðr Áki; hann var þar uppfæddr heima með feðr sínom, ok vårost þeir Sveinn Haraldsson fóstbrœðr; ok

<sup>1)</sup> þannig A.

<sup>2)</sup> þannig lagfært fyrir uppgest, A.

þar fœddist Sveinn upp, þar til er hann var 15<sup>1)</sup> vетра gamall at aldri.

18. En nú er þessi enn úngi maðr er svā aldrs kominn, þá vill nú fóstri hans, Pálnatóki, senda hann á fund föður síns, Haralds konúngs, ok gerir hann með honum 20 menn framliga, ok ræðr honum þat, at hann skyle gánga inn í höll fyrir konúng föður sinn, ok segjast vera hans son, hvårt er honum þætti betr eða verr, ok beiða hann þess, at hann ginge við frændsimi við hann. Svā gerir hann nú, sem við hann er mælt, ok er ekki sagt frá för hans, fyrr enn hann kömr í höll fyrir Harald konúng föður sinn, ok mælir þeim orðum öllum, er fyrir hann voru lögð; ok er því var lokit, þá annsvarar konúngrinn: Þat þykkjonist ek finna ok skilja á orðtaki þíno, segir hann, at eigi mon logit vera til móðernes þíns, af því at mér sýnest, attú monir vera enn mesti skiptíngi ok afglapi, ok eigi úlíkr Saumæso, móður þinne. Þá svarar Sveinn: ef þú vilt eigi gánga við frændsimi við mik, þá vil ek þess beiða af yðr, at èr fáit mér 3 skip or landi ok lið með, ok er þat eigi ofmikit tillag við oss, fyrir því at ek veit víst, attú ert faðir minn; en Pálnatóki, fóstri minn, mon at víso fá mér jafnmikit lið, ok svā skip eigi smærri, enn þú fær oss. Konúngr svarar: þess væntir mik, attúsér vel þesso á braut kaupandi, sem nú mælir þú

<sup>1)</sup> tuttugu, F.

til, ok kœmir þú aldrei sifðan mèr í augsýn. Þat er nú í frá sagt, at Haraldr konúngr fær Sveine 3 skip ok 100 manna, ok hvárttveggja lítt vandat, skipen ok liðit. Ok eptir þetta ræðst Sveinn í braut þaðan, ok ferr þar til, er hann kömr heim til fundar við fóstra sinn Pál-natóka, ok segir honum allt út, hverso orð fóru með þeim feðgom. Pál-natóki segir: slíks var þar at ván, segir hann, ok eigi betra. Siðan fær Pál-natóki Sveine góð skip 3 ok 100 manna, ok var þat lið mjök vandat, ok sifðan gefr hann ráð til, hverso hann skal háttu; ok áðr enn þeir skiljast mælti Pál-natóki við hann: nú montu freista at leggjast í hernað í summar með lið þetta, er nú hesir þú finget. En þat ráð vil ek tilgefa með þér, attú farir ekki lengra fyrst í braut, enn svá attú herja hér í Danmörku á ríki föður þíns, þat er honum er nokkvat í fjarska, ok vinn þar slíkt allt flitt, sem þú mátt. Far herskilde yfir ok brenn allt ok bæl <sup>1)</sup>, svá sem þú mátt viðkomast, ok lát því gánga í allt summar, en kom til míni at vetri, ok haf þá hér vist ok bæli, ok lið þitt. Ok sifðan skiljast þeir fóstrar, ok ferr Sveinn í braut með lið sitt, ok ferr jafnt með öllu, sem honum var ráðit af hendi fóstra síns, ok gerir hann mikil illvirke á ríki konúngsins föður síns, ok gerist eigi góðr kurr í búandkörlum, þeim er fyrir verða hans úsfriðe ok ágánde,

<sup>1)</sup> bræl, F.

þvíat hvárki sparar hann við þá eld nè járn. Nú spyrsk þetta brátt, ok kömr til eyrna konungiðinom, ok þykkir honum því illa varit, er hann hesir finget honum afla til slíks ófriðar ok ágángs, ok kveðst ætla at honum mundi bregða í móðurkyn sitt um þessi endime, er hann tók til. Nú líðr af sumar þetta; ok er at vetri kömr, þá ferr Sveinn heimleiðis, þar til er hann kömr á Fjón til Pálnatóka fóstra síns, ok hesir finget mikils fjár um summarit; ok áðr enn þeir komost heið, þá fingu þeir storm mikinn ok ofviðre, ok braut öll skipen, þau er faðir hans hafðe fengit honum, ok lið þat allt, er þar hafðe áverit, týndist. En síðan sigldi Sveinn heim á Fjón, sem honum var sagt, ok var hann þar of vetrinn í góðu yfirlæti, ok lið hans, þat er eptir var.

19. Nú er frá því at segja, þá er våraði, þá kömr enn Pálnatóki at málé við fóstra sinn, ok bað hann enn fara á fund Haralds konungs föður síns, ok beiða hann þess, at hann finge honum 6 skip, ok þar lið með, svá at þau væri skipoð fullri skipan; en þú hygg at því vannliga, attú mæl til hversvetna illa, þess er þú beiðir hann, ok ver djarfmæltr í alla staðe. Ok nú fór Sveinn, ok kemr á fund föðurs síns, ok mælti til 6 skipa við hann ok liðs þar með, ok mælti til alls illa, svá sem Pálnatóki hafðe ráðit honum; en konúngrinn Haraldr segir: til fills eins þótti mér þú hafa þat lið, er ek

fèkk þér í fyrra summar, ok ertu furðo djarfr maðr, er þú þorir enn at mæla til liðs við mik, slíka illsku, sem þú hefir áðr af þér sýnda. Sveinn segir: égi mon ek hæðan fyrre í braut fara, en þér fáit oss slíkt, sem vèr krefjom; en ef þat náest égi, þá mon Pálnatóki fóstri minn fá mèr lið, ok mon ek þá herja á menn þína sjálfs, ok skal ek ekki afspara, at vinna á þeim svá illt, sem ek hefi faung á. Nú mælti konúngr: hafðu 6 skip ok 200 manna, segir hann, ok kom aldrei síðan mèr í augsýn. Ok nú fer Sveinn í braut við svá búit, ok á fund Pálnatóka fóstra síns, ok segir honum allt, sem fór með þeim feðgum. Ok enn fær Pálnatóki honum jafnmikit lið, sem faðir hans fèkk honum; ok nú ræðr Pálnatóki honum enn ráð, ok hefir Sveinn nú 12 skip ok 400 manna; ok áðr enn þeir skiljast, fóstrar, þá mælti Pálnatóki: nú skaltu fara ok herja, ok eigi þar, sem fyrra summar, en þó skaltu enn á þá Danöna herja, ok rek nú þeim mon harðara hernaðinn enn fyrra summar, sem nú hefir þú liðsafla bæði méra ok betra enn þá, ok hefst nú aldregi af höndum þeim sumarlángt, en at vetri far þú heim híngat á Fjón, ok ver þá hér með mèr. Ok nú skiljast þeir fóstrar at sinne, ok ferr Sveinn ok lið hans herskilde yfir landit víða; hann herjar bæði um Sjóland ok Halland <sup>1)</sup>), ok svá er hann ákafr of summarit, at svá má atkveða, at hann heri

<sup>1)</sup> Ujaland E.; Ujaland, *Afþrifstírnar*.

nátt með degi, ok hefsk hann aldregi or Dana-konúngs veldi þat summar. Hann drap margan mann, ok mörg héróð brendi hann um summarit. Þessi tíðendi spyrjast víða, at úfriðr er mikill í landino, en þó lætr konúngr þetta hjá sér liða, þó at umræða verðe fyrir honum<sup>1)</sup>, ok lætr fara fram sem auðtit er. Ok nú of haustið, er álfir, ferr Sveinn heim á Fjón til Pálnatóka fóstra síns, ok týnir nú öngu liðe síno í heimförinne, sem it fyrra summarit, ok er hann nú með fóstra sínom um vetrinn ok lið hans allt.

20. Enn er svá um vårit, at Pálnatóki kömr at málé við fóstra sinn, ok mælti við hann: nú skaltu búa skip þín öll, ok far síðan á fund föður þíns með öllu liðe þíno albúno. Þú skalt gánga fyrir hann ok mæla, at hann leggi til við þík 12 skip, ok öll skipoð af mönnum; ok ef þat fæst eigi af honum, þá bjóttu honum bardaga þegar i stað með því liðe, sem þá hesir þú, ok haf aldregi verit grimmari í orðum við hann, enn nú. Nú gerir Sveinn svá, sem Pálnatóki ræðr honum, ok ferr með öllu liðe síno, þar til er hann hittir Harald konúng föður sinn, ok kresr hann þess, er fóstri hans rèð honum; ok er því var lokit, þá svarar

<sup>1)</sup> ok lætr þetta hjá sér liða, er tekið upp aptr i A, en strikast samt með punktum undir þessi orð; má af því sjá, að skinnbókin A, þó gömul sé, er ritin eptir annari eldri; hesir afskrifarinna vilzt á orðinu „lætr,” er líka kum á eptir, ok því af vanvura tvítekið fyrri greinina.

konúngrinn: Þú ert maðr svá djarfr, segir hann, at ek veit trautt þinn maka, er þú þorir at koma á minn fund, þvíattú ert bæði vfkíngi ok þjófr, ok þat hygg ek, at þú sér einn inn versti maðr at lívivetna, því er þú mátt sjálfr ráða; ok eigi þarfstu til þess at ætla, at ek gánga við frændsime við yðr, þvíat ek veit vist, attú ert ekki minnar ættar. Sveinn segir: at visso em ek þinn sön<sup>1)</sup>), segir hann, ok sönn er okkor frændsime, en þó skal ek ekki þér þyrma í engan stað; ok ef þú lætr eigi gángast þat, er ek kref þik, þá skal nú reyna með okkr, ok skolo við nú berjast þegar í stað, ok skaltu hvergi fá undan hokrað. Konúngrinn svarar: vandræðamaðr ertu, segir hann, ok þannig hefir þú nakkvat skaplynde, sem þú mynir vera nokkorra eigi allsmárra manna, ok mundu hafa verða þat, er þú beiðir, ok far síðan braut or míno rski ok til annarra landa, ok kom hér aldrei síðan, meðan mitt líf er. Siðan ræðst Sveinn í braut með 4 skip ok 20<sup>2)</sup>. Hann ferr þar til, er hann kömr heim á Fjón til Pálnatóka fóstra síns, ok voru öll skip hans vel skipoð. Pálnatóki tekur vel við fóstra sínum: ok þykki mér þú vel hafa þau tillög, segir hann, er ek legg fyrir þik, ok skulo við nú ráða um báðir samt, hvat okkr sýnest rálligast. Nú skaltu fara í summar, ok skal þér nú frjáls vera öll Danmörk til hernaðarins, nema hér á

<sup>1)</sup> þannig A.<sup>2)</sup> 30, R.

Fjóne, er ek á friðland, hér skaltu nú ok hafa friðland. Ok nú er þetta er tiðast, þá er Sveinn 18 vetra gamall. Pálnatóki lýsir yfir Því, at hann ætlast at fara or landi um summarit ok til Bretlands, at hitta Stefne jarl mág sinn, ok lèzt hafa mundu 12<sup>1)</sup> skip: en þú Sveinn! segir hann, far svá nú öllu, sem ek gef ráð til, en ek mon vitja þín, er áliðr summarit, með mikil lið<sup>2)</sup>, Þvíat mik grunar, at nú mon görr herr á hendr þér í summar, ok mon konúngr eigi þola þér lengr, attú gánger á hans ríki, ok mon ek þá veita þér lið, en þú hygg at Því vannliga, attú flý eigi undan, þóat liðit sè at þér gert, ok halt upp bardaga við þá, þó at liðsmunr sè nokkorr. Nú skiljast þeir Pálnatóki ok Sveinn, ok ferr sína leið hvárr þeirra, ok fara þeir nú báðir senn, ok ræðsk Pálnatóki til Bretlands; en Sveinn tekr nú þat ráð, sem honum var tilkennt, herjar nú á nýja leika ríki föður síns, nátt með degi, ok ferr víða yfir landit, ok flýja landsmenn undan ok á fund konúngsins, ok þykkjast illa leiknir verða, ok segja honum til vandræða sinna, ok biðja, at hann take nakkvat skjótt orráð. Ok nú þykkir konúnginom eigi vera mega svá búit, ok þykkist þá lengr hafa setið Sveini þann hlut, er hann mundi eigi öðrum<sup>3)</sup> þola. Lætr hann nú búua síðan 50<sup>4)</sup> skipa, ok ferr sjálfr með Því liðe, ok ætlar at

<sup>1)</sup> 15, B; móske rángt lesit XU úr XII; en R. hefir 9.

<sup>2)</sup> mitt lið, F. <sup>3)</sup> þannig, B, F, ofnum, A. <sup>4)</sup> 40, F.

drepa Svein ok allt lið hans. Ok er álför haustið, þá hittast þeir Haraldr konúngr ok Sveinn um aptan síð við Borgundarholm, svá at hvárir sjá aðra, en þá var þó svá kveldat, at þá var eigi vígljóst, ok leggja þeirskip sín í lægi. En um daginn eptir, þá berjast þeir allan dag til nætr, ok þá ero hroðin 10 skip Haralds konúngs, en 12 af Sveine [ok bíðr enn hvártveggi þeirra<sup>1</sup>], ok leggr Sveinn nú skip sín inn í vågsbotninn um kveldit, en þeir konúngr tengja saman skip sín um þveran våginn fyrir utan, ok leggja stafne við stafn, ok búa svá umb, at Sveinn væri inne tepptr í våginom, ok ætla at hann skyldi eigi útkoma skiponom, þótt hann vilde við þat leita. En um morgininn ætla þeir at leggja at þeim, ok drepa af þeim hvert mannsbarn, ok taka Svein af lífe.

21. Ok þat sama kveld, er til slíkra stórtiðenda horfist, þá kömr Pálnatóki vestan af Bretlandi, ok verðr þá landfastr þat sama kveld við Danmörk, ok hafðe 4 skip ok 20. Hann leggr undir nesit öðru megin, ok tjaldar þar um skip sín. Ok er því var lokit, þá gengr Pálnatóki af skipe einn saman á land upp, ok hefir örvarmæli á baki. Þat ber at móte umb, at Haraldr konúngr gengr á land upp [ok menn með honum<sup>2</sup>]; þeir gingo í skóg, ok gerðu þar eld fyrir sér, ok bakast þar við. Þeir sitja á

<sup>1</sup>) ok bíðr er māðr ok líti läsiliigt i A; ok lið þeirra þó hvortveggja sárt B; v. i F.    <sup>2</sup>) ok 11 menn m. h. B; með 11 menn, F; við 12tamann, R.

lág einni allir saman, en þá er myrkt orðit af nótt, er þetta er. Pálnatóki gengr upp til merkrinnar ok gagnvert þar, sem konúngr bakast við eldinn, ok stendr þar of hirsð. En konúngrinn í annann stað bakast við eldinn, ok bakar bríngspöluna á sér, ok er kastað undir hann klæðum, ok stendr hann á knjánom ok ölbogunom, ok lýtr hann niðr mjök við, er hann bakast við eldinn; hann bakar ok við axlirnar, ok berr þá upp við mjök stjólinn konúngs. Pálnatóki heyrði gjörla mál þeirra, ok þar kennir hann gjörla mál Fjólnes föðurbróður síns; ok nú leggr hann ör á streng ok skýtr hann til konúngsins, ok er svá sagt af flestum frœðimönnom, at örín flýgr beint í rassinn konúnginom, ok eptir honum endilaungum, ok kom fram í munninn, ok fellr konúngrinn þegar á jörð niðr örendr, sem von var. En förunautar hans sjá, hvat í hafðe gerzt, ok þótti þetta öllum vera it mesta býsn. Þá tekri Fjólner til orða, ok kveðr þann mann hafa sótt it mesta óhapp, er þetta verk hafðe unnit ok fyrir ráðit, ok er þetta it mesta fáðceme, þannig sem atburðr hesir orðit umb. En hvat skolo vér nú til ráðs taka? sögðu þeir; en allir mátu við Fjólne, fyrir því at hann var þeirra vitrastr ok mest virðr. Þat er nú frásagt, at Fjólner gengr at þángat, er konúngrinn liggr, ok tekri í braut örina, þaðan sem hún hafði staðar numet, ok hirðer hana svá búna, sem þá var líuu; en

örin var auðkend, þvíat hún var gulli reyrð. Siðan mælti Fjölnir við þá menn, er þar voro viðstaddir: Þat legg ek helzt til ráða, segir hann, at vér hafim injök allir eina frásögn um þenna atburð, ok þykki mér eigi annat vera frásegjanda, enn hann hafi skotinn verit í bardaganom um daginn áðr, ok verðr oss þat mest sœmð, ok svívirða, er við höfum verit staddir þenna atburð, með slikom undrom, sem orðit hefir, at gera þetta augljóst fyrir alþýðo manns. Ok siðan bundu þeir þetta fastmælum með sér, ok hélđu þesso allir um frásögn, sem þeir höfðu nú samið með sér. En Pálnatóki fór til skipa sinna fyrst eptir verkit, ok kallar siðan með sér 20 menn, ok lèzt fara vildu at finna Svein fóstra sinn. Ok nú fara þeir frá skiponom, ok umb nesit þvert, ok hittast þeir þar um nóttina, ok ræða með sér, hvat þeir skyldi til ráða taka; kvaðst Pálnatóki þau orð hafa spurð frá Haraldi konungi, at hann munde þeim atgaungo ætla at veita, þegar er vígljóst væri um morgoninn. En þó skal ek enda þat, er ek hét þér, þars ek em nú tilkominn, at ek skal veita þér allt slíkt, er ek má, ok eitt skal yfir okkr gánga. Engi maðr vissi þat enn, af liðe þeirra Sveins ok Pálnatóka, at konúngrinn væri líflátinn, nema hann sjálfr, Pálnatóki, ok lætr haṇn sem ekke hafi ígerzt til tíðenda, ok segir hann þetta öngum manni at svá búno. Sveinn tekr til orða,

ok mælti við fóstra sinn: Þess vil ek biðja, fóstri! segir hann, attú leitir ráðs nokkors, Þess er oss megi lýða, þar sem nú er komit. Pálnatóki segir: ekki skulo við seint til ráða taka; vér munom hér gánga á skip með yðr, ok síðan skulo vér leggja þau or tengslom, ok binda akkèri fyri barð hverjo skipe, vérskulom ok hafa skriðljós undir tjöldum, þvíat nú er náttmyrkr á; síðan skulo vér rða út á flotann konúngsins sem harðast, ok er mér leitt at Haraldr konúngr kví í oss hér í vågsbotnenom á morgin, ok drepe oss. Nú taka þeir þessa umbúð, sem Pálnatéki gaf ráð til, ok röro at sem harðast út á þveran flotann; en þetta varð á þá leið, at þar drekktust 3 snekkjor fyrir atróðri þeirra, ok komost þeir einir menn á land, er syndir voro. En þeir Pálnatóki ok Sveinn röro út eptir í þat sama hlið öllum sínom skipom, allt þar til, er þeir koma at flota þeim, er Pálnatóki átti, ok hann hafðe þángat haft. Ok þegar um morguninn, er vígljóst var orðit, þá leggja þeir at þeim konúngsmönnum, ok þá spurðo þeir þau tfsende, at konúngrinn var láttinn. Síðan mælti Pálnatóki: þá monu vér gera yðr 2 koste, takit hvárn er þér villt, annathvárt, at þér skulot halda upp bardaga við okkr ok berjast, ok hafi þeir gagn, er auðit er; en hinn er annarr kostr, at þeir menn allir, er verit hafa með Haraldi konungi, skulo sverja nú

Sveini konungi fóstra mínom land ok þegna, ok taka hann til konungs yfir alla Danmörk. Nú bera þeir saman ráð sín konungsmenninnir, ok verða gervaller á þat sáttir, at taka Svein til konungs, en berjast eigi. Ok síðan gánga þeir til Pálnatóka, ok segja honum hvat þeir kuro af, ok fór þat nú fram, at þeir allir, er þar voro við, svörðu Sveini land ok þegna. Síðan fóro þeir, Pálnatóki ok Sveinn, báðir samt of alla Danmörk, ok hvar sem þeir komo, þá lætr Pálnatóki kveðja húsþíngs, ok er Sveinn til konungs tekinn um alla Danmörk, áðr enn þeir lètti, ok um allt Danakonungs veldi. Lík Haralds konungs var fært til Róiskeldo, ok þar jarðat. Þá hafði hann konúngr verið yfir Dönom 40 ok 7 vetr eptir Gorm konung föður sinn. Ok eptir þat er Sveinn er konúngr orðinn, þótti þá honum þat skylt, sem öllum öðrom konungum, at erfa föður sinn [fyrir enar ȝju vetrnœtr<sup>1)</sup>]. Hann ætlar nú þegar at hafa þessa veizlo, ok fresta því ekki lengr. Hann býðr fyrstum Pálnatóka fóstra sínom til erfis þess, ok þeim Fjónbyggom vinom hans ok frændum. En Pálnatóki svarar því svá, at hann læzk eigi lagi mundu ákoma, fyrir þær vetrnœtr, er næstar voru, at koma til boðsins; er þat komit til eyrna mér, segir hann, er mér þykkir stórtíðendum sæta, at Stefnir mágr

<sup>1)</sup> fyrir hin þriðju jól, B.

minn, Bretlands jarl, sè andaðr, ok verð ek þángat at fara nauðsynliga, þvíat ek á at hafa þat ríki eptir hans dag. Ok er Pálnatóki þykkir eigi koma mega til erfisins, þá eyddist nú erfisgerð fyrir konúnginom, fyrir því at hann vill fyrir hotvetna fram, at föstri hans sè at boðino.

22. Pálnatóke fer nú or landi í braut of haustið með skipalið sitt; ok áðr enn hann færi, þá lætr hann þar til eptir Áka son sinn, at ráða búom sínom þar á Fjóne, ok öllu því, er hann átte þár, ok bað honum virkta við konúnginn Svein, áðr þeir skilðe, ok hét konúngr því Pálnatóka, at hann skyldi veita Áka ena beztu umsjá, ok þat sama endi hann. Siðan rèðst Pálnatóki í braut, ok ferr þar til er hann kömr til Bretlands, ok tekur við ríki því, er Stefnir mágr hans hafðe átt ok Björn enn brezki, ok liðu af þau misseri en næsto. Ok um sumarit eptir, þá sendir Sveinn konúngr orð til Bretlands, at Pálnatóki skyldi koma þángat at boðe hans, ok svá mikil lið með honum, sem hann vilde haft hafa, ok vill konúngr nú erfa föðor sinn; þeir voro 12 saman sendimenn konúngsins, ok var nær at því komit, er Pálnatóki skyldi þaðan búast. Hann segir, ok biðr konúng þökk hafa fyrir boð sitt; en þannig er nú tilfarit, at á mér liggr þýngð nokkor, ok þykkjumst ek eigi fær vera at svá búno; þat fylgir ok, at ek á hér miklo méri fjölskylde umb at vera, enn ek mega frá fara at svá búno þessi misseri.

Hann telsk nú undan um fórina á alla vega, ok fara þeir við þat heim, konungsmenn, ok segja honum svá búit. Ok er þeir voru í braut farnir, þá hvarf af Pálnatóka þýngð öll. Ok nú lætr konúngrinn líða þat haust erfisgerðina, ok líðr af sá vetr ok þat sumar. Ok nú var svá komit, at Sveinn mátti eigi þykkja gildr konúngr, ef hann skyldi eigi erfa föður sinn fyrir enar ȝju vetrnætr, ok vill konúngr nú at visso eigi láta undan bera. Hann sendir nú ena sömo menn til Bretlands sem fyrr, enn ena sömo 12 menn á fund Pálnatóka, fóstra síns, at bjóða honum enn, sem fyrr, til boðsins, ok lèzt nú mundu leggja reiðe á hann mikla, ef hann færi eigi. En Pálnatóki svarar þeim sendimönnom konungsins, ok biðr þá heimfara, ok segja svá konúnginom, at hann búist svá við at öllu um veizlona, sem framarst hesir hann faung á, at hún verði sem vegligust, en hann kveðst koma mundo til erfisins þat haust. Nú fara þeir heim sendimenn konungs, ok segja honum sín örendalok, at Pálnatóka var þángat vân; ok býst hann nú við hoðino, konúngrinn, ok allt þat, er til skyldi fá, skyldi verða at öllu sem vegligast, bæði fyrir tilfángasakir ok fjölmennis; ok er nú allt (er) albúit at hoðino, ok boðsmenn ero komner, þá var Pálnatóki eigi kominn, ok leið á daginn mjök, ok þar kömr at menn gingo til drykkjo um kveldit, ok er mönnunum skipat í sæti í höllinni. Þá

er þat sagt, at konúngr lætr liggja rúm [á enom óæðra <sup>1)</sup>] bekk í öndvegi ok 100 manna utar frá, ok vættir þángat Pálnatóka fóstra síns til þess rúms ok hans föruneytis; ok er þat þykkir seinkast um kvámo Palnatóka, þá taka innenn þar til drykkjo. En nú verðr at segja frá Pálnatóka, at hann býst heiman ok Björn enn brezki með honum, ok hafa þeir 3 skip or landi ok 100 manna; þar var hálfir hvárir í Því liðe, Danir ok Bretar. Þeir fara síðan, þar til er þeir koma við Danmörk; ok þat sama kveld koma þeir í þær stöðvar, er átte Sveinn konúngr, ok leggja þeir skip sín í lægi, þar er þeim þótti [at djýpast vera <sup>2)</sup>]; þá var allgott veðr á um kveldit. Þannig búa þeir um skipen, at þeir snúa framstöfnom frá landi, ok leggja árar allar í hömlor <sup>3)</sup>), at þeim skylde sem skjótast til at taka, ef þeir þyrpte bráðúngar við. Ok síðan gánga þeir á land upp, ok fara leiðar sinnar, þar til er þeir koma til konúngsins, ok sitja innenn þá við drykkjo, er þeir koma þar, ok er þetta it fyrsta kveld veizlunnar. Nú gengr Pálnatóki inn í höllina, ok þar þeir allir eptir honum. Hann gengr innar eptir höllinni ok fyrir konúnginn; konúngr tekr ok vel hans mále, ok vísar honum til sætis ok öllum þeim; ok sitja þeir nú við drykkjo, ok ero kátir vel. Ok er þeir hafa drukkit of hríð, þá er þess viðgetið, at Fjölner víkr at konúninginom ok talar

<sup>1)</sup> á enni æðra, B.      <sup>2)</sup> þannig A.      <sup>3)</sup> háppiðar, B. F.

við hann nokkora hrið hljótt. Konúngrinn brá lit við, ok gerir rauðan á at sjá ok þrútinn. En maðr er nefndr Arnoddr, hann var kertasveinn konúngs, ok stendr hann frammi fyrir borðe hans; honum selr Fjölnir í hönd eitt skeyti, ok mælti, at hann skylde bera þat fyrir hvern mann, er í væri höllinne, allt þar til er nokkorr kannast við, at ætti þat sama skeyti. Ok eptir þat gerir Arnoddr, sem Fjölnir mælti fyrir. Nú gengr hann fyrst innar eptir höllinne frá hásæti konúngsins, ok berr þessa ör fyrir hvern mann, ok kannast enge við at egi. Þar kömr enn, er hann ferr utar eptir höllinne enom óœðra megin, þar til er hann kömr fyrir Pálnatóka, ok spyrr hann eptir, hvárt hann kenne örina. Pálnatóki svarar: fyrir hví mun ek eigi kenna skeyti mitt? sel mér, segir hann, þvíat ek á þat. Þá skorte eigi hljóð í höllinne, ok hlýddu menn til, þegar er nokkorr var til at eigna sér örina. Ok nú tekur konúngrinn til orða, ok mælti: þú Pálnatóki! segir hann, hvar skilðest þú við þetta skeyte næsta sinne. Pálnatóki svarar: opt hefi ek þér eptirlátr verit, fóstri! ok ef þér þykkir þat þinn vegr mére, at ek segja þér þat í allmiklo fjölmenne, heldr enn svá, at færri sér hjá, þá skal þat veita þér: ek skilðumst við hana á bogastrengnum, konúngr! segir hann, þá er ek skaut í rassinn föður þínom, ok eptir honum endilaungom, svá at út kom (um) muninn. Standið upp

allir, segir konúngr, ok hafit hendr á Þeim Pálnatóka ok förunautom hans, ok drepi þá alla, fyrir því at nú er niðrslegit allri vináttu mille okkar Pálnatóka, ok öllum góða Þeim, er með okkr hefir verit. Ok nú spretta upp allir menn í höllinne, ok gerist nú eigi allt alkyrra. Pálnatóki fær brugðit sverði síno, ok lætr sér þat verða fyrst á vegi, at hann höggr til Fjölnes frænda síns, ok klýfr hann í herðar niðr. En svá á Pálnatóki sér marga vine innan hirðar, at engi vildi våpn á hann bera, ok komost þeir út allir or höllinne, nema einn maðr brezkr af liðe Bjarnar. Pálnatóki mælti, þá er þeir voro útkomner, ok sagt var, at saknað var eins manns af liðe Bjarnar, ok segir, at eigi var minna at ván enn svá, ok föru vér nú ofan sem skjótast til skipa várra, fyrir því at nú er engi annarr ágjörr. Björn svarar: eigi mundir þú svá renna frá þínom manni, segir hann, ef þú ættir minn hlut, ok eigi skal ek heldr ok, segir hann, ok snýr hann nú inn aptr þegar í höllina; ok er hann kömr inn, þá kasta þeir enom brezka manni yfir höfuð sér, ok höfðu nær í sundr risinn, svá mótte atkveða; ok þá verðr Björn varr við, ok fær tekit hann, ok fleygir honum upp á bak sér ok hleypr út síðan, ok fara þeir nú ofan til skipa sinna, ok gerði Björn þetta mest til ágætis sér, en vita þóttist hann, at maðrinn munde dauðr vera, ok svá varð, at maðrinn lèzt, ok hafðe Björn hann með sér, ok

hljópu nú út á skip sín, ok fello þegar við árar; en þá var á niðmyrkr mikit um náttina ok logn, ok komast þeir svá undan, þeir Pálnatóki ok Björn, ok nema hvergi staðar, áðr enn þeir koma heim til Bretlands. En konúngrinn ferr nú heim til hallarinnar ok allt liðit með honum, ok fá nú ekki atgert, þat er þeir vildu, ok unðo við et versta. Taka þeir nú síðan ok drekka erfít, en eptir þat ferr hvern heim þaðan til sinna heimkynna.

23. Þat er nú sagt, at [it næsta sumar eptir <sup>1)</sup>], þá tekr Ólöf sótt, kona Pálnatóka, ok leiðir hana sú sótt til bana. En eptir annlát hennar, þá uner Pálnatóki eigi á Bretlandi, ok setr hann þá til ríkis þessat varðeita Björn enn brezka. En hann býr nú or landi 30 skipa, ok ætlar nú at leggjast í víkíng ok hernað. Hann ferr or landi, þegar er ferð hans er búin, ok herjar hann þat sumar til Skotlands ok Írlands, ok aflar sér mikils fjár ok ágætis í herförunum. Hann hefir nú þessa iðn 12 sumor í saunt, ok verðr honum bæði gott til fjár ok virðingar. En þá er þetta er tíðast, at hann er í herförunum, þá ferr hann eitthvert sumar til Vindlands, ok ætlar at herja þar, ok hefir þá viðfingit 10 skip, ok hefir þá 40 skipa. En í þann tíma réð þar fyrir konúngr sá, er Búrizlafr hèt, ok hugðe hann flitt til hernaðarins, fyrir því at

<sup>1)</sup> hitt sama haust eptir þetta, F; þá er Pálnatóki kom heim til Bretlands, at þá var öndut Ólöf kona hans, B.

honum var sagt frá Pálnatóka, at hann hafðe nær ávalt sigr, þar sem hann herjaðe, ok var hann ágæztr víkíngi í þat mund, ok þótti hann vera hverjom manni vitrari ok ráðgari, ok gengr þúngt við hann flestum. Ok vāno bráðara, þá er Pálnatóki kömr þar við land, ok Búrizlafra hefir spurt til hans, ok hvat hann ætlaðist fyrir, þá sendir konúngr menn sína á fund hans, ok (býðr) Pálnatóka til sín, ok læzt vildu ega við hann frið ok vinfungi. Þat lét hann ok fylgja þessu heimboði, at hann bauð at gefa honum eitt fylki eða ríki af landi síno, þat er heitir at Jóme, til þess at hann skyldi þar staðfestast, ok munde hann þetta ríki gefa honum einkum til þess, at hann skyldi þá vera skyldbundinn til at verja land ok ríki með konunginom. Ok þetta þiggr Pálnatóki ok aller hans menn, at því er sagt er; ok þar lætr hann gera brátt í síno ríki sævarborg eina mikla ok rammgjörva, þá er Jómsborg er kölluð síðan. Þar lætr hann ok gera höfn þá uppe í borginne, at liggja máttu í 500 lángskipa <sup>1)</sup> senn, svá at þau voru öll læst innan borgar. Þar var umb búit með mikille velfimne, er f var lagt inn í höfnena, ok þar var sem dyr væri gervar, en steinbogi mikill yfir uppe, en fyrir dyronom voro járnþurðir, ok læstar innan or höfninne. En á steinbog anom uppe var gjörr kastali einn mikill, ok þar

<sup>1)</sup> þannig F. R; vel 50 ok 200, B; 3 lángskip, A, líkligar III fyrir CCC, eðr fyrir III. C.

vals längur f. Sumr hlutr borgarinnar stóð út á sænn, ok ero þær kallaðar sæborgir, er svá ero gjörvar, ok af því var innan borgar höfnin.

24. Nú eptir þetta, þá setr Pálnatóki lög við hygginna manna ráð þar í Jómsborg, til þess at þar skyldi gerast meiri aflí, enn þá var enn orðinn. Þángat skyldi engi maðr ráðast til föruneytis við Pálnatóka, sá er ellri væri enn fimm tugr at aldri, ok engi ýngri, enn 18 vетra gamall; þar á meðal skyldu allir vera at aldrinom. Alls engi maðr skyldi sá þar vera, er rynne fyrir jafnvígligum manni, sér jafnbúnóum. Hverr maðr, er þángat réðsk í þeirra föruneyti, skyldi því heita fastliga, at hverr þeirra skylde hefna annars, [sem mótnauts síns, eða bróður síns<sup>1</sup>]; ok alls engi skylde þar róg kveikja á mille manna; svá ok þótt þángat spyrðist tíðendi, þá skylde engi maðr svá hvatvís vera, at þau skylde segja, þvíat Pálnatóki skyldi þar fyrst tíðendi segja. Ok sá er fundinn yrði at þesso, er nú var upptínt, ok afbrygði þessom lögum, þá skylde sá þegar rækr ok rekinn or lögum þeirra. Svá ok þó at við væri tekit við þeim manni, er vegit hafðe bróður eða föður þess manns, er þar var áðr fyrir, eða nokkorn allskyldan hans frænda, ok kœmi þat upp síðan, er við honum væri tekit, þá skylde Pálnatóki þat dœma. Alls engi maðr skylde

<sup>1</sup>) sem bur eðr bróðir væri, F; sem föður síns eðr bróður, B.

Þar kono hafa innan borgar, ok cngi sky尔de á braut vera þaðan ȝ nótum lengr or borginne, nema Pálnatóka ráð væri til ok leyfi. Allt þat, er þeir fingi í herfórum, þá sky尔de til stánga bera meira hlut ok minna, ok allt þat er fémætt væri, ok ef þat reyndist á hendr nokkorum, at eigi hefði svå gert, þá sky尔de hann í braut fara or borginne, hvárt sem til hans kœmi meira eða minna. Engi maðr skyldi þar æðro-orð mæla nè kvíða, hvegi óvænt sem þeim hyrfðe. Engi hlut sky尔de þann atbera með þeim innan borgar, er eigi skyldi Pálnatóki því öllu setja ok ráða, eptir því sem hann vildi. Ekki sky尔de því ráða frændsime eða vinfengi, þó at menn vildi þangat ráðast, þeir er eigi voro í þessom lögum; ok þó at þeir menn, er fyrir våro, bæði þeim þannig, er eigi voro tilfeldir þessara laga, þá sky尔de þeim þat ekki tjá; ok sitja þeir nú í borginne við þetta í góðum friðe, ok halda vel lög sín. Þeir fara hvert summar or borginne ok herja á ýmse lönd, ok fá sér ágætis mikils, ok þykkja vera enir mestu hermenn, ok öngvir þóttó vera náliga þeirra jafnÍngjar í þenna tíma, ok ero nú kallaðir Jómsvíkingar hèðan í frá allar stundir.

25. Nú er at segja frá Sveini konungi, at hann lætr sér verða á alla vega sem bezt til Áka, sonar Pálnatóka, svå sem þeirra vinátta hefði jafnan góð verit. Ok þó at þar hefði áorðit nokkorr drúpr með þeim, þá lét konúngrinn

Áka ekki þess gjalda, ok virðir hann mikils þeirra fóstþrœðralag, ok er Áki á Fjóne, ok ræðr þar fyrir, sem faðir hans hafði hann tilsettan ok fyrr var sagt.

26. Sá maðr er nefndr til sögunnar, er heitið hefir Vèseti; hann ræðr fyrir fylke því, er heitir Borghundarhólme. Kona hans hét Hildigunnr. Þau áttu sér 3 börn, þau er getið verðr við söguna, ok hefir heitit son þeirra Búi, er kallaðr var Búi enn digri, en annarr hét Sigurðr, er kallaðr var Sigurðr kápa. Dóttir þeirra hét Þorgunna; hún hafði þá gipt verit fyrir nokkorum vetrum, þá er þetta var. Sveinn konúngr bað hennar til handa Áka, syni Pál-natóka, ok var hún gipt honum; ok brátt er þau höfðu saman gingit, þá áttu þau Áki sér son, þann er Vagn er nefndr. En þá er þetta er tistast, þá ræðr fyrir Sjölöndum jarl sá, er nefndr er Haraldr, ok var kallaðr Strút-Haraldr; en þat bar til þess, at hann átti hött inn, þann er strútr var á mikill, hann var af brendu gulle gjörr, ok svá mikill, at hann stóð 10 merkr gulls, ok þaðan af fèkk hann þat nafn, at hann var kallaðr Strútharaldr. Íngigerðr hefir heitið kona jarls; 3 voro börn þeirra, þau er hér ero nefnd í þessi sögu. Sigvaldi hefir heitit son þeirra, en annarr Porkell, ok var kallaðr Porkell enn háfi; en dóttir þeirra hét Tófa. Áki son Pálnatóka býr á Fjóne með vegsemð mikilli ok tign, ok vex Vagn þar upp heima

með feðr sínom, þartil er hann er nokkorra vетра gamall. En þat er frá honum sagt, þegar er nakkvað má marka skaplyndi hans, at hann var meiri vandræðamaðr í sínom skapsmunum, enn allir menn aðrir, þeir er þar höfðu uppvaxit; svā var hann ok í allri lýzko ok í öllu síno athoefi, at trautt þótti mega um tœla. Ok er þat frásagt, at Vagn er stundum þá heima föddr, sem þángat til hafðe verit, en stundum er hann í Borgundarhólme með Veseta afa sínom, ok er þat fyrir því, at nær þykkjast hvárigir ráðe mega við hann koma, eða festa hendr á honum, svā þykkir hann vera ódæll; við Búa er hann bezt allra sinna frænda, ok þat hefir hann nökkvi helzt, er Búi mælir fyrir honum, fyrir því, at hann var honum skapfeldastr, en at öngu hafðe hann þat, er frændr hans mæltu, ef honum sýndist annann veg, hvat sem þat var. Hann var allra manna vænstr ok fríðastr sjónum ok enn mesti atgjörvismaðr, ok bráðgjörr um hotvetna. Búi, móðurbróðir hans, var maðr úorðasamr ok heldr hljóðr optast, ok skapmikill; hann var maðr svá sterkr, at menn visso ógerla afl hans. Búi var ekki vænleiksmaðr, en þó var hann vörpuligr ok mikilúðligr ok garpr enn mesti í alla staðe. Sigurðr kápa bróðir hans var maðr vænn ok kurteis ok liðmannligr, ok þó enn raunæfr viðreignar, ok heldr fámálogr. En frá Sigvalda, syne Strútharalda, er þat at segja, at hann er maðr nefljótr ok fölleitr; hann var

eygðr manna bezt; hár var hann vexti ok all-snöfmannligr<sup>1)</sup>). Porkell bróðir hans var allra manna hæstr; hann var sterkr maðr ok forvitre, ok svá var hvártveggi þeirra brœðra.

27. Þater nú frásagt, at þeir Sigvaldi brœðr búa skip 2 or landi, ok ætla til Jómsborgar, ok viljavita, ef við þeim væri tekit, ok spyrja ráðs Harald jarl föður sinn, hverso rálligt honum sýndist þat, at þeir rèðist til liðs með Jómsvíkingum. En hann svarar, ok kallar þat rálligt, at þeir færi þángat, ok aflaðe sér svá ágætis ok virðingar: ok er nú mál at it reynit ykkr, brœðr! hvert ið eroð [nökkuð at mönnum<sup>2)</sup>]. Þeir beiða hann fjártillaga til fararinnar, ok svá vista; en hann svaraðe, ok kvað þá annattveggja gera skyldo, at þeir færi þess kostar or landi í braut, at þeir fengi sér sjálfir vistir ok annat þat, er þeir þyrfti at hafa, eða færi hvergi elligar ok sæti um kyrt. Nú fara þeir eigi at síðr, þó at Haraldr jarl, faðir þeirra, vilde ekki tilleggja. Þeir hafa 2 skip ok 100 manna; þeir vönduðu þat lið sem mest, ok fóro síðan, þartil er þeir komo til Borgundarhlólms, ok þóttost þurfa at afla vér vista ok ljárnokkorskostar; ok taka þeir nú þat ráð, at þeir gera þar upprásir ok ræntu, ok taka upp bú Veseta eitt, þat er auðgast var, ok rænto hann því fè öllu, ok báro ofan til skipa sinna, ok fara þeir nú í braut leiðar sinnar; ok er nú ekke at segja frá förum þeirra, fyrr enn

<sup>1)</sup> snofmannligr A., snaufurligr R.

<sup>2)</sup> nokkut manna, F.

Þeir koma til Jómsborgar. Þeir leggja utan at borgarhliðino, en Pálnatóki gekk ávalt með miklo liði fram í kastalann, þann er gjörr var yfir sundino, ok var hann því vanr, at mæla þaðan við þá menn, er komo til borgarinnar. Ok nú er hann verðr varr við kvámo þeirra Sigvalda, þá gerir Pálnatóki enn sem hann var vanr, gengr upp í kastalann með miklo liðe, ok spyrr þaðan, hvern fyrir liðe því ræði ok skipom, er þá var þar kominn. Sigvalde svarar honum: hér ráða fyrir, sagðe hann, bræðr 2, synir Strútharalds jarls, ok héti ek Sigvalde, en bróðir minn heitir Porkell. En þat er örendi okkart híngat, at við vildim ráðast til liðs með yðr við þeim mönnum, er yðr þykkja nýtande vera í voro liðe. Pálnatóki svarar vel um þetta mál, ok leitar þó ráðs undir Jómsvíkinga félaga sína, ok kvað sér kunnigt vera kynferðe þeirra, ok segir at þeir voro vel bornir. En Jómsvíkingar báðo Pálnatóka fyrir sja, sem honum sýnest, ok kalla þat sitt ráð, sem hann vill. En nú eptir þetta, þá er lokit upp Jómsborg, ok nú rða þeir Sigvalde í borgina upp; ok er þeir voro þar komnir, þá skal reyna lið þeirra, eptir því sem lög þeirra standa til, Jómsvíkinga; ok nú ferr þat sama fram, at til er reynt um lið þeirra, hvárt þeir þykkja til hafa vaskleik ok karlmennsko, at gánga í lið með Jómsvíkingum ok undir þau lög öll, er þar voro sett. En svá gengr sú raun, at helmíngr liðs þeirra er í lög tekinn af þeim

Jómsvíkíngom, en helmínginn senda þeir apr. Nú er tekit við Sigvalda ok Porkatli, bróður hans, ok [hálfo 100 manna<sup>\*)</sup>] með þeim, ok ero þeir nú leiddir í lög með þeim Jómsvíkíngom, ok gánga öngvir hærra í mannvirðingu af Pálnatóka enn þeir brœðr, ok stendr þar nú svá búit um hrifð.

28. Nú verðr þar til máls at taka, er Veseti er, at hann er ræntr eino búe síno, því er auðgast var, ok kömr þetta nú brátt til eyrna Veseta, ok tekur hann þat til ráðs í fyrstonne, at hann setr apr sonu sína at geysíngom öllum ok yfirláge, en ferr sjálfr á fund Sveins konungs, ok segir honum til, hvat títt var um þá Haralds sonu, ok hverso þeir höfðu ræntan hann ok tekit upp bú hans, þat er hann átti eitthvert auðgast. Konúngr svarar: Þat ráð legg ek til með þér, segir hann, attú skalt nú vera láta fyrst kyrt, en ek mon senda orð Strútharaldi, ok vita ef hann vilé gjalda upp fè fyrir sono sína, svá attú sér haldinn af, ok vil ek attú látir þér þat vel líka. Nú ferr Veseti heim við svá búit, en Sveinn konúngr sendir þegar menn eptir Haraldi jarli, ok bað hann koma á sinn fund. Jarl legst eigi förna undir höfuð, ok ferr þar til er hann kemr til konúngs, ok er þartekit við honum vel. Nú spyrr konúngr eptir Harald jarl, hvat hann vissi til, hvern övisla synir hans höfðu gjörv-

<sup>\*)</sup> 60 manna, F.

an Veseta; hann kvaðst úgjörlavita. Konúngrinn segir honum, at þeir höfðu tekit upp bú hans eitt, þat er mest var, ok beiddi hann þess, at hann skyldi böta fyrir þá fjárhlutum, ok væri síðan kyrt; en jarl segir, ok kveðst úsfengit enn hafa þess fjársins, er hann mundi böta fyrir þat, þótt úngmenni tøke naut eða sauðe til matar sér. Konúngr mælti: Þá muntu fara heim við svá búit, segir konúngrinn, ok hefi ek nú sagt yðr vilja minn, en nú mon ek þó svá fyrir mæla, attú ábyrgist þik nú sjálfr við sonum Veseta ok svá fè þitt, ok mon ek nú eiga at öngan hlut, þar er þú vill þat ekki hafa, er ek legg til með þér, ok viltu þat einu hafa, er þér sýnest, ok varir mik at þesso mune vera missráðit. Haraldr jarl svarar, ok kveðst sjálfr mundu vera í ábyrgð um þat, en lèzt ekki mundu þat við hann meta: ok em ek stórum óhræddr við Veseta ok sono hans. Ok nú eptir þetta ferr Haraldr jarl heim, ok er ekki getið um ferð hans, at nè eitt yrðe til tiðenda.

29. Þat er nú at segja þesso næst, at Veseti ok synir hans fréttu viðræðu þeirra Haralds jarls ok Sveins konúngs, ok svá hverjar lyktir áfello þeirra tal, svá ok þat, er jarl hafðe mælt at skilnaðe, aðr enn þeir konúngr skildist. Nú ætla þeir ráð fyrir sér Veseta synir. Þat er þeirra tiltekja, at þeir búa skip ȝ \*), þau er öll voru stór, ok hafa þar með 200 \*\*) manna,

\*) 4, B. F.

\*\*) 300, B.

ok búa þat lið sem bezt megu þeir, fara síðan þar til er þeir koma á Sjóland, ok taka þar upp þau 3 bú Haralds jarls, er auðgust voru, þeirra er hann átti; ok eptir þat fara þeir heim, synir Veseta, með þetta it mikla fengi, er þeir hafa nú aflat. Ok nú koma brátt þessi örendi fyrir jarlinn Strútharald, at hann var ræntr, ok tek-in upp 3 hans bú, þau er auðgust voru; kemr nú í hug, hvað konúngrinn hafðe spáð honum. Hann gerir nú þegar menn á fund konúngsins, ef hann vildi nú hlut í eiga at sætta þá, ok kveðst nú vilja gjarna hans umbdøeme. En konúngr svarar nú þesso: at nú skal Haraldr jarl hafa ráð sín in góðo, en nú mon ek ekki láta til míni taka, þvíat hann vildi ekki míni ráð við hafa, þá er við rœddum þetta mál, ok var þá umb minna at dœma, enn nú er, ok hafi hann nú sjálfr einræði sitt, en ek mon mér öngu afskipta. Nú fara sendimenn jarls heim aptr, ok segja honum svör konúngsins. Vér munom þá verða taka til várra ráða, segir jarl, ef konúngrinn vill sitja kyrr hjá málunom. Haraldr jarl fær sér nú 10 skip, ok býr sem bezt at mönnom ok væpnom, ok ferr síðan með þessu liðe, allt þar til er þeir koma í Borgundarhólm, ok þar hlaupa þeir á land upp, ok taka upp 3 bú fyrir Veseta, þau er eigi voru verri enn þau, er synir Veseta höfðu upptekit fyrri. Haraldr jarl vendir nú aptr til Sjólanda með þetta fè, ok

þykkiſt nú vel hafa hefnt sín í þessi ferð. Svá  
ernú sagt, at eigi líðr lángt héðan, áðr enn þetta  
spyrr Veseti, fjárskáða þenna allan, er orðinn  
var, ok tekr hann þat ráð, at hann ferr þegar á  
fund Sveins konúngs, ok tekr hann vel við hon-  
um. Slíðan ræðir Veseti mál sitt fyrir konúng-  
inom, ok tjár á þessa leið: Þat muntu spurt  
hafa, herra! segir hann, at þúngt hefir álagzt  
með okkr Strútharaldi jarli of hrifð, ok varir  
mik at úſriðr myne afgerast sjálfra landsmanna  
í mille, ef þér egit öngan hlut í með oss, ok  
kann vera at verra sè síðar enn nú svá komit  
sem er, þvíat yðrir menn ero hvártveggjo,  
herra! Konúngr svarar á þessa lund: ek mon  
brálliga fara til þíngs þess, er heitir Íseyrar-  
þíng\*), ok mon ek boða þangat Haraldi jarli,  
ok skulo þit þar sættast með tillögu góðra  
manna ok våro umbdøeme, ok mon sá nú jarli  
enn behti, at vér setjum mále þesso, eptir því  
er oss líkar, allra helzt er oss þykkir þú vel fara  
með þíno mále. Ok eptir þetta ferr Veseti heim,  
ok liðo nú svá fram stundir, þar til er Sveinn  
konúngr ok hans föroneyti búast til þíngsins.  
Sveinn konúngr hefir 50 skipa\*\*), ok því svá  
mikit lið, at hann vill einn skipa í mille þeirra  
um allt þat, sem í er orðit með þeim. Haraldr  
jarl átti skamt at fara til þíngsins, ok hefir hann  
eigi meir enn 20 skip. Veseti ferr ok til þíngs-  
ins, ok hefir 3 ein skip; þat er ok sagt, at

\* ) Íseyjarþíng, B; Seymarþíng, F.      \*\* ) 60 skipa, F.

synir hans voru eigi í ferð með honum, þeir Búi digri ok Sigurðr kápa. Ok nú er konúngr ok jarl ok Veseti voru komnir á Þíngit, þá setr Veseti tjöld sín niðre við sjó hjá sunde Því, er atgengr Þíngstöðinne. En Strútharaldr jarl hafðe tjaldað upp frá stund þá, en þar á mille setr konúngr sínar herbúðir. Ok er áleið kveldið, þá sá þeir þaðan af þíugino fara frá heimile Haralds jarls 10 skip; ok er þeir nolgstast þángat, þá leggja þeir menn í lægi skip sín, ok síðan gánga þeir menn á land upp frá skipom með sveit sína; þeir snara þegar á Þíngit. Nú ero þessir menn brátt kendir, at þar ero komnir þeir synir Veseta, Búi ok Sigurðr. Búi enn digre var þá búinn mjök fstarliga at klæðum, fyrir Því at hann var þá í klæðum þeim, er Haraldr jarl átte; en sá búnaðr var svá fémikill, at til komu 20 \*) merkr gulls. Þeir hafa ok tekit upp fyrir jarli 2 gullkistor, ok svá mjök hlaðnar af gulli, at í hvárre kistonne voru [10 hundruð \*\*) marka gulls. Hatt jarls hafðe Búi digre á höfðe sér, þann er til komu 10 merkr gulls. Þeir gánga nú á Þíngit brœðr alvápnaðir, ok með fylktu liðe ok snarpligu. Ok er þeir voro þar komnir, þá tekur Búi til orða ok kveðr sér hljóðs, ok er hljótt var orðit, þá mælti hann til jarlsins Strútharalda: hitt er nú ráð, jarl! segir hann, ef þú berr nokkor kensl

\* ) 10, F.      \*\*) kannske mislesit úr XC (niutiu), R, ~~tiend~~  
pund gulls, B.

á gripe þessa, er nú muntu sjá á oss skína, attú sök nú til úragliga, ef þú þorir, ok sè nokkor dáð í þér, fyrir því at lengi hefir þú stórt bergt\*) við oss frændr; em ek nú ok al búinn at berjast við þik, ef nokkort er mannsmót í þér. Sveinn konúngr heyrir orð Búa, ok þykke þat sjá, at hann fær eigi haldit sinne tign, ef hann lætr þá berjast þar á Þíngino, ok ginge eigi á mille þeirra, er hann hafði svá mikit aftekit, at þeir skyldu þar sættast á Þíngino, ok tekr konúngrinn nú þat ráð, at hann gengr á mille þeirra, ok lætr þá eigi ná at berjast, ok kömr þar nú því málé loks, við atgaungu konúngsins ok afla, at nú verða hvárirtveggjo því at játa, at konúngrinn skipe einn á millum þeirra, eptir því sem hann vill. En þat skorar Búi í sættina, at hann læzk aldregi mundu lausar láta gullkistornar, þær er hann hafðe fengit af jarli, ok önga gripe hans, en bað konúnginn ráða öðro sem hann vilde. Konúngr svarar: Þú Búi! segir hann, stór verðr þú oss, nú hafðu þitt mál um gullkistornar, en jarl svá mikit fè annat, at hann þykke haldinn af, en lausa verðr þú at láta, Búi digre! segir hann, gripe jarls, þá er þú hefir tekit, ok gera honum eigi þá hneiso eða svívirðu, at hann nái eigi tignarklæðum sínom. Svá lýkr, at konúngr verðr at ráða, ok ferr Búi af klæðunum. Nú hélst konúngrinn af því

\*) *þannig A. bundit: b'gt.*

mest til þessa, um at gripir jarls raknaðe, at þat þótti jarli sér mest svívirðing, ef hann skylde eigi ná at hafa gripe sína. Ok nú verða þeir á þat sáttir, at konúngr skylde þannig \*) skipa með þeim, sem nú hafðe hann ákveðit um gripina, ok gera ok slíkt of annat, sem þá sýndist honum jöfnoðr mille þeirra. Ok síðan lýkr konúngr upp gerðinne, ok ferr þaðan at málino, sem hann hafði áðr sagt á ván umb, at Búi skal þegar láta lausa gripina jarls, en hafa sjálfr gullkistornar báðar til hélla sáttu við jarl; þeir skulo ok aftr gjalda bú þau, er upp voro tekin fyrir Strútharaldi jarli: en hann skal þat leggja í móte yðr til söemðar, at gipta Tófu dóttur sína Sigurði kápu, ok skulo henne heiman fylgja þessi fè, ok skal eigi öðrovís aptr gjalda upptöko búanna, enn þeir taka þat undir sjálfum sér. Því gerði konúngrinn þannig sáttina, at honum þótti þetta vænsta til, at um heilt mætti gróa með þeim, ok sáttin mætti lengst haldast með þeim, ef mægðin tækist. Þesso taka þeir vel, feðgar, ok leggr Veseti til við Sigurð Þriðjung alls fjár síns, ok þykkir Sigurði it vænsta of kvánfang þetta, er honum er ætlat, ok sættast þeir nú at þesso, ok fara þegar af Þíngino til Strútharalda jarls, ok skal þá vera þegar brullaup þeirra Sigurðar. Þángat ferr fyrir konúngrinn til þeirrar veizlo, ok Veseti ok synir hans, sem líkligt var; ok

\*) gizkat fyrir aþannig með strik yfir þ, A.

er nú drukkit brullaup Þeirra Sigurðar ok Tófu með mikille tign ok virðingu; ok eptir boðit ferr konúngr heim, sœmðr með gjöfum, ok aðrir boðsmenn. Veseti ferr nú ok heim ok synir hans til Borgundarholms, ok er Tófa Þar í för með Þeim jarlsdóttir; ok er nú kyrt of hrifð ok friðr góðr allra manna í millum.

50. Nú hafa Þeir brœðr skamma hrifð heima verit með föður sínom, áðr enn Búi digri lýser yfir Því, er honum bjó í skape, at hann ætlast at fara til Jómsborgar, at leita sér frægðar ok ágætis. Sigurðr bróðir hans vill ok fara með honum, þótt hann sé nýkvængasír, ok nú búast Þeir heiman brœðrnir, ok hafa 2 skip ok 100\*) manna, ok vilja gera sem líkast Því, er gerðu synir Strútharalda fyrri, Þeir Sigvaldi ok Porkell; fara síðan, Þar til er Þeir komu til Jómsborgar, ok leggja þegar utan at steinboganum ok at hafnardurunum. Ok er höfðingjar í borginne verða varir við kvámo Þeirra, þá gánga Þeir, höfðingjarnir Pálnatóki ok Sigurðr ok Porkell háfi, framme á steinbogann, ok kenna Þeir Sigvaldi mennina, þá er fyrir skipunom ræðo. Ok nú tekur Búi til orða ok segir, at hann vill þángat ráðast til liðs með Þeim Jómsvikingum, ok Þeir brœðr með allt lið sitt, of Pálnatóki vilde við Þeim taka. En Sigvaldi tekur til orða: hverso hafi þér faðir minn Strútharaldr jarl sett málum yðromi, seg-

\*) *það er: 120 manna, eða stórt hundrað, eins ok allstaðar framvegis.*

ír hann, áðr enn þér færir or landino. Búi svarar: Þat er laung saga, segir hann, at segja frá várum viðskiptum, en þau urðu lok á, at Sveinu konúngr hefir skipat öllum málom með oss, ok má ek nú eigi þat uppinna í skömmu mále, er vèr höfum saman átt, ensáttir ero vèr nú. Nú mælti Pálmatóki við félaga sína, Jómsvíkinga: vilè þér tilhætta, segir hann, hvárt þessir menn segl satt eða eigi, en allfuss væra ek til þeirra, segir hann, fyrir því at þess vættir mik, at fáir myne hér slískir vera fyrir í voro liðe, sem þeir ero. Þeir svara honum, Jómsvíkingar: vèr viljom attú takir þessa menn í lög með þér ok oss, ef þér sýnest þat, en ef þeir hlutir nokkorir koma upp síðar umb hagi þeirra, er vèr vitom nú eigi, þá skal þat sem allt annat á þíno umdæmi. Ok nú eptir þetta þá er upplokit Jómsborg, ok leggja þeir Búi skiponom inn í höfnina, ok er síðan reynt lið þeirra [ok hljótast af því liðe gtigir manna\*], en 4tigir fara aptr heim til Danmerkr. Nú er frá því at segja at þeir ero nú í borginne allir saamt höfðingjar, þeir er áðr voro nefndir ok þessir, er nú ero til komnir, ok vårost góðir vinir. Þeir herja nú hvert sumar eptir annat á ýmse lönd, ok fá sér bæði fjár ok mikillar frægðar, ok þó at eigi sér hér í þessari frásögn frá þeim stórvirkjum sagt, sem þeir unno, þá er þat þó alsagt, at eigi er sýnt, at verit hafi méri hetjor eða garpar, enn þeir Jómsvíkingar, ok hyggjo

\* ) ok ero 80 manna í lög teknir, F.

vér at varla hafi singizt þeirra jamníngjar; en þeir ero hvern vetr í Jómsborg í kyrðum.

31. Þar er nú til at taka, er Vagn er Ákason, hann vex nú upp heima með föður s'nom á Fjóne, en stundum með Veseta afa sínom. Hann er maðr svá ueirinn í sínom uppruna, at þat er helzt sagt til marks um hans skaplynde, at þá er hann var 9<sup>1)</sup> vetra gamall, þá hafðe hann drepit 5 menn. Hann er nú heima þar til er hann er 12 vetra gamall, ok er þá svá komit, at menn þóttost trautt mega umb hreifa hans skaplynde ok ofsa; hann gerist ok svá illgerðasamr, at öngu vætta vilde hann eira. Ok nú þykkjast hans frændr eigi vita, hvat or skyldi ráða þesso vandræði. Ok nú er þat ráð tekit, at Áki faðir hans fær honum hálf 100 manna ok þar með 1 lángskip, en annat lið jafnmikit fær honum Veseti aði hans ok þar með annað lángskip, ok er engi maðr, sá er honum fylgir, ellri enn tvítögr at aldri, ok engi æri<sup>2)</sup> enn 18 vetra gamall, nema Vagn sjálfr, hann var 12 vetra gamall. Hann biðr sér ekki fleira fá, enn nú var frásagt, 100 liðs ok 2 lángskip, ok lèzt enskis fleira viðþurfa, kvaðst sjálfr mundu fá sér vistir ok þat annat, er þeir þyrpte at hafa.

32. Nú ræðsk Vagn heiman með lið þetta it vænliga, ok þurfo þeir nú þegar at aðla sér vistar, ok verðr Vagn ekki mjök örþrifráðe, þótt

<sup>1)</sup> 10, B.

<sup>2)</sup> *lannig A; yngri, B, F, R.*

hann væri úngr at aldri. Hann ferr nú í fyrsto ok rekr hernað fyri endilánga Danmörk, ok höggr sér strandhögg óspart, svá sem hann þarf. Hann rænir bæði klæðum ok våpnum, ok svá lýkr nú, at hann skortir hvárke våpn nè herklæðe nè vist, áðr hann siglde í braut or Dana-veldi, ok lætr hann þá Danina fá sér slika hluti. Allt hesir hann nú ocerið, þat er þeir þurfo að hafa með þessom 2 skipom. Nú ferr hann þar til er hann kömr til Jómsbórgar, þat var snemma umb morguninn í sólar upprás. Þeir Vagn leggja nú þegar skiponum utan at steinbogantom; en þeir höfðingjar borgarinnar, Pálnatóki ok Sigvaldi, Porkell ok Búi ok Sigurðr, þegar er þeir verða við lið varir, þá fara þeir í kastalann, sem þeir voro vanir, ok spyrja síðan eptir, hverir þar væri komnir. Vagn spyrr í móte, hvárt Pálnatóki væri í kastalanom. Hann svarar ok segir, at sá væri maðrinn kominn til tals við hann, er svá heitir: eða hverir ero þessir menn, segir hann, er svá láta rískmannliga? Vagn segir: ekki skal ek leyna þik heiti míno, ek heiti Vagn, segir hann, ok emk son Áka á Fjóne ok náfrændi yðvarr, ok em ek því hér kominn, at ek vilda ráðast til liðs með yðr, fyrir því, at ekki þótt ek nú dæll heima meir enn svá, þóttost frændr míni ná ocerið hafa, þótt ek föra nú í brott þaðan. Pálnatóki svarar: Þykki þér ráðit, frændi! segir hann, at þú munt hér þykkja hœgr viðskiptes, ef menni megu heima trautt

eða eigi umtæla? Vagn svarar: logit er at mér, frænde! segir hann, ef þú getr eigi temprað svá mitt skaplynde, at ek mega vera f samsæti með vöskum mönnum, ok munto vilja gera várn sóma, þar sem vér erom komnir á yðvarn fund. Þá rœðir Pálnatóki við Jómsvíkínga: hvárt þykkir yðr rálligt, segir hann, at vér takim við þeim Vagne frænda eða eigi. Þá annsvarar Búi digri: þat er mitt ráð, segir hann, ok er Vagn við mik bezt sinna frænda, at vér takim aldregi við honum, ok hann komi hér aldregi innan borgar. Við þér vilja menn rísa hér innan borgar, frændi! segir hann, ok jafnt frændr þínir, þeir er öll deili vita á þér. Vagn svarar: hvárt verða þeir menn berir at því, segir hann, er þar standa hjá þér, at þeir vilja eigi við mér taka? en þó væri mér þess eigi ván af Búa frænda mínom, at hann munde f þesso berr gerast. Þar em ek þó saðr að því, segir Búi, at ek fýse ekki, að við' yðr sè tekit, heldr let ek þess, en þó vil ek at Pálnatóki ráðe. En hvat leggja þeir til synir Strútharalda jarls? segir Vagn, þat vil ek vita. Hafa skulo við til þess einorð, segir Sigvaldi, at við vildim attú kæmir hér aldregi í várн flokk. Nú spyrr Pálnatóki ok mælti: liverso gamall maðr ertu? frænde! segir hann. Ekki mon ek ljúga til þess, segir hann, ek em 12 vetra gamall, segir hann. Já, segir Pálnatóki, þá mælir þú ólög við oss, frænde! segir hann, þar er þú

ert miklo ærri<sup>\*)</sup>) maðr at aldri, enn svâ, at vèr hafim lièr lögtekna í Jómsborg at vera í sveit með oss; ok bítr þat fyrir, ok máttu af því eigi vera með oss. Vagn svarar: ek mon ekki til þess halda, frænde! segir hann, at þú brjót-ir lög þín, en þá ero þau sízt brotin, ef ek em sem einn 18 vetra eða ellri. Heill svâ, attú halt ekki lengr á þesso, frændi! segir Pálnatóki; ek mon heldr senda þik vestr til Bretlands, á fund Bjarnar ens brezka, ok fyrir sakir vårrar frændsame Þá gef ek þér upp hálfst rskit til eignar ok stjórnar þar á Bretlandi. Vel þykke mér þetta boðit, frændi! segir Vagn, en þó vil ek eigi þetta, er nú býðr þú. Hvæt viltu þá, frænde! segir hann, er þú vilt eigi slíka hlute, sem nú býð ek þér, þvíat nú þykkjomst ek vel bjóða. Nú svarar Vagn: égi vil ek þetta heldr enn áðr, segir hann, ok er þetta þó vel boðit ok frændsmæliga. Pálnatóki mælti: hvar ætlar þú til, frænde! segir hann, með ofsa þinn ok framgáng, ef þú vill eigi piggja slíka hlute? Þess skulo þér nú vídir verða, Jómsvíkingar! hvað mér býr í skape; ek vil bjóða Sigvalda, syni Strútharalda jarls, at við eigim leik saman ok berjymst við jafnmart lið; hafi hann 2 skip or borginne ok 100 liðs, ok reynem síðan með oss, hvárir undan skulo láta öðruum, ok hvárir meira hlut skulo hafa í várū viðskipte, ok skal þetta mál binda með

<sup>\*)</sup> *Pannig A. yngri, II.*

oss: ok ef svā kann at verða, að þeir [láte síga ok renne<sup>\*)</sup>] undan, þá skulo þér skyldir at taka við oss, ok gera oss [kost á með yðr at vera í<sup>\*)</sup>] Jómsborg. En ef vér eigm slikan hlut máls, sem nú ætla ek þeim Sigvalda, þá skulo vér i brott fara, ok ero þér þá lausir þessa máls. En eigi býð ek yðr með minna kappe, enn svā, at Sigvaldi jarlsson berist við oss, ef hann þorir, ok sè hann úragr karlmaðr, ok hafi heldr manns hjarta enn berkykvendis \*\*). Nú svarar Pálnatóki: hér lýstr í endime, segir hann, hvat þessi enn úngi maðr tekr til, ok mátto þar til heyra, Sigvaldi! segir hann, hverso mjök hann vandar boð at þér, þóttu sér jarlsson, ok þat þykke mér hvergi óvænna, attú komir í fulla raun af þessom frænda mínom, áðr enn þér skillð. En við þat er svā er fast atskafit ok fárliga, þá verðr þú trautt höefr maðr af, ef þú freistar eigi við þá, fyri því at miklo er um mælt meira, enn þú megir undan víkjast; ok er þat til, at er leggit at þeim, ok gerit þeim þá ena fyrsto hrifð, at þeir kunne hóf sín. En ef svā berr til, at Vagn frænde vårr verðr eigi svā sigrsæll, sem hann er stórorðr, ok gánge honum þýngra, þá vil ek þar mikinn varnað ábjóða, at engi maðr beri våpn á hann, fyrir því, at þeim mon þungt falla, er þat hendir, ok leitt mon oss at sjá á, ef hann er hart lékinn, eða honum nokkvat til meins gert,

<sup>\*)</sup> er máðr ok lítt læsiligt i A.

<sup>\*\*) blauðs kvíkvendis, B.</sup>

þótt hann þykke traytt hvers barns leika vera; en þó varir mik, at nú sè gjör skírsla til, hvílikr þú ert, Sigvaldi! í framgaungo, þótt frændi minn sè úngr at aldri. Nú eptir þetta búast þeir Sigvaldi or borginne 2 skipom til móts við Vagn, ok þegar er þeir hittast, þá leggja þeir saman randir ok berjast, ok er svâfrásagt, at Vagn ok félagar hans veita þeim Sigvalda ena snörposto grjóthrið svâ þegar, at þeir mega ekki annat enn hlifa sér ok forða, ok hafa þeir þó yrit\*) at vinna, svâ ero þeir ákafir, enir úngo menn; ok þegar grjótið fættist, þá láta þeir eigi lengi þurfa at bíða höggvápna, ok hafa þeir þá höggorrosto, ok berjast með sverðum allhreystimannliga. En svâ kom of síðir því mále, at Sigvaldi lètti undan, ok flýr inn til landsins, ok vilde fá grjót. En þeir Vagn leggja eptir þeim, ok finnast þeir nú á landi, ok verðr Sigvaldi nú við at hrökkva, hvárt hann vill eða eigi, ok verðr þar nú með þeim önnor atlaga, ok er þeirra bardagi nú miklo ákafari ok snarpari enn it fyrra sinn, ok er þat nú frásagt, að þeim Sigvalda veitti sjá hríð enn þúngt. Þeir Pálnatóki ero nú staddir í kastalanum borgarinnar, ok sjá þaðan til, hverso þessi leikr ferr með þeim Sigvalda. Nú sækja þeir Vagn at fast, svát þeir Sigvaldi hopa undan á hæli ok hans félagar, allt þar til er þeir koma at borginne, en hún var læst

\*) þannig A. kanske pennavilla fyrir yfrit; ærit, F. R.

ok lukt, ok mátto þar eigi innkomast í borgina, ok varð nú við að snúast ok veita vörn, eða gefast upp ella. Ok nú sér Pálnatóki ok þeir Jómsvíkíngar, at nú man tvémr umskipta, annathvárt at Vagn man fái yfirkomin Sigvalda ok lið hans, eða hitt ella, at þeir muno verða at lúka upp borginne, ok komist hann svá undan með fjörvi, þvíat hann má nú eigi undan flýja, ok eigi man hann viljat hafa, slíkr maðr sem hann var. Hér kemr mále, at Pálnatóki biðr upp lúka borginne: ok hefir þú, Sigvaldi! segir hann, trautt þinn maka við at eiga, þar er sjá er, frænde vårr, ok er nú mál at létta þessom leik, þvíat reynt er nú til fulls ykkat viðrskipte, ok megu vér nú þekkja hvílíkr hvárr ykkar er; ok er þat mitt ráð, segir Pálnatóki, ef yðr sýnest svá, at vér takim við þessom enum únga manni ok liðe hans, þótt hann sé nökkvi ýngri at aldri enn svá, sem í lögum vårom er mælt, ok hlær mér þess hugr, segir hann, of einn jafngamlan hér f vāro liðe, at nē einn fáe fáng af honum, ok er góð ván á um slika menn síðar, at slíkir láti sér eigi allt í augu vaxa. Nú gera þeir eptir því, sem Pálnatóki mælti fyrjr, ok er nú upplokit Jómsborg, ok slitið bardaganom með þeim, ok er nú Vagn í lög tekinn ok allir hans menn. Í bardaga þeirra Vagns ok Sigvalda er sagt at fallit hafi af Sigvalda 50 manna, ok [jafnmargt lið\*) af

\*) 20, B, F; fáir, R.

Vagne, en þó hafðe Vagn einn virðing þeirra beggja af þessom funde. Margir menn voro ok sárir orðnir í bardaganom af hvárstveggja liðe. Nú er Vagn þar í Jómsborg með vild ok samþykke allra höfðingja, þvíat svá stóðo lög þeirra til, að allir skyldu at eino ráðe, þegar er þar kóeme, þótt áðr hefði nakkvat um svarfað. Vagn er sagt at svá gerist spakr maðr ok síðugr þar í Jómsborg, at engi maðr var þar spakari nè listugari enn Vagn Ákason, nè kunne betr allan sinn riddaraskap enn hann. Hann ferr or landi hvert summar, ok stýrir skipe ok legst í hernáð, ok var engi þeirra Jómsvíkinga meire kenpa enn hann í framgaungu. Því ferr nú fram ȝ sumur í samt, frá því er hann kom í lið með þeim Jómsvíkingom, at þeir liggja úte hvert summar á herskipom, ok hafa jafnan sigr, en um vetrunom ero þeir heima í Jómsborg, ok er þeirra nú viða getið um veroldina.

33. Þess er nú viðgetið it ȝ ja sumarið, þá er áleið um haustið, at Pálnatóki tekr sótt, ok er Vagn þá 15. vетra gamall, er þetta er. Nú er þegar boðit konúnginom Búrizlafi til borgarinnar, þvíat Pálnatóka segir svá hugr um sitt sóttarfar, sem þessi sótt myne hann til bana leiða. Ok er konúngrinn kömr á fund Pálnatóka, þá roðir hann svá: þat er hugboð mitt, herra! segir hann, at ek muna eigi fléri

sóttir taka, ok má þat ok eigi óliskligt þykkja fyrir aldrs sakir; en þat er ráð mitt, segir hann, ok tillag með yðr, at maðr sè fingenn annarr í stað minn, ok sè sá höfðingi í borginne, at skipa þeim málum, er ek hefi áðr fyrir setið, ok hafist þeir hér við i borginne, Jómsvísningar, ok hafi þeir enn landvörn fyri þér, sem vér höfum áðr gjört, ok þykke mér, sem Sigvalda myne fæst til skorta, af þeim sem til er at gánga, mér í liomlo \*) um ráðagerðir, ok dœma hér um mál manna, bæði fyrir vizku sakir ok ráðspeki; ok man yðr þó þykkja nokkor hvatvíse í því, er ek man nú mæla fyrir yðr, at ek get þess, en eigi veit ek þat, at alla skorti nokkvat at því, sem ek hefi verit. Konúngr svarar þá: opt hafa oss þín ráð vel gefiðt, segir hann, ok skal þetta enn hafa, er þú hefir tillagt, ok man oss þat öllum bezt gegna, en þat er ugganda, at nú myne eigi lengi þín við njóta eða þinna ráða, ok er oss at skyldra at hafa it síðarsta, ok skulo standa öll en forno lög, þau er Pálnatóki hefir sett við hygginna manna ráð hér í Jómsborg. Svá er sagt, at Sigvaldi var þess ekki einkar trauðr, ok gengr hann undir þetta, er á hendr honum var lagt, með ráðe Búrizlafs konúngs ok Pálnatóka. Ok nú eptir þetta, þá gefr Pálnatóki Vagné frænda sínom hálf Bretlands ríki til eignar ok forráða með Birne enum brezka, ok síðan bað hann

\*) Þa nnig.

Vagne frænda sínom virkða á alla vega við þá Jómsvíkinga ok einkum við konúnginn, ok fór um þat mörgum orðum ok snjöllum, ok sýnde þat í þesso, at honum var mikil ástúð á Vagne frænda sínom, ok þat annat, at honum þótti miklo skipta, at þeir gerðe vel til Vagns; ok litlo eptir þetta andast Pálnatóki, ok þykkir þat öllum enn mesti skaðe, ok lýkr þar frásögn um einn enn bezta dreng.

34. Nú eptir fráfall Pálnatóka, þá tekur Sigvaldi at stýra lögum þeirra Jómsvíkinga, ok er hann hafðe eigi lengi þesso stjórnað, þá er þat frásagt, at nokkvat breyttist hátír laganna í borginne, ok verða löggin haldin eigi með jafnmikille freko, sem þá er Pálnatóki stýrðe; gerist svá brátt, at þaðra ero konor í borginne 2 nótton saman eða 3, svá ok ero menn í brott or borginne, lengrum enn lög stóðo til, ok verða nú í borginne stundum áverkar með mönnum ok einstaka víg.

35. Ok nú er þetta er tíðenda, þá ferr Sigvaldi or borginne, ok til fundar við Búrizlaf konúng; en konúngrinn atti sér døtr 3, þær er nefndar ero til sögunnar, ok hét Ástríðr en elzta, ok var allfríð sjónum ok en vitrasta; en sú er næst var henne at aldrí hét Gunnhildr; en Geira en ýngsta, hennar fèkk Ólafr Tryggvason. Ok er Sigvaldi er kominn á fund konungsins, þá býðr hann honum 2 kosti, annat-

hvårt at hann lèzt eigi vera mundo í Jómsborg, eða ella gæfi hann honum Ástríðe dóttur sína. Konúngr svarar honum: Þat hafða ek ætlat fyrir mér, segir hann, at ek munda hana þeim manni gefa, er tignari væri fyrir nafns sakir, enn þú ert, en þó væri mér þess þörf, attú færir eigi í brott or borginne, ok skulo vér ráða um þetta öll saman, hvat oss þykke rálligast af at hafa. Siðan hitte konúngrinn Ástríðe dóttur sína, ok spyrr hann, hverso henni væri at skape þessi ráðahagr, at hún væri gipt Sigvalda: ok vil ek, segir hann, at við setlm ráðit sem vitrligast, at Sigvaldi fari eigi brott or borginne eða Jómsvikíngar, þvíat ek þarf þeirra mjök til landvarnar með mér. Ástríðr svarar feðr sínom: Þér satt til at segja, faðir! segir hún, þá vilda ek Sigvalda aldregi eiga, en þó skaltu honum eigi frá línekkja, ok þó á þá leið, sem ek man fyrir segja. Hann skal þat vinna til ráðahags þessa, at koma af landino öllum sköttum, þeim er vér höfum híngat til goldit Danakonúngi, áðr enn hann komi mér á arm; hinn er annarr kostr, at hann fái híngat komit Sveine Danakonúngi, svá attú egir vald á honum. Ok eptir þetta berr konúngrinn upp þetta mál fyrir Sigvalda, er þau mæltu til, ok binda þau þetta síðan fastmælum með sér, ok skal framkomit vera fyrir en ȝju jól; en ef Sigvaldi kömr eigi þesso fram, sem nú var skilt með þeim, þá skulo mál þeirra öll vera laus.

36. Sigvaldi ferr nú heim eptir þetta til Jómsborgar. Ok á eno sama våri ferr hann með 3 skip ok 500 \*) manna þaðan or Jómsborg. Hann ferr til þess er hann kömr á Sjöland, ok hittir þar menn at mále, ok hefir frétt til, at Sveinn konúngr tekr veizlor skamt þaðan á land upp. Ok nú er hann þykkist glöggt spurt hafa til fara konúngsins, þá leggr hann skip sín við nes eitt, þar er hvergi voro skip í nánd, en þat var skamt frá bönum, þar er konúngrinn tók veizlo [ok drakk með 600 \*\*) manna. Þeir Sigvaldi snúa skipom sínom, ok láta framstafna horfa frá landi, ok tengja saman hvert skip af stafne annars, ok leggja þeir árar allar í háreiðar. Siðan sendi Sigvaldi 20 menn skilríkja til fundar við Svein konúng, ok mælti at þeir skylde þat segja konúngi, at hann vilde hita hann at nauðsynjum; ok þat annat, at hann væri svá sjúkr, at hann væri náliga at bana kominn: þat skulo þér ok segja konúnginom, at þar liggð honum náliga við allt ráð ok líf. Ok nú fara sendimenn til böjarins, ok gänga í höll fyrir konúnginn, ok sá er foríngðe þeirra var, berr upp öll þessi örendi, er þeir våro með sendir. Ok er konúngrinn heyrðe þessi tíðendi, þá ferr konúngrinn þegar ofan til sjóvar, ok með honum þau 600 manna, er þar voro at veizlonne, til fundar við Sigvalda.

\*) hundrað, F.  
mauna F.

\*\*) ok hafði eigi manna líð euu 800

En þá er Sigvaldi verðr þessa varr, at konúngrinn var þángat á för, þá er þat sagt, at hann er á því skipino, er first var landi, ok liggr hann nú í rekkjo ok gerist allmáttlítill. Hann mælti nú við sína menn: þá er 50 manna ero útgingnir á þat skip, er næst er landino, þá skulo þér hleypa út bryggjo af landi ok á skip út, ok mæla svá, at menn sökkvi eigi skipom undir oss, ok troðist eigi svá ákaft, ok get ek at konúngrinn myne gánga í fyrsta lagi. En þá er 20 menn ero komnir á miðskipet, þá skal klíppa af þeirri bryggjonne, er á þat liggr skipet. Nú er svá frásagt, at konúngrinn kömr þar með lið sitt, ok spyrr at Sigvalda; en honum er sagt at hann mátte líteð, ok liggr hann á yzta skipino: ok gengr hann síðan á þat skip, er næst er landino, ok lìvert af öðro, þartil er hann kömr á skip Sigvalda. Menn gánga ok eptir honum, en Sigvalda lið ferr svá með öllu, sem hann hafðe ráð tilgefit. Ok nú er konúngrinn er kominn á skip þat, er Sigvaldi liggr á, með enn 10da manni, þá spurðe konúngrinn, ef Sigvalde hefði mál sitt; en honum ersagt, at hann hefir mál sitt, ok er þó máltr sem minnstr. Síðan gengr konúngrinn at, þar er Sigvaldi liggr, ok lýtr at honum niðr, ok spyrr, ef hann mætti nema orð hans, eða hver tfðendi hann kynne honum at segja, þau er honum lægi svá stórt við að þeir fyndist, sem Sigvaldi hafði honum orð um send. Lúttu nú at mér líttuð,

herra! segir hann Sigvaldi, þá munto heldr mega nema mál mitt, þvíat ek em nú lágmæltr. Ok er konúngr lýtr at honum niðr, þá tók Sigvaldi hende annarri um herðar konúnginom, en annarri undir hönd honum, ok er hann nú eigi allmeginlaus, ok heldr hann nú eigi allaust konúnginom. Ok í því bile þá kallar Sigvaldi at öllum skipverjum, at þeir skyldu falla við árar allar sem tilðast; ok svá gera þeir, ok röru nú í brott sem þeir máttu. En þessi 600 manna standa eptir á landi, ok sjá á; ok nú tekr konúngr til orða ok mælti: hvat er nú, Sigvaldi! segir hann, viltu svíkja mik nú, eða hvat er fyrir ætlat? ek þykkjomst nú sjá, segir hann, at tilendum mon sæta, en þat má ek eigi vita, til hvers koma mon þessi tiltekja. Sigvaldi svarar konúnginom ok mælti svá: eigi mon ek svíkja yðr, herra! en fara verðe þér nú með oss til Jómsborgar, ok veita skulo vér yðr þat allt til virðingar, sem vér megum, ok allir yðrir menn, þeir er nú fylgja yðr, skulo velkomnir með oss, ok monu þér þá vita, til hvers hvatke kömr, er þér komit þar til þeirrar veizlo, er vér höfum yðr búit, ok skaltu þar einn fyrir öllu ráða, en vér skulom allir, sem skylt er, til þín lúta, ok veita þér alla söemð, þá er vér megum. Þat muno vér nú þekkjast, segir konúngr, or því sem að ráða er. Þér fara nú þar til er þeir koma til Jómsborgar, ok þjónar Sigvaldi konúnginom, sem vert var, ok gera

nú Jómsvíkíngar í móte honum ena beztu veizlo, ok kallast allir hans menn vera. En Sigvaldi segir nú konúnginom, hver sök til er, er hann hafðe konúnginn or landi hafðan, at hann lèzt beðit hafa kono til handa honum, dóttur Búrizlafs konúngs: ok þeirrar meyar, er ek vissa vænsta vera ok bezt um sik, ok tókumst ek þat á hendr fyrir vinátto sakir við yðr, herra! að því er mér sýnest, ok vilda ek eigi, attú mistir ens bezta kvánfángs. Því gat Sigvaldi nú viðkomit, at allir Jómsvíkíngar sönnuðu þetta með honum. Konúngr spurðe, hvat mærin hèti. Sú mær heitir Gunnhildr, segir Sigvaldi, er ek hefi beðit þér til handa, en mér er föstnoð önnor dóttir hans, sú er Ástríðr heitir, ok er þó Gunnhildr fyrir liversvetna sakir framar, sem vera á. En þú konúngr! skalt hèr vera at veizlo í Jómsborg, en ek skal fara á fund Búrizlafs konúngs, ok vitja málanna fyrir hönd okkra beggja, ok manu nú verða mér at trúa til málanna þinna allra, ok skulo vér yðr ok vel gefast. Nú eptir þetta ferr Sigvaldi á fund Búrizlafs konúngs með 100 manna, ok er góð veizla ok vegsamlig ger honum í móte; ok er þeir konúngr ræðast við, þá lèzt Sigvaldi nú kominn til ráða við Ástríðe, ok kvaðst nú því hafa á leið komit, sem til var mælt, at Sveinn Danakonúngr var nú kominn til Jómsborgar, ok þeir áttu nú við hann alls koste, at gera við hann slíkt, af síno tilstille ok vitro, sem þeir vilde, ok bað þá konúnginn

ok Ástríðe gera, sem þeim sýndist rálligast ok vitrígast. Þau rœddu nú um, ok leituðu nú ráða undir Sigvalda, bæði konúngrinn ok dóttir hans Ástriðr, hvat honum sýndist rálligast um þetta mál, er til konúngs tók, Sveins. Sigvaldi svarar: hugat hefi ek eitthvert ráð um þetta málit, segir hann: ek vil attú gefir Sveini konungi dóttur Jóna Gunnhildi, ok gerir híngatför hans virðuliga, en hann vinne þat til ráðahags, at hann gefi þér upp áðr alla skatta, þá er þú hefir áðr átt honum at gjalda híngat til, ok man ek gánga með þeim málom ykkar í mille, ok man ek svá þeim málum fylgt geta, at þetta man framgánga, sem nú hefi ek fyrir yðr røtt. Nú eptir þessa viðræðu þeirra, þá ferr Sigvaldi aptr með lið sitt, 100 manna, þar til er hann hittir Svein konung, ok spyrr konúngr brátt eptir, hverso honum hefðe málin gingit. Þat er nú á yðro valde, herra! segir hann. Hvern veg er þess? segir konúngr. Þat þá, segir Sigvaldi, ef þú vilt þat tilvinna, at gefa upp áðr skattana Búrizlafi konungi, áðr enn hann gipti þér dóttur sína: máttu ok á þat líta, herra! segir Sigvaldi, at þitt er allt eptir hans dag, ok er þetta þinn vegr méri, attú eigr þann mág, at undir öngan sè skattgildr; þvíat þeir þykkja ávalt konúngarnir minne, er skattana gjalda, enn hinir, er eigi gjalda. Ok nú telr Sigvaldi um fyrir Sveini konungi á margra vega, at honum skylde þetta sýnast, ok skorti

hann hvárki til vit nè orðfæri. Svá kömr þesso máli, at Sveini konungi sýnist þetta ráð, er Sigvaldi lagðe til, ok er honum títt til at þessi ráðahagr tækist, ok er nú þetta ráðit, ok kveðit á brullaupsstefno, ok skulo bæðe vera senn brullaupin. Ok er at því kömr, þá fara þeir allir til boðsins Jómsvígningar, ok er þar Sveinn konúngr í för með þeim, ok var þar en ríkuligsta veizla at hvívetna, svát þeir menn, er þá voro uppe, munðu eigi at vegligra boð hefðe verit í Vindlandi enn þetta. Þat er nú frásagt enn fyrsta aptan, er menn sitja at brullaupi, at brúðirnar falda sítt, svá at úgerla má sjá þeirra yfirlit; en um morgoninn eptir, þá ero þær vel kátar, ok skupla þá ekke; ok nú hyggr Sveinn konúngr vannliga at yfirlitom þeirra systra, þvíat hann hafðe hváriga fyrr sëna, enn að því boðe, ok hafðe hann þat einatil, er Sigvaldi hafðe honum frásagt þeirra vænleik ok kurteisi, systranna: ok er nú sagt at Sveini konungi lízt allra bezt á þá konona, er Sigvaldi átti, refr, ok sýndist sú vera vænni ok kurteisari enn sín kona, ok þykkir konungi Sigvaldi eigi til lengðar <sup>1)</sup> hafa et sanna frásagt, ok finnr nú Sveinn konúngr at mikit stendr undan við hann í vinfengino af hende Sigvalda, ok sér konungrinn nú með vitra manna ráðe bragð hans allt, ok drepr þó hulðo á fyrir alþýðo manns, ok nýtir þat af allt sér til sömðar

<sup>1)</sup> óglöggt í A; lykla, F.

ok virðíngar, sem nú er í boði, þannig sem komit er málino; á hann nú ok at taka Vindland at þriðjunge eptir dag Búrizlafs konungs. Nú eptir þetta er slitið veizlonne, ferr nú Sveinn konúngr í brott með Gunnhildi kono sína, ok hefir þaðan ȝo skipa, ok ferr með mikil lið í brott ok margar gersimar; en Sigvaldi ferr til Jómsborgar með kono sína Ástríðe, ok gángast nú mjök or stað lögin þeirra, frá því sem þar voro sett fyrir öndverðu af Pálnatóka ok öðrum vitrom mönnum, ok finna þeir þat nú Jómsvikingar, ok ero þó nú allir samt þar í borginne of stundar sakir, ok ero frægir mjök.

37. Eigi eptir þetta miklo, er nú var frásagt, þá spyrjast tíðendi mikil or Danmörku, at Strútharaldr jarl er andaðr, faðir þeirra Sigvalda ok Porkels, en Hemíngr bróðir þeirra er úngr að aldri, þá er þetta er tíðenda, ok þykkist Sveinn konúngr skyldr til at gera erfi eptir Strútharald jarl, ef synir hans enir ellri kœmi eigi til; þvíat Hemíngr þótti þá enn úngr til at ráða fyrir veizlonne. Nú sendir hann orð þeim brœðrum til Jómsborgar, at þeir Sigvaldi ok Porkell kœmi til erfisins ok hittist þar, ok gerðe allir samt veizlu, ok hæfðe til skipana, at hún yrðe sem virðeligust eptir þvíslikan höfðingja, sem var faðir þeirra, Strútharaldr jarl. En þeir brœðr sendu þegar konúnginum þau orð í móte, at þeir koðost koma miundu, ok mæltu at konúngr skylde allt láta tilbúa, þat er til veizlunn-

ar þyrpte at hafa, en þeir kváðost til mundu fá, ok báðo hann taką öll tilfaung af eigu þeirri, er átt hafðe Strútharaldr. Þá sýndist flestum mönnum úrállegt, at þeir fceri þangat, ok grunuðu at vinátta þeirra Sveins konungs ok Sigvalda mundi vera heldr grunn, ok þeirra allra saman Jómsvíkinga, þannig sem farit hafðe með þeim fyrr viðrskipten, þótt þeir lèti þá hvárirtveggjo skyldiliga við aðra; en Sigvaldi ok Porkell háfi vilja ekki annað enn fara, sem þeir höfðu heitið, en Jómsvíkingar vilja ok eigi eptir vera, ok vilja þeir allir fylgja þeim Sigvalda til boðsins. Ok er at því kömr, þá fara þeir or Jómsborg með miklo liðe, þeir hafa 70 \*) skipa annars hundraðs. Þeir fara nú þar til er þeir koma á Sjóland, þar sem Haraldr jarl hafðe fyrir ráðit, ok var Sveinn konungr þar fyrir, ok hafðe þar búa látið erfit, svá at þá var albúit, ok er þetta um vetrnátta skeið; þar er inn mesti mannfjöldi ok en bezta veizla, ok drekka þeir Jómsvíkingar ákafliga et fyrsta kveldit, ok fær á þá mjök drukkrinn. Ok nú er því ferr fram um hrifð, þá finnr Sveinn konungr þat, at þeir gerast náliga allir dauðdrukknir með þeima hætti, at þeir gerast málgin mjök ok kátir, ok þykkir líðtið fyrir mörgu þat at tala, er ella væri eigi örvaenna at undan liðe; ok nú er konungr finnar þetta, þá tók hann til orða ok mælti. Hér er nú glaumr mikill ok fjöl-

\*) þannig F; óglöggt i A; hæft sunnt hundrað (o: 180), R.

menne, segir hann, ok vilda ek nú til þess mæla, at èr tökit upp nokkora gleðe nýja til skemtonar mönnum, ok þat er lengi væri síðan at minnum haft, ok mikils væri um vert. Sigvaldi svarar konúnginom ok mælti: Þat þykkir oss vera upphafligast, segir hann, ok ván at bezt myne verða fyrir sèð um gleðina, at èr heyit fyrst, herra! Þvíat vér eignum allir til yðvar að lúta, ok viljum vér því allir samþykkjast, sem þér villt vera láta um gleðina eða upptaka. Konúngr segir: Þat veit ek menn gert hafa jafnan, segir hann, at dýrligum veizlum ok samskundum, ok þar er mannvæl hesir gott samankomit, at menn hafa framhaft heitstrengíngar sér til skemtonar ok ágætis, ok em ek þess fúss, at vér freistim nú þess gamans, fyrir því at ek þykkjomst þat sjá, svá miklo sem þér erot nú ágætari, Jómsvíkingar, um alla norðrhálso heimsins enn allir menn aðrir, þá er þat ok auðvitað, at þat mon með méra móli, er þér villð til hafa tekit í slíkri skemtan, ok man þat enn fara eptir öðro, at þér erot nú meire fyrir yðr enn aðrir menn, ok þat líkligt at menn myne lengi þá hluti at minnom hafa, enda skal ek eigi undandraga at hefja þetta gaman. Þess strengi ek heit, segir konúngrinn, at ek skal eltan hafa or rski síno Aðalráð konúng, aðr liðnar sènar ȝju vetrnœtr, eða hafa feldan hann ella, ok nátsvá rikino; ok nú áttu, Sigvaldi! segir konúngr, ok mæl þú eigi minna um enn ek.

Sigvaldi segir: svå skal vera, herra! segir hann, at um skal nokkot mæla. Þess strengi ek heit, segir Sigvaldi, at ek skal herja í Noreg fyrir enar ȝju vetrnætr með því liðe, er ek fæ til, ok hafa eltan Hákon jarl or landi eða drepit hann ella, at ȝja kosti skal ek þar eptir liggja. Þá mælti Sveinn konúngr: nú ferr vel at, segir hann, ok er þessa vel heitstrengt, ef þú efnir þetta, ok eigi er þetta lítilmannligt, ok ver hálfu at heilli, attú hafir þetta mælt, ok efn þetta nú vel ok drengiliga, er þér hafit nú ummælt. Nú er þar til at taka, er þú ert, Porkell enn háfi! segir konúngr, hvers þú vill heitstrengja, ok er einsætt at láta verða stórmannliga. Porkell svarar: hugat hefi ek mína heitstrenging, herra! segir hann. Þess strengi ek heit, segir Porkell, at ek mon fylgja Sigvalda bróður mínom, ok flýja eigi fyrr, enn ek sæk á skutstafn skipe hans; en ef hann bersk á landi, þá strengi ek þess heit, at ek skal eigi flýja, meðan hann er í fylkíngi, ok ek mega sjá merki hans fyrir mér. Vel er þetta mælt, segir Sveinn konúngr, ok muntu þat at víso efna, ertu svå góðr drengr. Búi digri! segir konúngr, nú áttu, ok vitu vér attú munt nokkornig mikilmannliga ummæla. Þess strengi ek heit þá, segir Búi, at ek skal fylgja Sigvalda í för þessa, svå sem mér endist karlmennska til, ok drengskapr, ok flýja égi fyrr, enn færri standa upp enn fallnir ero, ok halda þó við, meðan Sig-

valdi vill. Svà fór sem vér gátom, segir konúngr, at mikilmannliga mundi verða ummælt af þinne hendi; en nú áttu, Sigurðr kápa! segir konúngr, at mæla umb enn nokkvat eptir hönd Búa bróður þíns. Skjót er heitstrenging mínn, herra! segir Sigurðr, þess strengi ek heit, at ek mon fylgja Búa bróður mínom, ok flýja eigi fyrr enn hann er líflátinn, ef þess verðr auðit. Slíks var þar ván, segir konúngr, attú mundir því vilja atfylgja, sem bróðir þinn; en nú átto, Vagn Ákason! segir konúngr, ok er oss þar mikti um at heyra, hvers þú strengir heit, þvíat èr lángfeðgar erot garpar miklir ok afætor\*). Vagn svarar ok mælti: Þess strengi ek heit, segir Vagn, at ek skal fylgja Sigvalda í för þessa ok Búa frænda mínum, ok halda við meðan Búi vill, ef hann er lífs, ok þat læt ek fylgja, segir hann, minne heitstrenging, ef ek köm í Noreg, at ek skal komit hafa í rekkjo Íngibjargar, dóttur Porkels leiro í Vik austr on hans ráðe ok allra frænda hennar, áðr enn ek koma heim aprí i Danmörk. Nú fór sem mik varðe, segir konúngr, ok ertu fyrir flestom mönnum, þeim er værvitom, of allan vaskleik ok kurteisi. Þat er sagt at Björn enn brezke var þar í liðe þeirra Jómsvíkinga, ok var einkom félagi Vagns Ákasonar, þvíat þeir átto Bretland báðir samt, síðan er Pálnatóki andaðist. Ok nú mælti konúngr: hvers strengir þú heit, Björn

\* ) þannig A, en vantar í hina.

enn brezke! segir konúngr. Þess strengi ek heit, segir Björn, at ek man fylgja Vagne, fóstra mínum, sem ek hefi vit til ok drengskap. Ok nú eptir þetta slítr tali þeirra, ok fara menn at sofa vāno bráðara, ok ferr Sigvaldi í rekkjo hjá kono sinne Ástriðe, ok sofnar hann fast brétt, er hann kom í rekkjona; en Ástríðr kona hans vakir, ok vekr hún hann Sigvalda, þá er hann hefir sofit mjök lengi svā, ok spyrr, ef hann myne heitstrengíng sína, þá er verit hafðe um kveldit; en hann svarar, ok kveðst eigi muna, at hann hefðe heitstrengt nē eins um kveldit.

Hún mælti: eigi mon þér at því verða, segir Ástríðr, at því er ek get til, ok munto bæði viðþurfa vit ok ráðagerð. Hvatt skal nú þá til ráðs taka, segir Sigvaldi, þú ert vitr ávalt, ok muntu nú kunna nokkor góð ráð til at gefa. Hún svarar: ek veit eigi nú, segir hún, hvert þat ráð sè, er gott er, en til skal þó nakkvat leggja: þá er þú kömr til drykkjo á morgin, þá vertu glaðr ok kátr, þvíat Sveinn konúngr mon muna heitstrengíngar yðrar, at því er ek get til, ok þá er konúngr roeðir umb við þík, þá skaltu honum þesso svara: at öl er annarr maðr, ok munda ek sýnu minna hafa aftekit, ef ek væra ódrukkinn; en síðan skaltu spyrja konúnginn, hvatt hann mon vilja tilleggja, attú getir efnt heitstrengíng þína, ok [tak síðan glaðan á \*) við konúnginn, ok lát sem þú þykkist

\* grip nú gulli á, F.

þar allt eiga, er konúngrinn er, fyrir því at hann þykkist nú hafa stiltan þik mjök í þesso, ok spyr hverso mörg skip hann myne fá þér til fararinnar, ef þú reipast við at fara, ok ef hann tekr þesso vænliga, ok kveðr þó ekke á umb, hverso mörg skip hann man tilleggja með þér, þá skaltu skora við hann fast, at hann kveðe þegar á, hvat hann man tilleggja, ok seg attú munt margra þurfa, fyrir því at Hákon jarl hefir mikinn aсла; en fyrir því skaltu svá skjótt atgala um þetta, ok skora fast við konúnginn, segir hún, at ek hygg at honum myne nú minnst fyrir þykkja, at heita þér liðeno, ok leggja skipen til með þér, meðan hann veit eigi víst, hvárt förin tekst eða eigi; en þá er förin er ráðin, þá get ek þik lítit af honum fá um liðit, ef hann hefir eigi áðr heitið, fyrir því at hvárgan ykkarn Hákonar jarls man hann spara til at hljóte úförna, ok þykkja þá bezt at báðir hlyte.

58. Þat er nú frásagt at Sigvaldi gerir svá sem Ástriðr ræð honum; ok þá er þeir taka til drykkjo of daginn eptir, þá er Sigvaldi enn kátaste, ok fær mart til gamans. Ok nú inner konúngr til umb heitstrengíngar þeirra, er verit höfðu um aptaninn, ok þykkir konúnginom nú umb it vænsta, ok þykkir mjök hafa í vaðhorne uppkomit við Sigvalda, ok alla þá saman Jómsvíkínga. En Sigvaldi segir konúnginum,

ok mælti slíkum orðum öllum, sem Ástríðr hafðe fyrir hann lagt, ok fréttir nú eptir, hvat konúngrinn vill tilleggja með honum. En þar kömr at konúngrinn mælir svá, at hann kveðst ætla, þá er Sigvaldi er búinn til þeirrar farar, at hann mundi tilleggja með honum 20 skip. Sigvaldi svarar: þetta tillag er gott, segir hann, af einhverjom ríkjum bónða, en ekke er þetta konungligt tillag, slíkr höfðingi sem þú ert. Þá svarar Sveinn konúngr, ok var nokkvat brúnölf<sup>1)</sup> ), ok spurðe Sigvalda: hverso mikils mundir þú þykkjast viðþurfa, segir hann, ef þú hefðir lið eptir því sem þú vildir. Skjótt er þat at segja, segir Sigvaldi: beint 6 tigi <sup>2)</sup> skipa, þeirra er öll sè stór ok vel skipot, en ek mon þó fá <sup>3)</sup> í staðinn eigi færri skip eða þaðan af fleiri, ok monu þau vera smærri, fyrir því at eigi má vita, hvárt öll koma aptr skipen yðor, ok er þessu sýnna að svá berr til. Nú segir konúngr: búin skulo öll skipen, Sigvaldi! Þá er þú ert búinn til fararinnar, segir konúngrinn, ráðtu til at heldr! ek skal til fá þetta, er þú beiddir. Þá er vel við orðit, herra! segir Sigvaldi, ok vegsamliga, sem ván var at yðr, ok látið þá nú vel esnt verða, sem nú hafi þér heitið, fyrir því at nú skal fara þegar, er boðe þesso er lokit, er nú sitjum vér at, ok fá þú nú öll skipen, svá at eigi verðe seinað, en

<sup>1)</sup> brúnölf, R; brúnvölv, F; reiðugligr, B.    <sup>2)</sup> 40, B, F.

<sup>3)</sup> þér, b. u. F.

ek man lið til sá ok við báðir samt. Ok nú drepr or hljóð fyrst or konúnginom, ok verðr honum staðr á, ok mælti þó vāno bráðara: svā skal vera, Sigvaldi! segir konúngr, sem þú mælir til, en þó hefir þetta skjótara aðborizt, enn ek hugða, ok varðe mik trautt, at svā skjótt munde áþjóta, sem nú er. Þá mælti Ástríðr, kona Sigvalda: égi er yðr þess vān, segir hún, at þér munit mjök sigrast á Hákone jarli, ef èr dvalit ferðinne, svā at hann spyr, ok megi við-búast lengi, ef þér fáit nú úsigr, ok er þetta eitt ráðit, segir hún, at bregða við sem skjótast, ok láta enga fara fréttina fyrir, ok komet þér jarli á úvart. Þat er nú sagt, at þeir láta ráðna vera ferðina, þegar veizlonne erslitið, ok skipa þar nú til alls at erfino, ok hasa ætlan á um ferðena. Svā er sagt, at Tófa, dóttir Strútharalds jarls, tekr til orða, ok mælti við Sigurðr bónða sinn: þú munt nú sara, segir hún, sem þú hefir ætlað, en þess vil ek þik biðja, segir hún, attú fylgir sem bezt Búa brœðr þínom, ok leif eptir þik orðstír sem beztan, en ek mon þín bíða, svā at engi maðr skal koma í mína rekkjo, meðan ek spyr þik heilan ok lífs. En menn ero þeir 2, Búi! segir hún, er ek vil þér gefa til farar þessarar, þvíat þú hefir allar stundir vel til mín verit: annarr heitir Hávarðr, ok er kallaðr Hávarðr höggvande, en annarr heitir Áslákr, ok er kallaðr Áslákr hólmskalle, en því gaf ek þér

þessa menn, at mér er við þík vel, ok ekki skal úeinorð við þat hafa, at miklo heldr vilda ek þér hafa gefin verit, enn þeim er nú á ek, en þó mon þat nú svá búit vera verða. Búi þiggr menninā at henne, ok biðr hana hafa þökk fyrir, ok gefr þegar Áslák Vagne frænda sínom til fylgðar, en Hávarðr var með honum sjálfum. Nú slítr boðeno, ok búa þeir nú lið sitt Jómsvíkingar þaðan frá veizlonne; ok er þeir ero búnir, þá fara þeir or landino, ok hafa 100 stórskipa, [en þeir höfðu þángat haft or Jómsborg til veizlunnar 70 annars 100, ok voro í því tali mörg smáskip <sup>1)</sup>.

39. Nú fara þeir ferðar sinnar, ok gefr þeim vel byri, ok taka Víkina í Noregi; þeir koma at síð aptans, ok þegar um nóttnina héldu þeir til býarins í Túnsbergi, ok komo þar með öllu liðeno um miðnættis skeið. Sá maðr er nefndr til sögunnar, er Ögmundr hèt, ok var kallaðr Ögmundr <sup>2)</sup> hvíte, hann var lendr maðr Hákonar jarls, úngr að aldri ok virðr mikils af Hákone jarli; hann hefir mest forráð býarins í Túnsbergi, þá er þessi tíðendi ero. Ok nú er herrinn er kominn í bœinn, þá tóko þeir upp náliga allan bœinn, ok drápo þar mart manna, tóko síðan allt þat er þeir mátto í fjárlutom, ok fóro eigi þorfsamliga <sup>3)</sup>; en þeir er fyrir våro vöknudo eigi við góðan draum, ok

<sup>1)</sup> sleppir R; en þeir höfðu alls hálfan sjöunda tug annars hundraðs F.      <sup>2)</sup> Geirmundr, R, allstaðar.      <sup>3)</sup> þorfsamliga, F.

áttu margir þegar við höggum at taka ok væpnagánge. Ögmundr hvíte vaknar ok, sem aðrir menn, við þenna úfrið, ok þeir er sváfo næstir honum í herbergi. Nú tekr hann þat ráð, ok þeir með honum, at þeir flýja undan í eitt lopt, þater þeim þótti sem lengst munde verjast mega, þvíat engi voru föng á, at komast mætti til skógarins. Ok er þeir Jómsvíkingar verða þessa varir, þá drífa þeir at loptino, ok höggva loptið í ákafa; ok nú sjá þeir Ögmundr, at þeir muno eigi fá varizt, miklo er herr þessi harðfengari ok ákafari, er þar er kominn. Þat er sagt, at Ögmundr hvíte tekr þat ráðs, at hann hleypr or loptino ofan ok á strætið, ok kömr standande niðr; en Vagn Ákáson var þar nærstaddir, er hann kom niðr, ok höggr þegar til hans Ögmundar, ok lijó á hönd honum fyrir ofan úlflið, ok hefir Vagn eptir höndina, en Ögmundr komst í skóg í braut. Gullhríngr hafði fylgt hendinne, ok tekr Vagn hann upp ok hefir. En Ögmundr, er hann kömr í skógin, þá nemr hann staðar, þar er hann má heyra mál þeirra, ok vill vita ef hann fái þat skilt af orðum þeirra, hverir þar ero komnir, þvíat hann veit eigi áðr, ok þykkir þetta heldr til <sup>1)</sup> ófrólligt, ef hann kann ekki frá segja, ef hann hittir aðra menn, en slíkt vísé, sem hann hafðe á sér tekit. Hann verðr nú þess varr af orðum þeirra ok ákalle, at þar ero komnir Jómsvíkingar, ok svá veit hann nú, hverr á honum hefir unnit sjálfom. Ok nú eptir

<sup>1)</sup> óglöggt i A.

Þetta þá ferr hann leiðar sinnar á skóga fbrott ok merkr, ok þat er nú frásagt, at hann liggr úti 6 døegr á mörkum, áðr enn hann kömr til bygða. En þegar er Ögmundr finnr bygðir ok menn, þá hefir hann greiða allan, þann er þarf, því at margir menn visso deili á honum, ok var hann vel um sík ok vinsöll maðr, ok ferr hann nú þar til, er hann spyrr hvar jarl er á veizlum, ok sökir hann nú á hans fund. Jarl hefir þá tekit veizlu á þeim bœ, er heitir á Skugga, ok sá maðr er Erlingr nefndr, er veizlona hælt; hann var lendr maðr. Jarl var þar með 100 manna á veizlonne, ok þar var Eiríkr son hans með honum. Svá er sagt at Ögmundr hvíte kömr þar síð aptan dags, ok gengr þegar inn í höllina ok fyrir jarl, ok kveðr hann vel. Jarl tekur kveðju hans, ok er hann spurðr almæltra tíðenda. En hann svarar, Ögmundr: litil ero enn tíðendi undir förum mínom, segir hann, en gerast mætti at tíðendum eigi all-litlum. Hvattá? segir jarl. Þattá, segir Ögmundr, at ek kann at segja yðr hersögu, at mikill herr er kominn í landit, austr í Víkina, ok með enom mesta úfriði ok styrjöld, ok þat sama ætla ek þeim í skapi búa, at halda slíko fram. Jarl mælti: hvat veit ek, segir hann, hvárt menn muno aldregi hætta fyrr lygisögum í landino, enn nokkor hángir uppefyrir. Eiríkr svarar ok mælti: eigi er svá á slíko at taka, faðir! segir hann, ekki er þessi lygimaðr, er nú segir frá. Jarl mælti:

veiztu þat mjök gerla, frændi! segir hann, hvern  
 þessi maðr er, ok væri þat líkligt, fyrir því er  
 þú fylgir mál hans. Þat ætla ek at ek vita  
 nokkot til, segir Eiríkr, eigi síðr enn þú, faðir!  
 at ætlan þinne; þat hygg ek at hér sè kominn  
 Ögmundr hvíte, lendr maðr þinn, ok hefir hann  
 oss opt betr fagnað, enn vèr fögnum honum nú.  
 Égi kennda ek hann, segir jarl, gánge hann  
 enn híngat til máls við mik. Nú gerir Ög-  
 mundr þegar, er honum komu orð jarls, þá  
 gengr hann enn fyrir hann. Síðan spyrr jarl:  
 hvern Ögmundr ertu? segir hann. En hann  
 segir honum öll deili á sér, at hann má við-  
 kannast. Þá mælti jarl: veit ek, segir hann,  
 attú munt sanna sögu segja, ef þú ert þess-  
 likr \*) maðr; en seg mér, segir jarl, hvern  
 ræðr fyrir her þessom enom mikla? Sigvaldi  
 heitir sá, segir Ögmundr, er fyrir herliðino  
 ræðr, en nefnda heyrða ek í herinom bæði  
 Búa ok Vagn, ok hefi ek þess nokkor merki á  
 sjálfum mér, at ek lýg þetta eigi; ok bregðr  
 síðan upp hendinni, ok sýnir jarli handarstúf-  
 inn. Jarl mælti þá: hart ertu leikinn, segir  
 hann ok sárliga, en hvárt vissir þú þat, hvern  
 þér veitti þenna geig? Rèð ek at likendum,  
 jarl! segir hann, af því er þeir mæltu, þá er  
 sá tók upp hrínginn, er fylgt hafðe hendirne:  
 fenaði þér nú, Vagn Ákason! sögðu þeir, ok  
 þóttumst ek þaðan af vita, at hann munde á mér  
 hafa unnit, ok þat kannaða ek af, segir hann,

\*) óglöggt i A.

að sá herr munde kallaðr vera Jómsvíkingar. Sannfróðr muntu of þat vera, segir jarl, af þeim mönnum, sem þú heyrðir nefnda í liðino; en þat er þó at segja, at þenna munda ek sízt kjósa herinn, segir jarl, þótt ek ætta um alla at velja, ok man nú bæði viðþurfa vit ok harðfenge, svá segir mér hugr umb þetta.

40. Nú sendir jarl þegar menn nokkora á Hlaðir til Sveins sonar síns, at segja honum hersöguna, ok sendir honum orð til, at hann safnaðe liðe um allan Þrándheim af sinne til-sýslo, ok kveðja upp alla þá menn, er mikils ero virðir, ok svá hina, er minna háttar ero, ok fá búit hvert skip þaðan, þat er nokkorr vöxtr er at. En Guðbrandr hvíte var þar með jarli, er hann unni mest. Ok ferr jarl nú þegar af veizlonne með því liðe, er hann fækki þar; hann ferr þar til, er hann kömr ofan í Raumsdale, ok síðan samnar hann liðe um Norðmæri; en hann sendir Erlíng suðr um Rogaland at segja tíðendin, ok samna þar liðe, ok sende jarl Erlíng þegar suðr þá þangað, aðr hann fœri frá veizlonne, ok sendir þau orð öllum mönnum sínom, þeim er í landino voru, ok öllum þeim, er nokkorr líkvendi var at, at þeir skyldu allir til hans koma með því liðe, er þeir fengi til. Ok jamvel sendir jarl þeim mönnum orð, er hann var missátr við, at þeir skyldo ok koma á hans fund, ok kveðst sættast mundo við livern mann, þeirra er sótti á hans fund

því sinni, ok veitti honum lið. Eiríkr ferr norðr um Naumudali, son Hákonar jarls, í móte Sveine bróður sínom, ok samnar liði, sem hann má, allt um eyjarnar et ytra. Þat er sagt, þá er Eiríkr sigldi suðr eptir Hamrasundum, að þar koma í móte honum herskip, ok ræðr sá maðr fyrir liðino, er Porkell hét, ok var kallaðr Porkell miðlángr, hann er rauðr víkingr ok í missætti við Hákon jarl. Þeir brjóta þegar upp væpn sín, víságarnir, ok ætla at leggja að þeim; Þeir hafa 3 skip. En þá er Eiríkr sér þat, þá mælti hann við Porkel miðlángr: ef þú vilt berjast við oss, segir hann, þá skulo vér búinir þess, en þó sæi ek hér betra ráð til. Hvert er þat? segir Porkell. Óskapligt sýnist mér þat, segir Eiríkr, at vér berimst sjálfir Noregs menn, þvíat nú mætti vera at singist [annarr betri kostr\*], ef þú vilt koma á fund föður míns með lið Pitt, ok viltu veita honum slíkt, sem þú ert tilfærr, þá munu þit sættast, ok mon þat þá eigi verða torsótt af föður míns hendi. En Porkell svarar: Penna kost vil ek, ef þú býðsk í því, Eiríkr! at mér akist þetta eigi í tauma, er þú segir, þá er ek hitte föður þinn. Ek skal þat annast, segir Eiríkr; ok nú ræðst Porkell miðlángr með sveit sína til liðs með Eiríki. Ok brátt eptir þetta finnast þeir broðrnir, Eiríkr ok Sveinn, ok fara þeir nú til þess staðar, er þeir höfðu ákveðit með sér, Hákon ok Eiríkr, aðr enn þeir skildist, ok síðan hittast þeir þar

\* māð i A; þannig gizkat.

allir feðgar, Hákon ok Eiríkr ok Sveinn, í þeim stað, sem þeir höfðu mælt mótt með sér, ok allr herrinn skyldi hittast ok saman koma; en þat var á Sunnmæri við eyjá, er heitir Höð<sup>1)</sup>, ok kemr þar mart lendra manna. Þeir höfðu feðgar alls 300 skipa, ok voro mörg ekki allstór. Þeir liggja þar á vágí þeim, er Hjörungavágur heitir, ok bera nú saman ráð sín, ok liggja þar á vágínom öllum flotanum.

41. En nú er at segja frá þeim Jómsvíkingum: Þeir fara nú sunnan fyrir landit ófriðsambliga, herja þar ok ræna, sem þeir koma við. Þeir höggva strandhögg stór ok drepa mart manna, ok víða er þat, at þeir brenna býi at köldum kolum, ok fara með herskilde allt sunnan fyrir landit, ok flýr hotvetna undan herinom, þat er spyrr til, ok undan má komast. Ok nú fara þeir, þar til er þeir koma fyrir sund þat, er kallat er Úlfasund, ok ero þeir þá komnir at Stað; ok er þat frásagt, at hvárigir spyrrja til annarra gleyggt, Hákon jarl eða Jómsvíkingar. Ok nú sigla þeir Jómsvíkingar sunnan fyrir Stað 20 vikur sævar, ok fara þar til, er þeir koma í höfn þá, er heitir í Herreyjum, ok leggja þar í höfnina allan flota sinn; ok er þeir ero þar komner, þá lykkjast þeir þursa at nýjo at fá sér vista; ok er þat sagt, at Vagn Ákason ferr á skeið sinne til eyjar þeirrar, er Höð heitir, ok veit Vagn eigi at

<sup>1)</sup> Höðd, F.

jarl liggr þar í vágginom skamt frá eyjonne. Vagn liggr við eyna, ok gánga þeir upp, ok ætla at fá sér strandhögg, ef svá berr at hendi. Ok nú berr svá at, að þeir finna mann einn at máli; sá rekr fyrir sér kýr 3 ok geitr 12<sup>1)</sup>). Vagn spyrr þann mann at nafne. Sá svarar ok kveðst Úlfr heita. Þá mælti Vagn við sína menn: takit er nú kýrnar ok geitrnar, ok höggvið út á skip vårt, ok svá ok, ef er finnit hér fleira fē. Hverr er þessi maðr, segir hann Úlfr, er fyrir liðino ræðr á þesso skipe? Þessi heitir Vagn ok er Áka son. Svá þótti mér nú, segir hann Úlfr, sem vera mundi nú stærri slátra efni, ok nú eigi allfjarri yðr komit, at því er jer<sup>2)</sup> ætlit nú til, Jómsvíkíngar! enn höggva niðr kýr mínar eða geitr. Segðu oss, ef þú veizt nakkvat til ferða Ílákonar jarls, segir Vagn, ok ef þú kant oss nakkvat þat at segja með sannendum, at vèr vitem, hvar hann er, þá muntu undan koma bæði kúm þínom ok geitom; eða hver ero tisðendi oss at segja, hvat veiztu til Ílákonar jarls? Úlfr svarar: hér lá hann í gærkveld síð einskipa fyrir innan eyna Höð á Hjörungavági, ok máno þér þegar fá drepit hann, er þér vilít, þvíat hann bíðr þar manna sinna. Þá skaltu, segir Vagn, hafa keypt í frið tēr Pitt allt, ok gakk nú á skip með oss, ok seg oss leið til jarls. Svá hæfir eigi, segir Úlfr, ok vil ek víst eigi berjast í móte jarli, ok samir þat eigi; en segja

<sup>1)</sup> þannig L, F, R; vantar í A.

<sup>2)</sup> þannig.

mon ek yðr leið, þar til er þér hittið inní väginn, ef þér vilst; ok ef ek fer með yðr á skip út, þá vil ek þat mælt eiga, at ek sjá þá láttinn vera í friðe, er þér sèð yfir þat, at èr hittið í väginn. Nú gengr Úlfr út á skip með þeim, en þat er snemma dags, ok fara þeir Vagn þegar í Hereyjar sem tíðast, ok segja Sigvalda ok öllum Jómsvíkingum þessi tíðendi, er Úlfr sagði þeim.

42. Nú taka þeir Jómsvíkingar at búast við at öllu, sem þeir munde þá, at þeir sky尔de fara til ens harðasta bardaga, ok vilja vera við öllu umbúnir, þótt Úlfr take auðvelliga á. Ok er þeir ero albúnir, þá veita þeir atróðr at väginom. Þat er sagt at Ulf grunar um nokkot, að þeim myne fleiri sýnast skipin í väginom, enn svå sem hann hafðe sagt þeim. Ok þegar er þeir sá framkomna skipen, þá hleypr Ulfr útbyrðes ok þegar á kaf, ok ættlar at leggjast til lands, ok vilde eigi bíða þess, er þeir laun-aðe honum sitt starf. Ok er Vagn sér þetta, þá vill hann at víso launa honum eptir verðleikum, grípr upp síðan eitt spjót, ok sendir eptir honum, ok kemr spjótið heint á hann miðjan, ok lèzk hann þar. Nú róa þeir Sigvaldi ok allir Jómsvíkingar inn í väginn, ok sjá þá at skipaðr var vägrinn allt frá þeim í brott af herskipom <sup>1)</sup>). Þeir fylkja nú þegar liðe síno

<sup>1)</sup> B. hæfir þessu við: ok þar hitta þeir þann, er þeir fóru at leita, Håkon jarl, ok var hann eigi einskipt, ok eigi með 2,

öllu. En í öðrum stað þá sá Þeir jarlarnir, Hákon ok synir hans, hvar Þeir eru komnir, Jómsvíkingar, ok taka Þegar skip sín or tengslum, ok ætla til hverir hverjom skulo í móte berjast. En svá er hér frásagt, at í austr horfi botninn á Hjörúngavági, en mynnet í vestr; þar standa ok út á väginom steinar 5, Þeir er heita Hjörúngar, ok er einn Þeirra nokkoru mestr, ok er við þá steina vägrinn kenndr. En sker liggr inn á väginom miðjum, ok er jafnlángt til lands á alla vega frá skerino, bæðe inná vägbotninn, ok út tveim megin gagnvert. En ey liggr sú fyrir norðan väginn, er heitir Primsigð<sup>1)</sup>, en Harund<sup>2)</sup> liggr fyrir sunnan väginn, ok þar inn frá er Harundarfjörður. Nú er frá því at segja, at Þeir Jómsvíkingar skipa þannog í fylkíng skipom sínom, sem nú mon hér sagt:

---

heldr voru meir enn 300; þat voru succkjur ok skeiðr ok kaupskip, ok hvert fljótauda far, er jarl fækki til þeirra, þau er há voru borði, ok öll voru skipin bæði hlaðin af mönnum ok vopnum ok grjóti. Þar er með Hákon jarli enn fyesti maðr Eiríkr son hans, ok Sveinur ok Sigurðr ok Erlingr synir hans, Þeir styrðu allir skipum; svá sagði Þórðr Kolbeinsson, er hann orte um Eirik:

Mjög lét margar succkjur	Sótti jarl sá er átte
mærðarür sem knöru	ógufrúðr á lög stóði
áðr vex skjallz ok skeiðar	hér finu hafa stafna
skjalldhlynur aljum dynja;	hátt Sigvalda á móti;
Þá er ólitinu utar	margr skalf hlyntr en hvergi
oddherðir þar gjörðar	hingendr bana ugðu
mörg var línd fyrir landi	þeir er gátu sjó slita
lundi síns föður ríðaðu.	sárgangs blóðgum ára.

Ok enn sagði haun svo :

<sup>1)</sup> Primsignd, R.      <sup>2)</sup> Harund, R.

Sigvaldi leggr skip sitt í miðja fylkíng, en þorkell háfi, bróðir hans, leggr þar skip sitt næst honum; en Búi digri ok Sigurðr kápa, bróðir hans, þeir leggja skip sín út í fylkingar armenn annann; en Vagn Ákason ok Björn enn brezke skipa annann arm. En þeir Hákon jarl ætla fyrir sér í öðru lagi, hverir berjast skulo í móte þessom köppum af þeirra liðe, ok skipa þeir svá til í flestom stöðum, at 3 voru ætlaðir í móte einom þeirra. Nú muno vér þar fyrst til-taka, at segja frá þeirra tilskipan, at ætla Svein Hákonarson í móte Sigvalda. En 3 mönnum var skipat í móte þorkatli háfa, bróður Sigvalda, ok var þar Yrjaskeggi einn, en annarr Sigurðr steiklingr norðan af Hálogalandi, 5ði Pórir, er kallaðr var hjörtr; ætlaðir voru enn 2 menn-innir með Sveine Hákonarsyni í móte Sigvalda, þeir er eigi var áðr getið: Guðbrandr or Dölum ok Styrkarr af Gimsum. Í móti Búa var ætlaðr þorkell miðlángr, lendr maðr jarls, ok annarr Hallsteinn kerlingabane<sup>1)</sup> af ... lum<sup>2)</sup>, ok enn 5ði þorkell leira, hann var lendr maðr jarls. En á móti Sigurðe kápo, bróður Búa, voru þeir feðgar [Ármóðr or Önundarsírði ok Árne son hans<sup>3)</sup>]. En í móti Vagne Ákasyni var ætlaðr Eiríkr jarl Hákonarson, ok annarr Erlíngr af Skugga, enn 5ði Ögmundr hvíte, ok sá enn same átte at gjalda Vagne handarhöggit,

<sup>1)</sup> kerlingr, R.

<sup>2)</sup> Fjöllum, B; Fljóðum, F, en vantar i R.

<sup>3)</sup> Ármóðr ok Ámi ok Fiðr, R.

sem fyrr var sagt. Á móti Birne enom brezka var ætlaðr Einarr little, lendr maðr, annarr Hávarðr uppsjá, 3) Hallvarðr af Flyðronesi, bróðir Hávarðar; en Hákon sjálfr skal leika laus við svá, ok var öngum ætlaðr einkum í móte, ok skal hann styðja allar saman fylkingar, ok ráða fyrir liðeno. Þat er frásagt at 4.) menn íslenzkir hafi verit með þeim feðgum Hákoní ok Eiríke, þeir er nefndir ero: Þar er til nefndr Einarr, er þá var kallaðr Skjaldmeyjar- 2) Einarr, hann var skáld jarls, ok hafðe þá líttinn sóma af jarli, hjá því sem verit hafðe. Einarr hafði þat mjök í mali, at hann mundi hlaupa or flokke jarlsins Hákonar ok til Sigvalda, ok síðan kveðr hann vísu:

Gerða ek [veig of 5) virða  
víðis illrar tíðar,  
þat vann ek meðan aðrir  
örvafaðar 4) sváfu;  
[komkað ek þess 5) þar er þótte  
þíngsættis 6) fè betra,  
meiðr sparir hödd við hróðri  
hverr en skáldit verra 7).

Enda skal ek at vísu til Sigvalda, segir hann,

<sup>1)</sup> 5, E.

<sup>2)</sup> Skjaldmeyjar, R.

<sup>3)</sup> víg um, F.

<sup>4)</sup> örva veðrs, F.      <sup>5)</sup> kátr er þrótt, F.      <sup>6)</sup> þíng-

sættis, F.      <sup>7)</sup> B hefir þessa vísu þannig:

Gjörða veit ek virða

komkot ek þrótt þann er þrótt

vörð þann er sítr á jörðu,

þrenna línz at finna

yðrunst þess, meðan aðrir

færí mik firða mæri

örváðir meðan sváfu;

fere skjald enn verni.

eigi mon hann minna sóma gera til mfn, enn jarl gerir. Hann hleypr síðan utan af skipe Hákonar jarls ok á bryggjornar, ok gerir á sér brautfús sem mestan, en hleypr eigi skeleggliga <sup>1)</sup> í brott, ok vill sjá hvernog jarli brygði við; ok er hann kömr á bryggjornar, þá verðr honum enn vísa á munne, ok kveðr til Sigvalda:

Sækjum jarl, þanns auka  
 úlfs <sup>2)</sup> verðr <sup>3)</sup> þorir sverðum  
 hlöðum <sup>4)</sup> við <sup>5)</sup> borð á barda  
 baugskjöldum <sup>6)</sup> Sigvalda;  
 drepr eigi sá <sup>7)</sup> sveigir  
 sárlinns er <sup>8)</sup> grams <sup>9)</sup> finnum,  
 rönd <sup>10)</sup> berum út á andra  
 Endils <sup>11)</sup>, við mér hendi.

Ok nú finnr Hákon jarl, at Skjaldmeyjar-Einarr er nú í brottbúníngi, ok nú kallar jarl á hann, ok biðr hann gánga þangat til máls við sik, ok hann gerir svá; síðan tekur jarl skálir góðar, þær er hann átti, þær voro gervar af brendu silfri ok gyldar allar; en þar fylgðo 2 met, annat af gulli, en annat af silfri; á hvárotveggja metino var gert sem væri líkneskja <sup>12)</sup>, ok héto þat hlotar, en þat voru reyndar hlutir, sem mönnum var titt at hafa, ok fylgðe þesso náttúra mikil, ok til þess alls, er jarli þótti skipta, þá

<sup>1)</sup> hennig A, F.    <sup>2)</sup> úlf, B.    <sup>3)</sup> verðr, R, F, B.    <sup>4)</sup> hlaupum, B.    <sup>5)</sup> vér, R.    <sup>6)</sup> baugmildum, B.    <sup>7)</sup> svá, R.    <sup>8)</sup> af, B.    <sup>9)</sup> gram, R, F, B.    <sup>10)</sup> rönd, F.    <sup>11)</sup> endis, B.    <sup>12)</sup> manns, b, v, B, F, R.

hafðe hann þessa hluti. Jarl var því vanr at leggja hluti þessa í skálernar, ok kvað á, hvat hvár skyldi merkja fyrir honum, ok ávalt er vel gingo hlutir, ok sá kom upp, er hann vilde, þá var sá ókyrr hlutrinn í skálinni, er þat merkði, er hann vilde at yrðe, ok breysti sá hlutrinn nokkot svá í skálenne, at glam [þat] varð af. En þessar gersimar gefr jarl Einari, ok verðr hann við þetta kátr ok glaðr, ok sezk nú aptr at brottförinne, ok ferr ekki á fund Sigvalda. Ok af þesso fær Einarr nafn, ok er síðan kallaðr Einarr skálaglam. Sá maðr var þar annarr íslenzkr, er hét Vigfús, son Víga-glúms; þriði pórðr, er kallaðr var örvalhönd; fjórði Þorleifr, er kallaðr var skúma, hann var son Þorkels ens auðga vestan <sup>1)</sup> or Dýrafirði <sup>2)</sup> or Alviðro <sup>3)</sup>. Þat er sagt frá Þorleifi, at hann fær sér í skógi klumbu eina mikla eða hálfroteldi <sup>4)</sup> þat, ok ferr síðan þángat, er matsveinar hafa elda ok matbúa, ok svíðr klumbuna utan alla nokkot svá, ok hefir hana í hendi sér, ok ferr á fund Eiríks Hákonarsonar, ok gengr Eiríkr þá ofan til skips, ok er þar þá í för með honum Einarr skálaglam, ok þá slæst Þorleifr í för með þeim; ok er Eiríkr sér hann, þá mælti hann: hvat skal þér, Þorleifrl segir hann, klumba

<sup>1)</sup> af Mýrum, b. v. B.    <sup>2)</sup> fumi var, b. v. B.    <sup>3)</sup> Tindr Hallkels son, b. v. B.    <sup>4)</sup> þannig A, R; er róteldi, B; v. i. F.

sú in mikla, er þú hefir í hendí. En Þorleifr svarar honum á þá leið:

Hefi ek í hendí  
til höfuðs gerfa  
beinbrot Búa,  
böl Sigvalda,  
vå víkínga,  
vörn Hákonar;  
sjá skal vera <sup>1)</sup>),  
ef vér lifom,  
eikikylfa  
óþörf Dönom <sup>2)</sup>.

Ok nú fara þeir þar á skip [4 íslenzkir <sup>3)</sup> menn með Eirike, Þorleifr skúma ok Einarr skálaglam, Vigfús Vígaglúmsson ok Þórðr örvaþönd.

43. Nú eptir þetta leggjast at fylkíngar með þeirri tilskipan, sem nú var tjáð ok sagt, ok er Hákon jarl í fylkíngi með Sveini syne sínom at efla hann í móti Sigvalda, ok tekst

<sup>1)</sup>) verða, B, R, F.      <sup>2)</sup>) F, B, R bæta við þessu: þá tók Vigfús Vígaglúmsson, ok hvattí spjót, er hann átti, ok áðr þeir herðist kvað hann vísu þessa:

Oss er <sup>1)</sup> leikr, en lauka      [hlyss kveð ek hel ab ossa <sup>7)</sup>]  
liggr heima vinr <sup>2)</sup> feimu,      hann væntir sér annars  
þraungr <sup>3)</sup> at Viðris veðri <sup>4)</sup>      vífs <sup>8)</sup> undir <sup>9)</sup> vörnum hægi,  
vanðar <sup>5)</sup> góðr <sup>6)</sup> fyrir handum; vér skreytum spjört neyta.

Vel er þetta kveðit, segir jarlinn.

<sup>3)</sup>) hinir íslenzku, B.

<sup>1)</sup>) u. i B.      <sup>2)</sup>) u. i B.      <sup>3)</sup>) þryfugr, R.      <sup>4)</sup>) varðar, B.  
<sup>5)</sup>) vönðr, B.      <sup>6)</sup>) goð, R.      <sup>7)</sup>) hlyss kveðju hæla  
bossa, B; loð kveð ek hæla bossa, R.      <sup>8)</sup>) vis, B.  
<sup>9)</sup>) und, R.

nú inn harðasti bardagi millom fylkínganna, ok er hvàrigum sóknar at frýja nè framgaungu; ok er þat sagt, at at jöfnu gengr með þeim Sigvalda ok þeim seðgum, svà at hvàrigir láta undan síga sín skip. En þá er svà (er) komit, þá geta þeir Hákon jarl at líta, at Búi hefir á gjört mikinn bug á fylkíngó þeirra, þar sem hann var, inn nörðra arminn, ok höfðu þeir, er við hann börðost, látið síga skipeu undan, ok þótti þeim sem betra mundi fírr honum, en hann gengr þó á eptir eigi at sifðr, ok verðr hann þeim stórhöggr, ok fá þeir illt af honum, ok er hann mannskœðr í bardaganom. Jarl getr at líta, at mjök var jafnleikit með þeim Eiríke ok Vagne at svà búno, ok ero þeir í fylkíngar arminum syðra. Ok nú leggr Eiríkr frá þaðan skip sitt, þat er hann er á sjálf, ok Sveinn bróðir hans öðru skipe, ok fara þeir nú brœðrnir ok leggja nú at Búa, ok berjast við hann, ok geta rætta fylkíng sína, ok eigi betr. En Hákon jarl bersk við Sigvalda meðan, en þá er Eiríkr kemr aptr í fylkíngararminn syðra, þá hefir Vagn á gjört mikinn bug á liðe Eiríks, ok hafa látið undan sígast, ok þá hafa sundrskila orðit skipen Eiríks, ok hafa þeir Vagn gingit þar í gegnum fylkíng, ok lagt svà fast at þeim. Ok nú verðr Eiríkr reiðr mjök, er hann sér þetta, ok leggr nú járnbarðann at harðfengliga at skeiðinne, þeirri er Vagn stýrði, ok stínga

þeir nú saman stöfnum, ok berjast þeir nú af nýjo, ok hesir eigi verit snarpari orrostan, enn nú er. Ok þat er nú frásagt, at Vagn ok Áslákr hólmskalli hlaupa af skeið sinne ok á járnbarðann Eirfsks, ok gengr síðan með síno borðe hvárr þeirra, ok höggr Áslákr hólmskalle á tværhendr, svá má at kveða, ok svá Vagn it sama, ok svá ryðjast þeir nú umb, at allt hrökkr liðit fyrir. Eiríkr sér þat, at þessir menn ero svá óvægnir ok óðir, at eigi mon lengi lýða svá búit, ok mon þurfa sem bráðast at leita ráða jarls. Áslákr er maðr sköllóttr, at því er sagt er, ok hesir öngan hjálm á höfðe, etr fram berom skallanom um daginn, ok er heiðviðri á ok bjart veðrit ok varmt, ok fara margir menn af klæðum fyrir hita sakir, ok hafa ekki nema herklæðin ein. Ok nú eggjar Eiríkr menn sína í móti þeim, ok ráða þeir í móti Ásláki hólmskalla, ok bera våpn á hann, höggva í höfuð honum bæði með sverðum ok eyxum, ok þótti þeim sem honum munde eigi annat geigvænligra, þars hann hafðe beran skallann fyrir. En þó er svá frásagt, at våpnin hrjóta af upp af skallanom Ásláks, hvárt sem þeir færa í höfuð honum sverð eða eyxar, ok beit ekki á, ok hrýtr örskallanum við höggin. Ok nú er þeir sjá, at hann gengr fram hart, hvatke er þeir hafa at, ok ryðsk hann um [it sitt <sup>1</sup>], höggr á báðar hendr, bæði titt ok hart ok stórt, ok fellir margan mann.

<sup>1</sup>) *Pannig A; hit sama sinn, F.*

Þat er nú frásagt, at Vigfús, son Vígaglúms, tekr þat fángaráðs, at hann þrífr upp nefsteðja einn mikinn, er þar lá fram á þiljom á járnbarðanum, ok þar hafðe Vigfús áðr hnoðit við sverðshjölt sín, er losnað höfðu, ok færir síðan steðjan i höfoð Ásláke hólmskalla, svá at þegar sökkr steðjanefit, en við því átti hann eigi gert, ok fellr hann niðr þegar dauðr. En Vagn gengr með borðe öðru, ok ryðsk umb it harðasta, höggr á tvær hendr, ok veitir mörgum manni skaða; ok er því ferr fram, þá hlöypr Þorleifr skúma í móti Vagne, ok lýstr til hans með kylfonne, ok kömr höggit á hjálmann uppe, ok spríngr fyrir þó undir, svá varð höggit mikil, ok hallast hann við, ok stakar nær at honum Þorleifi við, ok jafnt í því hann stakaðe, þá stakk hann sverðino til hans Þorleifs; ok síðan stiklar hann út af Járnbardanom, ok kömr niðr standandi í skeið sína sjálfs, ok hefir engi verit snarpari í atsókninne, enn nú var hann ok allir hans menn; en svá höfðu þeir Hólmskalli þó ruddan Járnbardann fyrir Eiríki, at hann lét mennina þángat gánga af öðrum skipum, þar til er hann var alskipaðr, ok þótti honum eigi annat lílýða mega, ok tekst nú enn in harðasta atlaga með þeim Vagne. Ok því næst sjá þeir Eiríkr, at Hákon faðir hans ok fylking hans var kominn at landi, ok verðr nú á hvild nokkor á bardaganom.

44. Nú hittast þeir feðgar allir saman ok

talast við; þá mælti Hákon jarl: Þat þykkjomst ek sjá, segir hann, at mjök tekr á oss at hallast bardaginn, ok var hvárttveggja, þegar at ek hugða til þess, verst at berjast við þessa menn, enda reynist mér svá, at mér þykkja öngvir vera þessom mönnum líkir, at eigi sè þessir menn verri viðreignar, ok þat kann ek sjá, at oss mon eigi svá búit hlýða, ef eigi er ráðs leitat, ok skulot er nú vera eptir með herinom, þvíat úvarligt er, at höfðingjarnir allir fari frá liðino, ef þeir leggja at, Jómsvikingar, ok er þess aldregi örvaent. En ek mon gánga á land upp með nokkora menn, ok sjá þá enn hvat í gerist, segir Hákon jarl. Ok nú ferr jarl á land upp með nokkora menn, ok ferr norðr í eyna Primsigð, en þar var mörk mikil í eyjонni. Síðan gengr hann í rjóðr eitt, er í mörkinne var, ok leggst jarl þar niðr á kné bæði, ok biðst fyrir, ok horfir þó í norðr, ok mæltist nú fyrir, sem honum þóttu vænligast, ok þar kömr nú bœnarorðum hans, at hann skorar á fulltrúa sinn, Þorgerðe Hörðatröll <sup>1)</sup>, en hún daufheyrist við böen jarls, ok þykkist hann þat finna, at hún mon honum reið orðin, ok býðr hann henne nú at þiggja af sér ýmsa hlute í blótskap, ok vill hún ekki þiggja, ok þykkir honum allóvaent horfa málit. Ok þar kömr því mále loks, at hann býðr fram mann-

<sup>1)</sup> Hörðabruði, F; Hölgabruði, R; Höldabruði eða Hörðatröll, þvíat ýmist er hún kallað, B.

blót, en hún vill þat ekki þiggja, er hann býðr henne í mannblótum. Nú þykkir jarli óvænkast sitt mál, ef hann fær eigi sefat hana, tekru nú ok eykr boðit við hana, ok þar kömr máli, at hann býðr henne alla menn aðra, nema sjálfan sik ok sono sína, Eirík ok Svein. En jarl átti son, þann er Erlíngr hét, ok var 7 vetr gamall ok enn efniligsti maðr. En þat verðr nú of síðir, at Þorgerðr þiggr af honum, ok kýs nú Erlíng son jarls. Ok nú er jarli þykkir honum vænkast umb; ok lætr síðan taka sveininn, ok fær hann í hendr [Skopta Kark<sup>1)</sup>] þræli sínom, [ok veitir hann sveininom fjörlöst með þeima hætti, sem Hákon var vanr, ok hann kenndi honum ráð til<sup>2)</sup>]. Nú eptir þetta ferr jarl til skipa sinna, ok eggjar nú lið sitt allt at nýjo: ok veit ek nú víst, segir hann, at vér munom sigrast á þeim Jómsvíkingom, ok gángit nú fram at betr; þvíat nú hefi ek heitið til sigrs oss á þær systr báðar, Þorgerði ok Irpu, ok muno þær eigi bregðast mér nú heldr enn fyrr. Ok nú hefir hvíld verit á bardaganum, meðan jarl var í brautu, ok hafa þá enn hváritveggjo búizt við orrostonne, sem vænligast þótti, meðan þessi dvöl var. Nú eptir þetta gengr jarl á skip, ok leggjast þeir nú at öðru sinne, ok er jarl nú í móti Sigvalda, ok

<sup>1)</sup> þannig A, B, R; Skopta, F.

<sup>2)</sup> fer hann ok sker sveininn á háls, sem H. j. mælti fyrir, B.

gengr nú fram it harðasta í trausti Hörðabréðar ok Irpo; ok nú tekr veðrið at ylgjast í norðrit, ok dregr upp ský dökkt ok dimmt með hafino, ok gengrupp með öllu skjótt; en þat var í þat mund dags, er tók ut eyktina <sup>1)</sup>, ok dregr nú yfir skýit skjótt ok fylgir þegar jel, ok þótti þeim, sem þángat væri bæði eldíngar ok reiðarþrumor, því allir Jómsváfingar átto at vega í gegn jelino. En þetta jel var svá með miklom býsnom, ok veðrit þat er fylgði, at ekki mátto sumir menn betr, enn fá staðizt; ok nú er menn höfðu áðr um daginn farit af klæðunum fyrir hita sökum, en nú var veðrit nakkvat öðruvíð, ok tekr þeim nú at gnolla, ok er þó svá, at þeir sökja bardagann frýjolaust. Þat er sagt at Hávarðr höggvandi, förunautr Búa, sér fyrstr manna, hvar Hörðabréðr er í liðe Hákonar jarls, ok margir sjá þat ófreskir menn, ok svá þeir, er eigi voro ófreskir; ok þat sjá þeir með, þá er líttas linaði jelino, at ör fló, at því er þeim þótti, af hverjom fíngri flagðsins, ok varð ávalt maðr fyrir, svá at bana fèkk af. Ok nú segja þeir Sigvalda ok öðrum sínum félögum; ok nú tekr Sigvaldi til orða ok mælti, þvíat þeir Hákon sóttu þá bardagann, sem þeir mátto, er jelino laust á ok meðan þat hélzk: égi þykki mér, segir Sigvaldi, sem verð egim hér við menn at berjast í dag,

<sup>1)</sup> þá var svá komit deginum, er þetta var tilfinda, at heldr tók út eyktina, F; en v. i. B, R.

heldr við en versto tröll, ok mon þat þykkja nokkot mannvandara, at gánga vel í móti tröllunum, ok er þó einsætt at menn herðist við sem bezt. Þat er nú sifrasagt jarlinom Hákon, at þá er hann finnr [at jelino latra <sup>1)</sup>], ok eigi var jafn ákaft, sem verit hafði, þá hét hann enn á þorgerðe ákafliga ok systor hennar Irpu, ok telr hann þat til við hana ok þær <sup>2)</sup>, hverso mikil hann hefir tilunnit, er hann hefir blótað synsínom til sigrs sér. Ok nú rekr at jelino annat sinne, ok í þessi jelino öndverðo þá sér Hávarðr höggvandi, at <sup>2</sup> konor ero á skipe Hákonar jarls, ok hafa eitt atferli báðar, jafnt sem hann hafðe fyrr sèð til annarrar <sup>3)</sup>. Ok

<sup>1)</sup> eðra látra, *A*; at eldi nokkut élít *F*; at élít minkar, *B*.

<sup>2)</sup> Þannig lagfært eptir *B*, *F*; þeir, *A*. <sup>3)</sup> *B* bætir þessu við: þat er sagt, at þeir Hákon jarl gjörðu bardar atlögur ok börðust nú djarfliga. Nú er þess getið at Hákon jarl bardist svo djarfliga, at um síðir steypite hann af sér brynjunne fyrir hita sakir ok erfiðis, svá segir Tindr:

Vaðar <sup>1)</sup> gius sem gjörði	[þars hríng fjáin <sup>5)</sup> hánga
[lgjog tímum ímu <sup>2)</sup> herða	[larim serkr viðr um merki
gufyr óx Fjölnis fyrða <sup>3)</sup>	brynu ruðz <sup>6)</sup> riðmarar roðz <sup>7)</sup>
fuglylig <sup>4)</sup> sueng jarle;	rastar varðar <sup>8)</sup> kasta.

Ok emi kvað hamm:

Gat <sup>9)</sup> óhræðimi wðru	aðr mótt röðuls <sup>11)</sup> mættu
odd <sup>10)</sup> galdrs enn Sigvaldi	imageudlr <sup>12)</sup> grinnis vagna <sup>13)</sup>
vitt sökk nære nýtar	saung at sverða þingi
viðruám Búa kvánti;	sírla þrenskum <sup>14)</sup> jarli.

<sup>1)</sup> varða, hefir afskriftin No. 288 i 4, sem úr er tekninn orðamur til viðnanna, sem *B.* bætir við. <sup>2)</sup> gerðr bjúglimum. <sup>3)</sup> fura. <sup>4)</sup> farlig. <sup>5)</sup> þá er hríng fám. <sup>6)</sup> brynu serkr viðurr brynu hnuduz. <sup>7)</sup> roða. <sup>8)</sup> varð að. <sup>9)</sup> bat. <sup>10)</sup> óðs. <sup>11)</sup> röðurs. <sup>12)</sup> margr-endir. <sup>13)</sup> vágga. <sup>14)</sup> þrángs um.

nú tek Sigvaldi til orða ok mælti: nú vil ek brott flýja, segir hann, ok geri svá allir mírir

Ok enn kvað hann:

Dreif at Viðris veðri	[bars <sup>5)</sup> í sandr á sandi
vargi grím á murgan	Sörla hlígs <sup>6)</sup> fyrir jarli
verð <sup>1)</sup> auðkundu <sup>2)</sup> viðri	pess hafa seggir sessi
vagl agls <sup>3)</sup> túnis hagli <sup>4)</sup>	[serk hríung <sup>7)</sup> ofin merki.

Þá hruðust af Jómsvíkingum hálfr priðé togr skipa, ok þat segir Tindr Hallkelsson í flokki þeim, er hann orti um Jómsvíkinga, ok hevir svá þar til, at hann var þar sjálfur:

Vann at níunda <sup>8)</sup> sinne <sup>9)</sup>	at hjör <sup>11)</sup> meiðar herðir
verð bjóði hugins ferðar	hötting var þat nætti
beit sólgagar <sup>10)</sup> sveita	leiðar lánga skeiða
sverð eggja spor leggi;	liðs hálfan tog <sup>12)</sup> priðja.

Ok enn kvað hann:

Forráð jarlenn ára	undz þá er brauð emi hauðri
hendr <sup>13)</sup> hermörðuna kendi	hjaldr væsi ek þat gjöldum
[Göndlar dóm] at glumi	minnar fús á nætti
geirs tirar för meire;	mordr vikinga skeiðar <sup>14)</sup> .

Ok enn kvað hann:

Gjörðust Göndlar borda	kent hefir hægr at höggva
glammt óx þar at er manni	hræ ber hirtungum sénar <sup>15)</sup>
auði grímis at <sup>15)</sup> eyðist	veðz eggi undum viggjar
öll lönd Dana brandi;	veggs <sup>17)</sup> niðs <sup>18)</sup> um þat Skeggi.

Ok enn kvað hann:

Saddi jarl [bars <sup>19)</sup> odda	[inorð skyfar <sup>23)</sup> varð mónum
of [þing saman <sup>20)</sup> gengu	Misar gött til vístu.
van hugða <sup>21)</sup> valt húngvi <sup>22)</sup>	heiðins dóm] at haða
Ilvana byrgis nafni;	öld vanu markar síðu

<sup>1)</sup> varð. <sup>2)</sup> auðkunda. <sup>3)</sup> agls. <sup>4)</sup> agli. <sup>5)</sup> þars. <sup>6)</sup> blings. <sup>7)</sup> serkhríng. <sup>8)</sup> Vinda. <sup>9)</sup> sini. <sup>10)</sup> sólgængius. <sup>11)</sup> hjörð. <sup>12)</sup> tug. <sup>13)</sup> bend. <sup>14)</sup> hjaldr reesi ek þat gjöldum minnar fusa nætti; mordr vikingu skeiðir <sup>15)</sup> er, b. v. <sup>16)</sup> sjónar. <sup>17)</sup> veg. <sup>18)</sup> Snids. <sup>19)</sup> sár er. <sup>20)</sup> þing sunnar. <sup>21)</sup> huga. <sup>22)</sup> hængr. <sup>23)</sup> mordskigr.

menn, ok er nú því verr enn fyrr, þá er ek gat umb þetta, at vér berjomst nú við 2 flögðin, er þá var eitt, enda skal nú eigi lengr viðhaldast; enda er þatt til kostar, at eigi flýjum vér fyrir mönnonum, þótt vér haldim undan, ekki strengðu vér fess heit, at berjast við tröll. Ok nú snýr Sigvaldi undan skipe síno, ok kallar á þá Vagn ok Búa, at þeir skyldu undan flýja sem harðast. Ok nú í því bile, er Sigvaldi hafði frá flotanom leyst skip sitt, ok hann kallar á þá Búa ok Vagn, þá hleypr þorkell miðlúngr af skipe síno ok á skipit Búa, ok höggr þegar til Búa, ok berr þetta nú allbráðum (at). Hann höggr af honum vörina ok hökuna alla niðr í gegnum, svá at þat felli þegar niðr í skipit, ok fuko tennrnar or Búa við höggvit, þat er hann fækki. Þá mælti Búi, er hann fækki sárit: versna mon enne dönsku

Ok enn kvað hann:

þat vill öld meðan aldri	því hykk bitrum beita
ýngs kveðju menn byggja	band at vildu <sup>1)</sup> landi
gnógt þat er göglum veitti	hykk lár eiðe lyða
glaum llákonar æfi;	leit <sup>2)</sup> hverjum gram betri.
Hrauð en hropti um <sup>3)</sup> náði	þar var líndz <sup>5)</sup> fyrir landi
bjaldr skyða val nýum <sup>4)</sup>	leiðangr <sup>6)</sup> Dana skeiðar.

Bessi hríð var nú harla ógylig af atsókn djöflanna með því illa veðri, er þar fylgði, ok af algungi liðsins, en viðrtakan var ok allhörd af Jómsvikingunu, þvíat háðir þeir Búi ok Vagn ok allir þeir, er þeim fylgðu, hörðust ok alldjarfliga með mikilli hreysti ok ágætri vörnu.

<sup>1)</sup> villu.    <sup>2)</sup> leit.    <sup>3)</sup> hoptum.    <sup>4)</sup> myðum.    <sup>5)</sup> língs.  
<sup>6)</sup> leiðgángr.

þykkja at kyssa oss, segir hann, í Borgundarhólme, þótt vér komem enn þángat þesso næst. Búi höggr í móti til þorkels, en hált var á skipino, er blöðugt var, ok fellr hann þorkell í skjaldrinna<sup>1)</sup>, er hann vildi forða sér við höggino, ok kömr nú höggit á hann miðjan, þorkel, ok höggr Búi hann í sundr í två hluti út við skipsborðit. Ok þegar eptir þetta, þá tekur Búi gullkistor sínar í sína hönd hvára, ok hleypr síðan fyrir borð með kistornar báðar, ok kömr hvárke upp síðan, svá at menn sei kistornar nè hann. Þat segja sumir menn, þá er Búi sté upp á borðit, ok ætlaði at gánga fyrir borð, sem hann gerði síðan, at hann hafi mælt þessom orðum: fyrir borð, allir Búa liðar! segir hann, ok þá þegar stígr hann fyrir borðit<sup>2)</sup>. Nú er þar til at taka, er Sigvaldi dregst út frá flotanom, ok gáir eigi þess, er Búi er

<sup>1)</sup> þannig A; skjaldrimina, R.    <sup>2)</sup> B. bætir þessu við: ok er þat mál manna, at engi einn hafi meiri kappi verit í liði þeirra Jónsvíkinga, enni Búi digri, hafði hann ok svá margan mann drepit í bardaganum, at þat kunnui enginn maðr at telja; svá segir Tindr:

Þá er fyri borð á barda	mikinn gjörði herr björva
i hrúðarfäng at gánga	hljómr Búi sunnan
veðr magnanda Viðris	baugz skerðr <sup>4)</sup> at breiðu
virðendr Búa kenda;	baldr Hákonar valdi.

Undr er þreytt af þundi<sup>2)</sup> gulli<sup>5)</sup> safnaðar<sup>6)</sup> grunna  
þann kendi<sup>3)</sup> val er sendir<sup>7)</sup> Goðinar<sup>7)</sup> hrænum firri.

Svá heitir fjörðrinn. Nú falla margir menn Búa, en sunnar  
hlampa syri borð, ok hafði hvern þeirra áðr marga menn felda.

---

<sup>1)</sup> skeiðir.	<sup>2)</sup> þundi.	<sup>3)</sup> bendir.	<sup>4)</sup> sendi.	<sup>5)</sup> gulls.
<sup>6)</sup> safnaða.	<sup>7)</sup> geðimrar.			

fyrir borð gingenn, ok kallar nú á þá Vagn ok Búa, at þeir skyldi flýja sem hann. En Vagn svarar honum ok kvað viso:

Sigvaldi hefir <sup>1)</sup> setta  
sjálfa oss und kylfo,  
en [fárhugaðr fnaudi <sup>2)</sup>  
fór heim <sup>3)</sup> til Danmarkar;  
hyggr <sup>4)</sup> í faðm at falla  
fljótt und <sup>5)</sup> kono sinne,  
en fyrir borð et breiða  
Búi gekk með hugrekki <sup>6)</sup>.

Þat er sagt at Sigvalda var orðit kalt í jelino, ok hleypr hann til ára, ok vill láta orna sér, en annarr maðr sezk við stjórnina; ok er Vagn hafði kveðit vísona, ok hann sér Sigvalda, þá fleygir hann spjóti til hans, ok ætlaði at hann sæti enn við stjórnina, en Sigvaldi var þá þó við árar, ok hlaut sendíngina sá er stýrðe. Ok þá er Vagn fleygði af hendi spjótino, þá mælti hann til Sigvalda, at hann skyldi fara manna armastr. En Porkell háfi, bróðir Sigvalda, ferr í brott þegar, er Sigvaldi var farinn, ok hafði 6 skip, ok svá Sigurðr kápa, þvíat Búi bróðir hans var þá fyrir borð gingenn, ok var þá ekki hans at bíða, ok þykkist nú hvártveggi þeirra hafa efnt <sup>7)</sup> sína heitstrenging,

<sup>1)</sup> svá, b. v. B.    <sup>2)</sup> fárhugaðigr flýði, B; fárhugaðr flæði, R.

<sup>3)</sup> þannig lagfært í A fyrir aptr.    <sup>4)</sup> hygzt, B.

<sup>5)</sup> nú eðu aa, B; avri, R; vin, F.    <sup>6)</sup> hugreiði, B.

<sup>7)</sup> Lagfært fyrir hefslat, A; ent, F.

Porkels ok Sigurðar, ok fara þeir nú allir, þar til er þeir koma heim til Danmerkr, ok höfðu í brott með sér 4 skip ok 20; en allt þat, er afkomsk þeim skipom, er eptir voru, þá hlaupa þeir allir upp á skeiðina Vagns, ok verjast þar allir saman et hvatligsta, allt þar til er myrkva tók <sup>1)</sup>, en þá sleit bardaganom, ok stóðu þá enn upp mjök margir menn á skeiðinne Vagns, ok varð þeim Hákon jarli dagfátt til at leita um skipen, hvat lífvænt væri eða lífs, ok lètu vörðu á halda um nöttina, at engi maðr skyldi komast af skiponum þeirra um nöttina, Jómsvíkinga, ok tóko frá reiðin öll frá skiponum. Ok er þetta var atgjört, þá róa þeir Hákon jarl til lands, ok skjóta yfir sik skjöldum <sup>2)</sup>, ok þykkjast nú eiga sigri at hrósa. Nú síðan vega þeir haglkornin, ok reyna svá ágæti þeirra systra, Þorgerðar ok Irpo, ok þykkir vel reynast, ok er þat frásagt, at eyri vægi eithvert haglkornet, ok vágú þeir í skálum. Ok nú eptir þetta, þá ero bundin sár manna, ok yaka þeir of nöttina Hákon jarl sjálfr ok Gudbrandr ór Dolum.

45. Nú er at segja frá þeim Vagne ok

<sup>1)</sup> *Bætir þessu við:* ok síðu þeir eigi unnið skeiðina Vagns þetta kveld; kvað Vigfús Vigaglúmsson þá, er menu sökut at skeiðinni Vagns Ákasonar:

Varðar hægt þar er hurðir	þar gengum vér þróngvar
hjörklöfnar sá ek hrorna	punn íse hauð grímnar
hátt saung hjörva geitis	straung var danskra drengja
hers til Vagns at leggja;	dörrinn flaug til knarrar.
2) tjöldum, F.	

Birne enom brezka, at þeir ræða um með sér, hvat þeir skulo til raða taka: ok er annattveggja til, segir Vagn, at vera hér á skiponum, þar til er dagar, ok láta þá taka oss hér höndum, ok er sá úkjörligr, en hinn er annarr, at leggja til lands ok gera þeim þat flitt, er vèr megum, ok leita síðan at koma oss undan at forða oss. Þat ráða þeir nú or allir saman, at þeir taka siglotrèit [ok rána <sup>1)</sup>] ok fara af skipino, ok flytjast þar á, ok ero saman 80 manna, ok flytjast á trjánom í myrkrino, ok vildu til landsins flytjast, ok komast í sker eitt, ok þóttost þá komnir á meginland, ok voro þá farnir margir menninner mjök, ok þar létu 10 menn líf sitt um náttina, þeir er sárir voru, en 70 lifðu eptir, ok voru þó margir raunar mjök þrekadír, ok verðr nú ekki farit lengra; ero þar of náttina. Þat er nú ok frásagt, þá er Sigvaldi hafði undan flýit, at þá tók af jelit ok eldíngar ok reiðarþrumor allar, ok varð eptir þat veðrit kyrt ok kalt, ok svá er nú ok um náttina, er þeir Vagn ero í skerino, þar til er dagr er, ok allt til þess er ljóst er orðit. Þat er sagt, at þá er skamt er til dags, at þeir menn jarls ero þá enn at binda sár sín, ok hafa at verit alla náttina, frá því er þeir lögðu at landi, ok olli þat því, at fjöldi manna var sárr orðinn, en þó höfðu þeir nú lokit mjök svá. En nú eptir þetta þá heyra þeir, at strengr

<sup>1)</sup> þannig B, R, F; v. i' A.

gellr út á skipi, ok flýgrör af skipino, hví er Búi hefir á verit, ok kömr undir hönd honum Gudbrandi frænda jarls, svá at hann þarf eigi fleira, ok er hann þegar dauðr, ok þykkir jarli ok öllum þeim þetta vera enn mesti skaði, ok taka þeir at búa of lík hans, svá sem þeim sýnest, hvíat þar voru engi önnor efni at. Þess er viðgetið, at maðr einn stóð hjá tjalldsduronom, ok þá er Eiríkr gekk inn í tjaldit, þá spyrr Eiríkr: hví stendr þú hér, segir hann, eða hví ertu þannig yfirlits, sem þú sér at bana kominn, eða hvárt ertu sárr? [Þar var Þorleifr skúma. Eiríkr mælti: þat kann ek sjá, segir hann, at þú ert at bana kominn <sup>1)</sup>). Þorleifr svarar honum: eigi munda ek vita, segir hann, at blóðrefillinn Vagns Ákasonar kœmi við mik í gær líttuð, þá er ek laust hann kylföhöggit. Jarl mælti þá: illa hefir þinn faðir þá haldit [út á landinu, segir hann, ef þú skalt nú deyja <sup>2)</sup>). Þetta heyrðe Einarr skálaglamm, er jarl mælti; þá verðr honum Einari vísa á munne:

þat kvað jarl at ærri <sup>3)</sup>  
unnvigs <sup>4)</sup> fyrir haf sunnan  
þá er á seima særí  
sárr elda spjör <sup>5)</sup> váro <sup>6)</sup>:  
öllungis hefir illa

<sup>1)</sup> þannig F, B, v. i' A.      <sup>2)</sup> v. i' R; út á Islandi e. p. sk. ná d. svá röskr drengr, B; á landinu út e. p. s. hér deyja, P.      <sup>3)</sup> æri, R; væri, B.      <sup>4)</sup> brenvigs, B.  
<sup>5)</sup> spor, R; spör, B; spavr, F.      <sup>6)</sup> vörn, B.

eybaugs, ef skalt <sup>1)</sup> deyja,  
vér <sup>2)</sup> hyggjom þat, viggja <sup>3)</sup>  
valdr þinn faðir haldit.

Ok nú fellr Þorleifr skúma niðr dauðr eptir  
þetta.

46. Ok þegar er ljóst var orðit um morguninn, þá fara þeir jarl at kanna skipin, ok koma á þat skip, er Búi hafði átt, ok vildu allra helzt verða varir við, hverr skotið hefði um nóttina, ok þótti þeim sá maðr ills verðr vera; ok er þeir koma á skipit, þá finna þeir þar einn mann, þann er [í-endr var ok litlo meirr <sup>4)</sup>], en þar var Hávarðr höggvandi, er verit hafði fylgðarmaðr Búa, en hann var þó sárr mjök, svát fœtrnir báðir voro höggnir undan honum fyrir neðan knæ. En þeir Sveinn Hákonarson ok Þorkell leira gánga þángat at honum; ok er þeir koma þar, þá spurðe Hávarðr: hvernig er, sveinar! segir hann, hvárt kom hæðan nokkor sending af skipino í nótt þángat á land til yðvar eða engi? Þeir svara: kom at víso, segja þeir, eða hvárt hesir þú því valdit? Ekki er þess at dylja, segir hann, at ek senda yðr, eða hvárt varð nokkorum manni mein at, er örín nam staðar? Þeir svara: bana fèkk sá af, segja þeir, er fyrir varð. Vel er þá, segir hann, eða hvert varð fyrir, maðrinn? Guðbrandr hvíte, segja

<sup>1)</sup> þú skalt, B, skal, R, F.    <sup>2)</sup> víst, B.    <sup>3)</sup> viggjar, B,  
vigea, F.    <sup>4)</sup> líf hafði F.

þeir. Já! segir hann, þess varð nú eigi auðit, er ek vildag helzt; jarl hafða ek ætlat; en þó skal nú vel yfir láta, er nokkor varð fyrir, sá er yðr þótti skaðe at. Egi er á at líta, segir Þorkell leira, drepum þenna hund sem skjótast, ok höggr síðan til hans, ok þegar hlaupa til aðrir, ok bera våpn á hann, ok saxa hann, þartil er hann hefir bana. Spurt höfðu þeir hann áðr at nafne, ok sagðe hann til sín et sanna. Ok nú fara þeir síðan til lands inn, er þeir höfðu þetta atgjört, ok sögðu jarli deili á, hvern þeir höfðu drepit, sögðu þat eigi meðal-farbauta vera, ok þat eitt kvoðost þeir á finna á hans orðum, at eigi mündi skaplyndit um-bœta. Nú eptir þetta þá sjá þeir, hvar menn ero á skerino mjök margir saman, ok biðr jarl nú fara eptir þeim, ok taka þá höndum gjör-valla ok föra sér, ok lèzk hann vildu ráða fyrir lífe þeirra. Nú gingo menn jarls á eitt skip, ok röru út til skersins, ok var þar bæði um þá menn, er fyrir voru, at fáir voru vel liðfærir, bæði fyrir sára sakir ok kulda, enda er ekki frá því sagt, at nè einn maðr verðist; voru þeir nú allir þar hannteknir af jarlsmönnum, ok fluttir til lands á fund jarls, ok voru þeir þá saman 70 <sup>1)</sup> manna. Ok eptir þetta lét jarl leiða þá á land upp, Vagn ok hans félaga, ok ero nú reknar hendr þeirra á bak aptr, ok bundinn hvern hjá öðrum með einom streng ok eigi þörmsamliga. En jarl

ok hans menn brjóta upp vistir, ok setjast til matar, ok ætlar jarl þá í ørno tóme um daginn, at höggva <sup>1)</sup> þessa menn alla, Jómsvíkinga, ok þeir höfðu nú höndum á komit. Ok áðr þeir settist til matar, þá voru skip þeirra Jómsvíkinga flutt at landi ok svá fjárlutr, ok var fèit til stánga borit, ok skipti Hákon jarl ok hans lið feno með sér gjörvöllu ok svá væpnom þeirra, ok þykkjast þeir nú allskostar hafa unninn mikinn sigr, er þeir hafa fèit allt, en hönlat þá Jómsvíkinga, en elta suma í brott, en þat þó mestr hluti, er drepinn er, ok gambra þeir nú et mesta. Ok nú er þeir jarl ero mettir, þá gánga þeir út or herbúðunom, ok fara þangat til, er þeir ero bandíngjarnir, ok er þat sagt, at porkell leira væri tilætlaðr at höggva þá alla. Þeir hafa áðr orð við þá Jómsvíkinga, ok spyrja: hvárt þeir væri menn svá harðir, sem frá þeim var sagt; en þeir Jómsvíkingar svara þeim öngu um þetta, svát hér sè frásagt.

47. Frá því er nú at segja þesso næst, at nú ero menn leystir or strengnum nokkorir, þeir er sárir ero mjök; en þeir Skopti Karkr <sup>2)</sup> ok aðrir þrælar hafa varðveitta þá, ok haldit strengnum. En nu er menninnir voro leystir, þá gera þeir þat at, þrælarnir, at þeir snúa vöndu í hár þeim Jómsvíkingum; ok ero nú leiddir

<sup>1)</sup> skyli, b. v. F.

<sup>2)</sup> Skopti ok Karkr, F.

fram fyrst sárir menn Þrír <sup>1)</sup> með þessom búninge, ok gengr Porkell síðan at þeim, ok höggr höfuð af hverjom þeirra, ok mælte síðan við félaga sína, ok spyr ef honum hefði nokkvat brugðit við þessa sýslo, svát þeir fyndi þat: Því-at þat er mál manna, segir hann, at öllum mönnum bregði við, ef þrjá menn höggva hvern eptir annann. En Hákon jarl svarar honum: ekki sjá verð þér brugðit hafa við þetta, segir jarl, en þó [sýndist mér þér áðr brugðit <sup>2)</sup>]. Nú er leiddr or strenginom enn 4ði maðr ok snúinn vöndr í hár þeim, ok leiddr til þangat, er Porkell hjó þá; þessi maðr er enn sárr mjök. Ok er hann kömr þar, þá mælti Porkell við hann, áðr hann veitti honum tilræði, ok spurðe, hverso hann hygðe til bana síns. En hann svarar: gott hygg ek til bana míns, segir hann, þat mon mér verða sem mínom föður, at ek mon deyja; ok nú eptir þetta þá höggr Porkell höfuð af þessum manni, ok lauk svá hans æfi. Nú er leystr or strenginum enn fímti maðr, ok leiddr þangat; ok er hann kömr þar, þá segir Porkell leira: hvern veg er þér um [at deyja? Hann segir: eigi man ek þá lög Jómsvíkinga, ef ek kvíði við bana, eða mæla ek æðruorð; eitt sinn skal hvern deyja. Höggr Porkell þann. Nú ætla þeir at spyrja hvern þeirra, áðr þeir sé

<sup>1)</sup> þannig B, F, R; v. i. A.      <sup>2)</sup> sýnist oss þér mjög brugðet, R; sýnist mér, sem þér sé mjök brugðit, hvat sem eptir kemr, F.

drepnið, ok reyna svå liðit, hvårt svå sè fræknt, sem sagt er, ok þykkir þá reynt, ef eingi mælir æðruorð. Þá var tilleiddr enn 6ti maðr, ok snúinn vöndr í hár. Porkell segir með sama hætti; honum kveðst gott þykkja at deyja við góðan orðstír: en þú, Porkell! munt lifa við skömm. Höggr hann þenna. Þá er þangat leiddr enn 7di, ok spyrr Porkell eptir vanda. Ek hygg allgott til at deyja, en þú högg mik skjótt; ek held á týgilknissi, því at vér höfum átt opt um at ræða, Jómsvíkingar, hvårt maðr vissi nökkvat, ef hann væri allskjótt höggvinn, þá er höfuðit væri af; en þat mun til merkis, at ek mun vísa fram knífinum, ef ek veit nökkuð, ella mun hann niðrfalla. Porkell höggr þann, ok fauk af höfuðit, en knífrinn fèll niðr. Þá var tekinn enn átti maðr, ok spurði Porkell eptir vanda. Hann kveðst gott til hyggja, ok þá er honum þótti, sem skamt mundi at bíða: hrútr! segir hann. Porkell stöðvaði höggit, ok spurði, hví honum yrði þat at munni. Haun segir: Þó mon eigi ofskipat til ánnar, þeirra er þér nefndut í gær, jarlsmenn! Þá er þér fenguð áverka. Manna armastr! segir Porkell, ok lætr skjalla honum höggit. Þá var leystr enn 9di maðr. Porkell segir eptir vanda. Hann segir: gotthygg ek til bana míns, sem allir várir félagar, en ek vil eigi láta mik höggva sem sauð, heldr vil ek sitja fyrir; en þú högg framan í andlit mér, ok hygg at vand-

liga, hvårt ek blöskra nökkut, þvíat vèr höfum þar opt átt um at ræða. Nú er svá gjört, at hann sitr fyrir, en Porkell gengr at framan, ok höggr í andlit honum, ok blöskrar hann eigi, nema sigu saman augun, þá er dauðinn fór á. Þá var tilleiddr enn 1odi maðr, ok spyrr Porkell enn. Hann segir: þat vil ek at þú biðir, meðan ek bjarga brókum mínum. Þat skal veita þér, segir Porkell. Ok er hann hafði þat gjört, mælti hann: mart verðr annann veg enn maðrinn ætlar, ek hugða at koma í rekkju hjá Þóru Skagadóttur, konu jarls, ok hristi félagnann, kippir upp síðan brókunum. Hákon jarl mælti: högg þenna sem tíðast, sjá hefir lengi silt haft í hug. Högg Porkell þann. Þá var leiddr til maðr úngr, sá hefir hár mikti ok gult sem silki. Porkell spyrr eptir vanda. Hann segir: lifat hefi ek nú et fegrsta, þeir hafa nú látið líf fyrir skömmu, er mér þykkir ekki í veitt at lifa, en eigi vil ek, at mik leiði þrælar til höggs, heldr sá maðr, er eigi er verri drengr enn þú, ok mun sá óvandfenginn, ok haldi hárino fram frá höfðinu ok hnykki höfðino, at hárit verði eigi blóðukt. Hirðmaðr einn gengr til, ok tekri hárit, ok vefr um hönd sér; en Porkell <sup>1)</sup> reiðir at sverðit, ok ætlar

<sup>1)</sup> Þetta vantar í A allt frá því um símmta manni: „hvern veg er þér um,” og af því at hér er blaðaskipti fyrir sem blaðhorn hafi týnt úr A, er þat því tekit úr B, þó frásögnin sé hér að léhendum nokkuð styttri, en i A hefir verit. B og F hafa fætta ullt, og næri sömu orðum sem R.

at veita honum þat tilræði, er hann gat, at höggva hann hart ok skjótt, ok höggr hann til. En þessi enn únge maðr, er hann heyrir hvinni af höggino, þá hnykkir hann hart höfðino, ok bar þannig til, at sá hlýtr höggit, er honum hèlt, ok höggr þorkell af honum, hirðmanninom, hendrnar báðar i ölbogabótum. En hann sprettr upp, enn únge maðr, ok bregðr á gamanmál, ok mælti: hverr á sveina, segir hann, hendr í hári mér? Hákon jarl tekur þá til orða ok mælti: stór-úfarar gerast nú, segir hann, of menn þessa, er eptir ero í strengnum, ok taki sem skjótast ok drepi, ok hesir hann þó mikloslise á oss komit, ok er einsætt, at þeir sè drepnir allir sem skjótast, er eptir ero, þvíat miklo ero menn þessir óðinndælli <sup>1)</sup>, enn verð fáim við þeim sèð, ok hafa eigi ofögur verit frásagðar þeirra garpskap ok herði. Eiríkr tók nú til orða ok svarar föður sínom: vita viljo verð nú, faðir! segir hann, hverir menninnir sè, áðr drepnir sè allir; eða hvat heitir þú, enn únge maðr? segir Eiríkr. Sveinn heiti ek at nafne, segir hann. Hvers son ertu, Sveinn! segir Eiríkr, eða hvert er kynferði þitt? Búi digri heitir faðir minn, segir hann, ok var Veseta son or Borgundarholme, ok em ek danskr at kyne. Hverso gamall maðr ertu? segir Eiríkr. Ef ek lið yfir þenna vetrinn, segir hann, þá em ek 18 vетra gamall at aldri. En þú skalt

<sup>1)</sup> verri viðfängs, R.

ok yfirlíða vetrinn, segir Eiríkr, ef vér megumi ráða, ok skal þik eigi drepa; ok tekr Eiríkr hann nú í frið, ok lætr hann nú vera í sveit með sér ok sínom mönnum. Ok er Hákon jarl sér þetta, þá tekr hann til orða ok mælti: eigi veit ek nú, segir hann, hverso þú ætlar til, ef þú villt þenna manninn undan þiggja, er oss hefir svá mikla skömm ok háðung gjörva, sem þessi enn únge maðr, er vér höfum verst af honum hlutið, en þó kann ek eigi þat sjá, at ek mona sökja eptir manninom í hendr þér, ok muntu nú ráða verða at sinne. Ok nú verðr svá búit at vera, sem Eiríkr vill. Ok nú mælti Hákon jarl við Porkel leiro: högg enn mennina sýsliga, segir hann. Eiríkr svarar: eigi skal nú höggva mennina, segir hann, fyrr enn ek hefi aðr haft orð við þá, ok vil ek vita, hvern hvergi sè.

48. Þá er maðr enn leystr or strenginom á því mælino, ok hefir strengrinn brugðið lítt að fótum honum, svát festi nokkot. Þessi maðr er mikill vexti ok vænn, úngr at aldri ok enn vaskligsti. Porkell spyrr hann, hverso hann hygði til at deyja. Gott hygg ek til þess, segir hann, ef ek gæta aðr enda heitstrenging mína. Eiríkr jarl mælti: hvert er nafn þitt, segir hann, eða hver ersú heitstrenging þín, er þú vildir aðr einkum at framkøemi, aðr enn þú létir líf þitt? Hann svarar: Vagn heiti ek, segir hann, ok em ek son Áka Pálnatókasonar af

Fjóne, svá er mér til kennt. Hvers strengðir þú heit, Vagn! segir Eiríkr, þess, er þér kveðst þú þá þykkja gott at deyja, ef hún væri fram komin ok efnd eptir því sem þú vildir? Þess strengða ek heit, segir Vagn, at ek skylda kominn i rekkjo Íngibjargar, dóttur Þorkels leiro, on hans ráði ok allra hennar frænda, [en drepa sjálfan hann <sup>1</sup>), ef ek kömag í Noreg <sup>2</sup>), ok þyki mér mikit atskorta um mitt mál, ef ek skal þessu eigi framkoma, áðr enn ek deyja. Ek skal at því göra, segir Þorkell, at þú skalt þessu eigi framkoma áðr, ok hleypr at honum Vagni, ok höggr til hans báðum höndum; en Björn hinn brezki, fóstri hans, spryndi til Vagns fötí sínum, ok hratt honum hart undan höggini. Þorkell höggr yfir Vagn, en sverðit kemr á strenginn, er Vagn er bundinn með, ok gekk hann í sundr, er Vagn nú lauss, en ekki sárr. Þorkell steyptist við, er hann misti mannsins, ok fellr hann, en sverðit rauk or hendi honum. Svá hafði Björn hart sprynt til Vagns, at hann hafði fallit við, en eigi lá hann lengi, ok sprettr upp þegar skjótt; hann tekr sverðit, er Þorkell hafði haft, ok höggr Þorkel þegar banahögg. Nú hefi ek efnda aðra heitstrenging

<sup>1</sup>) *þannig R; vantar í A.*

<sup>2</sup>) *Héðan frá er eptir ein blaðsiða í A, næstum öll ólæsileg, en hitt vantar, og er tekit úr F, sem þykir næst koma A að orðatiltvari og frásagnar lengð; en R er styttri héðan af, en A þykir hafa verið.*

mína, segir Vagn, ok uni ek nú þegar sýnu betr við, enn áðr. Hékon jarl mælti: láti þér hann nú eigi lausan viðleika lengi, ok drepi þér hann fyrst, þvíat hann hefir unnit oss mikinn skaða. Eigi skal hann drepa, segir Eiríkr, ef ek má ráða, fyrr enn oss, ok skal ek Vagn undan þiggja. Hákon jarl mælti: eigi þurfum vér nú til athlutast, einn viltu nú ráða, frændi! segir hann. Gott er mannkaup í Vagni, faðir! segir Eiríkr, ok sýnist mér því vel keypt, at vér takim hann í virðingar ok metnað, sem haft hefir Porkell; átti Porkell þessa af von, sem nú hlaut hann, þvíat nú kemr at því, sem opt er mælt, at spá er spaks geta, en þú sátt þegar í dag feigðina á honum; ok nú tekur Eiríkr Vagn á sitt vald, ok er honum nú við öngvu hætt, ok þá mælti Vagn: Því at eins þykki mér betra at þiggja grið af þér, Eiríkr! ef þeim öllum eru grið gefin, er eptir eru vorra félaga, ellegar munu vér fara allir saman fórina félagar. Eiríkr svarar: ek vil nú hafa orð við þessa félaga þína, en þó fyrirtek ek ekki þat, er þú beiðir; ok nú gengr Eiríkr til, þángat sem var Björn inn brezki, ok spyrr, hvern hann væri, eðr hvat er hann héti. Hann svarar ok lèzt Björn heita. Ertu så Björn, er bezt sóttir eptir manninum í höll Sveins konungs. Eigi veit ek þat, segir Björn, at ek sækta bezt eptir, en þó kom ek þaðan manninum í brott. Hvatt áttir þú at oss at sækja, segir Eiríkr, gamall maðr, er þú

hefir farit híngat, eða hvat rak þík til þessar ferðar, sköllóttan mann ok hvítan sem maskara <sup>1)</sup>? ok er þat satt, segir Eiríkr, at öll strá vildu oss stánga Noregs menn, síðan þér fórut híngat, jafnvel þeir menn, er komnir eru af fótum fram fyrir aldrs sökum, at berjast við oss, eða hvert vilt þú þiggja líf at mér? segir Eiríkr, þvíat mér þykir eigi at þér vígt, svá gömlum manni. Björn svarar: þiggja vil ek víst hff at þér, Eiríkr! segir hann, við þann kost, at Vagn fóstri minn hafi grið, ok allir þeir vorir menn, er eptir eru. Þat skal yðr nú öllum veitt vera, ef ek má nú ráða, segir Eiríkr, en ek skal ráða; ok síðan gengr Eiríkr fyrir <sup>2)</sup> föður sinn, ok biðr hann þess, at þeir hafi allir grið Jómsvíkingar, er eptir eru, ok þat veitir jarl honum; ok nú eru þeir allir leystir, Jómsvíkingar, ok þeim trygðir veittar, ok í frið teknir. Ok nú er þann veg tilskipat af þeim Hákon jarli ok Eiríki, at Björn hinn brezki ferr til bús þess, er átt hefir Hallsteinn kellingarbani. Þat er sagt at 5 felli lendir menn aðrir enn Hallsteinn. Vagn Ákason fór austr til Víkr at ráði Eiríks, ok mælti Eiríkr við Vagn, aðr þeir skildust, at hann skyldi svá breyta um brúðkaup við Íngibjörgu Porkelsdóttur, sem hans væri vilí til sjálfs. Ok er

<sup>1)</sup> *hannig A; hvítr sem maskari, F; hvítan sem hujóskara, B.*  
*hvítan sem sujóskara, afaskrifin 288 i 4.* <sup>2)</sup> *Hhr er úti sú seinasta blaðsíða af A.*

Vagn kemr austr í Vík, þá gengr hann í säng ljá Íngibjörgu hinn sama aftan, dóttur Þor-kels leiru, ok er Vagn þar um vetrinn; en um vorit eptir ferr Vagn í brott, ok hélta hvern hlut vel, þann sem hann hafði heitit Eiríki; ok ferr Vagn til Danmerkr heim á Fjón til búa sinna, ok ræð þar fyrir lengi síðan, ok þótti vera hinn mesti afreksmaðr, ok er mart stórmenni frá honum komit. Þat er sagt, at Vagn hafði Íngibjörgu heim með sér; en Björn hinn brezki ferr heim til Bretlands, ok ræð þar fyrir meðan þeir lifðu, ok þótti vera hinn vaskasti drengr <sup>1)</sup>.

49. Nú er at segja frá Sigvalda, at þá er hann flýði úr bardaganum, nam hann eigi fyrr staðar, enn hann kom heim í Danniörk, ok var Ástríðr kona hans þar fyrir, er þeir koma heim, ok görði hún veizlu í móti honum. Þeir segja tildeginum frá bardaganum ok frá förinni allri saman, síðan er þeir Jómsvíkingar fóru heiman or Danmörk, ok þótti mönnum þat mikil skemtan at heyra, er þeir sögðu frá þeim tildeendum; ok þess er viðgetit, at Ástríðr vildi fagna sem bezt Sigvalda jarli hvivetna, ok sýna þat, at hún er fegin orðin hans heimkvomu. Hún lætr göra honum laug, biðr hann síðan fara í laugina: ok veit ek, segir Ástríðr, at leið

<sup>1)</sup> Hér segir líf nokkuð frá Sigmundi Brestissyni, er hvíl aleppt hér, eins ok annarstaðar að undansíðnu, af því hans er hvergi getið í A.

svā lángri, sem er or Noregi, þá mun mál af fægja sárin, þau er þér fengut í bardaganum. Síðan ferr Sigvaldi í laugina, ok hlítir Ástríðr ekki öðrum konum at því, at þjóna honum í lauginni, ok mælti síðan: verit get ek hafa nokkura í bardaganum í liði Jómsvíkinga, er þaðan munu hafa borit raufóttara belginn, enn svā, sem þú hefir borit, þvíat mér þykir sjá til þess bezt fallinn, at varðveita í hveitinjöl. Sigvaldi svarar: þat mætti verða minnar æfi, at þú ættir eigi slíkum sigri at hrósa, sagði hann, ok hygg þú at því, at þér líki þá betr; ok þá er ekki sagt frá þeirra viðrtali lengra at sinni. Sigvaldi ræðfyrir Sjálöndum nokkura stund síðan, ok þótti vera hinn vitrasti maðr, ok var eigi þar allr, sem hann var sén, ok eru mikil tifðendi frá honum sögð í öðrum sögum<sup>1)</sup>. En Hákon jarl ræð skamma stund Noregi síðan, ok þótti hann verða hinn ágætasti allskonar af þessu öllu saman ok svā synir hans. Ekki er hér frá því sagt, hvat Sveinn Búason lagði fyrir sik, hvort hann var með Eiríki, eðr gjörði hann annat af sér. En Sigurðr kápa, bróðir Búa, fór til Danmerkr, ok tók við föðurleifð sinni eptir Veseta í Borgunðarhlómi, ok bjó þar lánga æfi, ok þótti vera hinn bezti drengr, ok er mart manna frá honum komit ok þeim Tófu, ok voru samfarir þeirra góðar síðan. Þorkell hinn háfi, bróðir Sigvalda, þótti hinn

<sup>1)</sup> Sonr hans hét Gyrðr, ok var mikill vikíngr, b. v. B.

vitrasti maðr, sem reyndist sifðan í mörgum hlutum. En Skjaldmeyjar-Einarr fór til Íslands, ok druknaði á Breiðasírði, ok heita þar af því SkálEyjar, at þar rak skálirnar á land, þær sem jarl gaf honum. En þórðr örvönd fór heim í Dýrafjörð til Porkels föður síns í Alviðru, ok verðr hér svá sagt, (at) þeir Þorleifr skúma ok þórðr örvönd hafi bræðr verit, ok bjó þórðr í Alviðru eptir föður sinn, ok er mart manna frá honum komit í Fjörðum vestr<sup>1)</sup>), ok sögðu þeir Einarr glöggvast frá þessum tíðendum út til Íslands. En þat er sögn manna síðar, at Búi hafi at ormi orðit ok lagizt á gullkistur sínar; en vér hyggjum þat til þess haft vera, at þar hafi ormriinn sét á Hjörungavogi, ok kann vera, at nokkur ill vætr hafi lagizt á fét, ok sýnzt þar síðan; en eigi kunnum vér at segja hvort heldr er, má ok vera, at hvorki sé satt, því at marga vega má sýnast<sup>2)</sup>.

50. Sveinn konúngr Saumæsuson var nú heima í Danmörk. Knútr óx upp, son hans, ok var heima uppfæddr. Porkell hinn háfi fóstraði hann. Sveinn konúngr herjaði á ríki Aðalsráðs konúngs, ok gjörir hann landflótta suðr um haf. Sveinn konúngr setti Þingamannalið í tveim stöðum, annat í Lundúnaborg; þar rèð fyrir Eilífr Þorgilsson, bróðir

<sup>1)</sup> Hér endar B þannig: Vigfús Viggeglúmsson fór ok til Íslands, ok sagði þar fyrstr manna þessi tíðindi til Íslands, ok lýkr hér Jómsvíkinga súgu. Geymi gnð þann er ritaði ok sagði, ok alla þá, er hlyðdu á, utan enda, amen. <sup>2)</sup> Hér endar R, þó orðastiltækið sé nokkurð örðruvissi.

Úlfs; hann hafði 60 skipa í Temps. Annat Þíngamannalið var norðr í Sléssvík; þar ræð fyrir Hemíngr jarl, bróðir Porkels háfa; þar voru enn 60 skipa. Þíngamenn settu þau lög, at engi skyldi kvittr kveikjast, ok engi vera um nött á brott. Þeir höfðu kyrkjusókn til Búrakyrku; þar var ein stór klukka; henni skyldi hrengja, þá er þriðjúngr lifði nætr, hverja nött; þá skyldu allir til kyrkju gánga, ok eigi með vapnum; slík lög höfðu þeir í Slessvík. Þórðr hét maðr ok Auðunn í liðinu.

51. Sá maðr hafði forráð í borginni, er Álrekr Strjóna hét, bróðir Emmu Ríkgarðs dóttur jarls, föður Vilhjálms; hana átti Aðalráðr konúngr. Norðr ræð fyrir Englandi Ulfkell snillíngr; hann átti Úlfhildi dóttur Aðalráðs konúngs. Sveinn konúngr andaðist í Englandi, ok færðu Danir hann til Danmerkr, ok grófu hann í Hróiskeldu hjá föður sinum. Þá var Knútr 10 vетra. Mikil var ríki Þíngamanna. Markaðr var þar tvo tíma á 12 mánaðum, í annat sinn um miðsumar, en annann tíma um miðsvetrar skeið. Eigi þykir enskum mönnum sýnt, at hægra sè öðru sinni at ráða af Þíngamannalið, er Knútr var úngr, en Sveinn andaðr. Hvern vetr í móti jólum fóru vagnar til borgarinnar, ok var þar fjárlutur sá, er menn voru vanir at hafa til markaðarins; svá var ok þenna vetr, ok tjaldat yfir öllum; þat var at ráðum, svikum ok vilja Ulfkels snillings ok

þeirra bræðra, Aðalráðssona. 7da dag jóla gekk Pórðr utan borgar til húsa konu, þeirrar er honum fylgði; hún bað hann vera þar um nóttnina. Hví biðr þú þess, er víti liggr við? Því bið ek þessa, kvað hún, at mér þykir máli skipta. Við skulum kaupa saman, kvað hann, at ek mun hér vera, en þú seg mér, hvat tilberr, er þú biðr þessa. Þat sétir, segir hún, um bæn þessa, at ek veit ráðinn bana öllu Þíngamanna liði. Hví máttu þat vita, kvað hann, er vér vitum eigi? Þat er svá viðlátit, segir hún, at menn óku híngat vögnum í borgina, ok létu sem þeir færi með fjárhlut, en þar var fjölmenni í hverjum vagni, en engi fjárhluðr, ok svá hafa þeir ok gjört norðr í Slessvík. En þá er þriðjúngr er af nött, mun hríngt f borginni, skulu þá hermenn búast um miðnætti; skulu menn búast annann veg í borginni. En þá er þriðjúngr lifir nætr, mun hríngt af Búrakyrkju; þá munu þér ætla til kyrkju slippir, en þá mun sleginn hríngr um kyrkju. Búit er við, kvað Pórðr, at vinsældir þínar sè miklar, ok mun ek segja Eilífi, þótt kvittr þyki vera; en bú þetta skaltu eiga. Pórðr gekk í borgina; hann fann Auðunn félaga sinn, gánga þeir ok segja Eilífi. Hann görir menu vara við; sumir trúðu, en sumir kvoðu fælingar. Heyra þeir hríngingar éptir vana, ok hyggja margir, at prestr muni hríngja. Þeir menn allir, er orðum Pórðar trúðu, gengu með vopnum en hinir allir slippir.

52. Þá er þeir koma í kyrkjugarð, var þar fjöldi liðs. Þeir máttu þá eigi ná vopnum sínum, þvíat þeir kvomust eigi til húsa sinna. Eilífr spyrr þá ráða, en þeir lálast eigi kunna. Eigi þyki mér vel ráðit, kvað Eilífr, at hlaupa í kyrkju, ef þat verðr at öngu skjóli, en sýna sik í hræðslu. Þat kemr mér í hug, at vér munum hlaupa á herðar þeim, er fyrir utan standa garðinn, ok vita ef vér kæmimst með því undan til skipa, ok svá gera þeir. Þat varð mannfall mest, er við skip varð. Eilífr komst á burt með 5 skip, en öngir or Slessvík, ok þar fèll Hemíngr. Eilífr ferr til Danmerkr. Nokkuru eptir þetta var Játmundr til konungs tekinn í Englandi; hann var konúngr 9 mánuðu. Á þeim tíma háði hann 5 orrostur við Knút Sveinsson. Álrekr strjóna, er sumir kölluðu Eirík, var fóstri Játmundar, bróðir Emmu, er átt hafði Aðalráðr Englakonúngr. Porkell háfi hafði þá mest forráð fyrir Danmörk. Þeir áttu þíng um vorit eptir fall Þíngamanna. Eilífr eggjaði at fara til hefnda, en porkell svarar: vér höfum konung úngan, en eigi hæfir at herja svá, at konungs sè eigi viðgetit, en á þriggja vetra fresti væntir ek, at eigi muni konung skorta harðfengi, en lið óvarast. Eilífr svarar: ósýnt er, at þeim sè minnisamt á þriggja vetra fresti, er nú þykkir einkis um vert. Eilífr ferr út í Miklagarð, ok gjörðist

L

höfðingi fyrir Væríngjaliði, ok fèll þar um síðir. Á þriggja vетra fresti fór Knútr, Porkell ok Eiríkr með 8 hunðrat skipa til Englands. Porkell hafði 50 skipa, ok drap Úlfkelsnilling, ok hefndi svá Hemíngs bróður síns, ok gekk at ega Úlfhildi, dóttur Aðalráðs konungs, er Úlfkell hafði átta. Þar fèll með Úlfkatli hvert mannsbarn af 60 skipa; en Knútr konúngr vann Lundúnaborg. Porkell fór með landi fram, ok fann Emmu drotningu á einu skipi; hann flytr hana heim í land með sér, fýsir Knút konúng at biðja hennar, ok gekk Knútr konúngr át egá hana. Hán ól son um vetrinn, er Haraldr hét, kenn-ingarson Knúts; Hörðaknútr var þeirra son. Sveinn var enn son Knúts ok Alfífu; Gunnhildr hét dóttir Knúts; hana átti Heinrekr keisari Konráðsson; með honum fór Knútr til Róms. Þat var miklu síðar, er Knútr konúngr var at boði ljá Porkatli háfa, þá sá konúngr Úlfhildi, ok þótti hann hafa svikit sik í kvennaskipti, ok rèð Porkeli fyrir þá sök bana. Þeir Knútr konúngr ok Játmundr áttu nokkura bardaga. Eptir þat háðu hvorirtveggju, Danir ok Englismenn, at þeir skyldu sættast, ok þeir gjörðu svá, ok skyldi hvorr taka land eptir annann, er lengr lifði. Mánaði síðar var Játmundr veginn af fóstra sínum Álreki strjónu; eptir þat öðlaðist Knútr allt England, ok rèð því 4 vetr ok 20.

---

---

## J ó m s v í k í n g a d r á p a Bjarna biskups.

1. **A**ungan kveð ek at óði  
örum málma rýri  
þó gat ek hróðr um hugðan  
hljóðs at ferðar þerði <sup>1)</sup>;  
fram mun ek fyrir öldum  
Yggjar bjór um færa,  
þó at einigir ýtar  
ættgóðir mér hlýði <sup>2)</sup>.
2. Hendir enn sem aðra  
úteitan mik sútar  
mér hesir harin á hendi  
harðla <sup>3)</sup> fögur kona bundit;  
þó em ek óð at anka  
ærít gjarn at hváru,  
mjök em ek at mér orðinn  
úgæfr um för vífa.
3. Dreng var dátt um svarra  
dorgar vángs fyrir löngo,

---

<sup>1)</sup> er halfmáð i A, en B les fñúði.    <sup>2)</sup> Hér er viðað inni i A  
rekkar viðar, en sýnist þó vera hér ofaukið.    <sup>3)</sup> er  
éskjrt i A.

því hefir oss um únga  
eldreið skapi haldit;  
þó hefi ek ort um ítra  
allfátt mjaðar þellu,  
vel samir enn um eina  
ölseljo mér þylja.

4. Varkat ek firri <sup>1)</sup> und forsum  
fór ek aldrei at göldrum  
. . . . . <sup>2)</sup>  
annat þarf at yrkja;  
allstórum mun fleira  
. . <sup>2)</sup> greppr um snerto <sup>3)</sup>  
þat berum upp fyrir ýta  
óhljóð sögu kvæði.
5. . . <sup>2)</sup> gu v sitja  
seima guðr at Jómi,  
fögur rænir mik flaumi,  
fimm höfðingja snemma;  
vel samir víst at telja  
vinnar hreysti manna,  
þar er um málmþíngs meiða  
merkiliga at yrkja.
6. Hvervitna frá ek heyja  
Harald bardaga stóra,  
þeir ruðu bitra branda  
böðgjarnastir niðjar;  
sjá knáttu þar síðan  
siðfornir glym járna

<sup>1)</sup> er máð i A; B les firir.      <sup>2)</sup> þuð sem hér vanrar, er  
riðið af bladsíðuhorninu i skinnbókhinni A.      <sup>3)</sup> eða bjerto.

þótti þeim at efla  
þörf Veseta arfa.

7. Geta skal hins hverr hvatra  
höfðingi var drengja,  
sá gat sigri at hrósa  
snjallastr at gjörvöllu;  
hverr var hóti minni  
hreysti maðr at flestu  
heldr i herðiraunum  
hawklyndum syni Áka.
8. Sigvaldi hèt seggja  
snarfengra höfðingi,  
ok ræð þar fyrir þegnum  
Þorkell liði snjöllu;  
Búi var at hverjum hjaldri  
harðráðr með Sigurði,  
frágum Vagn at væri  
víst ofrhugi enn mesti.
9. Hèldu dreyrgra darra  
Danmarkar til sterkir <sup>1)</sup> ,  
þeim gafst rausn ok ríki ,  
rjóðendr skipum sínum <sup>2)</sup> ;  
ok auðbrotar erfi  
ógnrakkastir <sup>3)</sup> drukku ,  
þeim frá ek ýmsum aukast  
annir, feðra sinna.
10. Enn vildu þá einkum  
öldar <sup>4)</sup> meinn at skyldo ,

<sup>1)</sup> styrkir, O.  
<sup>2)</sup> sípan, O.  
<sup>3)</sup> ógnrakkir þar, O.  
<sup>4)</sup> öldur, O.

slíkt eru yrkis efni,  
 ágaeta sér <sup>1)</sup> leita;  
 ok haukligar <sup>2)</sup> hefja  
 heitstrengíngar tóku <sup>3)</sup>,  
 eigi segik <sup>4)</sup> at <sup>5)</sup> ýta  
 ölteiti var lítil.

11. Heitstrengíng frá ek hefja  
 heiptmildan Sigvalda,  
 Búi var örr at efla <sup>6)</sup>  
 órækinn þrek <sup>7)</sup> slíkan;  
 hétuzt þeir af hauðri  
 Hákun reka fískjom,  
 grimm <sup>8)</sup> var frægra <sup>9)</sup> fyrða <sup>10)</sup>  
 fjón <sup>11)</sup>, eða lífi ræna,
12. Búi lèzt barr at fylgja  
 böðmildum Sigvalda  
 til hjörþrymu harðrar  
 hugprúðr vera síðan;  
 hafa kvaðst Hávarð vilja  
 hrannabréjotr at gunni,  
 sér kvað hann eigi illa  
 Áslák í för líka.
13. Vagn kvað hitt enn hrausti  
 Hamðis gunnar tömdum'  
 sá lèzt frækn at fylgja  
 faldr úðr Búa skyldu;

---

<sup>1)</sup> ágætis sins, O.      <sup>2)</sup> haukligast, O.      <sup>3)</sup> gátu, O.  
<sup>4)</sup> frá ek, O.      <sup>5)</sup> orð, O.      <sup>6)</sup> auka, O.      <sup>7)</sup> styr, O.  
<sup>8)</sup> grimm, O.      <sup>9)</sup> fræknra, O.      <sup>10)</sup> furða, O.  
<sup>11)</sup> eða fion i A.

þá ræð heit til hvítrar  
hríngameiðr <sup>1)</sup>) at strengja,  
mér kemr harmr at hendi  
hættr, Porketils dóttor.

14. Ein drepr fyrir mér allri,  
útrauðr á lög skeiðum  
örr þengill bað ýta,  
ítr manns konan teiti;  
goðætt of kemr grímmu,  
gekk herr á skip darra  
hinn er kunni gný guma <sup>2)</sup>),  
gæðings at mér stríði.
15. Sagt var at sunnan hélđu  
snyrtimenn um hrannir,  
kaldr dreif marr á meiða  
morðbáls, skipa stóli;  
lömðu heldir húfar  
hrfð kannaði lýðr  
gnúði svalr á sýjo  
sjár ísugar bárur.
16. [Sagt var at <sup>3)</sup> rauðra randa  
reynendr flota sínum  
jólanótt at Jaðri  
Jómsvíkingar komo <sup>4)</sup>);  
váru heldr á harðan  
hernat firar gjarnir,  
rjóðendr buðu ríki  
randorm á <sup>5)</sup> Geirmundi.

<sup>1)</sup> hríngameiðr, er pennavilla i A. <sup>2)</sup> guma, A. <sup>3)</sup> segja, O.  
<sup>4)</sup> kvæmi, O. <sup>5)</sup> rand orma, O.

17. Þá buðu þeir á <sup>1)</sup> móti  
 þeim er sunnan komu <sup>2)</sup>  
 til geirhrfðar greppum <sup>3)</sup>  
 görla Noregs jarlar;  
 Þar var mestr á mæli  
 morðremmandi skömmu  
 margr var at laufa leiki  
 landherr saman <sup>4)</sup> fundinn.
18. Ein drepr fyrir mér allri,  
 eldr gnauðaði víða  
 elri skæðr um eyjar,  
 ítr manns konan teiti;  
 goðætt of kemr grimmo,  
 gaus upp logi úr húsum  
 griðum rænti sá gumna,  
 gæðings at mér stríði.
19. Ok höfðingjar hraustir  
 heyra menn at væri <sup>5)</sup>,  
 þat hefir þjóð at <sup>6)</sup> minnum,  
 þríf með flokki hvárum;  
 Þar er hreggviðir hittust  
 hjálmaskóðs á víðum,  
 fundr þótti sá fyrðum <sup>7)</sup>  
 frægr <sup>8)</sup>, Hjörungavági.
20. Hauðr frá ek Hákon verja  
 hart svá at eigi skorti,  
 Eiríkr hefir eggjar

<sup>1)</sup> at, O. <sup>2)</sup> kvæmi, O. <sup>3)</sup> greipum, O. <sup>4)</sup> er gleymt  
 i A; tekit úr, O. <sup>5)</sup> voro, O. <sup>6)</sup> i, O. <sup>7)</sup> fyiða, O.  
<sup>8)</sup> á, b. v. O.

ótrauðr verit rjóða ;  
 ok sögðu þar ýtar  
 Ármóð vera síðan ,  
 sá var greppr við gumna  
 glaðr , höfðíngja hinn þriðja .

21. Lögðu heiptar hvattir  
 herði menn þar er börðust ,  
 herr var hauðr at verja  
 hundíngja , saman randir ;  
 ok víkíngum våro  
 varð raun at því einum  
 þat kveða eigi árla  
 ýtar fimm á móti .

22. [Ein drepr fyrir <sup>1)</sup>] mér allri  
 atróðr mikinn grimðu

[Ítr manns konan teiti <sup>1)</sup> ;  
 goðæit of kemr grímmu ;  
 glygg magnaðist eggja .  
 . . . . .  
 gæðíngs at mér striði .

23. Sigvaldi bað sína  
 sóknstránga vel gánga ,  
 hann varat samr á sáttir ,  
 sveit Hákoní á móti ;  
 Haralds arfi klauf hjálma  
 hildar örr ok skjöldu ,

<sup>1)</sup> Þetta er hér tilsett , eins og það stendr annarstaðar , þó það  
 sé ásamt þeim tveim línum , er i vísuna vanta , rifið af blað-  
 inu i A.

fram gekk hann fyrir hlifar  
hart nakkvara sinnum.

24. Þar gekk fram f fólkí  
frálynndr Búi sínu,  
þess kveða verða vissu  
vánir, hart með sveina;  
ok geirviðir görðu  
grimma, höggum rammir  
gengu þeir at gunni,  
geysta våpna brestu.
25. Klauf með Yggjar eldi  
[ólmr Gullbúi <sup>1)</sup>] hjálma,  
niðr lét hann í herðar  
hríngserkja ból gánga;  
hart vann <sup>2)</sup> högg at stæra  
Hávarðr liði fyrða,  
við hefir illt <sup>3)</sup> at ega  
Áslák <sup>4)</sup> verit fíkjum.
26. Ein drepr fyrir mér allri,  
el gnúði mjök stála,  
álmr spann af sér odda,  
ítr manns konan teiti;  
godætt of kemr grimmu,  
gripu þeir í bug snærum  
gunnrakkastir gumnar,  
gæðings at mér striði.
27. Þar frá ek våpnum verjast

<sup>1)</sup> álmr gall, Búi, O.      <sup>2)</sup> réð, O.      <sup>3)</sup> illr, O.  
Áslákr, O.

Vagn feldi lið þegna,  
 hann klauf breiðra brúna  
 berg hundroðit mörguin;  
 grímmr var snarpra sverða  
 söngr, burgust vel drengir,  
 vann arfþegi Áka  
 ös, fèll blóð á kesjor.

28. Vagn hefir orðit ýtum  
 örfengr at böð strángri,  
 með fullhuga fræknum  
 framgengu vel drengir;  
 Þar er <sup>1)</sup> í Yggjar èli  
 Áka sunr hinn ríki  
 brátt frá ek hann at hlæði  
 hugprúðum Ármóði.
29. Hervitna frá ek hölda,  
 herr æxti gný darra,  
 fyrir hreggvíðum ljörva  
 hrökva gunnar rökkum <sup>2)</sup>;  
 áðr í örva dríffu  
 ýtum grímmr at blóta,  
 fram kom heipt hin harða,  
 Hákon Þegar <sup>3)</sup> tæki.
30. Ein drepr fyrir mér allri,  
 ylgr gekk á ná bólginн  
 Þar stóð úlfr í átu,  
 ítr manns konan teiti;  
 goð ætt of kemr grímmu,

---

<sup>1)</sup> þars, O.    <sup>2)</sup> reknum, O.    <sup>3)</sup> syni, O.

gein vargr um sal mergjar  
graðr þvarr gylðis jóða,  
gæðíngs at mér stríði.

51. Pá frá ek el hit illa  
æða <sup>1)</sup>) Hölgabruði <sup>2)</sup>),  
glumði hagl á hlísum <sup>3)</sup>),  
harða grimt or norðri;  
þar er <sup>4)</sup> í ormfrán augu  
ýtum skýagrjóti,  
þí knátti ben blasa,  
barði hreggi keyrðu.
52. Þar <sup>5)</sup> var þörfum meiri  
þrekförluðum jarli,  
braut hygg <sup>6)</sup> ek hann at hēldi,  
hugraun, flota sínum;  
snara bað segl við húna  
Sigvaldi f <sup>7)</sup> byr köldum <sup>8)</sup>),  
[gnúði hörð á hlýrum <sup>9)</sup>  
hrifð, fell [byrr f viðir <sup>10)</sup>).
53. Þar lét Vigfús verða  
vegrækinn <sup>11)</sup> Ásláki,  
þann era þörf at inna <sup>12)</sup>  
þátt, helfarar veittar;  
Þorleifr of vann þjökva <sup>13)</sup>  
þrekstærðum Hávarði

---

<sup>1)</sup>) ædast, O.    <sup>2)</sup>) Hélga brúðar, O.    <sup>3)</sup>) hjálumum, O.  
<sup>4)</sup>) þars, O.    <sup>5)</sup>) þá, O.    <sup>6)</sup>) tré, O.    <sup>7)</sup>) v. i. O.  
<sup>8)</sup>) köldu, O.    <sup>9)</sup>) glumdi hrönn á höfum, O.    <sup>10)</sup>) i  
hug viða, O.    <sup>11)</sup>) eða vegrækum i A.    <sup>12)</sup>) segja, O.  
<sup>13)</sup>) þykkva, O.

hart lèt <sup>1)</sup> hann með kylfu  
höggramimr brotit leggi.

54. Ein drepr fyrir mèr allri,  
andat fólk at sundi  
straumr dró út um eyjar,  
ftr manns konan teiti;  
goðætt of kemr grimmu,  
gífrs hesta brá föstu  
gný miklandi geira,  
gæðíngs at mèr strfði.
55. Bað fyrir borð at skyldi  
böðsvellandi allir,  
áðr frá ek vâpnum verjast  
Vagns lið, Búa þegnar;  
ok hreggbodi hjörva,  
hraustr með þúngar kistur,  
sá var illr af aurum,  
útrauðr á kaf rëði.
56. Vann eldbroti Yggjar  
ýgr fyrir borð at stíga,  
út bar hann af húfum  
hraustr, Gullbúi, kistur;  
ok optliga eptir  
úblauðir þar síðan  
knegu lýðir líta  
långan orm á hríngum.
57. Skeið frá ek valt <sup>2)</sup> at verði  
Vagn með sína þegna,

---

<sup>1)</sup> vâ, O.    <sup>2)</sup> víst, O,

öll våro þá þeirra  
 þunn skip hroðin önnur;  
 upp náðu <sup>1)</sup> þar eigi <sup>2)</sup>  
 [öðlífings menn <sup>3)</sup> at gánga,  
 ofan ræðu þeir öfga <sup>4)</sup>  
 Eiríks vini <sup>5)</sup> keyra.

58. Upp stóðu þar eptir,  
 úngra snyrti drengja,  
 sveit fylgði vel Vagni  
 væn, þrír tígir einir;  
 alls önga frá ek aðra  
 jafnmarga svá burgust,  
 áðr lètti dyn darra  
 dreng menn hugum strángir.

59. Ræð með danska dólga  
 drengr á land at gánga,  
 roðinn frá ek dörr í dreyra,  
 dauðr lá lierr á skeiðum;  
 Vagn kvað eigi ýtum  
 undan ráð at skunda,  
 saman görðu þeir sitja  
 sáttir á einni náttu <sup>6)</sup>

\* \* \*

Þar lèt Eiríkr öndu  
 átján þegar týna

<sup>1)</sup> náði, O.    <sup>2)</sup> þeigí, O.    <sup>3)</sup> þengils maðr at gánga, O.  
<sup>4)</sup> ýgja, O.    <sup>5)</sup> menn at, O.    <sup>6)</sup> hér er drápan úti í  
 A og B, en vísurnar, sem eptir koma, eru tekinar úr O.

heldr frágum þá þverra,  
 þegna, lið fyrir Vagni;  
 mæltu hraustar hetjur,  
 haukligt var þat fikjum,  
 þau hafa þjóðir uppi,  
 þróttar orð með fyrðum.

\*                    \*                    \*

Ok með Fjörnis fálu  
 fór þorketill leira,  
 þá er menbroti mælti  
 mansaung um Gná hrínga;  
 gerðist hann at höggva  
 hauklyndan son Áka,  
 Vagn gat heldr at hánunum  
 heiptörr vegit furri.

\*                    \*                    \*

Viltu, kvað hrínga hreitir  
 hyggjugegn at Vagni,  
 èlsvellandi yðvart  
 Yggjar líf of þiggja?  
 Eigi mun ek, nema efna,  
 úngr þat er heit nam strengja,  
 svá kvað Ullr at jarli  
 eggþríðar, fjör þiggja.

\*                    \*                    \*

Grið lét örr ok aura  
 Eiríkr gefit stórum,

mjök leyfa þat þjóðir,  
þegnum tólf með Vagni.


\* \* \*

pá gekk Ullr at eiga  
örlyndr þrymu randa,  
menn fýstu þess, mæta,  
margir, Íngibjörgu.

# KNYTLÍNGASA G A.

DANSKAR SÖGUR.

M



---

## Hér hefr upp Knytlíngasögu.

---

1. Haraldr Gormsson var tekinn til konúngs í Darmörk eptir föður sinn, hann var rískr konúngr ok hermaðr mikill; hann eignaðist Holsetaland í Saxlandi, ok hafði hann mikit jarlsríki í Vindlandi; hann lét þar gjöra Jómsborg, ok setti þar herlið mikit, hann setti þeim mála ok rétt, en þeir unnu landit undir hann; [á sumrum láu þeir í hernæði, en sátu heima <sup>1)</sup>] á vetrum, þeir voru kallaðir Jómsvíkingar. Haraldr konúngr Gormsson ræð sviknum ok lífláti Haralds konúngs Gunnhildarsonar, Noregs konúngs, þá er hann fèll at Hálsi í Limafyrði <sup>2)</sup>), sem ritað er í æfi Noregs konúnga; en síðan fór Haraldr konúngr í Noreg með her sinn, ok lagði land allt undir sik, ok setti þar yfir höfðingja Hákon jarl Sigurðarson, en Danakonúngr tók skatta af landi öllu. Á dögum Haralds konúngs Gormssonar var keisari í Saxlandi Ottó hinn rauði, hann hafði ófrið við Danakonúng, ok bauð Dönum kristni, en

<sup>1)</sup> v. i F.    <sup>2)</sup> þannig leiðrætt, A hefir Limafyrði alstaðar.

Danakonúngr hafði þar úti her í móti, ok vildi með öngu móti við kristni taka. Haraldr konúngr Gormsson átti mikla orustu við Ottó keisara suðr við Danavirki, þá var þar Hákon jarl af Noregi með Danakonungi; þar fèkk keisarinn ósigr, en þó vann hann landit nokkru síðar, ok kom þeim þá á flóttu Haraldi konúngi ok Hákon jarli til Limafjarðar, ok allt út í Mársey. Síðan tók Haraldr konúngr við kristni, ok keisarinn veitti guðsifjar Sveini syni hans, ok gaf honum nafn sitt, ok var hann með því skírðr, at hann hét Ottó-Sveinn; var þá alkristin Danmörk, ok skildist keisarinn eigi fyrr við.

*Fall Styrbjarnar ens sterka.*

2. Á dögum Haralds konúngs Gormssonar var Styrbjörn enn sterki i hernaði i Austraveg. Styrbjörn var son Ólafs Bjarnarsonar,<sup>1)</sup> Svíakonúngs. Styrbjörn kom með her sinn í Danmörk, ok fèkk handtekit Harald konúng; þá gipti Haraldr honum <sup>1)</sup> Þyri dóttur sína, ok fór sjálfur til Svíþjóðar með Styrbirni. Styrbjörn brendi öll skip sín, áðr hann gengi á land upp; en er Haraldr konúngr verðr þess varr, at Styrbjörn er skipalauss, þá hélta hann skipum sínum út á Löginn ok síðan í braut, ok aptr til Danmerkr. Styrbjörn barðist á Fýrisvöllum við Eirík enn sigrsæla Svíakonúng, föðurbróður sinn; þar fèll Styrbjörn ok mestrluti liðs hans, en sumt flýði; þat kalla Svíar Fýriseltu.

<sup>1)</sup> konúngr. V.

*Frá hernaði Haralds konungs.*

3. Þá er Haraldr konúngr Gormsson hafði skírast látit, sem fyrr var sagt, þá nauðgaði hann Hákon jarli [Sigurðarsyni <sup>1</sup>) at taka við trú, ok var hann skirðr ok allir menn, þeir sem þá voru með honum af Noregi; fèkk Haraldr konúngr honum þá presta ok aðra lærða menn, ok bauð honum at láta skíra allt fólk í Noregi, ok hét Hákon jarl því með svardögum; en er þeir skildu konúngr ok jarl, þá fór Hákon til Noregs, en skaut enum vígðum mönnum á land at Hálsi í Limafirði, en hann kastaði kristni, ok efldi síðan hin mestu blót i Noregi <sup>2</sup>). En er Haraldr konúngr spurði þat, at Hákon hafði kastat kristni, ok þat annat, at hann hafði herjat land Danakonúngs, þá fór Haraldr konúngr með her sinn til Noregs, ok eyddi land allt með sjá, sváat allt var brennt milli Líðandisness ok Staðs, nema fimm bœir í Lœradal í Sogni, en fólk allt flýði á fjöll ok markir með allt lausafé, þat er komiðt fèkk. Haraldr konúngr lá um hríð með her sinn í Sólundum, ok ætlaði þá að herja til Íslands með liði því, er hann hafði þar, ok vildi hann hefna níðs þess, er Íslendingar höfðu gjört um hann, ok níddan hann. Haraldr konúngr bauð kúngum <sup>3</sup>) manni at fara í hamförum til Íslands, ok vita hvat hann kynni þaðan at segja konúngi;

<sup>1</sup>) sigrsíela, F. <sup>2</sup>) hér vantar i M mikinn kafla. <sup>3</sup>) kunnugum, F.

sá fór í hvalslíki umhverfis landit, ok sagði síðan konungi at margar kúngar óvættir byggja land þat, en haf svá mikit milli landanna, at þar var ekki fært lángskipum; ok er Haraldr konúngr varð þessa var, þá þóttist hann skilja, at þetta var en mesta óföra, ok ekki mátti þessu til leiðar koma. Eptir hernat þenna, er Haraldr Gormsson hafði gjört í Noregi, þá snæri hann heim til Danmerkr með lið sitt, en Hákon jarl lét byggja land allt í Noregi, en galt önga skatta síðan Danakonungi.

*Fall Haralds konungs.*

4. Sveinn, son Haralds konungs Gormssonar, beiddist ríkis nokkurs af Haraldi konungi feðr sínum, en Haraldr konúngr unni honum lítit, þvíat hann var frillusón, ok vildi hann ekki ríki fá honum til forráða. En er Sveinn gjörðist fullkominn maðr, þá fèkk hann sér skip ok lið, ok herjaði viða bæði utanlands ok innanlands; þá varð Haraldr konúngr reiðr honum, ok safnaði liði í móti honum; þá var kominn til liðs við Svein Pálnatóki fóstri hans, sem segir í sögu Jómsvölkínga, ok hélđu þeir þá til Sjóllands ok inn í Ísafjörð, þar var þá fyrir Haraldr konúngr með skipum sínum. Sveinn lagði þegar til orrostu við hann, varð þar bardagi mikill, dreif þá lið til Haralds konungs, svá at Sveinn varð ofrliði borinn, ok flýði hann. Í þeirri orrostu, fèkk Haraldr konúngr banasár, ok var hann skotinn örú til bana, ok var hann

fyrstr Danakonúnga grafinn í vígða jörð; þá hafði hann verit konúngr 80 vетra, 50 vетra at lifanda Gormi konungi feðr sínum, 50 vетра sifðan.

*Frá Sveini konungi.*

5. Sveinn tók konúngdóm í Dammörk eptir Harald konung feðr sinn, hann var kallaðr Sveinn tjúguskegg, hann var ríkr konúngr. Á hans dögum fór Sigvaldi jarl ok aðrir Jómsvíkingar til Noregs, ok barðist við Hákon jarl á Møri á Hjörúngavági, þar fæll Bói digri, en Sigvaldi jarl flýði. Eptir þat hvarf ríki í Noregi undan Danakonúngum, en litlu síðar kom Ólafr Tryggvason til Noregs, ok tók ríki. Sveinn konúngr átti Gunnhildi dóttur Búrizlafs Vindakonúngs, ok voru þeirra synir Knútr ok Haraldr. Síðan átti Sveinn konúngr Sigriði ena stórráðu, dóttur Sköglartosta, móður Ólafs Svíakonúngs; hana hafði fyrr átt Eiríkr hinn sigrsæli Svíakonúngr. Dóttir Sveins konúngs ok Sigriðar var Ástríðr, er átti Úlfr jarl, son Porgils sprakaleggs. Sveinn ok Björn lietu synir þeirra. Gyða hét enn <sup>1)</sup> dóttir Sveins konúngs tjúguskeggs, hana átti Eiríkr jarl Hákonarson í Noregi; þeirra son var Hákon jarl, er Ólafr hinn helgi tók í Sauðungs sundi. Sveinn konúngr tjúguskegg var at falli Ólafs konúngs Tryggvasonar með þeim Ólafi sönska, stjúpsyni sínum, ok Eiríki jarli, mági sínum; þeir börðust við

<sup>1)</sup> þannig F; ein A.

Svöldr; ok eptir fall Ólafs konúngs Tryggvasonar eignuðust þeir þrír Noreg, Sveinn Dana-konúngr einn þriðjung, annann Ólafr Svíakonúngr, enn þriðja Eiríkr jarl.

*Enn helgi Játmundr drap Svein konungi.*

6. Sveinn konúngr var hermaðr mikill ok enn ríkasti konúngr; hann herjaði viða bæði um Austrveg ok suðr um Saxland; at lyktum fór hann með her sinn vestr til Englands, ok herjaði þar viða, ok átti þar margar orrostur; þar var þá Aðalráðr konúngr Játgeirsson. Þeir Sveinn konúngr áttu margar orrostur, ok höfðu ýmsir sigr. Sveinn konúngr vann mestan hlut Englands, var hann þá á Englandi marga vetr, ok herjaði viða landit ok brenndi, hann kölluðu þeir fjanda Engla. Í þessum ófrið (flýði) Aðalráðr konúngr landit fyrir Sveini konungi, en Sveinn konúngr varð bráðdauðr um nótt í rekkju sinni, ok segja þat enskir menn, at Játmundr konúngr enn helgi hafi drepit hann með þeim hætti, sem hinn helgi Merkúríus drap Júlíanum niðing.

*Fra Þingamanna liði.*

7. Eptir dauða Sveins konúngs héldu Dana-höfðingjar því ríki í Englandi, er þeir höfðu unnit af landinu; höfðust þá enn orrostur af nýju, þvíat þegar Sveinn konúngr var dauðr, fór Aðalráðr konúngr heim í landit, ok komst þá í ríki sitt með styrk Ólafs ens helga, svá sem sagt'

er í sögu hans eptir orðum Óttars svarta skálds; hann segir svå:

Komtu í land ok lendir  
læðvörð<sup>1)</sup> Aðalráði  
Jín naut rekka rúni  
riki efladr at sliku;  
harðr var fundr sá er færðut  
friðlands á vit niðja<sup>2)</sup>  
rèð ættstuðill<sup>3)</sup> áðan  
Játmundar þar grundu.

Í þann tíma settu Danir þíngamannalið f Eng-  
landi, þar væru þá málamenn, ok var þat eð  
frœknasta lið, ok hélđu þíngamenn mjök upp  
orrostu af hendi Dana við Englismenn.

*Knútr konúngr lagði England (undir sik).*

8. Knútr, son Sveins konúngs tjúguskeggs, var 10 vетra, þá er faðir hans andaðist, var hann þá til konúngs tekinn i Danmörk yfir allt Danaveldi, þvíat Haraldr bróðir hans var and-  
aðr. Danahöfðingjar, þeir er þá sátu i Eng-  
landi, ok þar hélđu landinu, því er Sveinn kon-  
úngr hafði unnit, þá sendu þeir þau orð til Danmerkr, at Knútr konúngr skyldi koma vestr  
til Englands með Danaher til styrks við þá; en með því at Knútr konúngr var þá á barns  
aldri, ok var ekki vanr herstjórn, þá lögðu  
vinir hans þat ráð fyrir hann, at hann skyldi  
senda herlið til Englands, ok setja þar höfð-  
ingja yfir, en fara eigi sjálfur, meðan hann var

<sup>1)</sup> lávörðr, *V.*    <sup>2)</sup> niðra, *L.*    <sup>3)</sup> þannig leiðrætt; eðstuð-  
ill *A;* ætskuðill, *V.*

eigi meirr á legg kominn, ok svâ var gjört at konúngr sat ȝ vetr í Danmörku, síðan hann tók konúngdóm; en at liðinni þeirri stundu bauð hann út herliði af Danmörku; hann sendi boð ok til Noregs Eiríki jarli mági sínum, at hann skyldi safna liði ok fara til Englands með honum, þvíat Eiríkr jarl var frægr mjök at hreysti ok at hernæði, er hann hafði borit sigr af þeim tveim orrostum, er frægstar hafa verit á Norðrlöndum: önnur var sú, er þeir Sveinn konúngr tjúguskegg ok Ólafr sœnski Svíakonúngr ok Eiríkr jarl börðust við Ólaf Tryggvason við Svöldr; en önnur sú, er þeir Hákon jarl ok Eiríkr jarl börðust við Jómsvíkinga á Hjörúngavági. Knútr konúngr hélta her sínum vestr til Englands, ok höfðu allmikit lið. Svâ sagði Óttar svarti í Knútsdrápu:

Hrestu lit<sup>1)</sup> gamall lýtir  
 lavgreiðar fram skeiðum  
 fór-at fylkir øri  
 fólk sveimaðr þér heiman;  
 hilmir bjóttu ok hættir  
 harðbrynuð skip kynjum  
 reiðr hafðir<sup>2)</sup> þú rauðar  
 randir Knútr fyrir landi.

Ok enn segir hann svâ:

At<sup>3)</sup> fylgðu þeir<sup>4)</sup> Jótar  
 auðinildr flugar trauðir

<sup>1)</sup> hræstu líti, F.    <sup>2)</sup> kaſflyr, F.    <sup>3)</sup> út, F.    <sup>4)</sup> þér, F.

[skaut reina <sup>1)</sup>] bjó skreytir  
 Skánúnga lið vánir;  
 vað blæs of þér vísi  
 vestr settir þú flesta  
 kunnt gjörðir þú þenna  
 Þitt nafn í haf stafna.

Knúti konungi fylgðu margir höfðingjar til Englands; þar var fyrstr maðr Úlfr jarl Sprakaleggs-son, mágr hans, hann átti þá Ástríði Sveins-dóttur, systur Knúts konúngs; þar voru ok þeir bræðr, synir Strútharalda jarla, Hemíngr ok Porkell háfi, ok margir höfðingjar aðrir. Knútr konúngr kom til Englands, ok sigldi utan at Englandi, þar sem Fljót heita. Svá segir Hallvarðr Háreksblesi í Knútsdrápu:

Háreksblesi  
Fjóls...  
Háreks...?

Knútr lèztu fram til Fljóta,  
 frægr leið vörðr <sup>2)</sup> um ægi  
 heipt snarr Hildar leiptra,  
 harðbrynuð skip dynja;  
 Ullar lèztu við Ellu  
 ættleifð ok má reifðir  
 sverð manns snyrti gerðar  
 sund vigs flota bundit.

En þegar Knútr konúngr kom til Englands, gekk hann upp, ok herjaði landit, drap mannfólkit, en brendi bygð alla. Svá segir Óttar svarti:

Herskjöld bartu ok hélđuð  
 hilmir ríkr af slíku  
 hykkað ek þengil pektust

<sup>1)</sup> skautreina, F.    <sup>2)</sup> narðr, F.

Þík kyrsetu mikla;  
 ætt drap Jóta drottinn  
 Játgeirs í för Þeirri  
 þveit rakt <sup>1)</sup> þrár er <sup>2)</sup> heitinn  
 þeim stillis kom <sup>3)</sup> illan.

Ok enn kvað hann svá:

Brunnu bygðir manna  
 buðlúng <sup>4)</sup> fyrir þér úngum  
 opt lèztu hús ok heiptir <sup>5)</sup>  
 her kall búendr gjörva.

Landsmenn drógu her saman, ok fóru í móti  
 Dönnum, ok hældu upp orrostum. Svá sagði Þórðr  
 Kolbeinsson:

Gengu upp þeir er Englum  
 ár ramn gefendr váru  
 langa stund á landi  
 leiðir grund af skeiðum;  
 en í gegn þeir er gáðu  
 glaum skers bœi verja  
 galt hilmis lið hjalta  
 herferð <sup>6)</sup> búendr gjörðu.

*Lindsey*  
 Knútr konúngr átti ena fyrstu orrostu á Eng-  
 landi í Lindsey, ok varð þar mikit mannfall,  
 þá vann hann ok Hemingaborg <sup>7)</sup> á Englandi,  
 ok drap þar mikið fólk. Svá segir Óttar:

Gunni lèztu í grønni  
 gramr Lindsey framda

<sup>1)</sup> á spáziunni i A stendr rakr.    <sup>2)</sup> ert V.    <sup>3)</sup> á spázi-  
 unni i A stendr konr.    <sup>4)</sup> buðlúng, V.    <sup>5)</sup> seipu-  
 ir, V.    <sup>6)</sup> leiðrætt fyrir herferð A.    <sup>7)</sup> Helmingaborg, V.

beldu viðr því er vildu  
vikíngar því ríki;  
þfða lèztu í breiðri  
borg Hemínga <sup>1)</sup> sorgar  
œst fyrir Usu vestan  
Engst fólk Svía þróngvir.

Því næst átti hann miklar orrostur á Norðimbra-  
landi við Tesu, drap hann þar mikit fólk, en  
sumt flýði, ok týndist þar sem voru fen nokkur  
eða díki; sfðan flutti Knútr konúngr her sinn  
lengra suðr á landit, ok lagði allt undir sik þar  
sem hann fór.

*Knútr konúngr fèkk Emmu.*

9. Aðalráðr Englakonúngr varð sótt-  
dóðr þat sama haust eða sumar, er Knútr kon-  
úngr kom með her sinn til Englands; hann  
hafði þá verit konúngr í Englandi 18 vetr ok  
20; en Emma drottning, kona hans, bjóst þegar  
eptir andlát hans at fara af landi á brøt, hon  
ætlaði at fara vestr til Vallands <sup>2)</sup> á fund brœðra  
sinna, Vilhjálms ok Róberts, þeir voru jarlar í  
Vallandi. Faðir þeirra var Ríkarð Rúðujarl  
Ríkarðsson, Vilhjálmissónar lángaspjóts; hann  
var son Gönguhrólfss, þess er vann Normandi;  
hann var son Rögnvalds Møra jarls. Menn  
Knúts konúngs urðu varir við för Emmu drotn-  
íngar; þá er hon ok hennar voru búinir til hafs,  
þá komu þar menn Knúts konúngs, ok tóku skip-  
it ok allt þat er á var, fluttu þeir drotningu á

<sup>1)</sup> Hemínga, F.    <sup>2)</sup> Englands, F.

fund Knúts konúngs; ok var þat ráð höfðingja með konungi, at Knútr konúngr skyldi fá Emmu drotníngar, ok svá var gjört.

*Fra Játundi konungi.*

10. Eptir andlát Aðalráðs konúngs voru til konúnga teknir synir hans ok Emmu drotníngar: Játmundr hinn sterki var elztr; annar Játgeirr; Þriði var Játvígr; fjórði Játvarðr enn góði. Játmundr konúngr dró nú her saman mikinn, ok fór síðan í móti Knúti konungi, ok varð fundr þeirra þar sem heitir at Skorsteini, ok var þat en frægsta orrosta, er í þann tíma hafði verit; varð þar eð mestu mannfall í hvárvutveggja liði. Játmundr konúngr reið fram í miðjan Danaher, ok kom svá nær Knúti konungi, mági sínum, at hann náði til hans með sverðshöggi. Knútr konúngr skaut skildinum fram [yfir háls<sup>1)</sup>] hestinum, er hann sat á, en höggit kom á skjöldinn litlu fyrir neðan mundriðann, ok varð höggit svá mikil, at sundr tók skjöldinn, ok fyrir framan söðulinn klauf hann í sundr hestinn í bógunum, en þá sóttu Danir at honum svá fast, at Játmundr konúngr snæri aptr til sinna manna, ok hafði hann þá þó áðr drepit marga Dani, en konúngrinn varð lítt sárr eðr ekki. En er konúngrinn hafði framriðit allt frá liði sínu, þá hugðu hans menn at hann mundi vera fallinn, er þeir sá hann hvergi, ok kom þá flótti í lið þeirra, en sumir

<sup>1)</sup>) fyrir sik ok á háls, v.

sá at hann reið undan Dönum; flýðu þá allir, þeir er þat sá, en konúngr kallaði hátt, bað herinn apr snúa ok berjast, en þá lét engi sem heyrði; flýði þá allr herinn, ok varð þá einna ákafast mannfallit, ok ráku Danir flóttann allt til nætr. Svá segir Óttar svarti:

Úngr fylkir lèztu Engla  
allnær Thesu falla  
flœði djúpt of dauða  
dík Norðimbra lískum;  
svefn braut svörtum hræfni  
sunnar havtuðr gunnar  
ollí sókn enn snjalli  
Sveins mögr at Skorsteini.

*Fra Úlf jarli.*

11. Úlfr jarl var þá enn sem optar í fremra lagi af mönnum Knúts konúngs, ok fylgði lengst flóttamönnum; hann var þá kominn í skóg nokkurn svá þróngvan, at hann komst ekki or á allri nótinni, fyrr enn lýsti; þá sá hann á völlum nokkurum fyrir sér at smali var rekinn, ok sveinn nokkur vel frumvaxta rak fèið. Úlfr jarl gekk at sveininum, ok heilsaði honum, ok spurði hann nafns. Hann svaraði: ek heiti Guðini; eða ertu af Knúts mönnum? Úlfr jarl svarar: ek em einn víst af leiðangrsmönnum hans; eða hversu lángt er nú til skipa várra? Ekki veit ek, segir sveinninn, at þér Danir megit vænta af oss liðsinnis, ok hafi þér Danir

heldr til annars gjört. Úlfr jarl svarar: Piggja munda ek nú þó af þér, sveinn! ef þú vildir greiða ferð mína til skipa várra. Sveinninn svarar: þú hefir beint þvers farit frá skipunum, ok lángt á land upp yfir eyðiskóga, en þér Knúts menn erut ekki hér mjög þokkaðir af landsmönnum, ok þíkkir mönnum þó nokkur várkunn til þess, en nú er spurt í bygðina mannsfall þat, er varð í gær at Skorsteini, ok muntu hvergi grið hafa, ok enginn annara Knútsmania, ef boendr finna þik, ok svá ef nokkur helpr þér; en svá lízt mér á þik, sem gott mannkaup muni í þér vera, ok ætla ek þik annann mann, enn þú segir. Úlfr jarl tók þá gullhríng af hendi sér ok segir: gefa vil ek þér hríng þenna, ef þú vilt fylgja mér til várra manna. Guðini<sup>1)</sup> sá upp á hann um stund, ok mælti seint: eigi vil ek Piggja hrínginn, en freista mun ek nú, ef ek má koma þér til þinna manna, ok vil ek heldr eiga undir þér launin, ef ek fæ þér nokkvat viðhólpit, en ef þér verðr þetta at öngri liðveizlu, þá er öngra launa fyrir vert; skaltu nú fyrst fara heim til seðr míns með mér. Þeir gjörðu svá; en er þeir komu til bojarins, gengu þeir til litlu stofu, ok lét Guðini setja þar børð, ok var þar gefinn góðr drykkr. Úlfr jarl sá, at þar var góðr húسابær ok vel búinn. Þá kom til þeirra bóndi ok húsfreya, þau voru fríðir menn bæði ok vel

<sup>1)</sup> Guðni, F.

búin; fögnumuðu þau vel gestnum, ok sat hann þar um daginn, ok var hann þar í enum bezta sagnaði; en í móti nótt voru þar búnir tveir góðir hestar með enu bezta reiði. Þá mæltu <sup>1)</sup> þau við Úlf: far þú nú vel, ok fæ ek þér í hendr son minn, þann einn er ek á; nú bið ek, ef þú kemr til konungsins, ok megi þín orð nakkvað standast, þá kom þú honum þar í þjónostu, því at ekki má hann með mér vera síðan, ef værir landsmenn spyrja, at hann hasi þér á brót fylgt, hversu sem ek fæ undan stýrt. Úlfr jarl hét því at koma Guðina þar í sveit. Guðini var enn frfðasti maðr sýnum, ok vel at orði farinn. Bóndi nefndist Úlfnaðr. Þeir Úlfr jarl ríða þá nótt alla, en at morni, þá er ljóst var orðit, koma þeir til skipa Knúts konungs, ok voru menn á landi uppi; en er þeir sá jarl, ok kendu hann, þá hurfu menn þegar at honum allir, ok fögnumuðu honum, ok þóttust hann or helju heimt hafa, þvíat hann var svá vinsæll, at allir menn unnu honum hugástum. Varð Guðini <sup>2)</sup> þá hið fyrsta viss, lverjum hann hafði fylgt. Jarl setti Guðina í hásmeti ljá sér, ok héltn Hann at öllu sem sjálfan sik eða son sinn, ok er þat skjótast af at segja, at jarl gipti honum Gyðu systur sína, ok með framkvæmd Úlfs jarls ok liðveizlu, þá gaf Knútr konúngr Guðina jarldóm

<sup>1)</sup> þannig K. mælti, A.

<sup>2)</sup> Gudni, V.

fyrir (sakir) Úlfs jarls mágs síns. Voru synir þeirra Guðina ok Gyðu: Haraldr Englakonúngr ok Tosti jarl, er kallaðr var træspjót, Maurukári jarl ok Valþjófr jarl ok Sveinn jarl; Þaðan er mart stórmenni komit í Englandi ok í Dammörku ok í Svíaríki ok austr í Garðaríki; eru þat konúngaættir í Danaríki. Gyða hét dóttir Haralds konúngs Guðinasonar, hana átti Valðamar konúngr í Hólmgarði; þeirra son var Haraldr konúngr, hann átti dœtr 2<sup>1</sup>), er énn skal frá segja síðar.

*Fra Knúti konungi.*

12. Knútr konúngr átti aðra orustu við borg, þá er Brandfurða heitir, varð þar enn mikil orrosta, ok hafði Knútr konúngr sigr, en Aðalráðs synir flýðu, ok létu lið mikit, en Danir brutu borgina. Svá segir Óttar svarti:

Fjörlausa hýr<sup>2</sup>) Frísi  
friðsker<sup>1</sup>ir þeir gjörðu  
brauztu með bygðu setri  
Brandfurðu þér randa;  
Játmundar laut undir  
ættniðr göfugr hættir  
danskr her skaut þá dörum  
drótt er<sup>3</sup>) þú rakt flóttu.

Knútr konúngr átti ena þriðju orrostu við Aðalráðs sonu, þar sem heita Assatún, varð þar enn mikil orrosta, þat er norðr frá Danaskóginum.

Svá segir Óttarr:

<sup>1</sup>) 3, F.    <sup>2</sup>) hýr, F. hyk, M.    <sup>3</sup>) en, F.

Skjöldángr vantu und skildi  
 skærur verk enn sterki  
 fækk blóðtrani bráðir  
 brúnar Assatúnum;  
 vattu en valfall þótti  
 verðúng jöfurr sverði  
 nær [norðan fyrir <sup>1)</sup>] stóru  
 nafngnög Danaskóga.

Knútr konúngr átti ena fjórðu orrostu við Ját-mund konúng ok þá brœðr í Norðvík <sup>2)</sup>), varð þar enn mikil orrosta ok mannfall mikit, ok fækki Knútr konúngr sigr, en Aðalráðs synir flýðu. Svâ segir Óttarr svarti:

Bjóð <sup>3)</sup> vantu brynjur rauðar  
 blið <sup>4)</sup> stórgjafa síðan  
 lætr þú önd áðr þrek þrjóti  
 þinn fyrir Norðvík innan.

*Fra Knúti konungi.*

13. Síðan heldr Knútr konúngr öllu liðinu til Tempsár, þvíat hann spurði at Játmundr konúngr ok þeir brœðr hefði flýið til Lundúnaborgar; en er Knútr konúngr kom til Tempsármynnis, þá sigldi þar af hafi utan Eiríkr jarl Hákonarson, mágr hans, ok fundust þeir þar, ok lögðu síðan upp í ána með herinn. Svâ segir Pórðr Kolbeinsson f Eiríksdrápu:

<sup>1)</sup> fyrir norðan, *F.*      <sup>2)</sup> Norðrvík, *F.*      <sup>3)</sup> bjóðr, *F.*  
<sup>4)</sup> bliðr, *F.*

Ítr þrifust jöfра hleti <sup>1)</sup>  
 eggveðrs í favr seggja  
 skeið hèlt mörg í móðu  
 misslaung sem ek vissa;  
 bládýrum hèlt báru  
 brands [svá nær <sup>2)</sup> landi  
 Ullr, at enska völlu  
 áttstórr sjá knátti.

Ok enn kvað hann:

ENN AT EYRAR GRUNNI  
 ENDR <sup>3)</sup> SKJÖLDUNGUM RENNDI  
 SÁ ER KJÖLSSLÓÐIR KNÍÐI  
 KNÚTR LÁNGSKIPUM UTAN;  
 VARÐ ÞAR ER VILDU FYRÐAR  
 VARRLÁÐ KOMA BÁÐIR  
 HJÁLMAÐ <sup>4)</sup> JARLS OK HILMIS <sup>5)</sup>  
 HOEGR FUNDR Á ÞVÍ DÆGRI.

Útí ánni Temps var gjörr kastali mikill, ok setti  
 þar í herr manns til landvarnar, at eigi skyldi  
 skipaherr mega upp fara í ána. Knútr kon-  
 úngr lagði þegar upp í ána, ok at kastalanum,  
 ok barðist við þá, en enskir menn lögðu skipa-  
 herr frá Lundúnnum ok út eptir ánni, lögðu  
 þeir til orrostu við Dani. Sva segir Óttar svarti:

Fram gekk enn þar er unnuð  
 álmr gall hátt við málma  
 knéttuð sæ þar er sóttuð  
 sverð kastala verða;

<sup>1)</sup> hleti, *V.* hleti á spáslunni i *A.* <sup>2)</sup> nær svá, *V.*  
<sup>3)</sup> *V. K.* end, *A.* <sup>4)</sup> hjálmaðs, *V. K.* <sup>5)</sup> hilmir, *A.*

unnuð eigi minni  
 Úlfs <sup>1)</sup> gómr veit þat rómu  
 hnekkir <sup>2)</sup> hleypi blakka  
 hlunns á Tempsár grunni.

*Atsókn Knúts konungs.*

14. Knútr konúngr lagði öllum hernum upp til Lundúnaborgar, ok setti þar um herbúðir sínar; síðan veittu þeir atsókn til borgarinnar, en borgarmenn vörðu. Svá segir í flokki þeim, er þá var ortr af liðsmönnum:

Hvern <sup>3)</sup> morgin sér horna  
 Hlökk á Tempsár bakka  
 skala hánga má húngra  
 hræskóð lituð blóði;  
 hve sigrfskinn sökir  
 snarla borgarkarla,  
 dynr á brezkar brynjur  
 blóð- ís, Dana vísi.

Ok enn þetta:

Margr <sup>4)</sup> fer Ullr í illan  
 od-sennu dag þenna  
 frár þar föddir várum  
 fornan serk um bornir;  
 en á enskra manna  
 ölum gjóð Hnikars <sup>5)</sup> blóði  
 ært <sup>6)</sup> mun skáld í skyrtu  
 skoðaði hamri söða.

<sup>1)</sup>) *V.* Á. Úlf, *A.*    <sup>2)</sup>) *V.* K. hekkir, *A.*    <sup>3)</sup>) *V.* K. hver, *A.*  
<sup>4)</sup>) *V.* K. margr, *A.*    <sup>5)</sup>) *Spannig* *V.* hikars, *A.*    <sup>6)</sup>) *ort*, *V.*

Knútr konúngr átti þar marga bardaga, ok fèkk eigi unnit borgina.

*Frd Eiríki jarli.*

15. Eiríkr jarl fór með suman herinn upp á landit, ok sylgðu honum þíngamenn í móti enskum her, er fyrir ræð Úlfkellsnillíngr, mikill höfðingi, varð þar orrostu, ok hafði Eiríkr sigr, en Úlfkell flýði. Svá segir Þórðr Kolbeinsson í Eiriksdrápu:

Gullkennir lèt gunni  
grœðis hests <sup>1)</sup>) fyrir vestan  
þunðr vâ <sup>2)</sup>) leyfr til landa  
Lundún saman bundit;  
fèkk regn þorinn rekka  
rönn af þíngamönnum  
[œglig högg <sup>3)</sup>) þar er eggjar  
[Úlfkels blá skulfu <sup>4)</sup>).

Aðra orrostu átti Eiríkr jarl á Hringmaraheiði við enska menn. Svá segir Þórðr Kolbeinsson:

Hvatr vann Freyr á flotna  
fólk stafns sá er gaf hrafni  
sollit hold nè sjaldan  
sverðs eggja spor leggi;  
snjallr lèt opt ok olli  
Eiríkr bana þeirra  
rauð Hringmaraheiði  
her Engla lið þverra <sup>5)</sup>).

Þar hafði Eiríkr jarl sigr. Enn segir Þórðr

<sup>1)</sup> grœðishest, *I.*    <sup>2)</sup> na, *V.*    <sup>3)</sup> ok högg, *I.*    <sup>4)</sup> Úlfkell fèkk bláskulfu, *V.*    <sup>5)</sup> þvera, *V.*

Kolbeinsson fleira í Eiríksdrápu frá hernaði hans :

Gengu upp þeir er Englum  
 ár hrafn gefendr váru  
 lánga stund á landi  
 leiðir upp frá skeiðum ;  
 en í gegn þeir er gáðu  
 glaum skers bœi verja  
 galt hjálmað lið hjalta  
 herferð bœndr gjörðu.

*Sætt konúnga.*

16. Knútr konúngr sat um Lundúnaborg, en Játmundr konúngr ok þeir broðr vörðu borgina; þá fóru menn á millum þeirra. Knútr konúngr átti Emmu drottningu, móður þeirra, ok kom svo, at gislar voru settir í millum þeirra, ok voru grið sett til tals ok umleitanar meiri sætta; ok á þeim stefnum var sætt gjör millum þeirra, svá at skipta skyldi í helmínga landi með þeim, ok hafa hálfst ríki hvár, meðan þeir lifði, en ef annarhvár andaðist barnlaus, þá skyldi sá taka allt ríki með frjálsu, er eptir lifði, ok var sú sætt eiðum bundin. Heiðrekr strjóna hét einn rískr maðr, er fè tok til þess af Knúti konungi, at hann sviki Játmund konung, ok dræpi hann með morðvíg, ok þetta varð hans bani. Heiðrekr var þó fóstri Játmundar konúngs, ok trúði hann honum sem sjálfum sér. Síðan rak Knútr konúngr braut af Englandi alla syni Aðalráðs konúngs, ok urðu um þat

orrostu - slög mörg, en eigi fengu þeir styrk fjölmennis í móti Knúti konungi, síðan Ját-mundr konúngr var drepinn. Svá segir Sig-hvatr skáld í Knútsdrápu:

Ok senn sonu  
sló hvern ok þó  
Aðalráðs eða  
út flæmdi <sup>1)</sup> Knútr.

Synir Aðalráðs konúngs voru þá vestr í Vallandi í Normandí, ok voru þar lengi með móður-bræðrum sínum, Róðbert ok Vilhjálmi, svá sem sagt er í sögu Ólafs ens helga. Eiríkr jarl Hák-onarson andaðist á Englandi, ok var hann þá búinn til Rómferðar; honum var skorinn úfr, ok varð eigi blóð stöðvað, fèkk hann af því bana. Knútr konúngr ok Emma drotníng áttu 3 börn: Haraldr var elztr, annar Hörða-Knútr; dóttir þeirra var Gunnhildr, er síðan var gipt Hein-reki keisara enum milda, er hinn Þriði var sinna lángfeðga með því nafni. Sveinn hèt enn Þriði son Knúts konúngs; hans móðir var Alfífa en ríka, dóttir Álfrúns jarls.

*Sveinn konúngr kom í Noreg.*

17. Í þann tíma er Knútr konúngr ræð Englandi ok Danmörk, þá ræð Ólafr Haraldsson fyrir Noregi. En er Ólafr konúngr kom þar til ríkis, þá stukku or landi fyrir honum Sveinn jarl Hák-onarson ok Hákon jarl Eiríksson, systur-son Knúts konúngs; hann fór til Englands á

<sup>1)</sup> rak, v.

fund Knúts konúngs frænda síns, ok tók hann vel við honum. Síðan ófriðaðist með þeim Ólafi konungi ok Knúti konungi. Knútr konúngr ok Hákon jarl komu í Noreg með her óvígjan, var þat ovarla á dögum Ólafs konúngs, ok lögðu þeir land allt undir sik. Knútr konúngr setti þá Hákon frænda sinn til ríkis í Norðegi, en hann fór þaðan til Danmerkr, en Ólafr konúngr flýði þá landit, ok fór þá austr í Garðaríki, ok kom þá aptr í Noreg tveim vetrum síðarr, ok átti þá orrostu mikla á Stiklarstöðum við lenda menn sína, er þá höfðu gjörzt honum ótrúir, ok voru þá móttöðumenn hans; þar fell Ólafr konúngr, sem alkunna er orðit, ok er hann heilagr, ok liggr í skríní í Niðarósi. Hákon jarl Eiríksson týndist í Englandshafi einum vetri áðr Ólafr konúngr enn helgi fæll. Þá kom Sveinn, son Knúts konúngs ok Alfífu, í Noreg, ok var hann þá til konúngs tekinn yfir land allt at tilskipan Knúts konúngs föður síns. Knútr konúngr setti Hörða-Knút son sinn yfir Danaveldi, ok skyldi hann þar konúngr vera. Knútr konúngr hafði ok til forráða mikinn hlut af Skotlandi, ok setti hann þar Harald, son sinn, konung yfir, en þó var Knútr konúngr yfirkonúngr allra þeirra; hann var kallaðr Knútr hinn ríki eða Knútr gamli, hann hefir verit ríkastr konúngr ok viðlendastr á danska túngu. Knútr konúngr byrjaði ferð sína af landi í brøi, ok

fór hann suðr til Rúms, ok hafði hann í þeirri ferð svá mikinn fèkostnað, at engi maðr kunni markatal um ok varla pundatal; hann hafði of lausafjár af sínu ríki, en tók ikeisarans fè at frjálsu, hvar sem hann vildi. Meðan Knútr konúngr var á Rúmavegi, þá þyrfti engi maðr sér matar at biðja, sá er hans fundi mátti ná, so gaf hann öllum nóga skotpenn'nga. Knútr konúngr gekk af Flæmíngjalandi til Rómaborgar. Svà segir Sighvatr skáld:

Svà mun fár ferill  
fetum suðr metinn  
hríngdrifr <sup>1)</sup> hafa  
höfuð fremst <sup>2)</sup> jöfur.

Knútr konúngr setti spítala, þann er alla menn skyldi föða um nótt, þá er þar kœmi af danskri túngu; víða gaf hann ok til stórfè, þar sem voru klastr eða aðrir stórir staðir.

#### *Andlát Knúts.*

18. En er Knútr konúngr kom aptr til Englands í ríki sitt, þá fèkk hann sjúkleik, ok var fyrst með því móti, sem gulusótt er köllut; hann lá lengi um sumarið, ok um haustið and-aðist hann iðus Nóvembri, þat var í borg Þeirri [er heitir <sup>3)</sup>] í Morstr, þat er mikill höfuðstaðr, ok er hann þar jarðaðr. Þá hafði hann at aldri 17 vetr ok 20, þá hafði hann verit konúngr yfir Danmörku 7 vetr ok 20, en ráðit fyrir Englandi

---

<sup>1)</sup> *þannig M. hríng-drif A.*    <sup>2)</sup> *fremstr. V.*    <sup>3)</sup> *þannig V. v. í hjra.*

4 vetr ok 20, en fyrir Noregi 7 vetr. Þat er allra manna mál, at Knútr konúngr hafi ríkastr verit ok víðlendastr konúnga á Norðrlöndum.

*Frá Knúti konungi.*

19. Knútr konúngr hefir verit örvastr konúnga á Norðrlöndum, þvíat þat er sannliga sagt, at eigi hafði hann þat miðr umfram aðra konúnga, hversu mikil fè hann veitti í vingjafir á hverju ári, heldr enn hitt, at hann tók miklu meira í skatta ok skuldir á hverju ári af 3 þjóðlöndum enn hverr sá annarra, er hafði eitt konúngsríki fyrir at ráða, ok þó þat með at England er auðgast at lausafé allra Norðrlanda. Þat var eitt mark um örleik hans, at maðr er nefndr Pórarinn loftúnga, islenzkr, hann var skáld mikið, ok hafði hann bundizt á höndum konúngum ok 2) ríkum mönnum lánga æfi, ok var þá gamall, er hann sótti til fundar við Knút konung, ok hafði ort kvæði um hann, en þat var þá, er hann gekk fyrir konunginn, ok kvaddi hann, ok spurði ef hann vildi hlýða til kvæðis, er hann hafði ort um hann; en þat var þá er konúngr sat yfir borðum, ok vist var upptekin; menn nokkurir stóðu fyrir borðinu, þeir er töluðu mál sitt, ok hlýddi konúngr þeim fyrst, en er þeir luku sinni rœðu, þá mælti Pórarinn, þvíat hann var maðr konung-djarfr, ok hafði opt flutt mál sitt fyrir höfðingjum: herra! segir hann, enn vil ek biðja, at þér

<sup>1)</sup> öðrum b. v. F.

heyrið kvæði mitt, ok mun yðr þat skömm dvöl vera, þvíat þat eru fár vísur. Knútr svarar, ok leit til hans heldr reiðuliga: Þat hefir engi maðr fyrr gjört enn þú, at yrkja um mik dræplinga, ok vittu þat víst, at á morgin at dögurðar <sup>1)</sup> máli kom þú hér, ok flyt mér þá Þrituga drápu eða lengri, þá er þú hefir nú ort um mik á þessi stundu, en at öðrum kosti skaltu deya. Þá gekk Þórarinn í bröt, ok tók at yrkja drápu um Knút konung, ok er sú drápa kölluð Höfuðlausn, ok nýtti hann allt úr flokkinum, þat er svá mátti, ok eptir um daginn flutti hann kvæðit at konúngs borði, ok tókst honum eð bezta. Konúngr launaði honum kvæðit, ok gaf honum 50 marka skírra <sup>2)</sup>. Síðan orti Þórarinn aðra drápu um Knút konung, ok er þat kölluð Tugdrápa, þar segir svá:

Gjöld hefi ek marka  
málmdyns fyrir hlyn  
fram fimm tigu  
forvist borit;  
þeirra er veitti  
vígagr <sup>3)</sup> brag  
mér morðstórir  
mannbaldr er ek fann.

Knútr konúngr gaf Bersa Skáldtorfusyni två gullhrínga, er báðir stóðu mörk, ok þar með sverð gullbúit. Svá segir Sighvatr skáld:

Knútr hefir okkr enn stri

---

<sup>1)</sup> dögverðar, F.    <sup>2)</sup> skíra, F.    <sup>3)</sup> fyrir b. v. M.

[all-dáðgöfugr báðum <sup>1)</sup>  
 hendr er hilmi [fundum <sup>2)</sup>  
 húns skrautliga búnar;  
 Þær gaf hann mörk eða meira  
 margvitri ok hjör bitran  
 gulls, ræðr gjörfa öllu  
 gud sjálfr, en mér hálfu.

Þá er Knútr konúngr andaðist í Englandi, end-  
 ist sá hinn mikli höfðingskapr Danakonúnga,  
 er þeir lángfeðgar höfðu haft, at hvern enn  
 síðarri hafði meira ríki enn hans faðir.

*Frá Knúti ok Sveini.*

20. Knútr var manna mestr vexti ok  
 sterkr <sup>3)</sup> at afli, manna fríðastr, neima nef hans  
 var þunt, ok eigi lágt, ok nákkvað bjúgt, hann  
 var ljóslitaðr, fagrhärr <sup>4)</sup> ok mjök hærðr, hverj-  
 um manni var hann betr eygðr, bæði fagreygðr  
 ok snareygðr; hann var ör maðr, hermaðr mik-  
 ill ok enn væpndjarfasti, sigrsæll, hamíngju-  
 maðr mikill um alla hluti, þá er til ríkdóms  
 heyrði; ekki var hann stórvitr maðr, ok svá  
 Sveinn konúngr með sama hætti, ok enn áðr  
 Haraldr ok Gormr, at þeir voru öngir spek-  
 íngar at viti.

*Frá Hörða-Knúti.*

21. Hörða-Knútr, son gamla Knúts, tók  
 ríki allt í Danmörku eptir föður sinn, en Har-  
 aldr, annarr son gamla Knúts, tók ríki yfir Eng-

<sup>1)</sup> alldafugr háðum, *F.* háðum u. í *A.*      <sup>2)</sup> fundu, *F.*

<sup>3)</sup> sterkastr, *F.*      <sup>4)</sup> sagrhærðr, *F.*

landi eptir föður sinn; þá kom til Englands Játvarðr enn góði Aðalráðsson, bróðir Þeirra Haralds ok Hörða-Knúts, 'hafði hann í Englandi gott yfirlát, sem vert var. Tveim vetrum eptir andlát gamla Knúts andaðist Gunnhildr drottning í Saxlandi, dóttir Knúts konungs, er Heinrekr keisari hafði átt; en þrim vetrum síðarr andaðist Haraldr Knútsson Englakonungr, ok er hann jarðaðr hjá föður sínum í Morstr <sup>1)</sup>, tók þá Hörða - Knútr bróðir hans bæði ríkin, England ok Danmörk, en Magnús son Ólafs ens helga, svarabréðir Hörða - Knúts, rèð þá Noregi, svá sem ritað er í æfi Noregs konunga; en tveim vetrum eptir andlát Haralds Knútssonar andaðist Hörða - Knútr, var hann ok jarðaðr í Morstr <sup>2)</sup> hjá gamla Knúti, feðr sínum. Eptir dauða Hörða - Knúts var aldauða en forna ætt Danakonunga. Þá var Játvarðr Aðalráðsson til konungs tekinn yfir Englandi, var hann þar lengi konungr, ok eignuðust Dana-konungar aldregi England síðan. En þá tók Magnús, son Ólafs ens helga, ríki í Danmörk, var hann þá þar konungr yfir, sem segir í æfi Noregs konunga; hann rèð einn Danmörk, áðr þar hófst til ríkis í móti honum Sveinn, sá er sagt er, Magnús heti öðru nafni, hann var son Úlfss jarls Þorgilssonar sprakaleggs. Móðir Sveins var Ástríðr, dóttir Sveins konungs

<sup>1)</sup> F. Mostr, A.    <sup>2)</sup> F. Most, A.

tjúguskeggs, var hún systir Knúts konúngs gainla, en móðir Ástriðar var Sigríðr hin stórráða, dóttir Sköglar-Tosta, hon var ok móðir Olafs sœnska.

*Frá Dana konungi 1).*

22. Sveinn Úlfsson tók jarldóm af Magnúsi konungi Ólafssyni, ok þar með Danaveldi til forráða ok yfirsóknar, þá er þeir fundust í Gautelfi 2), ok batt Sveinn eiðum sætt þeirra, fór Magnús þá norðr í Noreg, en Sveinn til Danmerkr. Þat sama haust tóku Danir Svein Úlfsson til konúngs, ok lagði hann þá land allt undir sík, [ok gjörðist konungr yfir 3); þat spurði Magnús konungr, ok eptir um vārið fór Magnús 4) til Danmerkr með mikinn her. Þat sumar barðist Magnús konungr á Vindlandi við Jómsborg, ok fækki sigr, brendi hann borgina ok víða annarstaðar landit. Aðra orrostu átti Magnús konungr um haustið næsta dag fyrir Mikkjáls 5) messu á Jótlandi, skamt norðr frá Heiðabœ á Hlýrskógsheiði 6) við Skotborgará; þá barðist hann við Vindr, þar sigraði Magnús konungr með heilagleik ok jarteiknagjörð Olafs konúngs föður síns, ok drap þar ógrynni hers 7) heiðinna manna. Þat er sögn sumra manna at Sveinn Úlfsson hafi verit í þeirri orrustu með

1) her byrjar S. F. C. 2) Elfinni, S. F. C. 3) u. i. S. F. C.

4) suðr, b. u. S. F. C. 5) Michels, S. F. C.

6) Lyrskógsheiði, S. F. C. 7) u. i. S. F. C.

Magnúsi konungi, ok setti þeirra hældist þá  
enn. Svá segir þorleikr fagri í flokki þeim, er  
hann orti um Svein Úlfsson:

Fur sendir vann <sup>1)</sup>) fjandum  
fjörspell i gný hjörfa <sup>2)</sup>)  
[bráð <sup>3)</sup>) fæk hrafn fyrir Heiða- <sup>4)</sup>)  
hauk storða bœ norðan;  
rákust Vindr <sup>5)</sup>) en vakar  
vals ginu <sup>6)</sup>) þeir um <sup>7)</sup>) halsa,  
dauðr lá herr á heiði  
hund margr, [fáir undan <sup>8)</sup>).

Þat sama haust áttu þeir orrostu á öndurðum  
vetri, Magnús konúngr ok Sveinn konúngr <sup>9)</sup>)  
Úlfsson, við Erri <sup>10)</sup>); þar hafði Magnúskonúngr  
sigr, en Sveinn flýði til Jótlands. Aðra orr-  
ostu áttu þeir litlu fyrir jól, fyrir Jótlandi fyrir  
sunnan Árós; þar var hörð orrosta, ok mikið  
mannfall, þar flýði Sveinn konúngr, ok lét þar  
<sup>7</sup> skip, sem segir í sögu Magnús konúngs ens  
góða. Sveinn flýði fyrst til Sjólands, með [þat  
lið er undan hafði komið, ok honum vildi  
fylgja <sup>11)</sup>), en Magnús konúngr sigldi þegar  
eptir honum, ok kom at Sveini, þar sem heitir  
í Höfn, lá hann þar fyrir fám skipum; varð þar  
skömm viðrtaka, flýði Sveinn á land upp, fèll

---

<sup>1)</sup>) S. F. C. var, A.    <sup>2)</sup>) jörfa, S. F. örfa C.    <sup>3)</sup>) bravð,  
S. F.    <sup>4)</sup>) herða, C.    <sup>5)</sup>) Vindar, C.    <sup>6)</sup>) gny'u, S.  
F. gum C.    <sup>7)</sup>) S. F. C. und, A.    <sup>8)</sup>) fá undir, C.  
<sup>9)</sup>) v. f. S. F. C.    <sup>10)</sup>) Eyri, S. F.    <sup>11)</sup>) sínum mörnum-  
um, S. F. C.

þar enn mart lið hans. Sveinn flýði þá til Fjóns, en Magnús konúngr hélta eptir honum, ok urðu [þar enn mörg slög veitt Sveins mönnum, ok voru þat ekki stórar orrostur, en þó <sup>1)</sup> segir Arnór jarlaskáld í Magnúsardrápu:

Fjórar hefir þú [randa rýrir <sup>2)</sup>  
reyrar setrs á einum vetri  
allvaldr ertu ofveg <sup>3)</sup> kallaðr  
örva <sup>4)</sup> hríðir fræknum gjörvar <sup>5)</sup>.

Sveinn konúngr gekk á skip, ok hélta austr fyrir Skáni, ok fór þar upp á land, ok svá austr í Svíaveldi á fund Önundar konúngs Ólafssonar, frænda síns, ok dvaldist þar til vårs. Magnús konúngr fór um vārið til Noregs, ok dvaldist þar lengi um sumarit, en er Sveinn spurði þat, fór hann þegar út í Danmörk, ok lagði land undir sik; ok er Magnús konúngr spurði þat til Noregs, þá fór hann til Danmerkr [um haustið með her sinn, ok var <sup>6)</sup> fundr þeirra Sveins, þar sem heitir Helganes, þar varð allmikil orrosta, ok flýði Sveinn á land upp um síðir, ok lét öll skipin. [Svá segir Arnór í Magnúsdrápu:

Keppinn vantu, þat er ey mun uppi  
Yggjar veðr, meðan heimrinn byggist,

<sup>1)</sup> þá mörg slög með Norðmönnum ok Dönum, svá, *S. V. C.*

<sup>2)</sup> rímmur reyar, *S. F.* rumnur reyrir, *C.*    <sup>3)</sup> ofvægr

*S. V. C.*    <sup>4)</sup> avrferð, *S. V.*    <sup>5)</sup> hirðir frægn af

gjörvann, *S. V. C.*    <sup>6)</sup> varð, *S. V. C.*

O

valgammr skók í vánna rimmu  
við Helganes blóðugt fiðri;  
ýngvi fèktu öll með hríngum  
jarl vissi sik foldar missa  
þjóðkuðr en þú tókt síðan  
þeirra flaust við sigri meira <sup>1)</sup>.

Sveinn flýði þá enn til Svíþjóðar, ok dvaldist þar annann vetr, en Magnús konúngr fór þá til Noregs. Haraldr Sigurðarson kom þat vår til Svíþjóðar austan or Garðaríki, mágr Sveins. Haraldr átti þá Ellisif, dóttur Jarizleifs konúngs or Hólmgarði <sup>2)</sup>; móðir hennar var Íngigerðr, dóttir Olafs sœnska, [en hann var móðurbróðir Sveins Úlfssonar <sup>3)</sup>. Sveinn ok Haraldr gjörðu félagskap sinu, ok drógu her saman, ok fóru síðan til Danmerkr, forn þar allt herskildi yfir, ok lögðu land allt undir sik. En er Magnús konúngr spurði þat, þá fór hann móti þeim með her or Noregi, þá fór Hallkell móðurbróðir þeirra Ólafs ens helga ok Haraldar Sigurðarsonar af Magnúsar liði á fund Haralds Sigurðarsonar <sup>4)</sup>, ok gjörði sætt á milli þeirra Magnús konúngs; fór þá Haraldr til Noregs, ok tók þar halft ríki af Magnúsi konungi frænda sínum, en Sveinn flýði þá enn til Svíþjóðar, ok fór þá aptr út í Danmörk, þegar er konungarnir voru norðr farnir, var hann í Danmörk um vetrinn, en eptir <sup>5)</sup> um sumarit fór Magnús konúngr

<sup>1)</sup> frá [ v. i S. V. C. <sup>2)</sup> Hólmgörðum, S. V. C. <sup>3)</sup> v. i S. V. C. <sup>4)</sup> frænda síns, S. V. C. <sup>5)</sup> her byrjar E.

ok Haraldr til Danmérkr. Sveinn var þá [á Skáni <sup>1)</sup>). Þat haust varð Magnús konúngr sóttduðr á Jótlandi, en allr Norðmannaherr fylgði líki hans norðr í Noreg; en Sveinn varð konúngr at Danmörk at frjálsu, ok ræð því ríki lengi síðan; en Haraldr var þá konúngr í Noregi, ok stóð lengi <sup>2)</sup> ófriðr milli þeirra, ok herjaði Haraldr konúngr hvert summar í Danmörk, ok eru um þat lángar frásagnir í sögu Haralds konúngs <sup>3)</sup>). [Þá er Haraldr hafði verit 16 vetr yfir Noregi, áttu þeir Sveinn konúngr orrostu mikla fyrir Hallandi á Jöfnfirði <sup>4)</sup> fyrir Nizi, þar hafði Haraldr konúngr sigr, en Sveinn konúngr flýði; þrim vetrum síðar gjörðu þeir sætt sína Haraldr ok Sveinn ok <sup>5)</sup> frið millum landanna; einum vetri síðarr fell Haraldr konúngr á Englandi. Sveinn konúngr hafði ok ófrið við Steinkel Svíakonúng, ok fór hann með herr sinn <sup>6)</sup> á hendr Sveini konungi, ok vann ekki af landi hans. [Svá segir Þorleikr fagri:

Hætt hafa sér þeir er sóttu  
Sveins fundar til stundum  
litt hefir þeir <sup>7)</sup> at þreyta

<sup>1)</sup> i Skaney, *S. V. C.*    <sup>2)</sup> yfrið, *b. v. E.*    <sup>3)</sup> Sigurðarsonar, *S. V. C. E.*    <sup>4)</sup> Lofnusírði, *M.*    <sup>5)</sup> en þó settust þeir um síðir eptir því sem segir í mælisögu Noregs konunga ok settu þeir, *S. V. C. E.*    <sup>6)</sup> í Dammörk, *b. v. S. V. C. E.*    <sup>7)</sup> þeim, *M.*

þímr bragnsingum hagnað;  
 Þó hefir höldvinr haldit  
 (hann er snjallr konúngr) allri  
 Jótagrund með endum  
 ógnsterkr ok Danmörku<sup>1)</sup>.

*Fra börnum Sveins konúngs.*

23. Sveinn konúngr Ulfsson átti Gunnhildi, dóttur Sveins jarls Hákonarsonar; Þeirra sun hét Sveinn. Sveinn konúngr átti mörg frillubörn, hann átti 14 sonu, þá er or barnæsku komust: Knútr hét enn elzti, hann andadist at lisanda feðr sínum í Rúmferð; annarr hét Haraldr; Þriði Knútr enn helgi; 4ði Ólafr; 5ti Sveinn; 6ti Eríkr enn góði; 7di Porgils; 8di Sigurðr; 9di Benedikt; 10di Björn; 11ti Guttormr<sup>2)</sup>; 12ti Eymundr<sup>3)</sup>; 13di Nikulás; 14di Úlfr, er Ubbi var kallaðr. Þær voru dætr Sveins konúngs: Íngirisðr, er síðan átti Ólafr kyrri Noregs konúngr Haraldsson; önnur var Ragnhildr, er átti Sveinn, son Áskels Erlingssonar, Þeirra son var Knútr á Sóla. Sveinn Ulfsson var ágætr konúngr ok vinsæll, svá at [eigi hefir einhverr<sup>4)</sup> Danakonúnga ástsælli verit af öllu landsfólkini<sup>5)</sup>, [hann var lengi konúngr yfir Danmörk<sup>6)</sup>. Porgils, son Sveins konúngs, fór austr í Garðaríki, þar átti hann móðurætt göfga, föddist hann þar upp, ok

1) *frá v. i. S. F. C. E.* 2) Guttormr, *E.* 3) Eyvindr, *F. C.*

4) engi hefir einn, *S. F. C. E.* 5) Dana landsfólk, *S. F. C. E.* 6) *v. i. S. F. C. E.*

var þar til konúngs tekinn, ok kom ekki síðan til Danmerkr. Sigurðr, son Sveins konúngs, fèll á Vindlandi <sup>1)</sup>.

*Frá Sveini konungi.*

24. Þá er Sveinn konúngr hafði ráðit fyrir Danmörku 9 vetr ok 20, síðan Magnús konúngr enn góði andaðist, þá var hann staddir austr <sup>2)</sup> á Jótlandi; hann lét þá Þíngs kveðja, ok var þar allfjölmenn; en er Þíngið var sett, þá talaði <sup>3)</sup> Sveinn konúngr ok mælti: guð launi ok þakki yðr Dönum ást ok hlýðni, er þér hasit við mik lánga stund haft; vænti ek at enn muni svá vera um þá hluti, er mér þíkkja miklu máli skipta; ek hefi haldit lög forn við yðr Dani, en nú <sup>4)</sup> er sá hlutr í málinu, er yðr man ek þíkkja taka um fram lögin, er þat ok svá; ek vil þess biðja, at þér látit mik kjósa konúng eptir mik, bið ek þess fyrir þá sök, at ek á marga sonu ok vel mannaða, vil ek heldr skipta ríki með þeim ok konúngdómi, enn þeir deili með ófriði sín í milli, ok verði fyrir þat styrjöld í landinu ok hernæðr. [Konúngrinn talaði ekki lángt <sup>5)</sup>], en er hann hætti rœðunni, þá varð góðr rómr at máli hans, ok játuðu allir honum bœn sína fyrir sakir vinsælda hans ok ástar, er allt fólk unni honum, var þat þá gjört lögtekit, ok átt våpnatak at, at Sveinn konúngr skyldi kjósa þann af sonum sínum,

<sup>1)</sup>) Vinlandi, E.    <sup>2)</sup>) vestr, S.    <sup>3)</sup>) þannig S. V. E.  
svaraði, A.    <sup>4)</sup>) einn, V.    <sup>5)</sup>) v. i' S. V. C. L.

sem hann vildi, til konúngs eptir sik í Danmörk. Þá tók Sveinn konúngr til máls ok sagði svá: Haraldr er elztr sona minna, sem þér vit-  
ið, at vetratali, en Knútr er [röskastr í skapi  
ok <sup>1)</sup> bezt at fþróttum búinn allra sona minna,  
er hann nú ok reyndr at herstjórн <sup>2)</sup>, ok líkki  
mér hann bazt til konúngs fallinn af sonum  
mínum <sup>3)</sup>, vil ek hann til konúngs kjósa eptir  
mik. Var þá slitit þínginu.

*Andlát Sveins.*

25. Síðan fór Sveinn konúngraptr í þorp-  
ið, þar sem hann hafði áðr veizlu haft, þar  
heitir Suddaþorp. En er konúngr kom [til  
herbergis <sup>4)</sup>], þá lét hann búa hvílu sína, ok  
lagðist í sótt, ok leiddi sú sótt hann til bana.  
Lík hans var flutt til Hríngstaða, [[ok var hann  
þar jarðaðr. Kálfr Mánason segir svá [í kyæði  
því, er hann orti um Knút enn helga, son Sveins  
konúngs <sup>5)</sup>], at líkit Sveins konúngs var flutt  
á 13 dögum [sunnan af Jótlandi ok norðr <sup>6)</sup> til  
Hríngstaða með miklum prís ok virðulegri lík-  
fylgju <sup>7)</sup>. Sveinn konúngr andaðist þriðja Kal.  
Mají, þá hafði hann verit konúngr at Dan-  
mörku 9 vetr ok 20, síðan Magnús konúngr  
andaðist, en áðr 2 vetr í úfriði við Magnús  
konung. Sveinn konúngr andaðist 10 vetrum

<sup>1)</sup> v. i' S. F. C. E.      <sup>2)</sup> herstjórн, S. F. C. E.      <sup>3)</sup> hé  
i Danmörk, b. v. S. F. C. E.      <sup>4)</sup> í þorpið, S. F. C. E.

<sup>5)</sup> v. i' C. E.      <sup>6)</sup> v. i' C. E.      <sup>7)</sup> frí [f v. i' S. F.

eftir fall Haraldanna <sup>1)</sup> á Englandi. Þá voru liðnir frá andláti gamla Knúts 40 vетra. Sveinn konúngr var allra manna fríðastr, hann var ok hverjum manni meiri ok sterkari, lítillátr ok blfðmæltr <sup>2)</sup>, manna örvastr, snjállr í máli, stjórnsamr ok réttlátr <sup>3)</sup>, Þolinmóðr, enn hraustasti [ok enn væpndjarfasti <sup>4)</sup>; ekki var hann sigrsæll í orrostum, [svá sem hér er áðr sagt <sup>5)</sup>. Svá segir Steinn Herdísarson [í Nizar vísum <sup>6)</sup>, er hann orti um Harald konungi Sigurðarson:

Oss dugir hrifns ens hvassa  
húngr-deyfi <sup>7)</sup> svá <sup>8)</sup> leyfa,  
linns at lastim <sup>9)</sup> annan <sup>10)</sup>  
látrs <sup>11)</sup> sveiganda <sup>12)</sup> eigi;  
[aldregi kvöddust oddum,  
annað hverjum manni  
tál er um tiggja at mæla,  
tveir fullhugar meiri.

Ok enn kvað hann:

Eigi mundi undan  
allvaldr Dana halda,  
oss dugir satt um snotran  
sælínga kon mæla;  
el menn fyrir sjá sunnan  
sverð reiddust <sup>13)</sup> at ferðir

<sup>1)</sup> Haraldis konungs, *S. F.* *Hér byrjar F.* <sup>2)</sup> bliðleytr, *F.*  
<sup>3)</sup> réttlæmri, *S. F.* *C. E. F.* <sup>4)</sup> í ullum mannaum-  
um, *S. F.* *C. E.* <sup>5)</sup> v. i *C. E. F.* <sup>6)</sup> v. i *C. E. F.*  
<sup>7)</sup> deum, *C. E. F.* <sup>8)</sup> fē, *S.* <sup>9)</sup> *K.* lastinn, *A.*  
*lastui*, *S. E.* *lastun*, *F.* <sup>10)</sup> annat, *S. C. E.* <sup>11)</sup> látur,  
*S. C. E.* <sup>12)</sup> sveigandi, *S. C.* sveigan, *F.* <sup>13)</sup> v. frá  
 [ i *S. T. E.*

þeir er <sup>1)</sup> herskildi liðldu  
hrafn fæði <sup>2)</sup> vel tæði <sup>3)</sup>.

*Haraldr til konúngs tekinn.*

26. Eptir andlát Sveins konúngs varð þegar sundrþykki mikit með sonum hans, ok dró hvern þeirra at sér vini sína, ok leitaði sér fulltíngs <sup>4)</sup>. Ásbjörn Eydana <sup>5)</sup> jarl <sup>6)</sup> hafði gipt dóttur sína Haraldi, syni Sveins konúngs, ok gekk hann at með enu mesta kappi, at halda Haraldi til konúngs, ok hurfu at því margir aðrir höfðingjar með honum; drógu þeir þat fram, sem forn lög voru, at enn elzti konúngsson skyldi konúngr vera, en hirtu ekki, hvat Sveinn konúngr hafði þarum mælt, eðr hverju þeir höfðu honum heitit. Knútr, son Sveins konúngs, hafði [áðr verit <sup>7)</sup>] í hernaði í Austrveg, ok hafði hann lið mikit ok góðan skipakost. Svá segir Kálfr Mánason í kvæði sínu, at Knútr hafi sigrað 10 konúnga, þá er hann var í hernaði í Austrveg. Þeir báðir brœðr Knútr ok Haraldr sóttu nú til Jótlands, [þvíat þar skyldi <sup>8)</sup> konung taka á Vebjarga Þíngi, var þar allmikit fjölmenni. En er Þíngit var sett, ok höfðingjar þar komnir, þeir sem ván var, þá talaði [þar annar <sup>9)</sup>] at öðrum, ok birtist þá hvern hverjum [fulltíngði <sup>10)</sup>]; fór svá

<sup>1)</sup> v. i F.    <sup>2)</sup> hrafn fæðir, F.    <sup>3)</sup> v. i F. frá [    <sup>4)</sup> við b. v. C. án hvíldarmerkis.    <sup>5)</sup> Eydanna, F.    <sup>6)</sup> hann b. v. C.    <sup>7)</sup> þá verit um hrið, S. F. C. E.    <sup>8)</sup> Danir skyldu sér, S. F. C.    <sup>9)</sup> hvör, S. F. C. E.    <sup>10)</sup> vildi fylgja, S. F. C. E.

þann dag allan til nætr, [ok var ekki þá nær lyktinni <sup>1)</sup> enn áðr; en annann dag, er menn komu á Þíngið, ok nokkurir menn höfðu talað, þá stóð upp einn maðr í bónaldiðinu, ok tal-aði ok mælti svá: vèr Jótarnir höfum lengi haft vald til þess, at kjósa konung yfir Danaveldi, höfum vèr Danir verit jafnan konungsælir, ok þessi konúngr, er nu var næstum, hafði alla hluti [þá með sér <sup>2)</sup>], er konung fríðir <sup>3)</sup>, en þat er herða <sup>4)</sup> ok stjórn at gæta landsins, þvíat land vårt er mjök herskátt af víkíngum; þurum vèr þann konung, at áðr sè reyndr í bardögum ok at stjórn hersins ok þar með lands ok laga; [hafi hann ok bæði til <sup>5)</sup> vit ok vanda <sup>6)</sup> at vera höfðingi; konúngr þarf að vera snjallr í máli <sup>7)</sup> ok stiltr vel, ok þó harðr til rættra reßlinga, örr af fè, þvíat hann tekr af mörgum, skal hann af því mikit gefa; þat er ok hans prýði, at hann sè friför ok fagr, ok sæmiliðr í enum bezta búnaði; tökum þann til konungs, er þessa hluti hefir einn alla, sem nú eru upptaldir, þvíat góðr konúngr er oss betri ok nytsamligri enn öll en fornu lög vær. Knútr einn hefir þetta með sér, er nú er upptalt, [hann viljum vèr til konungs taka <sup>8)</sup>; var ok

<sup>1)</sup> at ekki var nær, S. V. var þá ekki at nær heldr, C.

<sup>2)</sup> til þá, S. V. C. E. <sup>3)</sup> príða, V. S. C. E.

<sup>4)</sup> hræðsla, S. V. hræssla, C. E. <sup>5)</sup> hafi partil, S. V.

<sup>6)</sup> vilja, S. V. C. E. <sup>7)</sup> stjórnsmar, b. v. S. V. C. E.

<sup>8)</sup> v. i' S. V.

Sveinn konúngr svā heilráðr sínu landsfólki, at þat mun öllum bæzt gegna, at hafa hans forsjá um slíka hluti, er oss liggr svā stórt við. Þá varð at máli hans rómr mikill, ok þótti öllum vel mælt. Eyvindr bifra hét einn ríkr maðr, vinr mikill Ásbjarnar jarls, hann stóð þá upp, ok talaði, þegar hljóð fækst, ok tók svā til orðs: mikit vandamál egum vér [hér at kæra, en þó eigi at síðr heldr oss <sup>1)</sup> nauðsyn til, at taka einn-hvern konúng yfir oss; allir megu <sup>2)</sup> þat sjá, at Knútr hefir flesta hluti til þess, að vera konúng yfir Danmörk, þó at forn lög vår vísi heldr til annars, ok eigi vildum vér í móti honum mæla; en þó ef vér skulum lögin brjóta, þá hæfir þat, at allir landsstjórnarmenn ok höfðingjar gjaldi þar til jáyrði, ok verði allir á eitt sáttir; Björn konúngs bróðir er eigi hér á Þínginu, er einn er ágætastr af lands <sup>3)</sup>mönnum [ok mest ráðandi, en þetta er ekki svā lítit vandamál, ok sýnist oss ráð, at hafa hér við alla ena beztu menn, þá er nokkurs eru ráðandi, finnumst hér á morgin, ok tökum oss þá konúng at lögum, þó at Knútr sé nú líkastr til. Sleit svā <sup>4)</sup> Þínginu, ok fór Knútr til skipa sinna. Á þeirri nótt áttu höfðingjar stefnu ok [tal sitt <sup>5)</sup>], var þar Haraldr Sveinsson ok Ásbjörn jarl, mágr hans, Björn konúngs <sup>6)</sup> bróðir

<sup>1)</sup> Danir ok er þó, S. F. C. E.    <sup>2)</sup> megum vér, S. F. C. E.

<sup>3)</sup> vorum, S. F. C. E.    <sup>4)</sup> en er Eyvindr hættí ráðun

sinni, þá var ok slitið, S. F. C. E.    <sup>5)</sup> ráðagjörðir, S.

F. C. E.    <sup>6)</sup> Knúts, S.

ok Eyvindr bifra ok margir aðrir [vinir þeirra <sup>1</sup>], þeir er Harald vildu til konúngs taka. Þá talaði Eyvindr bifra, ok mælti svá: Þíng áttum vér í dag við Knút, ok fór þar, sem ek sagða yðr aðr, at Knútr var mjök flytjandi síns máls, en hann hafði ólög <sup>2</sup>) at mæla, en þó kom hann svá sínu máli, at þat þótti öllum áheyrligt, bar til þess snild hans ok prettr [sá, er hann hafði skotit í munn manni þeim, er talaði í flokki várum, svá at allr múgr geystist fram með einu samþykki, at vilja Knút hafa til konúngs, brá ek fyrir þá sök <sup>3</sup>) upp Þínginu, mun oss ekki annat duga, ef vér viljum þó kapp á leggja, at Haraldr verði konúngr, [at fullna þat svá, at Knútr sè hvergi <sup>4</sup>) nær; skolum vér fá nú til menn at eiga Þíng við Knút, þá er snjallir sè ok slægir, en sumir skolu sitja á meðan launþíng, ok taka Harald þar til konúngs. Þetta ráð líkaði öllum vel, ok var svá gjört, var Eyvindr bifra sendr at Þínga við Knút, ok með honum mikil bónðalið. En er Þíngið var sett, þá kom Knútr þar, hann stóð upp, ok talaði lángt <sup>5</sup>) ok snjalt, ok beiddi böndr gefa sér konúngsnafn, sem aðr var rætt. Þá svaraði Eyvindr bifra, [bað böndr bíða þess, er <sup>6</sup>) jarl eða aðrir höfðingjar kæmi til Þíngsíns, þeir

---

<sup>1</sup>) höfðingjar, *S. V. C. E.*    <sup>2</sup>) órétt, *S. V. C. E.*,    <sup>3</sup>) ok því brá, *S. V. C. E.*    <sup>4</sup>) at láta Knút hvörgi vera nær, *S. V. C. E.*    <sup>5</sup>) erindi, *b. v. S. V. C. E.*    <sup>6</sup>) Ásbjörn, *b. v. F.*

er þángat var ván, ok þíkkir oss þat meiri sœmd <sup>1)</sup>, at sem flestir sè við, [þeir er nokkurs sè ráðandi, enn vér væntum at hér mæli engi í móti <sup>2)</sup>. Síðan veik hann svá rœðunni, [at hann taldi upp mannkosti Knúts, talaði þar um lángt ok snjalt <sup>3)</sup>, at hann væri bazt til konúngs fallinn [af öllum sonum Sveins konúngs, fann hann til þess mörg sönn orð; hann talaði lengi <sup>4)</sup>, en áðr hann hafði lokit tölunni, þá komu menn á þíngit, ok sögðu þau tilðindi, at Haraldr Sveinsson var til konúngs tekinn yfir öllu Danaveldi. En er Knútr heyrði þetta sagt, stóð hann þegar upp, ok gekk í braut ok til skipa sinna, en er hann kom á skipin, þá undruðust allir menn, þeir er hann sá, hvíliskr hann var, sumir hugðu [hann sjúkan <sup>5)</sup> orðinn, þvíat andlit hans var svá rautt sem blóð; hann settist niðr á hásætis kistuna, ok mælti ekki, engi þorði at krefja hann mál, ok var svá lánga stund dags. Eyvindr bifra fór þegar á fund [Haralds ok <sup>6)</sup> Ásbjarnar jarls ok [annarra þeirra höfðingja, er at þessu ráði höfðu horfit; hann <sup>7)</sup> sagði þeim þessi tilðindi, ok lét þat fylgja, at hann hugði þat, at vís-

<sup>1)</sup> Þess viljum vér biðja at fleiri menn komu til þíngsins, þykkr oss Knúti í því mest sœnd, *S. V. C. E.* <sup>2)</sup> Þvíat þessu má engi maðr í móti miela, *S. V. C. E.* <sup>3)</sup> til Knúts ok Iofaði hann í hvörju ok sagði, *S. V. C. E.*

<sup>4)</sup> Sýrir margra hluta sakir, *S. V. C. E.* <sup>5)</sup> þannig *S. V. C. E.* at hann væri sár *A.* <sup>6)</sup> v. i *S. V. C. E.* <sup>7)</sup> v. i *S. V. C. E.*

ván mun ófriðar í landi. Þeir segja at svá búit mun nú standa hljóta, at þeir munu þann konung til lands halda, er þeir hafa þá tekit yfir sik. Eyvindr mælti: þat mundi þá vera mitt ráð, at bjóða Knúti sættir, þvíat yðr mun <sup>1)</sup> hann verða harðr í horn at taka, ef hann snýst til ófriðar. Jarl svaraði: kunnu vér nú stórlieika Knúts, at ekki mun hann gæla <sup>2)</sup> mega með sættarboðum. Eyvindr svarar: Knútr er grimmr ok skapstórr, vitr <sup>3)</sup> ok guðhræddr, mun hann sjá alla meinbugi þá, sem á eru þessu máli, at berjast við bróður sinn, [en ekki mun þurfa af at draga, nema konungdóminn cinn ef hlýða skal. Jarl svarar: hvað viltu bjóða láta? Eyvindr mælti: bjóði þér honum jarldóm, ok þar með Sjólönd ok þar með svarðaga af öllum Danahöfðingjum, at Knútr skal konungr vera, ef hann lifir lengr enn Haraldr bróðir hans, hverir aðrir sem þá eru á lífi synir Sveins konungs <sup>4)</sup>. Jarl svarar: ekki mun Knútr annað vilja, enn vera konungr. Eyvindr svarar: eigi má þat vita, fyrr enn reynt er, mun ek enn fara til Knúts með þessum boðum, ef þér villð <sup>5)</sup>). Þessu játuðu þeir allir. Ferr Eyvindr á fund Knúts, ok fann hann á skipi, ok gekk fyrir hann, ok bar upp þetta erindi. Knútr svaraði seint, en er hann tók til máls,

<sup>1)</sup> mí, S.    <sup>2)</sup> gæfa, S. .    <sup>3)</sup> v. i S. V. C. E.    <sup>4)</sup> v. i S. V. C. E.    <sup>5)</sup> þessu játa mér b. v. S. F. C. E.

segir hann svà: Þat mun ek kjósa <sup>1)</sup>, er yðr mun  
þíkkja lítilmannligra, at ek mun [þann kost  
upptaka, at <sup>2)</sup> leifa konúngsnafn <sup>3)</sup>, heldr enn  
berjast við Harald bróður minn til ríkis, ok  
skipti guð vár í milli. Síðan tók Eyvindr sætt  
þessa af Knúti, ok kysti á hönd honum, ok tók  
orlof af honum, at flytja svà búit til Haralda  
konúngs, gekk sú sætt saman, ok var eiðum  
bundin.

*Andlát Haralda konúngs.*

27. Haraldr konúngr Sveinsson tók konúngdóm í Danmörk eptir föður sinn, sem nú  
var sagt, var þá Knútr Sveinsson jarl yfir Sjö-  
löndum, ok hélzt vel sætt þeirra ok frændsemi,  
meðan þeir lifðu, en aðrir synir Sveins konúngs,  
þeir sem ekki ríki höfðu <sup>4)</sup> til forráða,  
undu illasínum hlut, ok var[órói mikill <sup>5)</sup> í land-  
inu, svà sem hér segir:

Stundu <sup>6)</sup> vèr til stikka  
styrr vex í Danmörku  
er at Sveins synir sáttir  
at sinn föður dauðan;  
Haraldr skal vígi verja  
þá er vel tamiðr <sup>7)</sup> stiki  
jörð af ørnu <sup>8)</sup> magni  
fyrir ellifu brœðrum.

<sup>1)</sup> afliaka, *S. V. E.* meðliaka *C.* <sup>2)</sup> v. i *S. F. C. E. F.* <sup>3)</sup> at  
sinni b. v. *S. C. F.* <sup>4)</sup> hér endar *E.* <sup>5)</sup> óró  
mikil, *S. V. F.* orosta, *C.* <sup>6)</sup> Stundum, *S. F.* skundum,  
*C. F.* <sup>7)</sup> tamdr, *S. V.* taundr, *C.* <sup>8)</sup> ýrnau, *S. V.* ýrum, *C.*

Haraldr konúngr var maðr kyrrlátr ok fálátr, úmálugr, ekki talaðr á þíngum, urðu aðrir umjök at hafa túngu fyrir honum, var hann ok lítill atkvæðamaðr um þá hluti er þurfa þótti, engi var hann hermaðr, kyrr ok höegr við fólk, ok stóð lítil stjórn af honum, fór nær slíku hvern fram í landinu, sem vildi. Danir kölluðu hann <sup>1)</sup> Harald hein, en er hann hafði konúngr verit 4 vetr, þá varð hann sóttduðr.

*Knútr varð konúngr <sup>2)</sup>.*

28. Þá er Haraldr konúngr var andaðr, áttu Danir Vebjarga þíng; þar <sup>3)</sup> skulu Danir sér konung taka jafnan á því þíngi, at ráði allra landsmanna yfir allt Danaveldi; var þá Knútr til konungs tekinn; hann gjörðist brátt ríkrímaðr ok stjórnsamr. Hann mælti svá á einu þíngi, er hann talaði: Þér Danir launuðut svá Haraldi bróður mínum góðvilja ok linleik, þann sem hann hafði við yðr, at Þér kölluðut hann Harald hein, ok gjörðut þat til spots við hann; en nú skal ek þat launa yðr, er Þér kunnut þat illa at piggja, þvíat nú skal ek vera yðr frekr harðsteinn. Knútr konúngr reið yfir landit <sup>4)</sup>, en er hann kom f Halland, átti hann þar þíng, ok talar hann sjálfir á þínginu, ok bað bændr játa sér [reiðskjóta <sup>5)</sup>], er hann færi yfir landit, þvíat hann hafði með skipum þangat

<sup>1)</sup> því, b. v. S. V.    <sup>2)</sup> Hér byrjar skinnbókin B.    <sup>3)</sup> þá  
S.                  <sup>4)</sup> b. v. F.                  <sup>5)</sup> skjóll, S. V.

farit. Einn bóndi, sá er þar var snjallastr <sup>1)</sup>, stóð upp ok talaði, sagði at bændr vildi ekki hafa frekari álög af konungi, enn forn lög stæði til; en er hann hætti ræðu sinni, þá gjörðu bændr mikinn róm at máli hans, [ok sögðust í aungu vilja láta pinta sik, meir enn lög stóðu til <sup>2)</sup>). En er þessi kurr staðnaði, þá mælti konúngr: Þér hafit vel gjört, bændr! at þér segit, at ek skal hafa lög af yðr, en eigi framar; veit ek ok þat, at þér munut láta mik ná lögum af yðr; vil ek þá hafa í frelsi eign mína fyrir yðr; ok því játuðu honum allir. Þá mælti konúngr: Þá vil ek banna yðr Hallandsfórum <sup>3)</sup> at neyta eða beita mörk þá, er ek á, ok hér liggr nær yðr, bæði svínum yðrum ok öðrum smala. Bændr urðu ókvæða við þetta, ok sáu at þeim dugði þat eigi, þvíat konúngsmörk liggr fyrir ofan allt Halland, en þeir hafa mikinn fjölda svína, er gánga í bækiskógi ok í eikiskógi. Taka bændr nú þat til ráðs, at játa konungi þat allt, er hann beiddi. Var þat þá fest með þeim, þvíat bændr máttu eigi við hit húa <sup>4)</sup>). Í þann tíma var drepinn bóndi sá, er [mest hafði í móti mælt konungi. Fór konúngr þá til Skáni, ok <sup>5)</sup> átti

<sup>1)</sup> ok helzt var fyrir þeim, bóndunum, b. v. F.    <sup>2)</sup> sögðu at þeir vildu svo gera, at taka engi álög né sjölskyldur af konungi, F.    <sup>3)</sup> Halllendingum, F.    <sup>4)</sup> þannig F. synja, A. stenja S.V. C.    <sup>5)</sup> svarað hafði konungi. Siðan fór Knútr konúngr um Halland, eptir því sem hann hafði ætlat ok dæmdi mönnum landslög, en er Knútr konúngr kom út í Skáni, F.

hann þar fjölmennt þíng við bændr, ok þótti bændum hann yfrit [frekt mæla<sup>1)</sup>] í kvöðunum; æpa bændr upp allir senn, ok neittu því er konúngr beiddi<sup>2)</sup>. En er hljóð fækst, þá mælti konúngr: Þér Skánúngar eruð menn vitrir, skil ek þat á tiltæki yðru, at Þér hafit spurt, hversu farit hafa skipti vår Hallendínga; hafit Þér fundit miklu snjallara ráð enn þeir, at neita því, er ek [vil kraft<sup>3)</sup>] hafa, því sat hér má ek nú aungum einum gefa sök á svörunum; en þess vil ek nú beiða yðr, sem syrr Hallendínga, at Þér látið mik í frelsi ráða fyrir yðr minni eign; ok þessu játuðu þeir allir. Þá mælti konúngr: Þat megu nú allir menn vita hér í Danmörk, hvat hér er konúngs eign eða bænda eign, at konúngr á hér auðn alla í landi, eða hvort játit Þér því? Allir játuðu því at svá væri<sup>4)</sup>. Konúngr kallaði auðn sjóinn ok [aðrar óbygðir<sup>5)</sup>]. Þá mælti konúngr: Þá köllumst ek eiga Eyrarsund, vil ek þá banna yðr allt fiskifáng<sup>6)</sup>, þat sem Þér hafit þar áðr haft, ef Þér villt ekki [gjöra fyrir mínn orð, ok<sup>7)</sup> stoða ekki<sup>8)</sup> mína nauðsyn. En er konúngr hafði þetta mælt, þá sáu allir, at þetta mátti þeim eigi hlýða, at bændr misti síldfiskis<sup>9)</sup> í Eyrarsundi. Var þat þá til ráðs tekit<sup>10)</sup>, at

<sup>1)</sup> frekr, F.    <sup>2)</sup> ok kváðust aldri vilja gera konungi skatt eða skyld, framar emm lög voru til, b. v. F.    <sup>3)</sup> vilda beidt, F.    <sup>4)</sup> var, F. .    <sup>5)</sup> aðra óbygðan, S. V.    <sup>6)</sup> fiskiver, F.    <sup>7)</sup> v. i F.    <sup>8)</sup> v. i F.    <sup>9)</sup> sverðfiski, S.    <sup>10)</sup> sem Hallendíngar höfðu gert, b. v. F.

láta konúng einn fyrir ráða, ok játuðu því allir, er hann beiddist; lauk svá því þíngi.

*Frá Knúti konungi.*

29. Knútr konúngr var mjök <sup>1)</sup> rískr maðr ok refsíngasamr, ok hegnði <sup>2)</sup> mjök ósiðu. En meðan Haraldr hein hafði verit konúngr yfir Danmörk <sup>3)</sup>, þá höfðu litt verit hegnðir <sup>4)</sup> ósiðir, bæði með innanlands mönnum ok víkíngum, er þá herjuðu í Danmörk, bæði Kúrir ok aðrir Austrvegsmenn; en er Knútr var konúngr orðinn, þá varði hann landit harðfengiliga, ok rak alla heiðíngja burt af Danaveldi, ok jafnvel af sjónum, svá at engi þorði úti at liggja fyrir Danmörk, fyrir sakir ríkis Knúts konúngs ok herskapar; hann lét drepa hvern þann mann, er sannr varð at þjófsnaði, svá ok manndrápsmenn ok hernaðarmenn alla, hvort sem þeir voru útlenzkir eða innlenzkir; sá er manni hamlaði á hendi eðr á fæti, eðr veitti önnur meiðsl, hina sömu refsíng tók hann á sjálfum sér. Svá mikil ógn stóð af honum ok ríki hans ok refsíngum, at engi þorði at stela í ríki hans. Svá mælti Knútr konúngr um þann mann, er gekk frá herbergi sínu [láslausu <sup>5)</sup>], eða sá er hest átti fjörlausan, ok væri stolit, ok hvers sem hann misti, svá at stolit væri frá honum, sá skyldi til hans gánga, ok

<sup>1)</sup> v. i F.    <sup>2)</sup> þannig S. V. F. C; hengdi, B.    <sup>3)</sup> hér endar fyrra brot af F.    <sup>4)</sup> þannig S. V. hengdir, B.  
<sup>5)</sup> lausu, S.

taka þar fè sitt, en konúngr vill láta refsa, Þeim er stolit hafði; jafnan dóm lèt hann hafa ríkan sem óríkan, en þat varð mjök öfundsamt af Þeim mönnum, er lètu gösga frændr sína at dómi konúngs, þó at sakir væri sannar.

*Kvánfáng Knúts.*

50. Knútr konúngr setti Eirík bróður sinn jarl yfir Sjálöndum, ok gaf honum þat ríki, sem hann hafði áðr haft; var þeirra freendsemi góð, meðan þeir lifðu. Benedikt bróðir hans var jafnan innan hirðar með honum, hann var mikill maðr vexti, ok hverjum manni sterkari. Ólafr Sveinsson <sup>1)</sup> var jafnaldri Knúts konúngs; hann var lítill maðr ok allófríðr <sup>2)</sup> sýnum, orðsnjallr, hermaðr mikill. Knútr konúngr átti Eðlu, dóttur Baldvina hertuga úr Flæmíngjalandi; Karl hét son þeirra.

*Fra Knúti konungi ok presti.*

51. Þat var eitt sinn at Knútr konúngr fór at veizlum með hirð sinni, at hann kom til einnar virðuligrar veizlu, ok hit fyrsta kveld veizlunnar sá konúngr þar eina fagra konu, svá at hann þóttist varla sèð hafa friðari konu; hana átti einn ríkr prestr. Konúngr leit ástar-augum til hennar; hann kallaði til sín ræðis-mann sinn, ok sagði at hann skal svá um búa, at þessi kona sè í hvílu hjá konúnginum um

<sup>1)</sup> þannig S. V. K; Sigurðarson, B. C.      <sup>2)</sup> friðr, V.

nóttina; engi maðr þorði at mæla í móti konúngs vilja, en hálfu síðr gera; ok var svá gjört, sem konúngrinn mælti fyrir. Um kveldit, er konúngr kom til hvíflunnar, var þessi kona þar fyrir, ok er konúngr var aðklæddr, stè hann upp í sängina, ok er menn höfðu þjónat honum eptir vanda, þá gengu þeir í burt, en konúngr legst niðr, ok snýst at henni blíðliga. Hún mælti til hans: guð gæti yðvar nú ok jafnan; gjörit nú svá vel, sem yðvarri tign byrjar, vinn mér eigi grand en sjálfbum yðr mein; svá vel ok sagrliga sem þér siðit yðra menn í þessu landi, þá samir yðr þó at hafa fegrsta siðu, þvíat þér eruð fyrir öllum mönnum hér í landi. Nú vil ek þess biðja, þá er þér komit fyrir þann konúng, sem allsvaldandi er, at hann sè yðr svá bæna <sup>1)</sup>, sem nú erut þér mér. Konúngr svarar: veita vil ek þér bæn þína, ok ek sè at þeim mun er betr, ok þú biðr þessa af svá miklum góðvilja, ok svá samir betr, sem þú vilt vera láta; en þó er nú at sinni nokkuð [athald í <sup>2)</sup>] at gjöra eigi sinn vilja, er þó þetta lítit hjá stórum hlutum, er vor herra Jesúš kistr hefir þolat fyrir vorar sakir. Siðan stóð konúngr upp, ok gekk í burt, ok fèkk sèr aðra hvíflu um nóttina. Um morguninn kallar konúngr til sín prest, þann er þessa konu átti, ok mælti til hans: þú átt góða konu, prestr! ok gjör vel til hemmar, þvíat ek hygg at fáar munu

<sup>1)</sup> bæna hollr, S.    <sup>2)</sup> athald, S. V. at haldi, M.

finnast 1) jafn röskvar. Konúngr tók þá sínrgull af hendi sér, þat var bæði mikit ok gott; konúngr mælti þá: gull þetta skaldu þiggja í vina-gjöf af mér, prestr! ok þar með vináttu mína, ok ef nokkurir menn gjöra þér rángt, kom þá til míni, ok skal ek þat rætta. Prestr þakkaði konúngi með mörgum fögrum orðum gjöfina ok vináttumál 2). Konúngr bað hann eigi þakka svá mjök, þvíat ek vilda í fyrstu óvingast við þík, en nú bið ek þík, at þú fyrirgesir mér þat. Prestr lèzt þat gjarna vilja gjöra. Síðan fór konúngr þaðan til annarrar veizlu.

*Frá Landsskipan í Danmörk.*

32. Danmörk er mikit ríki, ok liggr innjök sundrlaust; hinn mesti hlutr Danmerkr heitir Jótland, þat liggr hit syðra með hafinu; þar er hinn synzti 3) biskupsstóll í Danmörk í Heiðabæ, ok er í þeim biskupsdóm hálft fjórða hundrat kirkna, en 100 ok 30 skipa konúngi. Annarr biskupsstóll er á Jótlandi, þar er heitir í Rípuum; í því biskupsríki eru 4 kirkjur ok 20 ok 300, en 11 tigir 4) skipa konúngi til útboðs. Þriði biskupsstóll er á Jótlandi, er heitir í Árósi, í því biskupsríki eru 200 kirkna ok 10, en konúngi 9 tigir skipa. Fjórði biskupsstóll er á Jótlandi, er heitir á Vebjörgum, í því biskupsríki eru 200 kirkna ok 50, en konúngi 100 skipa. Limafjörðr heitir á Jótlandi, þat er mikill fjörðr, hann gengr af útnorðri 5) til suðrs;

<sup>1)</sup> våru landi, b. v. K. <sup>2)</sup> er fylgði, b. v. K. <sup>3)</sup> siðstí, S. V. <sup>4)</sup> S, V; 11 tigu, B; 12 tigir, K. <sup>5)</sup> noorðri, K.

úr norðanverðum Limafirði er mjótt eið vestr til hafs, er heitir Haraldseið, þar lét Haraldr konúngr Sigurðarson draga yfir skip sín, þá er hann komst undan Sveini konungi. Fyrir vestan Limafjörð er þat ríki, er heitir Vendelskagi, ok víkr til norðrættar, þar er hinn 5ti biskupsstóll i Danmörk í Þeim stað er heitir í Jörungi <sup>1)</sup>; í því biskupsríki eru 100 kirkna ok 60 kirkna, en fimm tigir skipa konungi. Jótlandssíða heitir allt vestan frá Vendilskaga ok suðr til Rípa. Millum Jótlands ok Fjóns gengr Meðalfararsund. Á Fjóni er hinn 6ti biskupsstóll i Danmörk í Óðinsey; í því biskupsríki eru 500 kirkna, en 10 tigir skipa konungi. Milli Fjóns ok Sjólands gengr Beltissund. Í Sjólandi er hinn 7di biskupsstóll í Danmörk í Róskeldu <sup>2)</sup>; í Sjólands biskupsdæmi eru 400 ok 11 kirkjur, en 100 ok 20 skip konungi. Fyrir norðan Sjóland er Eyrarsund; en fyrir norðan Eyrarsund liggr Skáney [ok Halland. Á <sup>3)</sup>] Skáney er erkibiskupsstóll í Lundi, sá er hinn 8di biskupsstóll i Danmörk; í því biskupsdæmi er hálfst fjórða 100 kirkna ok 5 kirkjur, en hálfst annat 100 skipa konungi; sá er biskupsstóll ríkastr í Danmörk. Millum þessara landa Jótlands ok Skáni liggja mörg stór eylönd, þau er eigi eru áðr nefnd. Sámsey er undir Árós biskup. Hlèsey undir Vebjarga biskup;

<sup>1)</sup> Norðungi, B. C.    <sup>2)</sup> Róskeldu, K.    <sup>3)</sup> í Hallandi á Skáney, S. V.

þær liggja vestr frá Fjóni. Alsey er undir Heiðabæ. Láland, Erri <sup>1)</sup> Þjórlundr <sup>2)</sup>, Alsey <sup>3)</sup> Lángaland <sup>4)</sup>: þessar 5 eyjar eru undir biskup á Fjóni. Mön ok Falstr eru undir biskup á Sjólandi. Borghundarhólmr liggr austr í hasit frá Skáney, þat er mikit ríki ok liggr undir [biskup á Skáney <sup>5)</sup>]; þar eru 12 konúngsbú ok 14 kirkjur. Þessi lönd, er nú voru nefnd, liggja undir Danakonung, ok eru þau bæði við ok fjölmenn. Voru þessi lönd at fornu margra konúnga ríki.

### *Upphaf Blóð - Egils.*

53. Ragnar hét maðr, hann var danskr, ok ættaðr suðr á Jótlandi, hann var rískr maðr, ok bjó þar sem heita Ragnarsstaðir, þat er í Rípa biskupsríki; þar er ok vatn, þat er Ragnarssjór heitir. Ragnar hafði verit kær vin Sveins konúngs, ok honum jafnan þjónat, meðan konúngr var á lífi. Egill hét son Ragnars, hann var mikill atgjörvismaðr, manna mestr ok sterkastr, vígr hverjum manni betr, ok allmikill hermaðr.

### *Fra Egli.*

54. Sá atburðr varð í Danmörk, at þar andaðist einn rískr maðr í Borghundarhólmi, sá er Áki er nefndr, hann hafði þar ráðit fyrir 12 konúngsbúum, er hann á í Borghundarhólmi; nú lá þar ríki autt ok höfðingjalaust; voru þá

<sup>1)</sup> Erei, S. V.; Eyri, C.    <sup>2)</sup> Þjórlund, S. V. Þórlundr, M.  
<sup>3)</sup> v. i M.    <sup>4)</sup> Þunnið M; Konungaland, B.    <sup>5)</sup> b. v. S. V.

menn sendir á fund Knúts konúngs, at hann skyldi ráð fyrir gjöra, ok voru honum sögð þessi tifindi, báðu þeir hann fá til annann yfir ríkit. Í þenna tíma kom til Knúts konúngs Egill Ragnarsson, ok býðr at hann muni gjörast hans maðr, ok þjóna honum með trúnaði: hafa ok slíkt starf haft enir fyrri frændr mífnir, segir hann, sem yðr er kunnigt. Konúngr svarar: mikill maðr ertu, Egill! ok fyrirmannligr, ok eigi mun þik karlmennska skorta, en eigi ertu með öllu gæfumannligr; en með því at þú ert mikill framkvæmdarmaðr, sem vér vitum, þá mun ek fá þér ríki til forráða í Borghundarhólmi; skaltu ok skyldr til allra útgjörða ok konúngs starfs, ok þó munum vér aftaka ȝ búin, þau er vér eigum þar, en þá skaltu ráða fyrir öðrum. Egill tekr þenna kost, ok gjörist valdsmaðr yfir þessu ríki; gjörist hann brátt ríkr ok fjölmennr, ok hafði með sér mikla sveit; hann var örr af fè, lífði ríkmannliga, ok var jafnan í hernaði á sumrum, ok aflaði mikils fjár, ok lagði hann þat í kostnat fyrir menn sína á vetrum; hann var vinsæll af sínum mönnum; hann varði harðfengiliga ríkit; mjök gekk upp fèit fyrir honum í kostnaði, þeim er hann hafði, þvíat hann hélた [littlar veizlur <sup>1</sup>], hjá því er fyrr hafði verit, en <sup>2</sup>) hann hafði í kostnaðinum miklu meira. Þetta líkaði Knúti konungi litt, ok bað Egil mínska

<sup>1</sup>) lagfært fyrir miklar v. B; miklar útgjörðir, s. V. <sup>2</sup>) K; þvíat, B.

fjölmenni sitt, ok sagðist af hafa tekit hernað innanlands.

*Egill drakk blóð.*

35. Þat var eitt sumar at Egill fór úr landi, ok hafði 18 skip, ok er hann kom til Vindlands, herjar hann. Vindar <sup>1)</sup> safnast saman á móti Egli, ok er þeir finnast, verðr þar bardagi mikill, ok fellr mart af hvorumtveggjum. Egill barðist allhermannliga; þeir börðust á skipum, ok var þat næst Egils skipi, er á var höfðíngi Vinda, ok er orrustan var sem áköfust, ok menn þóttust eigi skilja, hvorir hníga mundu, þá hljóp Egill af skipi sínu ok upp á Vindasnekkjuna, ok hjó til höfðíngjans, ok veitti honum banasár, ok þegar hljóp Egill öfugr aptr á sitt skip, brestr þá flótti á Vindum, fær Egill þá ágætan sigr ok mikit fè; hann var svá móðr, at hann fèll nær í óvit, ok er hann sat upp í skipi sinu, þá bað hann gefa sér drykk. Sveinn svarar: verit hefir þat hark hèr í dag á skipinu, at brotnat hafa verplar yorir allir, ok er niðr hlaupinn drykkr allr í kjöl á skipinu. Egill svarar: eigi mun ek at síðr drekka mega. Sveinn svarar: eigi, herra! segir hann, þvíat þat er meiri hlutr manna-dreyri ok blóð. Egill stóð þá upp, ok tók hjálminn af höfði sér, ok sökkr niðr í kjölinn, ok drekkr þrjá drykki mikla; eptir þat ferr Egill heim með fögrum sigri til Borghundarhólms;

<sup>1)</sup> Vindlendir, s.

skortir nú eigi fè um vetrinn til framflutníngar liði sínu. Þetta spyrst viða, ok þetta kom fyrir Knút konúng, ok margir lofuðu mjök afrek Egils, ok sigr þann sem hann vann. Konúngr varð fár við þat <sup>1)</sup>, er honum var sagt frá drykk Egils, ok af þessum atburð var Egill kallaðr Blóð-Egill síðan.

*Fra Egli.*

56. En er Egill hafði litla stund heima verit, þá fór hann á fund Knúts konúngs, ok fèkk Egill þar sæmiligar viðtökur. Konúngr spurði at um ferðir Egils, en hann sagði frá, þvíat honum var allt lètt hjalat um hernað þann, er hann hafði haft um sumarit. Siðan kallar konúngr hann á eintal, ok spyr ef þat væri satt, at hann hefði drukkit mannablóð. Egill segir at mikit væri til þess haft, en kveðst þó lítt hafa hugsað þetta fyrri. Því varð svá illa? segir konúngr. Egill svarar: Posti svá mikill kom at mér ok mæði, at ek þóttumst varla þola mega, en drykkr var engi annar. Konúngr svarar: Þessi hlutr er harðla þúngligr <sup>2)</sup> vorðinn, ok mikit kristnisPELL f, ok þat er kallat at vèr sèum reßingasamr um smærri hluti; en með því at oss líkar vel þín þjónusta svá búit, þá munum vèr eigi svá stríðan dóm áfella at sinni, sem mörgum mun von þikja; vil ek þat ráð aleggja moð þér, at þú bætir við guð ok segir sein fyrst kenniðönnum, ok tak skiptir

<sup>1)</sup> þá, S.      <sup>2)</sup> fúldigr, S; farliga, F.

fyrir; en þar sem vorr rættr hefir brotinn verit, þá viljum vér þér þat uppgefa, en eigi sýnist mér þetta minna vera, enn þó at þú hefðir etit mannahold soðit, er þú hefir drukkit blóð þeirra. Egill heitir konungi at hann skal svá gjöra, ok áðr þeir skilja býðr Egill konungi til veizlu heim til sín: vænti ek, herra! segir hann, at mér sé þat heilla vænt, at þér sækit hísbýli míni. Konúngr heitir honum ferðinni, er á líðr vetrinn. Ferr Egill heim ok sitr heima í Borghundarhólmi um vetrinn.

*Frá konungi ok Agli.*

37. Knútr konúngr bjó ferð sína um vorit til Borghundarhólms. Egill hafði þar fyrirbúit vegliga veizlu. Konúngr kemr við miklu liði, þar var mikil stofa, sem konungs höll væri, hún var alskiput skjöldum. Konúngr var þar 3 nætr at veizlunni, ok var harðla glaðr. Egill leiddi konung út með stórmannligum gjöfum. Konúngr mælti þá við Egil: hvat er nú, Egill! segir hann, hefir þú nú gaum gefit at því, er ek minta þik á næstum, at þú hafir sagt kennimönnum til misverka þíns, ok sæzt við guð? Egill svarar; eigi er þat, herra! segir hann, gleymt hefi ek nú þessu. Konúngr bað hann eigi fresta lengr. Egill sagði svá vera skyldu, ok skiljast nú með vináttu. Egill fór í hernað um summarit, ok aflar enn mikils fjár, ok kemr heim at hausti, ok ferr nú ekki á konungs fund.

*Fra Agli.*

38. Knútr konúngr spurði þetta, at Egill hafði enn verit í hernaði um summarit, ok líkaði konúngi þat illa, þvfat hann bannaði þat mönnum, at hafa rán ok óspekt. Konúngr sendi Egli orð, at hann kæmi á hans fund. Egill fór á fund Knúts konungs, ok fagnar konúngr honuin vel; tóku þeir Egill tal sín á millum; spurði konúngr Egil, hvort hann hefði herjat um summarit. Egill segir at svá væri. Konúngr svarar: Þar tekru þú silt ráð upp, er þú gjörir þik at vikingi, er þat heiðinna háATTR, vil ek þat þér banna; mér er ok sagt, at þú hafir með þér fjölmenni mikit sem konúngr, ok haldir þik at öllu, sem þeirra er síðr til, ok eyðir þar upp nær öllum þínum peningum, en takir þá til annara er þik skortir; koma þeir margir á vorn fund, er slíkt kæra; vil ek, segir konúngr, at þú mínkir fjölmenni þitt, ok gjör þik eigi stærra, enn þú átt kyn til; vil ek at þú sert hófsmaðr <sup>1)</sup> um alla hluti, ef þú vilt oss þjóna; eða hvat er nú, Egill! segir konúngr, um þann hlut, er ek hefi nokkurum sinnum þik ámintan, ok þú mátt viðkannast, hefir þú þat nú til bóta borit? Egill segir þá heldr reiðuliga: Þat væntir <sup>2)</sup> ek, herra! segir hann, þótt þér minnizt þess hlutar opt við mik, at sjálfum mér mun þó mest hugat <sup>3)</sup> um mitt.

<sup>1)</sup> þannig S. F. M. ljósinaðu, B. C.      <sup>2)</sup> veit, S. F.  
<sup>3)</sup> vera, b. v. S. F.

Þá svarar konúngr: nú er mér þess von, at þat komi fram, er ek sagða þér hið fyrsta sinn, er við fundumst, at þú mundir eigi vera með öllu gæfumaðr, nú ok svà mjök sem þú úrækir nauðsyn sjálfs þíns, þá vil ek fyrir aungvan mun hafa lengr þína þjónustu, ok eigi skaltu varðveita mína eign hèðan frá. Egill svarar: Þér munuð ráða veizlum yðrum við mik, herra! en þat mun yðr þykja undarligt, segir hann, ef ek held mik eigi óríkmannligar, þó at ek hafi mína kosti eina, skal ek ekki biðja yðr um þjónustu, meir enn yðr lskar. Konúngr svarar: ekki þarftu, Egill! at gjöra þík svo stóran, segir hann, beygt hefi ek svífra á feitari <sup>1)</sup> búkum enn þú ert; ætla ek þér þat verr munu <sup>2)</sup> gegna enn inér, at okkra vináttu skili. Nú er þat mitt hugboð, segir konúngr, at nokkut hendi þík þat, er enn er stærra, enn þeir, er áðr eru berir vorðnir um hagi þína. Eptir þat skildu þeir konúngr ok Egill með aungri blifðu, fèkk konúngr þá annann mann yfir rikit í Borghundarhólmi. Egill minkaði ekki fjölmenni sitt, heldr hafði hann öllu meiri rausn ok nokkuru mannfleira; sat hann nú heima í búi sínu.

### *Skiptjón.*

59. Í þenna tíma ræð fyrir Noregi Ólafur kyrri Haraldsson, hann átti Íngirfði, dóttur Sveins konúngs, en systur Knúts konúngs; var þar

<sup>1)</sup> frekari, F.    <sup>2)</sup> muni, S. F.

vinátta kær með þeim mágum. Þat var eitt sumar at skip nokkurt fór af Noregi bæði mikit ok auðigt; þat skip áttu kaupmenn; þeir sigldu suðr til Danmerkr, ok austr í gegnum Eyrarsund, ok svá austr til Borghundarhólms. Síðan hvarf skip þat, svá at ekki spurðist til, ok ekki fannst af því skipi, ok voro hér margar getur á, hvat af mundi orðit. Noregs konúngr sendi orð Danakonungi, mági sínum, at hann skyldi láta leita eptir skipi þessu, hvat af mundi orðit; ok hann hét því.

*Dauði Egils.*

40. Knútr konúngr fór einu sinni til Borghundarhólms með nokkurum skipum, þar var í ferð með honum Benedikt bróðir hans ok bræðr 2, hét annar Sveinn, en annar Ástráðr, þeir voru danskir menn, ríkir ok stórættaðir, ok voro kendir við móður sína, þeir voru kallaðir Pórgunnu synir. Pórgunna móðir þeirra var dóttir Vagns Ákasonar; þeir bræðr voro kærir Knúti konungi. Knútr konúngr siglir nú til Borghundarhólms með lið sitt; var þat mest erindi konúngs, at vita ef hann mætti verða vís um skip, þat er týnzt hafði af Noregi, þvíat Knútr konúngr bar hér mikla hugan fyrir, ok vildi gjarna vita, hvat af væri orðit; ok er þeir áttu skamt til Borghundarhólms, þá sigldu þeir hjá eyjum nokkurum, ok bað konúngr þar at leggja, ok svá gjörðu þeir. Síðan gengu þeir á land. Knútr konúngr gengr eptir fjör-

unni, ok var þar stórgreytt mjök. Konúngr hugði at grjótinu, ok sá þar<sup>1)</sup> rauðt allt. Konúngr spurði menn sína, hví svá mundi vera? Þeir svara: Þér munuð þat bezt skynja, herra! Konúngr svarar: Þat mundi ek ætla, at hér mundi um hríð hafa verit eldsneyti yfrit; mun vera at þat komi fram, er mér sagði laungu hugr um, er tekr til okkar Egils; er nú ekki hví at leyна, segir konúngr, at ek hygg at þat sè af manna völdum, en brátt mun þat reynast; munu<sup>2)</sup> vèr nú ekki hér lengr dveljast at sinni; ferr nú konúngr ok tekr veizlu skamt frá bæ Blóð - Egils. Egill hafði með sér mikit fjölmenni, ok mjök undruðust menn þat, er hann hélta svá mikit lið, þar sem þá lágu engi brýn fëfaung fyrir, hvíat Egill hætti þá hernaði. Mart ræddu menn fyrir konungi um siðu Egils ok manna lians, ok fanst þat á konungi, at honum var lítt at skapi. Þetta hið sama kveld lét Knútr konúngr veita heimferð at Egli, var þar höfðingi fyrir Benedikt, ok Þeir bræðr Sveinn ok Ástráðr, Þeir voro saman hundrat manna. Þeir fóru þar til, er Þeir komu til bæjar Egils um nóttina. Þeir Egill voro vanir at drekka til miðrar nætr; en er Þeir Benedikt komu at bænum, þá gengu Þeir at drykkjustofunni; Þeir Egill sátu þá enn ok drukku. Þeir Benedikt slógu þá mannhríng um stofuna; en er Þeir Egill urðu varir við ó-

<sup>1)</sup> at þat var, S. F.

<sup>2)</sup> munum, S. F.

frið; þá hlupu þeir til vopna sinna, ok ætluðu at verjast. Benedikt sagði at sá mundi þeirra kostr beztr, at gefast upp, ok er Egill vissi þat, at þeir höfðu her manns, þá gekk Egill úti hendr þeim. Síðan var hann handtekinn, ok fór Benedikt með hann á konúngs fund, en þeir bræðr Sveinn ok Ástráðr voro eptir með sína menn, ok skyldu geyma, at öngvir kæmist í burt af sveitúngum Egils. En er Egill kom á konúngs fund, þá mælti konúngr: lángt hefir nú verit á millum funda vorra, Egill! vilda ek nú at sjá væri hinn síðasti. Egill svarar: Þér munit nú hafa vald á því at sinni, herra! vænti ek þess, segir hann, at engi kalli þík at betra höfðingja nè at meira konúng, þótt þú láttir drepa saklausa menn. Þá svarar Knútr konúngr allhógliga: ek mun nú verða, Egill! at bera ábyrgð fyrir hlut mínum; ef ek dreppa saklausa menn, þá verð ek því at svara við guð; en þó er nu, Egill! svá komit þínnum hag, at ekki mun þér nú stoða, at fara með drambí nè striðlæti, tekit höfum vér þík nú svá í fángelsi, ok muntu nú segja verðaslikt sem yfir hefir gengit, þó at eigi sè fagrt, sem mik varir; munu við nú nær gángast um eptirleitina; skaltu segja um skipssögn <sup>1)</sup> ), þá er vér lyggjum at þú ok menn þínir hafir <sup>2)</sup> myrða, en tekit fèit til þín, hefir þetta helzt til lengi leynt verit; höfum vér ok þar komit,

<sup>1)</sup> þannig E. M. skipssögn, A. skipssögu, S. F. C. <sup>2)</sup> hafi S. F.

segir konúngr, ok í þann stað, at vér hyggjum þat unnit hafa verit. Egill sá þá, at sá einn var kostr til, at segja eptir því sem var, ok farit hafði; þvíat hann vissi, at svá margir voru hans menn samvitandi þetta með honum, attil mundu verða nokkurir af þeim, ef fast væri eptir sótt. Egill svarar þá: Þá er þetta skip, er nú spyrilt þér eptir, lá undir þeirri sömu ey, er þér komut við, þá hélđum vér njósnum til um ferðir þeirra, þar er útgrunnt, en þat vissu þeir eigi, Norðmenn, þvíat þeim var ókunnigt, ok fjaraði um nött út undan skipinu, þá fórum vér til, segir Egill, í nætreldíng, ok var þar skammt viðrtal vort, vér tókum menn alla, er á voru skipinu ok bundum, en ræntum fè öllu; leiddum síðan skipit uppá hellurnar, ok lögðum í eld, ok brendum upp alltsaman skip ok menn, svá at þess mætti eigi sjá merki, nema þetta eina, er grjótit var rauðt eptir. En er Egill hafði þetta sagt, þá mælti Knútr konúngr: nú er sem mik varði, at þú ert ólífismaðr, lítið nú á, góðir höfðingjar! segir konúngr, hversu vér skulum refsa slik níðingsverk. Þar voro margir frændr Egils viðstaddir, þeir er mikils voro virðir, ok buðu fè fyrir Egil. Konúngr svarar: eigi skal þat spyrjast, at ek níðumst svá á guði mínum, at ek taka fè til nokkura manna vináttu, at dæma svá rángt; eru eigi slíkt ólífissakir, er þó væri svá at einn maðr værimyrðr, þar sem nú eru margir,

en fæðst síðan á því einu, er stolit er til? Nú var bæðiat siltt þótti til mótt at mæla, enda þorði ok engi at mæla móti kouúngi. Eptir þetta var farit með Egil til skógar, var þar reistr gálgi, ok var Egill uppfestr. Siðan fór konúngr til bæjar Egils, er hann hafði átt, ok lét þá sæta refsíngum menn Egils, suma lét hann drepa, en suma lét hann meiða, suma rak hann or landi burtu, en öngvan lét hann óhegndan, þann er nokkurn hlut hafði í átt í þessari ráðagjörð, ok eyddi hann svá þessum óaldarflokki. Þetta verk varð honum mjök öfundsamt, þvíat Egill var bæði frændmargr ok frændstór. Eptir þetta viku höfðingjar til sundrþykkis við konúnginn, ok tóku mjök at stirðna við hann, ok þar eptir gjörði alþýðan; þótti mönnum hann ríkr ok refsíngasamr, en þeir áðr [vanir sjálfraði <sup>1)</sup>].

*Fra Ólafi konungi ok Knúti konungi.*

41. Þat var eitt summar, at þeir mæltu stefnu í millum sín, Knútr konúngr af Danmörk ok Ólafr konúngr af Noregi. Þeir fundust í Elfinni, ok fagnar hvorr þeirra öðrum vel; áttu þeir tal með sér. Þat var á einni stefnu at Knútr konúngr mælti svá til Ólafs Noregs konúngs: Þat hefir ek hugsat, Ólafr mágr! segir hann, ef yðr sýnist þat eigi óvænt stefnt vera, at gjöra leiðángr úr landi, ok minnast þess ríkis, er [ver frændr þikjumst <sup>2)</sup> mikla tiltölu <sup>3)</sup> eiga, en

<sup>1)</sup> voru sjálfraðir, S. V. <sup>2)</sup> vorir frændr þikjast, S. <sup>3)</sup> til b. v. S.

þat er ríki i Englandi; hafa vorir frændr þar haft mikit vald, sem yðr er kunnigt, þar sem Knútr hinn ríki eignaðist allt England, frændi vorr, ok rèð því ríki allt til dauðadags, ok synir hans eptir hann; nú vildum vér, Ólafr mágr! hafa þartil yðvarn styrk; munum vér þar gjöra yðr kost á, at þér gjörizt höfuðsmaðr ysir þessari ferð, þvíat þér eiguð mikla harma at reka við Englands menn; viljum vér þá veita yðr lið af voru ríki, ella mun ek gjörast formaðr ferðarinnar fyrir beggja okkra hönd, þó at þat sè miðr tilsfengit, en taka [þá þar til <sup>1)</sup>] traust af yðr ok styrk fjölmennis. Þá svarar Ólafr konúngr: Þetta mál, er nú hafið þér talat um hríð, Knútr konúngr! sýnist oss vænliga sett; er at því raun <sup>2)</sup> mikil, at þér frændr hasit gæfu tilborit, at vinna þar mikinn sóma, er þat mjök sundrleitt eða um vora frændr, þvíat vér höfum fengit þar þann mannskaða, er vér bíðum aldri bætr. Nú meguum vér þat sjá, ok kunnum skilja, at þá er Haraldr konúngr faðir minn fór úr landi, þá mælti þat alþýða, at aldrei hefði fræknara lið búið af Noregi til einnar ferðar, voro þar allir hlutir betr tilsfengnir enn nú sè kostr í landinu; nú fær eigimennina þvílfska, sem hann hafði með sér, en hitt skilr þó miklu meira um höfðingjann, þann sem þá var fyrir ferðinni, er Haraldr konúngr var, eða þar sem ek em. Nú svá þung

<sup>1)</sup> þar þó, S. V.    <sup>2)</sup> gizkat, rauns B. rausu, S. V.

sem þá var ferðin, þá munum vér ekki ætla oss svá mikla hamíngju raun, at brjótast til ríkis í Englandi. En með því, Knútr konúngr! at þér leitið eigi minnr eptir nauðsyn minni í slíku enn yðvarri fýst, þá viljum vér fá yðr til þessar ferðar 60 stór skip, ok velja menn til af hirðsveitum mínum, alla þá er fræknastir eru, ok skal at aungu nú minnr vanda hvorki skip nè menn, enn þó at ek væri sjálfr fyrir. Knútr konúngr svarar: Þetta er stórmannliga mælt ok boðit, sem von var at, ok þenna kost munum vér upptaka, en guð ráði hversu gefst. Marga hluti töluðu þeir um ríkin milli Noregs ok Danmerkr, ok fóru allar ræður vingjarnliga með þeim. Var nú þetta ráðit, at Knútr konúngr ætlaði að fara herferð til Englands, ok voro margar getur á um, hversu sú ferð mundi takast. Eptir þetta skildust konúngarnir með vináttu, ok skiptust gjöfum við, fór Ólafr norðr í Noreg, en Knútr konúngr suðr til Danmerkr.

*Frá Knúti konungi.*

42. Knútr konúngr lét gángra herboð um allt sitt ríki, ok kvað á, hversu mikit lið fara skyldi úr hverju hèraði, ok segir almenníngur skuli úti vera at liði ok skipum; var um vetrinn mikill viðrbúnaðr í Danmörk. Eirekr jarl bjóst til ferðar þessarar með Knúti konungi, ok þar með aðrir ríkismenn. Snemma um vorit lét Knútr konúngr safna saman hernum, ok stefna öllu liðinu til Limafjarðar. Í þenna tíma

kom Norðmanna lið, sem Ólafr konúngr hafði heitit Knúti konungi, ok var þat fólk hið hermannligasta ok at öllu vel búit. Nú dregst saman Danaher, ok var þatmúgr manns. Knútr konúngr var þá enn eigi kominn, en þó sendi hann boð til þeirra, ok lét leiðangrs fólkit bíða sín, ok segir at eigi manн þurfa lengi at bíða. Liðu svâ nú 7 nætr, at konúngr kom eigi, ok líkar Dönum nú illa, er hann kom eigi; en þat olli því, er konúngr kom eigi, at þeir menn komu á konúngs fund, er sögðu honum at Vindar höfðu her úti, ok þeir ætluðu um summarit at herja til Danmerkr, at hefna þess ófriðar, er Blóð-Egill hafði veitt þeim. Knútr konúngr sendi menn til þeirra Vinda með sættarboðum, ok biðr þí eigi at herja í Danmörk; sagði þat ekki vera þeirra færi, at berjast við sik: en þó mun í því verða gjört margra manna mein ok ónáðir; vil ek at vèr setlm grið ok frið millum landa, svâ at hvorugir herji á aðra. Fóru nú sendimenn á fund Vinda, en konúngr sagðist mundu bíða þeirra um 7 nætr, því at hann vildi eigi fara úr landi, nema þessi ófriðr stöðvaðist. Líðr nú vika þessi, ok koima eigi sendimenn aptr. Nú þikir Dönum lángt at biða konúngs, þar er þeir liggja í safnaðinum, ok þikkir mönnum sér mikill vanhagr í, at liggja í sama stað sér at aungu nýtu; tala höfðingjar hér um lángar tölur, kom þetta samt með þeim, at senda menn á konúngs fund, ok báðu þeir til þeirrar ferðar Ólaf konúngs bróður; hann

var ófús á at fara, kveðst þat hyggja, at konúngr mundi sjálfr vilja ráða ferðum sínum: hvat sem þér Danir kurrit; get ek hann lítit gjöra fyrir mínn orð, er konúngr óáhlýðinn, hvat sem mælt er fyrir honum, en mjök einráðr, en þér Danir opt ekki fastir á velli ok meðal-lagi trúlyndir. En þótt Ólafr talaði slíkt, þá lét hann þó at bæn vina sinna, ok hét ferðinni, ok fór með nokkura menn á konúngs fund. En þegar Knútr konúngr sá Ólaf bróður sinn, þá mælti hann til sinna manna: takið þér Ólaf, segir hann, ok setið fjötr á fætr honum, ok gætið hans svå, at hann komist eigi á burt; þvíat ek vil ekki orð heyra, þat er hann talar: Þetta þótti mörgum undarligt, því konúngr lét þetta gjöra; en svå stóð mikil ógn af orðum konúngs, at engi þorði at brjóta boð hans. Annann dag eptir fær Knútr konúngr menn til, at flytja Ólaf vestr í Flæmíngjaland til Baldvina hertuga mágs síns; bað Knútr konúngr svå segja Baldvina, at hann hefði Ólaf í varðhaldi ok gæzlu, ok lèti hann aldri komast út af því járni, er hann var í settr: nema ek sendi orð til. Margir menn svöruðu: þat lízt oss, herra konúngr! sem þessi dómr sè striðr <sup>1)</sup>), er þér dæmit þessum manni, þvíat vér sjáum eigi at hann hafi svå brýnar sakir til, at koma í slíka prísund. Konúngr segir: ekki ber ek sakir á

<sup>1)</sup> stirðr, s. F.

hendr Ólafi fyrir [alþýðu manns<sup>1</sup>], en vita mun allsvaldandi guð, ef þær eru nokkurar; má ok vera, segir hann, at þér vitið gjörr enn ek, hvern maðr hann er, [en þat er ætlan míð, segir konúngr, at eigi mun lángt líða, áðr at Ólafr sjálfur mun bera sér vitni, hvern maðr hann er<sup>2</sup>]. Þessir menn fóru með Ólaf vestr í Flæmíngjaland, sem konúngr sagði fyrir, ok komu á fund Baldvina hertoga, ok sögðu honum orðsending Knúts konungs ok jartegnir, þær er fylgðu viðrtöku Ólafrs. Hertoginn gjörði sem konúngr bauð, at hann setti Ólaf í einn turn háfan ok þar menn til geymslu, var þar ríkt varðhald; sitr Ólafr þar um hríð.

*Frá liði Knúts.*

43. Nú er at segja frá þeim mönnum, er Ólafi Sveinssyni höfðu fylgt á fund Knúts konungs, þeir urðu hræddir mjök við ófarir þær, er þeir sáu at Ólafr hafði; þeir komust í burt með hlaupi, ok komu<sup>3</sup> á fund leiðángrsliðsins, ok sögðu mönnum þau tíðindi, er orðin voru; sögðu ok þat með, at Knútr konúngr mundi þar aldrei koma: hefir hann nú þat sýnt, segja þeir, hvern maðr hann er, hefir hann nú þat gjört ódæmaverk, at því er betr at fáheyrt er, hann tók nú bróður sinn saklausan ok vel til höfðingja fallinn, ok setti í járn; hyggjum ver at honum gángi þat til, at hann hræðist þat, at

<sup>1</sup>) mönnum, S. V.    <sup>2</sup>) v. i' S. V.    <sup>3</sup>) komust, S. V.

höfðingjar mundu heldr vilja hafa Ólaf fyrir konung enn hann, ok þá mundi betr standa ríki í Danmörk, ok mundu menn eigi eiga undir slískum ofsa at búa. Við þessa sögu brá mörgum mönnum mjök, ok áttu höfðingjar þíng, ok töludu um þessa tiltöku, er konúngr haffði haft, ok lagði þá hvern orð til sem sýndist. Voru þeir sumir höfðingjar, er þat mæltu berum orðum, at aldri mundi þrifast Danaríki, meðan Knútr væri konúngr, en hinir voru miklu fleiri, er eigi gengu á berhögg<sup>1)</sup> um fjaðskap [við konung<sup>2)</sup>], svá at alþýðan mætti þat reisa<sup>3)</sup>, þótt þeir væri í jöfnum hug sem hinir. Var nú ráðagjörð mikil með hernum, hvat þeir skyldu upptaka; voru þeir sumir höfðingjar, er þat mæltu, at þeir mundu rjúfa leiðángriðinn, ok gefa mönnum heimleyfi. Bændamúgrinn hljóp upp með einu samþykki, ok báðu þann aldrei þrifast, er þar lægi lengr, sögðust þá ok margir hafa nauðugir [komit í pennu<sup>4)</sup>] leiðángr. Norðmenn báðu þá bíða, ok þola vel, ok gjöra eigi at hègómamáli orðsending konungs, ok sögðu hann brátt koma mundu. Danir æptu á móti því, ok báðu Norðmenn liggja í sultar kví<sup>5)</sup> þeirri, svo lengi sem þeir vildi. Eptir þat raufst leiðángriðinn, ok sigla allir Danir í burt ok heim, hvern til sinna lífbýla; þikist sá bezt hafa, er fyrst kemr heim;

<sup>1)</sup> bráhhögg, *S. V.* <sup>2)</sup> Knúts konings, *S. V.* <sup>3)</sup> reina, *S. V.*

<sup>4)</sup> verit hér í þetta leiðángr, *S. V.* <sup>5)</sup> sultar kúr, *S. V.*

ok þegar at rofinn var leiðángrinn, kom Knútr konúngr til Limafjarðar, ok þar lá fyrir Norðmannaher; fóru þeir þegar á konúngs fund, ok fagna honum æfar vel. Konúngr var þá mjök reiðr Dönum, er þeir höfðu rofít leiðángrinn, ok sagði svá: nú hafa Danir enn sýnt trúleik sinn, nær sem vér fáum þeim goldit þetta. Konúngr var allmjök reiðr, en stilti vel orðum sínum, sem hann var jafnan vanr, þótt þeir hlutir bærist at, er honum mislíkaði allmjök. Norðmenn buðu konúngi fylgð sína at fara þángat, 'sem honum líkaði. Konúngr sagði þeim vel fara ok drengiliga, ok þeir höfðu vel haldit boð síns herra ok höfðingja. Bað konúngr þá fara heim til Noregs, ok hafa mikla þökk fyrir sína þarkomu: en vér Danir munum enn verða við at leikast. Síðan sigldu Norðmenn heim til Noregs. Knútr konúngr ferr þá til Sjóllands, hann hafði þá fjölmenni mikit, þá komu til hans þeir menn, er hann hafði sent til Vindlands, ok sögðu honum þau tiðindi, at Vindar tóku þat með þökkum, at halda sátt ok frið við Knút konung, ok þeir höfðu því haft her fyrir landi sínu, at heim þótti hann vera ótrúligr, er þeir spurðu at leiðángr væri úti hafðr í Danmörk. Sendu þeir nú vináttumál til konúngs ok þar með gjafir sæmiligar, ok þótti Knúti konúngi þetta allgóð tilðindi.

*Fra Knúti konungi.*

44. Eptir þetta ferr Knútr konúngr suðr

til Fjóns, ok átti þar Þing við bændr, ok veitti þeim stórar átölur fyrir þá svívirðing, er hann kallar at þeir hefðu gjört honum; segir hann at þar fyrir skuli þeir sæta <sup>1)</sup> afarkostum af sér. Eirekr jarl flutti mál bænda við konung; sagði þeim eigi svá mikinn illvilia til hafa gengit við konung: er þat, sem yðr er kunnigt, herra <sup>2)</sup>! segir hann, at alþýðan hlýdir því, er þá er talat, ok þikir þat vænast ráð, er þá er nýgjört; nú var þat <sup>3)</sup> flutt til þeirra, at þér mundit hvergi nær koma þeim her, er þar var samankominn. Talar jarl hér um lángt, ok flutti vel ok drengiliga fyrir bænda hönd. Konúngr var heldr styggr, ok var ekki hægt orðum við hann at koma; sagði at bændr skyldi ná sættum við sik, en hann vildi þó einn ráða þeirra á millum. Síðan festu bændr konungi sjálfðæmi, lagði konúngr stór gjöld á þá, er hann hafði mest sakir á hendi; létu margir hér stór fè fyrir, ok þótti mönnum þetta mikill afarkostr, en þó þótti sá nú hinn bezti til, at láta konung einn ráða þeirra á millum, sem þá var komit, en Knútr konúngr vægði þeim ekki, þvíat þann dóm lét hann livern hafa, sem honum þótti þeir sakir til hafa, hvort sem hann var rískr eðr óríkr; en þat þótti höfðingjum ofrausn, ok settu mjök hug sinn við, en þó bar engi traust til at mæla á móti Knúti konungi.

<sup>1)</sup> mæla, *s. V.*

<sup>2)</sup> minn, *b. v. s. V.*

<sup>3)</sup> vel, *b. v.*

*s. V.*

*Fra Knúti konungi.*

45. Knútr konúngr fór þá suðr til Jótlands, ok kom þar mart lið til hans. Konúngr hefir þá miklu meira lið <sup>1)</sup> enn hann var vanr, ok lét bjóða upp fyrir sér veizlur, þar sem hann vildi dveljast, ok lét bændr hafa þar allan kostnað fyrir. Í hverju héraði þingar hann við bændr, ok hefir þetta eð sama mál upp, ok berr þat á hendr bændum; kallar at þeir hafi gjört honum svívirðing, er þeir vildu eigi veita honum hlýðni: eptir því sem [þér voruð <sup>2)</sup>] skyldir til. Konúngr talar lángt ok snjalt ok stirt á hendr bændum, ok fanst þar mart í orðum hans, er til sakargipta var við þá. Bændr svörudu fyrir sik, ok færðust undan öllum sökum, en þó í annann stað sáu þeir, at þeir máttu eigi deila kappi við Knút konung, þvíat hann hafði mikinn styrk fjölmennis, þvíat hann hafði til sín boðit mörgum <sup>3)</sup> ríkismönnum. Þar var þá með Knúti konungi Eiríkr jarl, bróðir hans, [ok Benedikt <sup>4)</sup>], Sveinn ok Ástráðr Þórgunnu synir; þar voru ok með konúngrí bræðr 2, hét annar Pálmar, en annar Blakkmar, þeir voru fóstbræðr Eðlu drotníngar, er Knútr konúngr átti; þeir voru miklir menn ok sterkir, ok höfðu gott yfirlát af konúngrí. Maðgir menn voru þeir með konúnginum, er mikils voru verðir.

<sup>1)</sup>) fjölmenni, S.    <sup>2)</sup>) þeir voru, S. V.    <sup>3)</sup>) öllum, S.

<sup>4)</sup>) v. i' S. V.

*Frá Þórðr skora 1).*

46. Þórðr skori hét maðr, en annarr Tólar verpill, þeir voru sýslumenn Knúts konungs vestr á Vendilskaga, þar sem heitir Hjarranda 2) sýsla; þater einn útskagi vestr af Jótlandi. Þetta ríki er fátækt ljá því sem annat ríki í Danmörk. Þaðan voru þeir ættaðir Ásbjörn jarl ok Eyvindr bifra; þar heita síðan Ásbjarnarbúðir ok Eyvindarbúðir, er þeir voru fæddir. Þeir Þórðr ok Tólar spurðu, at Knútr konúngr var á Jótlandi, ok þat með, hvar sem konúngr fór, átti hann Þing við bændr ok stefnur, ok lagði á þá stór gjöld. Þeir spurðu ok at konúngr ætlaði þeim slíkan kost Vandilsbyggjum sem öðrum mönnum, ok við þessa frétt stefndi Þing Þórðr við bændr, ok boðar þar til öllum sínum mönnum, sem helzt voru þar ráðsmenn ok nökkurs virðir, ok er Þing var sett, var þángat komit mikit fjölmenni. Þá stóð Þórðr skori 3) upp ok mælti svá: spurt munut þér hafa til konungs þessa, er hann ferr yfir landit með rán ok hrips; hefir hann ok safnat at sér miklu Vendil 4) fólkimögum til óþurftar; er þó þess at vænta, at sjálfum honum gegni þó verst; þvíat hann hefir nær öngva dugandi menn með sér, ok er þess von at fáir munu til verða at þjóna honum, þeir er manndómsmenn vilja vera 5); þvíat hann er ótrúr maðr ok ágjarn, svá at hann kann ekki hóf, því

<sup>1)</sup> dorra alstaðar, M.      <sup>2)</sup> Hjarranda, S.      <sup>3)</sup> skjótt, S. F.      <sup>4)</sup> vendis, S. F.      <sup>5)</sup> reynast, S. F.

má hann heldr kalla at rættu víking enn konung, hefir hann nú suma höfðingja drepna, ok gjört at óbótamönnum, svá at frændrnir skulu önga sæmd fyrir taka, suma hefir hann af landi rekit fyrir öngvar tilgjörðir, en alla lagit í þján ok í þrælkan; mann þetta ófrelsi ok ánauð aldri afgánga, meðan hann lifir, ok er þat furða, er menn þola honum hverja <sup>1)</sup> óhæfu, er hann tekr til; nú mun ek birta minn vilja hérum, at ek vil eigi hafa hans ofsa yfir mér; sér ek eigi mun duga svá fútæku fólk, sem hér er með oss, at hafa slíkar pyndíngar <sup>2)</sup> af honum, sem annarstaðar hefir nú viðgengizt; nú er hingat torfæra mikil, sem þér vitið, fyrir sakir fena ok vatna, ok ef yðr lízt sem mér, þá munum ver eigi biða heima þessa vanréttar <sup>3)</sup>. Nú vil ek at þér segið yðvarn vilja hérum, eða hvört þér vilit því játa, sem ek vil upp taka, eða vilið þér taka yðr annat ráð. Þeir kvoðust hans forsjá hlíta mundu um þetta vandkvæði, höfum ver eigt reynt lengi, at þín forsjá hefir oss vel í hald komit. Þórðr svarar: eigi vil ek til þessa ens mikla vandamáls, sem mér lízt þetta, einsaman vera, heldr allir í einu jáyrði vera, þvíat mér kemr þat í hug, ef Knútr konúngr kemr hér at vitja vor, ok eigi hann tal við yðr, at hann flyti svá sitt mál, at yðr þiki þat sannast, sem þá talar hann, þvíat hann er maðr orðsnjallr ok

<sup>1)</sup> slíka, S. V.    <sup>2)</sup> fundingar, S. V.    <sup>3)</sup> vanreksturs,  
S. V.

brögdóttr ok undirhyggjumaðr mikill; mun yðr hann vera slægvitr, ok vandsèð er við honum, ef þér hlýðit nokkut því, er hann mælir. Nú vil ek at þér festið með því trúnað yðvarn við mik, at hvern sá maðr, er nokkut er eigandi, fái mér í hendr lausafé sín öll, ok vil ek þat varðveita, þar til er nokkur úrskurðr verðr þessa máls; en ef þér erut truðr við mik, at halda þetta, sem nú höfum vér mælt, þá skulu þér taka við fè yðru, en ef þér bregðizt mér í trúnaðinum, þá mun auðsærr minn kostr, ok verði konúngr vis þessarar ráðagjörðar, at þér munut fá af honum stórar refsíngar, þótt þér haldit lífinu, ok mun <sup>1)</sup> þó kallaðar nögar sakir til. Tólar verpill svarar: vitum vér um þetta alþýðu vilja, at engi vill hér leggja sitt mál á konungs vald, þótt hann gjöri sik svá stóran, at hann hyggist muni gánga með ófriði um allt þetta land; er þat vor vill, at nú taki menn nokkut skjótt ráð; viljum vér, Þórðr! at þú sér fyrir þessu liði öllu, þvíat þú ert vor vitrastr. Þá mælti Þórðr: hvört er þetta vill allra ok samþykki, þeirra sem nú eru hér samankomnir. Því játuðu þeir allir, er þar voru. Þat ráð vil ek furst gjöra, sagði Þórðr, at vér haldim safnaðinum, svá at vér látim öngvan í braut, er nú er hér kominn, heldr söfnum vér við, förum síðan til ár þeirrar, er á veg Knúts konungs er, ef hann vill híngat fara til vor; ok ef

<sup>1)</sup> væri, s. V.

þeir vilja híngat leita til vor, þá skulum vér verja þeim vaðit. Eptir þetta var slitit þínginu, ok fóru þeir með allan þenna her, þar til er þeir koma til árinnar. Þar spurðu þeir þau tíðindi at Knútr konúngr var eigi þaðan lángt í burt at veizlu, þar sem heitir at Sævarenda, þat er í innanverðum Limafirði; gjörðu þeir þá frá sér njósnarmenn, ok létu vita um Knút konung eða fjölmenni hans.

*Frá Knúti konungi.*

47. 1) Knútr konúngr var á veizlu á Sævarenda, sem fyrr var sagt. Konúngr ætlaði at senda menn vestr til þeirra Vendilskaganna 2) ok leggja gjald á þá. Knútr konúngr nefnir til þessarar ferðar Svein ok Ástráð Þórgunnu syni, þeir höfðu með sér 60 manna; ekki höfðu þeir spurt liðsaflnaðinn þeirra þórðar. Þeir bræðr fóru til þess, er þeir komu að einni mikilli á, öðrumegin árinnar var her mikill með alvæpni, ok fylktu þegar á árbakkanum við vaðit, er þeir bræðr riðu at ánni. Þá mælti Sveinn Þórgunnumson: Þessir gánga vel í móti at færa oss skattinn ok gjaldit, munu þeir ok vita at oss er ókunnigt, hafa þeir miklu betr gjört enn margir 3) hafa til getið, skulum vér þá vel flytja þeirra mál. Ástráðr svarar: ekki veit ek þat, mér þíkkja þeir ekki vera svá trúligir. Þeir þórðr heyrðu hvat þeir tölzuðu, ok þá svarar Tólar

1) *her byrjar fyrra blaðið af, G.* 2) *Vendilskaga, G.*

3) *þannig, G. vantar i B. aðrir b. v. S. vær höfum, F.*

verpill: Þér skulið eigi svā verða bráðsegnir, þvíat ek vænti þess at sama gjald hafit Þér hēðan, sem yðr er makligt; er þat hin mestu firn, at Þér ætlit fyrir at leggja á allt fólk ánaudarok, er ok þess von at Þér finnit sjálfa yðr fyrir; eru menn þess latari þó, en líkindi stæði til, munut Þér ok yðrum ójafnaði annarsstaðar meir framkoma enn hér, ok sækit at, ef Þér þorit. Þá svarar Sveinn Þórgunnuson: Þessir eru orðstórir, eða hvað lízt yðr ráð? skulu vér ekki ráða til árinnar? Ástráðr svarar: nú fór sem mik grunaði, að þeir mundu eigi færa oss neitt gjald, þat er konungi sè gagn í, ok ekki sýnist oss þat ráð at riða á ána, þvíat þeir hafa her manns; en nú þarf ekki at dyljast við, hvat þeir vilja. Sveinn svarar: ekki mun konungi líkja rekit erindi sitt, er þat ok svā, ef vér eigumst ekki fleira við, ok ekki er þat mitt ráð at vér flýjum fyrir stóryrði <sup>1)</sup> ein saman; skulum vér víst herða áfram, ok svā gjöra þeir. Hinir skjóta þegar á þá ok grýta; geingr þeim seint framreiðin, hlifar þeirra lömdust af grjóti, en urðu sjálfir sárir af skotum. Þá mælti Ástráðr: snúum aptr, segir hann, ok hefði betra fyrr verit. Sveinn kvað þat aldrei vera skyldu, ok keyrði hestinn með sporum. Þá tólk Ástráðr í beizlis <sup>2)</sup> taumana, ok snèri aptr hestinum undir honum, ok lét hann þessu eigi ráða, þvíat hann sá at þat var hin mesta óföra. Hann var manna sterkastr,

<sup>1)</sup> fáryrði, s. F.    <sup>2)</sup> þannig, s. F. beits, B.

ok mátti Sveinn öngu um ráða; snúa þá ok aptr allir förunautar þeirra. Sveinn var nú hinn reiðasti, ok fór <sup>1)</sup> aptr til þess, er [hann fann <sup>2)</sup> Knút konung, ok sögðu honum sín erindi. Konúngr var þábúinn af veizlunni á Sævarenda. Konúngr varð styggr við þessa ræðu. Sveinn var hinn óðasti, ok bað konung senda eptir mönnum allavega, ok fara síðan til móts við þessa menn, ok berjast við þá, ok reka slíkar vanmennur <sup>3)</sup> af sér: eru þetta hin mestu firn, segir hann, er þeir hafa upphlaupit til ófriðar, ok gjört styrjöld á móti yðr, sem enskis eru verðir; skyldum vér þeim þann ófagnað gjöra, er þeir mætti lengi <sup>4)</sup> muna. Konúngr svarar: óðr er Sveinn nú, ok ekki væri þeir þess ómakligir, en þó munum vér annat ráð hér syrr gjöra, enn berjast við menn mína; munum vér enn senda menn vora til þeirra, mun þá þessi ófriðr stöðvast, en ek mun fara norðr til Fjóns, sem ek hefi aetlat. Konúngr kallar þá til sín höfðingja, þann er Tóli hét, hann var kynstórr ok hinn kurteisasti maðr. Konúngr mælti til hans: þú skalt fara til móts við Vendilskagana <sup>5)</sup>, ok ség þeim at þeir fari heim til hýbýla sinna, ok eyði flokki sínum, fari síðan á minn fund, ok semjum þá sættir vorar.. Eptir þat ferr Knútr konúngr norðr til Fjóns, ok fór þar

<sup>1)</sup> fóru, *S.*    <sup>2)</sup> þeir fundu, *S.*    <sup>3)</sup> vanvirður, svívirður, *V.*    <sup>4)</sup> lengr, *S. F.*    <sup>5)</sup> Vandilskaga, *G.*

at veizlum. Tóli fór ok sinnar ferðar, ok hafði 60 manna.

*Fall Tóla.*

48. Þat er að segja frá ferðum þeirra Þórðar skora <sup>1)</sup>, at þeir stefna þá ena sömu leið, sem þeir Þórgunnu synir höfðu undanfarit; gjöra þeir þat nú öllum mönnum kunnigt, at þeir ætli með her þenna á móti Knúti konungi, ok fór þetta lið æst mjök; ok svá sem menn spurðu þessa nýjung, þá hljóp þar hverr til, sem kominn var, ok áðr var staddir, ok sögðust æ vilja í flokkinn; varð þetta brátt mággr manns, ok hvar sem þeir komu, höfðu þeir þat sem þeir vildu. Þetta spurði Tóli ok hans menn, voru þeir þá komnir hjá Þorpi einu, er þeir sáu herinn. Þeir Tóli gengu upp í staðinn, þvíat menn eggjuðu þá þess, sögðust þat ætla at þeir mundu [fáss letjast at gera <sup>2)</sup>], er höfðingjar voru fyrir liðinu. Tóli gengr upp í einn turn, ok nokkurir menn með honum, ok vildi sjá herinn, er þar færí hjá, vildi hann skynja sem gerst, hve mikil lið þetta væri; hann ætlaði ok at tala þaðan konungs erindi. Þeir Þórðr höfðu spurt áðr, at konúngr hafði sent menn til móts við þá, ok svá hvar þeir væri nú komnir. Þeir sara nú fram hjá staðnum, ok stöðva þá herinn. Þórðr spurði hvört nokkurir konungsmenn væri þar í staðnum. Honum

---

<sup>1)</sup> skorra, G.    <sup>2)</sup> *Pannig* G. eigi letjast, S. F.; eigi leitast, B.

var sagt at þeir væri þar, ok vildu hann finna. Þórðr gekk þá upp í staðinn með mikla sveit manna, ok þángat til er Tóli stóð í turninum, ok spurði hvört erindi hann vildi flytja. Tóli mælti svá: hvert ætlið þér her þessum, er mörgum mönnum þar forvitni á, hví þér hafit þetta á hendr tekizt, at efna til ófriðar hér innanlands, ok muntu ok hafa einurð til at segja, hvat þér berizt fyrir. [Þórðr svarar <sup>1)</sup>: rött gaztu þar, Tóli! at ek skal hafa dreingskap til ok framkvæmd til þess, at segja þér þetta, þó at þú sert allmikill vin konúngsins: vér ætlum þessi ferð eigi fyrr at létta, enn vér finnum konúnginn, ef hann þorir at bíða vor, ok ef svá ferr sem vér vildum, þá mun Knútr konúngr eigi kunna at segja frá tiðindum. [Þá svarar Tóli <sup>2)</sup>: þessi ætlan er stórum óheppilig <sup>2)</sup>, ok mun yðr at illu verða, sem makligt er, ef þér haldið þessu fram; gjörið heldr, sem yðr samir, snúið sem skjótast frá þessu óráði, er þat með öllu ógjöranda, at hatast við svá dýran herra, sem vér eigum. Þjónum heldr honum, sem vér kunnum bezt, þat er vor skylda, þvíat vér eigum konung rískan ok stjórnsaman, trúan ok siðgóðan, vitran ok örlátan, ok at öllu betr mentan enn allir aðrir í þessu landi; mun þá raun ágefa um konúnginn, at munu sannordari menn hans, er til hans mæla vel, enn hinir,

<sup>1)</sup> v. i B. tekit af S. V.    <sup>2)</sup> óheppilig, S. V.

er honum hallmæla <sup>1)</sup>). Nú er þat boð konungs til allra þeirra manna, er undir hans ríki búa, ok hafa nokkut gjört aflaga við hann, at hann vill unna þeim sætta við sík; vill hann at menn leggi sitt mál á hans vald ok miskunn, sem vera á; vill hann ok halda við yðr Dani lög ok fornán landsrètt, en hafa þar á móti hlýðni ok trúliga fylgð. Lítið nú á, hvat yðr samir, en þótt þér hafit mikil fjölmenni nú, þá mun þó vera mikill hamfngjuskortr við Knút konung, þvíat svá hefir þeim verit, er meiri stórbokkar ok rískari hafa verit enn þér. Gjörið nú fyrir guðs sakir, góðir drengir! segir hann, ok yðra nauðsyn, setlð niðr þenna storm, ok víkizt til sætta við konung yðvarn, mun yðr þat enn auðvelt vera, þegar hann sér, at þér þikizt ofgjört hafa, þvíat hann líknar hvers manns máli, því meir sem stærra hefir afgjört verit við hann; skulum vér ok flytja yðvart mál, sem vér kunnum, ef þér villt þetta gjöra nú fyrir míin orð. En er Tóli lauk máli sínu, þá svarar Þórðr skori: Þessi maðr hefir mart mælt um hríð ok flest ósatt; er hann raunar einn falsari, skuluð þér ekki hans orðum trúa; hefir konúngr sett hann til at tala mál sitt, ok ætlar at menn skuli trúnað á leggja á slikt; nú gefum vér öngvan gaum at því, er hann flytr! Margir menn mæltu, at Tóli hefði vel mælt ok sannliga, ok væri þat nú ráð at víkjast eptir

<sup>1)</sup> hér endar fyrra blaðið af G.

hans orðum, ok sættast við koniíng. Þórðr tók þá spjót úr hendi manni, er stóð hjá honum, hann skaut spjótinu upp í turninn, þar er Tóli stóð, ok kom á hann miðjan, ok fækki hann þegar bana; þótti þetta mörgum manni mikill skaði.

*Frd Þórði skora.*

49. Eptir þetta hélđu þeir Þórðr fram ferð sinni, þartil er þeir komu til Sævarenda á veizlu, þar sem Knútr konúngr hafði verit<sup>1)</sup>; þat var eitt ríkt konúngsbú, ok réð þar fyrir ármaðr konúngs; þeir drápu ármanninn, en ræntu fē öllu; þeir spurðu at Knútr konúngr var farinn norðr til Fjóns, ok hafði lítit lið. Þeir sendu nú orð höfðingjum þeim, er þar voru næstir ok ríkum bændum, ok létu segja þeim, í hvert efni komit var um þessa ráðagjörð; báðu þá nú minniga vera þeirra mótgjörða, er Knútr konúngr hafði veitt þeim. Þetta þikir öllum mönnum mikil undr, at þessir menn hafa gjörzt til svā mikils stórræðis, er nálige voru með öngum merkjum. Nú kom þat fram, er fyrr var ritat, at margir höfðingjar voru mjök fjandskapaðir við Knút konúng, þvíat þeir þoldu honum eigi réttindi, voru því flestir fljótir til uppreistar í móti honum, ok þurstu litla frameggjan aðra. Bjóst nú svā hvern, sem spurði þessi tíðendi, var þar á fáum dögum svā mikill her saman kominn at varla fækst talit; voro þá ok í því liði margir stórir höfð-

<sup>1)</sup> á veizlu b. v. S. F.

Íngjar. Þar var kominn Ásbjörn <sup>1)</sup> Eydana jarl ok Eyvindr bifra, þvíat þar voru áðr í liði með Þórði margir frændr þeirra ok vinir ok kunningar, er komnir voro vestan af Vendilskaga. Tók þá Ásbjörn jarl alla stjórn á þessu liði. Fóru þeir þá með her þenna norðr í Randárós, ok dvöldust þar nokkrar nætr; kom þar enn mart lið til þeirra.

50. Knútr konúngr var norðr á Fjóni, þá er hann spurði dráp Tóla ok liðsdrátt bænda, ok þann er höfðingjar höfðu samandregit á móti honum, ok þat með at þeir höfðu óflyanda her, ok þat eina at þeir ætluðu at honum at stefna. Hann stefndi til sín liði þar af hérudum, ok lagði ríkt við, en þar höfðu allir ein svör fyrir sér, at hvorigum mundu þeir veita, konungi nè bændum. Knútr konúngr sendi ok menn á fund Eðlu drotningar, konu sinnar, ok bað hana fara af landi í brott sem fyrst, á fund Baldvina hertuga föður síns í Flæmingjaland, ok hafa með sér Karl, son þeirra Knúts konungs, ok allt lausafé, þat er hún mætti með komast, ok dýrgripi, þá er hún mætti vel með fara.

### *Frá bóndum.*

51. Nú er at segja frá bændum ok her þeirra, at þeir vorn í Randárósi, ok afla sér þar skipa, ok ætla at flytja herinn norðr yfir sundit. Þá kvaddi Ásbjörn jarl þíngs, ok talar

<sup>1)</sup> b. v. S.

fyrir liðinu ok mælti svâ: hverja ætlan hafi þér á um fund þenna, er þér skulið eiga við Knút konung; nú þó at hann hafi lítit lið ljá her þeim enum mikla, er þér hafið, þá mun þó þurfa nokkut ráð annat fyrir at gjöra, ef hlýða skal, þvíat hann hefir einvala lið, ok kænt í orrostu; mun yðr Knútr konúngr verða brögð-óttr ok slægvitr, hefir hann fengit njósn af ferð vorri; þætti mèr ráðligt at nokkur vitr maðr færi á konúngs fund af liði voru með sættar-þoðum, ok mætti þá skynja fjölmenni hans eðr ráðagjörð hans, hvat hann ætlast fyrir. Þetta þótti mönnum þjóðráð, en þó voru menn til þessar ferðar ófúsir. Þá mælti jarl: mun eigi þat ráð, at ek fara þessa ferð á fund konúngs, við höfum opt brögðum beitzt. Síðan fór jarl á skip yfir sundit með nokkura menn, en annat liðit fluttist síðar yfir sundit. Egvindr bisra var þá fyrir liðinu, ok var engi grimmari konungi nè verri í sínum tillögum, ok meiri hvatamaðr, at þetta skyldi sem fyrst framengt verða. Var svâ tilætlat at jarl skyldi koma aptr til liðsins, er hann hefði áðr fundit Knút konung, ok skynjat liðsfjölda hans ok ráðagerðir. Ok er liðit bjóst til skipferðar or Randár-ósi, þá mælti þórðr skori við Tólar verpil fe-laga sinn: nú munum vér snúa aptr með vort lið, þvíat nú eru hér komnir svâ margir rískir menn ok stórir höfðingjar, at til vor mun nú þikja lítit ráðaskot, en þó höfum vér mikit á-

unnit í vorri <sup>1)</sup> ferð; Þvíat þess er nú mest von, at þessi herr stöðvist eigi fyrr, enn þat er [í-gert <sup>2)</sup>, er öllum er mest nauðsyn í [ok happ <sup>3)</sup>], at Knútr konúngr sè drepinn. Síðan skildust þeir úr hernum með sína menn, ok gaf engi maðr at því gaum, miklu var meiri þys ok kall um herinn allan.

*Frá Ásbirni jarli.*

52. Ábjörn jarl fór nú á fund Knúts konúngs með sínum mönnum; en er hann kemr á fund Knúts konúngs, gekk hann fyrir hann, ok heilsar uppá konúnginn. Konúngr tók ekki kveðju hans. Jarl mælti svá: spurt munuð þér hafa þau tilindi, herra! at ófriðr er hafðr í móti yðr; er at þessu orðinn svá mikill mátr, at hér eru við [vafðir <sup>4)</sup>] margir ríkismenn, sýnist oss þetta hið mesta vandræði ok nfordings-skapr, er þessir menn ætlast fyrir; ok eigi mun ek af mér bera, herra! at eigi hafi ek í liði verit með þeim; er þeita fólk svá illt ok ært, at þeir vilja öngvan gaum at gefa, því er nýtt <sup>5)</sup> er; en fyrir þá sök fór ek [í flokkinn <sup>6)</sup>], at ek vildi forvitnast, ok svá helzt við verða, hvat þeir <sup>7)</sup> berast fyrir; en ek hugsaða þat með sjálfum mér, sem mér samir, ok ek veit at míni skylda er, at bregðast yðr aldri, ok fara þegar á yðvarn fund, ok gjöra yðr kunnigt, hversu

<sup>1)</sup> þessari, *V.*

<sup>2)</sup> gört, *S. V.*

*i S. V.*

<sup>3)</sup> v. i *S. V.*

<sup>5)</sup> mælt, *S. V.*

*B. S. V.*

<sup>4)</sup> v.

<sup>6)</sup> þannig *M.*

*hingat,*

<sup>7)</sup> þér, *S. V.*

háttat er, veita yðr ok slíkt lið ok allt, sem ek em í færum um, ef þér þurfit manna við; sjáið þér nú fyrir, ok takit nokkuð gott ráð ok skjótt. Konúngr þakkaði honum, ok kvað hann <sup>1)</sup> betr hafa farit í þessu máli, enn aðrir gátu til, eða hvað sýnist yðr ráðligast, jarl <sup>2)</sup>? legg nú til nokkut, þvíat þú ert vitr maðr, ef þú ert oss svá hollr, sem þú segir. Jarl svarar: eigi kann ek yðr ráð at kenna, en skyldr em ek at tala þat hér um, sem mér sýnist ráðligast; þér hafit lítit lið ok vandat mjök, sýnist mér þat ráð at þér leitið undan við svá búit, þángat sem landsmegin er meira, ok munuð þér þá brátt fá meira lið; leitið síðan til fundar við bændr, væri þá nisðingar barðir <sup>3)</sup> til batnaðar. Þessu ráði samþykti Eiríkr jarl ok margir aðrir höfðingjar. Þá svarar Benedikt konúngs bróðir: aldri viljum vér á flóttu leggja fyrir Dönum; væri þat fyrst mitt ráð, at jarl þessi væri höndum tekinn, svá at hann kæmist eigi með lífi á burt, ok víst er þat undarligt, herra! er þér trúið orðum Ásbjarnar jarls, ok sé ek glöggt at hann er einn falsari ok drottins svikari. Konúngr svarar: þetta ráð skulum vér hafa, Benedikt! at flýja eigi fund óvina vorra, ráði guð fyrir, hverr hann verðr; en þú, Ásbjörn jarl! far aptr sömu leið til bænda, ok seg þeim svá, at vér viljum sættast; vil ek þat bjóða af minni hendi, at þeir hafi í hvern stað fullan

<sup>1)</sup> honum, S. C. <sup>2)</sup> segir hann, b. v. S. V. <sup>3)</sup> ráðir, S. V.

rétt sinn, sem forn lög standa til hér í Danmörk, hafa svá gjört fyrri landshöfðingjar; en er ek þíkjumst eiga saknæmt við Jón, Jón vil ek eiga þar dóm á, ok eigi vil ek at bændr dæmi mitt mál; skaltu nú þetta flytja við bændr, kom aptr snart, ef þeir vilja neita friðinum, ok ver oss nú trúr, þvíat þat er Jón skylda, þvíat Jón ert minn undirmaðr, ok heldr ríki af mér; en ef Jón gjörir öðruvís, Jón mun guð hefna þér, ok margir trúá þér illa; kom nú snart aptr á minn fund, þvíat vér munum hér biða Jón. Já, herra! segir hann, ek skal skjótt aptrkoma, ef þér vilið ekki m'num orðum lílýða, ok allir mínnir menn, þvíat nú þurfit þér liðs við. Siðan laut hann konúnginum, ok gekk á burt til sinna manna. Þat var sið dags, er þeir skildu við konúnginn; Þat var á Fjóni í þeim stað, er heitir í Óðinsve, þar var Knútr konúngr á veizlu með öllu liði sínu um nóttina.

*Frá svíkum.*

53. Ásbjörn jarl fór nú til þess, er hann kom á fund bænda, var Jón liðit komit yfir Meðalfararsund, ok komit af skipum sinum; spurðu menn Jón at fjölmenni konungs eða <sup>1)</sup> um ráðagjörðir. Jarl sagði Jón, hvers hann var vís orðinn, sagði at hann þóttist eigi vita, hversu at hans mál mundi snúast. Jarl segir, hvar konúngr er, eða hvar hann mundi vera um nóttina; kvað þat nú vera ráð at vitja hans, [ok

<sup>1)</sup> ok, s.

bað þá nú eigi dvelja <sup>1)</sup>); kveðst nú vænta, at nú mundi yfirtaka, ef auðna vildi til falla með Þeim. Voru þá ok bændr svá óðir, at þeir vildu þegar fara að konúnginum; þeir komu nú at á þeirri, er næst er staðnum í Óðinsve, þar sem Knútr konúngr [var á veizlu <sup>2)</sup>]; þessi á heitir Kálfá; bændr komu þar snemma um morgunin, svá at sól var skamt farin. Ásbjörn jarl skaut þá á húsþíngi, ok talaði fyrir fólkini ok mælti svá: ek fór á fund Knúts konúngs, sem nienn vissu, forvitnaðumst ek um ráðagjörðir hans ok um fjölmenni hans, er þat þar frá at segja, at ek talaða við konúng, ok fanst mér þá <sup>3)</sup> í orðum hans, at hann mundi aungum manni rétts vilja unna, hét hann ok yðr bændum hinum mestum afarkostum, þegar hann mætti viðkomast, hefir hann aldri verit orðstærri til yðrar Dana, enn svá sem nú var hann. Nú er yðr þat at segja í annann stað, at ek hygg þat at konúngrinn sé feigr, svá lízt mér nú á hann, var hann nú með öllu ráðlaus, en þat hefir honum ekki orðit fyrr, þvíat hann er vitr maðr, hann hefir ok lítit lið, en þó hyggst hann einn munu öllu <sup>4)</sup> orka; nú mætti svá vel verða, at á þessu yrði skjótt endir, ok mætti þá vita, hvort hann væri sér þá einn ærinn, er hann vill einskis manns mál meta; kalla ek nú yðr einsætt, at fresta <sup>5)</sup> eigi at veita kon-

---

<sup>1)</sup> v. i. S. F.    <sup>2)</sup> gist, S. F.    <sup>3)</sup> þat á S. F.    <sup>4)</sup> ráða ok, b. v. S.    <sup>5)</sup> freista, S. F.

únginum atgaungu, skal ek ok mírir menn fyrst atgánga, þvíat þat kalla ek hið mesta nauðsynjaverk; [er sá nú ok <sup>1)</sup>] ekki at manni, er nökkut óttast í þessu verki, at drepa Knút konung, eða hversu margir höfðingjar eru hér nú samankomnir, at hann hefir eigi stórar sakir viðgjört, drepit frændr þeirra eða mága, féit tekit upp fyrir sumum, eðr gjört aðra skömm <sup>2)</sup>; nú mun yðr lítit stoða frameggjan orða, ef þér villið eigi slíkt minnast; munum vér hér í landi aldri fá frelsi vort, meðan Knútr konúngr er á lífi; hugsit nú ok, ef konúngr kemst undan, hvern kostr yðr er þá luugaðr, ef yðr þótti hann þá grimmr, er þér <sup>3)</sup> höfðut minna til gjört; segi ek yðr þat með sönnu, ef Knútr konúngr fær enn vald yfir Danmörk, at hann geldr <sup>4)</sup> grimmu nokkurum þeim, er nú efla þenna ófrið. Nú vildum vér gjarna eigi til þess hætta, viljum vér hafa þann konung, at hann sé hófsmaðr um alla hluti, ok sé oss eigi of stór, eða fari eigi með svá mikilli frekju, sem konúngr þessi. En er jarl lauk tali sínu, þá mælti Eyvindr bifra: Þessa manns máli höfum vér nú hlýtt um hríð, er bæði er vitr ok góðgjarn, ok er fyrirmaðr þessa hers, er mönnum nú ok einsætt at hafa hans heilræði, svá vel sem nú er til efnat, at þetta ráð mætti framkvæmt verða; hafa menn nú ok gjört sik svá bera í fjandskapnum við kon-

<sup>1)</sup> en sá mun, S.      <sup>2)</sup> skrám, S. V.      <sup>3)</sup> honum, S.

<sup>4)</sup> mun heldr lauma, S.

únginn, at flitt er nú at hætta á hans miskunn; er ok ekki at leyna yðr því, at ek ætla mér at bera vopn á konúnginn, ok meta þat ekki við aðra menn, ok er þat hugboð mitt, at mér verði þat <sup>1)</sup> auðit. Ok er Eyvindr hætti sinni ræðu, stóð upp annarr af öðrum, ok töluðu lángt erindi, en þó kom allt í einum stað niðr, þar sem jarl hafði fyrst talað, ok skorti Dani þá eigi stór orð, ok fýstu allir mjök at taka Knút konúng af lífi, ok með þessari ætlan knúðist fram alþýðan.

*Frá Knúti konungi.*

54. Nú liðr svá fram deginum, at komit var at messumáli; gekk þá Knútr konúngr til kirkju, at hlýða messu; hann spurði þá, hvat menn sæi til bænda. Hans menn sögðu, at þeir þínguðu öðrum megin árinnar. Konúngr mælti: ok eigi kemr Ásbjörn jarl, vinr vorr; segja mun hann oss, ef eigi er friðvænligt. Þá svarar Benedikt: hann mun aldri segja oss neina góða hluti, var þat hið ósnjallasta ráð, sem ek sagða yðr þá þegar, at láta hann lausan fara. Konúngr sagði at því mundi eigi vera misráðit, ok hann mun oss vel gefast. Síðan fór konúngr til messu; ok er súngin var messan, þá var konúngi sagt, at bænda herinn var <sup>2)</sup> kominn yfir um ána, ok geystist upp at bænum. Þá mælti konúngr: hvert ráð skulum vér, taka? nú mun eigi þurfa at dyljast við, at bændr munu vilja vitja vor með ófriði, ok er þat ok vel, er vér höfum

<sup>1)</sup> þess, S. F.      <sup>2)</sup> væri, S.

verit of ófriðsamir, er nú auðsæð, hvat þessir menn vilja. Eirekr jarl svarar: Þat er mitt ráð, herra! at þér stígit á hest ok ríðit í burt, þvíat þat má enn vel takast, ef guð vill, er ok þá alls gætt, þegar yðar er. Konúngr svarar: nú þó at ek <sup>1)</sup> frelsa svá líf mitt, þa munu <sup>2)</sup> þeir gjöra hér svá mikinn mannskaða, at seint mun ek bætr bíða, ok vil ek eigi þenna kost, ok miklu heldr vil ek einn gefast upp fyrir oss alla, þvíat ek veit þat, ef þeir ná lifi mínu auðvelli-  
ga, at þá munu grið hafa flestir menn mfnir. Þá svarar Benedikt: sú skömm skal oss aldri henda, at vér seljum yðr undir vopn óvina yð-  
varra, þó at vér vissum oss visan frið; hit skulu heldr allar Danameyjar eiga til at spyrja <sup>3)</sup> at vér kunnum at beita sverðunum í dag, ok vorn konung at verja, þvíat vist eigi vil ek þat sjá, at þér sœuð höggnir fyrir augum mér, en ek standi hjá; hefi ek ok aldrei þat heyrt, at guði líki betr huglausir klækismenn enn hug-  
fullir drengir ok hvatir; viljum vér miklu heldr deyja með drengskap með yðr, enn lifa eptir yðr með klækisskap: ok bað þann <sup>4)</sup> aldrei með dugandi mönnum teljast, er nú óttaðist nokkut, eða hræddist, ok bað nú hvern sýna sik með hreysti ok drengskap: Þvíat vér eigum góðum höfðingja at fylgja. Allir menn rómuðu vel at mali hans, ok eggjaði hvern annann. Með

<sup>1)</sup> kynni, b. v. S.

<sup>2)</sup> veit ek, S.

<sup>3)</sup> segja, S.

<sup>4)</sup> þá, S.

Knúti konungi voro margir þeir menn, er mikils voro verðir <sup>1)</sup>): Þar voro þeir fyrst Eirekr jarl ok Benedikt, Sveinn ok Ástráðr Þórgunnu synir; þeir voro ok Þar Pálmar ok Blakkmari, ok margir aðrir góðir drengir; þeir bjuggust nú um í kirkjunni, ok ætluðu at verja dyrnar; Þar var trækirkja mikil, ok á margir stórir glergluggar.

*Frd Knúti konungi.*

55. Knútr konúngr var innar í saunghúsini, ok lagðist til bænar fyrir altarinu, ok bað til guðs fyrir sér með tárum, at þat kæmi upp, sem honum gegndi bezt; en er hann reis upp af bæn sinni, þá fór hann af skarlats kyrtli, er hann hafði í verit, hann var búinn mjök; síðan kallar konúngr til sín prest Þann, er þar saung, ok mælti: Þú skalt eiga, prestr! kyrtill þenna, segir konúngr, vil ek at þú haldir upp bænum fyrir mönnum þeim, sem hér falla í dag, bæði fyrir mínum mönnum, ok svá eigi síðr fyrir þeim, er lálast af bændum. Síðan gekk konúngr til skriptar, ok játaði fyrir presti allar syndir sínar, ok fyrirgaf sínum óvinum Þann mótgáng, er þeir veittu honum. Hann settist þá niðr lijá altarinu, ok lagði yfir herðarsérskallatsmöttul, hann var undir í silkitreyju. Konúngr kallar þá til Svein Þórgunnuson, þá tók hann belti búit, er hann hafði um sik, var þat hinn bezli gripr, þar fylgði ok með búinn knífr,

<sup>1)</sup> viðir, s. F.

Þá mælti konúngr við Svein: belti þetta skaltu eiga, Sveinn! segir konúngr, ok lóga eigi, nema þú komir vel niðr; Þvíat vant er nú at sjá, hvort þú þiggr fleiri gjafir af mér. Sveinn þakkaði konúngrí gjöfina, ok spenti þegar um sik beltinu, ok kvað hann þat skyldu gæta lífs síns í dag. Konúngr bað guð gæta lífs hans: en líkara þikir mér þat, Sveinn! at þú látið eigi á þessum fundi. Siðan tók konúngr saltara ok saung á.

*Mannaskipan Knúts konungs.*

56. Í þenna tíma kom bónaldiðit at kirkjunni, ok gengu þegar at með ópi ok kalli, ok spurðu, hvar hann væri guðs-reiðis-maðrinn, Knútr; báðu hann nú láta sjá sik ok felast eigi; mætti nú ok endir á verða. Þá svarar Benedikt: eigi þurfit þér bændr at vera svá orðstórir, þótt þér hafit nú lið mikil, eigi er yðr sigrinn vís, þvíat betra skal þeim þikja þorpurunum, er heiman hafa hlaupit frá kirnu- <sup>1)</sup> askinum, at vera þenna dag heima að beyrsta <sup>2)</sup> korn, enn skipta höggum við oss konúngsmennina. Benedikt var svo búinn, at hann var í rauðum skallatskyrtli, ok í brynju um utan, yzta hafði hann silki- <sup>3)</sup> Treyju ermalausa, gullroðinn ljálm, skjöld rauðan ok dreginn á riddari með gulli, sverð búit í hendi, ok var hann allra manna röskligastr; hann stóð í miðjum kirkjudyrum,

---

<sup>1)</sup> kjarn, S. V.      <sup>2)</sup> þannig, S. V. B. hrursta, C. beysta, M.      <sup>3)</sup> þannig, S. V. C. silge, B.

ok bað bændr gánga inn í kirkjuna, ef þeir vildu konunginn finna. Öðrum megin dyranna stóð Eirekr jarl, bróðir hans, ok þeir Þórgunnusynir, en öðrum megin Pálmar ok Blakkmar.

*Hér hefir orrostu.*

57. Eptir þetta sóttu bændr at kirkjunni, en konungsmenn vörðust svá drengiliga, at þat var lánga hríð dags, at öngvir fèllu af konungs mönnum, en fjöldi manns af bændum, en ýmsir gengu til ómóðir til atsóknar, þvíat þeir voro yfrið margir til. Þat var orðtæki þeirra bænda í bardaganum, er þeir sóttu at: nú launa ek þér kú, Knútr konúngr! nú launa ek þéruxa, nú launa ek þér hest; ok er þeim sóttist seitn kirkjan, þá mælti Ásbjörn jarl: Þetta er hin mesta skömm, hversu mönnun sækist hér í dag, þar sem fáir menn eru fyrir til varnar, en vér höfum látit menn marga, en þeir öngvan, er þetta fólk heimskt ok ráðlaust; gángit þér nú at umhverfis kirkjuna, ok brjótit frá gler-gluggana ok skjótit þar inn á þá ok grýtit. Síðan var svá gjört, ok var þá borit inn á þá skot ok grjót, urðu þá margir sárir, en sumir lömdust af grjóti, en sumir fengu bana með öllu. Þá mælti Benedikt, at þeir skyldu leita innar í kórinn, ok verjast þaðan, meðan auðit yrði, [ok svá gjörðu þeir <sup>1)</sup>]. Síðan sóttu bændr inn í kirkjuna eptir þeim, en þeir Benedikt vörðu kórdyrnar

<sup>1)</sup> v. i. S.

með prýði; sumir af bændum sóttu utan at kirkjunni, tókst nú orrostan í annat sinn, ok var hún nú miklu strángari enn hin fyrri hrfsðin; tékst nú mannfallið af konungsmönnum, en þó fèll enn miklu fleira af bændum, ok svá segja menn at blóðit tæki í ökla í kirkjunni. Ásbjörn jarl gekk nú umhverfis kirkjuna ok mikil sveit manna með honum, ok eggjaði nú liðit til atsóknar, ok sagði fyrir, hvar at skyldi sækja. Benedikt stóð í miðjum kórdýrum, ok varðist alldjarfliga, varð hann margs manns bani, ok bað hann þá at sækja fast guðniðíngana, ok þareptir gjörðu allir hans menn, báðu þann aldrei þrífast, er nokkut hlífði bændum; ok er bardaginn var sem óðastr, þá fèkk Knútr konúngr steinshögg inn í gegnum glugg einn, þat högg kom uppá brúnina, ok blæddi mjök, hann tók þá munnlaug, ok setti í knè sér, at eigi blæddi á klæðin, ok saung saltáraði sem áðr; var nú bardaginn allmannskæðr, ok felli mjök margir af konungsmönnum, ok leifðu þeir gott orð epiir sik; en heilir (voru) þá enn allir höfðíngjar.

*Fall Knúts konungs.*

58. Nú varð á hvíld nokkur á bardaganum, ok léttru þá bændr atsókninni; konungsmenn tóku þá ok hvíld. Benedikt stóð í miðjum kórdýrum, ok studdist á skjöld sinn, hann var þá enn ekki sár, en ákafliga vígmóðr, þvíat þat segja allir einn veg frá, at engi vörn hafi röskligri verit af jafnfáum mönnum enn þessi, slíkt ofr-

efli sem tilkom, ok er þó engi meirr ágætr enn hann. Nú sjá þeir Benedikt, at maðr gengr inn í kirkjuna, ok hafði vafit at sér guðvefjar skikkju, hann var vopnlaus, þenna mann kendu þeir, ok var þat Eyvindr bifra, hann mælti svá: hvat munum vér nú þess mæla, er öllum mætti bezt gegna, þvíat nú væri til þess ærin nauðsyn, í svá mikiti óefni sem komit er, ef nokkut mætti umbætast <sup>1)</sup>), hefir fólk þetta farit æst ok rasanda, en nú eru þeir nokkut orðnir tannsárir af vopnum yðrum, konungsmanna. Heyrit <sup>2)</sup> mér nú! bændr eru búinir nú til sætta at gánga við konunginn; fór ek nú því þegar á yðvarn fund, Benedikt! segir hann, at mér er á þessu mikill fagnaðr, megu ok allir sjá, at þat er mest nauðsyn, at sœttin mætti verða; er þat sem von er, at þeim muni mikill hamíngjuskortr verða við Knút konung; nú þó at mikil sè at orðit, góðir menn! segir hann, þá stendr þó til miklu meira geigs, ef konunginum verðr nokkut, þvíat eigi má þat vita, þar sem margir koma saman, þeir sem lítt eru vandaðir, nema nokkurir ynni sér glæps; hyggjum nú at allir saman, hvat bezt er af at gjöra, ok gefum á meðan ró reiðinni, þvíat engi sér hið sanna, meðan hún fylgir. Nú bið ek yðr í guðs nafni, segir Eyvindr, at þér gefit mér gáng á konungs fund, þvíat ek trúi því, at hann er fúss til friðarins.

<sup>1)</sup> viðbætast, S.

<sup>2)</sup> heyrist, S. V. M.

Benedikt svarar: Þú skalt aldrei gánga á konungs fund, þvíat þat vita allir, at þú ert hvernig manni ótrúari, ok ef þú hefðir nú eigi svá gengit á vort vald, þá skyldir þú fá fet hæðan gánga, en nú þíkkir mér skömm f at drepa þik, at <sup>1)</sup> þú ert vopnlaus, en eigi ætla (ek) þat illt verk. Konúngr heyrði tal þeirra, ok mælti: látið hann gánga, sem honum líkar, opt hefir Eyvindr mér vel gefist; hefi ek ok mínn frændr hafit hann til ríkis, mun hann oss þat vel launa, mun hann því þat erindi sækja á vorn fund, er gott er, ok þarft oss. Benedikt svarar: Þér skulið þessu ráða, herra! en ekki kemr mér þat á óvart, at þessa iðrumst ek brátt. Gekk Eyvindr innar í saunghúsit ljá Benedikt, ok er Eyvindr kom fyrir konúnginn, þá mælti hann, ok hneigði <sup>2)</sup> honum: heill, herra! segir hann. Konúngr leit við honum, ok svarar aungu. Þá lét Eyvindr síga möttulinn aptr af herðum sér, hann hafði sverð brugðit undir klæðunum, þá lagði hann konúnginn í gegnum með sverðinu. Síðan hnè konúngrinn upp at þilinu, ok bað guð gæta sín, fèkk konúngrinn þegar bana. Eyvindr hljóp þegar upp á altarit, þvíat uppi yfir altarinu var gluggr mikill, er frá var brotit glerit, ætlaði Eyvindr sér þar út at hlaupa. En er Benedikt sér þessi tifindi, er orðin voru, þá hlupu þeir allir senn innar í kórinn, ok var Pálmar skjótast, hann hjó til Ey-

<sup>1)</sup> þar, S. V.    <sup>2)</sup> þannig hinir; hniemdi, B.

vindar, er hann kom at altarinu, ok kom höggit á hrygginn, er hann ætlaði at smjúga út um glugginn. Eyvindr var í brynju, en svá var þó óslægliga til höggyvit, at Eyvind tók sundr í miðju, fèll höfuðhlutrinn út úr glugginum en fótahlutrinn inn í kirkjuna. Eptir þetta var kurr mikill í liðinu, ok mæltu þat sumir, at menn skyldu leita undan, ok forða sér þannig sem helzt mætti, ok því samþykti Eirekr jarl, ok leitaði hann út suðr-stúkuna, hann kallaði á Benedikt bróður sinn, ok bað hann fylgja sér, er aungum harmr sinn at bættari, segir hann, at hér sè niðrdrepni allir dugandi menn. Benedikt svarar: Þat skulu nú gjöra hvorir sem betra þíkkir; þeir megu <sup>1)</sup> leita undan <sup>2)</sup>, er betra þíkkir enn at berjast, en þeir berjast, er þat er ljúfara <sup>3)</sup>; far nú heill ok vel, bróðir! ok hittumst í himnaríki. Eiríkr jarl komst nú undan, ok nokkurir menn með honum, var þat bæði at lítill gaumr var gefinn at fáum mönnum, en þó at menn kendu Eirísk jarl, þá var hann svá vingaðr af mörgum manni, at engi vildi honum grand gjöra.

*Fall Benedikts.*

59. Benedikt varð nú svá óðr, at hann liljóp út úr kórnum, ok kastaði skildinum, ok tók þá sverðit tveim höndum, ok ljó til beggja handa lívat sem syrir varð, ok stökk allt undan, þat er

<sup>1)</sup> hér byrjar II.    <sup>2)</sup> hér byrjar síðara blað af G.    <sup>3)</sup> mak-  
ai<sup>a</sup> G. II.

Því kom við, en eigi at síðr hlutu þar margir eptir at liggja í kirkjunni; hann ruddi sér veg utar at kirkju- [hurðinni ok <sup>1)</sup>] dyrunum, svá at ekki hélta við; þeir fylgðu honum bræðr Pálmar ok Blakkmar, ok fóru ekki á hæl; en er þeir komu at kirkjudyrunum, þá nam þar við, gekk þá eigi lengra, þvíat þar var fyrir bónad-múgrinn, svá athinir komust þá eigi út; var þá sótt at þeim Benedikt öllum megin. Nú þó at þeir væri kappar miklir, þá urðu þeir þó ofrliði bornir, ok kom þá at því, sem mælt er, at ekki má við margnum; fèll þar nú Benedikt ok allir þeir með góðan orðstýr, svá at þeirra vörn ok hreysti er ágætt síðan. Stöðvaðist nú bardag- inn, gengu þeir þá til griða konungsmennirnir, sem eptir voru; þeir bræðr voru eigi fallnir, Sveinn ok Ástráðr Þórgunnusynir,

*Frá Ásbirni jarli.*

60. Þegar eptir bardagann bjuggust bændr í burð, þvíat mörgum var ant heim. Ásbjörn jarl bað menn vera vara um sik, þá sem mest höfðu atgjört, ok vita hvert ráð at Eiríkr jarl tæki eða aðrir konungsmenn: en eigi mæli ek þetta af því, segir hann, at ek kvíða mér nè mínum mönnum; ætla ek flesta þat munu mæla, at eigi mun annar maðr meira hlut í hafa átt enn ek, ok við því mun ek gánga, iðrumst ek eigi þess, þvíat eigi mun þat ofgjört; mun ek nú ok heim fara. Raufst þá ok safnaðrinn, ok

<sup>1)</sup> v. i' G. H.

skildist liðit, ok fór hvern þann veg, sem heimili átti.

*Dauði Ásbjarnar jarls ógrligr.*

61. Ásbjörn jarl fór norðr til Eyrar-sunds <sup>1)</sup> þegar eptir fundinn, hann tók sér herbergi í þorpi einu, ok svaf í lopti einu um nokkura nött. Þar varð ógrligr atburðr, at þar komu inn mýs margar valskar, þær voru miklu stærri, enn menn höfðu fyrr sèð; þær sóttu jarl svá ákafliga, at hann varð þegar upp at standa, ok verjast <sup>2)</sup> þeim, ok eigi því síðr sóttu þær hann; þar voru margir menn inni í loptinu, ok hirtu þær um aungan annann; þá hljóp jarl út úr loptinu, ok þær þegar eptir honum, ok er hann kom út, þá sækja þær hann fastast; þá hljóp hann ofan til sjóvar, ok komst út á skip, ok lét frá landi; þær hlupu þegar á sjóinn út ok upp í skipit til hans, ok ræðu þegar í andlit honum ok nasir, ok svá lauk at þær deyddu hann, ok þegar í stað hurfu þessir óvættir. Pessi undr spurðust viða, dauði Ásbjarnar jarls, ok varð inönnum at þessu ótti mikill, þeim er mestan mótgáng höfðu veitt Knúti konungi; grunaði þá marga menn, at þetta verk mundi svá guðrættligt, sem þeim hafði opt tjáð verit, er þeir höfðu drepit Knút konung; mæltu menn þá, at þessi hefnd mundi af guði send vera.

*Dauði Þórðar.*

62. Nú skal þar tiltaka, er fyrr var frá-

<sup>1)</sup> Eyrasunds, G.    <sup>2)</sup> þunnig G. varðist, B.

horfit, at þeir Pórðr skorri <sup>1)</sup> ok Tólar verpill [hur]fu aptr með sínum mönnum <sup>2)</sup>; þeir komu at á einni mikilli einn dag snemma, var þar yfir vegr þeirra, þar var yfir ein mikil fjalabré, þá hleypti hverr yfir brúna, svá sem atkom; en er flestir voru yfir komnir, mælti Pórðr skorri: hér fara menn fósliga, er þeir hleypa hér yfir, sem á víðum velli. Þeir svöruðu, er yfir voru komnir, ok báðu hann fast atráða <sup>3)</sup>: þvíat þú hefir þann hest, er beztr er kallaðr, ok mun þér endast, þar sem <sup>4)</sup> allir hafa nú <sup>5)</sup> yfir riðit; sýnist oss þetta minni mannraun, enn [at berjast <sup>6)</sup> við Knút konung; geta þess ok sumir til, at þú mundir þér þetta eigi nær ætla. Pórðr reiddist nú mjök, ok keyrði hestinn með sporum, en hestrinn var óðr ok kornfeitr, ok bregðr hann á leik, er hann kemr út á brúna, er hlúnkaði mjök undir hófunum, ok rís nú upp örðigr undir honum á brúnni; fèll Pórðr þá aptr úr söðlinum ok í ána, ok fèkk þegar bana. Förunautum Pórðar brá mjök undarliga við þenna atburð, ok sóru heim við svá búit. En þat segja sannfróðir menn, at Tólar verpill fúnadi kvíkr í sunðr, ok vall möðkum. Sýndi guð þat í dauða þessara manna, hversu þetta verk var rækt <sup>7)</sup> fyrir guði ok góðum mönnum.

<sup>1)</sup> skori, S. F.    <sup>2)</sup> skildust frá föru- . . . . . úti konungi æluðu til heiðferðar; en er, H.    <sup>3)</sup> atráða, G.    <sup>4)</sup> náliga, H.    <sup>5)</sup> óðr, b. v. G.    <sup>6)</sup> þat sem þú setlaðist um hrið fyrri at gánga til bardaga, G. H.    <sup>7)</sup> ih, S. F.

*Gröptr Knúts konúngs.*

63. Eptir þat er [bændaliðit var <sup>1)</sup>] á burtu af Fjóni, þá söfnuðust saman þeir menn, sem verit höfðu vinir Knúts konúngs í Óðinsve <sup>2)</sup>, ok gengu þar til, sem var lík Knúts konúngs, voru þá sár hans gróin, var líkit bjart ok þekkiligt, var þar nú sæmiligr umbúnaðr, sem vera átti; lík Benedikts <sup>3)</sup> var þvegit ok umbúit, ok svá annarra manna, þeirra er þar höfðu látt; síðan var kirkjan rudd, ok bornir út dauðir menn, ok veitt þeim gröptr. At líki Knúts konúngs var kista mjök vöndut gjör, [í aðra kistu var lagðr líkami Benedikts konúngs bróðurs <sup>4)</sup>; var þessi líkferð gjör hin sæmiligsta; var Knútr konúngr jarðaðr í Óðinsve á Fjóni ok svá Benedikt bróðir hans. [Knútr konúngr felli <sup>5)</sup> á laugardaginn 6ta síðus júlí, sá dagr er 2 nóttum eptir Seljamannavöku <sup>6)</sup>, þá hafði hann konúngr verit at Danmörk <sup>7)</sup> vetr, hafði hann því ríki stýrt ok stjórnat með mikilli siðsemð ok skörungskap; þá var liðið frá holdgan vors herra Jesú krists 1000, 80 ok <sup>7)</sup> vetr.

*Fra Þórgunnusonum.*

64. Eptir fall Knúts konúngs þóttust Danir þurfa at taka sér konung, var þá næstr konúngr dominum Ólafr Sveinsson, sem forn lög stóðu til, at elzti son konúngs skyldi konúngr vera.

<sup>1)</sup> bændr voru, *S. V.*    <sup>2)</sup> Óðinsvö, *G.*    <sup>3)</sup> hans, *S. F.*

<sup>4)</sup> v. *i II.*    <sup>5)</sup> sá bardagi er var á Fjóni og Knútr konúngr felli ok lét líf sitt var, *H.*    <sup>6)</sup> messu, *S. F.*    <sup>7)</sup> 6, *H.*

Danir <sup>1)</sup> töludu <sup>2)</sup> jafnan um þetta vandmæli, var þat margra manna vill, at kalla Ólaf til konungdómsins, en þó þótti þetta eigi vera auðsóttligt, þar sem hann var kominn; væntu þeir lítillar vinganar af Baldvina hertuga, fyrir sakir þeirra atburða, er þá höfðu orðit fyrir skömmu. Siðan tóku menn <sup>3)</sup> þat til ráðs, at biðja til Þórgunnusyni, at þeir færi vestr í Flæmíngjaland á fund Baldvina hertuga, ok vita ef þeir næði Ólafi með nokkurri útlausn, ok þóttu þeir líkastir til at ná honum, þar sem þeir höfðu verit hinir kærustu vinir Knúts konúngs. En þeir bræðr svöruðu svá: ekki erut þér Danir <sup>4)</sup> þess verðir, at vér farim sendifarir yðrar, eða flytlum yður málskipti, en ekki er ferð þessi svá laung, at hún megi eigi vel framkomast, [væntum vér okkr góðar viðtökur af hertoganum <sup>5)</sup>]. En þó at þeir töludu slíkt, þá jáluðu þeir þessu með vina sinna ráði, ok búast þeir til þessarar ferðar, ok fara þegar þeir voru búnir, ok koma fram í Flæmíngjalandi <sup>6)</sup> á fund Baldvins her-toga ok Eðlu drottningar, dóttur hans; var þeim þar vel fagnat, ok varð drottning þeim fegin, ok spurði þá eptir vandliga um þau tíðindi, er þá höfðu fyrir skömmu orðit í Danmörk. Þeir

<sup>1)</sup> sittu þá opt þing ok, b. v. H.    <sup>2)</sup> hér endar síðara blað af G.    <sup>3)</sup> hér endar H. og síðara brot af F. byrjar aptr.

<sup>4)</sup> Dana höfðingjar flestir, F.    <sup>5)</sup> fyrir þat, væntum vér oss ok góðra viðtakna, þó at vér komim í Flæmíngjaland, F.    <sup>6)</sup> ok fara þegar, b. v. F.

sögðu henni allt, sem hún spurði. Síðan báru þeir fyrir hertogann sín erindi, ok sögðu honum orðsendíng Danahöfðingja, ok þar með alþýðunnar bæn: ef [þér vildit gefa Ólafi <sup>1)</sup> orlof til heimferðar <sup>2)</sup>; væntum vér, segir Sveinn, at þér munið, herra! gjöra hér mikil <sup>3)</sup> at fyrir vora skuld ok orð. Hertogi svarar: þess væri Danir frá oss verðir, at þeim væri í <sup>4)</sup> bæði skömm ok skaði, fyrir sakir þess nifðingsskapar, er þeir hafa nú unnit; biðja þeim þar margir <sup>5)</sup> flils fyrir, sem vert er; en þó í annann stað væri þat eigi ómakligt, at þeir Danir hefði þvílikan höfðingja yfir sér, sem Ólafr er; en þó er hann svá kominn undir mitt vald, at hann mun seint leysast, þvíat þat reyndist mér aldri fals, er Knútr konúngr sagði mér, en hann sendi mér þau orð síðast, at þennamann skylda ek aldri lausan láta. Þá svara þeir bræðr báðir senn: þat mæla menn, herra! at þessi hlutr hafi konúnginum yfirgefist helzt, ok jafnvel mæla þat vinir hans, ok þótt Ólafr honum með trúnaði þjóna; mundu ok til þess aungvir menn vera jafnskyldir sem við bræðr, at bæta um þat, ef konúnginum hafi yfirgefist; viljum vér bjóða allt fram fyrir vora hönd, sem yðr líkar, ok þér villt beitt hafa, til þess at vér náum þessum

<sup>1)</sup> hann vildi gefa Olafi Sveinssyni gaung ok, F. <sup>2)</sup> hjóða  
þeir ok til þess fó, at hann sé útleystr, svá mikil sem yðr  
líkar, b. v. F. <sup>3)</sup> nokkut, S. <sup>4)</sup> gjörð, S.  
<sup>5)</sup> allir, F.

manni, Ólafi, á brott hēðan. Hertoginn svarar: eigi væntir mik þess, at sú raun verði á, at þessu sè misráðit, at Ólafr sè i varðhaldi hafðr, eptir því sem Knútr konúngr sagði fyrir, en skil ek at ykkr gengr gott til <sup>1)</sup> ok ástúð við Knút konung. Nú með því at ek hefi ykkr reynt at góðum drengjum jafnan, ok ek (veit) til sanns, at þið hafit vel fylgt Knúti konungi ok drengiliga <sup>2)</sup>, þá skal ykkr gjöra á þessu kost; Ólafr skal leysa sik út með 30 marka gulls, ok þó með þeim kosti, at þið skuluð hér sitja á meðan í járnnum, þar til er Ólafr hefir útgreitt fèit, þat sem nú er ákveðit; vil ek at þið reynit (svá), hversu góðr drengr Ólafr er, eða hverlr munu næst sèð hafa, hvorr maðr hann er; megut þið ok [þat hugsa <sup>3)</sup>], ef Ólafr vill eigi greiða fèit, eptir því sem skilið er, at þið komist aldri úr þessari þrísumund ok varðhaldi; nú eigit þit mest í hættu, segir hann, en aungvan trúnað vil ek undir Ólafi eiga, ok ekki vil ek þessa fýsa ykkr til, segir hann. Ok er hertoginn hafði þenna kost uppsagðan, þá sögðust þeir bræðr vildu finna Ólaf. Síðan var þeim fylgt til dísblissunnar, þar sem hann sat í; þeir sögðu honum allt saman ok orðsending höfðingja í Danmörk, at þat væri vill þeirra, at hann væri þar til konungs tekinn yfir allt Danaveldi; höfum við nú ok þetta uppborit fyrir

<sup>1)</sup> þessarar optirleitanar, F.    <sup>2)</sup> ok hann vyrði ykkr mikils, b. v. F.    <sup>3)</sup> svá hugsa ykkar mál, F.

hertoganum, ok setti hann þar þvert nei fyrir í fyrstu, en þó við bæn okkra þá vill hann unna þér útlausnar, ok þó þat með, at við bræðr setjumst í járnit, þat sama er nú sitr þú í, þar tilar þetta er goldit út; munu þat ok flestir mæla, at við hættum mjök á þitt vald ok miskunn, ef vér gjörum þetta; væntum við þess at okkr mun þat vel gefast, ok þú munir þat okkr góðu launa, svá mikil sem þér liggr hér við, [þvíat sáir get ek at þetta geri fyrir þínar sakir. Ólafr segir <sup>1)</sup>: Þessi kostr pikir mér allgóðr, ok eigi beiði ek annars, ægir mér ekki þetta fègjald, ok ef ek fæ ríki í Danmörk, þá skal ek eigi hafa borit konungsnafn um ȝ nætr, áðr ek skal hafa tilgjört ok greitt fèit, ok þetta gjald skuluð þit hafa fyrir þann manndóm, er þit sýnit mér nú, ok slikt <sup>2)</sup> sem mér kaupist í; má enn vera at ykkr verði þetta umbunat, ef vort vald verðr nökkurt. Síðan gekk hertoginn til tals við þá, ok var nú þetta ráð algjört; segir Ólafr þat uppá trú sína, at hann skal þessa menn útleysa, svá sem fyrst má hann viðkomast; hann sver ok þat hertoganum, at greiða fèit, eptir því sem nú heit <sup>3)</sup> hann. Er nú Ólafr úrtekinn díblissunni viðþenna kost, en þeir Sveinn ok Ástráðr voro þar í settir, ok látin járn á hendr þeirra ok fætr; þeir höfðu ok fæðslu, sem þeir máttu lífa við eð minzta.

<sup>1)</sup> h. v. F.  
S. V.

<sup>2)</sup> þannig S. V. F. skilt, B.  
hét, K.

<sup>3)</sup> heitir,

*Ólafr tekinn til konungs.*

65. Ólafr ferr nú til Danmerkr, ok þegar hann kemr þar, þá safnast þar saman lið til hans. Hann fór til Jótlands, ok var þar stefnt Vebjarga Þíng, var Ólafr þar til konungs tekinn yfir [alla Danmörk <sup>1)</sup>; fèkk hann sér þá hirð, ok fór yfir landit, ok dæmdi um <sup>2)</sup> lög, ok stjórnaði konungsmálum. Ekki er þess getit, at hann efnaði til um fègjaldit, er hann hafði heiti hertoganum til útlausnar sér, en þá liðu eigi lángar stundir, áðr menn urðu til áminningar við hann um þetta mál, at hann skyldi at þessu gaum gefa, voru þat frændr ok vinir þeirra Þórgunnusona. Konúngr svarar því styggiliga, ok bað slíkt ekki tala við sik: munu þeir bræðr hafa góða daga með Baldvina hertoga, sem vert er, þvíat þeir hafa lengi <sup>3)</sup> þjónað þeim mágum <sup>4)</sup>, munu þeir nú ok taka makliga umbun þess. Fèkst ekki af Olafi konungi meira um þetta mál.

*Hér segir um heilagleik Knúts konungs.*

66. Þá er Ólafr konúngr for at veizlum á Fjóni, þá kom til hans prestr sá, er saung at kirkju þeirri, er Knútr konúngr hvildi at. Prestr heimti hann á einmæli <sup>5)</sup>, ok sagði honum í hljóði, at hann sei opt um nætr mikit ljós til leiðis Knúts konungs, bróður hans: ok mörg verða þar önnur tákni, segir hann, þau er oss

<sup>1)</sup> Danaveldi, F.      <sup>2)</sup> mōnum, S. V.      <sup>3)</sup> mjúklign, F.      <sup>4)</sup> Knúti konungi ok Baldvini hertoga, b. v. F.  
<sup>5)</sup> mál, F.

Pikir mikils um vert; hyggjum vér hann sannliga helgan mann vera; nú viljum vér hafa þartil yðra forsjá, herra! hvort þetta mál skal meirr uppbera <sup>1)</sup> svá búit. Konúngr svarar: vertu eigi svá djarfr, at þú segir slíkt fals, Þvíat ek vissa þá marga hluti í fari Knúts konúngs, at enn mundi ærinn til, at hann mætti <sup>2)</sup> heilagr vera; skaltu þat ok víst vita, at ef nokkur mælir þetta í heyrn mér hēðan í frá, at sá skal engu fyrirtýna nema lífinu; varð prestr Því feginn, at hann feldi niðr þessa ræðu sem skjótast, svá þúngliga sem konúngrinn tók á þessu, en þó hófst sú umræða eigi at síðr í Danmörk, at Knútr konúngr væri sannheilagr, en þó varð Því ekki á lopt borit, meðan Ólafr konúngr lifði, Þvíat engi treystist at mæla slíkt fyrir ofrski Ólafs konúngs.

*Fra Þórgunnusonum.*

67. Í þenna tíma sátu þeir Þórgunnusynir í járnnum ok varðhaldi vestr í Flæmingjalandi, ok voru illa haldnir, Þvíat Baldvini hertogi lét <sup>3)</sup> ekki hlifsa þeim, Þvíat honum var mjök í móti skapi, at Óláfr Sveinsson var útleystr, þó at hann gjörði þat fyrir bæn þeirra bræðra. Þetta miskaði Eðlu drottningu illa, ok biðr hún jafnan fyrir þeim, ok bað hertogann at þeir skyldu njóta þess, er þeir höfðu verit með Knúti konúngi, heldr enn gjalda ódrengskapar Ólafs kon-

<sup>1)</sup> eðr biða, b. v. S.      <sup>2)</sup> mundi, S. mundi ei, V. akrei, b. v. F.      <sup>3)</sup> létist, S. F.

úngs. Hertogi svarar reiðuliga ok mælti svá: Þeir skulu þess dags hér biða í Flæmíngjalandi, er Ólafr, vinr þeirra, leysir þá út, eða biða hér bana ella; nú þó at hér frestitst útlausn [hans við þá<sup>1</sup>], þá er makligt at þeir gjaldi þess, þvíat þeir báðu þess þakksamliga, ok töldu þar marga hluti, þá er samdi eigi at neita þeim, munu þeir nú ok nokkuru gerr vita, til hvers þeir hafa starfat, er þeir lögðu alla stund á, at Ólafr væri laus láttinn; hefir þetta farit eptir hugþokka mínum, at illt mundi at leita trúnaðar undir Ólaf<sup>2</sup>). Leið nú hinn næstivetr eptir fall Knúts konúngs, at þeir bræðr sátu þar í járnnum með Baldvina hertoga.

*Jarteiknir Knúts konúngs.*

68. <sup>3</sup>) Sá atburðr varð um vorit páskanóttina, þar sem þeir voru í diblissunni, Sveinn ok Ástráðr, þeir höfðu þá áðr haft náliga öngva fæðslu, ok höfðu menn þá ekki komit (nýliga til þeirra, voru þeir þá) máttlitlir bæði af matleysi ok járnagángi, þvíat járnin [skoruðu þá mjök at beini, ok brann undir þeim<sup>4</sup>]; um nóttina eptir fóttu rann höfgi á Svein, hann þóttist heldr(vaka enn sofa; hann sá) at maðr kom inn, hann var virðuliga búinn, ok svá bjartr at

<sup>1</sup>) þeirra, *S. F.*      <sup>2</sup>) ok er hún sí at eigi tyði at flytja þetta mál lengra, þá hætti hún, *b. v. F.*      <sup>3</sup>) hér er hóla á skinnblaðinu í *B.* þau innstrikuðu orð eru því teknar af *F.*      <sup>4</sup>) þannig *F.* voru þa mjök komin . . . undir brann járnunum, *B.*

hann þóttist varla mega í gegn (sjá, hann þóttist) þar kenna Knút konung; hann gekk at Sveini ok mælti: hart ertu nú leikinn, Sveinn félagi! ok er þat eigi at [verðleikum<sup>1</sup>]; nú mun ek leysa þík úr þessari prísund, þú skalt ok segja Baldvina hertoga orðmín, til þess at hann líkni þínu máli hèðan í frá. Hann tók þá til fjötrsins, er á fótum honum var, ok vatt<sup>2</sup>) hann í sundr [sem muru<sup>3</sup>], ok slíkt hið sama þann er [á höndunum<sup>4</sup>] var. Þá mælti konúngr: nú ertu laus orðinn, skaltu nú segja þenna fyrirburð, er sem flestir eru hjá; vænti ek þess, at guð gesi mér þá miskunn, at hvar sem menn kalla á mitt nafn með góðvilja, at menn fái bót meina sinna. Honum sýndist ljós mikil í myrkvastofunni, ok þar kendi hann dýrligan ilm. Eptir þetta leið konúngr í frá honum at sýn, en Sveinn vaknaði<sup>5</sup>), ef hann hefði sofit, voru þá af honum járnin. Hann sagði þá Ástráði, hvat fyrir hann hafði borit. Ástráðr svarar, ok kvað slíkt hið sama fyrir sík borit hafa, ok voru nú báðir lausir. Ástráðr bað þá þegar á burtu leita<sup>6</sup>). Sveinn sagði, at þeir skyldu at aungum kosti fyrr í burt, enn hertoginn sæti yfir borðum um daginn, kvað þá mundu flesta við-

<sup>1</sup>) *þannig F. K. útrifit i B; vilja minum, S. V.*    <sup>2</sup>) *var, S. V.*    <sup>3</sup>) *v. i S. V.*    <sup>4</sup>) *þannig S. V. F. fótunum, B.*    <sup>5</sup>) *þannig F. vakti, B.*    <sup>6</sup>) *ef þeir mætti komast, F; K.*

vera. Þeir gjöra svå, ok þá fóru þeir til hallarinnar, er hertoginn sat yfir borðum; Þeir voru svå máttlitlir, at þeir skriðu heldr enn gengu. En er þeir komu inn í höllina, þá sá hertoginn þá, ok bað taka bandíngjana, ok færa þá út [þeim mönnum <sup>1)</sup>], sem þeir höfðu áðr hjá <sup>2)</sup> verit. Sveinn mælti þá: eigi muntu þat gjöra vilja, herra! ef þú veitzt, hvern okkr hefir leyst. Hertoginn kveðst ætla, at þeir mundu hafa illa geymt, er þat skyldu gjört hafa. Sveinn kvað eigi þeim at kenna, þvíat Knútr konúngr kom í nótt, ok vatt <sup>3)</sup> af okkr fjötrana; er þat til marks at vér segjum satt, at í myrkvastofunni liggja fjötrabrotin. Hertoginn lèzt eigi vita, hvat þeir sögðu <sup>4)</sup>. Þá mælti Eðla drottning: hafa munu þeir skulu frið um helgina, [herra! hversu sem lengr er <sup>5)</sup>; vildum vér at þér forvitnaðist, hvárt þetta væri með sannleik, er þeir segja, væri oss mikill fögnuðr í at satt væri; kemr mér þetta eigi fyrir óvart, þvíat marga vissa ek þá síðu Knúts konungs, at ólíkir voru flestra manna síðum <sup>6)</sup>. Hertogi bað hana ráða. Síðan var þeim búin hæg hvíla, ok hægt þeim í öllu sem mátti. Sveinninn Karl, son þeirra Knúts konungs ok Eðlu, kom til hvílunnar, þar sem þeir lágu. Sveinn Þórgunnuson hafði spent af sér beltinu, ok lagt upp á hægendetit hjá sér. Karl tekr upp beltit, er

<sup>1)</sup> þannig, F. þannug, K. <sup>2)</sup> v. i F, K. <sup>3)</sup> brant, F. <sup>4)</sup> sall, b. v. F. <sup>5)</sup> ok hvíld, hvat sem þú líðr enn um þeirra mál síðar, F. <sup>6)</sup> háttum, F.

hann sér fagrt, ok leikr sér at. Sveinn mælti: hversu lízt þér á þenna grip, Karl! Vel, segir sveinninn. Viltu eiga beltit, segir Sveinn, ætla ek þat makligast, þvíat Knútr konúngr, faðir þinn, gafmér, gjöri ek þá, sem faðir þinn mælti fyrir, at ek-þíkjunst vel selja mér af hendi. Karl fór þegar á fund hertoga, ok sýndi honum þessa gersemi, er honum var gefin, ok sagði at faðir hans hefði átt: vænti ek nú, frændi! segir Karl, at þér munit þat mér veita, at þessir menn fái sætt af yðr með nokkuru móti. Drottning lagði mörg orð til friðar þeim. (Hertoginn svarar): ervitt mun mér veita, at gánga í móti ykkr báðum, munum vér fyrst talast við. Síðan gekk hertogi til máls við þá <sup>1)</sup>, ok spurði eptir um burtkvomu þeirra. Þeir sögðu honum allan aitburð, ok þat með, at Knútr konúngr hafði honum þessi orð sent, at <sup>2)</sup> hann frelsti þá; ok þar með jarteignir þær, er hann mátti eigi við dyljast, [at sannar voru <sup>3)</sup>]. Hertoginn hét þá at gjöra svá. Þórgunnusynir styrktust skjótt, var þá eigi minnr frá, at hertoginn gjörði vel til þeirra, ok lét alls f leita at hjúka þeim; ok er þeir voru herfærir menn, þá báðu þeir sér orlofs til heimferðar. Hertoginn kvað svá vera skyldu; mun ek nú (segir hann) segja upp sætt vor í millum: Þit skulið fyrst fara á fund

<sup>1)</sup> bræðr, b. v. F.

<sup>2)</sup> er, B.

<sup>3)</sup> at sönnu var saga

þeirra, F, K.

Ólafs konúngs, ok biðja hann gjalda af höndum fèit, þat sem hann hét til útlausnar sér, ok fái ykkr í hendr, skulið þit þat færa mér; en ef hann vill eigi greiða fèit, sem mik varir, þá skulið þið gjalda oss þetta fè, ok þartil skulið þit veita oss svardaga, at efna þetta; ok þessu játuðu þeir bræðr, búast síðan í burt úr Flæmingjalandi <sup>1)</sup>), fèkk hertoginn þeim föruneyti. En er þeir komu til Danmerkr, fóru þeir á fund Ólafs konúngs, ok beiddu hann greiða sér i hendr fèit, þat er hann hafði heitið sér til útlausnar: hasit þér ekki, herra! gjört eptir því sem þér hétuð, ok við hugðum til; munut þér nú vilja gjöra því betr, segir Sveinn, ok gjöra nú góðan (greiðskap <sup>2)</sup> á ok fljótan; má okkr þat enn vel í þörf koma, þvíat við erum nú í heitum bundnir í því við Baldwin hertoga (at hann skal eigi) þessa fjár missa. Konúngr svarar: annars væri þeir Flæmingjar verðir frá oss, enn vér gyldum þeim (sé fyrir þá skömm) ok svívirðing, er þeir gjörðu oss, ok þat sama skulu þeir hafa, at þegar ek hesi [fengit trúnað höfðingja hér í Danmörk <sup>3)</sup>], þá skal ek bjóða út öllum her af ríki mínu, ok herja á hendr (Baldrina hertoga, ok gjöra þeim) öllum svá mikit flít, at þeir skulu aldrei þrífast. Siðan varð konúngrinn nú svá óðr ok (ýsinn, at ekki)

---

<sup>1)</sup> Flæmingjalandi, F. <sup>2)</sup> hér kemr holan á hinni síðunni, þat innstrikaða tekit af F. <sup>3)</sup> þannig F; . . . landi ok trúnað, B.

vetta mátti við hann koma. Varð Sveinn nú Því fegnastr, er hann komst í burt. Eptir þetta fóru (þeir bræðr) heim til búa sinna, ok heimtu saman lausasé sín öll, sumt var þeim lánat af vinum eða frændum; þeir seldu ok jarðir sínar, en sumar veðsættu þeir; ok er þeir höfðu fengit svá mikit fè, sem ákveðit var, þá fóru þeir vestr í Flæmíngjaland til Baldvina hertoga, ok fagnar hann þeim vel; ok er þeir hafa þar litla hrið dvalizt, þá greiða þeir af hendi fègjaldit, var allt í gulli ok í brendu silfri, ok þar með [gálu þeir hertoga hina beztu gripi, þá <sup>1)</sup> er fágætur voru í þeirra landi. Þá mælti hertoginn: Þetta mál hefir ykkr farit vel ok drengilega, veit ek ok at þit erut ekki svá stórauðgir nienn, at eigi <sup>2)</sup> muni lið kominn [hinn mesti <sup>3)</sup>] hluti af eign ykkarri, ok er þó allmikit fè; vil ek nú Þetta fè <sup>4)</sup> uppgefa, ok skulið þó hafa fyrir þökk ok vináttu míma, en gjafir þessar mun ek piggja. Þeir þökkuðu honum margfalliga sína stórmensku. Þeir dvöldust þar nú [skamma stund <sup>5)</sup>], ok er þeir voru í burt búnir, gaf hertoginn þeim góðar gjafir, ok skildust kærir vinir. En er þeir bræðr komu heim í Danmörk, settust þeir at búum sínum um kyrt, ok þjonaðu ekki Ólafi konungi; þóttu þeir þórgunnusynir jafnan vera hinir röskustu menn.

<sup>1)</sup> gjafir, hesta góða ok hauka ok aðra þá hluti, F. <sup>2)</sup> v. i.  
S. F. <sup>3)</sup> mikill, F. <sup>4)</sup> ykkr, b. v. S. F. <sup>5)</sup> slíka  
stund sem þeim likaði, F.

*Andlát Ólafs konungs.*

69. Ólafr Sveinsson átti Íngirði, dóttur Haralda konúngs Sigurðarsonar, Noregs konúngs, systur Ólafs konúngs kyrra. Ólafr Sveinsson var ríkr maðr ok grimmr ok óvinsæll, hann var ágjarn ok fègjarn; var um hans daga í Danmörk hallæri mikit ok lögleysur; mæltu þat þá margir menn, þeir er eigi höfðu verit í mótgángi við Knút konung, at því hefði óheppiliga verit umskipt, ok þeim hefði at illu reift: þvíat konúngr þessi lætr öngvan mann frjálsan vera <sup>1)</sup>). Ólafr var konúngr 8 vetr í Danmörk; hann varð sóttdauðr, ok var hann ekki <sup>2)</sup> harmdauði Dönum <sup>3)</sup>).

*Frd Eiríki jarli Sveinssyni.*

70. Eirekr jarl hafði haldit ríki sínu í Sjólandi um daga Ólafs konúngs, því er Knútr bróðir hans hafði veitt honum. Eirekr var ríkr maðr ok vinsæll, hann hafði [jafnan fjölmenni um sik <sup>4)</sup>], hann herjaði jafnan í Austrveg, ok herjaði á heiðingja, en lét alla kristna menn fara í friði [fyrir sér <sup>5)</sup>] ok svá kaupmenn; við þessa hans meðferð varð hann frægr ok vinsæll um allan Austrveg <sup>6)</sup>; hann fór allt austri Garð-

<sup>1)</sup> lætr hann gánga með myklu meiri frekju, enn fyrr hafi verit; sönnuðu þat þú allir, b.-v. F, K. <sup>2)</sup> lítt, V. <sup>3)</sup> alþýðu manns, F. <sup>4)</sup> lögum mikla hird með sér, V. <sup>5)</sup> þann og sem hverjum líkaði best, V. <sup>6)</sup> svá at hvert naðr, sá er nokkurs þótti verðr, kundi skyn á hans nafni, b.-v. F.

aríki, ok sótti þar heim [marga höfðingja ágæta<sup>1)</sup>], ok tóku þeir honum allvel ok sæmiliða; þá hann þar gjafir margar af höfðingjum<sup>2)</sup>. Svá segir Markús Skeggjason í Eiríksdrápu<sup>3)</sup>:

Fæðir sótti fremdar ráða  
foldar vörðu austr í Görðum<sup>4)</sup>  
auði gæddu allvald prúðan  
ítrir menn<sup>5)</sup> er hneyki<sup>6)</sup> slíta;  
stillir<sup>7)</sup> varð um Austrveg allan  
einkar tíðr<sup>8)</sup> hinn mærðar blíði  
hinn var engr<sup>9)</sup> er hans nafn, kunnit<sup>10)</sup>  
heiðar<sup>11)</sup> manns í lofi reiða.

Eiríkr jarl fór um öndvert vorit austan úr Görðum<sup>12)</sup>, sigldi hann austan um öndvert summar, ok heim til Danmörk í ríki sitt. Svá segir Markús:

Vor öndvert bjó Vinda rírir<sup>13)</sup>  
vegligt flaustr<sup>14)</sup> úr Görðum austan,  
hlýrum skaut á hola báru  
helmíngs oddr í sumars broddi;  
hlýðu<sup>15)</sup> studdi<sup>16)</sup> borðvið breiðan  
bróðir Knúts í veðri óðu,

<sup>1)</sup> höfðingja ok ríkismenn, F. <sup>2)</sup> ríkis mönum, F. <sup>3)</sup> sinni drápu, S. V. <sup>4)</sup> Garða, F. K. <sup>5)</sup> þeir, b. v. F. <sup>6)</sup> hnöggvi, F. K. <sup>7)</sup> stillr, F. <sup>8)</sup> F; tíðum, B. <sup>9)</sup> K; honum varð engi, B. <sup>10)</sup> F. kumigt, B. <sup>11)</sup> heiðar, B. <sup>12)</sup> ok lét setja fram skip sín, þegar ísa leysti, ok húa þau at öllu sem haun hafði bast efní til, b. v. F. K. <sup>13)</sup> titir, B. <sup>14)</sup> flaust, F.; veglig flaust, K. <sup>15)</sup> lyðum, K. i alþugagreinum. <sup>16)</sup> F, K; studdu, B.

siðan knáði <sup>1)</sup> svik-fólks eyðir  
snilli kendr við Danmörk lenda.

*Eiríkr enn góði varð konúngr.*

71. Eiríkr tók þá konúngdóm í Danmörk eptir Ólaf bróður sinn, sem lög stóðu til, þvíat hann var elztr sona Sveins konúngs, þeirra er þá voru á lífi <sup>2)</sup>). En er Eiríkr var konúngr orðinn í Danmörk, þá reisti hann upp lög í landinu, ok leiðrétti siðu manna, þvíat margar óvenjur ok siðleysur hafði yfir landit gengit, meðan Ólafr lifði. Eiríkr konúngr siðaði vel fólk, ok gjörði sér alla kæra hina beztu menn í ríki sínu; hann var örr af fè, bæði við höfðingja ok [við vini sína <sup>3)</sup>], ok veitti stórfè <sup>4)</sup> öllum þeim, er hans fund sóttu, ok þeim öllum mest, er lengst sóttu til hans, hann gaf ok mikit fátækum mönnum <sup>5)</sup>; hann varð brátt vinsæll af Dönum; hann var kallaðr Eiríkr hinn góði, ok sögðu þat inenn at honum væri þetta sannefni, þvíat allir þóttust gott af honum hljóta, þeir er til hans komu. Svá segir Markús:

Drengir þágu auð af <sup>6)</sup> Yngva,  
örr fylkir gaf sverð ok knörru,  
Eirekr veitti opt ok stórum  
armleggjar röf dýrum <sup>7)</sup> seggjum;  
hríngum eyddi harra <sup>8)</sup> slaungvir,

<sup>1)</sup> knáui, F.    <sup>2)</sup> var þat þú villi ok samþykki allra höfðingja ok alþyðu í Danmörk, b. v. F.    <sup>3)</sup> hirð sína, F.

<sup>4)</sup> i vingjasír, b. v. F.    <sup>5)</sup> ef þeir komu á fund hans b. v. F.    <sup>6)</sup> al, S. F.    <sup>7)</sup> dýrðar, F.    <sup>8)</sup> herra, S. F.

hildar rammr enn stillir <sup>1)</sup> framdi <sup>2)</sup>  
firða kyn <sup>3)</sup> at flestir urðu  
Fróða stóls af honum góðir.

*Um Eirik.*

72. En er Eiríkr konúngr hafði skamma stund ráðit fyrir Danmörk, þá kom þar sá hinn sami prestr, er fyrir hafði tjáð helgi Knúts konungs fyrir Ólafi konungi; ok þegar er Eiríkr konúngr sá hann, þá heimti konúngr hann á eintal, ok spurði hvat hann kynni at segja honum frá táknum þeim, er yrði um helgi Knúts konungs: var oss þess fyrir lauangu von, segir konúngr, at þar mundi þau efni í vera, viljum vér vita þat sem gjörst, því öllum oss væri mestr fagnaðr í því, ef þat mætti með sannleik segja <sup>4)</sup>. Prestr svarar: já, herra! segir hann, fagrt er þar frá at segja ok satt, þvíat þat er með sönnu at segja, ad öngvirkalla þeir með góðfýsi <sup>5)</sup> á hans nafn, at eigi fái þeir skjótt bót allra meina sinna, hvat sem þeim er [at ángri <sup>6)</sup>; ok þetta vissu margir með prestinum sannorðir inenn; höfðu <sup>7)</sup> þá margir áheit við Knút konung, ok urðu margar fagrar jarteignir at hans helgi; gjörðist þá kunnigt um helgi hans um alla Danmörk.

<sup>1)</sup> still, *B.*    <sup>2)</sup> fram, *S. V.*    <sup>3)</sup> svá, *b. v. F., K.*  
<sup>4)</sup> enn gæti þó þess, er mest liggr við, at menning segi þat eigi fyrri, enn menning vita áðr sannleik á, hvat er með skulu, *b. v. F.*    <sup>5)</sup> náliga, *b. v. F.*    <sup>6)</sup> áðr at meini, *F.*    <sup>7)</sup> hófu, *F.*

*Fra Eiríki konungi.*

73. Eiríkr konúngr gjörðist nú ríkr höfðingi ok ágætr, hann var allra konúnga vinsælastr, hann hegndi mjök ósiðu manna, hann eyddi víkíngum ok vondum <sup>1)</sup> mönnum, hann lét drepa Þjófa ok ránsmenn, eða hamla á höndum eða á fótum, eða veita aðrar stórar refsíngar, svá at engi mátti vondra manna þrífst í Danmörk fyrir honum, hann var réttidæmr, ok hélta ríkuliga guðs lög. Svá segir Markús:

Vörgum eyddi Vinda fergir,  
víkíngum hepti konúngr fiskjum,  
Þjófa hendr lét þengill stýfa,  
þegnum kunni hann ósið hegna;  
aldri fráttu <sup>2)</sup> at Eiríkr vildi  
allrættligum dómi at <sup>3)</sup> halla,  
hála <sup>4)</sup> kunni sér til sælu  
sigrs valdari guðs lög halda.

Eiríkr konúngr var vitr maðr ok góðr klerkr, ok kunni margar túngur, manna minnigastr <sup>5)</sup> ok snjallastr í málí. Svá segir Markús:

Hróðigr átti brynpíngs <sup>6)</sup> beiðir  
bjartan auð ok fræklikt <sup>7)</sup> hjarta,  
minni gnógt ok manuvit annat  
mest, fylgðu því hvergi lestir;  
alla hafði öðlíngr snilli,  
úngr nam hann margar túngur,

<sup>1)</sup> úsendis, F. <sup>2)</sup> frást, K; fanslu, S, V; fréttu, F. <sup>3)</sup> v.  
í F, K. <sup>4)</sup> F, K; haga, B. <sup>5)</sup> megnastr, S, V; minnigastr,  
F. <sup>6)</sup> F, K; byrðings, B. <sup>7)</sup> S, V, F. fræklikt,  
K; frægligt, B.

Eiríkr var, sá er <sup>1)</sup> mátti meira,  
mestr ofrhugi, jöfri <sup>2)</sup> flestum.

*Brottferð Eiríks.*

74. Eiríkr konúngr bjó ferð sína af Danmörk, hann gjörði mönnum þat kunnigt, at hann ætlaði suðr til Róms <sup>3)</sup>, hann hafði virðuligt föruneyti með sér; hann skipaði ríski sínu meðan í vald vina sinna til stjórnar; eigi hafði hann með sér mikit fjölmenni; hann gekk alla leið suðr til Róms. Svá segir Markús:

Lýst skal hitt er lofðúngr fýstist  
lángan veg til Róms at gánga  
fylkir sá þar friðland bálkat  
Feneyjar hlið <sup>4)</sup> dýrð at nema <sup>5)</sup>.

Síðan fór hann <sup>6)</sup> út í Fenedí ok í Bár, ok sótti heim marga helga staði, ok gekk jafnan. Svá segir Markús :

Bróðir gekk í Bár út síðan  
bragníngr vildi guddóm magna  
hylli guðs mun hlífa stilli <sup>7)</sup>  
höfuðskjöldúnga fimm <sup>8)</sup> at gjöldum.

Eiríkr konúngr <sup>9)</sup> varði í þessari ferð síðan, þar sem voru klastr eða aðrir helgir staðir. Síðan snæri hann aptr ferð sinni, ok kom þá enn til Rómaborgar, er hann fór sunnan. Svá segir Markús :

<sup>1)</sup> eigi, *S. F.*      <sup>2)</sup> í ófrið, *S. V.*      <sup>3)</sup> Róma, *B.*

<sup>4)</sup> lið, *F.*      <sup>5)</sup> venja, *V. K.*      <sup>6)</sup> þaðan, *b. v. F.*

<sup>7)</sup> stillir, *V.*      <sup>8)</sup> sum, *S. V.*      <sup>9)</sup> sótti heim marga höfuðstaði, *b. v. F.*

Stóra sótti Haralds hlýri  
 helga dóma út frá Rómi,  
 hríngum varði <sup>1)</sup> áttkonr <sup>2)</sup> Yngva  
 auðig skrin ok <sup>3)</sup> gulli rauðu;  
 mildingr fór um múnkaveldi  
 móðum fæti sál at bæta,  
 sveitir [kníði allvaldr <sup>4)</sup> utan  
 Eiríkr var til Róms í Þeirri.

Eiríkr konúngr dvaldi nokkura stund í Rómborg, ok gjörði sér at vinum marga höfðingja þar í borginni ok víða annarsstaðar, ok kom sér í hina mestu kærleika við þá; hann þurfti hvergi túlk fyrir sér, þar sem hann kom. Í þenna tíma var Paskalis páfi í Róma, er annar liefir verit með því nafni, hann tók sæmiliða við Eiríki konungi, ok gjörði hann sér kæran í vináttu. Eiríkr þá lof til þess af páfanum, at erkistóll <sup>5)</sup> skyldi vera í Danmörk, en áðr var engi norðar enn í Brimum <sup>6)</sup> í Saxlandi. Svá segir Markús:

Eiríkr náði utan at færa  
 erkistól um Saxa merki,  
 hljótum vér þat er hag vorn bætur  
 híngat norðr at <sup>7)</sup> skjöldungs orðum.

Marga hluti aðra þá Eiríkr af páfanum, þá er nyttsamligir hafa verit á Norðrlöndum. Þávinn

<sup>1)</sup> þannig S. V.; vandl., B.; eyddi, F.    <sup>2)</sup> þannig F.  
 at kom, B.    <sup>3)</sup> K. með, F. i, B.    <sup>4)</sup> þannig F. kendu all-  
 valds, B.    <sup>5)</sup> erkibiskupsstóll, F. ok K.    <sup>6)</sup> þannig F;  
 Bremen, B.    <sup>7)</sup> af, V.

leyfði honum at taka upp úr jörðu helgandóm Knúts konúngs. Svá segir Markús:

Eyðist hitt at jafn stórt ráði <sup>1)</sup>  
[annarr gramr <sup>2)</sup> til þurftar mönnum;  
leyfði allt, sem konúngr krafði,  
[Krists unnandi pávi sunnan <sup>3)</sup>].

Siðan skildu þeir pávinn ok Eiríkr með vináttu ok miklum kærleikum. Eiríkr konúngr snéri þá til heimferðar, en er hann kom til borgarinnar Placencia, þá setti hann spítala skamt frá borginni; en er hann kom til borgarinnar, er Lúka <sup>4)</sup> heitir, þá gaf hann þar fè til þess, at allir pílagrímar, þeir er [á dönsku töludu <sup>5)</sup>], skyldu þar ókeypis nóg vín drekka, ok heimila gisting eiga <sup>6)</sup>). Eptir þetta fór Eiríkr konúngr heim til Danmerkr í ríki sitt, varð hann allfrægr af fór þessari.

#### *Frá Heinreki keisara.*

75. Nú var í þenna tíma keisari í Saxlandi Heinrekr, son Heinreks keisara hins milda, hann var <sup>7)</sup> hermaðr mikill, ok er hann spurði at Eiríkr konúngr var úr landi farinn, þá stefndi hann miklum her saman í ríki sínu, ok fór með her þann til Vindlands, ok vann þar mikinn hernat í ríki því, er Dana konúngar höfðu átt þar lengi <sup>8)</sup>; játaði þar allt fólk hlýðni keis-

<sup>1)</sup> F, A; jafnan stórræði, B.    <sup>2)</sup> F, K; annan gram, D.

<sup>3)</sup> v. f. S. F.    <sup>4)</sup> Líka, F.    <sup>5)</sup> danska túngu

mælti, F.    <sup>6)</sup> at þeim spítala, er hann hafði settan ok

áðr var frásagt, b. v. F.    <sup>7)</sup> ríkr höfðingi ok, b. v. F.

<sup>8)</sup> lagði keisarinn undir sík rikit ok, b. v. F.

aranum; heiðit var allt fólk í Vindlandi þá í þenna tíma. Keísarinn setti þar yfir marga höfðingja til gæzlu yfir ríki þat, er hann hafði unnit; einn af þeim hét Björn, sá var ríkastri. Björn mælti til keisara: við slíkt stórvirki, sem vèr höfum unnit á ríki Danakonúngs, þá þurfum vèr mjök yðvarn aðla; vil ek nú þess beiða, at þér unnit oss teingda <sup>1)</sup> við yðr; vil ek nú þess ok biðja ok hafa tilmæli, er frú Bóthildr <sup>2)</sup> er, systir yður <sup>3)</sup>, þvíat mér sýnist þetta eigi hættulaust, at sitja hér fyrir Dönum; er yðr ok kunnig ætt mín ok atferð. Keisari lézt mundi veita honum þetta <sup>4)</sup>, ef hann vildi sik allan tilleggja, at verja þetta ríki fyrir Dönum eðr öðrum þeim, er til vildi kalla. Síðan gipti keisari frú Bótildi Birni <sup>5)</sup>; þater sagt frá hennar ætt, hún var systir keisara sammædd, en faðir hennar hét Þorgautr, hann var danskr at ætt, hann var hirðmaðr <sup>6)</sup> Sveins konúngs Úlfssonar, hann var manna fríðastr, hann kallaði Haraldr konúngr Sigurðarson fögrumskinna; faðir hans hét Úlfr, hann var jarl i Danmörk, hann var hermaðr mikill; hann fór í vestrvíking, ok vann [Galizuland <sup>7)</sup> ok eyddi, ok gjörði þar mikinn hernað, ok því var hann kallaðr Galizu-úlfr; hann átti Bóthildi, dóttur Hákonar jarls Eiríkssonar, var hún móðir Þorgauts fögr-

<sup>1)</sup> mægða, F.    <sup>2)</sup> S, V; Bótild, B.    <sup>3)</sup> yðar, S. V.

<sup>4)</sup> ok slíkar aðrar sæmdir, sem hann beiddi, F.    <sup>5)</sup> v. / B.

<sup>6)</sup> hirðjarl, F.    <sup>7)</sup> Vestr-Galicialand, B.

umskinna. Keisari setti nú Björn mág sinn höfðingja yfir því ríki <sup>1)</sup>, sem hann hafði unnit í Vindlandi; en Heinrekr keisari snæri þá heim aptr i Saxland; en Björn settist í ríki Danakonungs, ok hugðist halda mundu því ríki fyrir Dönum. [Í þenna tíma kom Eiríkr konúngr sunnan frá Rómi, er Vindr höfðu gengit undan hlýðni við hann, ok gafst þeim svá sinn útrúnaðr, sem enn mun síðar verða frásagt <sup>2)</sup>. Svá segir Markús:

Veldi þorðut <sup>3)</sup> Vindr <sup>4)</sup> at halda  
villan gjörðist þeim at illu  
sunnan kom þá svikdóms manna  
sátta rof, þat er buðlúngar átti <sup>5)</sup>.

*Fra Eiríki.*

76. Þá er Eiríkr konúngr kom heim í ríki sitt, ok hann spurði þenna ófrið, er keisarinn hafði gjört í Vindlandi, þá átti hann þegar þing við höfðingja ok bændr, ok talaði hann svá: Öllum mönnum er kunnigr suðrmanna ágángr á ríki þau, er Danakonúngar, vorir frændr, hafa lengi átt í Vindlandi; nú skulu þat vita allir mínnir menn, at vér ætlum þessum ófriði af oss at <sup>6)</sup> hrinda, eða bíða bana ella. Síðan sendi hann herboð um allt sitt ríki, ok

<sup>1)</sup> Dana konungs, b. v. F.      <sup>2)</sup> þannig F; Eiríkr konúnger kom svá fremi (su fregn S.) sunnan, er Vindar höfðu gengit undir hlýðni við Heinrek, sem enn mun sagt verða frá því, hversu þeim gafst þat, B.      <sup>3)</sup> þorðu, S, V.  
<sup>4)</sup> Vindar, B.      <sup>5)</sup> hér endar F.      <sup>6)</sup> reka eða, b. v. B.

dró saman herlið mikit, aflaði 'sér síðan til skipa, ok sigldi með allan herinn til Vindlands. Svá segir Markús:

Ýngvi hélt í óða straungum  
öldugangi skipum <sup>1)</sup>) þangat;  
hlýðan <sup>2)</sup> skalf, en <sup>3)</sup> hristi græðir  
hélug <sup>4)</sup> börð <sup>5)</sup>, fyrir Vinda görðum <sup>6)</sup>.

En er Vindahöfðíngjar, þeir sem keisari hafði þar yfir skipat, spurðu at Danaher bjóst á hendr þeim, þá stefndu þeir liði saman, ok bjuggust til bardaga. Eiríkr spurði þat, at Vindar vildu verja honum ríki sitt, gekk hann þá á land með lið sitt, ok fylktu þá hvorir með sínu liði. Eiríkr konúngr fylkti svá sínu liði, at rani var á framan á fylkíngunni, ok lukt allt utan með skjaldborg. Svá segir Markús:

Röndu lauk um rekka kindir  
risnu maðr <sup>7)</sup>, svá at hver tók aðra;  
hamalt, knáttu þá hlífar glymja,  
hildíngr fylkti liði miklu.

Síðan lét Eiríkr konúngr bera fram merki sitt, tókst þar hin snarpasta orrostu. Eiríkr konúngr var framarliga í orrostu, ok barðist alldjarfliga, hann var í brynju, ok hafði hjálm á höfði. Svá segir Markús:

Styrjöld óx um stilli örvan,  
stengr báru fram vísis drengir <sup>8)</sup>,

<sup>1)</sup> skíðum, S. F.    <sup>2)</sup> M. K. hlundan, B.    <sup>3)</sup> er, B.

<sup>4)</sup> þannig M; herlug, B.    <sup>5)</sup> horð, B.    <sup>6)</sup> gerðum, B.

<sup>7)</sup> mar, S. F.    <sup>8)</sup> þannig S. F. K; drengi, B.

mildíngr gekk at miklum hjaldri  
múlmi skrýddr ok faldinn hjálmi.

Síðan lögðust Vindar á flóttu, ok héldu sik á  
ýmsum stöðum í borgum ok í kastólum, en Danir  
sóttu eptir þeim, ok áttu við þá bardaga, ok  
drápu mart af þeim. Svá segir Markús:

Hörga <sup>1)</sup> varðist herr í borgum,  
hjaldr gánga var snörut <sup>2)</sup> þángat,  
[harðir kníðust <sup>3)</sup> menn at mordi,  
merki blès um hilmi <sup>4)</sup> sterkan;  
Eiríkr vakti odda skúrir,  
eggjar týndu lífi seggja;  
súngu járn, en svæfðust <sup>5)</sup> drengir,  
sveiti féll á valköst heitan.

Blóðit dreif á randgarð rauðan,  
rógs hegñir drap ótal þegna,  
framdi sik, þar er fólkvöpn glumdu,  
fylkir úngr, en brynjur sprúngu.

Vindar sáu þann sinn kost beztan, at gánga til  
handa Eiríki konungi, ok hætta nú til, liverja  
miskunn hann vill gjöra þeim. Svá segir  
Markús:

Heiðinn vildi herr um síðir  
hömlu vigs úr porti gömlu,  
urðu þeir, er virkit vör'u,  
vángi næst á hönd at gánga.

<sup>1)</sup> hörða, B.      <sup>2)</sup> snarut, B.      <sup>3)</sup> harðir tíndust,  
S. F. harðar kindr, B.      <sup>4)</sup> hilmir, S. F.  
<sup>5)</sup> þannig S. F. svæfðuz, K. svæfðunst, B.

Þar var orðit svà mikit mannfall, at engi kom tölu á, þar hafði ok fallit Björn, mágr keisarans, ok nær allt lið þat, er honum hafði fylgt; þar tók Eirískr konúngr mikit herfáng, ok skipti því öllu með sínum mönnum, en hann sjálfur vildi ekki af hafa. Eirískr konúngr lét brenna bygðir víða um landit, ok varð fólkít svà hrætt, at flýði undan víðs vegar. Svà segir Markús:

Heiðin voru hjörtun lýða  
hrygðafull í Vinda bygðum,  
eldrinn sveif um ótal hölda,  
Eirískr brendi sali þeirra;  
eisur kyndust hátt í húsum,  
hallir náðu vítt at falla,  
óttu leið, en uppi þóttu  
elris grand í himni <sup>1)</sup> standa.

Þat var ok, sem Markús sagði, at í þessum hern-aði lét margr maðr sitt líf bæði fyrir eldi ok vopnum; fóru sumir Vindar þá á fund Eiríks konúngs. Konúngrinn lagði á þá stór fègjöld, ok taldi þatríki arftekna jörð sína, er Danakonúngar höfðu átt í Vindlandi, síðan er Sveinn konúngr tjúguskegg lagði þat undir sik. Svà segir Markús:

Eiríkr var með uppreist harri,  
undan flýðu Vindr af stundu,  
gjöld festu <sup>2)</sup> þá grimmir höldar  
gumnar voru sigri numnir <sup>3)</sup>;  
þýngvi taldi erfðir þángat,

<sup>1)</sup> himin, S. V. hinnum, B.

<sup>2)</sup> feldu, K.

<sup>3)</sup> unnir, B.

alþýða varð stilli. at hlýða,  
veldi ræð því ástvinr <sup>1)</sup> aldar,  
einatt lá þat fyrr und Sveini.

Eiríkr konúngr setti þar menn til gæzlu í Vindlandi, ok því ríki héldu þeir undir Danakonúnga; síðan fór Eiríkr konúngr heim með sigri miklum til Danmerkr, kom hann fyrst við Eyland skipum sínum, er hann kom sunnan af Vindlandi, sem Markús segir:

Flaustum <sup>2)</sup> luktí [fólk]a treystir  
foldar sifðu brimi kníða  
örr vísi bað oddum læsa  
úrga strönd ok svalri <sup>3)</sup> röndu;  
hlísum keyrði hersa reisir  
harðla nýtr um landit ytra,  
hilmir lauk við hernað ólman  
hauðr [Eydana <sup>4)</sup> skjaldborg rauðri.

Eptir þetta settist Eiríkr konúngr um kyrt heima í ríki sínu, ok varð enn frægr ok ágætr af ferð þessari.

*Upptekinn heilagr dómur Knúts konúngs.*

77. Eiríkr konúngr lét kalla saman alla hina vitrustu menn í ríki sínu, lærða ok ólærða. Konúngrinn segir, at þat er hans vil, at leitat sé til graptar Knúts konúngs, ef þat væri eigi á móti vilja kennimanna, segir [þó á þeirra

<sup>1)</sup> astvinr S. F. <sup>2)</sup> flaustinnu S. F. <sup>3)</sup> snjalki S. F. snjallri,  
B. <sup>4)</sup> S. F. K; ey Dana, B.

forsjá vera skyldu <sup>1)</sup>). Allir báðu konúng fyrir at sjá; ok þá með samþykki biskupanna ok allrar alþýðu ok konúngs atkvæði fóru þeir til Fjóns með miklu fjölmenni, voru þar þá með konungi allir hinir beztu menn í Danmörk. Siðan var leitat til leiðis Knúts konúngs, ok tekin upp kistan, ok var heilagr dómr hans borinn um kirkju með lofsaungum, en fyrir austan kirkju sat einn maðr, sá er lengi hafði kryplíngr verit, hann varð fyrir þeim mönnum, er helgan dóniina báru, en er þeir báru fram yfir hann kistuna, þa stóð hann heill upp, ok gekk með öðrum mönnum um kirkjuna, lofandi guð ok hinn heilaga Knút konúng. Siðan var heilagr dómr borinn í kirkjuna, ok var settr á mitt kirkjugólf; eptir þat gekk konúngrinn til ok kennimenn, ok var upplokin kista Knúts konúngs, ok líkami hans var með heilu líki, sem hann væri þá nýandaðr, ok þótti öllum mönnum þetta mikils vert; þá var líkaminn tekinn úr kistunni, ok lagðr á barar. Þá mæltu menn, at reyna skyldi helgan dóminn, ek viku þessu allir til konúngs atkvæða. Konúngr mælti: Þess em ek fúsari, at reyndr sé, þvíat þat kann vera, ef eigi er reyndr, at þat sé mælt at þetta sé fals ok nýung vor, Dana; en vér væntum þess, at guð muni þat <sup>2)</sup> veita fyrir verðleik síus píníngarvotts, Knúts konúngs, at þá skuli öllur

<sup>1)</sup> svá at þeirra forsjá ráðu skyldi S. V<sup>o</sup>.    <sup>2)</sup> hér byrjar náiðara bro t. af H.

enn auðsærra vera ok ndefanligra um hans helgi, er þar sè meiri raun til gjör, svà at þá megi engi ifa um. Þá lèt Eiríkr konúngr taka lèr-upt óhreint <sup>1)</sup> ok vefja saman í brúðu, til þess at þat var eigi meira <sup>2)</sup> nè skemra enn líkami Knúts konúngs; síðan var þessi brúða lögð ofan á líkamann, þá var tekinn vígðr eldr, ok lagðr í brúðuna, ok hún brann svà, at aska ein var eptir, en líkamr hins helga Knúts konúngs var óbrunninn ok svà alheill, at öngu hári var skatt, en líkaminn var miklu bjartari enn áðr; hófu lærðir menn upp *Te deum*, ok lofaðu allir almátkan guð, ok þenna hans píníngar vott <sup>3)</sup>; var þá þegar tekinn í mikit hald hans lífláts dagr, ok er um alla Danmörk hans messudagr haldinn, sem hinar hæstu hátíðir. Þá var úr jörðu tekinn líkkista Benedikts konúngsbróðurs, ok voru sár hans öll gróin, þau er horft höfðu at Knúti konúngi. Eiríkr konúngr lèt gjöra virðuligt skrifn, var þar í lagðr heilagr dómr konúngs, var skrifnit sett yfir altari. I öðru skrini hvílir Benedikt í Óðinsve <sup>4)</sup> á Fjóni. I þessi sömu kirkju, er nú er helgut Knúti konúngi, veitir guð fyrir hans bænir ok árnaðarorð mykla miskunn ok margar jarteignir: þar fá blindir mennsýn, haltir gánga, líkþráir hreinstast, djöflar flýja frá óðum mönnum; veitist þessi hjálp ok viða, þar sem á liann er heitit eða

<sup>1)</sup> hreint S. lin órient V. K; lin óreint H. <sup>2)</sup> mjórra V. H.

<sup>3)</sup> enn helga Knút konung b. v. H. <sup>4)</sup> Óðinsey, H.

kallat með rættri trú, at samvinnanda drottni vorum Jesú Kristó, þeim er lifir ok ríkir cinn guð at eilífu utan enda, amen.

*Frá sonum Eiríks konungs.*

78. Eirfskr konúngr hafði tekit at herfángi frú Bóthildi, systur Heinreks keisara, er átt hafði Björn, sem fyrr var ritat; fór hún til Danmerkr með Eiríki konungi; við henni gat Eirfskr konúngr son; sá sveinn hét eptir Knúti hinum helga, bróður hans, hann var snemma vænligr ok friðr sýnum; en er hann var úngr at aldri, þa sagði Eiríkr konúngr frú Bóthildi svá: nú hafa vistir Þínar verit hér nokkurar stundir, en nú mun þat Þrójota, mun ek nú láta fylgja þér heim til frænda Þinna. Hún svarar: ek ætla okkr lítt til ástarfunda auðit hafa vorðit, ok hafit þér meirr gert samlag við mik af heipt enn ást; munu þér þá, herra! unna mér þess, at Knútr, son okkar, fari með mér til hugganar <sup>1)</sup>). Konúngr svarar: ekki á ek svá gott at launa fræendum Þínum, at ek unna þeim þess, at þessi maðr vaxi þar upp, Þvíat þat er lugboð mitt, at hann verði at sœmd sínum fræendum ok mörgum öðrum. Siðan var henni fylgt heim til frænda sinna, fækki konúngr henni sœmilitg föruneyti <sup>2)</sup>). En Knútr óx upp í hirð föður síns, hann var vinsæll ok vel mentr í alla staði; konúngrinn unni honum

<sup>1)</sup> huganar B.    <sup>2)</sup> tók keisarinn vel við henni ok svá aðrir frændr hennar b. v. II.

mikit ok þarmeð öll alþýða. Eiríkr konúngr átti 2 sonu aðra, þá er ellri voru, hét annarr Eiríkr<sup>1)</sup>, en annarr Haraldr kesja, þeir voru báðir efniligir menn. Eiríkr konúngr átti eina dóttur<sup>2)</sup>, hún var gipt þeim manni, er hét Hákon hinn nærræni, hann var ok kallaðr Hákon Sunnifuson; Sunnifa var dóttir Hákonar jarls ívars-sonar ok Ragnhildar, dóttur Magnúss konúngs hins góða. Sonr Hákonar hins norræna ok Ragnhildar, dóttur Eiríks konúngs, hét Eiríkr lamb, er enn mun síðar verða frá sagt. Eiríkr konúngr hafði laungum starfsamt í ríki sínu, á meðan hann réði fyrir Danmörk; hann lagði mikla stund á stjórn bæði lands ok laga, hann hafði ok mikinn hug á at styðja staði þá, er niðr voro fallnir eða hrörnaðir; hann lét gjöra 5 steinkyrkjur af sjálfs síns kostnaði, ok lagði síðan fè til. Svá segir Markús:

Vfða setti vísdóins<sup>3)</sup> græðir  
virki skrýddar<sup>4)</sup> höfuð kyrkjur,  
gjöra<sup>5)</sup> lét [þar hollr um<sup>6)</sup> hérud<sup>7)</sup>  
[hrein musteri fimm af steini<sup>8)</sup>;  
voru þau með trygðar tiri  
tíða flaustr, er gramr lét smíða<sup>9)</sup>

<sup>1)</sup> hér er stykki rífit af H. til Ragnhildar.      <sup>2)</sup> puta: Ragn-  
hildam, á spátsíunni í S. V.

<sup>3)</sup> vísdóm, B.

<sup>4)</sup> skrýdd at, H.      <sup>5)</sup> gerva, H.      <sup>6)</sup> þannig, K. í  
athugagr. Þar hollr vín, B. hann helzt um, S. V.  
<sup>7)</sup> herjat, H.      <sup>8)</sup> H. K; af hreinum ok musteri steini,  
S. V. ok must. 5 af st. hreinum, B.      <sup>9)</sup> H. K. síðan, B.

böðvar snjallr ok beztr at öllu  
borði<sup>1)</sup> merkt<sup>2)</sup> fyrir Saxa<sup>3)</sup> norðan.  
*Jórsalaferð Eiríks konings.*

79. Þat var eitt sinn at Eiríkr konúngr átti fjölment þíng, hann tók svá til orðs: guð þakki yðr Dönum ást ok hlýðni ok marga góða hluti, er þér hafit til míni gjört, meðan vort samveldi hefir verit, en nú ætla ek mér ferð úr landi til Jórsala, er þat eigi vist, hvort mér verðr auðít aptrkomu<sup>4)</sup>, skal fara með mér Eiríkr son minn, ok þar með aðrir höfðingjar, þeir er (ek) ræð til at nefna; Haraldr son minn skal vera eptir til landsstjórnar í Danmörk, meðan ek em á braut. Knúti syni mínum vil ek gefa hertogadóm, ok þarmeð Heiðabý ok þat ríki, er þarf ylgir; en þater öllum mönnum kunnigt, at Nikulás bróðir minn er nærstr konungdóminum eptir minn dag fyrir laga sakir, vil ek ok eigi ræna hann sinni sæmd ok ríki, vænti ek at hann muni mér þat vel launa; þikjunst ek eiga at honum góða frændsemi, at hann veiti Knúti syni mínum vináttu ok styrk, til at halda ríki því, er ek fæ honum í hendr, þvíat hann er sjálfr barn at aldri; [vildi ek<sup>5)</sup> at þeir frændr byggi<sup>6)</sup> vel saman, vil ek ok þess biðja alla mína vini, at þeir gjöri vel til sveinsins ok sæmi-

<sup>1)</sup> boði eða borði, II.

<sup>2)</sup> merktir, B. merkti, II.

<sup>3)</sup> Saxland, II. K. <sup>4)</sup> hingat til Danmerkr, b. v. II.

<sup>5)</sup> ok þiki mér þat allmiklu máli sá í þu, II. <sup>6)</sup> bjuggu, II.

liga. Siðan bjó Eiríkr konúngr ferð sína <sup>1)</sup> með miklum kostnaði, ok spurðist viða þessi hans fyrirætlan, ræðust ok margir ríkismenn til þessarar ferðar, bæði útlenzkir ok innlenzkir <sup>2)</sup>. Í þenna tíma sendi Frakkakonúngr Eiríki konungi særíligar gjafir, áðr hann fór úr landi. Þat er flestra manna sögn, at þá hafi verit gjör sátt í millum Heinreks keisara ok Eiríks Dana-konungs, svá at þeir sjálfir sendust gjöfum í millum. Keisarinn sendi Eiríki konungi <sup>3)</sup> herliðmikit <sup>4)</sup> af sínu ríki <sup>5)</sup>. Svá segir Markús:

Bliðan <sup>6)</sup> gæddi björtum auði  
 Bjarnar hlýra Frakklands stýrir,  
 stórar lèt sér [randgarðs rýrir <sup>7)</sup>  
 ríks keisara gjafir líka;  
 honum lèt til <sup>8)</sup> hervigs <sup>9)</sup> búna  
 harra spjalli [láð menn <sup>10)</sup> snjalla <sup>11)</sup>  
 alla <sup>12)</sup> leið, áðr öðlíngr náði <sup>13)</sup>  
 Jóta grundar Cesars fundi <sup>14)</sup>.

*Fra erkibiskipi.*

80. Í þenna tíma var Özur, son Sveins Þórgunnusonar, biskup í Lund í Skáney, hann

<sup>1)</sup> i tómi, b. v. II.    <sup>2)</sup> ok margir höfðingjar eftir hann með fægjófum til þessarar ferðar, þeir er spurðn fyrirætlau hans, b. v. II.    <sup>3)</sup> storgjafir ok fékk honum, b. v. II.  
<sup>4)</sup> ok líðmenn, b. v. II.    <sup>5)</sup> alla leið út til Miklagarðs, b. v. II.    <sup>6)</sup> bliðum, B. hér byrjar síðara brot af G.  
<sup>7)</sup> raudgarðs reyrir, S. V. randgríðs rýrir, II.    <sup>8)</sup> hér endar H.    <sup>9)</sup> hvorigs, S. F.    <sup>10)</sup> leiðmenn, F.  
<sup>11)</sup> alla, B.    <sup>12)</sup> snjalla, B.    <sup>13)</sup> næði, G.  
<sup>14)</sup> fyndi, B.

var ríkr ok stóraættaðr, ok hinn mesti höfðingi, hann átti frændaafla mikinn, ok sýndist mörgum mönnum hann vel til erkibiskups fallinn, ok með forsjó Eiríks konúngs ok allra samþykki í Danmörk, þá var Özur kosinn til erkibiskups í Danmörk, ok skyldi erkistóll vera í Lundi, skyldu þar allir Danir til Þjóna. Svá segir Markús:

Dróttum <sup>1)</sup> lét í Danmörk settan  
döglíng <sup>2)</sup> grundar skamt frá Lundi  
erkistól, þann er öll Þjóð dýrkar,  
eljun <sup>3)</sup> þúngr, á danska túngu;  
hildíngr framdi heilagt veldi,  
hvar gegnan má Özur fregna  
honum víesar hölda reynir  
himna stig <sup>4)</sup>, til biskups vígðan.

*Fra Eiríki konungi.*

81. Nú er Eiríkr konúngr hafði búit lið sitt, sem honum líkaði, þá fór hann úr landi með fríðu <sup>5)</sup> föruneyti; hann hafði mikit riddaralið, ok marga fótgángandi menn. Svá segir Markús:

Lýst skal hitt er læknast fýstist  
lið hraustr <sup>6)</sup> konúngr [sár en iðri <sup>7)</sup>;  
[norðan fór með helming harðan <sup>8)</sup>  
hersa mæðir sál at græða;

<sup>1)</sup> Drottina, G. K.      <sup>2)</sup> dögling, G. K.      <sup>3)</sup> M. K.  
elli mun, S. V.      <sup>4)</sup> stigr, B.      <sup>5)</sup> miklu, S.  
<sup>6)</sup> harðr, S.      <sup>7)</sup> fár sá norðan, B.      <sup>8)</sup> hörðum emu með  
helmir vörðu, S. V. en með helming hörðum vörðu, B.

harri bjóst til heims ins dýrra <sup>1)</sup>  
 hann gjörði fór út at <sup>2)</sup> kanna,  
 böðlúngr vildi bjart líf öðlast,  
 bygð Jórsala í <sup>3)</sup> friði trygða.

Eiríkr konúngr fór ríkuliga ok með pris miklum;  
 ok f hverri borg, er hann kom, þá var hans sæmd  
 gjör, gengu kennimenn í móti honum með  
 prócessióne ok helgum dómi. Svåsegir Markús:

Báru menn úr borgum stórum  
 bleyði skjars á móti harra <sup>4)</sup>,  
 súngit var þá herr <sup>5)</sup> tók hríngja,  
 hnossum göfgud skrín ok krossa <sup>6)</sup>;  
 aldri fær <sup>7)</sup> f annars veldi  
 jöfра ríkr <sup>8)</sup> metnað slíkan,  
 eitt var sér þat er jafnast mátti  
 engi maðr við Dana pengil.

Eiríkr konúngr fór til Þess, er hann kom til  
 Miklagarðs, þá var Alexis Grikkjakonúngr, hann  
 tók vel við Eiríki konungi, ok veitti honum  
 virðuliga veizlu. Alexis konúngr bauð Eiríki  
 konungi, hvört hann vildi heldr þiggja af hon-  
 um hálfu lest gulls, eða lèti hann leika fyrir  
 honum þann leik, er Grikkjar kalla <sup>9)</sup> paðreims  
 leik, ok konúngr er vaur at láta leika á pað-  
 reimi <sup>10)</sup>, í þeim stað er svá heitir, ok sögðu  
 allir at eigi kostaði konunginn minna leikrinn,

<sup>1)</sup> dýra, B; hýra, S. F. <sup>2)</sup> hér byrjar G. K. aptr. <sup>3)</sup> v. i G.

<sup>4)</sup> herra, S. V. <sup>5)</sup> þunnig, G. hér, B. <sup>6)</sup> krossar, S. V.

<sup>7)</sup> fiest, S. F. <sup>8)</sup> ríkir, G. K. <sup>9)</sup> hér er stykki burtu  
 af G. <sup>10)</sup> paðreimsleik, B; v. i F.

enn þetta gull, er hann báuð Eiríki konungi; en fyrir því at Eiríki konungi var kostnaðarsamt, er hann hélta fjölmenni mikil, ok eyddist mjök lausafé hans, en farvegr lángr fyrir hendi, þá kaus hann fyrir þá sök gullit. Þessi sami Alexis Grikkjakonúngr bauð síðan Sigurði Norðegskonungi jórsalafara slíkan kost, en með því at Sigurðr fór þá heimleidis, ok hafði þá lokit hinum mesta fèkostnaði, þá kaus hann fyrir því leikinn, ok greinast menn á fyrir því, hvört höfðingligrar þótti <sup>1)</sup>). Grikkjakonúngr <sup>2)</sup> gaf Eiríki konungi tignarklæði sín, ok hann gaf honum 14 herskip, ok marga hluti veitti hann honum stórmannuliga í fègjöfum. Svá segir Markús:

Hildíngr þá við hæst <sup>3)</sup> lof aldar  
höfgan auð [í gulli rauðu <sup>4)</sup>]  
hólfia lest af harra sjálfun  
harðla <sup>5)</sup> ríkr í Miklagarði;  
áðan tók við allvalds skrúði  
Eiríkr, þó at gefit var fleira,  
reynir veitti herskip honum  
hersa máttar sex ok átta.

Skildu þeir Alexis <sup>6)</sup> konúngr ok Eiríkr konúngr með allmikilli bliðu ok vináttu. Eiríkr sigldi þá frá Miklagarði með miklu liði, ok er hann kom við eyna Kipr <sup>7)</sup>, þá tók hann þar

<sup>1)</sup> væri, S. F. . <sup>2)</sup> hér byrjar G. aptr. <sup>3)</sup> hæðst, S. F.

<sup>4)</sup> ok gullið rauða, S. F. <sup>5)</sup> háða, G. <sup>6)</sup> Alexius, S. <sup>7)</sup> Ciphur, F. S.; Kifr, B.

sótt, þá er hann leiddi til bana; hann andaðist í borg Þeirri, er Basta heitir, ok fækkt þat öllum hans mönnum mikillar hrygðar ok víða annarsstaðar, þar er menn spurðu þessi tíðindi. Svá segir Markús:

Andar krafði út í löndum  
allsstýrandi konung<sup>1)</sup> snjallan  
elli beiðat<sup>2)</sup> ofvægr<sup>3)</sup> stillir<sup>4)</sup>  
aldr<sup>5)</sup> stríð, er frægt<sup>6)</sup> er víða;  
siðan harma siklings<sup>7)</sup> dauða  
snjallir menn um heimsbygð alla,  
drúpir<sup>8)</sup> her<sup>9)</sup> [at dólga steypi<sup>10)</sup>  
dyggan, [þótti verold hryggva<sup>11)</sup>.

Eiríkr konúngr var mjök harmdauði öllum Þeim, er hann var kunnigr, svá at þat er sannliga sagt, at engi Danakonúngr hafi ástsælli verit af allri alþýðu í þann tíma; hann var 8 vetr konúngr í Danmörk, ok stýrði því veldi með miklum ríkdóm ok skörungskap; öngvir höfðingjar gengu á ríki hans eðr hans sona, eða ríki Þeirra mínskaðist við þá; hann var grimmr óvinum sínum, ok stóð Þeim því ótti af honum, hann var blíðr ok kátr við vini sína, varð hann af því vinsæll. Svá segir Markús:

Hvörgi stóðust hjörva borgar  
hristi<sup>12)</sup> meiðar konungs reiði

---

1) konunginn, B. 2) beiðir, B. 3) her er stykki burtu af G. 4) stilli, S. V. 5) aldræi, S. V. 6) fregit, S. V. 7) sikling, S. V. 8) draup, S. V. 9) heimur, B. 10) en dólguum stypi, B. 11) þat tær ver. hr. A; þótti ver. hryggja, S. F. 12) hreisti, S. V.

raunar <sup>1)</sup>) varðat rönd við hánum  
reist, gjörðust þess jöfrar freista;  
ógnin stóð af jarla meiði <sup>2)</sup>),  
engi þorði kapp at strengja,  
flestir [ugðu foldvörð hraustan <sup>3)</sup>],  
fylkir snarr við Dana harra <sup>4)</sup>.

*Ættir i Danmörk.*

82. Eptir þat er Eiríkr konúngr fór úr Danmörk, tók Haraldr kesja stjórn ok forráð ríkisins yfir öllu Danaveldi, eptir því sem Eiríkr konúngr hafði tilskipat; hann var þá fullkominn maðr fyrir aldrs sakir, hann var vinsæll af sínum mönnum, ok naut hann þó mest vinsælda föður síns. Haraldr kesja átti einn son, er Björn hét, ok var kallaðr járn-síða, hann átti dóttur Ínga Steinkelssonar Svíakonúngs, er Katrín hét; þeirra dóttir hét Kristín, er átti Eiríkr <sup>5)</sup> hinn helgi Játvarðsson Svíakonúngr, ok voro börn þeirra: Knútr Svíakonúngr ok Margrét drottning, er átti Sverrir Noregs konúngr, ok Katrín er átti Nikulás blaka: þeirra dóttir var frú Kristín, er átti Hákon jarl gamli í Noregi, ok var þeirra sonr <sup>6)</sup> Knútr [jarl í Noregi <sup>7)</sup>]. Haraldr kesja átti Ragnhildi, dóttur Magnúss berfæts, Noregs konúngs; voro þeirra synir Magnús ok Ólafr,

---

<sup>1)</sup>) rannar, B.    <sup>2)</sup>) heyni, M.    <sup>3)</sup>) hugðu foldu hraustan, S. F.    <sup>4)</sup>) ljura, S. F.    <sup>5)</sup>) hér endar G. en byrjar aðtr M.    <sup>6)</sup>) Stunpa, b. v. M.    <sup>7)</sup>) v. i B. S. V. C. tekit af M.

er enn mun síðar frá sagt, ok <sup>1)</sup> Haraldr ok Knútr.

*Frd Nikolási konungi.*

85. Nikulás Sveinsson tók nú konúngdóm í Danmörk eptir Eirík konúng, bróður sinn, þá voru andaðir allir synir Sveins konúngs. Á því sama sumri sendi Paskalis páfi pallum Özuri erkibiskupi at bæn ok tilskipan Eiríks konúngs. Özur var lengi síðan erkibiskup í Lundi, hann var ríkr höfðingi. Nikolás konúngr gjörðist ok höfðingi mikill, hann fekk Margrétar Íngadóttur, er fyrr hafði átt Magnús konúngr berbeinn. Haraldr kesja <sup>2)</sup> var kær vin Nikoláss konúngs, frænda síns, ok var laungum innan hirðar með honum, stundum sat hann í Róiskeldu í Sjólandi, ok hélta þar mikla sveit manna, ok esldi þann stað mjök. Eiríkr, son Eiríks konúngs, var eigi jafnkær Nikolási konúngi.

*Upphaf Knúts lávarðar.*

84. Knútr son Eiríks konúngs, hafði her-tugadæmi í Heiðabý, sem Eiríkr konúngr, faðir hans, hafði gefit honum; hann var allra manna vinsælastr ok örvastr af fè, ok bezt þokkaðr af alþýðu, þótt Nikolás konúngr eða Magnús son hans hefði ríki meira, því var hann kallaðr Knútr lávarðr. Þat bar mest til vinsælda hans, at hann lét öllum mönnum heimilt fè sitt, er hafa þurftu, en þeir gættu eigi hófs, er hafa vildu,

<sup>1)</sup> S. F.    <sup>2)</sup> Eiríksson, b. v. M.

ok urðu framlögin minni í móti, enn nauðsyn krafði, ok' gekk upp fyrir honum mjök lausaséit; ekki var mart um með Þeim Nikolási konungi ok Knúti lávarði; öfundudu þeir feðgar <sup>1)</sup> mjök vinsæld Knúts; var þat ok mjök rétt at segja, at hvern maðr í Danmörk vildi svá sitja ok standa sem Knútr vildi; var Magnús þó jafnan færri til hans. Nökkurum vetrum eptir andlát Eiríks konungs andaðist Heinrekr keisari í Saxlandi, var síðan keisari Heinrekr son hans; en er Knútr spurði þat, at Heinrekr, móðurbróðir hans, var andaðr, en Heinrekr son hans keisari orðinn, þá fýstist hann at finna frænda sinn, keisarann, ok fór hann með virðuligu föruneyti; ok er keisarinn spurði til frænda síns, þá lét hann búa virðuliga veizlu á móti honum, ok fagnaði honum með bliðu, er þeir fundust. Dvaldist Knútr með keisara um hrifð í hinum mestum kærleikum ok prís.

### *Fra Knúti lávarð.*

85. Þat var eitt sinn, er þeir töluslu Heinrekr keisari ok Knútr lávarðr, þá mælti hertoginn til keisara: herra! segir hann, ek hefi veitt yðr heimsókn í minni tilkomu, at sækja at yðr heil ráð fyrir frændsemi sakir, vænti ek hér sæmdar, sem þér erut, ok at þér munit meira meta við mik frændsemi enn viðskipti minna fyrri frænda, en ríki mitt stendr mjök til auðnar, en hugr minn fýsist ad halda sæmdum,

<sup>1)</sup> vantar í B.

vilda ek eigi láta þat vald, er faðir minn fèkk mèr í hendr, vildum vér gjarna þar til hafa heil ráð af yðr, hversu með skal fara <sup>1)</sup>). Keisari svarar: ek hefi spurt vinsæld yðra, ok at þér hafit hvers manns lof, ok er hin mesta nauðsyn, at þér fáit ríki yðru haldit ok sændum; nú er þat siðr vor, segir keisarinn, hér í Saxlandi ok enn víða annarsstaðar at læsa hafnir fyrir landinu, ok taka þar toll af, ok láta aunga ná at leggja skipum sínum í höfnina, nema leigu leggi eptir; nú kann vera at þetta þikir hart, þar er menn eru óvanir þessu, en svá mikinn framgáng hefir yður sæmd áðr fengit, at mik væntir at hún mun ekki við þetta mínkast; því- at þat er ríkra manna siðr víða í löndum, at læsa hafnir fyrir landi sínu, ok taka menn þar stórfé eptir, en þat er þó gæzla mikil ríkinu við ófriði; þarmeð skal ek fá þér nökkut í fjármunum, svá at þú megin halda sóma þínum fyrir þessa sök. Hertoginn þakkaði keisaranum fyrir sín tillög, ok kallaði vel tilfallit í sínu landi, at læsa hafnir, ok kallaði svá háttat landinu, at þat væri auðvelt víða. Síðan fór hertoginn heim í ríki sitt með stórmannligum fèggjöfum ok mörgum sæmiligum hlutum, er hann hafði þegit af keisara.

*Læstar hafnir.*

86. Þá var mjök herskátt í Danmörk af

<sup>1)</sup> En fjúrabli minn gjörist nú ekki mikill, b. v. M.

heiðnum mönnum <sup>1)</sup>), þeim er laungum lágu í hernaði á sumrum, ok ræntu kaupmenn eða landsmenn. Ok er Knútr lávarðr hafði eigi lánga stund heima verit í ríki sínu, þá lét hann gjöra kastala 2) tveim megin Slesvíkur, þar sem mjóst var yfir sundit, er utan gengr at Heiðabý; síðan lét hann gjöra yfir sundit járnrekendr, en sumt af viðum, svá at læsa mátti sundit, settu síðan menn í kastalann at gæta <sup>2)</sup>), ok láta þau ein skip þar inn leggja, [er þeir tæki fè af hverju skipi <sup>3)</sup>]. [Hertoginn sat laungum í Heiðabý, var hann nú hirðr fyrir öllum ófriði; styrktist hann nú mjök að <sup>4)</sup> peningum, en helt þó öllum vinseldum, eptir því sem keisarinn hafði getit til <sup>5)</sup>].

*Frað Vfðgauti.*

87. Vfðgautr <sup>6)</sup> hét maðr, hann var ætt-aðr af Sámland, hann var maðr heiðinn, hann var kaupmaðr, ok var stórauðigr ok vel mentr um marga hluti, hann sigldi jafnan kaupferðir í Austrveg. Þat var eitt summar, er hann sigldi austan at Kúrlandi <sup>7)</sup>, þá lágu Kúrir þar fyrir honum á herskipum, ok lögðu þegar at honum, ok vildu drepa hann <sup>8)</sup>; en með því at hann

<sup>1)</sup> ok öðrum austrvegs mönnum, b. v. M. <sup>2)</sup> hans, b. v. S. F. <sup>3)</sup> er þeim likaði, ok höfðu þó toll af hverju skipi, er þar lagði inn, M. <sup>4)</sup> öllum, b. v. F. <sup>5)</sup> frá [v. í M.]

<sup>6)</sup> Þjóðgautr smálendski, á spazíunni í M.

<sup>7)</sup> Kyrlandi, B; v. í M. ok ætladí þá heim at halda, at hann varð síðhiðan, ok hann kom austan at Kúrlandi, b. v. M.

<sup>8)</sup> ok taka fè hans til sín, b. v. M.

var einskipa <sup>1)</sup>), þá sá hann sik aunga viðtöku mega hafa, ok setr upp segl, ok ætlar at sigla heim til Sámlands <sup>2)</sup>). Kúrir sigldu þegar eptir; [ok komast í millum Sámlands ok hans <sup>3)</sup>; sér hann at hann hefir 2 kosti fyrir höndum: at hætta á fund þeirra, hver yrði, eða sigla á haf undan, ok snúa til kristinna landa, ok þótti honum hvorgi góðr. Tók hann þó þat til ráðs, at sigla á haf ok austan til Danmerkr; hann hafði haft spurn af Knúti lávarði, ok þat með at allir hlytu gott af honum, er á hans fund kæmi; vænti hann sér þar sóma, er margir fengu aðrir; rèð hann þá þataf, at sigla til Heiðabæjar, sigldi hann þá at sundinu, því er læst var, þá kallar hann á varðmennina, þá er í kastalanum voru, sagðist hann vildu leggja inn í höfnina <sup>4)</sup>). Varðmaðrinn spur, hverr hann væri. Hann svarar: ek heiti Víðgautr. Varðmaðrinn svarar: ekki býðr Knútr lávarðr, at vér lúkum upp hafnir fyrir mönnum, er vér vitum eigi skyn á. Víðgautr svarar: láttu upp höfnina, góðr maðr! þvíat ek vil Knút finna, skal ek ok fyrir þik svara, ef hertogi vill þik nokkut um þetta kunna. Varðmaðrinn mælti: vel er til-mælt, segir hann. Luku þeir þá upp sundinu, ok lagði Víðgautr inn skipi sínu, ok fór síðan

<sup>1)</sup> en þeir Kúrir höfðu lið mikil, b. u. M. <sup>2)</sup> Sámlands, leið-  
rætt til Sámlands, i. V. <sup>3)</sup> ok höggðu honum þegar frá land-  
inu, ok vildu gjarna hafa líf hans ok fæ, M. <sup>4)</sup> sundin, M.

á fund hertoga. Knútr spurði: hverlر þeir væri. Víðgautr sagði, at þeir væri af Sámlandi. Knútr svarar: heyrt hefi ek þín getit, ok er mér sagt, at þú munir vera heiðinn maðr. Víðgautr svarar: víst erum vér heiðnir menn. Hertogi mælti: tveir eru kostir til, at þér takit við kristni, ok látið skífrast, skuluð þér vera hér þá allir velkomnir, eða hætta til ella, hvat fyrir liggr. Víðgautr svarar: mun eigi einsætt, herra! at kjósa hinn betra sér til handa, ef þess er kostr; vil ek gjarna taka við trú, ok þiggja síðan sóma af yðr. Síðan voru þeir skírðir, ok voru með Knúti lávarði um vetrinn í góðu ysirlæti. Víðgautr var laungum á tali við hertoga, kunni hann frá mörgu at segja, þvíat hann var vitr maðr, ok hafði viða farit. Hertogi spurði hann margs úr Austrvegi, ok kunni hann þaðan mart at segja<sup>1)</sup>.

*Kvánfáng Knúts lávarðar.*

88. Haraldr var konúngr austr í Hólmgarði, son Valdimars konúngs Jarislafssonar<sup>2)</sup>, Valdimarssonar<sup>3)</sup>. Móðir Haralds var Gyða, dóttir Haralds Englakonúngs, Guðinasonar. Haraldr átti Kristínu, dóttur Ínga Svíakonúngs, Steinkelssonar, systur Margrétar drottningar, er þá átti Nikolás Danakonúngr. Dætr Haralds ok Kristínar voru þær Málfríðr, er átti Sigurðr konúngr jórsalafari, ok Íngibjörg<sup>4)</sup>. En er

<sup>1)</sup> Þat er hann vildi forvitnað, b. v. M.

sonar, AE.

<sup>2)</sup> Jarizleifssonar,

fóstra Olafs konúngs Tryggvasonar

b. v. M.

<sup>3)</sup> fóstra Olafs konúngs Tryggvasonar

Engilborg, M. K. alstaðar.

Víðgautr hafði verit einn vetr með Knúti lávarði í miklum kærleikum, þá beiddi hertogi at hann mundi fara sendisför hans austr til Hólmgarðs, ok biðja Íngibjargar, dóttur Haralds konúngs, til handa honum. Víðgautr svarar: herra! segir hann, einn hlutr er sá, er <sup>1)</sup> ek em tilfær yðvart erindi at flytja, at fē skortir mik eigi, en þó at ek sè fyrir margra hluta sakir vanfær til yðvart erindi at flytja, þá verð ek þó skyldr til at gjöra yðvarn vilja um allt, þat sem þér villt mik til nýta. Hertogi þakkar honum, ok lèzt því þetta mál við hann talat hafa, at honum þætti hann hezt tilfallinn, þeirra manna er í hans valdi voru, bæði fyrir(sakir) [vits ok framkvæmdar<sup>2)</sup>. Síðan var búin ferð hans, ok áðr enn Víðgautr féri á burt, mælti hann til hertoga: herra! segir hann, Þér hafit gjört til vor í vetr með miklum sóma, ok veitt oss stórmannliga, en launin munu vera minni af minni hendi enn vert væri; Þér skulið þiggja af mér 40 serkja grárra skinna, en 5 timbr eru í serk hverjum, enn 40 <sup>3)</sup> skinna í timbr. Hertogi þakkaði honum gjöfina, ok kvaðst eigi betri gjöf þegit hafa. Víðgautr siglir nú í burt með sínu föruneyti, ok lètti eigi fyrr enn hann kemr austr í Hólmgarð á fund Haralds konúngs; heimti hann sik fram með fē gjöfum við konunginn. Konúngrinn tók honum vel, þvíat Víðgautr var frægr maðr ok djarfr í

<sup>1)</sup> at, S.    <sup>2)</sup> viturleiks ok snildar; lèzt honum hezt treystast at flyjja þetta mál, M.    <sup>3)</sup> 50, V.

máli, ok kunni margar túngur <sup>1)</sup>; hann bar fram erindi sín við konunginn, ok flutti kænliga, ok sagði svá frá Knúti lávarði, at allir mundu frá honum einnveg <sup>2)</sup> segja, at engi er hans jafnÍngi í Danmörk ok miklu vísara: ætt hans er yðr öllum kunnig <sup>3)</sup>, ok er yðr öllum sómi í þessu. Konúngr svarar: mikit fullting veitir þú honum í orðum þínum, ok man hér skjótt lykt falla á þetta mál, ef ver hofum þín ráð hér um. Já, herra! segir hann, í aungvan stað mun yðr reynast óframrar, enn ek hefi frá sagt <sup>4)</sup>, þvíat þat er almæli, at Knútr lávarðr er fyrirmaðr allra þeirra manna, er nú vaxa upp í Danmörk eða á Norðrlöndum. Konúngr svarar: með því at ver vitum þik sannorðan, ok þú ert oss at góðu einu kunnr, höfum ver ok áðr heyrt nokkut getit Knúts lávarðs, þá skulum ver máli þessu vel svara, en ríki þíkír oss hann lítit hafa til forræðis, þótt hann hafi einn hertogadóm í Danmörk. Viðgautr svarar: þat hefir hann þarámót, er miklu er frægra. Hvæt er þat? segir konúngr. Viðgautr svarar: mannkosti skal hann hafa umfram flesta menn aðra, ok er þat meira vert enn mikit fè eða ríki. Síðan átti konúngr tal við dóttur <sup>5)</sup> sína ok við annat ráðuneyti sitt, ok tjáði þetta mál fyrir þeim, en allir fýstu þessa ráðs, ok svá kom með samþykki

<sup>1)</sup> ok þurfti ekki túlk fyrir sér, b. v. M.      <sup>2)</sup> eitt, S.

<sup>3)</sup> segir hann, b. v. S. F.      <sup>4)</sup> þat er hann tekr henda, b. v. M.      <sup>5)</sup> vini, S. F.

Íngibjargar, at hún skyldi giptast Knúti lávarði, ok fór Viðgautr með þessum erindum til Danmerkr, ok fann Knút hertoga, ok sagði frá sínum erindum. Knútr hertogi þakkaði honum sitt starf; efnaði hertogi til brúðlaups síns, en Haraldr konúngr sendi Íngibjörgu dóttur sína austan úr Hólmgarði at nefndri stundu með frfðu föruneyti; en er hún kom til Danmerkr, tók hertogi vel við henni ok þarmeð öll alþýða; síðan gjörði hann brúðlaup sitt til hennar með miklum fagnaði <sup>1)</sup> ok sóma. Þau áttu nokkur börn, þau er enn munu síðar nefnd vera.

*Frá Magnusi Nikulassyni.*

89. Magnús Nikulásson óx upp í hirð föður síns, ok var hann allra manna mestr í allri Daninörk, ok vel vinsæll, en þó var Knútr lávarðr allra vinsælastr ok bezt þokkaðr af alþýðu, þóat þeir Nikulás konúngr ok Magnús son hans hefði ríki meira; ok þat sama olli <sup>2)</sup> því, er nokkur fæð var í milli þeirra, at þeim feðgum óx öfund á vinseldum hans, ok þótti þeim hans vinir hölztí margir. Magnús Nikulásson fèkk Rikizu <sup>3)</sup>, dóttur Búrizlafs Vindakonungs. Þeirra synir voru þeir Knútr ok Nikulás. Magnús hafði jafnan með sér mikla sveit manna; var hann löngum innan hirðár með Nikulási konungi feðr sínum, en stundum var í sínum stað hvárr

<sup>1)</sup> hér. sléppir skinnhákin B. þat fylgiandi tekkit af K. M.

<sup>2)</sup> voldi, K.      <sup>3)</sup> Rikzu, C.

þeirra; hann var sterkr maðr ok bráðgjörr í öllu;  
hann var kallaðr Magnús sterki.

*Frá Knúti lávarð.*

90. Knútr lávarðr bjó ferð sína úr landi í annat sinn, ok fór enn á fund Heinreks keisara, frænda síns; ok er keisarinn spurði til ferða hans, þá lét hann búa fyrir honum veizlu virðuliga, ok fagnaði honum vel. Keisarinn mælti eitt sinn til hertugans: gleðr mik þat, frændi! sagði hann, er allir sýngja yðr eitt lof, þvíat þik lofa allir, þeir er nokkut skynja, ok þíns nafns heyra getit, svá at engi maðr er jafn vinsæll sem þú. Hertuginn svarar: gæfu beru vér til þess, herra! sagði hann, en <sup>1)</sup> þér hafið oss upphafit með yðrum styrk ok ráðum. Þá lét hertuginn frambera grávöruna, þá er Víðgautr hafði gefit honum, ok mælti til keisarans: Penna varning vil ek at þér þiggið af mér, herra! Þó at smærri minningar <sup>2)</sup> sè gjörvár enn vera ætti. Keisarinn sá þessa gjöf, ok þakkaði honum, ok mælti: þegit hefi ek stærri <sup>3)</sup> gjafir, sagði hann, en fár þær, at mér hafi betri þótt. Hertuginn dvaldist með keisaranum um hrifði góðu yfirlæti ok miklum kærleikum; ok er hertuginn bjóst til heimferðar, þá gaf keisarinn honum margar gjörsimar, ok sagði at hann skyldi eigi sè skorta, meðan þeir lifa báðir: en þær gjafir, er þér færðut mér, skal ek launa einar saman <sup>4)</sup>; þér

<sup>1)</sup> C. er, K. M.

<sup>2)</sup> virðingar, C.

<sup>3)</sup> stórar, K.

<sup>4)</sup> þér einu samanu, V.

skuluð þiggja af mér klæði, er eigi er víst at önnur sè slík í [yðru landi <sup>1)</sup>] eða viðara, ok þess vænti ek, ef þér egið klæðin, at þar fylgi ham-ingja yður ok gipta ríkis yðar eptir; vil ek þess biðja yðr, frændi! segir hann, at þú lögir eigi klæðunum, en um þat em ek hræddr, ef þér lógið, at þásé skömm unaðsbót at yðvarri sæind. Þetta voru tignarklæði keisarans, ok voru þau öll gullsamuð ok enar mestu gjörsimar. Hertuginn þakkaði honum gjafirnar ok allan þann sóma, er hann hafði til hans gjörvan. Síðan fór hertuginn heim í ríki sitt, ok þótti jafnan enn mesti ágætismaðr. Litlu síðarr andaðist keisarinn, ok segja menn, at sú náttúra fylgdi tignarklæðunum, þeim er keisarinn gaf Knúti lávarði, frænda sínum, at flestir yrði skamlífir þaðan frá, er klæðunum hefði lögat. Síðan tók keisaradóm Ljóðgeirr, saxneskr hertogi, hann var síðan kallaðr Lótarfus.

*Frá Knúti lávarði.*

91. Knútr lávarðr var svá vinsæll, sem fyrr var sagt, at allir enir beztu menn i Dammörk voru hans vinir, eigi minni enn Nikoláss konúngs eða Magnúss sonar hans; en þat var, sem fyrr var sagt, at þeir feðgar kunnu því svá illa fyrir öfundar sakir, at fyrir þat sama lögðu þeir óþekt<sup>2)</sup> til hertugans ok margra hans vina; ok er Knútr lávarðr fann þetta, leitaði hann sér ráðs ok þóttist vandliga saklaus við þá feðga. · Pat

<sup>1)</sup> Dammörk, C.    <sup>2)</sup> feðr ok úlfsbúð, C.

var eitt sinn at Þeir Nikulás konúngr ok Magnús son hans voru suðr á Jótlandi, at Knútr lávarðr fór á fund þeirra með nokkura menu; ok er Þeir fundust, fögnumu þeir vel hertuganum. Knútr mælti þá: Þat er örendi mitt híngat, at ek vil bjóða ykkur feðgum til veizlu: vilda ek at vér ættim marga góða hluti saman, sem oss sómir fyrir frændseimi sakir, ok látum eigi rógs-menn spilla frændseimi várri fyrir öngva tilgjörn-inga. Þeir svöruðu ok sögðust þat gjarna vilja, ok sögðu önga hluti í milli þeirra vera, þá er eigi mætti þeirra frændsimi vel fara. Síðan reið Knútr lávarðr heim til Heiðabæjar, ok lét þar búa veizlu í móti Nikulási konungi ok Magnúsi syni hans; en Þeir komu til veizlunnar at ákveð-inni stundu, ok var þar ágæt veizla; ok er sá dagr kom, er Þeir skyldu í brott rfða, þá þakk-aði hertuginn Nikulási konungi þann sóma, er Þeir höfðu honum gjörvan í þangatkvámu sinni, ok gaf konunginum marga ágæta gripi. Síðan gekk hann til Magnúss, ok mælti: Magnús frændil sagði hann, hér ero klæði þau, er Heinrekr keis-ari, frændi minn, gaf mér, en nú vil ek gefa yðr klæðin til vináttu ok heillar frændsimi; ok vil ek því gefa þér ena beztu gripi, er ek á til, at þér samir vel at bera, enda ann ek þér vel at njóta, þvíat þú munt mér þat góðu launa. Magnús fór þegar í klæðin, ok mæltu allir, er hann sá, at eigi mundi finnast honum vænni maðr eða tíguligri, ok sögðu, sem satt var, at þar

var stórsæmda fyrir vert. Nikulás konúngr ok Magnús son hans þökkuðu hertuganum þá hluti, er hann hafði sœmilið til þeirra gjört í heimboði ok í stórmannligum gjöfum; ok áðr enn þeir skildu, buðu þeir honum til sín um vetrinn til jólaveizlu; hann tók því þakksamliga. Skildu þeir frændr þá með enum mesta kærleik.

*Fall Knúts.*

92. Penna <sup>1)</sup> vetr skyldi Nikulás konúngr taka jólaveizlu á Hringstöðum norðr í Sjólandi, ok til þessar veizlu kom Knútr lávarðr, eptir því sem ætlat var, við nokkura menn, ok var hann með Nikulási konúngi um jólin, ok var þar ágætlig veizla, ok voru þar miklir kærleikar með þeim Nikulási konúngi ok Magnúsi syni hans ok Knúti lávarð frænda þeirra. En er sá dagr kom, er veizluna skyldi eyða, þá segir hertuginn, at hann vill þá búast til ferðar; Penna dag var veizlan allra áköfust, ok voru menn hertugans mjök druknir. Þá mælti Magnús til hertugans: herra! sagði hann, þó at yðr verði smærri gjafir veittar enn vert væri, þá vil ek þó minnast yðar; ek vil gefa yðr riddara 40 með öllum búnaði sínum, (en þat er sagt, at einn riddara kostar 8 merkr gulls sinn búnað). Hertuginn þakkar Magnúsi gjöfina, ok segir at þessi gjöf var bæði góð ok stórmannlig. Nú leið á daginn, ok kom eigi riddaraliðit, þat er Magnús skyldi gefa hertuganum, þvíat eigi var

<sup>1)</sup> Annan, s. F.

alla í einum stað upp at taka. Þá mælti hertuginn: Magnús frændi! sagði hann, nú munu vér ríða fyrir ok biða svá liðsins <sup>1)</sup>, þar sem yðr þíkkir fallit. Magnús svaraði: gjörum svá, sagði hann, ok skal ek ríða á leið með yðr, frændi! ok skiljast eigi fyrri við yðr, enn þat er efnat, er ek hefi heitit yðr. Já, herra! sagði hertuginn, allt mun þat svá efnast, sem þér hafið tilskipat, en jafnan þíkkir oss sæmd at yðru föruneyti. Síðan mynntist Knútr lávarðr við Nikulás konungi frænda sinn ok aðra menn, þá er honum sýndist. Eptir þat stíga þeir á hesta sína, ok ríða í brott; þeir riðu um skóg nokkurn, ok komu í rjóðr eitt; þá bað Magnús þá stíga af baki, ok bíða riddaranna, ok lèzt vænta at þeir mundi skamma stund þurfa. Þeir gjörðu nú svá, at menn stigu af hestunum, ok settust niðr í rjóðrinu, ok sofnuðu þegar margir, er af baki voru farnir, þvíat þeir höfðu drukkit fast um daginn. Knútr lávarðr sat á lág einni, en Magnús frændi hans hjá honum, ok var hann Magnús í blárri kápu. Síðan sjá þeir, hvar maðr hljóp fram úr skóginum, þar sem þeir voru, ok er hann kom í rjóðrit, þar er þeir sátu, steypti hann af sér kápunni, er hann var í, ok reif af ermina aðra; hann mælti ekki við þá, hljóp síðan aptr í skóginn. Hertuginn spurði Magnús: frændi! sagði hann, hvat ætlar þú slikt vera, svá (er) sem þetta sè visbending nokkur? Ek

<sup>1)</sup> riddaransíða, C.

veit eigi, herra! sagði Magnús, lítit mark ætla ek at sliku, eðr hyggr þú, at hér búi nákkvat annat undir? Hertuginn svaraði: Þat grunar mik, at þetta muni skolu vera njósn nokkur, þeim er nær oss eru, ok mun lið vera komit at oss í skóginum. Ekki mun þat vera, frændi! segir Magnús, þvíat þú ert svá vinsæll maðr, at engi vill yðr grand gjöra. Þá tók hertuginn hendi sinni á öxl Magnúsi, ok spurði: hví leiddir þú mik svá á götu, frændi! sagði hann, at þú vart í brynju? Magnús svaraði: Þvíat ek em eigi jafn vinsæll sem þér eruð, frændi! Í þenna tíma, er þeir töludust við, kváðu við lúðrar í skóginum alla vega braut frá þeim, ok því næst drifu menn at þeim úr mörkinni. Fyrir þessu liði ræð sað maðr, er hét Heinrekr halti, hann var son Sveins, Sveinssonar konungs, Úlfssonar, manni firnarri enn bræðrúngr Knúts lávarðar; en þetta voru þó ráð þeirra feinga Nikuláss konungs ok Magnúss sonar hans; ok er hertuginn sað, at liðit þusti fram or skoginum at þeim, ok hann sað at þetta voru ófriðarmenn, þá mælti hann: hvat er nú, Magnús frændi! sagði hann, ræðr þú nákkvat fyrir fjölmenni þessu? Magnús snaraðist við honum, ok mælti: öngvu skip-ir þik, hvern fyrir ræðr, at fullu skal þér nú vinna. Snærast hann þá í lið með Heinreki halta. Hertuginn mælti: guð fyrirgefi þér, frændi! sagði hann, ef nákkvat er ofgjört í þessu, ok fyrirgefa vil ek þér. Þeir Magnús

ok Heinrekr halti veittu þeim Knúti lávarði at-göngu harða, en þeir hertuginn snèrust til varnar í móti; þar tókst hörd orrosta, ok var mjök ójafnlig, þvíat mārgir voru þar um einn; voru þeir ok ekki viðbúnir, þvíat þeir vissu sér einskis ótta vánir ne ófriðar á þeim degi; voru ok margir svá dauðadruknir, at eigi vöknudu, fyrr enn spjétin dundu á þeim eða í gegnum þá, þeir er sofnat höfðu. Þar féll Knútr lávarðr, ok er þat flestra manna sögn, at Heinrekr halti bæri våpn á hann, ok veitti honum bana; þar féll ok mestr hluti liðs hans hertugans, en hann sjálfr fèkk þó mælt fyrir sér, þat er honum var hjálpvænligast, áðr hann lézt, en fátt eðr ekki lézt af liði þeirra Magnúss ok Heinreks. En er þessi tíðendí spurðust um Danmörk, þá harmaði hvern maðr Knút lávarð, ok urðu þeir Nikulás ok Magnús son hans stórrilla þokkaðir af þessu verki, svá at nær [engi maðr í Danmörk bað þeim góðs fyrir þetta <sup>1)</sup>], ok jafnvel þeir, er áðr voru vinir þeirra, sögðu, svá sem var, at þetta var eð mesta niðingsverk, ok engi dugandi maðr mundi til þeirra vilja þjóna upp frá því. Knútr lávarðr var færðr til Hríngstaða, ok þar jarðaðr, ok er sannheilagr maðr, ok gjörir margar sagrar jarteignir ok dýrligar. Líflátsdagr hans er einni nött eptir enn 15 dag jóla, en nú er honum haldinn messudagr um alla Danmörk enn næsta dag eptir Jónsmessu<sup>2)</sup> baptista á sum-

<sup>1)</sup> Þis þeim hvíc tunga illa fyrir, C.    <sup>2)</sup> Jóausmessu, M.

arit, þvíat þá var upptekinn úr jörðu heilagr dómr hans; þar heitir nú Lávarðsskógr, er hann fell. Svà segja Danir, at í rjóðri því, er enn helgi Knútr lávarðr fell, sè jáfnan síðan fagrgrænn völlr, hvárt sem er vetr eða sumar.

*Frá börnum Knúts lávarðar.*

93. Enn helgi Knútr lávarðr ok Íngibjörg<sup>1)</sup> áttu dætr 3, Margrétu ok Kristínu ok Katrínu, hún var gipt í Austrveg; en Kristínu átti Magnús blindi, Noregs konúngr, son Sigurðar jórsalafara; Margrétu átti Stígr hvítaleðr<sup>2)</sup> á Skáni: þeirra börn voru þau Nikulás ok Kristín, er átti Karl Svíakonúngr Sörkvisson: þeirra son var Sörkvir Svíakonúngr, hann átti Íngigerði, dóttur Birgis jarls brosu: þeirra son var Jón Svíakonúngr. En er hinn heilagi Knútr lávarðr fell, var Íngibjörg kona hans með barni, hún var þenna vetr austr í Garðaríki með Haraldi konungi feðr sínum, hún fæddi sveinbarn, ok hét sá sveinn Valdimar, hann var fæddr 7 nóttum eptir líflát ens heilaga Knúts lávarðar feðr síns, hann var snemma bæði vænn ok mikill ok afbragðligr um flesta hluti, hann óx upp austr í Garðaríki með móðurfrændum sínum, meðan hann var í barnæsku, ok var brátt vinsæll af alþýðu manna.

*Frá Eiríki.*

94. Eiríkr, son Eiríks konúngs góða Sveins-sonar var ekki innanlands, er hann spurði líflát

<sup>1)</sup> Þannig C. Engilborg; <sup>2)</sup> hrutaleðr, S. F.

Knúts lávarðar bróður síns; en er hann frètti þessi tíðendi, þá safnar hann liði at sér, öllu því er hann fèkk, ok honum vildi fylgja; hann fór síðan til Danmerkr, ok er hann kom í land, þá krafði hann sér liðs, en með því at mörgum þótti hann mikils eiga at hefna við Nikulás konung ok Magnús son hans, þá varð Eiríki fyrir því gott til liðs; naut hann at því ok mjök vinsælda Eiríks konungs föður síns ok Knúts lávarðar bróður síns, ok söfnuðust þeir menn margir til Eiríks, er áðr höfðu verit vinir þeirra. En þegar hann fèkk nokkurn styrk liðs, þá herjaði hann viða í Danmörk, ok gjörði mikinn hernað í ríki Nikuláss konungs, ok veitti stór slög mönnum hans; ok varð af þessu mikill hernaðr innanlands. Nikulás konúngr setti menn til landvarnar í móti her þessum; voru þá ríkastir menn í ríki Nikuláss konungs, Magnús son hans, Heinrekr halti, Haraldr kesja, bróðir Knúts ens helga lávarðar, hann var kær Nikulási konungi frænda sínum ok Magnúsi syni hans; ok láu margir á hálsi honum um þat, ok fèkk hann af því mikil ámæli; hann hafði ríki í Sjólandi, ok sat hann löngum í Róiskeldu til landvarnar fyrir her Eiríks bróður síns, ok hafði hann mikla sveit manna með sér, ok styrkti hann þann stað mjök; hann lét gjöra kastala mikinn ok sterkan, ok setti þar í margt lið til varnar, þá er hann var eigi við. Nikulás

konúngr hafði löngum fjölment með sér, síðan þessi ófriðr hófst.

*Frá Nikulási konungi ok Magnusi.*

95. Þat finnst ritat í fróðum <sup>1)</sup> dönskum bókum, at þeir Nikulás konúngr ok Eiríkr hafi átt nokkurar orrostur, þær er vèr kunnum eigi frásagnir af, með hverjum tildeendum lyktast hafi. En svá er ritat, at á öðru ári eptir líflát hins heilaga Knúts lávarðar, bróður síns, áttu þeir Nikulás konúngr orrostu á Jalángrsheiði <sup>2)</sup>, ok því næst áttu þeir, eða menn þeirra, aðra orrostu í Fótvik <sup>3)</sup> á Skáni, þat er skamt frá Lundi. Tveim vetrum eptir fall ens heilaga Knúts lávarðar kom Eiríkr til Sjóllands ok herjaði þar víða, ok þá vann hann kastalann Haralda kesju, bróður síns, í Róiskeldu, ok drap þar mart fólk; hann lét brjóta niðr allan kastalann, en Haraldr kesja var þá eigi í staðnum; ok á öðru ári eptir þá eyddi Eiríkr allan staðinn í Róiskeldu, ok þá gekk mart fólk til handa honum í Sjóllandi, ok veitti honum hlýðni. Þaðan fór hann með mikit lið norðr á Skáni, ok gekk þá allt fólk undir hann, bæði á Skáni ok Hallandi, ok veitti honum hlýðni. Í þenna tíma var Özur erkibiskup í Lundi; hann tók vel ok sæmiliða við Eiríki, ok fèkk honum allan þann styrk, er hann hafði föng á, [þvíat

<sup>1)</sup> formum, C.    <sup>2)</sup> Jalángisheiði, C.    <sup>3)</sup> Pottvik, C. S.  
V. alstaðar.

erkibiskup hafði verit enn mest i vinr Eiríks konúngs ens góða föður hans<sup>1)</sup>; en þat var ok, sem syrr var sagt, at Þeir Nikulás konúngr ok Magnús son hans höfðu mikinn óþokka fengit af alþýðu manns í Danmörk af drápi Knúts lávarðar; ok því meir sem óx afli Eiríks, því meiri var óvinsæld Þeirra Nikuláss konúngs ok Magnúss, ok snérust þá margir menn til hlýðni ok þjónustu við Eirík. Nikulás konúngr fór með skipaher norðr á Skáni, ok hafði mikit lið, þar var í liði með honum Magnús son hans, Heinrekr halti ok Haraldr kesja ok margt annarra ríkismanna; þar voru í liði með honum 6 biskupar, ok var einn ofan af Svíþjóðu, annar af Sjólandi, enn [4. voru<sup>2)</sup>] sunnan af Jótlandi, Pétur biskup af Róiskeldu af Sjólandi, Þórir biskup af Rípum, Ketill biskup af Vendli úr Jörungi.

*Tala konúngs ok erkibiskups.*

96. Eiríkr hafði liðsafnað mikinn syrir á Skáni, ok helt her sínum til Fótvíkr<sup>3)</sup>, til móts við Nikulás konúng, þat er suðr frá Lundi. Özur erkibiskup var í liði með Eiríki; þar var með honum mikill frændabálkr hans, ok svá annat lið, þat sem honum fylgði. Þar voru með Eiríki Skánúngar ok Hallendíngar, ok þat lið, er honum hafði fylgt or Sjólandi, ok margt annat fólk; var þar þá mikill herr manns; voru þar ok í liði

<sup>1)</sup> Þvíat Eiríkr hafði verit goðr vin föður hans, C. <sup>2)</sup> þriðji, C. S. V. <sup>3)</sup> Fótvikr, alstaðar C.

margir höfðingjar. Þat var á hvítadögum, er herrinn kom allr saman í Fótvík, ok þá fylktu hvártveggjuliði sínu, ok bjuggust til bardaga; með erkibiskupi var mikill fjöldi kennimanna. Erkibiskup mælti, er liðit bjóst til bardagans: taki lærðir menn viðbúnað, ok veiti mönnum skript, þvíat eigi er annars ván, enn fundr þessi verði með tóðendum miklum, svá at margr kunni ekki frá at segja, ok hugsi nú svá hvern sitt ráð, at eigi sé víst, at hann eigi kost hēðan frá, at játa syndir sínar fyrir neinum kennimanni. Nú er sú skript míin: at ek býð yðr í guðsnaðni, at þér gángið fram karlmannliga, ok berlzt djarf-liga; hugsið þat, sem er, at guði þikja eigi betri huglausir menn, enn röskvir drengir, skal ok eitt sinn hvern deyja. Síðan talar Eiríkr fyrir sínum mönnum, ok mælti svá: öllum mönnum er kunnigt hér í landi níðingsvíg ok skemdarverk, er þeir Nikulás konúngr ok Magnús son hans hafa unnit í drápi Knúts hertuga brúður míns, ok launat svá Eiríki konungi seður mínum marga góða hluti, er hann hefir til þeirra gjört, má oss lugkvæmt vera hvers at hefna er. Hann eggjaði mjök liðit.

*Fall Magnúss Nikuldssonar.*

97. Eptir þetta kváðu við láðrar um allan herinn hvárratveggju. Sigurðr enn sterki hét maðr, hann var fóstbróðir Magnúss sterka konungssonar, ok bar merki hans. Síðan tókst

þar mikil orrosta, ok urðu þar mikil stórtið-  
endi, þó at vér kunnum óglöggt at segja frá  
falli tiginsa manna. Þar felli 6 biskupar af  
liði Nikuláss konúngs. Sigurðr enn sterki var  
jafnan þar fyrir, sem mest var atsótt, ok barðist  
alldjarfliga, svá at hans vörn er ágætt. Nikulás  
konúngr varð sár rakkvat í orrostunni, ok eigi  
mjök, áðr hann flýði, ok svá Haraldr kesja; þá  
rauf hann þegar fylkingina, er hann sá, at kon-  
úngr flýði, hélta hann þá ok í brott. Síðan héldu  
þeir upp bardaganum Magnús ok Heinrekr haldi-  
með því liði, er eptir var; þá var fast atsótt  
merkjum Magnúss, var þá alstaðar los á fylk-  
íngunum í hernum. Magnús var í hríngabrynju  
þeirri, er aldregi festi vopn á, ok barðist all-  
hraustliga, ok bað menn standa vel við ok leggj-  
ast eigi á flótta. En er Sigurðr enn sterki sá,  
at þyntist um merki Magnúss, ok eigi mundi  
duga svá búit, þá kastaði hann merkinu, en  
hann tók Magnús upp í fág sér, ok snéri til  
skipa, ok vildi á skip út. En er Eiríksmenn sá  
þetta, snèru þeir þegar eptir honum, ok ráku  
flóttann, þvíat þá snöru allir á flótta Magnúss  
menn. Þeir Eiríkr komust milli þeirra Sigurð-  
ar<sup>1)</sup> ok skipanna, ok varð þá at hrökkva við.  
Tókst þar orrosta í annat sinn, ok lauk svá, at  
þeir Magnús ok Sigurðr felli þar báðir, ok  
flest lið, þat er þeim hafði fylgt, sumt flýði,  
þat er því kom við. Í Fótvík varð allmikit

<sup>1)</sup> Magnúsar, c.

mannfall af liði Þeirra Nikuláss konúngs ok Magnúss sonar hans; þar fèll Heinrekr haldi ok mart annat rfskismanna, sem áðr var sagt; þá voru 4 vetr liðnir frá lífláti Knúts lávarðar.

*Drepinn Nikulás konúngr.*

98. Nikulás konúngr flýði or bardaganum í Fótvík, sem fyrr var sagt, hann komst á skip með nokkura menn, ok fór suðr til Jótlands; síðan fór hann til Heiðabæjar, ok var fámennr, en er hann reið at staðnum, þá heyrðu Þeir lúðragáng ok þarmeð allskyns streingleik ok klukknahljóð. Þá mælti Nikulás konúngr: hér munu menn vel við oss taka ok tígugliga, er bæði er hríngt í móti oss ok svá streingleikar, ok mun hér ekki afsparat at veita oss allan aurgata, þann er til er. Einn maðr svaraði konúngrum: lengi hesir þú ekki verit vitr maðr, ok þat sýnist ok í þessu, er þér ætlið hér til sómans, er fyrir eru ástvinir Knúts lávarðar, ok vænna þætti mér, at öðru mundir þú hér mæta. Þeir riðu þó í bæinn; þar var mikit fjölmenni fyrir í Heiðabæ; våru þar ok margir Þeir menn, er verit höfðu vinir Knúts lávarðar. En er Þeir spurðu, at Nikulás konúngr mundi koma til Heiðabæjar, þá beiddu Þeir sér liðveizlu alla þá menn, er í staðnum voru. Þá var þar Saxaherr mikill. Ok með því at Nikulás konúngr gjörðist þá mörgum mjök óþokkaðr í Danmörk, þá veittu Þeir honum þegar atgaungu, er hann kom í staðinn; var Nikulás konúngr þá höndum

tekinn, ok var hann láttinn ná kennimanna fundi. Siðan var hann af lífi tekinn; þá hafði hann konúngr verit 30 vетra.

*Eiríkr eymuni tekinn til konúngs.*

99. Eptir fall Nikuláss konúngs var Eiríkr Eiríksson til konúngs tekinn í Danmörk um allt land; var þat gjört með vild ok samþykki alþýðu. Hann var ríkr ok refsíngasamr við alla þá menn, er hann þóttist stórsakir við eiga, ok öllum þeim grimmastri, er mestir höfðu verit vinir Nikuláss konúngs eðr Magnúss sonar hans, svá at þeir þóttust varla mega búa undir ríki hans; ok með því at margir þóttust lángan aldr mundu minni eiga til at reka grímdar hans, þá var hann kallaðr Eiríkr eymuni. Hann átti Málmfriði <sup>1)</sup> drotningu, dóttur Haralda konúngs Valdimarssonar, Jarizleifssonar <sup>2)</sup>), austan úr Hólmgarði, systur Íngibjargar <sup>3)</sup>, er átti Knútr lávarðr bróðir hans. Málmfriði hafði fyrr átta Sigurðr jórsalafari, Noregs konúngr.

*Fra Noregs konúngum.*

100. Í þenna tíma voru konúngar í Noregi: Magnús konúngr, son Sigurðar jórsalafara, ok Haraldr gilli, bróðir Sigurðar <sup>4)</sup> konúngs; þeir höfðu ófriðsamt ríki sín á milli, þeir börðust á Fyrileif <sup>5)</sup> þat sama sumar, er þeir voru dreppnir í Danmörk Nikulás konúngr ok Magnús son hans. Þá flýði Haraldr gilli or orrostu

<sup>1)</sup> Málfríði, *S.*    <sup>2)</sup> Jarislafssonar, *C. S. V.*    <sup>3)</sup> þannig *C. S. V.*; Engilborgar, *M. K.*    <sup>4)</sup> Sveins, *S. V.*    <sup>5)</sup> Friðleik, *S. V.* Ferðleik, *C.*

Þeirri suðr til Danmerkr á fund Eiríks konúngs eymunu, en Magnús konúngr lagði þá undir sik ríki allt í Noregi. Eiríkr konúngr tók vel við Haraldi konúngi, ok bauð honum í ríki sínu þá hluti, er hann þyrfti at hafa til kostnaðar fyrir lið sitt, þvíat þeir Eiríkr konúngr ok Haraldr gilli [höfðu svarizt f bræðralag<sup>1)</sup>]. Haraldr konúngr beiddi Eirík konúng fá sér lið ok afla nokkurn, at fara aptr til Noregs, ok vildi hann vinna undir sik ríki þat, er hann hafði látit um sumarit fyrir Magnúsi konúngi; en með því at Eiríkr konúngr var mjök nýkominn til ríkis í Danmörk, ok hafði þá enn lítt fengit trúnað af fólkini, þá þóttist hann lítinn afla mega fá Haraldi konúngi af sínu ríki, en þó veitti hann honum Halland til yfirferðar, ok fækki honum nokkurn afla bæði liðs ok skipa; skildu konúngarnir með vináttu, ok hélđu þat, meðan þeir lifðu. Síðan för Haraldr aptr til Noregs þat sama haust með þat lið, er Eiríkr konúngr hafði fengit honum, ok þann vetr vann hann ríki allt undir sik í Noregi, en Magnús konúngr var blindaðr, ok sendr síðan í klastr, sem segir í æfi Noregs konúnga.

*Herferð Eiríks konúngs.*

101. Eiríkr eymuni var harðr ok stirðr við fólk allt í Danmörk, þegar hann þóttist festast í ríkinu; hann lét drepa Harald kesju, bróður sinn, ok sonu hans 2, ok marga aðra

<sup>1)</sup> voru svarabréðr, C; svartbréðr, S.

vini Nikuláss konúngs; þat var einum vetri eptir fall Nikuláss konúngs, er Haraldr kesja var drepinn, en vetri síðar fór Eiríkr konúngr til Vindlands með her sinn, ok herjaði þar viða, ok vann þar mikit hervirki; hann vann þar þann stað, er Arkún heitir, þat fólk var heiðit, er þann stað bygði. Eiríkr konúngr fór svá þaðan, at þeir tóku áðr við kristni, er eigi voru drepni af heiðnum mönnum, ok lét konúngr kristna allt fólk í staðnum; fór hann síðan heim til Danmerkr. En þegar konúngr var í brottu þaðan, þá köstuðu þeir aprí kristni, ok efldu síðan blót ok heiðin síð.

*Fra Eiríki konungi.*

102. Magnús, er blindaðr hafði verit, fór úr klaustri eptir dráp Haralds gilla, ok eflði síðan flokk í móti sonum Haralds konúngs, Ínga ok Sigurði, ok átti við þá nokkrar orrostur, ok fengu þeir jafnan sigr, en Magnús flýði. Síðan fór Magnús til Danmerkr á fund Eiríks eymuna, ok sótti hann at liðveizlu; sagði svá, at þat væri honum höfðingligt bragð, at fara til Noregs með her, ok vinna þar undir sik ríki; sagði hann, at þar voru konúngar börn at aldri, en þeir lendir menn, er þar voru til ráðuneytis teknir, voru allir ósáttir hverr við annann fyrir öfundarsakir; sagði hann svá höfðingjum, hvar sem hann kom, at ríkit í Noregi mundi laust fyrir liggja, ef nokkurir stórir höfðingjar vildi tilleita, ok eigi mundi einu skapti í móti þeim

skotit. En með því at Eiríkr konúngr var fúss sœmdarinnar ok tignar enn meiri, enn áðr hafði hann, þá félst honum þetta vel í skap, ok fór síðan með Danaher til Noregs af áeggjan Magnúss blinda, ok hafði allmikit lið; þar var ok Magnús blindi í ferð með þat lið, er honum hafði fylgt til Danmerkr; þeir komu í Víkina austr, ok fóru spakliga austanfjarðar, þvíat þar voro fyrir vinir Magnúss konúngs; en er þeir komu til Túnbergs, þá spurðu þeir at Þjóstólf fr Álason lendr maðr var í Oslo, ok svá annat lið ínga konúngs. Eiríkr konúngr sigldi þá til Osloar, þegar byrgaf; en er bæjarmenn sá, at lið Eiriks konúngs sigldi utan at Höfuðey <sup>1)</sup>, þá vildu þeir bera skrín ens helga Hallvarðar upp úr bænum, ok gengu undir svá margir, sem flestir máttu at komast, en skrifnit varð svá þúngt, at þeir máttu eigi bera lengra en utar á midt kirkjugólfisíð. Eiríkr konúngr lá um nöttina út við Höfuðey; en um morguninn, er ljóst var, lögðu þeir inn til bæjarins; þá gengu bæjarmenn til skrifnsins, er herrinn sigldi til bæjarins, ok vildu eigi, at Danir tækji í brott skrínið, ok þá varð þat svá lett, at 6 menn báru þat úr bænum ok allt uppá Raumavíki, ok var skrín ens helga Hallvarðar þar at Forsi <sup>2)</sup> 3 mánaði síðan. En konúngr brendi bæinn í Oslo ok svá Hallvarðs kirkju; en Þjóstólf fr safnaði liði í móti, ok ræð til bardaga við

<sup>1)</sup> höfuðinni, C. S. IV.    <sup>2)</sup> Fossi, S.

þá, þvíat hann var þá mestr formaðr í Noregi allra lendra manna, en konúngarnir voru svá úngir, at Þjóstólfur bar ínga konúng f kiltíng<sup>1)</sup> sér í bardaganum, en Danir lögðu þegar undan til skipa, ok lögðu þegar í braut, ok fóru síðan til Danmerkr; ok er þat mál manna, at eigi hafi verri för farin verit í annars konúngs ríki með jafnmiklu liði. Þótti Eiríki konúngi eigi sér svá reynast, sem Magnús konúngr hafði sagt honum, at laust mundi liggja ríkit fyrir í Noregi, ok engi maðr mundi skapti skjóta í móti honum, ok lèzt aldrei skyldi vera hans vin jafnmikill sem áðr. Svá mikit óx grimd ok ofriki Eiríks konúngs í Danmörku, at ríkismenn þóttust varla þola mega; en þó Þorði engi í móti at mæla, því sem hann vildi vera láta; hèt hann þeim jafnan afarkostum, ef nokkurir voro, þeir er eigi vildu þegar samþykkja þat er hann vildi, ok líkaði þat mörgum landsmönnum illa, er þeir höfðu farit herför til Noregs, ok fengit þar enga sæmd af, en margir höfðu þá ferð nauðgir farit, ok sinn kostnað þar til gefit, en aflat einskis í ferðinni; en þótti Eiríkr konúngr enga þá hluti stunda vilja, er landsmönnum væri til nytsemdar eðr ríkinu til framkvæmdar.

103. Plógr hinn svarti hèt maðr, hann var einn ríkr maðr i Danmörk, hann var ætt-aðr af Jótlandi, þar sem heitir Plögssýsla, þat

<sup>1)</sup> killíng, c.

er í Rípa biskupsríki. Eiríkr konúngr lét drepa föður hans, ok eigi fyrir meiri tilgjörninga, enn hann mælti í móti honum á einu Þíngi. Plógr kunni þessu illa, en sá þó engan sinn kost annann, enn láta vera svá búit ok kyrt. Plógr var þá á únga aldri, er faðir hans var drepinn. Eiríkr konúngr lét hann eigi njóta þess, þótt hann hefði honum harm unnit. En er Eiríkr konúngr var suðr á Jótlandi, átti hann Þíng við bændr; ok er Plógr veit þetta, þá ferr hann á fund prests eins, ok biðr hann gefa sér Þjónustu. Prestrinn svarar: hví munda ek þat gjöra, mér sýnist þú ósjúkr. Þá mælti Plógr: gjör sem ek mæli, ella mun ek drepa þik. Prestrinn svarar: fyrir hverja sök biðr þú þessa? Plógr lèzt eigi mundi honum frá segja, sagði hann engu skipta. Síðan gaf prestr honum *corpus Christi*. Þá tók hann síngrgull af hendi sér, ok gaf prestinum, ok bað hann fyrirgefa sér, er hann hafði heitazt við hann. Eptir þat gekk Plógr á Þíngit, hann hafði spjót mikil í hendi, ok kefli mikil framán á spjótinu, hann snæri niðr oddinum; hann bað gefa sér góng á konúngs fund, ok lèzt við hann eiga eyrendi. Hann hafði ekki fleira våpna enn spjótit, ok er hann nálgauðist þángat, steig hann keflit af spjótsoddinum, síðan lagði hann spjótinu í gegnum konúnginn, ok veitti honum banasár. Plógr lagði svá öruggliga til, at konúngrinn féll áfram við lagit, er í gegn-

um gekk konúnginn. Þá varð Þraung mikil, ok vissu menn úglöggt, hverr þetta verk hafði unnit, Þvíat bráðan bar at. Eiríkr lamb<sup>1)</sup> hét maðr, hann var sonr Hákonar ens norræna, Sunnifusonar, sem fyrr var ritat, ok dótturson Eiríks hins góða, en systurson Eiríks eymuna, hann var þar viðstaddir; hann ljóp upp, ok brá sverði á Þinginu. Þá mælti Plógr: ver eigi svá óðr, Eiríkr lamb! fel sverð þitt; feitt flesk felli þér í ketil, ef þú kant at súpa. Því mælti Plógr svá, at honum þótti hann nær<sup>2)</sup> standa konúngdóminum, en maðrinn vinsæll, sem síðar reyndist. Á Þinginu varð allmikil Þróng, Þvíat eigi varð skjótt víst, hverr drepit hafði konúnginn, ok raufst við þat Þingit. En Plógr forðaði lífi sínu lánga stund, ok var mikill maðr fyrir sér. Eiríkr eymuni var 4 vetr konúngr yfir Danmörk.

104. Í þenna tíma voru þeir margir menn í Danmörk, er komnir voru af konúngættum, ok voru allir nær börn at aldrí, þóttust allir vera nær komnir konúngdóminum; en ríkismenn urðu eigi á eitt sáttir, sumir vildu þeim fulltíng veita, en sumir mæltu á móti, sem jafnan kann verða, at eigi verða allfír á eitt sáttir. Valdimarr, sonr<sup>3)</sup> hins heilaga Knúts lávarðar, var þá kominn til Danmerkr, hann var þá 8 vетра gamall, er Eiríkr konúngr eymuni var

<sup>1)</sup> Lambhi, C.  
S.; V.

<sup>2)</sup> nærist. C. S. F.

<sup>3)</sup> herluga, b. v.

drepinn, föðurbróðir hans. Sveinn hét sonr Eiríks eymuna. Knútr hét son Magnúss sterka Nikulássonar; móðir Knúts var Rikiza <sup>1)</sup>, dóttir Búrizlafs Vindakonúngs. Ólafr hét son Haralds kesju; móðir hans var Ragnhildr, dóttir Magnúss berfætts Noregs konúngs. Þetta voro allt úngir menn ok efniligir; en fyrir sakir úvinsælda <sup>2)</sup> Nikuláss konúngs ok svá Eiríks eymuna, þá voru menn úfúsir at þjóna þeirra afkvæmi; var þat flestra manna mál ok vill, at taka Valdimar Knútsson til konúngs, fyrir sakir vinsældar föður hans, en með því at hann var úngr, þá var þat gjört með ráði móður hans ok annarra vina þeirra, at Eiríkr lamb var til konúngs tekinn, skyldi hann varðveita ríkit honum til handa, þar til er hann kynni sjálfr fyrir at sjá. Eiríkr lamb var vitr maðr ok vinsæll af Dönum, hann var kallaðr Eiríkr hin spaki.

105. Özur erkibiskup í Lundi andaðist einum vetri eptir fall Eiríks eymuna, hann var mörgum mönnum harmdauði, þá hafði hann erkibiskup verið 14 <sup>3)</sup> vetr ok 20. Áskell hét bróðurson Özurar, hann var þarnæst erkibiskup í Danmörk; hann var ok ríkr höfðingi ok vitr maðr, ok sat lengi at stóli sínum í Danmörk.

106. Ólafr, son Haralds kesju, hófst til ríkis í móti Eiríki hinum spaka, á hinufyrsta ári

<sup>1)</sup> Ríkessan, F. M.    <sup>2)</sup> óvildar, C. S. F.    <sup>3)</sup> 17, C. S. F.

ríkis Eiríks, ok á hinu 5ja ári áttu þeir Eiríkr konúngr ok Ólafr 8 orrostur, ok 5 á einum vetrí<sup>1)</sup>, ok hafði Eiríkr sigr í öllum. Þeir voru 5 vetr höfðingjar í Danmörk báðir; en á enu 4da<sup>2)</sup> ári áttu þeir enn orrostu, ok í þeirri orrostu fèll Ólafr, son Haralds kesju. Eptir fall Ólafs Haraldssonar kesju rèð Eiríkr enn spaki einn ríki í Danmörk með konúngsnafni; hann var ríkr konúngr innanlands ok friðsamr, hófstust þí ok öngir höfðingjar í móti honum til ríkis. Hann sat löngum í Lundi, ok þann stað efti hann mjök, svá at á hans dögum var engi annarr ríkari í allri Danmörku; hann lét gjöra steinmúr um staðinn, svá at hann var einum mún<sup>3)</sup> allr utan luktr; hefir þat þar lengi sifðan haldizt. Eiríkr enn spaki var 8 vetr konúngr at Danmörk. Hann skildi sik sjálfr frá ríki, ok fór í klaustr, ok andaðist múnkr í Óðinsey, ok var mönnum mjök harmdauði.

### *Upphaf Sveins Eiríkssonar.*

107, Sveinn, son Eiríks konúngs eymuna, var til konúngs tekinn á Skáni eptir Eirík konúngr enn spaka; en Jótar tóku til konúngs Knút, son Magnúss ens sterka Nikulássonar. Valdamarr Knútsson var þa 17 vетra gamall, hann var æðlingr<sup>4)</sup>; hann var meir snúinn til vináttu við Svein konúngr enn Knút konúngr, þvíat Magnús, faðir Knúts, hafði svikit enn heilaga

<sup>1)</sup> málké ritara degi.      <sup>2)</sup> 9da, C.      <sup>3)</sup> borgarvegg,  
C.      <sup>4)</sup> æðlingr, C. S. F.

Knút lávarð, föður Valdimars. Þeir Sveinn konúngr ok Knútr konúngr áttu mikinn ófrið sín á milli; Þeir áttu ena fyrstu orrostu við Slángaphorp<sup>1)</sup>, ok hafði Sveinn konúngr sigr í þeim bardaga, en Knútr konúngr flýði til Jótlands.

*Frá konungum.*

108. Í þenna tíma var unnin Jórsalaborg af heiðnum mönnum, ok komu þá sendiboð af Evgeníó páfa, at menn skyldu krossast til Jórsalaferðar, ok berjast við heiðna menn; ok í þeirri ferð varð Konráðr keisari. En er þessi tíðendi komu til Danmerkr, þá vildi hvártveggi konunganna vera í þeirri ferð, þvíat svá hafði páfinn fyrir mælt, ok heitit því af guðs hálfu, at hvern maðr skyldilaus af öllum sínum syndum, þeim er hann hafði til skripta borit, hvat sem hann hafði hendt, þegar hann var krossaðr til útferðar, ok fyrri skyldi önd hans í himinrifki, enn [blóð hans<sup>2)</sup>] væri kaldt á jörðu, ef hann létist í þeirri ferð. Konungarnir mæltu nú til sætta á milli sín með enna beztu manna ráði, ok settu þeir gisla milli sín til trúnaðar; setti Sveinn konúngr Ólaf glugg, en Knútr konúngr Nikulás skata<sup>3)</sup>; ok fara síðan báðir konungarnir til Dubbin<sup>4)</sup>, ok kom Knútr konúngr fyrri með sinn her í Vizmar höfn, en Sveinn konúngr kom með Fjónbúum ok Sjólendíngum ok Halandíngum ok Skanúngum. Þar komu til þeirra

<sup>1)</sup> Slángaphorp, *S.*    <sup>2)</sup> líkaminn, *S. C. F.*    <sup>3)</sup> skara, *C.*

<sup>4)</sup> Dúbim, *F.* Dubrín, *S.*

Suðrmenn, þeir er berjast vildu við heiðna menn fyrir guðs sakir. Sveinn konúngr hafði týnt skipi sínu einu ok öllu því sem á var; bæði mönnum ok fè; þá bauð Knútr konúngr at gefa honum annat skip með öllum reiða, utan menn. Sveinn konúngr vildi þat eigi piggja, ok raufst þá útferðin konunganna, fóru þeir þá heim, þvíat hvárgi vildi svá frá fara ríkinu, at annarr væri eptir, ok gengu þá aptr gislarnir. Sveinn konúngr var þá á Skáni, en Knútr konúngr fór af Jótlandi til Sjólands. Þá er Sveinn konúngr var á Skáni, tók hann Áskel erkibiskup með valdi, ok hafði í gislíngum um stund. En er Sveinn konúngr spurði, at Knútr konúngr var kominn til Sjólands með her, þá flutti hann her af Skáni til Sjólands í móti Knúti konungi, ok fundust þeir við Þorsteinsþorp, ok börðust þar, ok fékk Sveinn konúngr sigr, en Knútr konúngr flýði til Jótlands. Valdimarr Knútssón var öðlíngr, sem fyrr var sagt, ok hafði ríki á Jótlandi, hann kom til liðs með Sveini konungi, ok kom hann eptir orrostu. Síðan fór Sveinn konúngr eptir Knúti konungi til Fjóns, ok bauð honum sættir; en er hann kom til Óðinseyjar, þá andaðist þar <sup>1)</sup> ráðgjafi hans, föðurbróðir Absalons, er síðan var erkibiskup; hvarf Sveinn konúngr þá aptr fyrir þær sakir, ok var þann vetr kyrr í Sjólandi. Eptir þat kom Rípa-Ulfr til ráðuneytis við Svein konung ok þettleifr

<sup>1)</sup> *Ukliga Ebbi.*

Eðlarson ok Yngvarr kveisa, ok óx mjök óvin-sæld hans við þat. Svá sögðu Danir, at Eiríkr konúngr eymuni heitaðist at gjöra Dönum allt hið illa, en Sveinn konúngr son hans lètigjöra; hann kölluðu Danir Svein svíðanda, þvíat hann var við allt fólk harðr ok grimmr. Hann rèð Plög svarta föðurbana sinn, en Yngvarr kveisa drap hann. Penna tíma kom Einar prestr Skúlason til Danmerkr, hann orti kvæði um Svein konung, ok fèkk engi laun fyrir, þá kvað Einar vísu þessa:

Ekki hlaut af ítrum  
Einar gjafa <sup>1)</sup> Sveini,  
öld lofar öðlungs mildi  
æðra stygs <sup>2)</sup>, fyrir kvæði;  
danskr harri metr dýrra,  
dugir miðlung <sup>3)</sup> þat, fiðlur,  
ræðr fyrir ræsis auði  
Rípa - Úlfr, ok pípur.

Dá er Sveinn konúngr hafði verit um vetrinn á Sjólandi, sem fyrr var sagt, þá bauð hann her út um várí, ok fór til Jótlands á hendr Knúti konungi. Valdimarr var þá með Sveini konungi. Knútr konúngr var þá í Heiðabæ, ok safnaði liði um Jótland, þegar hann frétti til Sveins konúngs; þeir hittust við Vebjörg, ok varð þar orrosta, ok fengu þeir Sveinn konúngr sigr ok Valdimarr, en Knútr konúngr flýði til Álaborgar, ok þaðan

<sup>1)</sup> gjafir af, C. S. V.    <sup>2)</sup> styrks, C. S. V.    <sup>3)</sup> undlaun C. miðlaun, S. V.

norðr í Noreg til Konúngahellu, ok þaðan fór hann upp í Ljóðhús. Hann fann í Gautlandi Sörkvi Kolsson<sup>1)</sup> mág sinn, hann átti Rikizu, móður Knúts konungs, ok beiddi hann liðsafla. Sörkvirkonúngr bauðat fá honum ríki í Svíþjóðu, þat er hanu mætti vel halda sik við; en hann kveðst mundu taka þat ríki, er Knútr konúngr átti í Daninörku; en Knútr konúngr vildi þat eigi. Síðan fór Knútr konúngr austr í Garðarsíki, ok þaðan austan; hann fór þá suðr í Rauðstokk<sup>2)</sup> til móðurbræðra sinna, ok vildu þeir eigi at hann væri þar, þvíat þeir æthluðu at hann mundi vilja hafa ríkit undan þeim. Síðan fór Knútr konúngr suðr í Brimrar<sup>3)</sup> á fund Harðvígs erkibiskups, en hann fylgði honum í Brúnsvík á fund Heinreks hertoga, sonar Konráðs<sup>4)</sup> keisara, ok tók han við Knúti konúngi; þá var Konráðr keisari andaðr, en Friðrek var þá keisari. Knútr konúngr efldist at liði í Saxlandi, ok fór með Suðrmanna-her til Jótlands. En er Sveinn konúngr spurði þat ok þeir Úlfr, at Knútr konúngr var kominn til Jótlands, þá söfnuðu þeir her í móti, ok hittust við Geitsbekk<sup>5)</sup>; þar var myrlendt, er þeir fundust, ok máttu þeir eiginast til. Þar var Valdimar kunnigt, ok vissi hann vað eitt, ok reið þartil; þá runnu í móti honum 4) Suðrmenn, ok lögðu til hans allir senn; hestrinn viknaði við, er þeir lögðu tveir framan í brjóstit, þá lögðu

<sup>1)</sup> Karlsson, K. <sup>2)</sup> Raudstork, F. Rödstokk, C. <sup>3)</sup> Brinsvik, S. F. C. <sup>4)</sup> Konráðs, C. <sup>5)</sup> Getzbekk, C.

áðrir tveir í mótt aptan í lendina, ok réttist þá upp hestrinn; þá komu at menn Valdimars ok svá fleiri Suðrmenn; þá hjó Valdimarr til Fólkráðs greifa, svá at hann fèll af hestinum; komu þá til menn Valdimars, ok drápu greifann. Eftir þat varð hörð orrosta ok eigi löng, áðr Knútr konúngr flýði, en þeir Sveinn konúngr ok Valdimarr fengu sigr. Knútr konúngr for þá aptr enn til Saxlands, ok dvaldist þar litla hríð, þá fór hann til Fríslands, ok gaf þar hverjum manni hálfa örtug vegna af því gjaldi, er þeir áttu at gjalda konúnginum í Danmörk, til þess at þeir hældi hann þar í móti Sveini konúngi, ok því jáðu þeir honum, ok gjörðu þar borg mikla við á, þá er Mildin<sup>1)</sup> heitir, ok kölluðu hana Mildinborg. En er Sveinn konúngr spurði þetta, dró hann þegar her saman, ok fór til Heiðabæjar, hann hafði skipalið, ok dró þar skipin fra Slètti yfir til Hylínstaða<sup>2)</sup> á Fríslandi; varð þar orrosta mikil, áðr hann fengi unnit Mildinborg; þar varð svá mikil mannfall, at menn gengu þurrum fótum yfir ána Mildin á mannabúkum. Sveinn konúngr fèkk þar sigr, en Knútr konúngr flýði þá enn suðr í Saxland til Heinreks hertuga af Brúnsvík, ok dvaldist þar um stund.

*Fra keisara ok Sveini konúngi.*

109. Í þenna tíma sendi Friðrekr keisari Sveini konúngi orð, ok bauð honum til sín með vináttu. En er Sveinn konúngr kom til keisar-

<sup>1)</sup> Mild, c.    <sup>2)</sup> Hilmínstaða, s. v.

ans, þá rauf keisarinn trú sína við Svein konúng, ok neyddi hann til at gjörastsér handgenginn. Þá kom þar til keisarans Heinrekr hertugi ok Knútr konúngr; þá gjörðu þeir keisarinn ok hertuginn sætt með þeim Sveini konungi ok Knúti konungi, ok skyldi Knútr konúngr vera undirmaðr Sveins konúngs, ok hafa Sjóland til forráða. Þá bað Sveinn konúngr, at Valdimarr skyldi gánga í trúnað fyrir hann, at þessi sætt hélðist, þvíat Knútr konúngr hirði ekki, hverju Sveinn konúngr hét, ok kallaði hann ekki efna mundu, þat er hann hét, ok vildi konúngr eigi sættast, nema Valdimarr gengi í trúnað þenna fyrir Svein konúng. Þá mælti Valdimarr: eigi vilda ek, at þú beiddir mik þessa, frændi! Þvíat ek em eigi vinr Knúts konúngs; en þó ef þú heldr eigi þá sætt, er ek em viðbundinn, þá mun mér mislíka, em ek þá ok þegar skildr við þín mál. Sveinn konúngr bað hann gánga í trú fyrir sik, ok sagðist allvel mundu sættina halda, en kvað hann at heimilu skyldu skiljast við sín mál, ef hann ryfi sættina. Síðan varð þat at lyktum, at Valdimarr gekk í trúnað með Sveini konungi, ok fóru síðan heim til Danmerkr. En er þeir komu heim, þá rauf Sveinn konúngr þegar sætt við Knút konúng, ok kallaði sína eign öll þau konúngsbú, er voru í Sjólandi. Þá krafði Knútr konúngr Valdimar sinnar trúar, at þat hélðist, er mælt var. Valdimar bað Svein konúng gjöra svá vel, at hann hélði sætt þá, er

hann var í bundinn við Knút konung; en Sveinn konungr kvað þá sætt eigi mega haldast, ok bað at þeir skyldu þá gjöra aðra sætt, ok þat var gjört. Þá fekk Knútr konungr Apa<sup>1)</sup> sýslu á Jótlandi ok 6 hérað<sup>2)</sup> í Sjólandi, ok 6 hérað á Skáni; en Valdimar gekk þá enn í trú fyrir Svein konung, þvíat Knútr konungr kvað þessa sætt eigi mundu betr haldna af stundu enn ena fyrri. Sveinn konungr bað þá enn Valdimar sþbindast, ok kallaðist þessa sætt mundu halda, er við hans samþykki var gjör, en kvaðst mjök nauðugr hafa verit at játa öllu því, er keisarinn vildi vera láta: þá er ek stóð fyrir knjám honum. Gekk þá enn við þat saman sætt þeirra um sifðir, at Valdimar skyldi skildr við Svein konung, ef hann ryfi enn þessa sætt. Þessi sættarfundr var í Vebjörgum. Eptir þetta gipti Knútr konungr Valdimar<sup>3)</sup> Súffsu<sup>4)</sup> systur sína sam-mædda, hún var dóttir Valadars<sup>5)</sup> konungs af Polína<sup>6)</sup> landi; hérmeð gaf Knútr konungr Valdimar þriðjung af allri sinni eign til vináttu ok heilla sátta. Kristofórus hét son Valdimars, hann var frilluson; Tófa hét móðir hans.

*Fra Sveini konungi.*

110. Sveinn konungr bauð út leiðangri enn næsta vetr eptir sætt þeirra Knúts konungs ok Valdimars, ok vildi herja í Svíaríki. Hann

<sup>1)</sup> aptr., S. V.

b. p. S.

<sup>2)</sup> bú, S. V. C.

<sup>4)</sup> Sophiu, C.

<sup>3)</sup> Knútssyni,

<sup>5)</sup> Valadraugs, S.

Valadraggs. C.

<sup>6)</sup> Pólónia, C.

sendi boð þeim Knúti konungi ok Valdimar, at þeir færí með honum, en þeir vildu eigi fara, þvíat Sörkvir konúngr átti Rikizu, móður þeirra Knúts konungs ok Súffiu. Síðan fór Sveinn konúngr til Svíþjóðar, ok vann þat ríki af Svíakonungs veldi, er heitir Verandi, þat eru 5 hèruð, en eitt biskupsriki; í því biskupsriki eru [6 kirkjur ens 6ta tigar <sup>1)</sup>]. Ok annat ríki vann hann, þat er Finneiði heitir, þat eru 3 hèruð, er svá heita: Austbú, Suðrbú, Vestbú; þessi ríki ok hèruð liggja næst Danakonungs veldi. Í þeirri ferð var drepinn Nikulás dotta <sup>2)</sup>). Síðan fór Sveinn konúngr héim, en menn hans voru eptir í Hallandi í Farðhúsum, ok voru þar höfðingjar fyrir þeir Karl ok Knútr. En er þeir Gautar spurðu þetta, þá fóru þeir ok tóku hús á þeim, ok drápu þegar kertissveinana, þá er útkomust; síðan voru menn þar handteknir; þá hjuggu þeir Gautar vök á ísi, ok söktu þeim þar í; en friðr hélzt enn þann vetr með þeim Sveini konungi ok Knúti konungi. En at sumri fóru þeir Knútr konúngr ok Valdimar með skipaliði til Sjólands, ok láu við Sundbý <sup>3)</sup>; en Sveinn konúngr var þá í Róiskeldu, ok líkaði honum eigi ferð þeirra, þvíat hann var fáliðr fyrir; en þeir fóru at öllu sem spakligast, ok gjörðu sik til einskis ófriðar likliga. Þá sendi Sveinn konúngr menn til þeirra, ok var

<sup>1)</sup> 10 tigukirkna, s. V. C.    <sup>2)</sup> detta, s. V. C.    <sup>3)</sup> Sundbú, s. V. C.

komit á stefnulagi, at þeir skyldu finnast. Reið Sveinn konúngr þá út til þeirra, ok festi þá enn trú sína ok sætt, þá sem fyrr hafði verit, ok skildust sáttir. Fóru þeir Knútr konúngr þann sama dag til Jótlands, en Sveinn konúngr fór aptr til Róiskeldu. Um morguninn eptir barðist Sveinn konúngr við Vindr við Kálflunda, ok fækki sigr, ok drap marga menn. En stóð sættin enn þat ár með þeim Sveini konungi ok Knúti konungi. Svein konung ánggraði þat mjökk, at þeir Knútr konúngr ok Valdimar voru svá vel sáttir, ok töluðu þeir þettleifir Eðlarson ok Rípa-Úlfr þat jafnan fyrir Sveini konungi, at hann leitaði nokkurra bragða í, at taka þá báða senn af lífi með nokkurum svíkræðum, ef hann fengi eigi náð þeim öðruvífs, ok kölluðu hann svá fremi mundu stýra einn öllu Danaveldi í frelsi. Sveini konungi felli þetta allvel í eyru. Ok eitt sinn spurði hann, at þeir voru báðir mágar í Rípum, Knútr konúngr ok Valdimar. Fór Sveinn konúngr þá skyndiliga af Skáni, ok hafði allmikit lið, en hann spurði at þeir voru fámennir fyrir, ok ætlaði nú at taka þá báða; en þeim kom njósn um ferðir hans ok fyrirætlun, ok skildust þeir. Fór Knútr konúngr þaðan til Vebjarga, en Valdimar til Heiðabæjar. En er Sveinn konúngr spurði þetta, þá vendi hann aptr sömu leið; ok þegar þeir spurðu at hann var aptr horsinn, þá buðu þeir út liði. Sveinn konúngr

safnaði ok liði í móti, þeim Skánúngum ok Sjálandsfórum, er honum vildu fylgja, ok var hann þá í Róiskeldu, er þeir láu í Lýngbý í Valburs<sup>1)</sup> héraði, ok láu þeir þar svá 7 nætr, at þeir börðust eigi. Þá skildust Skánúngar við Svein konung; ok er hann fann þat, at þeir flýðu frá honum, þá treystist hann eigi at standa í móti þeim Knúti konungi ok Valdimar, ok flýði í braut um nótt, ok suðr til Falstrs, ok eigi nam hann fyrr stað, enn hann kom til Landesbergs<sup>2)</sup> til Konráðs margreifa mágs síns, ok var þar 3 mánuði.

*Scett konunga.*

111. En á þeirri stundu, er Sveinn konúngr var á brotta, þá lét Valdimar taka sik til konúngs, ok voru allir til þess búnir, þvíat hann var allvinsæll maðr. Þeir létu þá vígja sik báðir senn til konúnga, Valdimar ok Knútr konúngr mágr hans. Ok á þeirri stundu heimti Knútr konúngr festarmey sína ofan af Svíþjóðu, dóttur Sörkvís konúngs. En meðan Knútr konúngr var uppi í Svíþjóð, þá kom Sveinn konúngr í Danmörk ok Heinrekr hertugi, ok voru 14 nætr í landinu; þeir komu svá fram- arla í landit til Sumarstaða á Jótlandi. En er þat spurði Valdimarr konúngr, þá fór hann með þat fólk, er hann fèkk í Sjólandi, ok kom til Fjóns, ok fór yfir Fjón til Meðalfararsunds, en þar var illa fært yfir sundið fyrir ísum, ok

<sup>1)</sup> Valbý's, S. Valbýrs, C.

<sup>2)</sup> Esbergs, C.

komst hann á báti yfir með 18da mann, ok fór hann þegar norðr á Jótland, ok safnaði liði. Sveinn konúngr ok Heinrekr hertugi fengu frétt til hans, ok vildu eigi biða hans, ok flýðu, ok fóru þat 2 daga aprí, er þeir höfðu 14<sup>1)</sup> daga þángat farit. En er Valdimar konúngr spurði þat; lét hann lið sitt heim fara, en hann dvaldist á Jótlandi um vetrinn, ok beið svá Knúts konúngs. En er Sveinn konúngr hafði skamma hríð verit á Saxlandi, þá leiddist honum þat, ok fór hann þaðan til Vindlands, ok gaf Vindum fè til þess, at þeir flytti hann til Fjóns. En er þeir Knútr konúngr ok Valdimar spurðu þat, þá buðu þeir þegar út leiðángri ok lieldu til Fjóns. Fjónbúar flýðu frá Sveini konungi, ok vildu eigi fylgja honum, ok fóru þegar til þeirra Knúts konúngs ok Valdimars með öllu fè sínu ok konum ok börnum, þvíat aðr höfðu allir nauðgir geingit undir Svein konung. Sá þá Sveinn konúngr öngan sinn kost vænna, enn at leita sætta við þá konungana, ok sendi hann þá menn til þeirra, ok beiddist griða til tals ok sætta umleitanar. Varð þá komit á stefnulagi með þeim; á þeirri stefnu bað Sveinn konúngr, at Valdimar konúngr skyldi einn gjöra með þeim, þannig sem hann vildi, ok kvaðst því skyldu vel una, sem hann vildi vera láta, ok kveðst góðs eina at honum vænta, ok bað hann skipta landinu með þeim, sem honum likaði. En Valdimar konúngr kveðst

<sup>1)</sup> 12, s. V. C.

vildu eiga ráð um þetta við ena vitrustu menn ok ena beztu, er til væri í landinu, en hann lèzt ekki mundu svá skjótt grípa á slíku, en bað Svein konung búa á meðan á Falstr. Sveinn konúngr spurði, hvert ráð gjöra skyldifyrir lidi hans meðan, kveðst eigi mega fæða fólkis á svá litlu landi, ok bauð þeim konúngunum, at þeir skyldi taka við mönnum hans, ok halda, þartil er sættin yrði samið; ok því játuðu þeir. En Sveinn konúngr hét því við guðs vitni ok manna, at hann skyldi eigi koma á braut af Falstr á þeirri stundu, fyrr enn sættin væri samið ok uppsögð milli þeirra, ok öngva menn til sín taka, fyrr enn þeir væri sáttir.

*Landsskipti.*

112. Nú stefndu þeir Valdimarr konúngr ok Knútr konúngr til sín öllum þeim mönnum, sem vitrastir <sup>1)</sup> voru í Danmörk, til umráða um landsskiptið. En þegar Valdimarr konúngr ok Sveinn konúngr höfðu skilit, þá sóttu þegar til Sveins konungs allir menn hans, ok þegar hann fekk traust af þeim, ok hann þóttist hafa nokkurn afla, þá var hann ófljótari til sættarstefnu, sem mælt var, ok var Sveinn konúngr þá tregr at láta þá sett vera, er fyrr hafði hann beitt, en þósá hann at hann mátti enn eigi annað gjöra, enn láta svá vera, sem þeir vildu, fyrir liðsafla sakir; var þat þá samit, at Valdimar skyldi skipta með þeim landinu, ok svá kjosa,

<sup>1)</sup> mestir, C. S. F.

ok því játuðu þeir Knútr konúngr ok Sveinn konúngr. Valdimar lagði í einn hlut Jótland ok útlönd, þau er þar liggja til; þá lagði hann í annann stað Skáni ok Halland, Bleikíng<sup>1)</sup> ok Borgundarholm<sup>2)</sup>; í þriðja stað lagði hann Sjóland ok Fjón, Erri<sup>3)</sup> ok Falstr, ok þau lönd er þar liggja til. Valdimar kaus Jótland<sup>4)</sup>, en Sveinn konúngr hlaut Skáni ok þau lönd, er þar voru tilnefnd; en Knútr konúngr hlaut Sjóland<sup>5)</sup> ok Fjón; ok þótti öllum Valdimarr konúngr sýna enn mikinn drengskap við Svein konúng í þessari sættargjörð, þvíat mönnum þótti Sveinn konúngr hafa fyrirgjört landi ok láði. Síðan lögðu þeir Valdimar konúngr ok Knútr konúngr saman sín lönd; en þeir svörðu allir konungarnir við guð ok allan helgan dóm, at þessi sætt skyldi haldast, ok sá skyldi í banni af pávanum ok öllum biskupum ok lærðum mönnum, er þessa sætt ryfi.

*Sett grið með konungunum.*

113. Eptir þessa sætt konunganna bauð Knútr konúngr Sveini konungi heim með sér til Róiskeldu, ok Sveinn konúngr þá heimboðit, ok mæltu þeir konungarnir allir með sér til ens bezta vinfengis. Þeir Valdimarr konúngr ok Knútr konúngr riðu fyrir báðir, ok bjöggu veizluna í móti Sveini konungi; en svá var mælt, at þeir skyldu ríða í móti Sveini

---

<sup>1)</sup> Bleikíng, *S. F. C.*    <sup>2)</sup> Borghólm, *S. F. C.*    <sup>3)</sup> Eiri, *S. F. C.*    <sup>4)</sup> Sjóland, *C.*    <sup>5)</sup> Jólaland, *C.*

konungi til Hrígstaða, ok skyldu þeir þar finnast allir konúngarnir; ok nú mælti Valdimarr konúngr til Knúts konúngs, at þeir mundu ríða í móti Sveini konungi, ok bjóða honum til veizlunnar, er fyrir var búin. Knútr konúngr svaraði ok kvað þat eigi sitt ráð, at þeir færí báðir á fund Sveins konúngs, svá at hann ætti vald á þeim, ok sagði at honum var grunr enn á, hversu trúr Sveinn konúngr mundi vera: eru þeir nú ok þar með honum ráðgjafar hans, er jafnan fýsa hann ens verra, Þettleifr Eðlarsson ok Rípa-Úlfr ok Ýngvar kvésa <sup>1)</sup>, ok vilda ek lítinn trúnað eiga undir honum, ætla ek at honum líki sættin illa, ok muni hann eigi halda þessu betr enn þær, sem hann hefir fyrrum rofit. Gef ek þat ráð til, segir Knútr konúngr, at þú ríðir í móti honum, ok menn með þér, en ek mun [ríða til meðan <sup>2)</sup>], ok halda saman liði til varúðar <sup>3)</sup>), ok vænti ek at þá hlýði, at eigi muni Sveinn konúngr því treystast, at taka annann okkarn svá at lífi, at annarr sè eptir til hefnða; mun hann heldr hins á leita at ná okkur báðum senn. Valdimar svaraði: eigi mun Sveinn konúngr frændi svá vandr maðr vilja vera, at búa um nein svikræði við okkr, ok gremja svá guð at sér ok alla góða menn, ok mun hann at vísu vel halda þessu sætt, ok svíkja öngan mann í griðum þessum ok svardögum,

<sup>1)</sup> kveisa, C. . <sup>2)</sup> reiða til bords á meðan, C. <sup>3)</sup> varð-veizlu, C.

sem yfirstanda; en þó skulu þér þessu ráða, mágr! sem yðr líkar; ok svá gjörðu þeir, at Valdimarr konúngr reið í móti Sveini konungi; ok er hann kom til Hríngstaða, var Sveinn konúngr þar fyrir, ok hafði fjölmenni mikit, voru hans menn allir brynjaðir ok svá járnaðir, sem á eina físmöl sei; hafði Sveinn konúngr gjört ráð sitt, ok ætlaði at drepa þá báða, ef hvártveggi hefði komit. Ok er Valdimar sá, hversu fyrir var búi, þá kom honum í hug, at Knútr konúngr mundi eigi þessu fjærri getit hafa, bað menn sína þá riða at fram djarfliga, ok láta ekki finna ótta á sér. Ok er þeir fundust, spurði Valdimarr, hví þeir væri svá brynjaðir. Sveinn konúngr sagði, at hann hefði spurt, at þeir Knútr konúngr vildi eigi um heilt búa við hann: eðr hví er hann nú eigi hér? Vilda ek ok svá gæta lífs míns ok minna manna, ef þér byggjið um [nokkurn skoll<sup>1)</sup> við oss. Valdimarr svaraði: eigi munum vér svíkjá þik, frændi! en gæti hverr sín, at hverr búi um heilt við annann, þvíat miklu heldr vil ek láta líf mitt enn rjúfa svardaga mína, slika sem viðliggja, ok vér bundum með oss. Sveinn konúngr kvað svá vera mundu, kveðst ok ekki öðru vildu trúa, þótt honum hefði annat sagt verit. Síðan riðu þeir til Róiskeldu báðir, er Knútr konúngr var þar fyrir, ok var þar veizla en virðuligsta, ok voru þeir allir konúningarnir um nöttina í góðum

<sup>1)</sup> nokkur svík, C.

fagnaði, ok var þá eð blíðasta með þeim. Sveinn konúngr hafði þángat fjölmenni mikit, ok voru þeir þar þá allir ráðgjafar hans.

*Frað svíkum.*

114. Annann dag eptir drukku þeir allir konúngarnir í einu herbergi, ok voru kátir. Menn Sveins konúngs höfðu torg ok skemtan, ok leika úti hjá herbergjunum, ok drifu menn þángat til or herbergjunum, er áleið daginn, ok þótti mönnum þat kátara, enn at sitja einart við drykkinn; var þá fátt manna í herberginu, nema þeir konúngarnir; þá komu þar inn menn Sveins konúngs, Þettleifr Eðlarsson ok nokkurir menn aðrir, ok báknuðu <sup>1)</sup> til Sveins konúngs. Hann stóð upp í móti þeim, ok tölnudust þeir við litla hrifð ok þó leyniliga; síðan gekk Sveinn konúngr út með þeim, hann gekk í liús eitt, ok byrgði sik þar, en Þettleifr ok Tóli Hemíngsson <sup>2)</sup> ok Yngvar kveisa ok aðrir virktamenn Sveins konúngs snéru þá aprí til herbergissins, þar er þeir Valdimarr konúngr sátu fyrir ok Knútr konúngr. Valdimarr konúngr lèk at skáktafli við annann mann, en Knútr konúngr sat í pallinum hjá honum; ok er þeir Þettleifr gengu í dyrnar, laut Knútr konúngr til Valdimars konúngs, ok kysti hann. Valdimarr konúngr sá eigi af taflinu, ok spurði: hví ertu nú svá blíðr, mágr! Knútr konúngr svaraði: vita muntu þat brátt. Sveins menn þustu

<sup>1)</sup> vankuðu, C.    <sup>2)</sup> Hemingssynir, S.

þá inn hvern at öðrum ok allir alvâpnaðir, þeir brugðu þegar sverðunum. En er Valdimarr konúngr sá þat, hljóp hann upp, ok vafði skikkjunni um liönd sér, er hann hafði yfir sér, þvíat þeir voru våpnlausir inni, þvíat engi vissi ófriðar væn. Valdimarr konúngr hljóp upp ok fram á gólfstír fyrst allra manna sinna; hann stiklaði svá hart upp á Þettleif, at þeir felliðir báðir utar fyrir dyrnar; þá hjó Tóli Hemfingsson til Valdimars konúngs, ok kom þat högg á lærit, ok var þat svöðusár ok ekki hættligt; hann varð ok sár á Þumalfíngri. Ok er menn Valdimars konúngs sá, at hann var fallinn, þá lögðust þeir á hann ofan, ok voru þar saxaðir, en Valdimarr konúngr komst við þetta undan. Þá komst Þettleifr á fætr, ok hjó þegar öfgri hendi til Knúts konúngs, ok varð þat högg svá mikil, at hann klauf allt höfuðit til hals, ok var þat hans banasár. Annarr maðr veitti ok Knúti konúngi áverka, sá er Hjálmsviðarr<sup>1)</sup> hét. Knútr konúngr felli í einn skorstein; segja Danir hann helgan.

115. En Absalon, er síðan var erkibiskup, hafði eigi verit í herberginu, þá er þessi tíðindi urðu, en hann var maðr Valdimars konúngs, ok honum kærastr allra manna. Absalon var allra manna hvatastr ok våpndjarfastr. En er þessi tíðindi spurðust, þá leitaði liverr sér lælis þangat, sem vænast þótti, þeirra manna,

<sup>1)</sup> Hjálmsviðr, s. Hjálmsviðar, c.

er verit höfðu með þeim konúngunum, þvíat þat var fyrst ætlan manna, at konúngarnir hefðu láttizt. Absalon vildi eigi undan léita, þvíat hann hugði at Valdimar konúngr væri fallinn, en hann vildi eigi við hann skilja; hann gekk þá inn í herbergið, voru þeir þéttleifr þá í brottu, ok vildi hann vita, ef hann fyndi nokkut konúnginn Valdimar annadhvárt lífs eða dauðan, en Valdimar konúngr var þá í brottu; hann tók þá skinn sín, er hann hafði á herðum sér, ok lagði undir höfuð Knúti konúngi, þar sem hann lá á gólfinu, ok spurði ef konúngr væri lífvænn, ok sagði at hann mátti þá undan komast, en hann mátti þá ekki mæla, ok andaðist í knjám honum. Konstantín hèt einn ríkr maðr af liði þeirra Valdimars konúngs ok Knúts konúngs, hann var þar inni í herberginu, hann bað Absalon hjálpa sér, ef hann mætti. Absalon svarar: hvat má ek þér hjálpa meir enn þú mér? Þá bað Absalon Konstantín gánga til þeirra dyranna, er ekki var fólkít fyrir úti, ok skolu við nú gánga út jafnsnemma. Svá gjörðu þeir, ok gekk Absalon þar út, sem flestir voru menn fyrir Sveins konúngs, ok stóðu allir með brugðnum sverðum fyrir dyrunum, ok ætluðu at drepa hann; en Asley<sup>1)</sup> frændi hans var þar úti fyrir, ok er hann kendi hann, þá mælti hann, at jafnskjótt sem nokkurir gjörði honum grand, kveðst hann þann skyldu höggva;

<sup>1)</sup> Asgeir, S. V. Asleyr, C.

Hann var maðr Sveins konúngs, ok komst Absalon í bræt við þetta. Þeir þettleisfr þektu, er Konstantín hljóp út, ok þeir fóru þegar eptir honum, ok drápu hann. Þetr þenja hét sá maðr, er at mestu liði kom Valdimar konungi eptir líflát Knúts konúngs, hann fækki þeim hesta, ok riðu þeir til Ramsjóvar <sup>1)</sup>, ok var Absalon þar fyrir ok Þetr mágr hans, ok varð þar enn mesti fagnafundr; riðu þeir þaðan allir samt til Búaþorps, ok fundu þar enn nokkura sína menn; þaðan riðu þeir til Freysmosa <sup>2)</sup>, þar kom í móti þeim Ásbjörn snara, bróðir Absalons, ok tók hann allvel við þeim, ok bauð þeim styrk slíkan, sem hann mátti veita þeim; hann fækki þeim skip at Víkingavöðum, ok fóru þeir þar yfir sundit, ok fengu allmikinn storm, ok komust þó með heilu til lands; en þat sama kveld fórust 600 Vindaskipa við Jóluhólma <sup>3)</sup>.

*Fra Valdimari konungi.*

116. Valdimarr konúngr var nú kominn til Jótlands, ok kærði sín vandræði á Vebjarga þingi, ok þat morð, er Sveinn konúngr hafði gjört á Knúti konungi; hann sýndi þar ok sár sín, at honum var slíkr kostr ætlaðr, ef eigi hefði guð bannat; hann krafði sér liðs, ok tjáði mönnum, hver nauðsyn honum var á höndum; en allr lýðr hljóp upp með kalli, ok sögðust

<sup>1)</sup> Bramsjóvar, S. V. Hramsjóvar, C.      <sup>2)</sup> Preysmosa, C.

<sup>3)</sup> Jólhólma, C.

allir honum fylgja vilja, ok töldu þetta eð versta verk, sem var, er Sveinn konúngr hafði vinna látit. Síðan bauð Valdimarr konúngr út leið-ángri, ok hafði mikit lið; hann lét þá skipin, ok safnaði þá liði á landi. Sveinn konúngr fór þá til Vebjarga, ok bað sér þar liðs, ok ætlaði hann at taka þar Valdimarr konúng höndum, en hann var þá í Randárósi, ok beiði þar liðs síns. Þá reið Ásbjörn snara eptir Sveins mönnum, er hann frétti til ferða þeirra, ok mætti þeim er undan riðu, ok tók af þeim priggja manna våpn, en drengirnir komust undan, ok fundu Svein konúng við Kornúngar<sup>1)</sup>, ok sögðu honum látsitt, ok kölluðust eltir hafa verit, ok komiðt nauðuliga undan. Konúngr lét illa ysir því, ok dvaldist þar þá nött, ok ámælti mjök mönnum sínum, sagði at þeir þyrði öngra skamma at reka, þótt þeir væri barðir eða eltir, ok kveðst þar vanda menn á mat ala, er þeir várū. Ásbjörn snara reið á fund Valdimars konúngs, ok sagði honum at Sveinn konúngr lá við Kornúng<sup>2)</sup>. Valdimarr konúngr fór þá yfir Randáróssbrú, ok vildi þá enn eigi berjast, þvíat hann beiði þá enn liðs þess, er honum var ván til síns. En er Sveinn konúngr kom til Randáróss, þá hafði Valdimarr konúngr látit skjóta af brúnni, ok mátti þá eigi ysir ána komast, ok varð því ekki af orrostunni.

<sup>1)</sup> Kornveg, *S. F.* Kornúng, *C.*

<sup>2)</sup> Kornveg, *S. F.*

117. Þetta eð sama haust eptir Mikjálsmessu <sup>1)</sup> kom Valdimarr konúngr liði sínu þar sem heitir Graðarheiðr <sup>2)</sup>, þat er skamt suðr frá Vebjörgum; vissi hann þá at Sveins konúngs var þángat ván með miklu herliði, ok brátt mundi fundr þeirra verða með einhverju móti; hafði þá hvártveggi frítt lið ok mikit. Valdimarr konúngr tók þeim orrostustað, ok skutu <sup>3)</sup> þar landtjöldum sínum; eptir þat snæddu menn ok hvíldu sik, ok lagðist Valdimarr konúngr til svefns, ok er hann var sofnaðr, dreymdi hann, at hann þóttist sjá enn helga Knút lávarð föður sinn, ok mælti við hann: hér liggr þú, son minn! sagði hann, ok ert mjök ótafullr um skipti ykkar Sveins konúngs, hvern veg fara munu; ver hraustr enn, sagði hann, Þvíat þú hesir góð málezni í ykkrum deilum; hygg at nú vandliga, hvat ek segi þér, son minn! Þvíat þetta er ekki fals, er fyrir þik ber: þá er þú vaknar, muntu sjá hvar hrafн einn flýgr, ok þat skaltu vandliga hugsa, hvar hann sezt, Þvíat þar skaltu skipa fylkíng þína, sem hrafninn nemr stað, ok mun guð þér sigr gefa.

118. Eptir þetta vaknar Valdimarr konúngr, ok stóð upp, ok hugsaði draum sinn; hann sá hvar hrafн einn flaug, svá sem honum hafði verit tilvisat. Síðan skipaði Valdimarr konúngr

<sup>1)</sup> Michaelismessu, C.

<sup>2)</sup> Grandar heiðr, C. Grundarheiðr  
S. F. alstaðar.

<sup>2)</sup> Grandar heiðr, C. Grundarheiðr

<sup>3)</sup> þannig C. slúngu, M. K.

þar hermönnum sínum, ok setti þar fylking, ok bjóst til orrostu. Þá sá þeir ok, hvar fór lið Sveins konúngs, hann hafði þá ok mikit lið, ok sótti þangat á heiðina til þeirra, ok fylkti hann ok sínu liði. Rípa-Ulfr bar merki fyrir Sveini konungi; ok er þeir voru búnir til bardaga, þá æptu hvártveggju heróp; eptir þat gengu saman fylkingar, ok tókst þar bardagi, ok varð hörð orrosta ok laung; var þat lengi at ósýnt var, hvárir sigr mundi fá. Valdimarr konúngr var á hesti, ok barðist alldjarfliga; hann reið þar at með mikla sveit manna, er fyrir var merki Sveins konúngs, ok varð þar allhörð orrosta, áðr Rípa-Ulfr fèll, ok merkit varð niðrhöggvit. Eptir þat kom flótti í lið Sveins konúngs, en sjöldi fèll þar á vígvellinum. Sveinn konúngr reið undan, ok skipti búningi við klérk einn, ok fèkk honum hestinn ók våpnin, ok bað hann ríða undan, sem mætti hann, ok hestrinn gæti farit, en konúngrinn dvaldist eptir, ok varð fánginn í runni einum. Þetr þenja kendi hann, ok mæli: hvi fari þér nú svá lágt, herra? Þá hljóp at Gvenmarr <sup>1)</sup>Ketilsson, ok drap hann, ok fèll þar Sveinn konúngr svfðandi. Í þessi orrostu fèll Yngvar kvésa, er drepit hafði Plög svarta. Eptir þat lét Valdimarr konúngr taka Þettleif Eðlarson, ok brjóta í hjóli. Þat sagði Atli Sveinsson, at hann sái meiðingar manns þess, hann var þar þá í Danmörk.

<sup>1)</sup> Kveinar, c

119. Eptir orrostu þessa þá fækki Valdimarr konúngr einvald yfir öllu Danaveldi; var þat þá gjört með ráði allra landshöfðingja; hann var enn vinsælasti konúngr; þá voro 9 vetr liðnir frá andláti Eiríks konúngs ens spaka, en einn vetr frá drápi Knúts konúngs eymuna <sup>1)</sup> Magnús-sonar. Í þenna tíma andaðist Özur biskup <sup>2)</sup>, en Absalon, bróðir Ásbjarnar snöru, var vígðr til biskups í stað hans, þvíat Absalon var enn bezti klerkr ok vitr maðr, ok varð hann síðan hinn mesti höfðingi. Valdimarr konúngr sendi orð um allt land sitt hinn næsta vetr eptir orrostu á Graðarheiði, at leiðángr skal úti vera at våri, ok hann ætlar at fara til Vindlands at kristna landit, ef guð vill þess auðit láta verða. Til þessar ferðar rèðust með konúnginum margir höfðingjar; þar var enn fyrsti maðr Áskell <sup>3)</sup> erkibiskup ok Absalon <sup>4)</sup> biskup af Róiskeldu, er mestr hermaðr hefir fæddr verit einhverr í Danaveldi; þar var Kristoforus, son Valdimars konúngs; Gvenmarr <sup>5)</sup> Ketilsson, Pétur Þenja, Ásbjörn snara, bróðir Absalons biskups, ok Íngimarr <sup>6)</sup>. Þessi her kom allr saman undir ey Þeirri, er Mön <sup>7)</sup> heitir suðr frá Sjólandi <sup>8)</sup>, þar fengu Þeir andviðri mikit, ok lágu því þar til þess, at eigi var meir eptir enn 7 náttu vist öllum hernum. Þá kallaði

<sup>1)</sup> tekkit af C. <sup>2)</sup> erkibiskup, C. sem bætir þessur við: en Askell varð erkibiskup eptir hann. <sup>3)</sup> Absalon, S.

<sup>4)</sup> Ásbjörn, S. <sup>5)</sup> Guemar, C. Gveinar, F. <sup>6)</sup> Ingummar, C. <sup>7)</sup> Möm, C. <sup>8)</sup> Jólandi, C.

Valdimarr konúngr saman ráðgjafa sína, ok leitaði ráðs við þá, hvat upp skal taka. Absalon biskup svaraði ræðu hans: í gær var færiveðr, ok svá hinnt fyrra dag var fullgott veðr at fara, ok lágut þér þá, ok vildut hvergi fara; en ef þér skulut kyrrir vera, þá fært er, eðr fara þá at eins, er yðr þykkir bliðast, þá er yðr ekki hent í slíkum starfa at vera, ok er þá at snúa heim leiðangri þessum. Konúngr reiddist við þetta frýjuorð, ok sagði svá: at eigi skal hann aptrsnúa, meðan hann fær vist til at fæða herinn. Um morguninn eptir sagði konúngr, at í brott skyldi leggja; reyru þeir þá allmikinn storm, ok var konúngr á skeið med Áskeli <sup>1)</sup> erkibiskupi, ok losnaði hún í sundr í storminum, en Valdimarr konúngr fleygði sér á skip Íngimars, ok með sverði ok merki, ok þótti þat allvel farit; þar varð borgit mönnum, en fè týndist. Þeir fóru til Héðinsseyjar <sup>2)</sup>. Þá gekk konúngr á skip Absalons biskups, ok lagðist niðr ok svaf; en Gvenmar <sup>3)</sup> Ketilsson sendi hann ánjósnum kveldit til lands, ok fekk hann tekit njósnarmenn Vinda, fór síðan aptr, ok mætti konungi suðr frá Héðinsey <sup>4)</sup> þar á firðinum. Gvenmar sagði konungi, at hann hefði náð njósnarmönnum Vinda. Síðan tóku þeir Vindland <sup>4)</sup>, ok var þar móða ein; þeir skiptu liðinu til landgaungu, fór konúngr upp öðrum megin árinnar, en Absalon biskup

<sup>1)</sup> Absalon, *V.*      <sup>2)</sup> Héðinseyjar, *C.*      <sup>3)</sup> Gvenmar, *S.*  
Gveimar, *C.*      <sup>4)</sup> Kúrland, *C. M.*

öðrum megin, ok vissu hvârigir til annara; brendu þeir þá bygðir viða hvârumtveggja megin árinnar, ok fóru svâ til skipa sinna, ok hlóðu 6o skipa af fë, er þeir höfðu fengit at herfângi. Eptir þat sôr Valdimarr konúngr heim í ríki sitt, ok sat heima þann vetr eptir. En um vårit sendi Íngi konúngr af Noregi Valdimar konungi dreka einn fríðan. Þat sumar sôr Valdimarr konúngr enn til Vindlands, ok í þeirri ferð lesti hann drekann, en konúngr fór upp at Guðakursá <sup>1)</sup>, ok átti þar orrostu við Vindahöfðingja, þann er Mjúklátr hét. Friðleifr lið son hans, hann varð fânginn af Dönum í hinum syrra leiðangri, ok var hann nú með konungi ok var kristinn. Þeir börðust við borg þá, er Urk heitir, Valdimarr konúngr fèkk þar sigr, en Mjúklátr flýði, ok fèll síðan. Danir tóku höfuð hans, ok stegldu við trè eitt þar hjá borginni; sôr Valdimarr konúngr þá til skipa sinna. Þá spurði hann, hverr höfðingja hefði hraustleik til at riða í Brúnsvík, ok bera eyrendi sitt til Heinreks hertuga, sonar Konráðs keisara; hann átti dóttur Heinreks Englakonúngs, ok voru þeirra synir Ottó keisari ok Heinrekr valdsgreifi ok Villjálmr digri, en Geirþrúðr dóttir. Þeirrar ferðar voru menn ófúsir, þvíat þar varð til at fara um Vindland í hendr fjandmönnum sínum. Absalon biskup bauð konungi at fara þessa ferð. Konungr játar því. Biskup sôr við 6o manna, ok

<sup>1)</sup> Gundarkursá, s.

Friðleifr Mjúklátssón með honum til leiðsagnar; þeir ríða nú þar hjá borginni, er höfuð Mjúkláts var á staurnum, þá feldi Friðleifr tár, er hann sá þat, ok sagði at honum væri þess ván at svá tækist, er hann vildi eigi sönnum guði þjóna. Þeir komu þá til Heinreks hertuga <sup>1)</sup>), ok var þeim þar vel fagnat; dvöldust þeir þar um stund, ok luku eyrendum sínum, ok er þeir fóru í brott, bauð hertoginn þeim lið tilfylgðar. Biskup kvað eigi mundu þess þurfa. Riðu þeir af Brúnsvík snemma dags, ok voru allir herklæddir; þeir riðu svá fram um völlu nokkura; þeir höfðu grun á, at liðsafnaðr mundi vera um bygðina. Þá mælti Friðleifr ok sagði, at þar hefði faðir hans verit dreppinn: ok ef þér verðit teknir, þá farit þér Danir slíka för, sem þér létuð hann fara, ok er þat nú hverjum manni bezt, at selja sik sem dýrast. Biskup þakkaði honum sín orð, ok sagði slikt mælt drengiliga. Þeir riðu um bygðina kveðandi um daginn, ok létu ekki mjök finna á sér ótta. En sem landsmenn sáu ferð þeirra, hugðu þeir at hertugans menn væri, er svá riðu glaðliga. Komu þeir biskup til skipa með heilu ok höldnu; sat Valdimarr konúngr þá ok las saltara, ok varð feginn biskupi ok hans mönnum.

120. Um morguninn sigldi konúngr austr fyrir Vindland til Svöldrar, þar lágu fyrir Vindr með miklu liði; þeir flýðu þegar, er þeir sáu

<sup>1)</sup> keisara, C.

segl Danakonúngs <sup>1)</sup>; lagðist þá á <sup>2)</sup> byr; konúngr sendi Kristofórum son sinn til at brenna hèraðit á Vindlandi, er Valúng heitir, ok bað þá eigi fyrr uppríða, enn allr herinn kvæmi upp í landit. Þeir Kristofórus voru heldr fljótir í brennunni. Ok er Vindr sáu brennuna, Þeir er á skipunum voru, ok áðr höfðu flúit, röru Þeir sem skjótast til, ok ætluðu at koma á úvart Dönum, ok í því sáu Þeir, hvat Valdimarr konúngr fór með suman herinn, viku Þeir þá enn undan sem skjótast, svá at Danir gátu eigi [náð Þeim <sup>3)</sup>]; lögðu Danir síðan till hafnar ok tjölduðu; ok er tjaldat var konungsskipit, kom þar Áskell <sup>4)</sup> erkibiskup ok sagði svá: alltiðvirkir eru þér, Danir! er [þér grafið <sup>5)</sup>] þá, fyrr enn Þeir eru dauðir. Konúngr spyrr, hví hann mælti svá? Erkibiskup svarar: Þvíat ek sé ad vèr liggi-um hér lengi um eyjar ok útsker, áðr vèr vinn-um hér jafnmikinn sigr, sem vèr lètum í þessu bráðræði, ok fylgir sjaldan ráð rasi. Síðan fóru Þeir til skipa af áeggjan erkibiskups, ok röru yfir móðu nokkura, er þar var, ok hleyptu þar upp á land hestum, ok brendu þar allt fylki, þat er þar liggr fyrir ofan Strælu, ok láu þar um nöttina; en um morguninn eptir fóru Þeir á Falongi, ok brendu hèraðit, ok ætluðu heim eptir þat. En á enni næstu nótt eptir komu Rængjar eptir

<sup>1)</sup> C. komúngr, K. með hvíldarmerki á undan, en engu á eptir.

<sup>2)</sup> C. við K.      <sup>3)</sup> C. farit þú, A.      <sup>4)</sup> C. S. V.

Eskell, A.      <sup>5)</sup> C. S. V. Þeir grafa, K.

þeim við Masnes, þeir byggja þat liðrað á Vindlandi, er Re heitir, þat er mikil liðrað ok ríki. Dómaburr hét höfðíngi þeirra, hann talaði um sættir við Dani, en erkibiskup beiddi þá gánga til handa Valdimar konungi, ok setja honum gisla. Þá ræð Dómaburr erkibiskupi ráð, ok sagði svá: Þú ert úngr maðr, ok veizt óglögt, hvat verit hafir; kref oss eigi gisla, ok herja eigi land vårt; far heldr heim, ok halt jafnan frið við oss, þar til er yður lönd eru jafnvel bygð, sem nú eru vår lönd, þvíat yður lönd liggja mörg auð ok óbygð; hafir yðr því betr at hafa frið enn ófrið. Þá svaraði erkibiskup: ek veit at Valdimarr konúngr vill gjarna hafa þitt ráð, ok þat er mér vel at skapi; far nú heim, segir erkibiskup, ok seg svá Rængjum, at vér beiðum þá eigi fyrri gisla, enn þeir bjóða oss. Síðan fór Dómaburr heim, en Valdimarr konúngr lagði her sínum til hafnar þeirrar á Re, er Skaparödd heitir, ok gengu upp með öllu liðinu til þess staðar, er Arkún heitir, þann stað hafði unnit Eiríkr eymuni, sem fyrr er ritat í bókinni; þar komu Rængar í móti Valdimar konungi með ógrynni hers, ok héldu við hann orrostu; í þeirri orrostu fæk Valdimarr konúngr sigr, en af Rængum felli 500 þúsunda, en þeir flýðu, er eptirlifðu. Danir fóru þá til Héðinseyjar, ok er þeir voru þar, komu Rængar til þeirra, ok settu þeim 4.<sup>1)</sup> gisla,

<sup>1)</sup> 7, C. S. F.

ok játuðu því öllu, er þeir beiddu. Eptir sigr þenna fór Valdimarr konúngr heim í ríki sitt. En enn næsta leiðángr, er Valdimarr konúngr röri <sup>1)</sup> eptir þenna, þá héltn Hann til Strælu; þá reið Absalon biskup á land upp, ok átti þíng við bændr, bauð biskup þeim at fara til Valagust <sup>2)</sup> með konungi ok veita honum lið, ok Rængar gjörðu sem hann bauð, ok fóru með konungi, ok höfðu mikit lið, ok lögðust í Kúaviz <sup>3)</sup>. Þar komu þeir af Valagust í móti þeim, ok settu konungi gisla, ok játuðu honum hlýðni, ok fór herinn heim aprí siðan. En ena næstu ferð, er Valdimarr konúngr átti, fór hann til Grænasunds, þvíat Rængar vildu þá rjúfa sætt, þá er fyrr var gjör við Valdimar konung; en þat bar til þess, at þeir höfðu á þeirri stundu gengit undir Heinrek hertuga af Brúnsvík, ok sett honum gisla, þvíat Heinrekr kallaði sitt ríki allt um Valagust, hann hafði ok herjat á Rænga. En er Rængar spurðu at Valdimarr konúngr var kominn til Grænasunds, ok ætlaði at herja á þá, þá fóru þeir til konungs fundar, ok gáfust þá af nýju upp á hans vald, ok fór Valdimarr konúngr við þat heim. En er þetta spurði Heinrekr hertogi, gaf hann konungi sakir á, er hann hafði tekit gisla af Valagust ok herjat á Rænga, þvíat hann kallaði þá sína menn. Sendi hann þá sína menn á fund Val-

<sup>1)</sup> gjörði, C.      <sup>2)</sup> Valagaut, C.      <sup>3)</sup> Knaur, S. F.; Kvauz, C.

imars konúngs, ok bað hann bæta þat, er hani hafði herjat land hans, en at öðrum kosti lèzt hann mundu hefna, ok fara með her til Danmerkr. En meðan sendimenn voru í ferðinni, þá höfðu Austrvindr úti her óvígan, ok fóru á þat ríki, er hertuginn átti í Vindlandi, ok brendu þat, en fólk allt var drepit. Heinrekr hertugi kendi þessi ráð Absalon biskupi, en hann var þó þess óvaldr; en er hertuginn vissi þetta til sanns, þá sendi hann þegar menn í annat sinn norðr í Danmörk á fund Valdimars konúngs, ok bað hann þá sætta, ok þat með at hann skyldi herja með honum til Vindlands. Valdimarr konúngr játaði þessu, þvíat þeir af Valagust höfðu þá enn rosið sættina við hann. Þetta vor eptir buðu þeir út leiðangri, Valdimarr konúngr af Danmörk ok Heinrekr hertugi af Saxlandi, ok herjuðu í Vindland, ok kom hertuginn með her sinn þar, sem heitir á Dímin<sup>1)</sup>, ok settist þar um borg eina, en landsmenn söfnuðust saman, ok vildu verja land sitt, ok riðu eina nótta á menn hertugans, ok drápu þar um nótta 2) greifa af hertuganum, hét annar Aðalbrikt, en annar Heinrekr, ok marga aðra göfga menn; þar fèll hálf 5ta hundrað manna af liði hertugans, en margt varð sárt, en allt annat fólk flýði, þat er því kom við. Vindr ráku skamt flóttann, ok [lögðust á 2) valinn, ok rausuðu, ok flettu menn bæði várnum

<sup>1)</sup> Dunvi, C.

<sup>2)</sup> ráku, C. flettu, S. V.

ok klæðum. En er lýsa tók, ok Suðrmenn sjá, hvat Vindr höfðust at, þá riðu þeir aptr, ok børðust við þá, ok komu þeim á flóttu. Eptir þat vann Heinrekr hertugi borgina, ok drap þar ótalligt fólk af Vindum. Valdimarr konúngr fór í annan stað með her sinn til Valagust, ok settist þar um borgina, en Vindr báðu þá konúnginn sætta, ok gáfust á hans vald, ok settu honum gisla, ok um nóttna eptir flýðu þeir af borginni, svá at konúngr varð eigi var við. En er Valdimarr konúngr vissi þat, þá skipaði hann borgina sínum mönnum, ok fór síðan út að á nokkurri, ok til brúar þeirrar á ánni, er heitir Dunzarbrú <sup>1)</sup>). Um morguninn eptir kom Heinrekr hertugi frá Grozum, ok fór hann þegar á skip með Valdimar konungi, ok undraðist hertuginn hví þeir konúngriðan máttu svá mikil sigla. Þá fór allt með þeim með blíðu, ok þá mælti Valdimarr konúngr til mægðar við hertugann fyrir hönd sonar síns, ok því játti hertuginn; þá gáfu þeir saman börn sín, er þá lágu í vöggu, hét sveinninn Knútr, son Valdimars konúngs, en mærin frú Geirþrúðr. Um morguninn eptir röri Valdimarr konúngr til Stólpss, en Heinrekr fór til Dímin <sup>2)</sup>, ok braut niðr alla borgina ok brendi. Þá fór Valdimarr konúngr aptr til brúarinnar, þar kom til hans Kassamar, er þá var herra á Vindlandi, ok setti honum gisla, ok gjörðist hans maðr; en Valdi-

<sup>1)</sup> Dimarbrúr, S. 7.    <sup>2)</sup> Dimum, S. F. Dunum, C.

marr konúngr fèkk honum 2 hluti af Valagust at gæta, en Þriðjúng fèkk hann Rængum. Síðan fór konúngr til Strælu, ok átti þar tal við lið sitt; þá gaf hann Knúti syni sínum konúngsnafn með ráði Absalons biskups ok annarra höfðingja, hann var þá vetr gamall. Hann<sup>1)</sup> fór þá heim til Danmerkr. [En enn næsta leiðangr er Valdimarr konúngr röri, þá fór hann fyrst til Rænga, ok þá var brendt Analöng; varð þa enn Absalon biskup skjótastr ok Eylendingar, svá at þeir biðu konúngsins 7 nætr við Héðinsey, ok fóru þaðan heim.

121. En er vetrinn leiðaf, bauð Valdimarr konúngr enn út leiðangri, ok fór til Rænga, ok lögðu upp á Strælu við blótlund einn, er heitir Bóku<sup>2</sup>), ok brendu þar allt ok bældu, en tóku fólk ok fè, ok fóru til skipa með; ok þá lögðu þeir upp á annann veg á Valung, ok brendu þar, ok foru þaðan til Víkr, ok brendu landid allt til torgs þeirra. Þaðan röru þeir til Héðinseyjar, ok lágu þar 2 nætr ok hvíldust. Þá bað konúngr Absalon biskup fyrri fara, en konúngr ok Jótar lögðust þá upp við Strælu; en er rökkva tók, röri biskup upp með sínu liði fram um konúnginn til Parez<sup>3)</sup>, ok reið síðan upp til borgar þeirrar,

<sup>1)</sup> Valdimarr konúngr, C. S. V.      <sup>2)</sup> I þessum leiðangri höfðu Danir í burtu verið í 3 vetr, ok höfðu brendt Auðlaung; var þá enn Absalon biskup fremstr sem jafnau, ok þeir Eylendingar með honum. Kap. En er 2 vetr vornt liðnir frá leiðangri þeim, er nú hefir verit frá sagt, fór Valdimar konúngr til Strælu, ok kom í blótlund eins, er heitir Bóku, C.      <sup>3)</sup> Paris, S. V.

er heitir Garðs <sup>1)</sup>, enn þar komu Vindr í móti þeim, ok ræðu þegar til orrostu við biskup, ok börðust við vatn eitt; þar varð mikil orrosta ok mannfall mikit, ok hafði biskup sigr, enn þar fèll af Vindum 1100 <sup>2)</sup> manna, en einn maðr af biskupi, en tveir menn fórust á kafi af biskupsmönnum, er reyndu sund með sér fyrirkapps sakir. Síðan reið biskup út til skipa sinna, en er þeir hleyptu hestunum út á skipin, þá kom Valdimarr konúngr þar, ok spurði hvat þeir hefði sýslat, en biskup sagði honum. Konúngr þakkaði fögrum orðum sigr þenna, ok fara síðan allir samt til Strælu. Eylendingar höfðu nú fengit hlutskipti mikit, en Jótar lögðu þar öfund á, ok sögðu at Eylendíngar fengu alls, en Jótar mistu, en þeir þorðu þó eigi at mæla þetta, svá at konúngr heyrði. Eptir þat fór konúngr með herinn til Ásund, ok herjaði þar; þar drápu þeir höfðingja þann, er Dalemarr hét, ok tóku þar fólk allt ok fè, ok fórusiðan til Héðinseyjar. Þar komu Ræingar til móts við konúng, ok báðu sér myskunnar, ok settu honum gisla, ok gáfu honum skatta slíka, sem hann kvad á, ok játuðu konúngi hlýðni. Fór konúngr heim til Danmerkr eptir þetta.

122. Valdimarr konúngr gaf Kristofóró syni sínum ríki á Jótlandi; hafði hann hertug-adóm í Heiðabæ ok þat ríki sem þar fylgir; hann var ríkr maðr. Valdimarr konúngr hafði jafnan starfsamt, meðan hann ræð ríkinu; hann hafði

<sup>1)</sup> Gaz, c.    <sup>2)</sup> 500, c.

8 leiðángra til Rænga, áðr hann vann landit. Einn vetr um föstu fór Kristofórus hertugi ok Absalon biskup til Svöldrs <sup>1)</sup>, ok brendu þar allt upp til Tribuzis, svá at þat lá audt margavetr síðan; þá lágu þeir 20 nætr veðrfastir í ánni Svöldr <sup>2)</sup> í óveðri miklu, ok fengu síðan byr, ok fóru heim. Eptir þetta stóð kyrt 3 <sup>3)</sup> vetr, áðr Ræingar rufu enn sætt, þá sem fyrr var gjör. Þá bauð Valdimarr konúngr enn út leiðángri, ok fór til Ræinga, ok kom þar at hvítasunnudegi <sup>4)</sup> ok vann borgina Arkún, er fyrr var nefnd. Þá kom til Valdimars konúngs Tetizlafr <sup>5)</sup>, er var konúngr þeirra, ok Jarmar <sup>6)</sup> bróðir hans, ok allir hinir beztu menn af Ræingum, ok gáfu þá landit ok sjálfa sik í vald Valdimars konúngs, ok báðu hann gjöra af slíkt, er hann vildi. Þá bauð konúngr þeim at taka við kristni, þvíat þar var jafnan heiðit, síðan þeir köstuðu aprí kristni, þá er Eirískr konúngr eymuni lét skíra þá, þá er hann vann borgina Arkún, sem fyrr var sagt, þeir sögðust nú gjöra vilja, sem konúngr beiddi ok Absalon biskup. Þá kvaddi konúngr til Sóna Ebbason ok menn með honum, at gánga í borgina Arkún, ok til hofs þess, er þar var, ok bað hann höggva niðr goðit, er Svantaviz <sup>7)</sup> hét, ok draga þat út af borginni, en ræna hofit öllu, því er fémætt var; en þeir er fyrir våru í borg-

<sup>1)</sup> Svanlands, V. Svavllands, S.    <sup>2)</sup> Söldr, C.    <sup>3)</sup> 7. C.

<sup>4)</sup> hvítadrottinsdag, C. S. F.    <sup>5)</sup> Tettslafr, S. V. Terislafur, C.    <sup>6)</sup> Farmarr, C.    <sup>7)</sup> Svaraviz, C.

inni þorðu ekki at draga hann út, ok híræddust þeir mjök reiði hans. Þá gekk til Sveinn biskup ok Sóni Ebbason, ok hjuggu niðr goðit; síðan lögðu þeir reip um háls honum, ok neyddu Rænga sjálfa at draga hann út; en er hann kom út, undruðust allir heiðingjar, er hann mátti. Þá ekki hjálpa sjálfum sér, ok trúðu minnr á hann enn fyrr. Þá gengu menn til, ok klufu hann í sundr, ok brendu hann undir kötlum sínum; sáu þá Ræingar at þeir voru svíknir, ok trúðu ekki á hann síðan. En Absalon biskup ok allir lærdír menn kristnuðu fólk, ok skírðu 1500<sup>1)</sup> einn dag, ok fóru svá þaðan, at þeir játuðu konungi hlýðni ok svá biskupi. En um morguninn eptir fóru þeir konúngr til þess staðar, er Karenz<sup>2)</sup> heitir, ok lét hann þar höggva niðr 3<sup>3)</sup> skurðgoð, er svá hétu: Rinvit<sup>4)</sup>, Turupið<sup>5)</sup>, ok Puruvit<sup>6)</sup>; en skurðgoð þessi gjörðu svá mikil undr, at þegar ef nokkr maðr átti samlag við konu innan borgar, þá loddu þau saman sem hundar, ok eigi losnuðu þau, fyrr enn þau komu út af borginni. En þann dag, er þessi skurðgoð voru brend, þá kristnuðu þeir 900<sup>7)</sup>, ok vígðu 11 kirkjugarða. Þar tóku þeir mikit fè af goðunum, gull ok silfr, silki ok pell ok guðvef, ljálma ok sverð, brynjur ok allskonar vopn.

<sup>1)</sup> 1600, C. S. V.    <sup>2)</sup> Karonz, C.    <sup>3)</sup> 6, M. S. V.

<sup>4)</sup> Rinvit, C. S. F.    <sup>5)</sup> Turuput, S. F. Turupit, C.

<sup>6)</sup> Puruvit, S. V. Puruvit, C.    <sup>7)</sup> 1095, C.

Eð 5ta <sup>1)</sup> goð hét Þizamarr, hann var á Ásund, svá heitir einn staðr, hann var ok brendr. Þá hét ok Tjarnaglófi, hann var sigrgoð <sup>2)</sup> þeirra, ok fór hann í herfarar með þeim; hann hafði kanpa af silfri, hann hélzt lengst við, en þó fengu þeir hann á 5ja vetrí þareptir; en þeir kristnuðu alls á landinu 5 þúsundir í þeirri ferð. Eptir þat fór Valdimarr konúngr heim ok Absalon biskup, ok allr herrinn.

123. Meðan Valdimarr konúngr lifði, þá voru reistar 11 kirkjur [á Ræng <sup>3)</sup>], ok vígði Absalon biskup þær. Þar er nú biskupsstóll í þeim stað, er Usna heitir, ok eru [nú í því biskupsríki <sup>4)</sup>] 50 kirkna ok 100. En síðan er Ræing var kristnað, þá kom Valdimarr konúngr ekki í leiðángr. En fyrir fè þat, er Valdimarr konúngr tók af Ræing, varð úsætt milli Danakonúngs ok Heinreks hertuga, þvíat hann kallaði Ræing sitt land vera, ok hann kallaðist fèið eiga. Bauð hann þá Austrvindum at herja á Danmörk. En er Valdimarr konúngr spurði þat, þá bauð hann Kristófóró syni sínum ok Absalóni biskupi, at þeir skyldu verja landit, en þeir vildu eigi á landinu viðtaka, ok buðu þeir út leiðángrí, einu skipi or hverju héraði í Danmörk. En er þeir voru úti á herskipunum, þá spurðu þeir, at Kúrir höfðu her úti, ok herjuðu á Bleikíng; þeir vissu þó eigi vist, hvárt

<sup>1)</sup> fjórða, S. V. <sup>2)</sup> höfuðgoð, C. S. V. <sup>3)</sup> við Reingar, V. á Rænga, C. <sup>4)</sup> 9 biskupsríki ok í einu, C. S. V.

Þetta var með sannleik, ok þótti þeim hér þurfa ráð við at gjöra, ok gjörðu þeir þat ráð, at Kristófórus ok Absalon biskup ok Ásbjörn fóru þángat, ok sigldu til Eylands; þar tóku þeir fè mikit ok svá menn; en er þeir komu til skipa sinna, þá spurðu þeir at Kúrir voru [fyrir innan<sup>1)</sup>], þá létu þeir laust þat fólk, er þeir höfðu þar tekit, ok hélđu þegar þángat, sem þeir voru, ok fundu þá við eina höfn, er heitir Járnloka. En er Kúrir vissu at her fór at þeim, drógu þeir upp skip sín, ok bjuggust við vörn á landi, ok ætluðu at Svíar væri. Einn maðr af Kúrum gamall sagði, at þat voru Danir: ok er ekki ráð at bíða, segir hann. Þá röri sá enn gamli maðr braut sínu skipi, en aðrir Kúrir lágu eptir á g skipum. Þá komu þeir Kristófórus með sínum her, ok ræðu þegar til bardaga við þá, ok fóllu þar allir Kúrir, svá at ekki manns barn komst undan, en 2 menn fóllu af Dönum. Síðan tóku Danir þar skip þeirra ok fè, ok fóru heim með, ok höfðu nú fengit mikinn sigr.

*Tekinn or jörðu enn heilagi Knútr.*

124. Þetta summar, at miðju sumri, var upptekinn úr jörðu enn heilagi Knútr lávarðr á Hríngstöðum, faðir Valdimars konungs, ok urðu þá enn fagrar jarteignir at hans heilagileik. En Knútr konúngr, son Valdimars konungs, var þá vígðr til konungs með ráði feðr

<sup>1)</sup> *pannig C. S. V. við Mön, K.*

síns ok samþykki allrar alþýðu í Danmörku; þá var hann fárra vетra gamall. Þá var ok gjör sætt milli Valdimars konúngs <sup>1)</sup> ok Magnúss Erlíngssonar, Noregs konúngs. Kom þá til Danmerkr Erlíngr skakki, faðir Magnúss konúngs, ok fann Valdimar konung í Randárósi, ok töludu þeir margt um mál Noregs konúngs ok Danakonúngs; þóttist Valdimarr konúngr eiga at telja til ríkis í Víkinni í Noregi, þvíat þat höfðu verit einkamál þeirra Valdimars ok Erlíngs, þá er Valdimarr konúngr veitti þeim feðgum styrk til Noregs af sínu ríki, at hann skyldi eignast Vikina austr; en frændseimi var mikil með þeim Magnúsi konungi ok Valdimar konungi. Móðir Valdimars konúngs var Íngibjörg <sup>2)</sup>, dóttir Haralds konúngs Valdimarssonar, sem fyrr var sagt, en systir hennar var Málmfríðr <sup>3)</sup>, er átti Sigurðr konúngr jórsala-fari, ok var þeirra dóttir Kristín, móðir Magnúss konúngs Erlíngssonar, ok er sagt frá skiptum þeirra Valdimars konúngs ok Noregs manna í sögum Noregs konúnga. En nú er Erlíngr kom til Danmerkr á fund Valdimars konúngs, þá gaf Valdimarr konúngr Erlíngi jarldóm ok [þat ríki með <sup>4)</sup>] til forráða, er hann þóttist eiga tiltölu til í Noregi; skildu þeir þá með sætt ok vináttu, ok héldu þat vel, meðan þeir lifðu. Þetta haust bauð Valdimarr konúngr út leið-

<sup>1)</sup> ok Heinreks hertuga, b. v. C. S. I<sup>r</sup>.      <sup>2)</sup> C. S. I<sup>r</sup>. Engilborg, K.      <sup>3)</sup> Málfriðr, S.      <sup>4)</sup> Vikina, C. S. I<sup>r</sup>.

ángri, ok fór til Jómšborgar ok til Steinborgar <sup>1)</sup>, þat er austarliga á Vindlandi. Konúngr fór í eitt sund lítit, ok ætlaði þar út at komast, þá sögðu Danir, at þeir þóttust komnir í einn sekk, ok sögðu at þetta var enn forsjá Absalons biskups ok ráðagjörð, ok kölluðu hann hafa komit sér í einn sekk ok í þann stað, er engi þeirra mundi braut komast: þvíat nú er herr á landi hjá oss, en skipaherr fyrir utan; hefir þetta þó eigi fyrri framkomit enn líkindi væri á, er þú hyggr at öngu öðru enn ákafa einum ok ágæti, ok þíkki þér æ sem alla vega muni hlýða; en þóat þú sert bardagamaðr mikill ok kenpa, þá er þó eigi víst, hvárt þú mátt sjálfum þér allt ætla en ekki öðrum, þótt þér hafi svá gengit um hríð. Þá svaraði Absalon biskup allhægliga: með því at ek hefi komit yðr í vändan stað, þá skal ek ok frelsa yðr frá vandanum; en slik ummæli vil ek eigi optar heyra; þvíat vér skyldim hafa karlmanns hjarta enn eigi konu, ok egum vér fyrir því at vera ókvíðnir, ok mælast eigi illa um, þótt eigi þíkki jafnan blítt eitt fyrir liggja; nú mun ek fyrst fara ok mitt lið, ok misnu ráði skolu þér enn fylgja; en ef þér sjáið, at vér komust út um sundið, þá skulu þér bregða viðskjótt, ok hleypa upp hestum á landit, ok riða með fylktu liði at landhernum, ok sjám hvat atgjörist <sup>2)</sup>; ok svá var gjört, sem biskup gaf ráð til. Vindr höfðu

<sup>1)</sup> Steinborgar, C.    <sup>2)</sup> C. athafi, M. K.

mikinn her manns fyrir bæði á landi ok á skipum; en fyrr enn skipaherr Vinda var viðbúinn, þá röri biskup út at Þeim, ok æpti þegar heróp <sup>1)</sup>, en allr skipaherrinn flýði, sá erfyrir lá, ok þorðu eigi at berjast við hann; en þeir er á hestunum voru, riðu til borgarinnar, ok fundu Vindr þar fyrir, ok réðu til bardaga við þá; kom þá ok til fulltíngs við þá Absalon biskup, er hann fèkk önga viðtöku af skipahernum; snöri þá skjótt mannfalli uppá Vindr, svá at á lítilli stundu drápu þeir 60 <sup>2)</sup> hundraða manna, en annat flýði; þeir tóku þar margt fólk, ok fluttu til skipa sinna. En um morguninn eptir kom einn maðr riðandi til þeirra af landi ofan, ok lèzt vildu leita um sættir fyrir liönd landsmanna, en hann fór raunar með falsi ok svikræðum, ok lèt Absalon biskup taka hann, ok hafði af honum sannar sögur; síðan var hann í varðhaldi biskups 4 nætr, en þá leysti [son hans hann út <sup>3)</sup>] 100 mörkum silfurs. Eptir þat fóru Danir heim, ok er Absalon biskup sigldi norðr til Eyrarsunds, lá hann í Hylju-mynni <sup>4)</sup> með 6 skipum; þat var 7 nóttum fyrir allra heilagra messu; þeir biskup láu 3 skipum við mynnit, en önnur 3 voru uppi fjörut; en fóttu, meðan biskup las óttusaung, þá komu þar at Þeim 9 Vindaskip, ok öll ærið stór, ok réðu þegar til bardaga við þá, ok er þeir höfðu

<sup>1)</sup> átti við þá vopna skipti, C. S. F. <sup>2)</sup> réttara mun 9, nfl. IX fyrir LX. <sup>3)</sup> hann sik, C. <sup>4)</sup> Hylju hinni minni, S. F. C.

litla hrifð barizt, lögðu Vindr á flóttu, tóku Danir af þeim eitt skip, en 8 komust undan. Síðan fór biskup heim, ok koin heim 7 nöttum síðar. En at sumri eptir var enn leiðangri útboðit, ok skyldi liðit hittast at Grænasundi; þar kom Áskell erkibiskup með Skánungum, ok þar kom Absalon biskup með Sjólendungum, ok Kristóforus með sitt lið; þeir fóru síðan til Bramnes <sup>1)</sup>, ok brendu þar allt; þar kom í móti þeim greiði einn, er Hyrningr <sup>2)</sup> hét, til bardaga við þá, ok hafði lið mikil, ok var mikill bardagamaðr, en þó kom hann brátt á flóttu, ok var margt drepit af honum, en sumt handtekit. Síðan fóru Danir til skipa, ok fundu Valdimar konúng við Geitisey, ok sögðu honum frá ferðum sínum; þá öfundiðu Jótar þetta, ok sögðu at Sjólendíngar fengu fè allt, en þeir þóttust missa. Þá fór konúngr til Strælu með lið sitt, ok [reið þar upp til Tribúzis ok Atripiðen <sup>3)</sup>] ok brendu víða landit, ok unnu borgina, en drápu fólkiað, tóku þar fè, ok fóru heim síðan.

*Fra Valdimari konungi.*

125. Í þenna tíma bjó Heinrekr hertugi af Brúnsvík ferð sína af landi út til Jórsala; en áðr hann færi, þá sendi hann orð Absalóni biskupi, at hann skyldi fara í móti frú Geirþrúði dóttur hans, er Knútr, son Valdimars konúngs, skyldi fá, en Absalon biskup var þá sjúkr, ok

<sup>1)</sup> Brunes, C. S. V.    <sup>2)</sup> Hringr, S, Hringr, F.    <sup>3)</sup> réðu þarlí, C. S. F.

mátti eigi fara, ok þótti hertuganum þat illa. En um vetrinn móti jólum sendi Heinrekr hertugi hana til Heiðabæjar, ok sendi brèf Absalóni biskupi, ok sagði svå, at öngvum manni í Danmörk treystist hann betr enn honum. Síðan sendi Valdimarr konúngr menn í móti henni, ok tók við henni sœmiliga. En Heinrekr hertugi fór út til Jórsala, ok heim úr Þeirri ferð. En er så vetr leið af, bauð Valdimarr konúngr enn liði út, ok fór til Vindlands ok inn á Plazmynni að Gorgasjám, ok brendi þar allt. Eptir þat fór Valdimarr konúngr til Burstaborgar, ok sat þar um lengi; en þar lauk svå, at borgarmenn gáfust í konungs vald, ok gáfu honum fè til sätta, ok settu honum gisla. Fór konúngr heim eptir þetta í ríki sitt. Stóð þá kyrtnokkúra hrifð. Penna vetr eptir fèkk Knútr konúngr frú Geirþrúðar, dóttur Heinreks hertuga; ok í Penna tíma andaðist Kristófórus, son Valdimars konungs; ok í þann tíma gaf Áskell erkibiskup upp sitt ríki, ok bað Absalon biskup taka við erkibiskupsdæminu; en hann vildi fyrir öngan mun við taka; en síðan tóku þeir Valdimarr konúngr ok Áskell <sup>1)</sup> erkibiskup hann með valdi, ok settu hann nær hálf nauðgan í sæti erkibiskups, ok gáfu honum erkibiskups naðn. En um vårit eptir í föstu þá fór Áskell erkibiskup í þann stað, er Klerivás <sup>2)</sup> heitir, þat er eitt ríkt munkaklastr, hann andaðist múnkr;

<sup>1)</sup> Eskell, K.

<sup>2)</sup> Klerivas, S. F. Klervias C.

hann sat nokkura vetr at stóli í Lundi. Valdimarr konúngr spurði þat, at Vindr gjörðu borgir 2 í Flatzmynni <sup>1)</sup>, meðan þeir voru sáttir, ok friðr stóð með þeim, þetta ánggraði mjök konúnginn ok alla Dani, þvíat þeir þóttust þá skilja, at Vindr vildu þá enn rjúfa sættina. Fóru þá sendimenn millum þeirra Valdimars konúngs ok Heinreks hertuga af Brúnsvík, at þeir skyldu hafa her úti, ok fara til Vindlands, ok finnast þar; fór hertuginn með sinn her til Dímin <sup>2)</sup>. Valdimarr konúngr bauð enn liði út af Danmörk, ok fór um Valagúst til Fúznon, ok herjaði, en fólkis flýði allt undan; en hann brendi 3 borgir Fúznon ok Vinborg <sup>3)</sup> ok Fúir <sup>4)</sup>. Þá fóru enn sendimenn í millum Valdimars konúngs ok Heinreks hertuga, at þeir skyldi finnast á Grozvin <sup>5)</sup>, þar kom Valdimarr konúngr, ok hélta stefnustað, þann er þeir höfðu mælt með sér, en hertuginn kom eigi. Síðan lagðist Valdimarr konúngr um borgina, er heitir Kotskógborg <sup>6)</sup>, hann lá um borgina um nóttina, en brendi hana um nóttina eptir, ok fór síðan til skipa sinna, ok skildist þar við ófrið. Síðan fór Valdimarr konúngr til Flatzmynnis, ok fór þar út. En borgir þær 2, er Vindr höfðu gjört, þá hafði flóð tekit þær um

<sup>1)</sup> Plazmynn, C. <sup>2)</sup> Dimun, S. Dánum, C. <sup>3)</sup> Vindborg, C. V. Vindberg, S. <sup>4)</sup> Fúer, C. <sup>5)</sup> Gásun, C. S. F. <sup>6)</sup> Kotskúgr, C. S. V.

vetrinn, ok brotið allar. Fór konúngr heim eptir þetta.

*Orðsending pása.*

126. Penna vetr eptir sendir Alexander pávi Absalóni erkibiskupi *pallium* ok *legationem* yfir Danmörk ok Svíþjóð ok yfir allt Gautland hvárttveggja, kom honum þat fyrir utan fē, en öngum kom fyrr, ok var hann vífðr um föstu. En er sá vetr var liðinn, þá bauð Valdimarr konúngr leiðángri út af allri Danmörk, ok kom liðið saman í Grænasundi. Þá vildi Valdimarr konúngr eigi fara lengra sjálfr, en bauð liðinu, at menn skyldi vera hlýðnir Knúti konungi, syni hans ok, Absalóni erkibiskupi, ok setti þá höfðingja yfir herinn, en hann vildi eigi or landi fara. Síðan fóru þeir til Valagust, ok brendu þar allt upp; þaðan fóru þeir til Usnu, ok brendu þar allt upp, ok svá borgina sjálfa ok allt, þat er bygt var; þá komu þeir Búrizleifr<sup>1)</sup> ok Kassamarr<sup>2)</sup>, er [hertugi var<sup>3)</sup>] austr á Vindlandi, á fund þeirra Knútskonúngs ok Absalons erkibiskups, ok báðu þá miskunnar, ok settu þeim gisla af öllum sínum löndum, ok gáfū konungi 1500 marka<sup>4)</sup>, en biskupi 500 marka<sup>4)</sup> til þess, at sú sætt skyldi standa, er fyrr var gjör við Vindr af hendi Valdimars konúngs, ok Vindr höfðu síðan sjálfir rofit; játuðu þeir þá friði öllum löndum þeim, er konúngr vildi eigi at

<sup>1)</sup> Burizlafr, C.    <sup>2)</sup> Kasabar, C.    <sup>3)</sup> hertugar voru, C.

<sup>4)</sup> gulls, b. v. C. S. F.

þeir herjaði; ok komu aprá á gda degi, frá því er þeir liðfðu á brott farit, [ok fundu konung á Mön. Hann undraði því þeir hefði svá skjótt farit<sup>1)</sup>; en þeir sögðu honum þau tildeindi, er gjörzt höfðu í þeirra ferð, ok færðu honum fè heim ok gisla; en konungr þakkaði þeim sína ferð.

*Andlát Valdimars.*

127. Eptir þetta liðu 5<sup>2)</sup> vetr, svá at leiðangri var eigi útboðit; en í þeim friði, er þá var, gjörðu Vindr borgir ok kastala, ok gjörðu mörg virki í landi sínu, þau er til landvarnar þyrfti. En er Valdimarr konungr spurði þetta, þá vissi hann, at Vindr vildu eigi betr halda þessa sætt enn enar fyrri, bauð hann þá út leiðangri snemma um várí; en er liðit kom saman í Grænasundi, þá tók Valdimarr konungr sótt, hann átti þá tal við lið sitt, ok bauð þeim at halda fram ferðinni sem áðr, ok setti enn Knút konung, son sinn, höfðingja yfir herinn ok Absalon erkibiskup, en þeir vildu eigi við hann skiljast, fyrr enn þeir vissu, hversu sótt hans skipaðist. Gaf Knútr konungr þá heimleyfi öllu liðinu með ráði Absalons erkibiskups. Valdimarr konungr andaðist af sótt þessi 2 nónas maji<sup>3)</sup>, hann var færðr til Hrингstaða; ok þar jarðaðr, ok var mjök harmdauði alþýðu um alla Danmörk. Þá hafði hann verit einvaldskon-

<sup>1)</sup> C. S. V. v. i' M. K.

<sup>2)</sup> likligena rættara 3.

<sup>3)</sup> manudagar, C.

úngr að allri Danmörk 6 vetr ok 20, en hann hafði [átt 8 ok 20<sup>1)</sup>] orrostur, á heiðnum löndum, ok brauzt æ við heiðinn lýð meðan hann lifði, ok vildi efla guðs kristni. Börn Valdimars konúngs ok Sússiu<sup>2)</sup> drotníngar voru þau Knútr konúngr ok Valdimarr gamli, er síðan var konúngr í Danmörk, er einuhverr hefir verit ágætastr konúngr híngat á Norðrlönd; með honum var Ólafr Þórðarson, ok nam at honum marga fræði, ok hafði hann margar ágætligar frásagnir frá honum. Engilborg<sup>3)</sup> var ok dóttir Valdimars konúngs Knúts-sonar, er átti Filippus Frakkakonúngr, faðir Löðves<sup>4)</sup> Frakkakonúngs, er vann Damfað. Önnur dóttir Valdimars konúngs var Rikiz<sup>5)</sup>, er átti Eiríkr Svíakonúngr Knútsson: Þeirra börn voru Firískr Svíakonúngr ok Engilborg<sup>6)</sup>, er átti Birgir jarl i Svíþjóðu: Þeirra börn voru þau Valdimarr Svíakonúngr ok Eirískr ok Rikiz, er átti Hokon úngi Noregs konúngr. Þriðju dóttur Valdimars konúngs átti Vilhjálmr<sup>7)</sup> digri, son Heinreks hertuga af Brúnsvík, bróðir Ottu keisara. Kristóforus hertugi var ok son Valdimars konúngs ok Tófu, sem fyrr var sagt, hann var launagetinn; hann andaðist 10 vetrum fyrr enn Valdimarr konúngr faðir hans.

<sup>1)</sup> 8, C.    <sup>2)</sup> Sóphíu, C.    <sup>3)</sup> Ingibjörg, C.    <sup>4)</sup> Höðvers, C. S. V.    <sup>5)</sup> Rikitza, V. Ríkitz, S.    <sup>6)</sup> Ingibjörg, C.    <sup>7)</sup> Valdimar, leiðrétt i V. Jyrir Hákon.

*Knútr tók konúngdóm.*

128. Eptir andlát Valdimars konúngs Knútssonar tók Knútr son hans ríki yfir allt Danaveldi, ok þjónuðu honum allir Danir. En er Friðrekr keisari spurði andlát Valdimars konúngs, þá sendi hann þegar menn til Knúts konúngs, bað hann vera sinn mann, ok halda af honum Danaríki. Þá ræddi Knútr konúngr þetta við Absalon erkibiskup, hverju hann skyldi um svara, ok við aðra ráðgjafa sína; en þeir rèðu honum, at hann skyldi svara vægiliga, ok segja svá: at keisarinn mætti vel gefa honum svá mikil vald, at hann yrði hans maðr, en fyrir Danmörk þyrsti hann ekki hans maðr at verða. Fóru þá sendimenn keisarans heim með þessum svörum Knúts konúngs. En meðan þessir menn voru í ferðinni, þá sendi Búrizláfr af Vindlandi sinn mann, er Príða<sup>1)</sup> hét, til keisarans, ok sagði honum kveðju sína, ok sagði, at hann mundi þat skjótt gjöra, at Knútr konúngr af Danmörk yrði maðr keisarans, eigi síðar enn fyrir jafn leingð. Keisarinn þakkaði honum orð sín, ok kysti sendimann, ok gaf honum hest góðan ok brynu, skjöld ok hjálpm, ok öll vönduð hervápn; hann gaf honum skinn góð, ok klæddi hann vel, lét hann sfðan heim fara, ok bað hann segja hertuga Búrizláf, sínum enum kærasta manni, at hann hélði þat vel, sem hann hafði heitit keisaranum. Eptir þetta bauð Búrizláfr út her mik-

<sup>1)</sup> Friða, C. S. F.

lum, ok vildi fara til Ræinga, ok vinna þat ríki undir sik. En er Rængar spyrja þetta, þá sendi Jarizmarr menn til Absalons erkibiskups, at segja honum, at Austrvindr voru úti með her miklum, ok biðu Vestrvinda, ok ætluðu at herja á þá; bað hann erkibiskup hjálpa Þeim, ef hann vildi halda landinu. Erkibiskup bað þá verða við hraustliga, ok sagðist koma mundu at veita Þeim. Eptir þetta bauð erkibiskup út liði <sup>1)</sup>, ok sigldi til Vindlands í móti Búrizláfi. Búrizzleifr hafði 500 skipa, ok heið þá enn Vestrvinda. En er erkibiskup kom til móts við Búrizleif, tókst þar harðr bardagi, ok lauk svá, at Búrizleifr flýði undan með 50 skipa, en þeir erkibiskup tóku öll önnur, en sumt liðit komst á land, en sumt druknaði, en mestr hluti var drepinn. Þessi bardagi var um værit um Piskis <sup>2)</sup> daga. Síðan skiptu Danir fè því öllu, er þeir liðfðu fengit, ok fóru heim.

*Frá leiðangri Knúts.*

129. Þetta hit sama sumar bauð Knútr konúngr út leiðangri af Danmörk, ok fór fyrst til Ræinga, ok bauð Þeim at fara með Þeim <sup>3)</sup> til Valagust; þaðan hafði Knútr konúngr lið mikit, ok fór síðan til Valagust, ok herjaði þar, ok lét þar brenna allt. Þeir lágu lengum borgina; Absalon erkibiskup fór á land upp með sitt lið; hann brendi 2 borgir, þær er settar voru við veginn þeirra í Flatsmynni <sup>4)</sup>; en er

<sup>1)</sup> leiðangri, K. <sup>2)</sup> Pintz, C. S. V. <sup>3)</sup> Ær, C. <sup>4)</sup> Platsmynn, S. V.

þær voru brendar, þá fór hann áptr til konúngs. Þá kom Búrizleifr á landit; hann sendi menn til erkibiskups ok lagði við hann stefnu, þá var erkibiskup á skipum, en Búrizleifr ætlaði at svíkja erkibiskup á þessi stefnu, ok þótti þá unnit allt, ef hann yrði afráðinn; hann bað erkibiskup fara á land upp, ok talast þar við, ok kallaðist mjök inmundu hans forsjá hlíta um sætt þeirra Knúts konúngs; en erkibiskup vildi eigi á land gánga, þvíat hann grunaði þat, sem var, at Búrizleifr mundi um svik búa, ok varð ekki tal þeirra. En Búrizleifr hafði svá hólpit borg sinni, at hann lét flytja til vist, meðan stefnan stóð við Dani. Pétrsmessudag sótti Knútr konúngr at borginni, ok barðist, ok fekk eigi þar unnit hana, ok lá þar síðan 6 daga kyrr, en fór síðan í braut, þvíat þá var mjök lokit vistum; en Vindr lögðu eptir, ok drápu 60 manna af Dönum. Síðan fór Knútr konúngr heim með allt lið sitt. Þetta haust bauð Knútr konúngr út leiðangri, 7 nóttum fyrir Mikjálmessu, ok fór til Rænga, ok hafði þaðan lið mikil, ok fór þaðan til Tribudiz<sup>1</sup>) ok svá upp á Tripipen<sup>2</sup>), ok herjaði þar, ok brendi landit allt, hann reið til kaupstaðar þeirra ok brendi hann. Þá mættist þar allt lið Knúts konúngs, ok láu þar 3 nætr, en skip þeirra láu við Strælu; en um morguninn eptir fóru þeir til Tíkareyjar<sup>3</sup>), ok vildu brenna upp Voztrósu, en veðr var í móti, ok máttu þeir því eigi

<sup>1</sup>) Tribuzis, C. Búris, S.    <sup>2</sup>) Tribípen, C., Bipen, S. F. Trikareyjar, C.

brenna. Búrizleifr spurði þetta, ok fór til með 2 skipum, ok vildi gjöra sætt við Knút konung, en þar bjuggu raunar svik undir. Þá hafði Knútr konúngr eigi vist til at fæða liðsitt, ok fór síðan heim til Danmerkr. En at væri bauð Knútr konúngr út leiðángrí af Danmörku, þar var þá enn í liði Absalon erkibiskup ok Ásbjörn biskup ok margir aðrir rískir menn; þeir höfðu mikinn her, ok fóru til Valagust, ok brendu tveimmeigin árinnar <sup>1)</sup>), ok fóru svá fram til Steinborgar, ok brendu landit allt; en Búrizleifr komst nauðnliga undan; hann kastaði sér af hestsbaki yfir einn garð, ok komst svá í borgina; þá kom at riðandi Knútr konúngr ok Absalon erkibiskup, en Búrizleifr báknaði þá til þeirra, ok bað sér friðar, ok beiddist at tala við þá, en þeir báðu hann senda menn til þeirra með eyrindum sínum, slikum sem hann vildi flytja láta. Ok er sendimenn hans komu til Ásbjarnar biskups, báðu þeir hann flytja mál Búrizleifs við konung ok erkibiskup, at þeir gæfi honum leyfi til at gánga út af borginni at tala við þá; þeir sögðust vildu tala við hann með trú, ok sögðust eigi vera svá ótrúir sem hann. Búrizleifr segir, at hann vill gjarna halda trú við þá, ok bað taka stefnu meðal konungs ok hans, ok kveðst mundu koma á þja nátta fresti á fund Knúts konungs. Knútr konúngr sagði, at hann vill þá stefnu setja honum, en þó vill hann brenna landit á

<sup>1)</sup> Rím, b. v. C. S. F.

meðan, eptir því sem hann liefir áðr ætlat, ok bæ þann, er stóð fyrir borginni. Búrizláfr bað konung brenda þat, en hann vildi, en hann sagðist þó vilja koma á konungs fund, en bað konung gefa frið bæjum<sup>1)</sup> þeirra ok musterum, þeim er þar voru. Þá komu konur af bæjum, ok felli til fóta konunginum, ok báðu at hann lèti eigi brenda hæina, ok þat veitti konúngr þeim. Eptir þetta fór konúngr á land upp at brenda, ok var á landi uppi um nóttina, ok brendi þar víða; en um morguninn eptir fór konúngr til skipa; þá kom Búrizláfr á fund Knúts konungs ok erkibiskups, ok bað þá miskunnar, ok setti þá konungi gisla, enna beztu manna sonu, er á voru landinu, ok gaf konungi 300 marka, en erkibiskupi 800 marka. Tók þá Knútr konúngr vald ok gæzlu yfir öllu Vindlandi, ok fór síðan heim til Danmerkr.

*Andlát Búrizláfs.*

130. En um vårit [fyrir pásku, þá<sup>2)</sup>] kom Búrizláfr á fund Knúts konungs í Róiskeldu, ok var með honum um páskana í yllmiklum kærleikum, ok bar sverð fyrir konunginum. En er Búrizláfr fór heim, gaf Knútr konúngr honum góðar gjafir; skildu þeir með vináttu. En annat vår eptir [um föstu<sup>3)</sup>] tók Búrizláfr sótt, þá sendi hann orð ráðgjöfum sínum, ok átti tal við þá, ok sagði, ef hann risi upp úr þeirri sótt, at hann vildi finna Knút konung, en ef þess yrði

<sup>1)</sup> konum, C.    <sup>2)</sup> eptir, C, S, F.    <sup>3)</sup> pásku, C.

eigi auðit, þá bað hann konúnginn skipa <sup>1)</sup> landinu, eptir því sem hann vildi; hann bað ok konúnginn fyrir guðs sakir veita börnum sínum vináttu, ok skipta öllu þeirra í millum, eptir því sem hann vill, þvíat hann sá at Jarizmarr bróðir <sup>2)</sup> hans hafði þess atnotit, at hann var jafnan trúr Knúti konungi. Af þessi sömu sótt andaðist Búrizláfr hertugi um föstu. Eptir þetta fóru menn Búrizláfs á fund Knúts konúngs, ok sögðu honum andlát Búrizláfs, ok þær orðsendingar, er hann hafði sendt til Knúts konúngs, ok báðu konúng hjálpa sonum hans, ok skipta svá öllu þeirra í milli, sem hann vildi. Síðan tóku þeir stefnu í milli sín við Vorðúngaborg <sup>3)</sup>, kom þar þá Nikulás ok Heinrekr, synir Búrizláfs, ok skipti Knútr konúngr þá landinu meðal þeirra, ok setti til gæzlu menn með þeim. Hafði nú Knútr konúngr sett sina gæzlu ok forsjá yfir allt Vindland með ráði Absalons erkibiskups, ok er nú landit allt undir þeirra valdi. En í þeim bardögum öllum, er þeir áttu við Vindr, síðan Valdimarr konúngr Knútsson lèzt, þá var Absalon erkibiskup formaðr ok ráðgjafi Knúts konúngs, ok eigi hefði þeir þvílikan sigr unnit, ef eigi hefði hann við varit <sup>4)</sup>, þvíat hann hefir mestr hermaðr verit náliga ok bardagamaðr híngað á Norðrlönd. Núlýkr hér at segja frá Danakonúngum.

<sup>1)</sup> skipta, C. <sup>2)</sup> móður bróðir, C. <sup>3)</sup> S. V. C. Norðúngaborg,

<sup>4)</sup> með verit, C.

# SÖGUBROT

OK

## PÆTTIR

VIÐKOMANDI DANMERKR SÖGU.



---

## Fyrsta brot.

---

1 \*). Svá er sagt, at Arnúlfus hét einn heilagr maðr, hann var fyrst jarl á Saxlandi, enn síðan erkibiskup. Hans son var Angenses her-togi á Frakklandi, hann átti Beggam Pippíns-dóttur: Pippín hét þeirra son. Hans son var Karlamagnús keisari. Karlamagnús var konúngr yfir Frakklandi fjögr ár hins fjórða tigar; enn síðan var hann keisari 12 ár. Á hans dögum voru þeir stólkonúngar, Mikkael, Nízofórus ok Leo. Karlamagnús átti Hildigarðen drotníngu; þeirra son var Hlöðver, er ríki tók eptir föður sinn, ok var keisari 7 ár ok 20. Hann lèk aldri nè hló. Á þeim tíma er Karlamagnús ríkti, var sá konúngr, er Góðefríðus hét, hann drap Hrærek Frísa-höfðingja, ok skattgildi Frísi; síðan fór Karlamagnús móts Góðefriðó; þá var Góðefríðus drepinn af sjálfs síns liði, en Hemíngr bróðir hans tekinn til konúngs, ok hélta hann fram liði til móts við Karlamagnús konung, þar til þeir fundust við á, þá er Egðera heitir, þar sættust þeir; en Hemíngr andaðist vetri síðar.

---

\*.) Sjá Ol. Tryggss. 1, 60.

pá gerðust konungar á Jótlandi Sigröðr frænði Góðefríði, en annar hét Hringr. Þeir drógu lið at sér báðir, ok áttu mikla orrostu, ok lauk svá, at hvártveggi féll. Í þeirri orrostu felli 10 þúsundir ok 8 hundrut ok 60 manna. Þá tók konungdóm sá maðr, er Hárekr <sup>1)</sup> hét. Hann var 5 vetr konungr, áðr hann barðist við Reinfriðum, son Góðofríði. Í þeirri orrostu hét Hárekr því til sigrs sér, ef hann kæmist ör þeirri orrostu, at taka skírn með öllu skuldaliði sínu. Í þeim bardaga fékk hann sigr, ok fór litlu síðar með konu sína ok Hárek bróðursinn ok mikit Danalið til móts við Hlöðvi konung, son Karlamagnúss, er þá var keisari; var Hárekr þá skírðr ok hans menn í Meginzuborg á dögum Paskalis páfa. Fór þá Hárekr aptr í Danmörk, ok með honum Ansgaríus biskup, ok skírði hann þar martmannu. Hárekr <sup>1)</sup> varð sóttdauðr, en Hárekr frænði hans tók konungdóm, ok réð fyrir Jótlandi, þar til at Guttormr móðurbróðir hans barðist við hann; þá var liðit frá hollgan vårs herra Jesú kristí 8 hundruð ára ok 60 ok 2 ár. Í þeirri sókn felli þeir báðir, ok allt konungakyn, þat er með þeim var, nema einn sveinn lifði eptir, sá er Hárekr hét, ok varð hann konungr síðan. Ansgaríus biskup fór þá enn til Danmerkr á fund Háreks, ok skírði hann. Hárekr lét gera kyrkjui Rísum, en Hárekr <sup>1)</sup> hafði áðr látit gera í Heiðarbý. Ans-

<sup>1)</sup> Haraldr, Ol. Trygss. allstodar.

garfus biskup andaðist 5 vetrum eptir bardagann þeirra Håreks ok Guttorms. Þá er sagt at Hårekkr kastaði kristni, ok dó litlu síðar.

Eptir þat voru konungar heiðnir Sigfreðr ok Hálfdán. Rimbertus var biskup eptir Ansgaríum. Á 12ta ári hans biskupsdóms andaðist Hlöðver keisari, son Karlamagnúss. Hann átti 4 sonu, er svá lietu: Lótarius, Hlöðver, Karl, Pippín. Þeir skiptu ríki með sér at jafnaði, ok hafði Lótarius Rómaríki, Borgúndíam ok Lótaringíam; en Illöðvir hafði Frakkland ok konúnga nafn; Karl Valland; Pippín Eqvitanníam. Þá er Rimbertus hafði verit 12 ár biskup, herjuðu Danir ok Norðmenn á þat land, er kallat er Kerlífngaland; en at móti þeim gerði Illöðver Illöðversson úngi, hann drap af hermönnum 13 þúsundir; enn 5 vetrum síðar andaðist Illöðver. Á því ári leituðu Danir ok Norðmenn at hefnast; Þeir fóru upp eptir ánni Rín, ok brendu þar allar borgir ok kyrkjur, ok höfðu hina æztu kyrkju at hrossahúsi í borg þeirri, er Aqvisgranum heitir. Þeir brendu Kolni ok allar borgir upp með Rín til Meginzu. Þá gerði Karl bróðir Lótarii lið móti þeim; Þeir fundust við á, þá er Mosa hét. Í Danaliði voru Þeir konungar Sigfreðr ok Guðfreðr ok synir Ragnars loðbrókar. Þeir sættust við keisáraðn, ok létu skífrast. En litlu síðar rufu Þeir allt sáttmálið, ok herjuðu á Vestr-Frakkland allt til Parísborgar, ok brendu hana. Þá kom móti

Þeim með miklum her Arnaldr, er þá var keisari, ok drap af þeim 9 hundruð manna. Eptir þat stöðvaðist Danaher. Þá var liðit frá higatburð vårs herra 9 hundruð vetra. (Enn 17) vetrum síðar var Húnó vígðr biskup í Brimum á Saxlandi. Á 12ta ári þaðan frá fór Heinrekr, er fyrstr var keisari með því nafni, í Danmörk, ok færði Dani til kristni bæði með blíðmælum ok ógnarorðum, ok lètti eigi fyrr, enn þeir játtuðu at taka trú rætta. Siðan fór Húnó biskup til fundar við Fróða konung, er þá ríkti á Jótlandi, ok skírði hann þá ok alþýðu. Voru þá gervar upp kyrkjur, er eyðst höfðu í Heiðabæ ok Rípum. Þá var ok í Árósi. Eptir þat sendi Fróði konúngr menn til Rómaborgar, ok lét vígja 3 biskupa til Jótlands at ráði Agapítí papa. Var Hereðus vígðr til Heiðabæjar, en Líbedagus til Rípa, en Rímbrondus til Áróss. Þat var 900 ok 40 vetra ok 8 árum eftir holdgan vårs herra Jesú kristí, á 12ta ári konúngdóms Ottónis mikla. Þar var fráhorfit konúngatali, er þeir ræðu fyrir Danmörk Sigfreðr ok Háldán. Eptir þat ræð sa konúngr fyrir Dönum, er Helgi hét, hann átti bardaga við Ólaf Svíakonung, ok fèll Helgi þar; enn Ólafr ræð sifðan leingi fyrir Danmörk ok Svíþjóð, ok varð sótt-dauðr. Eptir þat tóku ríki í Danmörku Gyrðr ok Knútr.

2 \*). Hlöðver keisari Hlöðversson, sonarson

\*). Sjá Ol. Tryggss. 1, 65.

Karlamagnúss keisara, ríkti með bræðrum sínum 16 ár ok 20. Eptir þat ríkti Karl son hans með bræðrum sínum 11 ár; hét annar Karlamagnús <sup>1)</sup>, en annar Hlöðver. Í þann tíma bygðist Ísland. Þá réð fyrir Danmörk Gormr hinn gamli, en fyrir Noregi Haraldr hinn hárfagri. Eptir Karl Hlöðversson ríkti Arnaldr, son Karlamagnúss <sup>2)</sup>, 12 ár; þá Hlöðver son Arnaldí 12 ár; þá Konráðr Konráðsson 12 <sup>3)</sup> ár, hann var fyrstr keisari af þeim mönnum, sem ekki voru at lángfeðgatali komnir frá Karlamagnúsi keisara. Eptir Konráð ríkti Heinrekr 18 ár; þá Ottó hinn mikli son hans 30 ára ok 8 ár; þá Ottó hinn raudi son hans 9 ár <sup>4)</sup>. Í þann tíma var Haraldr Gormsson konúngr at Danmörku ok Noregi; Hákon Hlaðajarl hélt af honum ríki í Noregi, sem fyrr er sagt; var þá vinátta Þeirra góð. Sendi Hákon jarl Haraldi konungi á einu sumri 60 hauka, en galt öngva skatta, þvíat Haraldr konúngr gaf honum upp alla skatta í Noregi til starfs ok kostnaðar, ok hafði til at verja landit fyrir Gunnhildar sonum.

3 \*). Svá segir heilagr prestr Beða í aldarsfarsbók Þeirri, er hann gerði um landskipan í heiminum, at eyland þat, er Thíle er kallað í bókum, liggi svá lángt í norðrhálfu heimsins, at þar komi eigi dagr á vetrinn, þá nött er

<sup>1)</sup> Karlmannus, *Ol. Tryggss.* <sup>2)</sup> Karlmanni, *Ol. Tryggss.* <sup>3)</sup> 7, *Ol. Tryggss.* <sup>4)</sup> þá Ottó hin ungí, son Ottu hins rauða, 18 ár, b. v. *Ol. Tryggss.* \*) *Sjá Ol. Tryggss. 1, 110. f. 5.*

leingst, en eigi nótt á sumar, þá dagr er leingstr. Fyrir því ætla menn, at Ísland sé Thile kallað, at þat er víða á því landi, at sól sest eigi á vetrinn, þá dagr er skemstr mikinn hluta vetrar, ok mikinn hluta sumars skín sól víða á landinu bæði nótt ok dag. En Beða prestr andaðist 800 <sup>1)</sup> ok 35 ára eptir holdgan vårs herra Jesú kristí, meir en 100 ára fyrr enn Ísland bygðist af Norðmönnum. En fyrr höfðu þar verit þeir menn, er Norðmenn kalla Papa; þeir hafa verit kristnir, þvíat fundust eptir þeim frskar bækr, bjöllur ok baglar, ok enn fleiri hlutir, þeir er þaðan mátti skilja, at þeir höfðu kristnir verit, ok komnir til vestan um haf; vísa ok svá til enskar bækr, at í þann tíma hafi verit farit milli landanna.

4. Þá er Ísland fannst ok bygðist, var í Rómaborg Adriánus papa, en eptir hann Jóhannes papa, sá er hinn <sup>5</sup> var með því nafni í postuliga sæti; en Hlöðver Hlöðversson keisari fyrir norðan fjall; en Leo ok Alexander son hans fyrir Miklagarði; þá var Haraldr hásfagri konúngr yfir Noregi, en Eirekr Eyvindarson <sup>2)</sup> yfir Svíþjóð ok Björn son hans; Gormr hinn gamli at Danmörk; Elfráðr konúngr á Einglandi ok Játvarðr son hans; Kjarlfall at Dýflinni á Írlandí; en Sigurðr jarl ríki at Orkneyjum, bróðir Rögnvalds Mærajarls.

5 <sup>3)</sup>). Svá segja ok fróðir menn, at frá

<sup>1)</sup> 700, *OL Tryggss. réttara.*    <sup>2)</sup> Eymundarson, *OL Tryggss.*

<sup>3)</sup> *OL Tryggss.* 1, 112. *Rimbeglu* 3, 2.

Staði sè 7 dægra siglÍng til Horns á austanverðu Íslandi; en frá Snæfellsnesi, þar sem skemst er til Grænlands, 4 dægra haf i vestr at sigla; en ef sight er or Björgvín til Hvarfssins á Grænlandi í vestr fullt, þá mun sight verða tylft fyrir sunnan Ísland. Frá Reykjanesi á sunnanverðu Íslandi er 5 dægra haf til Ölduhlaups á Írlandi í suðr fullt; en frá Lánganesi á norðanverðu Íslandi 4 dægra til Svalbarða við hafbotn.

*Hér segir hversu Ísland hefir fyrst fundizt.*

6. Svá segist, at menn skyldu fara af Noregi til Færeys; nefna menn þar til víkÍng einn, er Naðr hét; þá rak lángt vestr í haf; þeir fundu þar land mikit; komu þeir austan at landinu, ok gengu þar uppá land á fjall eitt hátt; þeir sá eingi líkendi til þess, at þetta land væri bygt. Þeir fóru áptr til Færeys um haustit. Hann gaf landinu nafn, ok kallaði Snjóland.

7. Maðr hét Garðarr Svavarsson, svænskr at ætt, hann fór at leita Snjólands eptir tilvísan móður sinnar framvíssar. Hon kom at landinu fyrir austan Horn ið eystra, þar var þá höfn góð. Garðarr sigldi umhverfum landit; vissi hann af því at þat var eyland. Hann hélta inn á fjörð þann, er heitir Skjálfandi; hann lagði til hafnar fyrir austan fjörðinn, ok var þar um vetrinn, ok gerði sér hús, ok því heitir þar Húsavík. Garðarr fór til Noregs, ok losaði mjög landit; var þat þá kallat Garðarshólmi.

Gardarr var faðir Una, föður Hróa Túngugoða.

8. Flóki Vígvarðarson hét víkingr mikill, hann leitaði Garðarshólma; hann flutti með sér 5 hrafna. Hann kom at í Vazfirði; honum var geingið upp á fjall eitt hátt, ok sá norðr yfir fjöllin fjörð fullan af haffísum, því kölluðu þeir landit Ísland, sem síðan hefir heitið. Eirekr rauðr Þorvaldsson, þeir voru landnámamenn fyrir sunnan. Nefndr Eiríkr fann Grænland at tilvísan Öndóttar kráku, ok til þess at menn væri fúsari til þar at byggja, gaf hann þat nafn landinu, sem síðan hefir haldizt, (at þat skyldi heita Grænland). Hans son var Leifr hinn liepni; var hann því svá kallaðr, at hann barg skipshöfn í miðju hafi. Liggja þessi lönd Ísland ok Grænland vestust, svá at menn viti, at bygð sé í þessum þriðjungí heims.

9 \*). Upphaf allra frásagna í norrænni túngu, þeirra er sannindi fylgja, hófst þá er Tyrkir ok Asíamenn bygðu norðrit; því er þat með sönnu at segja, at túngan kom með þeim norðr higat, er vér köllum norrænu, ok gekk sú túnga um Saxland, Danmörk ok Svíþjóð, Noreg ok um nokkurn hluta Einglands. Höfuðmaðr þessa fólks var Óðin, son Þórs, hann átti marga sonu. Til Óðins telja margir nienn ættir sínar. Hann skipaði sonum sínum til landa, ok gerði höfðingja. Einn af sonum hans er nefndr Skjöldr,

\*) Sjá *Rímbeigli* 3, 1.

sá er land tók sér, þat er nú heitir Danmörk. En þá voru þessi lönd, er Asfainn bygðu, kölluð Goðlönd, en fólkis Goðjóð. Þar voru sett endimörk milli Skjaldar ok Íngifreyrs, bróður hans, er þat ríki bygði, er nú kalla menn Svíarsíki. Óðin ok hans synir voru stórum vitrir ok fjölkunnigir, fagrir at álitum ok sterkir at afli. Margir aðrir í þeirra ætt voru miklir afburðarmenn með ýmisligum algerleik, ok nokkura af þeim tóku menn til at blóta ok trúá á, ok kölluðu goð sín. Skjöldr var mjög ágætr, ok hafði undir sik mikit ríki. Í hans ríki var ár mikit ok friðr góðr. Hann átti einn son, er Leifr het, þvíat hann leifði honum land ok lausafe; á hans dögum var svá góðr friðr, að f lians ríki varð ekki víg, ok fyrir því var hann kallaðr Friðleifr; hann var hinn mesti spekíngi. Hans son var Fróði; hann var svá vitr ok margkunnigr, at af hans nafni er hver sá fróðr kallaðr, er margkunnigr er. Á dögum Fróða var svá mikill friðr, að eindi vildi manndrepa, þó að sæi fyrir sér bundinn föðurbana sinn eða bróður. Þá lögðust niðr rán ok stuldir, svá at gullhríngr lá marga vetr á Þjóðleið á Jalángrs heiði. Þat er ætlan manna, þá er Fróðasriðr var, at í þann tíma væri í Rómaborg Ágústus keisari, sá er frið setti um allan heim; þá var Kristr borinn. Þá er Friðfróði réð ríkinu, var ár svá mikit, at akrar virðu sjálfsáðir, ok þurfti eigi við vetri at bú-

ast. Þá fannst í jörðu allskonar málmr. Þat var á einu ári, þá er Fróði var gamall, at reiðarþrumur komu stórar ok eldíngar; þá hvarf sól af himni, ok skalf jörð, svá at björg hrutu or stað; þá komu björg or jörðu upp, ok viltust allir spádómar.

10 \*). Hèðan skulu vér víkja austr í Asíam, ok þaðan í vestr, ok segja hversu lönd hafa byggzt í fyrstu. Egyptaland bygði fyrstr Mesraím, sonr Kams Nóasonar. Til norðrættar frá Indíalandi er Kvennaland, þar er eingi karlmaðr; víesar svá til, at konur hafi þar tvenna getnaðarlimu. Þar nær er Albansaland, þar eru menn bornir svá hvítir sem snjór, en þeir sortna, svá sem þeir eldast; þar eru ok svá stórir hundar ok sterkir, at þeir bana bæði yxnum ok hinum örgum dýrum. Parcíaland stendr enn í Ásíu, þar bygði Assúr, sonr Sems Nóasonar. Þar er ok Persiðaland, þar bygði Elím, annar Sems son. Alls eru talin í Ásíu - þriðjungi 400 ok 6 þjóðlönd; en þar ero tungur 7 ok 20.

11. Í Evrópa er austast Cithia, þat köllum vér Svíþjóð hina miklu; þar præðikaði Filippus postuli. Garðaríki, þar stenðr Palteskja, ok Kænugarðar. Þar bygði fyrst Magogg, sonr Jafets Nóasonar. Þar er ok Kúrland ok Kirjáaland, Sámland, Ermland; Vindland er vestast næst Danmörku. En austr frá Polena er Reiðgotaland, ok þá Húnaland, Saxónia eða

\*) Sjá Rímbeglu 3, 9.

Germanía, þat kallast nú Saxland. Áin hin mikla, Danúbfus, fellr milli Saxlands ok Griklands. Tracia þat er allt eitt ok Grikland, þar bygði fyrst Tíras, son Jafets Nóasonar; frá honum er komin Þjóð, sú er Tyrkir heita. Hjá Tracia stendr Úngaraland ok Bolgaraland. Á Griklandi stendr fjall, þat er Olympus heitir, þat tekr or skýum upp; þar getr stein, er abeston heitir, sá má eigi kólna, ef hann er heitr gjörr um sinn. Apúlealand er fyrir vestan Grikland, þar er borgin Bár, er Nikolás hvílir, ok Montakassín, er dýrkast Benediktus ábóti; þar er ok Mikkaels hellir. Hjá Ítalía stendr Lángbarðaland, þar hvílir hinn mikli Ágústínus, hvern þángað flutti or eyjunni Sarðinía Liðbrandr konúngr. Vestr af Púl er Kampanía. Vestr þaðan liggja Spánlönd, þar liggr hjá ey, er Gaðis heitir; þángat til tekr Evrópa, en þaðan frá Affríka.

12. Hér næst skulu vér telja lönd í Affríka, fyrst Serkland, sem fyrr segir, þar bygði fyrst kyn Kams Nóasonar. Þat er greinanda, at mörg lönd eru þau, at tvenn nöfn eiga, svá sem er Serkland ok Kaldea. Arabía, þat köllum vér Rabítaland, þar bygði fyrst Kanán son Kams. Á Rabítalandi stenðr fjall, þat er Sýna heitir, þar gaf guð lög Móyse, þau er síðan hètu Móyses lög. Kartago heitir borg, sú er æðst er á allri Affríka. Á Númídía er sú borg, er Yppon heitir, þar var

Ágústínus hinn mikli. Á Gjetúlía er sú þjóð, er eigi sakar eitr.

13. Nú skal enn aprí hverfa til Evrópam, ok taka þar til, er ver gengum brott um stundar sakir, at í þá ey, sem vær nefndum fyrr, ok Gaðis heitir, kom Erkúleus, hann fór viða at kanna heiminn, ok kallaðist hann kominn þá til heims enda; hann gerði þar 2 stólpa til marks, hvar hann kom framast, ok heita þat Erkúles stólparr, þar stanða þeir enn. Á Yspanía stendr Galicía, þar hvílir Jakóbus postuli, bróðir Jóhannis. Næst Vallandi er Flæmíngjaland, en þar næst Frísland. Mundíufjall gengr frá Feneyja botnum austan ok vestr á Spánland. Hjá Saxlandi liggr Holtsetaland, en þar næst Danmörk. Brútus er maðr nefndr, hinn fjórði af Enea, er kominn var af Trójumönnum, skipt var nafni Brútí, ok kallaðr Brittó; af hans nafni tók nafn Brittannía, þat heitir nú Eingland, en fyrrum Bretland. Á Einglandi er Lundúnaborg. Suðreyjar liggja nærri Írlandi; 10 eru bygðar Suðreyjar. Orkneyjar eru bygðar 25; þar er biskupsstóll, er heitir í Kyrkjuvági, þar hvílir hinn heilagi Magnús jarl. Hjaltland er næst Orkneyjum, þar er erkidjákn; þar nær Færeysar, þær ero 18 alls; þar er biskupsstóll, er heitir í Kyrkjubæi.

## Annat brot.

1. Svà segir í Hamborgar istoríá, ok kallast sá meistari, er gjört hefir bókina, flest allt hafa ritat eptir fyrirsögn Sveins Úlfssunar af tíðendum Dana ok Svía, at Otta keisari hinn rauði, er fyrstr var með því namni, þá er hann hafði aptr unnit öll þau ríki undir keisaradóminn, er undan höfðu gengit, síðan Karlamagnús keisari andaðist, fór hann með her sinn uppá Dani á tólfta ári ríkis síns; ok þegar hann kom norðr um Slesvík, þar sem Danaríki tók til, eptir því sem þeir höfðu löndum skipt, Heinrekr keisari faðir hans ok Gormr konúngr gamli í sætt sinni, eyddi hann landit með eldi ok járn-um, livar sem hann kom, allt þar til er hann kom þar, sem síðan heita Ottusund. Síðan snærast hann suðr aptr, ok þá er hann kom til Slesvíkr, kom í móti honum IIharaldr Gormsson, ok hélta orrostu við hann, ok varð sigraðr, ok flýði til skipa. Eptir þat gaf hann sik í keis-

arans vald, ok fèkk keisarinn honum aptr ríki sitt, ok hét Haraldr at láta skírast, ok at kristna alla Danmörk. Var þá Haraldr konúngr skirðr ok kona hans Gunnhildr drotníng, ok sun hennar úngr, er keisarinn veitti guðsifjar, ok lèt kalla Svein-Ottó. Þá var skipt Jótlandi í Þrjó biskupsríki, ok vígði Aðaldagr Brima - erkibiskup fyrst ȝ biskupa til ráðinna biskupstóla: Harald í Slesvík, Leifdag til Rípa, Reginbrand til Áróss. Haraldr konúngr blátönn hét vel trú, meðan hann lifði.

2. Hér segir ok svà, at Haraldr konúngr sendi sun sinn til Englands, þann er Hríngr hét, með her, þvíat Danir höfðu haft þar jafnan vald of 100 vетra, síðan er Guðröðr vann eyna <sup>1)</sup>, ok er Hringr hafði unnit eyna <sup>2)</sup>, var hann svikinn ok drepinn af Nordimbrum. Þess er ok getið þar, at Haraldr konúngr kom IIákoni [Noregs höfðingja til ríkis <sup>3)</sup>], er áðr var í brott rekinn, ok gerði hann sáttan við kristna menn.

En þá er Haraldr tók at eldast, vildi Sveinn sun hans taka ríki af feðr sínum, ok styrktu hann til þess þeir höfðingjar, er Haraldr hafði nauðgat til kristni; tóko þeir Svein til konungs, en köstuðu kristni. Þeir lögðu bardaga við Harald konúng. Haraldr konúngr fór til orrostu nauðigr í móti syni sínum, svà sem Davíð í móti Absalóni. Or þessi orrostu flýði Haraldr

<sup>1)</sup> England, F.

<sup>2)</sup> landit, F.

<sup>3)</sup> blótjarli til Noregs

rikis, F.

konúngr sárr til Vindlands, ok andaðist við Jómsborg allra heilagra messudag. Lík hans var flutt til Róiskeldu, ok jarðat at Kristskirkju, þeirri er hann sjálfur lét gjöra. Hann var konúngr 50 ára.

3. Eptir Harald konúng blátönn tók ríki Sveinn sun hans, ok hélta illa kristni. Hann var hertekinn tysvar af Vindum, ok leystr út stórmiklu fè. Eptir þetta fór Eiríkr hinn sigrsæli, Svíakonúngr, út í Danmörk með allmikinn her, ok bardist við Svein margar orrostur á skipum, þar til er mínskaði styrk Dana, svá at Sveinn varð landflótti, ok flýði fyrst til Noregs, ok vildu Norðmenn ekki við honum taka; fór hann þaðan til Englands, ok vildi Aðalráðr konúngr hann ekki þar, fyrir sakir úfriðar þess, er Danir höfðu jamnan þar gert. Eptir þat fór hann til Skotlands, ok tók Skotakonúngr hann vel; var hann þar til dauða Eiríks konúngs, ok hesir Sveinn konúngr svá sagt Úlfssun, at móðurfaðir hans tæki makliga hefnd fyrir þat, er hann hafnæði réttum guði, er faðir hans hafði tignat.

4. Eiríkr konúngr ræð nú bæði Svíum ok Dönum, ok var heiðinn ok úvin kristinna manna. Svá stendr þar í bókinni, at Ottó keisari hinn Þriði með því namni hafi herjat í Danmörk, ok sigrað Eirík konúng. En frá því segir glögliga, at keisari ok erkibiskup af Brimum hafi sendt til Eiríks konúngs Poppó biskup af Slesvík, at

boða honum kristni, [ok veita keisaranum Því-líka lýðni, sem Haraldr Gormssun hafði veitt linum fyrra Ottó<sup>1)</sup>). Eiríkr konúngr bað biskup sýna sér nokkurn mátt guðs síns. Þá bar biskup glóanda járn í hendi sér, ok sýnði konunginum úbrunna hönd sína; ok áðr allan grun tæki af heiðnum mönnum, lét biskup vexa kyrtíl sinn, ok fór í, lét síðan slá í eldi, ok stóð hann heill, þá er kyrtillinn var brunninn. Eptir þat lét Eiríkr konúngr skíðast ok mörg þúsundrat<sup>2)</sup> manna. Voro þá ok sendir menn til Svíðjóðar at boða kristni. En Sveinn konúngr Úlfssun segir svá, at Eiríkr konúngr hafi kastat kristni ok dáiit heiðinn. Í þessum úfriði hyggjum vér verit hafa Hákon jarl, ok barizt við Ottó keisara, sem segir í Vellheklu, ok veitt lið Eiríki konungi vin sínum eða mági.

5. Eptir dauða Eiríks konungs tók ríki Ólafr sun hans í Svíðjóð, en Sveinn kom þá apríl í Danmörk. Sveinn skildi þá, at guð var honum þá reiðr, ok hét at snúast til kristni, ok boða fólkini rétta trú. Eptir þat sættust þeir Ólafr konúngr ok Sveinn konúngr, svá at Sveinn konúngr skyldi hafa ríki sitt, ok fá Sigriðar hinnar stórráðu, móður Ólafs konungs; síðan skyldu þeir báðir láta kristna lönd síni. Þá er fullkomin var sætt konunganna, eggjaði Sigrið drottning hin stórráða, at þeir skyldi ráða<sup>3)</sup> Ólaf Tryggvasun Norðmannakon-

<sup>1)</sup> v. i F.

<sup>2)</sup> þúsundir, F.

<sup>3)</sup> frá löndum, b. v. F.

úng, er Danir kölluðu <sup>1)</sup> krakabein; [ok nokku-  
ru síðar hélđu þeir við hann hina snörpustu  
orrostu suðr undir Vindlandi, ok þar fèll  
Ólafr Noregs konúngr, at sögn Dana ok flest-  
ra manna annarra <sup>2)</sup>; skiptu þeir þá Noregi  
með sér, þrír höfðingjar: Ólafr sænski, Sveinn  
konúngr, Eiríkr jarl Hákonarsun.

---

<sup>1)</sup> Krakalegg eðr, b. v. F.

<sup>2)</sup> sem þeir gerðu síðan, F.

---

# SöguPáattr

af

## Hákoni Hárekssyni.

### 1. Kapituli.

In Noregs konungs ríki austr í Víkinni var einn ríkr bóndi, Hárekr at nafni, svá auðigr at hann átti 12 búgarða fyrir utan þann höfuðbæ, er hann sat á sjálfr; á sjónum hafði hann mikinn fjárafla, svá at hans kaupferðir rákust til allra landa í Austrveg ok Þýzkaland, Flandr. ok England. At því skapi var ríkdómr hans í dýrgripum ok lausafé. Þrjár höfuðveizlur héltnann á hverju ári, jólaboð ok miðsvetrar ok at páskum. Svá var hann maðr vinsæll af sínum frjálsleik, at allar bygðir lofuðu hann. Sun átti hann einn, er Hákon hét, hann var vænn maðr ok vel fallinn. Nú líðr svá dögum, at Hárekr bóndi gengr fram til frænda sinna, leifir hann þá syni sínum eingetnum alla fullsælu eptir sikh. Ok sem Hákon hefir ísezt erfðina, kvângast hann með ráði frænda sinna, ok fær góðan kost af göfgri ætt; ok er þeirra brúðkaup er umgört, sér húsfreya brátt, at mikil æskumót

er á framferði bónda hennar, þvíat hann vill halda rausn alla eptir föður sinn, enn addrættir ok útvegar Háreks ero foknr, þvíat Hákon hugsar meir uppá leik ok lausung með dagligan kost ok máldrykkjuren fèbrögð ok geymslu. Húsfrú tekr hann orðum, því hon var roskin kona ok forsýn, ef hon nokkru rèði. Hon spyr, hversu hann ætti til: því góðsi þínu dugir þat ekki, þótt þat standi á mörgum fótum, at þú tærir út tveim höndum, en vanrækir allan umgánginn, ok væri þat mitt ráð, at þú legðir af þrjár höfuðveizlurnar, þvíat engi skylda man á vera, at þú haldir þeim eptir föður þínnum. Enn þó hon talaði um þetta, þá lét hann sem hann heyrði ekki, ok sagðist eigi nenna at affeðrast svá mikil, at kasta niðr stórmensku hans. Þú mánt ráða, segir hon, en eptir ár liðit skal ek segja þér, hvat þú spennir, því ek skal tillhugsa. Heldr hann nú fram sama með vinsemendum miklum, seldi hann svá góðs sitt, at hann tók orðlof í móti. Enn eptir ár liðit spyr húsfreya, hvat hann hugsi um góðs sitt? Hann segist þar lítit tilleggja. Þá kann ek segja þér, segir hon, at öll þau för með kaupeyri, er faðir þinn leyfði þér, ero svá strokin, at eigi áttu rúm í einu skipi. Hákon svarar at ekki man hindra. Líðr enn nú ár. Þá segir húsfreya, at allir þeir 12 búgarðar eru eyddir ok etnir, ok segir nú nauðsyn, þótt seint sé, at mínska veizlurnar. Hákon segir, at enn vel

duga myndi: Því við eignum úgrynni fjár í gripum ok gersemum, bæði mundar þíns ok erfðar minnar. Húsfreya segir: ef þú heldr hit sama fram, er fè allt uppgengit eptir ár liðit. Heldr Hákon rausn sinni, ok er þar kemr tíma, at búast skal til páskaveizlunnar, segir Hákon húsfreyu, at þessa veizlu vill hann með allri mekt gjöra láta, ok eingan lut tilspara. Húsfreyu fanst fátt um, enn þó gjörir hon, sem honum líkar, sakir þeirrar ástar, sem hon hafði til hans. Var þat boð svá fjölmennt, sem aldrei hafði fyrr verit, ok með miklu kappi, at stóð í staunginni. Ok affarakveld veizlunnar, sem frá skal risða um myrgininn eptir, er drukkit lengi á nótt fram; en er þat þraut, gónga menn ölgvaðir at sofa. Svaf Hákon í lokhvílu. Ok er þau hjón koma í sæng, talar hann svá til hennar: maklig ertu, sæti míni! segir hann, at ek gefi þér fögr orð með sannri elsku fyrir svá góða hlýðni ok eptirlæti, sem þú hefir mér veitt í okkar samkvist; en ek legg þar í móti meingjörðir, fyrst einræði mitt, enn nú þó þat á ofan, er því meir ángrar þitt augabragð, frænda minna ok fóstbræðra; vil ek með eingu móti vera liðr í mínu landi, ok því berst ek þat fyrir, at leynast brott einmani rétt á þessari nóttu, ráði guð hvat ek tek við! enn tveggja hluta bið ek lík, þat annat, at þú láttir seint upp lokhvíluna á myrgin, þvíat því lengr fæ ek stundir at fríast, þó míni sé leitit; sú er bæn önnur, at þú bíðir mínu af

Þeirri dygð, sem þú kýs þér til handa. Við þessa ræðu grætr hon stórliga ok sárliga, ok eptir tárblandin koss skilja þau nær at miðri nóttru, gengr hann út lágliga af bænum, ok þegar fram í mörkina, er nærristóð, fer hann allt til dags, en feler sik síðan.

2. Nú er tilattaka í bænum, at Þjónostumenn ok margir af bóndum bíða lángt á myrgin fram fyrir lokhvílu Hákonar, því húsfreya lætr eigi heyra til sín. Í því hvíslast þeir, at Hákon manni sofa sakir lángrar náttsetu; ok er þeim þykkir or hófi gánga, sem til borðs vildu ok ríða brott síðan, klappa þeir á sengina, ok spyrja, hvat um er? Húsfreya spyr, hvat tídt er? Þeir segja bónda mál at klæðast. Hon segir, at bóndi væri þar ekki. Nú er gengit í kjallara ok öll hús, þau er hans var von; en er hann fanst ekki í bænum, snýst þessi hátið í sút ok grát, hlaup ok hark aprí ok fram í allar ættir frá bænum, allt fram til middags eðr meir, ok svá mikinn harm báru hér margir menn af, at þeim bættist seint. Nú er at víska til Ilákonar, athann vendir sínum vegi austr til landsenda, bar honum svá til, at þokur diummar geymdu hans, þar til at einn myrgin ber hann fram ór mörkinni ok myrkrunum, er hann þá kominn fram at sjó á höfða nokkurn, ok svá brátt sér hann, at búza nokkur leggr upp á þat sama lægi, ok var skip þat mikit stórt, ok sem þeir hafa lægt segl sínu, kallað Ilákon á skipit, ok

biðr sér flutnings út þannig; ok sem þat veittist, gengr hann fyrir skipherrann, er Gyrðr hét, hann var maðr danskr, ok einn af hirð Sveins konungs Úlfssunar, er þá ræð fyrir Danaveldi, hefir hann gert kaupferð til Englands með konungssins varnað, ok er nú aptr kváininn með hlöðnu skipi. Hákon skiptir nú um nafn, ok segist Vigfús heita, biðr formanninn fars ok kostar á fund Danakonungs, segist maðr felaus en góðrar ættar or Noregi, segir ok þat hug sinn, ef hann skal giptu fá, at hann mun hana hjá Danakonungi upptaka. Nú veitist honum þetta, því maðrinn var vænn til liðs, en Danir vissu örleik ok góðvilja konungs. Litlu síðarfellr til fagrt leiði, ok sigla þeir til Sjólands, því þeir spyrja, at Danakonungr sitr þar; ok sem fyrst mega þeir, sækir Gyrðr á fund konungs ok Vigfús hinn norræni með honum. Þeir koma svá til bæarins, at konungr sitr yfir borðum, ok gánga fyrir hann. Konungr tekur Gyrði harðla blíðt, ok spyr at Englandsferðum. Hann lætr vel yfir; ok sem þat er úti, spyr konungr, hvern sá sè hinri úngi maðr? Vigfús nefndi sik, ok biðr konung þarmeð nokkrar ásjár. Konungr spyr, hvat hann hefði til at þjóna höfðingjum? hvert hann væri lagr eða listvanr í nokkru? Hann segist eingan lut til lista hafa, at þjóna konungi: utan hugboð mitt, at hjá yðr min ek gæfu fá. Konungr segir sér því vanda aða um.

3. Síðan lætr konúngr kalla einn járnsmið, þann er beztr var í garðinum, ok segir honum svá: hér er einn úngr maðr, er þú skalt meðtaka, ok kenna honum járnsmið, ef hann fær numit; geym ok þess, at þú sert vel við hann, ok öfundu hann ekki, þótt guð gefi honum skilníng, sem oss þykkir góð ván í. Smiðrinн játar hér um konúngs vilja, ok fara þeir báðir samt í smiðju, ok er fljótt til frásagnar, at nám þetta gengr fram svá greidt með góðum skilníngi, at eptir 6 mánuði er lærisveinn líkr meistara sínum, en því framar sem áleið, svá at Vigfús er nú orðinn formentr á járnsmið yfir alla menn í Danaveldi. Eptir ár liðit koma þeir báðir samt fyrir konúng, segir þá hinn gamli smiðr, hvar kvámit er. Konúngr gefr honum góða þökk, ok kallar nú silfrsmið, ok leggr Vigfús honum í vald. Er hann nú fljóttækari á þá list, heldr enn þá, sem hann hafði fyrr, svá at eptir 6 mánuði segist meistarinn ekki til hafa at kenna honum, ok þat sama segir hann konungi. Konúngr skipar þá Vigfúsi í þriðja skóla til gullsmiðar, at grafa, steinsetja ok amalèra; ok eptir átta mánaði kemr meistari fyrir konúng, ok segir sik á enda at læra þann mann, því svá klókan ok kænan til alls hagleiks með málm at vinna segist hann aldrei sèð hafa, kveðst ok þat hyggja, athverjalist, er hann legði fyrir sik, mundi hann fá umfram aðra menn numit. Konúngr varð nú glaðr við, ok skipar

Vigfúsi í fjórða skóla til steinsmiðar, at snifða, líma ok niðrsetja eptir Steinmeistara reglu; er þessi list úti eptir ár liðit, svá hér um fer sem um aðrar greinir; er hann frábær öðrum mönnum bæði um fljótleik ok fagrleik. Er þat liðit, at hann sè lærisveinn; fer hann til, eptir konungs skipan, at gjöra með járni þau hnóssasmíði, sem konúngr vill hafa til sæmdar ríkinu; gekk þat um eitt ár. Þakkar konúngr honum störfin, ok býðr honum leigu sína. Vigfús segir því valda gæfu konungs, at hann kann nokkut, ok kallast hann eingrar leigu makligr. Konúngr lætr sér mikla, er hann vill til eingis vinna. Vigfús mælti: Þat skal eigi vera, man ek þat kjósa, segir hann, er mér sýnist fegrst, ok mér man at beztu verða: ek bið yðr, at þér gefit mér heilræði nokkut. Konúngr segir: þú þykkir mér undarligr maðr, neitar peningum, en [beiðist slíks; eðr hvern segir þér, at ek sè forspár eða spekingr? Vigfús svarar, ok kvaðst hafa þat á sjálsum sér reynt, at hann er bæði spakr ok forspár. Hér kemr þá um síðir, at konúngr svarar: Þat er mitt ráð, at þú trúir aldrei lágum manni ok rauðskeggjuðum. Vigfús þakkar framlægit sem hina vænstu gjöf. Nú fer hann til annat ár, ok smíðar konungi gull ok gersemjar með svá fásenum <sup>1)</sup>)

<sup>1)</sup> Frá merkinu vautar í S, a. hvar orðinu hefir er innameygð í staðinn; en í tveimur af heimfylgjandi brotum í S. finnst þat.

hagleik, sem allir dást at. Eptir þat ár liðit fór öll orðræða með þeim Vigfúsi ok konungi á sömu leið, sem fyrr var talit. Konúngr býðr fè, en Vigfús krefr enn heilræði, ok þar kemr enn þófinu, at konúngr lætr til, ok mælti svá: hver fjölskylda sem þík stendr, þá geym þess, at þú gakk eigi frá messuembættinu, fyrr enn þat er lukt, ef þú ert innan kyrkju staddir. Vigfús þakkar heilræðit, ok tekur nú næsta ár steinsmiði, ok gjörir Danakonungi höll svá væna, sem aldrei sást önnur jafnvæn í því landi.

4. Enn eptir smiðaða höllina finnast þeir um várít konúngr ok Vigfús, sem menn taka at búa kaupferðir sínar; þakkar konúngr honum þá enn starfit, ok spyr, hvat honum er þá skapfellast at taka í aðra hönd. Vigfús segir: þat er heilræði, konúngr! Sveinn konúngr talar þá: hví man hinn sami maðr svá fallinn, vitr ok frábærrar greinar, en í öðru lagi svá fyrirlátr<sup>1)</sup>, sem vér þættumst mega til háðs virða, en þó manntu enn ráða. Þat ráðum vér þér, ef þú verðr allreiðr með víghug til nokkurs manns, at þú haldir þík í minning guðs, ok lesir helga bæn, *pater noster*, í nafni guðs föðurs; ok ef eigi rennr af við þetta, skaltu lesa aðra *pater noster* í nafni guðs sunar; ok ef eigi linast enn viðr þetta, skaltu lesa þriðju *pater noster* í minning heilags anda; ok ef enn lystir þík sama verks, manntu vinna, nema guð banni, ok leggi til nokkra likn. Vigfús þakkar heilræðit eptir vanda, ok

<sup>1)</sup> *flatr S., a.*

spyr, hvat nú skal hann gjöra framleiðis? Konúngr segir, at þat skal hann gjöra, spázèra með honum litla stund. En þá konúngr er af staðnum farinn á bryggju, flýtr þar fyrir einn knörr hlaðinn til hafs, tjaldaðr ok albúinn. Þá segir konúngr: störf þín, Vigfús! eru mikils verð, þótt vér leggjum lítit fram; knör þenna til Englandsferðar skaltu albúinn eiga, höfum vér þat hugsat, at þú munir fara á knerinum til Englands, ok dveljast þar í vetr, þvíat þar liggr afli fyrir, ef Englakonúngr lætr þík smiða, sem mik varir, því at hallir í Englandi eru á fyrnsku hátt; haga svá góðsinu, sem vér leggjum til, halt því fram til ávaxtar, þvíat tíð er góð í Englandi, en farmr á knerinum mun þér eigi bregðast<sup>1)</sup>; skipmenn þínir eru í þínu valdi, þætti oss ráð, sem þú kæmir fram, at þú hlífdir þínum kosti, ok fengir þeim [byrðing nokkurn<sup>2)</sup>] aprí híngat, því at eigi manн þík menn skorta at væri, ef þú vilt til Noregs fara at vitja ættjarðar þinnar, sem oss þykkir vân. Vigfús þakkaði konúngi allan sóma, fyrst mentina, þar með fjár útlátin, ok síðan heilræðin, ok segist því launa skyldu, at frægja hann yfir alla konúnga.

5. Síðan tekur hann orðlof af konúnginum til brottferðar, stígr síðan á skip sitt, ok siglir þegar í haf, ok kemr fram til Englands með heilu ok höldnu, ok fer svá með öllu, sem Dana-konúngr hafði tillagt. Vigfús sendir aprí menn, en skipar upp góðsit, var þar hverr pen'ugr val-

<sup>1)</sup> rjúfast S, a.    <sup>2)</sup> lötihyrðing S, e. 554, h.

inn í, [ok er um mest mátti velja <sup>1)</sup> í Englandi. Brátt býðr konúngr honum á sinn fund, því honum var brátt flutt, hver maðr hann var í meistarádómi, hvat sem kjósa vill. En sem þeir finnast, spyr konúngr, ef hann vill smíða nokkut, segist hafa forna höll til niðrtöku. Vigfús segir: er þat eigi ráð Danakonúngs, at ek vinni þat, fyrir mik er lagt, ok mér er möguligt þenna næsta vetr? En svá fer þat til efnis, sakir þraungleika tímans, at konúngr skipar tveimr meisturum at smíða höllina, er sá annarr enskr, en Vigfús annarr, skal sínum megin smíðá hvorr þeirra með tilskipuðum starfsveinum, því konúngr vildi sjá, hvern hagari var, eða hvern fljótari var; en þar er jafnaðr <sup>2)</sup> tilbúnaðr eptir konúngs skipan; sá enski meistari hefir <sup>12</sup> <sup>3)</sup> fylgðarmenn, en Vigfús <sup>7</sup> <sup>4)</sup>. Fara þeir til, skipa niðr grundvöll, ok reisa síðan. Hefir hinn enski þat starf fyrirfram, at hann ríðr þar til, er grjót var valit, ok segir fyrir, hvern þar skuli telgja eðr tilbúa<sup>5)</sup>; líðr nú svá smíðinni. Konúngr undraðist mjök, at Vigfúsi gekk miklu fljótara, þótt hann væri miklu liðfærri; konungi miklar þat með sjálfum sér, at hinn útlendi skal yfirbera þann, er enskir kalla meistara, þvíat sá er orðrómr í öðru lagi, at fegrð á smíðinni beri eigi minnr af enn fljótvirki.

6. Svá bar til eitt kveld, sem smiðirnir hafa úti sitt dagsverk, at konúngr kallar hinn

<sup>1)</sup> er mest mátti umvelta *S*, *a. b.*      <sup>2)</sup> ei jafnari *S*, *a.*

<sup>3)</sup> 20 *S*, *a.*      <sup>4)</sup> 5 *S*, *a.*      <sup>5)</sup> snikka *S*, *e. 554, h.*

enska smið, ok leggr honum stórar ávítur, at einn danskr skal fyrir sitja hans kunnáttu, ok svá māni hann tapa sínu lofi, at þat fáist aldrei sifðan. Hinn enski segir: herra minn! mér þykkir ván, at yðr virðist svá, ok því nauðgast ek til, at segja yðr þat, þér vitit eigi áðr, þó mér þykki mikil fyrir upp at kveða: efni eru eigi betri um þenna danske mann, enn smíðir hans flytjast ok fegrast með því fulltíngi, sem eingi góðr maðr skyldi hafa; mínum lagsmönnum er þat kunnigt, at vér höfum mælt ok mindat vegginn viðr þat sjálft, er hann fór til húss at kveldi, en at morgni er hann miklu hærri, ok því er þat eigi mitt at keppast þar við. Konungr segir, at eigi mān þetta satt vera. Hinn enski segir, at hann skuli láta kalla á þá kompána, svá þeir komi þar, ok heyra, hvat þeir segja. Sem þeir kvámu, eru þessi mál borin fyrir þá, bjóða þeir eið sinn, at þats sé hvert orð satt, sem meistarinn sagði hér um, ok svá fer fram, at þeir sverja bókareið hér um, at Vigfús er fordæðumaðr. Eptir eiðinn unninn gengu þeir út, en konungr fer í ráð með meistararanum enska, hvat fram skal fara, segir sér eigi vera þat þekkt, at svá bölvuð smíði sè yfir sínu höfði, því hann segist eigi vita, hvír voði í megi vera: en hvernir skulum vér hann af dögum ráða, svá oss verði ámælislaust? Því eigi sýnist þessi maðr lögliga drepinn, ef vér látum hann drepa ekki utan fyrir smíðina, svá mikla frægð sem hann hafði með Dönum. Meistar-

inn segir: Þar finnst ráð til; Þér skulut nú í stað fá mér glófa yðar, með þeim boðskap til Vigfúss, at Þér losit mjök hans meistaradóm, ok skipi Þér honum frá þessari stundu alla forsögn ok skipan verksins, ok því bjóði Þér með jartégn glófans, at árla á myrgin fyrir sól skal hann riða fram til Þræla, atfylla þat starf, er ek hefi áðr haft. Þegar ek hefi borit honum þetta yðar boð, skal ek riða fram til Þrælanna, ok segja þeim þar hans tilkomu snimma á myrgin, ok þarmeð yðar vilja, at þeir brenni hann á báli, hverja mind sem hann hefir tekit á sik, sakir sinnar fjölkýngi. Pessi ráð samþykti konúngr. Fer þá meistarinn, ok ber Vigfúsi glósann með ölluin orðum, sem fyrr var talat, fær sér þegar hesta, ok riðr í mörkina, ok býðr Þrælum danska smið at brenna at morgni, hvert álit sem hefði. En Vigfús hugleiðir hit fyrsta heilræði Sveins konúngs, því þat stóð 1) uppá þenna sama sendiboda: at hann skyldi eigi trúá lágum manni rauðskeggjuðum; því at meistarinn átti þetta, því hann var bæði lágr ok rauðskeggjaðr. Héraf leiðir honum svá mikil ángr, at hann vakir út alla 2) náttina, því honum er brjóstfast at geyma heilræðit, en í öðru lagi sýnist honum fárligt, at hlýða eigi konúngs boði; en þetta ræðr hann af, at þegar í óttu riðr hann fram á veginn,

<sup>1)</sup> blýddi S, e. 544, h.    <sup>2)</sup> af ígegnum S, a.

ok sem kvāmit er sólarroð, verðr fyrir honum eitt þorp sœmilt, ok þegar sem hann kemr inn í þorpit beinan veg um strætit, heyrir hann at annann veg út við mýrinn er hríngt til messu. Þar víkr Vigfús at kapellu, ok stígr af hesti sinum, gengr inn ok litast um, sér hann at þar er gamall prestr mjök úskygn ok seinfær, ok því þykkir honum sakir sinnar farfýsi, at hann māni aldrei framkvāmast, ef hann bíðr. Til minnis kvam honum annat heilræði Sveins konúngs, at hann bauð honum at hlýða messunni, en eigi að heldr þolir hann kyrr; stökkur hann upp, ok stígr á hest sinn, ok reið sinn veg; en sem hann ætlar rétt út at ríða annars vegar af þorpinu, klíngir í kapellu nokkurri rétt við hliðit, hann stígr nú af baki, ok hugsar, sem var, at hér māni klíngja til upphafs<sup>1)</sup>; hann gengr inn, ok fellr fram, ok sem guðs líkami var útdeildr, þá hugsar Vigfús at bæta úhlýðni sína við Svein konúng, ok bíða blessanar eptir messuna, hvat sem tíma liðr, ok svá gjörir hann. Skýtr nú sólunni hátt ok vel á lopt, því dvalir þessar drógo tímann. Stígr hann nú á bak, ok ríðr ákafliga, ok lettir eigi fyrr, enn hann kemr fram.

7. Nú skal greina hvat hinn enski meistari hafðist at; hann vakir nú um tíma yfir þeirri gleði, at Vigfús māni snimma af lifi tek-

<sup>1)</sup> upphalds *S*, a. upphalds seinna lugfart til upphafs *S*, b. messu upphafs *S*, e. 544, h.

inn þann dag, ok því ríðr hann sem fyrst lýsti af degi, því messur dvöldu hann hvergi, kemr hann fram í mörkina, ok vill segja konungi sem greiniligast frá, hvat gjörzt hafi; ok svá fljótt sem hann ber at fram, umkringja þrælarnir hann, grípa hann, ok draga grimmliga at bál-inu, er þeir höfðo áðr ákafliga <sup>1)</sup> uppgeyst <sup>2)</sup>). Hann kallar ok spyr, hví þeir kvæli hann? em ek enskr maðr ok vin konungs. Þeir svara: hyggr þú, bölvuð fordæða! at vèr vitum eigi flsku þína, at hverjum ham sein þér líkar máttu kasta yfir þik, sem hinn enski maðr sagði oss í nátt, ok því skal eldr gleypa þik. Lèto þeir hann svá strax fram á bálit; ok þar brennr hann til kola, illr maðr ok svikafullr, er sér beó sjálfur gröf þá, er hann í fèll með réttum dómi guðs. En er þrælarnir standa yfir eldinum, ok tala með sér, hverso illmenni þetta fór af heiminum, reið Vigfús fram at þeim, ok spyr hví þeir sér iðjulausir? Þeir segjast unnit hafa hit þarfasta myrginverk í aftöku þess galdrmanns, er kvam af Danmörk í haust. Vigfús þagnar þá, ok sá hvat hoṇum var ætlat, ok hve málit var umturnat, skilr nú at messan drög hann undan dauða, en sá fèkk viti, er tilvann. Miklar þakkir gjörði Vigfús guði með sjálfum sér, segir nú þrælunum fyrir um verk, ok ríðr síðan heim til smiða sinna. Er nú svá

<sup>1)</sup> upprætt eðr h. u. S, a.    <sup>2)</sup> upptendrað S, c. 554, h.

skipat um daginn, sem konúngr kemr at sjást um at vana: Vigfús stendr á smið sinni, enn audt er annann vég til móts. Konúng undrar þetta ok þegir, því skipan er voltin, eigi <sup>1)</sup> sem hann hugði til. Vigfús talar þá: guð vissi gjörr enn þér, konúngr! hvat rætt er ok satt, því þér urðut sviknir með falsi at dæma rángan dóm á saklausum, því tók illr maðr ránglæti sitt, má mér því Sveinn konúngr hugkvæmr vera, ok mannot þér konúngarnir vera því úlikari, sem meir er at reynt; ok svá lýkr ræðu þeirra, því konúngr gengr frá, af því hann sér sik [offara orðinn <sup>2)</sup>]. Ok litlu síðar talar hann til Vigfúss, ok snýr <sup>3)</sup> til blíðu, ok segist hæta skyldu, áðr þeir skilja, hvat honum hefir yfirsézt af rógi ok meinsæri vondra manna, ok biðr konúngr Vigfús nú, at hann taki niðr til grundvallar allt þat verk, er hinn enski meistari hafði gjört, ok láti allt smiðit verða með einu formi. Vigfús gjörir nú svá, ok verðr höllin alsmiðut, áðr skip gánga brott af Englandi um summarit. Konúngr gjörir þá veizlu stóra, [sem hann drekkr Vigfúsi sakir <sup>4)</sup> hallarinnar. Lofa Englismenn mjök smiðit, sem verðugt var. At þeirri veizlu liðinni <sup>5)</sup> gefr konúngr Vigfúsi 2 skip hlaðin vænum kosti, ok þar með gefr hann honum blíðt orðlof. Byrjar nú Vigfús ferð sína til Noregs, hefir

<sup>1)</sup> v. i S, a. <sup>2)</sup> ófara hafa orðit, S, e. 554, h. <sup>3)</sup> snýsl S, e. 554, h. <sup>4)</sup> s. h. drekki hóf 554, h, S, e; cf. h. drechur handsal S, b. <sup>5)</sup> v. i S, b. S, e. 554, h.

hann knörinn Sveinsnaut ok þar til annat skip jafnmikit, er hann keypti í Englandi; þetta hleðr hann hvártiveggja með ávinníng fjár þess, er Danakonúngr gaf honum. Þessi 4 skip býr hann forkunnarliga vel með hagleik sínum, fèkk þar til gylta veðrvita ok stöfuð segl með ýmsum litum.

8. Síðan leggr hann út af Englandi, ok fær góða byri, kemr hann eitt kveld undir Noreg rétt í sitt ættland í Víkinni; hann leggr skipinum í eitt leyni, en stígr í bát með nokkra menn, ok rær upp lágliga fyrir þann bæ, er hann hafði forðum fráhorfit; hann gengr einn á land ok upp í bæinn, lízt honum þar illa á, svá at mikil reiði fyllir hann þegar, því bærinn er viða bætr ok nýbræddr, ok því þykkir honum víst, at sú kona, er hann átti, máni hafa fengit sér nýan bónda, gengr hann upp í herbergi þau, er honum varu kunnig, ok fer leitandi hvar húsfrú máni sofa; þvíat loklívsla, er fyrr var getit, var vanrækt. Upp kemr hann í lopt nokkut, þar er seng ein, þar sér hann liggja húsfreyu sína, ok fagran mann í faðmi henni, þykkir honum nú at sýnu gánga, at hann hafi rétt hugsat, ok svá dauðligt hatr syldi hans líjarta, at þessa manns líf vill hann í stað brott taka; ok með guðs vilja kemr honum til lugur hit þriðja heilræði Sveins konungs, at honum er bannat at vega svá fljótt, sem hann fýsir. Hann gengr nú brott frá stengiuni, sem lengst mátti hann

innan húss, ok ætlar þar at standa, meðan hann les *pater noster*; þat fer eigi svá, því reiðin hafði raðat honum mjök at sænginni, þá er úti var. Hann hopar annat sinn, ok hugsar með sér, hvat er hann þolir, þá skuli hann launa lífgjöfina í Englandi ok halda heilræði; fer nú rétt sömu leið ok fyrr. Frá dregr hann sik þriðja sinn, ok sem bænin er úti, er hann kváminn at sænginni með brugðnu sverði, þrífr í hárit á hinum únga manni, ok ætlar at rykkja höfðinu fram á stokkinn, því hann lá ofar í sænginni. Við þenna rykk vaknar húsfrú, ber þegar skyn yfir, hvat um er, ok kallar svá: sonr okkar, Hákon minn! segir hún. Hann kastar sverðinu, ok biðr guð gæta sí. Verðr þar síðan svá mikill fagnaðarsundr, at eigi er auðvelt at greina, því þau glöddust bæði fyrir önd ok líkama af því er guð hafði nú þeim veitt. Þá segir hún, at þenna pilt bar hún í kviði, er þau skildi: ok heitir hann Hárekr eptir föður þinn. Spyr síðan hvert þeirra annat af sínum farseldum ok framferðum. Segir hún at frændr hans ok félagar hafi sýnt henni svá mikinn mändóm, at hún hesir haft alla luti nóga síðan hann fór burt, bæði til kostar ok uppsmíðis. Hann segir at svá sem morgnar mani hún sjá mega hans fararblóma. Skilja þau síðan. Fer hann til skipa, ok lætr heimta út á rétta rúm<sup>1)</sup>. Um myrgininn sem sól rýðr fjöll, fær hann

<sup>1)</sup> raun S, a. árar i rúm S, c. 554, h.

fagrt kul at landinu. Hans siglíng var svá væn, at hvert mannsbarn fór at sjá, ok margir hugðu, at þar inundi sigla einn konúngr; svá siglir hann at landi, lægir seglin, hleypir akkérum, ok lætr bryggjur á land upp. Þá þekkja landsmenn, at þar er kváminn Hákon, ok verðr nú mikill fagnaðr í öllum þeim bý, er umbergis lá, eflist þar ok sama dag en bezta veizla. Segir hann þá frá ferðum sínum, ok þakkar frændum ok vinum alla þeirra dygð. Hvæt höfum vèr lengr frásögu þessa manns, en alla sína lífdaga upp hæðan hælt hann sínum sæmdum, því þá heill ok hoskleik hafði hann fengit í fundi Danakonúngs með hagleik ok frábærum meistaradómi, at aldrei kunni hans góðs á grunni at gánga, heldr keypti hann aptr allar þær jarðir, er áðr [lét hann fyrir glutr ok vangeymslu, ok beó sifðan um nægtir. Ok höfum vèr eigi fleira frá honum at segja, lýkr hér svá þessa sögu Hákonar ens norska.

---

<sup>1)</sup>) höfðu glytrazt S., c. 554, h.

---

## Af ágirnd Absalons erkibiskups ok af einum bónða <sup>1)</sup>).

---

Svá er lesit, at <sup>2)</sup> í Danmörku sat einn erkibiskup Absalon at nafni, í nafnfrægum stað, er Lund hét <sup>3)</sup>; hann var merkilegr maðr ok mikill skörungr í mörgu lagi, en mjög ágjarn til fjár, sem lýsist í sögunni. Hann hafði eft ok af grundvelli uppreist [eitt svartmúnkaklastr með föðurleifð sinni <sup>4)</sup> með ríkum próventum <sup>5)</sup> ok vænum herbergjum <sup>6)</sup>. Er þat þessu nærst segjanda, at akr einn harla <sup>7)</sup> góðr lá til kyrkjunnar <sup>8)</sup> í Lund, var þat en mesta gersemi; átti kyrkjan hálfan, en bóni einn hálfan; [óx þar et bezta aldini <sup>9)</sup>. Biskupinn falaði margan dag at bóna hans hluta í garðinum <sup>10)</sup>, sagði

<sup>1)</sup> þannig B; vantar í A.      <sup>2)</sup> v. i. B.      <sup>3)</sup> heitir, B.

<sup>4)</sup> einn svartmúka lífnað, B.      <sup>5)</sup> presentum, B.      <sup>6)</sup> þat klastr kallaði hann *Saram* (*Soram*), var þat ekki nærrri erkistólnum í Lund, heldr svá sem stóð dagferð, b. v. B.      <sup>7)</sup> vænn ok, b. v. B.      <sup>8)</sup> eigna, b. v. B.      <sup>9)</sup> ok brást aldri, B.  
<sup>10)</sup> akrinum, B.

honum vera miklu hentara lausa góz eða sú jörð, sem hann ætti einn alla aftekt af. En á hverjum árgangi var þat vani millum kyrkjunnar ok bónadans, at skipta ávextinum með mælum, var þat beggja gagn eða skaði, hvert ábati eða brestr í varð. Nú svá opt sem biskup falaði, svá opt synjar bóndi sölunnar, ok segir þat forna cign sinna lángfeðga, ok því vill hann eigi afgánga. Ok sem þat er alreynt, ferr erkibiskup í fors mikit; ok einn tíma, er þeir talast við, segir hann, at heilög kyrkja skal frá þeim degi aungvan hlut<sup>1)</sup> við hann eiga, heldr skal á nefndum degi skipta akrinum bœði til jarðar ok aftektar. Bóndi lætr sér [þetta líka<sup>2)</sup>], þvíat honum þikir harðna sambúðin í hverju. Liðr nú þar til at hvorirtveggju koma til akraskiptis; er þat sumartími, ok akrinn sem fegrstr ok fýsiliðastr ágjörnum manni. Erkibiskup vill hafa þann hátt á skiptinu, at vaðr sè dreginn yfir þveran akrinn<sup>3)</sup>; hann vill ok öngum tilhlíta<sup>4)</sup> utan sér, at halda öðrumegin<sup>5)</sup> við bóna; ok nú þann tíma, [sem jörðin lægist millum hálsanna, leitar vaðrinn at jörðinni, ok berr eigi svá skírt eða merkiliga, hverja hann<sup>6)</sup> gjörir yfir þveran akrinn. Erkibiskup kallar

<sup>1)</sup> reikning eða mæling, B.    <sup>2)</sup> vel líka, at hafa sitt frjálst, þótt skipti þetta væri nýing erkibiskups, B.    <sup>3)</sup> réttisyñis, b. v. B.    <sup>4)</sup> athlyða, B.    <sup>5)</sup> vaðinn annan veg til móts, B.    <sup>6)</sup> er lengist vaðrinn milli hálsanna fárliga, leitar bugrinn jarðar optir náttúru ok berr að svá skírt ok, merkiliga, at glæggliga sér hverja rígu, B.

þá: rött<sup>1)</sup> betr<sup>2)</sup>, bóndi! segir hann. Bóndi hugsar svā gjöra; en sakir þess, at svā fallinn strengr, sem kunnigt er, þarf örugt átak, áðr hann lyptir sér, nýtr bóndi afsl, ok kippir röskliga vaðnum, þvíat hann hugði haldit annann veg eigi bila. En þat fór annann veg, þvíat erkibiskup hrapar<sup>3)</sup> við rykkinn, ok fellr áfram, svā ófimliga<sup>4)</sup>, at jarðfastr steinn [var í akrinum fyrir<sup>5)</sup> honum, ok þar kemr hann á, svā at blæðir; stendr upp síðan, ok kastar vaðnum, segir at fullskipt sè akrinum, síðan hann er skemdr med öfund; þarf eigi hér lángt um (at tala) utan á engu stendr öðru, enn bóndi sè fallinn í herra pávans bann fyrir öfundarþátt ok áverka<sup>6)</sup>; ok yfir hann skal lýsast þat sama bann um alla *próvinciam*, utan hann gefist á dóm heilagrar kyrkju ok skipan erkibiskups. Sá verðr endir á þessu, at bónði vill heldr lúta, enn láta kristiligt samneyti, þvíat hann kennir herða mun, en væntir at þetta mál komi undir annann dóm um síðir, ok gengr til<sup>7)</sup> lausnar. En dóm uppsagðan í milli sín oc kyrkjunnar heyrir hann þann tíma, sem erkibiskup hesir sik fyrirhugsat; en þat er fljótt í úrskurðinum, at þann hálfan part, sem bóndi átti í akrinum,

<sup>1)</sup> hertu, *B.*    <sup>2)</sup> vaðnum, *b. v. B.*    <sup>3)</sup> reikar, *B.*    <sup>4)</sup> óvarliga, *B.*    <sup>5)</sup> í akrlandinu veðr undir, *B.*    <sup>6)</sup> viljunliga veittan meðr undirþegju, *b. v. B.*    <sup>7)</sup> fóru ok, *b. v. B.*

skal hann leggja til kyrkjunnar, kallar hann þetta minnīngar-liót<sup>1)</sup>, en [aungvan dóm<sup>2)</sup> fyrir svá stórt afbrot. Bóndi lætr sér fátt um finnast, þvíat nú lífkr upp fyrir honum, hvern veg lagit var þetta mál, berr þó allt einshraustliga sinn skaða, ok veitir erkibiskupi sömu lýð-skylðu, sem fyrr[hafði verit<sup>3)</sup>). Liða nú þaðan tímar, þar til at sami bóndi tekr banasótt; ok kallar til sín heimugligan klerk, at gjöra sína nauðsyn, ok þiggja tilskipat sakramentum af heilagri kyrkju, ok í millum annara greina<sup>4)</sup> seigir hann svá til prestsins: séra minn! segir hann, ek veit, at þú ert röskr maðr ok einarðr, því vil ek gefa þér þann bezta hest, er þú kýs af minni eign [ok þar með þýzkan söðul ok bitill<sup>5)</sup>], til þess at þann tíma er ek em andaðr, berr þú erindi mit Absalóni erkibiskupi, svá fallit, at ek stefni honum fyrir dómstól himnakonungsins, at svara mér þar um akrinn ok þær greinir fleiri, sem þar til lúta. Prestrinn [játar gjöfinni<sup>6)</sup>, því hún var fögr, en þíkir þó [á skafit<sup>7)</sup> nokkut. Gjörir bóndi litlu síðar [sinn enda<sup>8)</sup>], ok fèkk fagrt andlát fyrir manna ęgum. En prestrinn gjörir, sem hann hafði játað, skundar á fund erkibiskups ok kemr svá í staðinu, at hann sitr yfir borðum

---

<sup>1)</sup> lagfiert fyrir hat A, bót, B.    <sup>2)</sup> aungva bót, B.    <sup>3)</sup> án umlestra fyrir nokkrum manni, B.    <sup>4)</sup> i sínum skípan, b. v. B.    <sup>5)</sup> með þviliðan söðul ok beizl, B.    <sup>6)</sup> þakk-ur gjöfina, B.    <sup>7)</sup> óþálfereð, B.    <sup>8)</sup> sun erendi, B.

fyrri <sup>1)</sup>) máltsð, gengr inn í höllina fram fyrir hásætit, ok heilsar uppá erkibiskup, ok segir svá síðan: sá bóndi, er hann nefndi eignarnafni, er nú farinn fram af veröldinni, segir hann, ok bað mik bera yðr þau orð, herra! af sinni álfu, at hann stefndi yðr fyrir hásæti himuakonungsins, at svara honum þar fyrir akrskiptið forðum. En á sama augabragði ok prestrinn hafði úti sitt mál, hnè erkibiskup aptr at dýnunum <sup>2)</sup>) örendr í stað. Aflaði þetta mikils ótta um allt ríkit, sem enn mun síðar getit verða. En nú skal fyrst víkja til þess klaustrs <sup>3)</sup>), er fyrr nefndum vér; þat gekk svá til sama dag, sem erkibiskup var bráðlátinn, at eptir *completórium* síð um kveld, sem bræðr hugðust at fara til svefns, ok þeir höfðu enn eigi spurt af hans annláti, þá kom hryggilig rödd [af altarishorninu <sup>4)</sup>], svá talandi með lágri ok mæðiligrí raust: [*Sora! Sora* <sup>5)</sup>]! *pro me supplex ora!* Þat er skilníngr þessara orða, at röddin biðr lifnaðinn <sup>6)</sup> mjúkliga minnast sín í augliti guðs. Birtist enn í þessu [sæt myskun <sup>7)</sup>] almáttigs guðs, þóat erkibiskupinn yrði brotligr í sínu lífi fækki hann <sup>8)</sup> orlof framliðinn at vitja þangat til hjálpar ok huggunar, sem hann hafði <sup>9)</sup>)

<sup>1)</sup>) hinu fyrri, B.      <sup>2)</sup>) stólnum, B.      <sup>3)</sup>) Saram, b. v. B.

<sup>4)</sup>) upp við altarið, B.      <sup>5)</sup>) Sara! Sara, B.      <sup>6)</sup>) biðja

fyrir sér ok, b. v. B.      <sup>7)</sup>) réttlætisdomur, B.      <sup>8)</sup>) eigi

heldr, b. v. B.      <sup>9)</sup>) þó, b. v. B.

mestu verskuldat <sup>1)</sup>), því [at síðan bræðr fréttu dagstætt andlát erkibiskups, tók af þeim allan efa, at hans önd hafi þá krafít bænafulltíngs <sup>2)</sup>]. En nú er þar nærst at víkja með fljótu máli til þess efnis, hver ótti var um ríkit af þessum hlut. Þat gjörist litlu síðar, at einn illvirki var gripinn af valdsmanni, járnaðr ok í dýflizu settr; hann var svá [baldinn ok gráligr <sup>3)</sup>] sinni illsku, at hann varði með lygðum ok mein-særum allar sínar <sup>4)</sup> sakir; ok svá sem hann sat í járnnum dag ok nátt, hafði hann heyrft fagnaðarlaus livað framsór í millum erkibiskups ok bónadans; því smíðar hann sér ráð, ok fær komit þeirri flugu í munn eins skiptíngs, at bera stefnu hans þeim herramanni, sem hann hafði fángat, en <sup>5)</sup> sú stefnan var á nokkut lík-an hátt ok en fyrri, utan þat bar í meðal [sem ván var <sup>6)</sup>], at sjá stefnir til ens neðra höfðingjans, er öngum dæmir gott. Fór hér svá at, með miklum klókskap þessa óvinar <sup>7)</sup>, at réttarmaðr <sup>8)</sup> treystist eigi fram at halda við hann lögligr kvöl, ok lét hlaupa [undan ribbalda <sup>9)</sup>], hvert er honum líkaði. Af fyrra efni gefr vel at skilja, hversu formanni <sup>10)</sup> kyrkjunnar [er þat

---

<sup>1)</sup> verðskuldan í ,B.      <sup>2)</sup> Þó bræðr væru honum um gott skyldugir, stoðaði honum ekki framliðnum kraptr þeirra bæna, því úr helviti er engin endrlausn, B.    <sup>3)</sup> lagfært fyrir griotligr í A. vondrok óguðligr af, B.    <sup>4)</sup> illsku b, v. B.    <sup>5)</sup> þviat, B.    <sup>6)</sup> v. i. B.    <sup>7)</sup> illmennis, B.    <sup>8)</sup> valdsmaðrnum, B.    <sup>9)</sup> lausan, B.    <sup>10)</sup> formicum, B.

geymanda, at auðga 1) hvorki sik nè sína kyrkju með rángfengnum fjárlut, þvíat reynd er ráðvendni drottins þar um, at eigi vill hann þat piggja, sem [eigi] er lögliga 2) aflat. Amen.

---

1) eru gjarnir at auðga sik af kyrkjunnar eignum, ok mega þeir taka sér þetta sefiuty'r til viðvörunar at eigna, B. 2) með röngu er, B.

# Regístr

yfir

öll manna ok þjóða nöfn, sem finnast  
í þessu bindi.

---

- Absalon Daviðss. 418.  
Absalon erkibiskup, 352.  
367-69. 373-402. 440-  
446.  
Aðalbrikt greifi, 380.  
Aðaldagr biskup, 418.  
Aðalráðr Englakoníngr,  
Játgeirsson, 109. 158-  
61. 184-85. 189-90.  
194. 199-200. 419.  
Aðrínus páfi, 410.  
Agapitus páfi, 408.  
Ágústíus, 415-16.  
Águstus keis., 413.  
Áki, 231.  
- Þálmatókason, 55. 68.  
76. 77. 90. 91. 152. 165.  
171. 175.  
Áki Tókason, 43-50.  
Alexander páfi, 394.  
Alexander stólkoníngr,  
410.  
Alexis koníngr, 315-16.  
Alfísa Álfríms dóttir jarls,  
162. 200. 201.  
Álfrím jarl, 200.  
Álrekkr eða Eiríkr strjóna,  
159. 161-62.  
Angíses hertogi, 405.  
Ansgarius biskup, 406-7.  
Ármóðr, 126. 169. 171.  
Arnaldr, 408.  
Arnaldus Karlamagnúss.  
409.  
Arnfirr jarl, 1.  
Árni Ármóðsson, 126.  
Arnoddr kertasveinn, 71.  
Arnór jarlaskáld, 209.  
Arnúlfur helgi, 405.  
Ásbjörn Eydanajarl, 216-  
221. 252. 262-79.  
- snara, 369-70. 373. 387.  
400.  
Ásimenn, 412-413.  
Áskell erkibiskup, 349. 352.  
373-74. 377. 391-92.  
- Erlingsson, 212.  
Áslákr hólmskalli, 115-16.  
132-33. 166. 170-72.  
Ásley, 368.

- Assúr, 414.  
 Ástráðr Þorgunnuson, 238-  
 40. 251. 255-59. 271-  
 72. 278. 282-93.  
 Ástriðr Búrizlafrsdóttir, 99.  
 100. 104-7. 112-15.  
 156-75.  
 - Sveinsdóttir, kona Úlfss  
 jarls, 183. 187. 206.  
 Atli svarti, bóndi, 52. 55.  
 - Sveinss. 372.  
 Auðun, 159-60.  
 Austrvegsmenn, 226.  
 Austr-Vindr, 380. 386. 398.
- Baldvini hertogi, 227.  
 246-47. 262. 282-93.  
 Beða prestr, 409-10.  
 Begga Pippínsd. 405.  
 Benedikt Sveinsson, 212.  
 227. 238-40. 251. 265.  
 269-78. 309.  
 - ábóti, 415.  
 Bersi Skáldtorfuson, 204.  
 Birgir bryti, 42.  
 - jarl brosa, 335. 396.  
 Bjarni biskup, 163.  
 - Svíakonúngr, 180.  
 Björn, 302-4.  
 - brezki, 50. 51. 68. 70-  
 73. 93. 98. 111-12. 126-  
 27. 143. 153-56.  
 - Eiríksson, 410.  
 - járnvíða Haraldss. kesju,  
 183.
- Björn Sveinsson, 212. 218.  
 - Úlfsson jarls, 183.  
 Blakkmarr, 251. 271-73.  
 278.  
 Blöð-Egill, *sja* Egill Ragn-  
 arsson.  
 Bóthildr Hákonard. 302.  
 - frú Þorgautsd. 302. 310.  
 Bretar, 70.  
 Brimiskjarr jarl, 26. 29.  
 31. 41.  
 Brittó, 416.  
 Brútus, 416.  
 Búi digri Vesetason, 77-  
 78. 82-92. 110. 115-16.  
 119. 126. 130-31. 136.  
 139-41. 144-45. 151.  
 157-58. 165-66. 170-  
 173. 183.  
 Búrizlafr koníngr, 73-74.  
 97-100 104-7. 183. 327.  
 394. 397-401.
- Dalemarr, 383.  
 Davið koníngr, 418.  
 Dómaburr, 378.
- Eðla drottning Baldvinad.  
 227. 251. 262. 282. 287.  
 290.  
 EgillRagnarss. 231-42. 245.  
 Einar litli, 127.  
 - prestr Skúlason, 353.  
 - Skálaglam, 127-30 144.  
 158.  
 Eiríkr Byrgiss. 396.  
 - Eiríkss. Svíakon. 396.

- Egill (Blóð - Egill) Ragnarsson, 231-42. 245.  
 Eilifr Þorgilsson, 158. 160-61.  
 Eiríkr jarl Hákonarson, 118-19. 121-22. 125-30. 131-5. 144. 151-57. 168. 174-75. 183-84. 186. 195. 198. 200. 421.  
 - Eymundars. 410.  
 - eymundi Danak. 311-12. 319. 335-49. 353. 378. 384.  
 - konúngr góði Sveinsson, 212. 227. 244. 250-51. 265. 270-71. 273. 277-78. 294-320. 338. 348.  
 ➤ helgi Játvarðsson Svíakonúngr, 318.  
 - konúngr lamb Hákonarson, 311. 348-50. 373.  
 - Svíakonúngr sigrsæli, 180. 419-20.  
 - Þorvaldss. 412.  
 Elfráðr konúngr, 410.  
 Elím Semss. 414.  
 Ella, 187.  
 Ellisif Jarizleifsd. 210.  
 Emma Rikgarðsd. drotning Aðalráðs ok Knúts, 159. 161-62. 189-90. 199-200.
- Eucaas, 416.  
 Engilborg Eiríksdóttir, 396.  
 Engilborg eða Ingibjörg Haraldsd. konungs. 324-27. 335. 342. 388.  
 - Valdimarsd. Knútss. 396.  
 Erlíngr Hákonarson, 435.  
 - skakki, 388.  
 - af Skugga, 118-20. 126.  
 Evgenius páli, 351.  
 Eyjólfur Valgerðarson, 42-43.  
 Eylendingar, 382-83.  
 Eymundr Sveinsson, 212.  
 Eyvindr bifra, 218-22. 252. 262-63. 268-69. 275-77.
- Filippus postuli, 414.  
 Filippus Frakkakonúngr, 396.  
 Fjónbúar, 67. 351.  
 Fjölmir Tókason, 43-46. 55. 64-65. 70-72.  
 Flóki Vigvarðss. 412.  
 Flæmingjar, 292.  
 Fólkráðr greifi, 355.  
 Friðleifr Mjúklátss. 375-376.  
 - Skjaldars. 413.  
 Friðrekkr keisari, 354-56. 397.

F f

- Frisir, 405.  
 Fróði konúngr, 408.  
 Fróði Friðleifss. 413-14.  
 Fýriselta, 180.
- G**arðar Svavarss. 411-12.  
 Gautar, 358.  
 Geira Búrizláfsl. 99.  
 Geirmundr, 167.  
 Geirþrúðr, Heinreksd. hert.  
     375. 381. 391-92.  
 Góðefríðus konúngr,  
     405-6.  
 Goðjóð, 413.  
 Gormr konúngr barnlausí,  
     1. 2. 3.  
 - konúngr heimski eða  
     gamlí, 3-18. 67. 183.  
     205. 400-10. 417.  
 Grikkjar, 315.  
 Guðbrandr ír Döllum, 126.  
     142.  
 - hviti, 120. 144-45.  
 Guðfreðr, 407.  
 Guðini jarl, 191-94.  
 Guðröðr, 418.  
 Gullharaldr Knútsson, 19-  
     25.  
 Gunnhildr Búrizláfsl. 99.  
     104-7. 183. 418.  
 - Knútsdóttir, 162. 200.  
     206.  
 - konúngamóðir, 18. 21-  
     26. 409.
- Gunnhildr Sveinsd. jarls  
     Hákonars. 212.  
 Guttormr Sveinsson, 212.  
 - móðurbróðir Háreks,  
     406-7.  
 Gvenmarr Ketilss. 372-74.  
 Gyða Haraldsd. konúngs  
     Guðinas. 194. 324.  
 - Sveinsd. konúngs, 183.  
 - systir Úlfss jarls, 193-94.  
 Gyrðr Danakomúngr, 408.  
 - skipherra, 426.  
 Gönguhrólfr, 189.
- H**ákon jarl Eiríksson, 183.  
     200-1. 302.  
 - jarl Ívarsson, 311.  
 - norræni Sunnifuson, 311.  
     348.  
 - jarl Sigurðarson, Illaðan-  
     jarls, 18-32. 35-43. 110.  
     113-37. 142-57. 165.  
     168-71. 179-83. 186.  
     318. 409. 418. 420.  
 - úngi, Noregs kgr. 396.  
 - Hárekss. 422-39.  
 Háleygir, 42.  
 Hálfdán konúngr, 407-8.  
 Hallendingar, 224-25. 338.  
     351.  
 Hallkell, móðurbróðir  
     Ólafs helga, 210.  
 Hallsteinn kerlingarbani,  
     126. 155.

- Hallvarðr, 1.  
 - af Flyðrunesi, 127.  
 - háreksblesi, 187.  
 - helgi, 345.  
 Haraldr *sjá* Strút-Haraldr.  
 - gilli, 342-44.  
 - biskup, 418.  
 - Gormsson, 8. 14-32. 35-  
   39. 41-43. 45-49. 51-  
   67. 164. 179-83. 205.  
   409. 417-420.  
 - gráfeldr, 18. 20-25.  
 - Guðinason Englakon-  
   úngr, 194. 324.  
 - hárfagri, 409-10.  
 - Gunnhildarson, 179.  
 - Haraldss. keisju, 318.  
 - hein Sveinsson, 212. 214.  
   216-23. 226.  
 - kesja Eiríksson, 311-12.  
   318-19. 336-40. 343.  
 - jarl *sjá* Klakk-Haraldr.  
 - kenníngarson Knúts, 162.  
 - Knútsson, 200-1. 205-6.  
 - konúngr Sigurðars. 210-  
   11. 215. 230. 243. 294.  
   302.  
 - Sveinsson, 183. 185.  
 - konúngr Valdimarsson,  
   194. 324-27. 335. 388.  
 Harðvígr erkibiskup, 354.  
 Hárekr konúngr, 406.  
 Hárekr konúngr, 406-7.  
 - - 406.  
 - bóndi, 422.  
 - Hákonars, 438.  
 Haukr, 16.  
 Hávarðr höggvandi, 115-  
   16. 136-37. 145. 165.  
 - 170. 172.  
 - uppsjá, 127.  
 Heiðrekr strjóna, 199.  
 Heinrekr 1ti keisari, 408.  
 - Búrizláfsson, 402.  
 - halti Sveinsson, 333-41.  
 - 351 keisari mildi Kon-  
   ráðss. 162. 200. 409.  
 - valdsgreifi Heinrekss.  
   375. 380.  
 - keisari Heinrekss. keis.  
   milda, 301-6. 310. 313.  
   320.  
 - Englakonúngr, 375.  
 - Heinrekss. keisara, 320-  
   21. 328-29.  
 - hertogi Konráðss. 354-  
   56. 360-1. 375-76. 379-  
   81. 386. 391-93.  
 Helgi Danakonúngr, 408.  
 Hemíngr Strýtharaldss. 107.  
   159. 161-62. 187.  
 - 405.  
 Hereðus biskup, 408.  
 Hildigarðis drotn. 405.

- Hildigunnr kona Veseta, 77.  
 Hlöðver Arnaldison, 409.  
 - Hlöðverss. 407-10.  
 - Karlagnúss. 405-7.  
 Hríngr, 416.  
 - Haraldss. 418.  
 Hrói túngugoði, 412.  
 Hrærek Frísalhöfðingi, 405.  
 Hímó biskup, 408.  
 Hyrningr greifi, 391.  
 Hörðaknútr Knútsson, 162.  
 200-1. 205-6.
- Íngi Haraldss. gilla, 344-  
 45. 375.  
 - Steinkelss. Svíak. 318.  
 Ingibjörg Óttarsd. 47-49.  
 - Þorkelsd. 111-153. 155-  
 56. 167. 176.  
 Ingifreyr, 413.  
 Ingigerðr Ólafsd. sánska;  
 210.  
 - kona Strútharalda, 77.  
 - Birgisdóttir, 335.  
 Ingimarr, 373-74.  
 Ingiríðr Haraldsd. 294.  
 - Sveinsd. 212. 237.  
 Ingvar kveisa, 353. 364.  
 366. 372.  
 Irpa, 135-37. 142.  
 Íslendingar, 181.
- Jafet Nóas. 414-15.  
 Jakóbus postuli, 416.
- Jarisláfr, eða Jarizleifr  
 Valdimarsson, 210. 324.  
 Jarizmarr, 398. 402.  
 Jarmar, 384.  
 Játgeirt Aðalráðsson, 190.  
 194-95.  
 - faðir Aðalráðs, 184.  
 Játmuudr Aðalráðss. 161-  
 62. 190. 194-5. 199-200.  
 - konungr helgi, 184-85.  
 Játvarðr enn góði Aðal-  
 ráðss. 190. 194-95. 206.  
 - Elfráðss. 410.  
 Játvigr Aðalráðss. 190.  
 194-95.  
 Jóhannes páfi, 410.  
 - guðspjallamaðr, 416.  
 Jómsvíkingar, 76-81. 88-  
 125. 134-58. 179. 183.  
 186.  
 Jón Sörkviss. Svíak. 335.  
 Jótar, 382-83. 391.  
 Júliannus nřöingr, 184.  
 Kálfr Mánason, 214. 216.  
 Kam Nóas. 414-15.  
 Kanán, 415.  
 Karl, 358.  
 - Hlöðverss. 407.  
 - Hlöðverss. 409.  
 - Knútss. helga, 227. 262.  
 290.  
 - Svíakgr. Sörkviss. 335.  
 Karlagnúss Hlöðverss.  
 409.

- Karlamagnús, 1.405-7.417.  
 Kassamarr, 381. 394.  
 Katrín Eiríksdóttir, 318.  
 - Ingadóttir, 318.  
 - Knútsdóttir lávarðar, 335.  
 Ketill biskup, 338.  
 Kjarfall konúngr, 410.  
 Klakk-Haraldr jarl, 3-14.  
 Knútr, 2. 3.  
 - 358.  
 - Eiríkss. Svíakgr. 318.  
 - Danakonúngr, 408.  
 - lávarðr Eiríksson, 310.  
 312. 319-42. 350. 371.  
 387.  
 - Cormsson, 8. 14-19.  
 - jarl Hákonarson, 318.  
 - Haraldss. kesju, 318.  
 - Magnúss. Nikuláss. 327.  
 349-69. 373.  
 - Sveinsson, hinn ríki eða  
 gamli, 158-62. 183-207.  
 215. 243.  
 - Sveinsson, 212.  
 - helgi Sveinsson, 212.  
 214-81. 297. 307-9.  
 - Sveinsson Áskelss. eða  
 Knútr á Sóla, 212.  
 - Valdimarss. 381- 402.  
 Konráðr keisari, 162. 351.  
 354. 375. 409.  
 - markgreifi, 360.
- Konstantín, 368.  
 Kristín Björnsd. járnsvíði,  
 318.  
 - Ingadóttir Svíakonúngs,  
 324.  
 - Knútsd. lávarðar, 335.  
 - Nikulásdóttir, 318.  
 - Sigurðard. jórsalafara,  
 388.  
 - Stígsdóttir, 335.  
 Kristóforus Valdimarss.  
 357. 373-96.  
 Kúrir, 226.322-23.386-87.  
 Leó stólkonúngr, 405.  
 Leifdagr biskup, 418.  
 Leifr Eiríkss. 412.  
 Libedagus biskup, 408.  
 Liðbrandr konúngr, 415.  
 Lótarius eða Ljóðgeirr  
 keisari, 329. 407.  
 Löðver Frakkakgr. 396.  
 Magnús konúngr berfætti,  
 318. 349.  
 - blindi Norðegs konúngr  
 Sigurðars. 335. 342-46.  
 - konúngr góði Ólafsson  
 helga, 206-14. 311.  
 - Erlingss. 388.  
 - Haralds. kesju, 318.  
 - sterki Nikuláss. 319-20.  
 327-42. 350.  
 - jarl, 416.  
 Magogg, 414.

- Málmfriðr Haraldsd. konungs, 324. 342. 388.  
 Margrét Eiríksd. 318.  
 - Ingadóttir, 319. 324.  
 - Knútsd. lávarðar, 335.  
 Markús Skeggjason, 295-317.  
 Manrukári jarl Guðinas. 194.  
 Merkúríus, 184.  
 Mesraím, 414.  
 Mikkael stólkonungr, 405.  
 Mjúklátr, 375-76.  
 Móyses, 445.  
 Naðr, vikingr, 411.  
 Naumdalir, 42.  
 Nikulás blaka, 318.  
 - Búrizláfss. 402.  
 - Magnúss. Nikuláss. 327.  
 - 415.  
 - skata, 351.  
 - konungr Sveinss. 212. 312. 319-20. 324. 327-32. 336-42. 344. 349.  
 - Stígsson, 335.  
 - detta, 358.  
 Nizólórus stólkonungr, 405.  
 Norðimbrar, 418.  
 Óðin, 412-13.  
 Ólafr Bjarnason konungs, 180.  
 Ólafr helgi Haraldss. 183-84. 200-1. 207.  
 - kyrri Haraldsson, 212. 237. 242-45. 294.  
 - Haraldsson kesju, 318. 349-50.  
 - glugg, 351.  
 - Sveinsson, 212. 227. 245-48. 281-88. 292-96.  
 - swenski, Sviakonungr, 183-84. 186. 207. 408. 420-421.  
 - Tryggvason, 32-39. 99. 183-84. 186. 420-21.  
 - þórðarson, 396.  
 Ólöf Stefnsd. 50-1. 55. 73.  
 Ottar keisari enn rauði, 26-29. 31-39. 179-80. 409. 417. 420.  
 - Heinrekss. 375. 396.  
 Ottar jarl, 40. 45-49.  
 - svarti skáld, 185-91. 194-96.  
 Ottó - Sveinn sjá: Sveinn Haraldss. tjúguskegg.  
 Ottó mikli keis. 408. 409.  
 Ottó 3ði keisari, 419-20.  
 Pálmar, 251. 271. 273. 276. 278.  
 Pálmatóki Pálmirss. 49-80. 88-99. 107. 111. 182.  
 Pálmir Tókason, 43-50.

- Paskalis páfi, 300. 310.  
   406.
- Pétr biskup, 338.  
   - þenja, 369. 372-73.
- mágr Absalons biskups,  
   369.
- Pippín Arnúlfss, 405.  
   - Illöðverss. 407.
- Pizamarr, goð, 386.
- Plógr svarti, 346-48. 353.  
   372.
- Poppó biskup, 37-8. 419.
- Priða, 397.
- Puruvit, goð, 385.
- R**agnar, faðir Blóð-Egils,  
   231.  
   - loðbrók, 407.
- Raguhildr Eiríksd. 311.  
   - Magnúsd. berfætts, 318.  
   349.
- Magnúsd. góða, 311.
- Sveinsdóttir, 212.
- Raumðælir, 42.
- Reginbrandus biskup, 318.
- Reinfríðus son Góðefríði,  
   406.
- Rikarðr Rúðujarl, 159.  
   189.
- Vilhjálmss. 189.
- Rikiz Valdimarsd. 396.  
   - Birgisd. jarl, 396.
- Rikiza Búrizlásd. 327.  
   349. 354. 358.
- Rímbertus biskup, 407.
- Rímbrondus biskup, 408.
- Rimvit, goð, 385.
- Rípa-Úlfur, 352-74. 359.  
   364. 372.
- Róbert jarl Villjálmsson,  
   189. 200.
- Rængar, 377-85. 398.
- Rögnvaldr Mærajarl, 189.  
   410.
- S**aumæsa Atlad. 52-56.
- Saumæsu - Sveinn sjá;  
   Sveinn Haraldsson tjúgu-  
   skegg.
- Sem Nóason, 414.
- Sigfrcðr, 407-8.
- Sighvatr skáld, 200. 202.  
   204.
- Sigriðr stórráða, d. Sköglar-  
   tosta, 183. 207. 420.
- Sigröðr, 406.
- Sigurðr fóstbrúðir Tóka-  
   sona, 47-48.
- Haraldss. gilla, 344-45.
- Hlaðajarl, 18.
- jarl ríki, 410.
- konungr jórsalafari, 316.  
   324. 335. 342. 388.
- kápa Vesctason, 77-78.  
   82-88. 91. 111. 115. 126.  
   141-42. 157.
- steiklingr, 126.
- sterki, 339-40.

- Sigurðr Sveinsson, 242-13.  
 Sigvaldi Strútharaldsson,  
   77-81. 88-115. 119.  
   124. 126-31. 135-41.  
   143. 156-57. 165-66.  
   169. 172. 183.  
 Sjólendingar, 351. 360.  
   391.  
 Skálmíngar, 225. 338. 351.  
   360. 391.  
 Skjaldmeyar - Einar sjá:  
   Einar skálaglam.  
 Skjöldr Óðiuss. 412-13.  
 Skopti-Karkr þræll, 135.  
   147.  
 Skögclar-Tostí, 183. 207.  
 Sóna Ebbason, 384-85.  
 Stefni jarl, 50-1. 62. 67-8.  
 Steinkell Sviakgr. 211.  
 Steinn Herdísarson, 215.  
 Stígr hvítaleðr, 335.  
 Strút-Haraldr jarl, 77. 79.  
   81-88. 92-93. 107-8.  
   115. 187.  
 Styrbjörn sterki Ólafsson,  
   180.  
 Styrkárr af Gimsum, 126.  
 Suðrmenn, 352-55. 381.  
 Súlfia Valaðarsd. 357. 396.  
 Sunnifa Hákonard. 311.  
   348.  
 Svantaviz, goð, 384  
 Sveinn Áskelsson, 212.  
 Sveinn biskup, 385.  
   - Búason, 151. 157.  
   - Eiríksson cymuna 349-  
    72.  
   - jarl Guðmas. 194.  
   - jarl Hákonarson, 120-  
    22. 125-26. 130-31.  
    135. 145. 200. 212.  
   - Haraldss. tjúguskegg, 53-  
    73. 76-77. 81-115. 154.  
    158-59. 180-86. 205-6.  
    306. 418-21.  
   - Kinútss. ok Alfsífu, 162.  
    200-1.  
   - Sveinss. komíngs Úlfss-  
    sonar, 212. 333.  
   - Sveinsson, 212.  
   - komíngr Úlfsson jarls,  
    183. 206-220. 222. 330.  
    296. 302. 333. 417. 419-  
    20. 426-30. 433-37.  
   - þórgunnuson, 238. 239-  
    40. 251. 255-57. 271-  
    73. 278. 282-93. 313.  
 Sverrir Noregs komíngr,  
   318.  
 Sörkvir Karlsson Sviakou-  
   úngr, 335.  
   - komíngr Kolss. 354. 358.  
    360.
- Tetizláfr koníngr, 384.  
 Tíras Jafetss. 415.  
 Tjarnaglöði, goð, 386.

- Tófa Strútharaldsd. 77. 87.  
 - 88. 115. 157.  
 - móðir Kristófórs Valdimarss. 357. 396.
- Tóki, 43-44.
- Tólar verpill, 252-55. 263.  
 - 270. 280.
- Tóli, 257-62.  
 - Henningsson, 366.
- Tosti jarl Guðinason, 194.
- Trójumenn, 416.
- Tryggvi, 36.
- Turupið, goð, 385.
- Tyrkir, 412. 415.
- Úlfhildr Aðalráðsd. 159.  
 - 162.
- Úlfkell snillingr, 159. 162.  
 - 198.
- Úlfusæðr bóndi, 193.
- Úlfr, 123-24. 159.  
 - ubbi Sveinsson, 212.  
 - jarl Þorlaksson sprakaleggs, 183. 187. 191-93.  
 - 206.
- Uni Garðarss. 412.
- Urguþrjótr jarl, 26. 29.  
 - 31. 41.
- Vagn Ákason, 77-112.  
 - 116-49. 122-24. 126.  
 - 131-33. 139-46. 152-  
 - 56. 165-66. 171-76. 238.
- Valaðar konungr, 357.
- Valdimar Birgiss. jarls, 396.  
 - konungr Jarisláfsson,  
 - 194. 324. 342.
- Knútss. lávarðar, 335.  
 - 348-402.
- gamli Valdimarss. 396.
- Valþjófr jarl Guðinas. 194.
- Vendilbyggjar, 252.
- Veseti, 77-90. 157.
- Vestr-Vindr, 398.
- Viðgautr, 322-27.
- Víaglúmr, 129-32.
- Vigfús norræni 426-37.  
 - Vigaglúmss. 129-30. 133.  
 - 172.
- Vilhjálmr digri Heinrekss.  
 - 375. 396.
- lángaspjót, 189.
- Rikgarðss. 159. 189. 200.
- Vindr, 207-8. 233. 245.  
 - 249. 303-7. 374. 376-  
 - 7. 380-83. 389-99. 402.
- Væríngjar, 162.
- Yrjarskeggi, 126.
- Péttleifr Eðlarson, 352-  
 - 53. 359. 364. 366. 368-  
 - 79. 372.
- Þingamannalið, 158. 184-  
 - 85.
- Þjóstólfur Alas. 345-46.
- Þór, 412.
- Þóra Skagadóttir, 150.
- Þórarinna loftúnga, 203-4.

- Þórðr, 159-60.  
 - Kolbeinsson, 188. 195-  
   199.  
 - skori, 252-63. 279-80.  
 - Örvahönd; 129-30. 158.  
 Þorgautr fögurumskinna  
   Ulfsson, 302.  
 Þorgerðr hörðatröll eða  
   hölgabréð eða hörða-  
   bréð, 134-37. 142. 172.  
 Þorgils sprakalegg, 183.  
   187. 206.  
 - Sveinsson, 212.  
 Þórgunna Vagnsdóttir, 238.  
 - Vesctadóttir, 77.  
 Þórir biskup, 338.  
 - ljörtr, 126.  
 Þorkell auðgi, 129. 158.  
 - háfi Strútharaldsson, 77-  
   81. 88. 91. 107-10. 126.  
   141-42. 157-59. 161-62.  
   165. 187.  
 Þorkell leira, 111. 126.  
   145-53. 175.  
 - miðlungr, 121. 126. 139-  
   40.  
 Þorleifr skúma, 129-30.  
   133. 144-45. 158. 172.  
 Þorleikr sagri, 208. 211.  
 Þorvör kona Tóka, 43-44.  
 Þrændir, 42.  
 Þyri Haraldsd. kona Styr-  
   bjarnar, 180.  
 - Klakk-Haraldsd. dan-  
   markarbót, 3-8. 11. 16-  
   17.  
**A**sa sjá: Saumæsa.  
 Ógmundr hviti, 116-19.  
   126.  
 Öndótr kráka 412.  
 Önundr Ólafsson Sviakon-  
   úngr, 209.  
 Özur erkibiskup, 313-14.  
   319. 337-39. 349. 373.
-

## R e g i s t r

yfir

öll landa, staða ok fljóta nöfn, sem finnast  
í þessu bindi <sup>1)</sup>.

---

- |  |  |
|--|--|
| Afrika, 415.   | Beltissund, 230.   |
| Álaborg, 353.  | Björgvín, 411.   |
| Albanialand, 414.  | Bleikíng, 363. 386.  |
| Alsey, 231.  | Bólgaraland, 415.  |
| Alviðra, 129. 158.   | Borgtímðarhólmr, 63. 77-9.<br>83. 88. 140. 151. 157.<br>231-33. 235. 237-8. 363.   |
| Analöng, 382.  | Borgundá, 407.   |
| Apasýsla, 357.   | Bramnes, 391.  |
| Apúlealand, 415.   | Brandfurða, 194.   |
| Arabía, 415.   | Breiðafjörðr, 158.   |
| Arkún, 344. 378. 384.  | Bretland, 50-1. 62-3. 68-9.<br>73. 93. 98. 111. 156.   |
| Aqvisgranum, 407.  | Brimar, 300. 354. 408.<br>418-19.  |
| Árós, 229-30. 408. 418.                                      | Brittannía, 416.   |
| Ásbjarnarbúðir, 252.   | Brúnsvík, 354-55. 375-76.<br>379, 393. 396.  |
| Ásia, 414.   | Búaþorp, 369.  |
| Assatún, 194-95.   | Burstaborg, 392.   |
| Ásund, 383. 386.   | Burakyrkja, 159-60.  |
| Atripiðen, 391.  | Böku, 382.   |
| Austbú, 358.   | Dalir, 126. 142.   |
| Austrlönd, 14.   | Damíð, 396.  |
| Austrvegr, 39. 180. 184.<br>216. 294. 322. 324. 335.<br>422. | 1) Ur registrinu er viljandi slept <i>Danmörk</i> , <i>Norveg</i> ok <i>Svíþjóð</i> , vegna þess þau nöfn koma svá opt fyrir í sögumnni<br>æð mikils til of langt yfir upp að telja. |
| Bár, 299. 415.   |  |
| Basta, 317.  |  |

<sup>1)</sup> Ur registrinu er viljandi slept *Danmörk*, *Norveg* ok *Svíþjóð*, vegna þess þau nöfn koma svá opt fyrir í sögumnni  
æð mikils til of langt yfir upp að telja.

- Danaskógar, 194-95.  
 Danavirki, 28. 32-35.  
 Danúbius, 415.  
 Dímin, 380-81. 393.  
 Dúbbín, 351.  
 Dunzarbrú, 381.  
 Dýflin, 410.  
 Dýrafjörðr, 129. 158.  
**E**gðera, 405.  
 Egíptaland, 414.  
 England, 159. 161. 184-89. 194. 199. 200. 202-3. 205-6. 243-44. 410. 412. 416. 418-19. 422. 426. 430-31. 436-37.  
 Erkúlesstólpur, 416.  
 Ermland, 414.  
 Erri, 208. 231. 363.  
 Eqvítania, 407.  
 Evrópa, 414-16.  
 Eyland, 307. 387.  
 Eyrarsund, 225. 230. 238. 279. 390.  
 Eystrasalt, 15.  
 Eyyvindarbúðir, 252.  
 Falong, 377.  
 Falstr, 231. 360. 362-63.  
 Farðhlís, 358.  
 Feneði, 299.  
 Fencyabotn, 416.  
 Finneiði, 358.  
 Firðir, 158.  
 Fjón, 43. 47-49. 51. 53. 55.  
 58-62. 77. 90-91. 153. 156. 209-31. 250. 257. 261-62. 266. 281. 286. 308-9. 352. 360-61. 363.  
 Flandr, 422.  
 Flatsmynni, 393. 398.  
 Fors, 345,  
 Fljót, 187.  
 Flyðrunes. 127.  
 Flæmingjaland, 202. 227. 246-47. 262. 282. 287-88. 292-93. 416.  
 Fótvik. 337-40.  
 Frakkland, 313. 405. 407.  
 Freysmosi, 369.  
 Frísland, 355. 416.  
 Fúir, 393.  
 Fúznon, 393.  
 Fýrilcif, 342.  
 Fýrisvellir, 180.  
 Færreyjar, 411. 416.  
  
**G**aðisey, 415-16.  
 Galízuland, 302.  
 Galicia, 416.  
 Gandvík, 43.  
 Garðarshólmi, 411-12.  
 Garðaríki, 194. 201. 210. 212. 294-95. 335. 354. 414.  
 Garðsborg, 383.  
 Gautelví, 207. 240.  
 Gautland, 39. 40. 45. 47. 49. 354. 394.

- Geitisey, 391.  
 Geitsbekk, 354.  
 Germania, 415.  
 Gjetílía, 416.  
 Goðlönd, 413.  
 Gorgasia, 392.  
 Graðarheiðr, 371.  
 Grikkland, 415.  
 Croz, 381.  
 Grozvin, 393.  
 Guðakrsá, 375.  
 Gunnhildarmýri, 26.  
 Grænasund, 379. 391.  
     894-95.  
 Grænland, 411-12.  
 Halland, 59. 211. 222.  
     224. 230. 337. 343. 358.  
     363.  
 Hálogaland, 126.  
 Háls, 22. 179. 181.  
 Hamrasund, 121.  
 Haraldseið, 230.  
 Harund, 125.  
 Harundarfjörðr, 125.  
 Héðinssey, 374. 378. 382-3.  
 Heiðabær, 207. 229. 312.  
     319. 322. 330. 341. 353.  
     355. 359. 383. 392. 406.  
     408.  
 Helganes, 209.  
 Hemingaborg, 188.  
 Hereyjar, 122. 124.  
 Hjaltland, 416.  
 Hjarrandasýsla, 252.  
 Hjörúngar, 125.  
 Hjörúngavágr, 122-25. 158.  
     168. 183. 186.  
 Hlaðir, 120.  
 Hlèsey, 230.  
 Hlírskógsheiði, 207.  
 Hölingarðr, 194. 210.  
     325-27.  
 Holtsetaland, 3. 5. 9. 14.  
     179. 416.  
 Horn, 411.  
 Hringmaraheiði, 198.  
 Hringstaðir, 214. 331. 334.  
     364-65. 387. 395.  
 Húnaland, 414.  
 Húsavík, 411.  
 Hýlingstaðir, 355.  
 Hyljumynni, 390.  
 Höfn, 208.  
 Höð, ey, 122-23,  
 Höfuðey, 345.  
 Indialand, 414.  
 Írland, 32. 73. 410. 416.  
 ísafjörðr, 182.  
 Íseyri, 84.  
 ísland, 42. 58. 181. 409-12.  
 Ítalia, 415.  
 Jaðar, 164.  
 Jalángrsheiði, 337. 413.  
 Járnloka, 387.  
 Jóluhólmar, 369.  
 Jóm, 74.

Jómsborg, 74-75. 79-80. 88-97. 100-8. 116. 179. 207. 389. 419  
 Jórsalaborg, 351.  
 Jórsalir, 312. 291-92.  
 Jótland, 207-8. 211-14. 229-31. 251-52. 286. 330. 338. 341. 346. 351-60. 363. 369. 383. 406. 408. 417.  
 Jótlandssíða, 230.  
 Jöfujörðr, 211.  
 Jörungr, 230. 338.

Kaldea, 415.  
 Kálfá, 267.  
 Kállundi, 359.  
 Kampanía, 415.  
 Karenz, 385.  
 Kartagó, 415.  
 Kerlingaland, 407.  
 Kipr, 316.  
 Kirjáland, 414.  
 Klerivás, 392.  
 Kolni, 407.  
 Konungahella, 354.  
 Kotnúring, 370.  
 Kotskágaborg, 393.  
 Kúaviz, 379.  
 Kúrland, 322. 414.  
 Kvennaland, 414.  
 Kyrkjubær, 416.  
 kyrkjuvogr, 416.  
 Kænugarðr, 414.

Láland, 231.  
 Landesberg, 360.  
 Lángaland, 231.  
 Lángbarðaland, 415.  
 Lávarðsskógr, 385.  
 Liðandisnes, 41. 181.  
 Ljóðhús, 354.  
 Limafjörðr, 9. 10. 13. 14. 22. 179-87. 229-30. 244. 249. 255.  
 Linðsey, 188.  
 Lótaríngia, 407.  
 Lúka, 301.  
 Lundúnaborg, 158. 162. 195-99.  
 Lundr, arkibiskupssetr, 230. 313-14. 319. 337-38. 349-50. 393. 440.  
 Lýngbýr, 360.  
 Læradals, 41. 181.  
 Lögrim, 180.

Mársey, 180.  
 Másnæs, 378.  
 Meðulfararsund, 230. 266. 360.  
 Meginzuborg, 406-7.  
 Mikkaelshellir, 415.  
 Mikligarðr, 161. 315-16. 410.  
 Mildin, á, 355.  
 Mildinborg, 355.  
 Montakassín, 415.  
 Mosa, á, 407.

- Morstr, 202. 206.  
 Mundúnfjall, 416.  
 Mæri, 183.  
 Mön, 231. 373. 395.  
 Naumndalr, 121.  
 Niðarós, 201.  
 Nizi, 211.  
 Norðimbraland, 189. 191.  
 Normandí 189. 200.  
 Norðmæri, 120.  
 Norðvík, 195.  
 Númiðía, 415.  
**Ó**ðinsey, 230. 266-7. 281.  
 309. 350. 352,  
 Ólimpus, 415.  
 Orkneyjar, 410. 416.  
 Ottusund, 417.  
 Oslo, 345.  
 Palteskja, 414.  
 Parcialand, 414.  
 Parez, 382.  
 Parisborg, 407.  
 Peitulönd, 26.  
 Persíðaland, 414.  
 Placentía, 301.  
 Platsmynni, 392.  
 Plögssýsla, 346.  
 Polinaland, 357.  
 Primsigð, 125. 134.  
 Púl, 415.  
 Rabítaland, 415.  
 Ragnarsstaðir, 231.  
 Ramsjór, 369.  
 Randárós, 262-3. 370. 388.  
 Ranðstokk, 354.  
 Raumaríki, 345.  
 Raunnsdalr, 120.  
 Re, hérað, 378.  
 Reiðgotaland, 414.  
 Reykjanes, 414.  
 Rín, 407.  
 Rípar, 229-31. 338. 347.  
 359. 406. 408. 418.  
 Rogaland, 120.  
 Róiskelda, 67. 159. 230.  
 319. 336-38. 858-60.  
 363. 365. 373. 401. 419.  
 Róm, 162. 202. 299. 300.  
 408. 410. 413.  
 Rómaríki, 407.  
 Ræng, 386.  
 Sámland, 322-23. 414.  
 Sámsey, 230.  
 Sardinía, 415.  
 Sanðúningssund, 183.  
 Saxland, 1. 14. 26. 28. 39.  
 179. 184. 206. 300-3.  
 320-21. 354-55. 380.  
 Serkland, 415.  
 Sjóland, 46. 59. 77. 83.  
 101. 108. 157. 182. 208.  
 221-22. 227. 230-1. 249.  
 319. 331. 336. 352-53.  
 356-63. 373. 405. 408.  
 412. 414-16. 426.  
 Skáleyjar, 158.

- Skáney, 209. 211. 224 230-  
     31. 313. 335-38. 350.  
     352. 363.  
 Skaparödd, 378.  
 Skjálfandi, 411.  
 Skotborgará, 207.  
 Skotland, 73. 201. 419.  
 Skuggi, 118. 126.  
 Slángáþorp, 351.  
 Slesdyr, 31-32.  
 Slesmynni, 28.  
 Slesvík, 159-61. 322.  
     417-19.  
 Sléttá, 355.  
 Snjóland, 411.  
 Snæfellsnes, 411.  
 Sogn, 42. 181.  
 Sóla, 212.  
 Sólund, 42. 181.  
 Spánlönd, 415-16.  
 Stað eða Staðr í Norvegi,  
     42. 122. 181.  
 Steinborg, 389. 400.  
 Stiklarstuðir, 201.  
 Stólp, 381.  
 Stræla, 377. 379. 382-83.  
     391. 399.  
 Suddaþorp, 214.  
 Suðrbú, 358.  
 Suðreyjar, 416.  
 Suðrlönd, 24.  
 Sumarstaðir, 360.  
 Sundbýr, 358.  
 Summæri, 122.  
 Svalbarði, 411.  
 Svöldr, 184. 376. 384.  
 Sýna, 415.  
 Sævarenði, 255. 257. 261.  
 Tempsá, 159. 195-97.  
 Tesa, 189. 191.  
 Thile, 409-10.  
 Tikarey, 399.  
 Tracia, 415.  
 Tríbúðiz, 399.  
 Tríbúzis, 384. 391.  
 Tripípen, 399.  
 Túnberg, 116. 345.  
 Ulfasund, 122.  
 Úngaraland, 415.  
 Urk, 375.  
 Usa, 189.  
 Usna, 386. 394.  
 Valagust, 379-82. 393-94.  
     398. 400.  
 Valbúrshérað, 360.  
 Valland, 189. 200. 407.  
     416.  
 Valting, 377. 382.  
 Vazfjörðr, 412.  
 Vebjörg, 216. 223. 229-  
     30. 286. 353. 357. 359.  
     369. 370-71.  
 Vendill, 338.  
 Vendilskagi, 230. 252. 282.  
 Verandi, hérað, 358.  
 Vestr-Frakkland, 407.  
 Vestbú, 358.


- Vík, 382.  
Víkin í Norvegi, 41. 111.  
    116. 118. 155-56. 345.  
    388. 422. 437.  
Víkingavöð, 369.  
Vínborg, 393.  
Vindland, 73. 106-7. 179.  
    207. 213. 233. 249. 201.  
    7. 344. 363, 373-81.  
    389. 392-94. 397-98.  
    401-2. 414. 418. 421.  
Vizmarhöfn, 351.
- Vorðingaborg, 402.  
Voztrosa, 399.  
Yppon, 415.  
Yspania, 416.  
Þjórslunðr, 231.  
þorsteinsþorp, 352.  
þrándheimr, 120.  
þýzkaland, 422.  
Ægisdyr, 28. 31.  
Ömundarfjörðr, 126.

*Prentvillur:*

- Bls. 28 L. 16 *les:* Danmörk eða ells.  
— 29 — 3 — nakkvars.  
— 43 — 19 *fyrir* Þorvor *les:* Þorvör  
— 68 — 5 *les:* erfisgerðin.  
— 185 — 5 — runi.  
— 396 — 17 *fyrir* Eiríkr *les:* Eiríkr.











100389814 - X

